ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 55

18. árgangur

7.10.2011

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2011/EES/55/01 Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 30. apríl 2009 sem koma til viðbótar við tilmæli 2004/913/EB og 2005/162/EB að því er varðar fyrirkomulag á starfskjörum stjórnenda í skráðum félögum (2009/385/EB) . . . 1

2011/EES/55/02 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/43/EB frá 4. apríl 2008 um að koma á, samkvæmt tilskipun ráðsins 93/15/EBE, kerfi til að auðkenna og rekja sprengiefni til almennra nota . . . 5

2011/EES/55/03 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. október 2008 um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (2008/915/EB) . . . 10

2011/EES/55/04 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1266/2009 frá 16. desember 2009 um tíundu aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum . . . 35

2011/EES/55/05 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1071/2010 frá 22. nóvember 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins . . . 56

2011/EES/55/06 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/24/EB frá 23. apríl 2009 um lögvernd fyrir tölvuforrit . . . 80

2011/EES/55/07 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/137/EB frá 10. nóvember 2009 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB um mælitæki með hliðsjón af nýtingu mestu leyfðu skekkna að því er varðar viðaukana MI-001 til MI-005 fyrir sérstök tæki . . . 87

2011/EES/55/08 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum . . . 90

2011/EES/55/09 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum og um breytingu á tilskipun ráðsins 83/417/EBE, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999, tilskipun 2000/13/EB, tilskipun ráðsins 2001/112/EB og reglugerð (EB) nr. 258/97 . . . 96

2011/EES/55/10 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum. . . . 105

2011/EES/55/11 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB 123

2011/EES/55/12 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 238/2010 frá 22. mars 2010 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar kröfuna um merkingu drykkjarvara sem innihalda meira en 1,2% af vínanda miðað við rúmmál og innihalda tiltekin litarefni fyrir matvæli 140

2011/EES/55/13 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010 frá 25. mars 2010 um að koma á fót áætlun um endurmat á samþykktum aukefnum í matvælum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum 141

2011/EES/55/14 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/67/ESB frá 20. október 2010 um breytingu á tilskipun 2008/84/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni 150

2011/EES/55/15 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/69/ESB frá 22. október 2010 um breytingu á viðaukum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni 160

2011/EES/55/16 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 573/2010 frá 30. júní 2010 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd 170

2011/EES/55/17 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 um umhverfisgæðakröfur að því er varðar stefnu í vatnsmálum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB 175

2011/EES/55/18 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 220/2009 frá 11. mars 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar, að því er varðar framkvæmdavaldið sem framkvæmdastjórninni er falið 189

2011/EES/55/19 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1161/2009 frá 30. nóvember 2009 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar upplýsingar um matvælaferlið fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja sem reka sláturhús 191

2011/EES/55/20 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2009 frá 30. nóvember 2009 um bráðabirgðaráðstafanir til framkvæmdar á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 193

2011/EES/55/21 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/97/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/22/EB um að banna í búfjárrækt notkun tiltekinna efna, sem hafa hormónavirkni eða skjaldheftandi virkni, og notkun betaörva 196

2011/EES/55/22 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 346/2010 frá 15. apríl 2010 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1251/2008 að því er varðar setningu lagareldisdýra á markað og innflutningskröfur sem gilda um sendingar á þeim til aðildarríkja eða hluta þeirra með innlendum ráðstöfunum samþykktum með ákvörðun 2010/221/ESB 199

2011/EES/55/23 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 505/2010 frá 14. júní 2010 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis 218

2011/EES/55/24 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 506/2010 frá 14. júní 2010 um breytingu á viðaukanum við reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar sauðfé og geitur sem haldin eru í dýragörðum 220

2011/EES/55/25 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 558/2010 frá 24. júní 2010 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu 222

2011/EES/55/26 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/139/EB frá 25. nóvember 2009 varðandi lögboðnar áletranir á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum 226

2011/EES/55/27 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2010 frá 9. desember 2010 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna 235

2011/EES/55/28 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1162/2010 frá 9. desember 2010 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna 237

2011/EES/55/29 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 115/2010 frá 9. febrúar 2010 um skilyrði fyrir notkun á virkjuðu súráli til að fjarlægja flúoríð úr ölkelduvatni og uppsprettuvatni 240

2011/EES/55/30 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 893/2010 frá 8. október 2010 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asekínósýl, bentasón, karbendasím, sýflútrín, fenamídón, fenasakín, flónikamíð, flútríafól, imídaklópríð, joxýníl, metkónasól, próþíókónasól, tebúfenósíð og þíófanatmetýl í eða á tilteknum afurðum . . . 243

2011/EES/55/31 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 957/2010 frá 22. október 2010 um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna 272

2011/EES/55/32 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 958/2010 frá 22. október 2010 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna 277

2011/EES/55/33 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1266/2010 frá 22. desember 2010 um breytingu á tilskipun 2007/68/EB að því er varðar kröfur um merkingar á vínum 279

2011/EES/55/34 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/8/ESB frá 28. janúar 2011 um breytingu á tilskipun 2002/72/EB að því er varðar takmörkun á notkun bisfenóls A í barnapela úr plasti 281

2011/EES/55/35 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 249/2009 frá 23. mars 2009 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 að því er varðar aðlögun á gjöldum til Lyfjastofnunar Evrópu með tilliti til verðbólgu 285

2011/EES/55/36 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/35/EB frá 23. apríl 2009 um litunarefni sem leyfilegt er að bæta í lyf (endurútgefin) 288

2011/EES/55/37 Tilskipun evrópuþingsins og ráðsins 2009/53/EB frá 18. júní 2009 um breytingu á tilskipun 2001/82/EB og tilskipun 2001/83/EB að því er varðar breytingar á skilmálum markaðsleyfa fyrir lyfjum 292

2011/EES/55/38 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/120/EB frá 14. september 2009 um breytingu, að því er varðar hátæknimeðferðarlyf, á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum 294

2011/EES/55/39 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/74/ESB frá 9. nóvember 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að rýmka færsluna um virka efnið koltvísýring í I. viðauka við tilskipunina svo að færslan nái yfir sæfiefnaflokk 18 304

2011/EES/55/40 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 552/2009 frá 22. júní 2009 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 307

2011/EES/55/41 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 276/2010 frá 31. mars 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), með tilliti til XVII. viðauka (díklórmetan, lampaolíur og grillvökvar og lífræn tinsambönd) 332

2011/EES/55/42 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/16/ESB frá 9. mars 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB að því er tekur til þess hvort tiltekin stofnun falli utan gildissviðs hennar 338

2011/EES/55/43 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1150/2009 frá 10. nóvember 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1564/2005 að því er varðar stöðluð eyðublöð fyrir birtingu auglýsinga við opinber innkaup í samræmi við tilskipanir ráðsins 89/665/EBE og 92/13/EBE 340

2011/EES/55/44 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1177/2009 frá 30. nóvember 2009 um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB, 2004/18/EB og 2009/81/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga . . 374

2011/EES/55/45 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009 frá 5. ágúst 2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðaraðildarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint. 376

2011/EES/55/46 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 394/2011 frá 20. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðaraðildarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint að því er varðar rýmkun kerfis Sambandsins fyrir viðskipti með losunarheimildir þannig að það nái yfir EES-EFTA-lönd. 470

2011/EES/55/47 Reglugerð evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (endurútgefin) 595

2011/EES/55/48 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/61/ESB frá 2. september 2010 um fyrstu aðlögun á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum að framförum á sviði vísinda og tækni. 613

2011/EES/55/49 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2010 frá 10. mars 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar það markmið Sambandsins að draga úr algengi sermigerða salmonellu í hópum fullorðinna undaneldisfugla af tegundinni Gallus gallus 615

2011/EES/55/50 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 590/2010 frá 5. júlí 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins 624

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2011/EES/55/01**

frá 30. apríl 2009

sem koma til viðbótar við tilmæli 2004/913/EB og 2005/162/EB að því er varðar fyrirkomulag á starfskjörum stjórnenda í skráðum félögum (*)

(2009/385/EC)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum öðrum undirlið 211. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 14. desember 2004 samþykkti framkvæmdastjórnin tilmæli 2004/913/EB um að stuðla að viðeigandi fyrirkomulagi að því er varðar starfskjör stjórnenda skráðra félaga ([1]) og 15. febrúar 2005 samþykkti framkvæmdastjórnin tilmæli 2005/162/EB um hlutverk stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmanna markaðsskráðra félaga svo og um stjórnarnefndir (eftirlitsstjórnarnefndir) ([2]). Helstu markmiðin með þessum tilmælum eru að tryggja gagnsæi starfskjaravenja, eftirlit hluthafa með starfskjarastefnu og starfskjörum einstakra starfsmanna með því að birta upplýsingar og taka upp bindandi eða leiðbeinandi atkvæðagreiðslu um yfirlýsingu um starfskjör og samþykki hluthafa fyrir hluttengdum starfskjarakerfum, skilvirku og óháðu eftirliti stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórar, og a.m.k. ráðgjafarhlutverki starfskjaranefndarinnar að því er varðar venjur er lúta að starfskjörum.

2) Í þessum tilmælum felst að framkvæmdastjórninni ber að fylgjast með aðstæðunum, m.a. með framkvæmd og beitingu meginreglna í tilmælum þessum, og meta þörfina á frekari ráðstöfunum. Enn fremur hefur það sýnt sig undanfarin ár, og nú nýverið í tengslum við efnahagskreppuna, að skipulag starfskjara verður sífellt flóknara, of mikil áhersla er lögð á skammtímaárangur og í sumum tilvikum hefur það leitt til óhóflegra starfskjara sem ekki voru rökstudd með árangri.

3) Meðan form, skipulag og umfang starfskjara stjórnenda falla aðallega undir valdsvið félaga, hluthafa þeirra og, ef við á, fulltrúa starfsmanna, telur framkvæmdastjórnin að bæta verði við meginreglum um skipulag á starfskjörum stjórnenda, eins og þau koma fram í starfskjarastefnu félaga, og það verkferli sem beitt er við ákvörðun starfskjara og eftirlit með því ferli.

4) Þessi tilmæli eru með fyrirvara um réttindi aðila vinnumarkaðarins í almennum kjarasamningum, ef við á.

5) Styrkja skal núverandi fyrirkomulag á starfskjörum stjórnenda skráðra félaga með meginreglum sem koma til viðbótar þeim sem eru í tilmælum 2004/913/EB og 2005/162/EB.

6) Skipulag starfskjara stjórnenda skal stuðla að sjálfbæri félaga til langs tíma og tryggja að starfskjör byggist á árangri. Breytilegir þættir starfskjara skulu því tengdir fyrirframákveðnum og mælanlegum viðmiðunum, þ.m.t. viðmiðanir sem eru ekki af fjárhagslegum toga. Setja skal mörk á breytilega þætti starfskjara. Fresta skal mikilvægum, breytilegum þáttum starfskjara í tiltekinn tíma, t.d. í þrjú til fimm ár, í samræmi við árangur. Enn fremur skulu félög geta endurheimt breytilega þætti starfskjara sem voru veitt á grundvelli gagna sem augljóslega reyndust vera rangfærð.

7) Nauðsynlegt er að tryggja að starfslokagreiðslur, svonefndar „gylltar fallhlífar“, séu ekki umbun fyrir slakan árangur og að megintilgangurinn með starfslokagreiðslum, það að hafa öryggisnet ef samningsslit verða fyrir lok samningstímans, sé virtur. Með það í huga skulu starfslokagreiðslur takmarkast fyrir fram við tiltekna fjárhæð eða tímabil og skulu þær almennt ekki vera hærri en sem nemur árlegum starfskjörum til tveggja ára (aðeins á grundvelli fastra þátta starfskjara á ári) og skulu ekki greiðast ef starfslok eru vegna ófullnægjandi árangurs eða ef stjórnandi hættir að eigin frumkvæði. Þetta útilokar ekki starfslokagreiðslur ef um er að ræða samningsslit fyrir lok samningstímans vegna breytinga á áætlunum félagsins eða ef um er að ræða samruna og/eða yfirtöku félagsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2009 frá 22. október 2009 um breytingu á XXII viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 68, 17.12.2009, bls. 19.

([1]) Stjtíð. ESB L 385, 29.12.2004, bls. 55.

([2]) Stjtíð. ESB L 52, 25.2.2005, bls. 51.

8) Starfskjarakerfi fyrir stjórnendur í formi hluta, kaupréttar á hlutum eða annars réttar til að kaupa hluti, eða starfskjör á grundvelli verðbreytinga, skulu vera í meiri tengslum við árangur og verðmætasköpun félagsins til langs tíma. Af þessum sökum skal viðeigandi ávinnslutímabil gilda um hluti þar sem ávinnsla skal vera árangurstengd. Ekki skal vera hægt að neyta kaupréttar á hlutum og réttar til að kaupa hluti eða fá starfskjör á grundvelli verðbreytinga, á viðkomandi tímabili, og réttur til að neyta slíks réttar skal vera háður skilyrðum um árangur. Til þess að koma enn frekar í veg fyrir hagsmunaárekstra stjórnenda, sem eiga hlutabréf í félaginu, ber þeim stjórnendum skylda til halda eftir hluta af hlutabréfum sínum þar til umboði þeirra lýkur.

9) Til þess að auðvelda hluthöfum að meta afstöðu félagsins til starfskjara og auka ábyrgð félagsins gagnvart hluthöfum skal yfirlýsing um starfskjör vera skýr og auðskiljanleg. Jafnframt er frekari birting upplýsinga að því er varðar skipulag starfskjara nauðsynleg.

10) Til að auka ábyrgð skal hvetja hluthafa til að sitja hluthafafundi og nýta atkvæðisrétt sinn af skynsemi. Einkum skulu stofnanahluthafar gegna forystuhlutverki við að tryggja aukna ábyrgð stjórnar að því er varðar starfskjaramál.

11) Starfskjaranefndir, eins og um getur í tilmælum 2005/162/EB, gegna mikilvægu hlutverki við að móta starfskjarastefnu félags, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og hafa umsjón með hegðun stjórnar í tengslum við starfskjör. Til að styrkja hlutverk þessara nefnda skal a.m.k. einn nefndarmaður hafa sérþekkingu á sviði starfskjara.

12) Hagsmunaárekstrar kunna að koma upp hjá ráðgjöfum um starfskjör, t.d. þegar þeir ráðleggja starfskjaranefnd um starfskjaraaðferðir og fyrirkomulag og veita jafnframt félaginu eða framkvæmdastjórum þess eða stjórnarmönnum ráð. Rétt er að starfskjaranefndir viðhafi aðgát þegar þær ráða starfskjararáðgjafa til þess að tryggja að ráðgjafar, sem ráðleggja mannauðsdeild í félagi, séu ekki jafnframt ráðgjafar framkvæmdastjóra eða stjórnarmanna þess.

13) Í ljósi þess hve mikilvægt málefnið um starfskjör stjórnenda er og til að stuðla að skilvirkri beitingu ákvæða í Bandalagsramma um starfskjör stjórnenda hyggst framkvæmdastjórnin auka notkun á ý msum eftirlitskerfum, s.s. árlegum stigatöflum og gagnkvæmu mati aðildarríkjanna. Jafnframt hyggst framkvæmdastjórnin kanna möguleika á því að upplýsingar um stefnu varðandi starfskjör stjórnenda verði birtar með stöðluðum hætti.

14) Tilkynning um ráðstafanir, sem aðildarríkin gera í samræmi við þessi tilmæli, skulu fela í sér skýr tímamörk fyrir félög til að samþykkja starfskjarastefnu í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í þessum tilmælum,

LAGT TIL EFTIRFARANDI:

I. ÞÁTTUR

Gildissvið og skilgreiningar

1. *Gildissvið*

1.1. Gildissvið II. þáttar þessara tilmæla samsvarar gildissviði tilmæla 2004/913/EB. Gildissvið III. þáttar þessara tilmæla samsvarar gildissviði tilmæla 2005/162/EB.

1.2. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skráð félög, sem tilmæli 2004/913/EB og 2005/162/EB gilda um, taki tillit til þessara tilmæla.

2. *Skilgreiningar til viðbótar þeim sem mælt er fyrir um í tilmælum 2004/913/EB og 2005/162/EB:*

2.1. „Breytilegir þættir starfskjara“: þættir er varða starfskjararéttindi stjórnenda sem veitt eru á grundvelli árangursviðmiðana, þ.m.t. kaupaukar.

2.2. „Starfslokagreiðslur“: greiðslur, sem tengjast samningsslitum fyrir lok samningstímans, til framkvæmdastjóra eða stjórnarmanna, þ.m.t. greiðslur sem tengjast lengd uppsagnarfrests eða ákvæði er varðar samkeppnisbann sem kemur fram í samningnum.

II. ÞÁTTUR

Stefna varðandi starfskjör

(II. þáttur tilmæla 2004/913/EB)

3. *Skipulag stefnu varðandi starfskjör stjórnenda*

3.1. Ef starfskjarastefna felur í sér breytilega þætti starfskjara skulu félög setja takmarkanir á breytilega þáttinn eða breytilegu þættina. Föstu þættirnir í starfskjörum stjórnenda skulu nægja til að félagið geti haldið breytilegum þáttum í starfskjörum þegar árangursviðmiðanir eru ekki uppfylltar.

3.2. Úthlutun breytilegra þátta í starfskjörum skal vera með fyrirvara um fyrirframákveðnar og mælanlegar árangursviðmiðanir. Árangursviðmiðanir skulu stuðla að sjálfbæri félagsins til langs tíma og fela í sér viðmiðanir, sem ekki eru fjárhagslegar, sem skipta máli fyrir verðmætasköpun félagsins til langs tíma, s.s. að farið sé að gildandi reglum og málsmeðferð.

3.3. Ef breytilegum þætti í starfskjörum er úthlutað skal fresta meirihluta breytilega þáttarins í lágmarkstíma. Hluti breytilega þáttarins sem fellur undir frestunina skal ákvarðaður í tengslum við hlutfallslegt vægi breytilega þáttarins í samanburði við fasta þáttinn í starfskjörunum.

3.4. Samningsbundið fyrirkomulag við framkvæmdastjóra eða stjórnarmenn skal fela í sér ákvæði sem leyfa félaginu að endurheimta breytilega þætti starfskjara sem veitt voru á grundvelli gagna sem síðan reyndust augljóslega vera rangfærð.

3.5. Starfslokagreiðslur skulu ekki fara yfir fasta fjárhæð eða tiltekinn árafjölda, að því er varðar árleg starfskjör, og skulu almennt ekki vera meira en tvö ár að því er varðar fastan þátt starfskjara eða ígildi hans.

Starfslokagreiðslur skulu ekki greiðast ef starfslok eru vegna ófullnægjandi árangurs.

4. *Hluttengd starfskjör*

4.1. Binditími hluta skal vera þrjú ár hið minnsta eftir að þeim er úthlutað.

Ekki skal vera hægt að nýta kauprétt á hlutum eða annan rétt til að kaupa hluti, eða fá starfskjör á grundvelli verðbreytinga á hlutum, í a.m.k. þrjú ár eftir úthlutun þeirra.

4.2. Ávinnsla hlutabréfa og réttur til að nýta kauprétt á hlutum eða annan rétt til að kaupa hluti, eða að fá starfskjör á grundvelli verðbreytinga á hlutum, skal vera með fyrirvara um fyrirframákveðnar og mælanlegar árangursviðmiðanir.

4.3. Eftir ávinnslutímann skulu stjórnendur halda eftir einhverjum hlutum, þar til umboði þeirra lýkur, sem miðast við þörf á að fjármagna allan kostnað í tengslum við kaup á hlutum. Fjöldi þeirra hluta sem haldið er eftir skal vera fastur, t.d. tvöfalt virði heildarstarfskjara á ári (föstu þættirnir auk breytilegu þáttanna).

4.4. Starfskjör stjórnenda sem eru ekki framkvæmdastjórar eða annast eftirlit skulu ekki fela í sér kauprétt á hlutum.

5. *Upplýsingar um stefnu varðandi starfskjör stjórnenda*

5.1. Yfirlýsing um starfskjör, sem tilgreind eru í lið 3.1. í tilmælum 2004/913/EB, skal vera skýr og auðskiljanleg.

5.2. Auk upplýsinganna, sem settar eru fram í lið 3.3 í tilmælum 2004/913/EB, skal yfirlýsing um starfskjör fela í sér eftirfarandi:

a) skýringu á því hvernig val á árangursviðmiðunum stuðlar að hagsmunum félagsins til langs tíma, í samræmi við lið 3.2 í þessum tilmælum,

b) skýringu á aðferðum sem beitt er til þess að ákvarða hvort árangursviðmiðanir hafa verið uppfylltar,

c) nægilegar upplýsingar um tímabil frestunar með tilliti til breytilegra þátta starfskjara, eins og um getur í lið 3.3 í þessum tilmælum,

d) nægilegar upplýsingar um stefnu er varðar starfslokagreiðslur, eins og um getur í lið 3.4 í þessum tilmælum,

e) nægilegar upplýsingar með tilliti til ávinnslutímabila fyrir hluttengd starfskjör, eins og um getur í lið 4.1 í þessum tilmælum,

f) nægilegar upplýsingar um stefnu að því er varðar geymslutíma hluta eftir ávinnslu, eins og um getur í lið 4.3 í þessum tilmælum,

g) nægilegar upplýsingar um samsetningu sambærilegra eininga í félögum ef starfskjarastefna hefur verið rannsökuð í tengslum við að fastsetja starfskjarastefnu fyrir hlutaðeigandi félag.

6. *Atkvæði hluthafa*

6.1. Hluthafar, einkum stofnanahluthafar, skulu hvattir til að mæta á almenna hluthafafundi, ef við á, og nýta af skynsemi atkvæðisrétt sinn varðandi starfskjör stjórnenda, en taka jafnframt tillit til þeirra meginreglna sem eru í þessum tilmælum, tilmælum 2004/913/EB og tilmælum 2005/162/EB.

III. ÞÁTTUR

Starfskjaranefndin

(3. liður I. viðauka við tilmæli 2005/162/EB)

7. *Skipun og samsetning*

7.1. Að minnsta kosti einn aðili starfskjaranefndar skal búa yfir þekkingu og reynslu á sviði starfskjarastefnu.

8. *Hlutverk*

8.1. Starfskjaranefndin skal reglubundið endurskoða starfskjarastefnu er varðar framkvæmdastjóra og stjórnarmenn, þ.m.t. stefnu varðandi hluttengd starfskjör, og framkvæmd hennar.

9. *Starfsemi*

9.1. Starfskjaranefndin skal beita óháðu mati og sýna heilindi í störfum sínum.

9.2. Þegar þ jónusta ráðgjafa er notuð í þ ví skyni að fá upplýsingar um markaðsstaðla fyrir starfskjarakerfi skal starfskjaranefndin tryggja að hlutaðeigandi ráðgjafi veiti ekki jafnframt mannauðsdeild og framkvæmdastjórum eða stjórnarmönnum viðkomandi félags ráðgjöf.

9.3. Í störfum sínum skal starfskjaranefndin tryggja að starfskjör einstakra framkvæmdastjóra eða stjórnarmanna séu í réttu hlutfalli við starfskjör annarra framkvæmdastjóra eða stjórnarmanna og annarra starfsmanna félagsins.

9.4. Starfskjaranefndin skal greina hluthöfum frá störfum sínum og sitja aðalfund í því augnamiði.

VI. ÞÁTTUR

Lokaákvæði

10. Aðildarríki eru hvött til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að beitingu þessara tilmæla fyrir 31. desember 2009.

Að því er þetta varðar skulu aðildarríkin skipuleggja landsbundið samráð við hagsmunaaðila um þessi tilmæli og skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanir, sem eru gerðar í samræmi við þessi tilmæli, svo að framkvæmdastjórnin geti fylgst náið með stöðunni og metið á þeim grundvelli hvort frekari ráðstafana er þörf.

11. Þessum tilmælum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. apríl 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Siim KALLAS

varaforseti.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/43/EB **2011/EES/55/02**

frá 4. apríl 2008

um að koma á, samkvæmt tilskipun ráðsins 93/15/EBE, kerfi til að auðkenna og rekja sprengiefni til almennra nota (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/15/EBE frá 5. apríl 1993 um samhæfingu ákvæða um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefnum til almennra nota ([1]), einkum öðrum málslið annarrar málsgreinar 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 93/15/EBE er mælt fyrir um reglur um að tryggja örugga og áreiðanlega dreifingu sprengiefna á markaði Bandalagsins.

2) Eins og kveðið er á um í þeirri tilskipun er nauðsynlegt að tryggja að fyrirtæki í sprengiefnageiranum búi yfir kerfi til að rekja sprengiefni í því skyni að hægt sé að auðkenna þá sem hafa sprengiefnin í vörslu sinni hvenær sem er.

3) Brýnt er að auðkenna sprengiefni sérstaklega ef halda á nákvæmar og fullnægjandi skrár yfir sprengiefni á öllum stigum aðfangakeðjunnar. Þetta skal gera kleift að auðkenna og rekja sprengiefni frá framleiðslustað og fyrstu setningar á markað til endanlegs notanda og endanlegrar notkunar með það í huga að hindra misnotkun og þjófnað og að aðstoða löggæsluyfirvöld við að rekja uppruna týndra eða stolinna sprengiefna.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 93/15/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Með þessari tilskipun er komið á samræmdu kerfi til að auðkenna og rekja sprengiefni til almennra nota.

2. gr.

Gildissvið

Tilskipun þessi gildir ekki:

a) um sprengiefni sem flutt eru og afhent óinnpökkuð eða í dælubílum til beinnar losunar í sprengjuholuna,

b) um sprengiefni sem framleidd eru á sprengistaðnum og sem hlaðin eru um leið og þau hafa verið framleidd (framleiðsla á staðnum),

c) um skotfæri.

2. KAFLI

AUÐKENNI VÖRU

3. gr.

Sérstakt auðkenni

1. Aðildarríkin skulu tryggja að fyrirtæki í sprengiefnageiranum, sem framleiða eða flytja inn sprengiefni eða setja saman hvellhettur, merki sprengiefni og allar minnstu pökkunareiningarnar með sérstöku auðkenni.

Ef sprengiefni fara í frekara framleiðsluferli skulu framleiðendur ekki skyldugir að merkja sprengiefnin með nýju sérstöku auðkenni nema upphaflega sérstaka auðkennið sé ekki lengur í samræmi við 4. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 94, 5.4.2008, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 3.3.2011, bls. 18.

([1]) Stjtíð. EB L 121, 15.5.1993, bls. 20. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef sprengiefnin eru framleidd til útflutnings og eru merkt með auðkenni sem gerir kleift að rekja sprengiefnin í samræmi við kröfur innflutningslandsins.

3. Sérstaka auðkennið skal samanstanda af þáttunum sem lýst er í viðaukanum.

4. Hverjum framleiðslustað skal úthlutað þriggja stafa talnakóða hjá yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem hann hefur staðfestu.

5. Ef framleiðslustaðurinn er staðsettur utan Bandalagsins skal framleiðandinn, sem hefur staðfestu innan Bandalagsins, hafa samband við yfirvald í innflutningsaðildarríkinu til þess að fá úthlutað kóða fyrir framleiðslustaðinn.

Ef framleiðslustaðurinn er staðsettur utan Bandalagsins og framleiðandinn hefur ekki staðfestu innan Bandalagsins skal innflytjandi sprengiefnisins, sem um er að ræða, hafa samband við yfirvald í innflutningsaðildarríkinu til þess að fá úthlutað kóða fyrir framleiðslustaðinn.

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess að dreifingaraðilar sem umpakka sprengiefnum gangi úr skugga um að sérstaka auðkennið sé fest á sprengiefnið og minnstu pökkunareininguna.

4. gr.

Merking og áfesting

Sérstaka auðkenninu skal komið fyrir á eða tryggilega fest á viðkomandi hlut með varanlegum hætti og þannig að tryggt sé að það sé auðlæsilegt.

5. gr.

Sprengiefni í hylkjum og sprengiefni í sekkjum

Að því er varðar sprengiefni í hylkjum og sprengiefni í sekkjum skal sérstaka auðkenninu komið fyrir á merkimiða sem límdur er á hvert hylki eða hvern sekk eða prentað beint á þau. Líma skal tengdan merkimiða á hvern kassa af hylkjum.

Að auki skal fyrirtækjum heimilt að nota hlutlaust rafrænt merki sem fest er við hvert hylki eða hvern sekk og á sama hátt tengt rafrænt merki fyrir hvern kassa af hylkjum.

6. gr.

Tveggja þátta sprengiefni

Að því er varðar tveggja þátta sprengiefni í umbúðum skal sérstaka auðkenninu komið fyrir á merkimiða sem límdur er á allar minnstu pökkunareiningarnar, sem innihalda báða þættina, eða sérstaka auðkennið prentað beint á þær.

7. gr.

Púðurhvellhettur og púðurkveikiþræðir

Að því er varðar púðurhvellhettur eða púðurkveikiþræði skal sérstaka auðkenninu komið fyrir á merkimiða sem límdur er á hylki púðurhvellhettunnar eða sérstaka auðkennið prentað eða stimplað beint á það. Líma skal tengdan merkimiða á hvern kassa af púðurhvellhettum eða púðurkveikiþráðum.

Að auki skal fyrirtækjum heimilt að nota hlutlaust rafrænt merki, sem fest er við hverja púðurhvellhettu eða púðurkveikiþráð, og tengt merki fyrir hvern kassa af púðurhvellhettum eða púðurkveikiþráðum.

8. gr.

Rafmagnshvellhettur, höggtúbuhvellhettur og rafeindahvellhettur

Að því er varðar rafmagnshvellhettur, höggtúbuhvellhettur og rafeindahvellhettur skal sérstaka auðkenninu annaðhvort komið fyrir á merkimiða sem límdur er á leiðslur eða rör eða á hylki hvellhettunnar eða sérstaka auðkennið prentað eða stimplað beint á hylkið. Líma skal tengdan merkimiða á hvern kassa af hvellhettum.

Að auki skal fyrirtækjum heimilt að nota hlutlaust rafrænt merki sem fest er við hverja hvellhettu og tengt merki fyrir hvern kassa af hvellhettum.

9. gr.

Kveikjur og forsprengjur

Að því er varðar kveikjur og forsprengjur skal sérstaka auðkenninu komið fyrir á merkimiða sem límdur er á kveikjuna eða forsprengjuna eða sérstaka auðkennið prentað beint á þær. Líma skal tengdan merkimiða á hvern kassa af kveikjum eða forsprengjum.

Að auki skal fyrirtækjum heimilt að nota hlutlaust rafrænt merki sem fest er við hverja kveikju eða forsprengju og tengt rafrænt merki fyrir hvern kassa af kveikjum eða forsprengjum.

10. gr.

Tundurkveikiþræðir og öryggispúðurkveikiþræðir

Að því er varðar tundurkveikiþræði og öryggispúðurkveikiþræði skal sérstaka auðkenninu komið fyrir á merkimiða sem er límdur á keflið eða sérstaka auðkennið prentað beint á það. Sérstaka auðkenninu verður annaðhvort komið fyrir með fimm metra millibili á ytri kápu hvors þráðarins eða á pressaða innra plastlaginu sem er rétt undir ytri trefjum tundurkveikiþráðarins eða öryggispúðurkveikiþráðarins. Líma skal tengdan merkimiða á hvern kassa af tundurkveikiþráðum eða öryggispúðurkveikiþráðum.

Að auki skal fyrirtækjum heimilt að nota hlutlaust rafrænt merki, sem komið er fyrir inni í þræðinum, og tengt merki fyrir hvern kassa af tundurkveikiþráðum eða öryggispúðurkveikiþráðum.

11. gr.

Dósir og tunnur sem innihalda sprengiefni

Að því er varðar dósir og tunnur sem innihalda sprengiefni skal sérstaka auðkenninu komið fyrir á merkimiða sem límdur er á dósina eða tunnuna sem inniheldur sprengiefni eða sérstaka auðkennið prentað beint á þær.

Að auki skal fyrirtækjum heimilt að nota hlutlaust, óvirkt rafrænt merki sem fest er við hverja dós og tunnu.

12. gr.

Afrit af upprunalega merkimiðanum

Fyrirtækjum er heimilt að festa lausa límmiða með afritum af upprunalega merkimiðanum á sprengiefnin sem viðskiptavinir þeirra geta notað. Þessi afrit skulu merkt á skýran hátt sem afrit af frumritinu til að hindra misnotkun.

3. KAFLI

GAGNAÖFLUN OG SKRÁAHALD

13. gr.

Gagnaöflun

1. Aðildarríkin skulu tryggja að fyrirtæki í sprengiefnageiranum komi á fót kerfi til að safna gögnum í tengslum við sprengiefni, að meðtöldu sérstöku auðkenni í allri aðfangakeðjunni og á endingartímanum.

2. Gagnaöflunarkerfið skal gera fyrirtækjunum kleift að rekja sprengiefnin þannig að hægt sé að auðkenna þá sem hafa sprengiefnin í vörslu sinni hvenær sem er.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að gögn, sem aflað er, þ.m.t. sérstök auðkenni, séu geymd og þeim viðhaldið í tíu ár eftir afhendingu eða, ef þau eru þekkt, við lok endingartíma sprengiefnisins jafnvel þótt rekstri fyrirtækjanna hafi verið hætt.

14. gr.

Skyldur fyrirtækja

Aðildarríkin skulu tryggja að fyrirtæki í sprengiefnageiranum uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) haldi skrár yfir öll auðkenni sprengiefna ásamt öllum viðeigandi upplýsingum, þ.m.t. tegund sprengiefnis, fyrirtæki eða einstaklingur sem fékk það í hendur,

b) skrái staðsetningu hvers sprengiefnis á meðan sprengiefnið er í eigu eða vörslu þeirra þar til það er flutt til annars fyrirtækis eða notað,

c) prófi, með reglulegu millibili, gagnaöflunarkerfið í því skyni að tryggja skilvirkni þess og gæði skráðra gagna,

d) geymi og viðhaldi gögnum sem er aflað, þ.m.t. sérstök auðkenni, á tímabilinu sem tilgreint er í 3. mgr. 13. gr.,

e) verndi gögnin gegn tjóni eða eyðileggingu fyrir slysni eða af illum hvötum,

f) leggi fram upplýsingar, sem lögbært yfirvald fer fram á, varðandi uppruna og staðsetningu alls sprengiefnis á endingartíma þess og í gegnum alla aðfangakeðjuna,

g) veiti viðkomandi yfirvöldum í aðildarríkjunum samskiptaupplýsingar og nöfn einstaklinga sem geta veitt upplýsingarnar, sem fjallað er um í f-lið, utan hefðbundins skrifstofutíma.

Að því er d-lið varðar skal fyrirtækið, þegar um er að ræða sprengiefni sem framleidd eru eða flutt inn fyrir þann dag sem tilgreindur er í annarri undirgrein í 1. mgr. 15. gr., varðveita skrár í samræmi við gildandi ákvæði landslaga.

4. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

15. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. apríl 2009. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 5. apríl 2012.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

16. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

17. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. apríl 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti

VIÐAUKI

Sérstakt auðkenni samanstendur af:

1. hluta auðkennisins sem er læsilegur mönnum og inniheldur eftirfarandi:

   a) heiti framleiðanda,

   b) alstafakóða sem inniheldur:

      i. tvo bókstafi sem auðkenna aðildarríkið (sem framleiðir eða flytur inn á markað Bandalagsins, t.d. AT = Austurríki),

      ii. þrjá tölustafi sem auðkenna heiti framleiðslustaðarins (úthlutað af yfirvaldi í hverju aðildarríki fyrir sig),

      iii. sérstakan vörukóða og vörustjórnunarupplýsingar sem hannaðar eru af framleiðanda,

2. auðkenni sem unnt er að lesa með rafrænum hætti í formi strikamerkis og/eða fylkiskóða sem tengist beint við alstafaauðkenniskóðann.

   Dæmi:



3. Að því er varðar hluti, sem eru of litlir til að festa á sérstaka vörukóðann og vörustjórnunar-upplýsingarnar, sem hannaðar eru af framleiðanda, skulu upplýsingarnar í i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. teljast fullnægjandi.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2011/EES/55/03**

frá 30. október 2008

um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2008) 6016)

(2008/915/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ([1]), einkum ix. lið liðar 1.4.1 í V. viðauka,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt ii. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB skulu aðildarríkin vernda, styrkja og endurheimta öll yfirborðsvatnshlot í því skyni að ástand yfirborðsvatns verði orðið gott eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag tilskipunarinnar, með fyrirvara um tilteknar undantekningar, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í V. viðauka við tilskipunina. Samkvæmt iii. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB skulu aðildarríkin vernda og styrkja öll manngerð og mikið breytt vatnshlot í því skyni að vistmegin þeirra verði gott og efnafræðilegt ástand yfirborðsvatns verði gott eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag tilskipunarinnar, með fyrirvara um tilteknar undantekningar, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í V. viðauka. Í samræmi við i. lið liðar 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB skal litið á tilvísanir til vistfræðilegs ástands sem tilvísanir til vistmegins að því er varðar manngerð og mikið breytt vatnshlot.

2) Í lið 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB er kveðið á um ferli til að tryggja samanburðarhæfi niðurstaðna úr lífvöktun aðildarríkja, sem er mikilvægur hluti flokkunar á vistfræðilegu ástandi. Samkvæmt því skulu niðurstöður úr vöktunar- og flokkunarkerfum aðildarríkjanna bornar saman í millikvörðunarneti sem samanstendur af vöktunarstöðum í hverju aðildarríki og á hverju vistsvæði í Bandalaginu. Samkvæmt tilskipun 2000/60/EB skulu aðildarríkin taka saman nauðsynlegar upplýsingar, eftir því sem við á, um þá staði sem eru hluti af millikvörðunarneti til að unnt sé að leggja mat á samkvæmni landsflokkunarkerfisins og stöðluðu skilgreininganna í lið 1.2 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB og það hvort niðurstöður úr flokkunarkerfum aðildarríkjanna séu samanburðarhæfar.

3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/646/EB frá 17. ágúst 2005 um samantekt skrár yfir staði, sem mynda millikvörðunarnet í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, ([2]) var tekin saman skrá yfir staði sem mynda millikvörðunarnet sem um getur í vii. lið liðar 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB.

4) Til að framkvæma millikvörðunina eru aðildarríkin flokkuð í landfræðilega millikvörðunarhópa, sem í eru aðildarríki sem deila ákveðnum gerðum yfirborðsvatnshlota, eins og skilgreint er í 2. þætti viðaukans við ákvörðun 2005/646/EB. Þannig er hverjum hóp gert kleift að bera saman niðurstöður sínar við aðra meðlimi og útfæra millikvörðunina.

5) Millikvörðunin er útfærð með hliðsjón af líffræðilegum þáttum, með samanburði á flokkunarniðurstöðum úr landsbundnum vöktunarkerfum fyrir hvern líffræðilegan þátt og hverja sameiginlega gerð yfirborðsvatnshlots meðal aðildarríkja í sama landfræðilega millikvörðunarhópnum, og mati á samkvæmni niðurstaðnanna með áðurnefndu, stöðluðu skilgreiningunum.

6) Í „tækniskýrslunni um millikvörðunina í tengslum við rammatilskipunina um vatn“ er ítarleg lýsing á því hvernig millikvörðunin hefur verið útfærð með tilliti til flokka vatns og líffræðilegra gæðaþátta sem er að finna í viðaukanum við þessa ákvörðun.

7) Framkvæmdastjórnin hefur greitt fyrir starfinu við millikvörðunina fyrir tilstilli Stofnunar umhverfis og sjálfbærni á vegum Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar í Ispra (Ítalíu) sem hefur annast samræmingu tæknilegu vinnunnar.

8) Útfærsla millikvörðunarinnar er flókið vísinda- og tæknilegt verkefni. Landfræðilegu samræmingarhóparnir hafa valið mismunandi aðferðir við útfærsluna, allt eftir þeim vöktunargögnum sem liggja fyrir um hina ýmsu líffræðilegu gæðaþætti og stöðu þróunar landsvöktunar- og flokkunarkerfanna. Til að auka tölfræðilegan traustleika niðurstaðnanna eru notuð gögn frá eins

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 332, 10.12.2008, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á XX viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 3.3.2011, bls. 29.

([1]) Stjtíð. EB L 327, 22. 12. 2000, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 243, 19.9.2005, bls. 1.

mörgum vöktunarstöðum og mögulegt er í flestum þeim aðferðum sem landfræðilegu millikvörðunarhóparnir nota, þannig að tillit er tekið til flokka yfir hvers kyns ástand, allt frá mjög góðu og niður í lélegt ástand. Því hafa verið notuð vöktunargögn frá stöðum sem ekki eru hluti af millikvörðunarneti þar eð það nær aðeins til takmarkaðs fjölda staða þar sem ástand er mjög gott, gott eða sæmilegt.

9) Framkvæmdastjórnin hefur fengið niðurstöður úr millikvörðun varðandi tiltekinn fjölda líffræðilegra gæðaþátta sem fela í sér skilgreiningu á vistfræðilegu ástandi. Í sumum tilvikum hafa aðeins fengist niðurstöður fyrir sumar breytur líffræðilegra þátta eða aðeins fyrir sum aðildarríkjanna sem eiga aðild að landfræðilegum millikvörðunarhópi. Því er það álit framkvæmdastjórnarinnar að í slíkum tilvikum sé samanburðarhæfi ekki fyllilega tryggt. Því kunna frekari niðurstöður úr millikvörðun að falla undir síðari ákvörðun þegar aðildarríki hafa lagt fram viðkomandi upplýsingar í samræmi við lið 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB.

10) Nauðsynlegt er að samþykkja fyrirliggjandi niðurstöður úr millikvörðuninni tímanlega til að hafa áhrif á þróun fyrstu stjórnunaráætlunar fyrir vatnasviðaumdæmi og á áætlanir um ráðstafanir í samræmi við 11. og 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

11) Það leiðir af millikvörðuninni að gildi fyrir hlutföll vistfræðilegra gæða fyrir mörkin milli flokka vistfræðilegs ástands í flokkunarkerfum aðildarríkjanna eru til marks um jafngilt, vistfræðilegt ástand. Mismunur á gildum fyrir sama líffræðilega gæðaþáttinn skýrist af mismunandi aðferðum í hverju landi. Vegna mismunandi aðferða við útreikninga og af öðrum ástæðum er auk þess ekki hægt að bera saman gildi hlutfalla vistfræðilegra gæða þegar um er að ræða mismunandi, líffræðilega gæðaþætti.

12) Breytur á borð við styrk blaðgrænu a, lífrúmmál plöntusvifs, hundraðshluta blábaktería eða dýptarmörk stórþörunga og dulfrævinga spanna ekki til fulls líffræðilega gæðaþætti. Vegna aðgengis að gögnum og vegna matsaðferða eru þær þó hluti af grundvellinum við núverandi millikvörðun að því er varðar stöðuvötn og strandsjó. Gildi þessara breytna eru samanburðarhæf með beinum hætti milli aðildarríkjanna, að því tilskildu að tekið sé tillit til mismunandi sýnatöku- og greiningaraðferða. Af þessum ástæðum skal auk hlutfalla vistfræðilegra gæða tilgreina algildi fyrir þessar breytur í viðaukanum við þessa ákvörðun sem hluta af niðurstöðunum úr millikvörðuninni.

13) Niðurstöðurnar skulu vísa til vistfræðilegs ástands. Ef vatnshlot, sem samsvara millikvörðuðum gerðum, eru tilgreind sem mikið breytt vatnshlot í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB má nota niðurstöðurnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, sem grundvöll fyrir góðu vistmegni þeirra, að teknu tilliti til eðlisrænna breytinga á þeim og tengdri vatnsnotkun, í samræmi við stöðluðu skilgreiningarnar í lið 1.2.5 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB.

14) Eins og kveðið er á um í iii. lið liðar 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB verða aðildarríkin að umreikna niðurstöðurnar úr millikvörðuninni yfir á eigin flokkunarkerfi til að ákvarða mörkin milli mjög góðs og góðs ástands og milli góðs og sæmilegs ástands að því er varðar allar gerðir eigin vatnshlota. Viðmiðunarreglur fyrir umreikning niðurstaðna úr millikvörðun yfir á landsflokkunarkerfin og við afleiðslu viðmiðunarskilyrða hafa verið þróaðar til að styðja beitingu niðurstaðnanna.

15) Upplýsingarnar, sem verða gerðar aðgengilegar með framkvæmd vöktunaráætlananna, sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2000/60/EB, og mati og uppfærslu á eiginleikum vatnasviðaumdæma, sem kveðið er á um í 5. gr. tilskipunar 2000/60/EB, geta leitt í ljós ný sönnunargögn sem kunna að leiða til aðlögunar á vöktunar- og flokkunarkerfum aðildarríkja að vísinda- og tækniframförum og að lokum til endurskoðunar á niðurstöðunum úr millikvörðuninni í því skyni að bæta gæði þeirra.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar iii. lið liðar 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB skulu aðildarríkin nota í flokkun vöktunarkerfa sinna þau gildi fyrir mörk milli flokka sem sett eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. október 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stravros DIMAS

framkvæmdastjóri

VIÐAUKI

FLOKKUR VATNS: ÁR

LANDFRÆÐILEGUR MILLIKVÖRÐUNARHÓPUR: Háfjallasvæði

Lýsing á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð	Lýsing á eiginleikum áa	Aðrennslissvæði (km^2)	Hæð yfir sjávarmáli og landmótunarfræði	Basavirkni (alkalinity)	Straumskilyrði
R-A1	Litlar og allt að meðalstórar, hálendi, kalkríkar	10–1 000	800–2 500 m (aðrennslissvæði), björg/hnullungar	mikil (en ekki mjög mikil) basavirkni	
R-A2	Lítil og allt að meðalstór, hálendi, kísilkennd	10–1 000	500–1 000 m (hámarkshæð aðrennslissvæðis yfir sjávarmáli 3 000 m, meðaltal 1 500 m), björg	Ekki kalkríkar (granít, myndbreytt), meðalmikil og allt niður í litla basavirkni	Rennsli um snjó og ís

Lönd sem deila með sér þeim gerðum sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerð R-A1: Þýskaland, Austurríki, Frakkland, Ítalía, Slóvenía

Gerð R-A2: Austurríki, Frakkland, Ítalía, Spánn, Slóvenía

NIÐURSTÖÐUR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnlægir hryggleysingjar

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðu landsflokkunarkerfunum

Gerð og land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Gerð R-A1			
Austurríki	Austurrískt kerfi til að meta vistfræðilegt ástand áa (verstu tilvik milli fjölþættra stuðla (multimetric indices) fyrir almenna hnignun og niðurbrotsstuðuls (saprobic index))	0,80	0,60
Frakkland	Classification française DCE Indice Biologique Global Normalisé (IBGN). Norme AFNOR NF T 90 350 (1992) og dreifibréf MEDD/DE/MAGE/ BEMA 05 nr. 14 frá 28. júlí 2005, breytt 13. júní 2007	0,93	0,79
Þýskaland	PERLODES — Bewertungsverfahren von Fließgewässern auf Basis des Makrozoobenthos	0,80	0,60
Ítalía	STAR Intercalibration Common Metric Index (STAR_ICMi)	0,97	0,73
Slóvenía	Slóvenskt matskerfi fyrir botnhryggleysingja Fjölþættur stuðull (vatnsformfræði/almenn hnignun), niðurbrotsstuðull	0,80	0,60
Gerð R-A2			
Austurríki	Austurrískt kerfi til að meta vistfræðilegt ástand áa (verstu tilvik milli fjölþættra stuðla (multimetric indices) fyrir almenna hnignun og niðurbrotsstuðuls (saprobic index))	0,80	0,60
17) Í kjölfar skýrslunnar frá Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðinni (*Report on the Attacks to Security of the Digital Tachograph and on the Risk Associated With the Introduction of Adaptors to be fitted into Light Vehicles*) skal vernda boðskipti rafrænna gagna á milli upptaka hreyfingar ökutækisins og hreyfinemans gegn óheimilum breytingum, svo sem með notkun segla, og einnig skal staðfesta gögn um hreyfingar ökutækis með öðrum, óháðum, innri og ytri upplýsingagjöfum.

18) Að því er varðar heilleika og áreiðanleika stafræna ökuritakerfisins er nauðsynlegt að tryggja að ökuritakort, sem gefin eru út fyrir ökumenn, séu einkvæm. Til að koma í veg fyrir að ökumenn sæki um eða hafi til umráða fleiri en eitt gilt kort skal koma á rafrænum gagnaskiptum milli aðildarríkja.

19) Notendaskil fyrir handvirkar færslur um starfsathafnir, þegar ökumenn hafa verið fjarri ökutæki sínu og hafa á því tímabili ekki getað skráð starfsathafnir sínar á ökumannskort sitt, skulu gerð einfaldari og skýrari.

20) Það er gagnlegt fyrir ökumenn að fá birtar valkvæðar viðbótarupplýsingar á skjá stafræna ökuritans og að geta falið viðvaranir um að ökutækinu sé ekið utan gildissviðs.

21) Stytta skal tímann sem það tekur að hala niður gögnum frá skráningarbúnaðinum með endurbótum á tæknilegum skilflötum.

22) Nauðsynlegt er að koma á viðbúnaðaráætlun til að tryggja samfelldni gerðarviðurkenningarferlisins að því er varðar ökuritabúnað í því skyni að viðhalda áreiðanleika kerfisins þar eð þær öryggisaðferðir sem nú eru notaðar eru að verða úreltar.

23) Til að tryggja að hægt sé að ákvarða akstursmynstur og „sanna“ aksturssköáningu við vegaeftirlit skal einfalda útreikning aksturstíma og námundun tímabila starfsathafna við eina mínútu.

24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3821/85.

25) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 3821/85 til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(3) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1.
(4) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. október 2011. Hins vegar skulu liðir 3.1, 3.8, 3.9, 3.11, 3.20, 8.2, 9.2, 12.3, 12.4 og 13 í viðaukanum gilda frá 1. október 2012 og liðir 7.2, 7.3 og 7.5 skulu gilda frá þeim degi er hún öðlast gildi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85 er breytt sem hér segir:

1. **BREYTINGAR Á I. KAFLA (SKILGREININGAR)**

1.1 Í stað skilgreiningarinnar í f-lið komi eftirfarandi:

„f) „Kvörðun“: Uppfærsla eða staðfesting á breytum ökutækis sem á að geyma í gagnaminninu. Breytur ökutækis eru m.a. auðkenni ökutækis (verksmiðjunúmer ökutækis, skráningarnúmer ökutækis og aðildarríkið þar sem ökutækið er skráð) og eiginleikar ökutækisins (w-, k- og l-gildi, hjólbarðastærð, uppsetning hraðatakmörkunarbúnaðar (ef við á), raunalheimstími, raunstaða kílómetramælis).

Uppfærsla eða staðfesting sem á aðeins við um alheimstíma (UTC) skal teljast leiðrétting á tíma en ekki kvörðun, að því tilskildu að það sé ekki í mótsögn við kröfu 256.

Þegar skráningarbúnaður er kvarðaður skal nota verkstæðiskort.“

1.2 Í stað skilgreiningarinnar í l-lið komi eftirfarandi:

„l) „Fyrirtækiskort“:

Ökuritakort sem yfirvöld aðildarríkis gefur út fyrir eiganda eða handhafa ökutækja sem eru búin skráningarbúnaði.

Fyrirtækiskortið gerir kleift að auðkenna fyrirtækið og birta, hala niður og prenta upplýsingarnar sem eru geymdar í skráningarbúnaðinum sem þetta fyrirtæki hefur læst eða sem hefur ekki verið læst af neinu fyrirtæki.“

1.3 Í stað skilgreiningarinnar í s-lið komi eftirfarandi:

„s) „Niðurhal [áður niðurflutningur] gagna“:

Afrit, ásamt stafrænni undirskrift, af gagnaskrám, í heild eða að hluta, sem geymt er í gagnaminni ökutækis eða í minni ökuritakorts, þegar þessi gögn eru nauðsynleg til að staðfesta samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 561/2006.

Framleiðendur skráningarhluta stafrænna ökurita og framleiðendur búnaðar sem er hannaður og ætlaður til að hala niður gagnaskrám skulu gera hæfilegar ráðstafanir til að tryggja að niðurhal slíkra gagna sé gert þannig að flutningafyrirtæki eða ökumenn verði fyrir sem minnstum töfum.

Við niðurhal má ekki breyta geymdum gögnum eða þurrka þau út. Niðurhal sundurliðuðu skrárinnar með hraðaskráningu kann að vera óþarfi til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 561/2006, en má nota í öðrum tilgangi, t.d. við rannsókn slysa.“

1.4 Eftirfarandi málsgrein bætist við 1. nmgr. við skilgreiningarnar í n-lið og p-lið:

„Nota má aðrar aðferðir við að reikna út samfelldan aksturstíma og uppsöfnuð hlé í stað þessara skilgreininga ef þær eru orðnar úreltar vegna uppfærslna á annarri viðeigandi löggjöf.“

2. **BREYTINGAR Á II. KAFLA (ALMENNIR EIGINLEIKAR)**

2.1 Eftirfarandi ný krafa bætist við á eftir kröfu 001:

„**Krafa 001a** Skilflöturinn milli hreyfinema og skráningarhluta ökurita skulu samræmast ISO-staðli 16844-3:2004, Cor 1:2006.“

2.2 Kröfu 010 er breytt sem hér segir:

— Þriðji undirliður falli brott.

— Í stað síðasta undirliðar komi eftirfarandi:

„Aðgerðin „niðurhal gagna“ er ekki aðgengileg í skráningarham (nema eins og kveðið er á um í kröfu 150), nema þ egar gögnum er halað niður af ökumannskorti þ egar ekkert annað kort er sett í skráningarhluta ökuritans.“

2.3 Í stað annars undirliðar í kröfu 011 komi eftirfarandi:

„— í fyrirtækisham er einungis hægt að skila gögnum um ökumann (kröfur 081, 084 og 087) varðandi tímabil þar sem engin læsing er fyrir hendi, eða sem annað fyrirtæki hefur ekki læst fyrir (auðkennt með fyrstu 13 stöfum í kortnúmeri fyrirtækisins).“

3. BREYTINGAR Á III. KAFLA (AÐGERÐIR OG KRÖFUR)

3.1 Eftirfarandi krafa bætist við á eftir kröfu 019:

„**Krafa 019a** Til að greina hvort hreyfigögnum hafi verið hagrætt skal staðfesta upplýsingar frá hreyfinemanum með hreyfigögnum ökutækis sem fengin eru frá einum eða fleiri upplýsingagjöfum sem eru óháðir hreyfinemanum.“

3.2 Í stað kröfu 028 komi eftirfarandi:

„**Krafa 028** Nota skal dagsetningu og tíma sem miðast við alheimstíma þegar gögn (skráningar, gagnaskipti) í skráningarbúnaðinum eru dagsett og fyrir öll útprent sem tilgreind eru í „Útprent“ í 4. viðbæti.“

3.3 Í stað kröfu 029 komi eftirfarandi:

„**Krafa 029** Til að hægt sé að sýna staðartíma skal vera mögulegt að breyta tímamismuninum sem skjárinn sýnir um hálfa klukkustund í senn. Ekki skal leyfa neinn annan tímamismun en neikvæð eða jákvæð margfeldi af hálfri klukkustund.“

3.4 Krafa 040 falli brott.

3.5 Í stað kröfu 038, 041 og 042 komi eftirfarandi:

„**Krafa 038** Litið skal svo á að fyrsta breyting á starfsathöfn yfir í HVÍLD eða TILTÆKILEIKA sem á sér stað innan 120 sekúndna frá sjálfvirkri breytingu yfir í VINNU vegna þess að ökutækið nemur staðar skuli hafa átt sér stað þegar ökutækið nam staðar (því frestast mögulega breytingin yfir í VINNU).“

„**Krafa 041** Fyrir tiltekna almanaksmínútu skal líta svo á að öll mínútan hafi farið í AKSTUR ef skráð starfsathöfn, bæði á mínútunni næst á undan og mínútunni næst á eftir, er AKSTUR.“

„**Krafa 042** Ef um er að ræða almanaksmínútu, þar sem AKSTUR á sér ekki stað samkvæmt fyrri kröfu 041, skal litið svo á að allri mínútunni sé varið til starfsathafnar sem varir samfellt lengst innan viðkomandi mínútu (eða sem er síðust af jafnlöngum starfsathöfnum).“

3.6 Eftirfarandi komi í stað krafna 050, 050a og 050b:

„**Krafa 050** Það skal vera mögulegt að færa inn staði þar sem akstursdagur hefst og/eða endar með skipunum í valmyndunum. Ef fleiri en ein slík færsla á sér stað á sömu almanaksmínútu skal aðeins skrá síðustu færslur um þá staði þar sem akstursdagur hefst og endar, sem skráðar eru á þessum tíma.“

„**Krafa 050a** Við ísetningu ökumannskorts (eða verkstæðiskorts), og einungis á þeim tíma, skal skráningarbúnaðurinn leyfa handvirkar færslur um starfsathafnir. Það skal vera hægt að skrá handvirkar færslur, ef þess gerist þörf, þegar ökumannskort (eða verkstæðiskort) sem ekki hefur verið notað áður, er sett í í fyrsta skiptið.

Handvirkar færslur um starfsathafnir skulu skráðar á staðartíma og dagsetningu tímabeltisins (hliðrun frá alheimstíma), sem skráningarhluti ökuritans hefur verið stilltur á.

Við ísetningu ökumannskorts eða verkstæðiskorts skal minna korthafann á:

– hvaða dag og hvenær dags hann tók kortið síðast úr skráningarbúnaðinum.

– Valkvætt: tímamismunur staðartíma sem skráningarhluti ökuritans er stilltur á.

Það skal vera hægt að skrá starfsathafnir, með eftirfarandi takmörkunum:

– Tegund starfsathafnar skal vera VINNA, TILTÆKILEIKI eða HLÉ/HVÍLD.

– Upphafs- og lokatími hverrar starsathafnar skal eingöngu vera innan tímabilsins frá því kortið var síðast tekið úr til yfirstandandi ísetningar.

Starfsathafnir skulu ekki skarast í tíma.

Aðferðin við handvirka skráningu á starfsathöfnum skal fela í sér eins mörg samfelld þrep og nauðsynleg eru fyrir skráningu á tegund, upphafs- og lokatíma hverrar starfsathafnar. Fyrir sérhvern hluta tímabilsins frá síðustu úrtekt korts fram til yfirstandandi ísetningar þess skal korthafi eiga þess kost að gefa ekki upp neina starfsathöfn.

Við handvirka færslu sem tengist ísetningu korts skal korthafinn, ef við á, eiga þess kost að skrá:

– stað, þar sem fyrri akstursdegi lauk, og viðkomandi tíma (ef hann var ekki skráður við síðustu úrtekt kortsins),

– stað, þar sem núverandi akstursdagur hófst, og viðkomandi tíma.

Ef staðsetning er sett inn skal hún skráð á viðkomandi ökuritakort.

Rjúfa skal handvirkar færslur:

– ef kortið er tekið úr eða

– ef ökutækið er á ferð og kortið er í raufinni fyrir ökumannskortið.

Rjúfa má af fleiri ástæðum, t.d. ef tiltekinn tími er liðinn þar sem notandinn er aðgerðalaus. Ef handvirkar færslur eru rofnar skal skráningarbúnaðurinn fullgilda allar fullgerðar færslur varðandi stað og tíma sem þegar hafa verið gerðar (sem eru með ótvíræðar upplýsingar um stað og tíma, eða tegund starfsathafnar, upphafs- og lokatíma).

Ef annað ökumanns- eða verkstæðiskort er sett í á meðan skráðar eru handvirkar færslur um starfsathafnir vegna korts sem sett var í áður skal handvirkum færslum fyrir fyrra kortið vera lokið áður en handvirkar færslur hefjast fyrir seinna kortið.

Korthafinn skal eiga þess kost að skrá handvirkar færslur með a.m.k. eftirfarandi aðferðum:

Skrá starfsathafnir handvirkt eftir tímaröð, frá síðustu úrtekt korts til yfirstandandi ísetningar þess.

Stilla skal upphafstíma fyrstu starfsathafnar á tíma úrtektar kortsins. Fyrir hverja færslu sem fylgir í kjölfarið skal upphafstíminn vera forstilltur þ annig að hann komi strax á eftir lokatíma fyrri færslu. Velja skal tegund starfsathafnar og lokatíma fyrir hverja starfsathöfn.

Þessum aðgerðum lýkur þegar lokatími handskráðrar færslu starfsathafnar er sá sami og ísetningartími kortsins. Skráningarbúnaðurinn getur þá valið að gera korthafanum kleift að breyta öllum handskráðum færslum um starfsathafnir þar til þær eru fullgildar með vali á sérskipun. Að því loknu eru allar slíkar breytingar útilokaðar.“

„**Krafa 050b** Skráningarbúnaðurinn skal gera ökumanninum kleift að færa inn eftirfarandi tvær séraðstæður á rauntíma:

„UTAN GILDISSVIÐS“ (upphaf, endir)

„FLUTNINGUR MEÐ FERJU/LEST“

„FLUTNINGUR MEÐ FERJU/LEST“ má ekki eiga sér stað ef opið er fyrir aðstæðurnar „UTAN GILDISSVIÐS“.

Ef aðstæðurnar „UTAN GILDISSVIÐS“ hafa verið opnaðar skal skráningarbúnaðurinn loka fyrir það sjálfkrafa við ísetningu ökumannskorts eða úrtekt þess.

Ef aðstæðurnar „UTAN GILDISSVIÐS“ hafa verið opnaðar skal koma í veg fyrir eftirfarandi sértilvik og viðvaranir:

– Akstur án viðeigandi korts,

– viðvaranir í tengslum við samfelldan aksturstíma.“

3.7 Í stað kröfu 065 komi eftirfarandi:

„**Krafa 065** Þetta sértilvik kemur upp við hvert hraðabrot. Þessi krafa á aðeins við um ökutæki sem falla undir flokk M2, M3, N2 eða N3, eins og skilgreint er í II. viðauka tilskipunar 2007/46/EB um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra.“

3.8 Eftirfarandi texti bætist við á eftir kröfu 067:

„9.9a.Sértilvikið *„ósamræmi í hreyfigögnum ökutækis“*

Krafa 067a Þetta sértilvik kemur einnig upp þegar núll-hraðamæling er í mótsögn við hreyfigögn frá a.m.k. einum óháðum upplýsingagjafa í meira en eina órofna mínútu.

Krafa 067b Í þeim tilvikum, þar sem skráningarhluti ökuritans getur tekið við eða gert grein fyrir hraðagildum frá utanaðkomandi, óháðum upplýsingagjafa hreyfigagna, getur þetta sértilvik einnig komið upp, ef þessi hraðagildi eru í marktækri mótsögn við þau gögn sem útfærð eru frá hraðamerki hreyfinemans í meira en eina mínútu.“

3.9 Í kröfu 094 bætist eftirfarandi lína við á eftir sértilvikinu „villa í hreyfigögnum“:

Ósamræmi í hreyfigögnum ökutækis	— lengsta sértilvikið að því er varðar hvern og einn af 10 síðustu dögum, — fimm lengstu sértilvikin á síðustu 365 dögum.	— dagsetning og tími upphafs sértilviks, — dagsetning og tími endis sértilviks, — gerð korts, númer og aðildarríki sem gefur út öll ísett kort við upphaf og/eða endi sértilviksins, — fjöldi svipaðra sértilvika þann dag.

3.10 Í stað kröfu 104 komi eftirfarandi:

„**Krafa 104** Skráningarbúnaðurinn skal skrá og geyma í gagnaminni sínu eftirfarandi gögn sem varða síðustu 255 fyrirtækjalæsingar.

— dagsetningu og tíma læsingar,

— dagsetningu og tíma opnunar,

— númer fyrirtækiskorts og útgáfuaðildarríki,

— heiti fyrirtækis og heimilisfang.

Litið skal svo á að gögn sem áður voru læst með læsingu, sem fjarlægð hefur verið úr minni vegna ofangreindrar takmörkunar, séu ekki læst.“

3.11 Eftirfarandi krafa bætist við á eftir kröfu 109a:

„**Krafa 109b** Ekki skal geyma sértilvikið „ósamræmi í hreyfigögnum ökutækis“ á ökumanns- og verkstæðiskortunum.“

3.12 Í stað kröfu 114a komi eftirfarandi:

„**Krafa 114a** Skjárinn skal styðja öll rittákn sem tilgreind eru í „Stafamengi“ í 4. kafla í 1. viðbæti. Nota má einfölduð stafbrigði (t.d. má sýna rittákn með áherslumerki, án áherslumerkis, eða lágstafi sem hástafi).“

3.13 Í stað kröfu 121 komi eftirfarandi:

„**Krafa 121** Ef ekki þarf að birta neinar aðrar upplýsingar skal skráningarbúnaðurinn birta eftirfarandi sjálfgefið:

— staðartíma (alheimstíma + tímamismun sem ökumaðurinn setur inn),

— vinnuham,

— yfirstandandi starfsathöfn ökumanns og yfirstandandi starfsathöfn aðstoðarökumanns.

Upplýsingar sem varða ökumanninn:

— yfirstandandi, samfelldur akstur og yfirstandandi uppsöfnuð hlé, ef yfirstandandi starfsathöfn er AKSTUR,

— yfirstandandi lengd þessarar starfsathafnar (frá því að hún var valin) og yfirstandandi, uppsöfnuð hlé, ef yfirstandandi starfsathöfn er ekki AKSTUR.“

3.14 Í stað kröfu 127 komi eftirfarandi:

„**Krafa 127** Hægt skal vera að birta eftirfarandi á skjá samkvæmt beiðni:

— alheimstíma og dagsetningu og tímamismun staðartíma,

— inntak einhverra sex útprenta sem eru með sama sniði og útprentin sjálf,

— samfelldan aksturstíma og uppsöfnuð hlé ökumannsins,

— samfelldan aksturstíma og uppsöfnuð hlé aðstoðarökumannsins,

— samfelldan aksturstíma ökumanns síðustu og yfirstandandi viku,

— samfelldan aksturstíma aðstoðarökumanns síðustu og yfirstandandi viku.

Valkvætt:

— yfirstandandi lengd starfsathafnar aðstoðarökumanns (frá því að hún var valin),

— uppsafnaðan aksturstíma ökumanns í yfirstandandi viku,

— uppsafnaðan aksturstíma ökumanns á yfirstandandi akstursdegi,

— uppsafnaðan aksturstíma aðstoðarökumanns á yfirstandandi akstursdegi.“

3.15 Í stað kröfu 133a komi eftirfarandi:

„**Krafa 133a** Prentarinn skal styðja öll rittáknin sem tilgreind eru í „Stafamengi“ í 4. kafla í 1. viðbæti.“

3.16 Í stað kröfu 136 komi eftirfarandi:

„**Krafa 136** Pappírinn fyrir útprent, sem notaður er í skráningarbúnaðinum, skal bera viðeigandi gerðarviðurkenningarmerki og upplýsingar um þá tegund eða þær tegundir skráningarbúnaðar sem heimilt er að nota hann fyrir.“

3.17 Eftirfarandi kröfur bætast við á eftir kröfu 136:

„**Krafa 136a** Útprent skulu vera auðlæsileg og auðgreinanleg við eðlileg geymsluskilyrði, að því er varðar ljósstyrk, raka og hita, í a.m.k. tvö ár.

Krafa 136b Pappírinn fyrir útprent skal að lágmarki uppfylla þær forskriftir fyrir prófun sem skilgreindar eru á vefsetri rannsóknarstofunnar sem tilnefnd er til að framkvæma prófun á rekstrarsamhæfi, eins og sett er fram í kröfu 278.

Krafa 136c Sérhver breyting eða uppfærsla á ofangreindum forskriftum skal aðeins gerð eftir að tilnefnd rannsóknarstofa hefur haft samráð við framleiðanda gerðarviðurkennds skráningarhluta stafræns ökurita ásamt gerðarviðurkenningaryfirvöldum.“

3.18 Í stað kröfu 141 komi eftirfarandi:

„**Krafa 141** Skráningarbúnaðurinn skal vara ökumanninn við þegar hann fer yfir hámark samfellds aksturstíma og innan 15 mínútna áður en til þess kemur.“

3.19 Í stað kröfu 145 komi eftirfarandi:

„**Krafa 145** Í síðara tilvikinu skal skráningarbúnaðurinn bera táknið „T“.“

3.20 Eftirfarandi krafa bætist við á eftir kröfu 161:

„Krafa 161a Hreyfinemar skulu annaðhvort:

— bregðast við segulsviði sem truflar greiningu á hreyfingu ökutækis. Í þe im tilvikum skráir og geymir skráningarhluti ökuritans bilun í nema (krafa 070), eða

vera með skynjara sem er varinn eða ónæmur fyrir segulsviðum.“

4. **BREYTINGAR Á V. KAFLA (UPPSETNING)**

4.1 Eftirfarandi málsliður bætist við kröfu 239:

„Takmarka má afhendingu hluta í skráningarbúnaðinn er varða öryggi meðan á öryggisvottun stendur.“

4.2 Í stað kröfu 243 komi eftirfarandi:

„**Krafa 243** Framleiðendur ökutækja eða ísetningarstofur skulu virkja uppsetta skráningarbúnaðinn í síðasta lagi áður en ökutækið er notað innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 561/2006.“

4.3 Í stað kröfu 248 og kröfu 249 komi eftirfarandi:

„**Krafa 248** Þegar uppsetningu er lokið skal kvörðun fara fram. Fyrsta kvörðunin felur ekki nauðsynlega í sér innfærslu skráningarnúmers ökutækis ef viðurkennda verkstæðið, sem á að framkvæma þessa kvörðun, þekkir það ekki. Við þessar aðstæður og á þessum tíma eingöngu skal eiganda ökutækisins vera kleift að skrá skráningarnúmer ökutækisins með ökutækiskorti sínu áður en ökutækið er notað innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 561/2006 (t.d. með því að gefa nauðsynlegar skipanir með viðeigandi valmynd í notendaskilum skráningarhluta ökutækisins). ([1]) Einungis skal vera hægt að uppfæra eða staðfesta þessa færslu með verkstæðiskorti.“

„**Krafa 249** Eftir að skráningarbúnaðurinn hefur verið skoðaður við uppsetningu skal uppsetningarplatan fest á skráningarbúnaðinn, þannig að hún sjáist greinilega og auðvelt sé að komast að henni. Í þeim tilvikum þar sem það er ekki hægt skal festa plötuna á B-stoðina þannig að hún sjáist greinilega. Í þeim ökutækjum sem eru ekki með B-stoð skal festa uppsetningarplötuna á dyrakarminn ökumannsmegin í ökutækinu og skal hún í öllum tilvikum sjást greinilega.

Eftir hverja skoðun, sem viðurkennd ísetningarstofa eða verkstæði framkvæmir, skal setja nýja plötu í stað þeirrar sem fyrir var.„

4.4 Í stað sjötta undirliðar í kröfu 250 komi eftirfarandi:

„hvaða dag einkennisstuðull ökutækisins og virkt ummál hjólbarðanna voru mæld,“

4.5 Eftirfarandi krafa bætist við á eftir kröfu 250:

„**Krafa 250a** Eingöngu má nota viðbótarplötu í ökutækjum í flokkum M1 og N1, sem eru búin aðlögunarbúnaði í samræmi við reglugerð (EB) nr. 68/2009 ([2]) og þar sem ekki er hægt að geyma allar nauðsynlegar upplýsingar sem lýst er í kröfu 250. Í þeim tilvikum skulu a.m.k. síðustu fjórir undirliðirnir, sem lýst er í kröfu 250, koma fram á viðbótarplötunni.

Ef þessi viðbótarplata er notuð skal festa hana við hliðina á aðalplötunni, sem lýst er í kröfu 250, og skal hún vera með eins vörn. Á viðbótarplötunni skal einnig koma fram nafn, heimilisfang eða viðskiptaheiti viðurkenndrar ísetningarstofu eða verkstæðis sem framkvæmir uppsetninguna og dagsetning uppsetningarinnar.“

5. **BREYTINGAR Á VI. KAFLA (SKOÐUN)**

5.1 Kröfu 257 er breytt sem hér segir:

([1]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 21, 24.1.2009, bls. 3.

Í stað fjórða undirliðar komi „— hvort uppsetningarplatan, eins og hún er skilgreind í kröfu 250, og upplýsingaplatan, eins og hún er skilgreind í kröfu 169, séu áfestar“ og eftirfarandi undirliður bætist við: „— að það séu engin tæki til hagræðingar á gögnum tengd við búnaðinn.“

5.2 Eftirfarandi kröfur bætast við á eftir kröfu 257:

„Krafa 257a Ef eitthvert sértilvikanna sem talin eru upp í 9. hluta III. kafla (Greining á sértilvikum og/eða bilunum) hefur komið til síðan síðasta skoðun fór fram og framleiðendur ökurita og/eða landsbundin yfirvöld telja að það setji öryggi búnaðarins mögulega í hættu, skal verkstæðið:

a) gera samanburð á auðkennisgögnum hreyfinemans sem tengdur er við gírkassann og auðkennisgögnum parða hreyfinemans, sem skráður er í skráningarhluta ökuritans,

b) athuga hvort upplýsingunum sem skráðar eru á uppsetningarplötunni og upplýsingunum sem skráðar eru í skráningarhluta ökuritans beri saman,

c) athuga hvort raðnúmer og viðurkenningarnúmer hreyfinemans, ef þau eru prentuð utan á hreyfinemann, beri saman við upplýsingarnar sem skráðar eru í skráningarhluta ökuritans.“

„Krafa 257b Verkstæði skulu greina frá niðurstöðum í skoðunarskýrslum sínum er varða rofin innsigli eða tæki sem ætluð eru til að hagræða gögnum. Verkstæði skulu varðveita þessar skýrslur í a.m.k. tvö ár og afhenda lögbæru yfirvaldi þegar þess er óskað.“

6. BREYTINGAR Á VII. KAFLA (ÚTGÁFA KORTS)

6.1 Eftirfarandi krafa bætist við á eftir kröfu 268:

„**Krafa 268a** Aðildarríki skulu skiptast á gögnum með rafrænum hætti til að tryggja að ökumannskort fyrir ökurita, sem þau gefa út, séu aðeins til í einu eintaki.

Lögbær yfirvöld aðildarríkja geta einnig skipst á gögnum á rafrænu formi þegar framkvæmt er eftirlit með ökumannskortum á vegum eða á athafnasvæðum fyrirtækja til þess að ganga úr skugga um að ökumannskort séu aðeins til í einu eintaki og séu tæk.“

7. BREYTINGAR Á VIII. KAFLA (GERÐARVIÐURKENNING)

7.1 Nýr málsliður bætist við fyrstu málsgreinina í „almenn atriði“ í 1. hluta:

„Sérhver framleiðandi skráningarhluta ökurita getur óskað eftir gerðarviðurkenningu fyrir íhluti sína með sérhverri gerð hreyfinema og öfugt, að því tilskildu að hver íhlutur uppfylli kröfu 001a.“

7.2 Á eftir kröfu 274 er eftirfarandi kröfum bætt við:

„**Krafa 274a** Í því undantekningartilviki að öryggisvottunaryfirvald synjar um vottun á nýjum búnaði á grundvelli þess að öryggisaðferðir séu úreltar skal gerðarviðurkenning þó veitt, en aðeins í þessu tiltekna undantekningartilviki, ef ekki eru fyrir hendi aðrar lausnir sem uppfylla þessa reglugerð.“

„**Krafa 274b** Í því tilviki skal hlutaðeigandi aðildarríki án tafar upplýsa framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um það og hún skal hefja aðgerðir innan tólf almanaksmánaða frá því að gerðarviðurkenning var veitt til að tryggja að öryggi sé komið aftur á upprunalegt stig.“

7.3 Eftirfarandi krafa bætist við á eftir kröfu 275:

„**Krafa 275a** Framleiðendur skulu láta í té viðeigandi sýni af gerðarviðurkenndum vörum og tengdum skjölum sem rannsóknarstofur, sem tilnefndar hafa verið til að gera virkniprófanir, hafa óskað eftir innan eins mánaðar frá því að beiðnin er lögð fram. Aðilinn sem leggur fram þessa beiðni skal bera allan kostnað sem hlýst af beiðninni. Rannsóknarstofur skulu gæta trúnaðar í meðferð viðkvæmra viðskiptaupplýsinga.“

7.4 Eftirfarandi krafa bætist við á eftir kröfu 277:

„**Krafa 277a** Í virknivottorði sérhvers íhlutar skráningarbúnaðar skal einnig koma fram gerðarviðurkenningarnúmer allra annarra gerðarviðurkenndra, samhæfðra íhluta skráningarbúnaðar.“

7.5 Í stað kröfu 281 komi eftirfarandi:

„**Krafa 281** Rannsóknarstofan skal ekki gera neinar prófanir á rekstrarsamhæfi fyrir skráningarbúnað eða ökuritakort sem hefur ekki verið veitt öryggisvottorð og virknivottorð, nema í þeim undantekningartilvikum sem lýst er í kröfu 274a.“

8. **BREYTINGAR Á 1. VIÐBÆTI (GAGNALÝSINGASAFN [áður GAGNASKÝRINGASAFN])**

8.1 Í stað liðar 2.2 komi eftirfarandi:

„2.2 **Address**

Heimilisfang.

Address: = SEQUENCE {

codePage INTEGER (0..255),

address OCTET STRING (SIZE(35))

}

codePage tilgreinir stafamengi sem skilgreint er í 4. kafla,

address er heimilisfang sem er kóðað í samræmi við tilgreint stafamengi.“

8.2 Í stað línunnar „'0A'H til '0F'H RFU“ í lið 2.54 komi eftirfarandi:

„ 0A'H Ósamræmi í hreyfigögnum ökutækis,

'0B'H til '0F'H RFU (reserved for future use, geymist til síðari nota).“

8.3 Í stað liðar 2.70 komi eftirfarandi:

„2.70 **Name**

Heiti.

Name: = SEQUENCE {

codePage INTEGER (0..255),

name OCTET STRING (SIZE(35))

}

codePage tilgreinir stafamengi sem skilgreint er í 4. kafla,

name er nafn sem er kóðað í samræmi við tilgreint stafamengi.“

8.4 Í stað liðar 2.114 komi eftirfarandi:

„2.114 **VehicleRegistrationNumber**

Skráningarnúmer ökutækisins. Skráningaryfirvald ökutækisins úthlutar skráningarnúmerinu.

VehicleRegistrationNumber: = SEQUENCE {

codePage INTEGER (0..255),

vehicleRegNumber OCTET STRING (SIZE(13))

}

codePage tilgreinir stafamengi sem skilgreint er í 4. kafla,

vehicleRegNumber er skráningarnúmer ökutækis sem er kóðað í samræmi við tilgreint stafamengi.

Úthlutun gildis: sértækt að því er varðar land.“

8.5 Í stað síðustu málsgreinar 4. kafla komi eftirfarandi:

„Aðrir stafastrengir (Address, Name, VehicleRegistrationNumber) nota þar að auki rittákn sem eru á tugastafabilinu 161 – 255 í eftirfarandi 8-bita stöðluðum stafamengjum, tilgreint með númeri stafatöflunnar: Staðlað stafamengi	Stafatafla (tugastafur)
ISO/IEC 8859-1 Latin-1 Western European	1
ISO/IEC 8859-2 Latin-2 Central European	2
ISO/IEC 8859-3 Latin-3 South European	3
ISO/IEC 8859-5 Latin/Cyrillic	5
ISO/IEC 8859-7 Latin/Greek	7
ISO/IEC 8859-9 Latin-5 Turkish	9
ISO/IEC 8859-13 Latin-5 Baltic Rim	13
ISO/IEC 8859-15 Latin-9	15
ISO/IEC 8859-16 Latin-10 South Eastern European	16
KOI8-R Latin/Cyrillic	80
KOI8-U Latin/Cyrillic	85“

8.6 Í stað liðar 2.67 í 2. kafla komi eftirfarandi:

„2.67 ManufacturerCode

Kóði sem sanngreinir framleiðanda búnaðar sem hefur verið gerðarviðurkenndur.

ManufacturerCode: = INTEGER (0..255)

Rannsóknarstofan, sem er ábyrg fyrir prófunum á rekstrarsamhæfi, skal viðhalda og birta skrá með kóðum framleiðenda á vefsetri sínu (krafa 290).

Þeir sem þ róa búnað fyrir ökurita fá ManufacturerCode úthlutaðan til bráðabirgða þ egar sótt er um þ að hjá rannsóknarstofunni sem er ábyrg fyrir prófunum á rekstrarsamhæfi.“

8.7 Í stað liðar 2.71 komi eftirfarandi:

„2.71 NationAlpha

Tilvísun í stafrófsröð til lands skal vera í samræmi við auðkennin sem notuð eru á ökutækjum í ferðum milli landa (Vínarsamningur Sameinuðu þjóðanna um umferð á vegum frá 1968).

NationAlpha: = IA5String (SIZE (3))

Kóðunum NationAlpha og NationNumeric skal haldið til haga í skrá á vefsetri rannsóknarstofunnar sem tilnefnd er fyrir prófanir á rekstrarsamhæfi, eins og sett er fram í kröfu 278.“

8.8 Í stað liðar 2.72 komi eftirfarandi:

„2.72 NationNumeric

Töluleg tilvísun til lands.

NationNumeric: = INTEGER (0.. 255)

Úthlutun gildis: sjá gagnatag 2.71 (NationAlpha)

Sérhver breyting eða uppfærsla á kóðunum NationAlpha og NationNumeric, sem lýst er í málsgreininni hér á undan, skal aðeins gerð eftir að tilnefnd rannsóknarstofa hefur haft samráð við framleiðendur gerðarviðurkenndra skráningarhluta stafrænna ökurita.“

9. **BREYTINGAR Á 3. VIÐBÆTI (TÁKNMYNDIR)**

9.1 Í stað kröfu PIC_001 komi eftirfarandi:

„PIC_001 Skráningarbúnaðurinn getur valið að nota táknmyndir og táknmyndasamsetningar (eða táknmyndir og samsetningar sem eru nægilega líkar þeim til að þær þekkist með ótvíræðum hætti).“

9.2 Eftirfarandi táknmynd bætist við í undirliðnum „Sértilvik“ í 2. hluta:

”

 Ósamræmi í hreyfigögnum ökutækis“

10. **BREYTINGAR Á 4. VIÐBÆTI (ÚTPRENT)**

10.1 Í stað PRT_006 í 2. hluta, Forskrift fyrir gagnabálka, komi eftirfarandi:

„PRT_006 Útprent skulu notast við eftirfarandi gagnabálka og/eða gagnaskráningar í samræmi við eftirfarandi merkingar og snið:

Númer bálks eða skráningar Merking		Gagnasnið
1	***Dagsetning og tími þegar skjalið er prentað***	dd/mm/áááá hh:mm (alheimstími)
2	***Tegund útprents***	
	Kennimerki bálks	- - - - - - - - - - - - - - - - - -
	Táknmyndasamsetning í útprenti (sjá 3. viðbæti), stilling hraðatakmörkunarbúnaðar (einungis útprent af hraðabroti)	Táknmynd xxx **km/h**
3	***Auðkenni korthafa***	
	Kennimerki bálks. P = táknmynd einstaklinga	- - - - - - - - - - -P- - - - - - - - - -
	Kenninafn korthafa	P Kenninafn_____
	Eiginnafn eða -nöfn korthafa (ef við á)	Eiginnafn eða -nöfn_____
	Auðkenni korts	Auðkenni korts_____
	Síðasti gildisdagur korts (ef við á)	dd/mm/áááá

Ef um er að ræða kort sem ekki er persónulegt og á því er ekkert kenninafn skal prenta þess í stað heiti fyrirtækis, verkstæðis eða eftirlitsaðila.

4	***Auðkenni ökutækis***	
	Kennimerki bálks	- - - - - - - - - - - - - - - - - -
	Verksmiðjunúmer ökutækis	VIN_____
	Aðildarríkið þar sem ökutækið er skráð og skráningarnúmer ökutækis	Nat/VRN_____

5 ***Auðkenni skráningarhluta ökurita***

Kennimerki bálks	- - - - - - - - - - - - - - - - - - - -
Heiti framleiðanda skráningarhluta ökurita	Heiti framl. skr.hl. ökur.___
Hlutarnúmer skráningarhluta ökurita	Hlutarn.. skr.hl. ökur._____

6 ***Síðasta kvörðun skráningarbúnaðar***

Kennimerki bálks	- - - - - - - - - - - - - - - - - - - -
Heiti verkstæðis	Kenninafn_____
Auðkenni verkstæðiskorts	Auðkenni korts_____
Dagsetning kvörðunarinnar	dd/mm/áááá

7 ***Síðasta eftirlit (sem eftirlitsmaður framkvæmir)***

Kennimerki bálks	- - - - - - - - - - - - - - - - - - - -
Auðkenni eftirlitskorts	Auðkenni korts_____
Dagsetning, tími og tegund eftirlits	dd/mm/áááá hh:mm pppp

Tegund eftirlits: Allt að fjórum táknmyndum. Tegund eftirlits getur verið (samsetning með eftirfarandi):

Niðurhal af korti, Niðurhal af skráningarhluta ökurita, Prentun, Birting á skjá

8 ***Starfsathafnir ökumanns geymdar á kortinu í þeirri röð sem þær eiga sér stað***

Kennimerki bálks	- - - - - - - - - - - - - - - - - - - -
Fyrirspurnardagsetning (almanaksdagur sem prentaður er út) + Teljari í kortinu sem heldur utan um daglega viðveru	dd/mm/áááá xxx

8a *Aðstæðurnar „utan gildissviðs“ í upphafi þessa dags* (autt ef ekki er opið fyrir aðstæðurnar „utan gildissviðs“)

- - - - - - - - - - OUT- - - - - - - - - -

8.1 *Tímabil sem kortið var ekki ísett*

8.1a	Kennimerki skráningar (upphaf tímabils)	- -
8.1b	Óskráð tímabil. Upphafstími, tímalengd	?: hh:mm hhhmm
8.1c	Handskráð starfsathöfn	A: hh:mm hhhmm

Táknmynd starfsathafnar, upphafstími, tímalengd.

8.2 *Ísetning korts í S-rauf*

Kennimerki skráningar; S = táknmynd raufar	- - - - - - - - - - S - - - - - - - - - -
Aðildarríkið þar sem ökutækið er skráð og skráningarnúmer ökutækis	Nat/VRN_____
Staða kílómetramælis ökutækisins við ísetningu korts	x xxx xxx **km**

8.3	*Starfsathöfn (meðan kortið var ísett)*	
	Táknmynd starfsathafnar, upphafstími, tímalengd, áhafnarstaða (táknmynd fyrir áhöfn ef staðan er ÁHÖFN, eyða ef hún er EINN ÖKUMAÐUR)	A: hh:mm hhhmm
	8.3a Séraðstæður. Tími færslu, táknmynd fyrir séraðstæður (eða samsetning táknmynda).	hh:mm - - - pppp - - -
8.4	*Úrtekt korts*	
	Staða kílómetramælis og ekin vegalengd frá síðustu ísetningu þ ar sem staða kílómetramælis er þekkt	x xxx xxx **km**; x xxx **km**
9	***Starfsathafnir ökumanns í tímaröð geymdar í skráningarhluta ökutækis fyrir hverja rauf***	
	Kennimerki bálks	- - - - - - - - - - - - - - - - - - -
	Fyrirspurnardagsetning (almanaksdagur sem prentaðar er út)	dd/mm/áááá
	Staða kílómetramælis kl. 00:00 og 24:00	x xxx xxx – x xxx xxx km
10	***Starfsathafnir sem eru skráðar í S-rauf***	
	Kennimerki bálks	- - - - - - - - - - S - - - - - - - - - -
10a	Aðstæðurnar „utan gildissviðs“ í upphafi þessa dags (autt ef ekki er opið fyrir aðstæðurnar „utan gildissviðs“)	- - - - - - - - - - OUT - - - - - - - - -
10.1	*Tímabil þegar ekkert kort er ísett í S-rauf*	
	Kennimerki skráningar	- -
	Ekkert kort ísett	- - -
	Staða kílómetramælis við upphaf tímabils	x xxx xxx km
10.2	*Ísetning korts*	
	Kennimerki skráningar við ísetningu korts	- -
	Nafn ökumanns	Kenninafn_____
	Eiginafn ökumanns	Eiginnafn eða -nöfn_____
	Auðkenni ökumsannskorts	Auðkenni korts_____
	Fyrningardagsetning ökumannskorts	dd/mm/áááá
	Aðildarríkið sem skráir ökutækið og skráningarnúmer ökutækis sem notað var áður	Nat/VRN_____
	Dagsetning og tími úttektar korts úr fyrra ökutæki	dd/mm/áááá hh:mm
	Auð lína	
	Staða kílómetramælis við ísetningu korts, handskráð færsla á kóða fyrir starfsathafnir ökumanns (M ef já, eyða ef nei).	x xxx xxx km M
	Hafi ekkert ökumannskort verið sett í þann dag sem útprentið fer fram skal, að því er varðar bálk 10.2, nota aflestur kílómetramælis við síðustu tiltæku ísetningu korts fyrir þann dag.	

10.3 *Starfsathöfn*

Táknmynd starfsathafnar, upphafstími, tímalengd, áhafnarstaða (táknmynd fyrir áhöfn ef staðan er ÁHÖFN, eyða ef hún er EINN ÖKUMAÐUR)	A: hh:mm hhhmm

10.3a	*Séraðstæður*. Tími færslu, táknmynd fyrir séraðstæður (eða samsetning táknmynda).	hh:mm - - - pppp - - -

10.4 *Úrtekt korts eða lok tímabilsins „Ekkert kort“*

Staða kílómetramælis við úrtekt korts eða í lok „ekkert kort“-tímabils og ekin vegalengd frá ísetningu eða frá upphafi „ekkert kort“-tímabilsins.	x xxx xxx km; x xxx km

11 *Dagleg samantekt*

Kennimerki bálks	- - - - - - - - - - Σ - - - - - - - - - -

11.1 *Samantekt fyrir skráningarhluta ökurita á tímabilum þegar ekkert kort er í rauf fyrir ökumannskort*

Kennimerki bálks	1 - - -

11.2 *Samantekt fyrir skráningarhluta ökurita á tímabilum þegar ekkert kort er í rauf fyrir aðstoðarökumannskort*

Kennimerki bálks	2 - - -

11.3 *Dagleg samantekt skráningarhluta ökutækis fyrir hvern ökumann*

Kennimerki skráningar	- -
Kenninafn ökumanns	Kenninafn_____
Eiginnafn (-nöfn) ökumanns	Eiginnafn eða -nöfn_____
Auðkenni ökumannskorts	Auðkenni korts_____

11.4 *Tilgreining staðar þar sem akstursdagur hefst og/eða endar*

pi = táknmynd fyrir upphafs-/endastað, tími, land, svæði,	pihh:mm Cou Reg
Kílómetramælir	x xxx xxx **km**

11.5 *Heildarstarfsathafnir (af korti)*

Heildaraksturstími, ekin vegalengd	hhhmm x xxx km
Heildartími fyrir vinnu og tiltækileika	hhhmm hhhmm
Heildartími fyrir hvíld og óskráðar starfsathafnir	hhhmm ? hhhmm
Heildartími fyrir starfsathafnir áhafnar	hhhmm

11.6 *Heildarstarfsathafnir (tímabil án korts í rauf fyrir ökumannskort)*

Heildaraksturstími, ekin vegalengd	hh**h**mm x xxx **km**
Heildartími fyrir vinnu og tiltækileika	hh**h**mm hh**h**mm
Heildartími fyrir hvíld	hh**h**mm

11.7 *Heildarstarfsathafnir (tímabil án korts í rauf fyrir aðstoðarökumannskort)*

Heildartími fyrir vinnu og tiltækileika	hh**h**mm hh**h**mm
Heildartími fyrir hvíld	hh**h**mm

11.8 Heildarstarfsathafnir (fyrir ökumann, báðar raufar meðtaldar)

Heildaraksturstími, ekin vegalengd	hh**h**mm x xxx **km**
Heildartími fyrir vinnu og tiltækileika	hh**h**mm hh**h**mm
Heildartími fyrir hvíld	hh**h**mm
Heildartími fyrir starfsathafnir áhafnar	hhhmm

Ef krafist er daglegrar útprentunar fyrir yfirstandandi dag, eru daglegar samantektarupplýsingar reiknaðar með þeim gögnum sem eru tiltæk þegar prentað er út.

12 ***Sértilvik og/eða bilanir sem geymd eru á kortinu***

12.1	Kennimerki bálks fyrir 5 síðustu „sértilvik og bilanir“ af korti	---------- !× ----------
12.2	Kennimerki bálks fyrir öll skráð „sértilvik“ á korti	---------- ! ----------
12.3	Kennimerki bálks fyrir allar skráðar „bilanir“ á korti	---------- × ----------

1

12.4 ***Skráning á sértilviki og/eða bilun***

Kennimerki skráningar	----------
Táknmynd fyrir sértilvik/bilun, tilgangur skráningar, dagsetning og tími upphafs	Táknm. (p) dd/mm/áááá hh:mm
Viðbótarkóði fyrir sértilvik/bilun, tími	! xx hhhmm
Aðildarríkið, þar sem ökutækið er skráð, og skráningarnúmer ökutækis þar sem sértilvikið eða bilunin átti sér stað	Nat/VRN_____

13 **Sértilvik og/eða bilanir sem geymd eru í skráningarhluta ökurita eða standa enn yfir**

13.1	Kennimerki bálks fyrir 5 síðustu „sértilvik og bilanir“ frá skráningarhluta ökurita	---------- !× ----------
13.2	Kennimerki bálks fyrir öll skráð „sértilvik“ í skráningarhluta ökurita eða yfirstandandi sértilvik	---------- ! ----------

13.3	Kennimerki bálks fyrir allar skráðar „bilanir“ í skráningarhluta ökurita eða yfirstandandi „bilanir“	- - - - - - - - - - - - - - - - - - - -

13.4 *Skráning á sértilviki og/eða bilun*

Kennimerki skráningar	- -
Táknmynd fyrir sértilvik/bilun, tilgangur skráningar, dagsetning og tími upphafs	Táknm. (p) dd/mm/áááá hh:mm
Viðbótarkóði fyrir sértilvik/bilun (ef einhver), fjöldi svipaðra sértilvika þennan dag, tímalengd	! xx (xxx) hhhmm
Auðkenni korta sem eru sett í við upphaf eða lok sértilviks eða bilunar (allt að 4 línur án þess að sama kortanúmer sé tvítekið)	Auðkenni korts
	Auðkenni korts
	Auðkenni korts
	Auðkenni korts
Tilvik þar sem ekkert kort var sett í	- - -

Tilgangur skráningar (p) er talnakóði sem skýrir hvers vegna sértilvikið eða bilunin var skráð, kóðaður í samræmi við gagnastakið EventFaultRecordPurpose.

14 **Auðkenni skráningarhluta ökurita**

Kennimerki bálks	- - - - - - - - - - - - - - - - - - - -
Heiti framleiðanda skráningarhluta ökurita	Heiti _____
Heimilisfang framleiðanda skráningarhluta ökurita	Heimilisfang_____
Hlutarnúmer skráningarhluta ökurita	Hlutarnúmer_____
Viðurkenningarnúmer skráningarhluta ökurita	Viðurk._____
Raðnúmer skráningarhluta ökurita	S/N_____
Framleiðsluár skráningarhluta ökurita	áááá
Útgáfa hugbúnaðar fyrir skráningarhluta ökurita og uppsetningardagsetning	**V** xxxx dd/mm/áááá

15 ***Auðkenni nema***

Kennimerki bálks	- - - - - - - - - - - - - - - - - - - -
Raðnúmer nema	
Viðurkenningarnúmer nema	Viðurk
Dagsetning fyrstu uppsetningar nema	dd/mm/áááá“

10.2 Í stað liðar 3.1, Daglegt útprent af korti um starfsathafnir ökumanns, komi eftirfarandi:

„3.1 Daglegt útprent af korti um starfsathafnir ökumanns

PRT_007 Daglega útprentið af korti um starfsathafnir ökumanns skal vera í samræmi við eftirfarandi snið:

1	Dagsetning og tími þegar skjalið er prentað
2	Tegund útprents
3	Auðkenni eftirlitsmanns (ef eftirlitskort er ísett í skráningarhluta ökurita)
3	Auðkenni ökumanns (af kortinu sem prentað er út af)
4	Auðkenni ökutækis (ökutækis sem útprentið kemur frá)

5	Auðkenni skráningarhluta ökurita (skráningarhluta ökurita sem útprentið kemur frá)
6	Síðasta kvörðun þessa skráningarhluta ökurita
7	Síðasta eftirlit sem haft var með ökumanninum
8	Afmarkari fyrir starfsathafnir ökumanns
8a	Aðstæðurnar „utan gildissviðs“ í upphafi þessa dags
8.1a / 8.1b / 8.1c / 8.2 / 8.3 / 8.3a / 8.4	Starfsathafnir ökumanns í þeirri röð sem þær eiga sér stað
11	Afmarkari fyrir daglega samantekt
11.4	Staðir færðir inn í tímaröð
11.5	Heildarstarfsathafnir
12.1	Afmarkari fyrir sértilvik og bilanir af korti
12.4	Skráningar á sértilviki/bilun (síðustu 5 sértilvik eða bilanir sem eru geymd á kortinu)
13.1	Afmarkari fyrir sértilvik og bilanir úr skráningarhluta ökurita
13.4	Skráningar á sértilviki/bilun (síðustu 5 sértilvik eða bilanir sem eru geymd í skráningarhluta ökurita eða eru yfirstandandi)
21.1	Eftirlitsstaður
21.2	Undirskrift eftirlitsmanns
21.5	Undirskrift ökumanns“

10.3 Í stað liðar 3.2, Daglegt útprent úr skráningarhluta ökurita um starfsathafnir ökumanns, komi eftirfarandi:

„3.2 Daglegt útprent úr skráningarhluta ökurita um starfsathafnir ökumanns

PRT_008 Daglegt útprent úr skráningarhluta ökurita um starfsathafnir ökumanns skal vera í samræmi við eftirfarandi snið:

1	Dagsetning og tími þegar skjalið er prentað
2	Tegund útprents
3	Auðkenni korthafa (fyrir öll kort sem sett eru í skráningarhluta ökurita)
4	Auðkenni ökutækis (ökutækis sem útprentið kemur frá)
5	Auðkenni skráningarhluta ökurita (skráningarhluta ökurita sem útprentið kemur frá)
6	Síðasta kvörðun þessa skráningarhluta ökurita
7	Síðasta eftirlit með þessum skráningarbúnaði
9	Afmarkari fyrir starfsathafnir ökumanns
10	Afmarkari fyrir rauf fyrir ökumannskort (rauf 1)
10a	Aðstæðurnar „utan gildissviðs“ í upphafi þessa dags
10.1 / 10.2 / 10.3 /10.3a / 10.4	Starfsathafnir í tímaröð (rauf fyrir ökumannskort)

10	Afmarkari fyrir rauf fyrir aðstoðarökumannskort (rauf 2)
10a	Aðstæðurnar „utan gildissviðs“ í upphafi þessa dags
10.1 / 10.2 / 10.3 /10.3a / 10.4	Starfsathafnir í tímaröð (rauf fyrir aðstoðarökumannskort)
11	Afmarkari fyrir daglega samantekt
11.1	Samantekt á tímabilum þar sem kort er ekki í rauf fyrir ökumannskort
11.4	Staðir færðir inn í tímaröð
11.6	Heildarstarfsathafnir
11.2	Samantekt á tímabilum þar sem kort er ekki í rauf fyrir aðstoðarökumannskort
11.4	Staðir færðir inn í tímaröð
11.8	Heildarstarfsathafnir
11.3	Samantekt á starfsathöfnum ökumanns, báðar raufar meðtaldar
11.4	Staðir sem ökumaðurinn færir inn í tímaröð
11.7	Heildarstarfsathafnir ökumannsins
13.1	Afmarkari fyrir sértilvik/bilanir
13.4	Skráningar á sértilviki/bilun (síðustu 5 sértilvik eða bilanir sem eru geymd í skráningarhluta ökurita eða eru yfirstandandi)
21.1	Eftirlitsstaður
21.2	Undirskrift eftirlitsmanns
21.3	Frá kl. (rými sem er tiltækt fyrir ökumann án korts til að
21.4	Til kl. tilgreina hvaða tímabil eiga við um hann)
21.5	Undirskrift ökumanns“

11. **BREYTINGAR Á 7. VIÐBÆTI (SAMSKIPTAREGLUR FYRIR NIÐURHAL GAGNA)**

11.1 Í stað neðanmálsgreinar í lið 2.1, að því er varðar verklagsreglur við niðurhal gagna, komi eftirfarandi:

„1) Við ísetningu kortsins kemur upp viðeigandi aðgangsréttur að niðurhalsaðgerðinni og gögnunum. Hins vegar skal vera hægt að hala niður gögnum af ökumannskorti sem sett er í aðra raufina í skráningarhluta ökuritans ef ekkert kort hefur verið sett í hina raufina.“

12. **BREYTINGAR Á 9. VIÐBÆTI (GERÐARVIÐURKENNING — SKRÁ YFIR LÁGMARKSKRÖFUR UM PRÓFANIR)**

12.1 Eftirfarandi ISO-staðall bætist við fyrstu málsgrein I. kafla:

„1.2. Tilvísanir

ISO 16844-3:2004, Cor 1:2006 Road vehicles – Tachograph systems – Part 3: Motion sensor interface (with vehicle units)“.

12.2 Eftirfarandi ný krafa bætist við 3. lið um aðgerðaprófanir sem ber að gera í II. kafla, AÐGERÐAPRÓFANIR Á SKRÁNINGARHLUTA ÖKURITA:

„3.36 Skilflötur fyrir hreyfinema, tengdar kröfur 001a, krafa 099“

12.3 Eftirfarandi ný krafa bætist við í II. kafla:

„**Aðgerðaprófun (skráningarhluti ökurita)**

3.37 Sannprófa að skráningarhluti ökurita greinir, skráir og geymir sértilvik og/eða bilanir, sem skilgreindar eru af framleiðanda skráningarhluta ökuritans, þegar tengdur hreyfinemi bregst við segulsviðum sem trufla greiningu á hreyfingu ökutækis, krafa 161a.“

12.4 Eftirfarandi ný krafa bætist við í III. kafla:

Aðgerðaprófanir (hreyfinemi)

„3.5 Athuga hvort hreyfineminn sé ónæmur fyrir segulsviði. Að öðrum kosti skal sannprófa að hreyfineminn bregðist við segulsviðum sem trufla greiningu á hreyfingu ökutækis þannig að samtengdur skráningarhluti ökurita geti greint, skráð og geymt bilanir, tengd krafa 161a.“

12.5 Eftirfarandi ný krafa bætist við 3. lið um aðgerðaprófanir sem ber að gera í III. kafla, AÐGERÐAPRÓFANIR FYRIR HREYFINEMA:

„3.4. Skilflötur fyrir skráningarhluta ökurita, krafa 001a.“

13 **BREYTINGAR Á 12. VIÐBÆTI (AÐLÖGUNARBÚNAÐUR FYRIR ÖKUTÆKI Í FLOKKI M1 OG N1)**

Eftirfarandi ný krafa bætist við lið 7.2 í VII. kafla:

„3.3 Athuga hvort aðlögunarbúnaðurinn sé ónæmur fyrir segulsviði. Að öðrum kosti skal sannprófa að aðlögunarbúnaðurinn bregðist við segulsviðum sem trufla greiningu á hreyfingu ökutækis þannig að tengdur skráningarhluti ökurita geti greint, skráð og geymt bilanir, tengd krafa 161a.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1071/2010 2011/EES/55/05

frá 22. nóvember 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Evrópusambandsins sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 ([2]).

2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu nokkur aðildarríki framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á skrá Bandalagsins. Þriðju lönd sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessa er rétt að uppfæra skrá Bandalagsins.

3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða, þegar því varð ekki við komið, fyrir milligöngu yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur sem ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Sambandsins myndi byggjast á eða breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er í skrá Bandalagsins.

4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina innan tíu virkra daga og við flugöryggisnefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/1991 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ([3]).

5) Framkvæmdastjórnin og, í sérstökum tilvikum, nokkur aðildarríki höfðu samráð við yfirvöldin sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með viðkomandi flugrekendum.

6) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) og framkvæmdarstjórnarinnar um meginniðurstöður á sviði rekstrar sem samþykktar voru á síðasta fundi evrópska stýrihópsins um öryggisskoðun erlendra loftfara (ESSG-stýrihópsins) sem haldinn var í Vín 28. og 29. október 2010. Einkum hefur nefndin verið upplýst um að ESSG-stýrihópurinn hafi samþykkt að tekinn verði upp, að eigin frumkvæði, kvóti um lágmarksfjölda árlegra skoðana sem aðildarríkin eiga að framkvæma frá árinu 2011.

7) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar um greiningu á skýrslum um ítarlegar öryggisúttektir sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) framkvæmdi innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP) og um niðurstöður samstarfsaðgerða framkvæmdastjórnarinnar og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á sviði öryggis og einkum um möguleikana á því að skiptast á upplýsingum um öryggismál varðandi að hve miklu leyti farið sé að alþjóðlegum öryggisstöðlum og ráðlögðum starfsvenjum.

8) Í samræmi við niðurstöður af allsherjarþingi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hefur framkvæmdastjórnin veitt Flugöryggisstofnun Evrópu umboð til að samræma reglubundna greiningu á skýrslum um ítarlegar öryggisúttektir sem Alþjóðaflugmálastofnunin framkvæmdi innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum ásamt sérfræðingum aðildarríkjanna innan ramma vinnuhóps sem flugöryggisnefndin kom á fót. Aðildarríki eru hvött til að tilnefna sérfræðinga til að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni.

9) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu og framkvæmdastjórnarinnar um tækniaðstoðarverkefni sem unnin eru í löndum

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 30.6.2011, bls. 41.

([1]) Stjtíð. EB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Stjtíð. EB L 84, 23.3.2006, bls. 14.

([3]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

sem verða fyrir áhrifum af völdum ákvæða reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Hún hefur verið upplýst um beiðnir um frekari tækniaðstoð og samvinnu til að auka færni flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs, með tilliti til stjórnsýslu og tækni, í því skyni að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum stöðlum.

10) Flugöryggisnefndin hefur einnig verið upplýst um aðgerðir til framfylgdar sem Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkin hafa gripið til í því skyni að tryggja áframhaldandi lofthæfi og viðhald loftfara sem skráð eru í Sambandinu og starfrækt eru af flugrekendum sem hafa fengið vottun flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs í þriðju löndum.

11) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

Flugrekendur í Evrópusambandinu

12) Sum aðildarríki hafa gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum í kjölfar upplýsinga, sem fengust úr skoðun á hlaði í tengslum við öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA-skoðanir á hlaði) sem fór fram á loftförum tiltekinna flugrekenda í Sambandinu, sem og skoðun og úttekt á sérstökum sviðum sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu. Þau tilkynntu framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni um þessar ráðstafanir: Grikkland upplýsti að flugrekandaskírteini og flugrekstrarleyfi flugrekandans Hellas Jet hefði verið afturkallað 2. nóvember 2010 eftir að flugrekandinn hætti starfrækslu 30. apríl 2010. Þýskaland upplýsti að flugrekandaskírteini flugrekandans ACH Hamburg hefði verið fellt tímabundið úr gildi, 27. október 2010, og takmörkun sett á flugrekandaskírteini flugrekandans Advance Air Luftfahrtgesellschaft, 30. september 2010, til að útiloka loftfar með skrásetningarmerkið D-CJJJ. Spánn staðfesti að flugrekandaskírteini flugrekandans Baleares Link Express hafi verið fellt tímabundið úr gildi 9. júní 2010 og að sú niðurfelling sé enn í gildi og Svíþjóð upplýsti að flugrekandaskírteini flugrekandans Viking Airlines AB hafi verið fellt tímabundið úr gildi 29. október 2010.

13) Portúgal upplýsti að í kjölfar þungra áhyggna af rekstraröryggi og áframhaldandi lofthæfi loftfara sem tveir portúgalskir flugrekendur starfrækja, flugrekandinn Luzair og flugrekandinn White, og í kjölfar samráðsfundar með framkvæmdastjórninni, sem haldinn var 25. október 2010, var ákveðið að efla áframhaldandi eftirlit með þessum flugrekendum til að tryggja að þeir hrindi viðeigandi áætlun um aðgerðir til úrbóta í framkvæmd fyrir tilsett tímamörk. Portúgal upplýsti flugöryggisnefndina um að flugrekandinn White hefði bætt frammistöðu sína að einhverju marki. Framkvæmdastjórnin tók tillit til tilkynntra ráðstafana. Flugöryggisstofnun Evrópu mun annast eftirlit með stöðlun í Portúgal innan ramma reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Flugöryggisnefndin verður upplýst á næsta fundi sínum um niðurstöður sem fengust úr þessari heimsókn ef við á.

Flugrekendur frá Íslamska lýðveldinu Afganistan

Flugrekandinn Kam Air

14) Færðar hafa verið sönnur á annmarka í öryggismálum af hálfu flugrekandans Kam Air sem hefur fengið vottun í Íslamska lýðveldinu Afganistan. Hinn 11. ágúst 2010 rak loftfar flugrekandans Kam Air af gerðinni DC8 og með skráningarnúmerið YA-VIC stélið niður í flugbrautina og grasblettinn utan við flugbrautina áður en það tókst á loft í flugtaki frá Manston-flugvellinum (í Breska konungsríkinu). Rannsóknir Breska konungsríkisins á þessu alvarlega atviki leiddu í ljós alvarlega annmarka á sviði flugrekstrarstjórnunar DC8-flota flugrekandans Kam Air. Breska konungsríkið setti því 2. september 2010 innlent bann á starfrækslu loftfara flugrekandans Kam Air af tegundinni DC8.

15) Enn fremur greindu lögbær yfirvöld í Austurríki verulegan fjölda alvarlegra annmarka í öryggismálum við SAFA-skoðun á hlaði, 16. september 2010, á loftförum flugrekandans Kam Air af tegundinni Boeing B767 með skráningarnúmer YA-KAM ([4]). Á grundvelli niðurstaðna úr þessari SAFA-skoðun á hlaði komst Austurríki að þeirri niðurstöðu að um var að ræða alvarlega vanrækslu af hálfu flugrekandans Kam Air að því er varðar starfrækslu, búnað, stjórnun afgreiðslu og farmhleðslu. Í ljósi þeirra annmarka sem komu í ljós við rannsókn Breska konungsríkisins og samleitni milli þessara annmarka og þeirra sem komu í ljós við SAFA-skoðun á hlaði, sem framkvæmd var á Vínarflugvelli, setti Austurríki innlent bann á alla starfsemi flugrekandans Kam Air frá og með 17. september 2010.

16) Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 2111/2005 upplýstu aðildarríkin tvö flugöryggisnefndina um ráðstafanirnar sem gerðar voru.

17) Hinn 6. október 2010 funduðu lögbær yfirvöld Íslamska lýðveldisins Afganistan (afganska ráðuneytið fyrir flutninga og almenningsflug (MoTCA)) og fulltrúar frá flugrekandanum Kam Air með framkvæmdastjórninni og fulltrúum frá aðildarríkjum til að ræða aðstæður atviksins í Manston og öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA-skoðun) sem fram fór í Austurríki.

18) Á fundinum tókst flugrekandanum ekki að sýna fram á að hann sé fær um að fara að viðeigandi alþjóðlegum öryggisstöðlum. Loftfar af tegundinni DC8 var tekið í notkun í mars 2010 án viðeigandi eftirlits með stjórnun og nægilegrar þjálfunar til handa áhöfninni sem var ráðin til að starfrækja loftfarið. Þar fyrir utan hafði áhöfnin ekki enn lokið við viðeigandi þjálfun en þrátt fyrir það var loftfarið áfram notað við flutningaflug milli landa. Auk þess lagði flugrekandinn ekki fram nein gögn sem sönnuðu að flugliðarnir hefðu góða þekkingu á skyldum sínum á þeim tíma sem hið alvarlega flugatvik átti sér stað í Breska konungsríkinu. Flugrekandinn Kam Air útskýrði, að loftfarið af tegundinni Boeing B-767, með skrásetningarmerkið YA-KAM, sem sætti skoðun á hlaði í Austurríki, hafi verið að fljúga í fyrsta sinn eftir að

([1]) ACG-2010-335.

hafa verið í stæði í langan tíma og að loftfarið hefði ekki verið undirbúið nægilega vel fyrir starfrækslu áður en það var tekið í notkun fyrir flug til Vínar. Enn fremur útskýrði flugrekandinn að úrræði þeirra hefðu ekki dugað til sökum þess að loftfarið af tegundinni DC8 var tekið í notkun og þar af leiðandi var hann ófær um að tryggja að nauðsynlegar öryggisaðgerðir hefðu verið framkvæmdar fyrir brottför loftfarsins.

19) Flugrekandinn Kam Air óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og kom athugasemdum sínum á framfæri 9. nóvember 2010. Flugrekandinn Kam Air upplýsti framkvæmdastjórnina um að hann starfrækti ekki lengur loftför af tegundinni DC8. Jafnvel þótt flugrekandinn Kam Air hafi rannsakað atburðina sem leiddu til þess að Breska konungsríkið og Austurríki settu á hann flugrekstrarbann gat hann ekki fundið neina kerfislæga annmarka hjá sér sem gætu útskýrt af hverju ekki var farið að stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

20) Á fundinum 6. október 2010 gat afganska ráðuneytið fyrir flutninga og almenningsflug ekki útskýrt af hverju gefnar voru út tvær mismunandi rekstrarforskriftir til handa flugrekandanum Kam Air sem voru undirritaðar sama dag (29. september 2010) þar sem loftfarið af tegundinni DC8 er að finna á annarri þeirra en búið að fjarlægja það á hinni. Það er því vandasamt að ákvarða hvort flugrekandinn Kam Air hafi haft leyfi til að starfrækja loftfarið af tegundinni DC8 frá þeim degi. Enn fremur gat afganska ráðuneytið fyrir flutninga og almenningsflug ekki lagt fram nein gögn um niðurstöður úr vottunar- eða eftirlitsstarfsemi hjá flugrekandanum Kam Air.

21) Í ljósi þessara atriða, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, er það metið svo að flugrekandinn Kam Air uppfylli ekki sameiginlegu viðmiðanirnar og skuli því skráður í viðauka A.

Heildareftirlit með öryggi flugrekenda frá Afganistan

22) Færðar hafa verið sönnur á að lögbær yfirvöld í Íslamska lýðveldinu Afganistan séu, eins og sakir standa, ekki fær um að framkvæma og framfylgja viðeigandi öryggisstöðlum og að hafa umsjón með loftförunum sem notuð eru af hálfu flugrekenda, sem heyra undir eftirlitsyfirvöld þeirra, í samræmi við skyldur sínar samkvæmt Chicago-samningnum. Eins og afganska ráðuneytið fyrir flutninga og almenningsflug útskýrði, 6. október 2010, á yfirvaldið, eins og sakir standa, í töluverðum erfiðleikum með að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sínar að því er varðar alla mikilvægu þætti öryggiskerfisins. Eins og sakir standa reiðir yfirvaldið sig að öllu leyti á sérþekkingu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til að framkvæma skoðanir og tilgreindi að sökum þess að það skorti sérmenntað starfsfólk hafi það gefið út lofthæfivottorð fyrir einhver loftför án þess að framkvæma viðeigandi skoðanir. Auk þess var frumlöggjöfin um starfrækslu loftfara úrelt (1972) og drög að lagafrumvarpi höfðu verið lögð fyrir stjórnvöld til samþykktar án nokkurra upplýsinga um þann dag sem þau verða samþykkt. Enn fremur voru rekstrarreglurnar ekki bindandi í eðli sínu (upplýsingabréf).

23) Afganska ráðuneytið fyrir flutninga og almenningsflug óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og kom athugasemdum sínum á framfæri 9. nóvember 2010. Ráðuneytið viðurkenndi að eftirlit þeirra fram að þessu hefði ekki tryggt nægilega vel að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Afganistan, uppfylli staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Afganska ráðuneytið fyrir flutninga og almenningsflug upplýsti nefndina um að það hefði ákveðið að gefa ekki út fleiri flugrekandaskírteini, að það hefði breytt stjórnunarfyrirkomulaginu innan ráðuneytisins og að það hefði bannað starfrækslu loftfara af tegundinni AN 24. Þar að auki var nýbúið að bæta nýju safni af flugreglugerðum inn í lög og afganska ráðuneytið fyrir flutninga og almenningsflug var að undirbúa sig undir að endurvotta alla flugrekendur í Afganistan í samræmi við nýju reglugerðirnar.

24) Framkvæmdastjórnin veitti athygli afar erfiðum starfsskilyrðum afganska ráðuneytisins fyrir flutninga og almenningsflug og fagnaði loforði lögbæra yfirvaldsins um að bæta ástandið í framtíðinni. Framkvæmdastjórnin veitti því þó athygli að, eins og sakir standa, er afganska ráðuneytið fyrir flutninga og almenningsflug ófært um að sinna þeirri ábyrgð sem því er falið sem vottunaryfirvald með réttum hætti og að tryggja að alþjóðlegir flugrekendur þeirra uppfylli alþjóðlega öryggisstaðla.

25) Í ljósi þessara annmarka, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, er það metið svo að allir flugrekendur, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Íslamska lýðveldinu Afganistan, skuli skráðir í viðauka A.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Gana

26) Í kjölfar þeirra ráðstafana sem gerðar voru samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 791/2010 frá 6. september 2010 ([5]) um tvo flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Gana, flugrekendurnir Meridian Airways og Airlift International (GH) Ltd, óskuðu lögbær yfirvöld í Lýðveldinu Gana (Flugmálastjórn Gana (GCAA)) eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 10. nóvember 2010.

27) Þegar Flugmálastjórn Gana kom athugasemdum sínum á framfæri tilgreindi hún þær aðgerðir sem gripið hefur verið til fram til þessa í því skyni að ráða bót á þeim annmörkum sem komu í ljós hjá flugrekendunum Meridian Airways, Air Charter Express og Airlift International og lýsti hún þeim úrbótum sem gerðar hafa verið á eftirlitskerfi Gana, þ.m.t. krafa um að starfsemi allra flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Gana, skuli fara fram í Gana. Flugmálastjórn Gana upplýsti nefndina einnig um að hún hefði framkvæmt skoðun á loftfari af tegundinni DC8 með skrásetningarmerkið 9G-RAC, sem starfrækt er af flugrekandanum Airlift International, og staðfesti að ráðin hafi verið bót á þeim annmörkum sem Breska konungsríkið benti á.

([5]) Stjtíð. ESB L 237, 8.9.2010, bls. 10.

28) Framkvæmdastjórnin vakti athygli á vilja Flugmálastjórnar Gana til að ráða bót á annmörkum í eftirliti hennar með viðbótarúrræðum og fagnaði þeirri kröfu að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Gana, þurfi að flytja starfsemi sína til Gana og að aðalstarfsstöð þeirra verði þar til að gera Flugmálastjórninni kleift að tryggja nægilegt eftirlit. Í því augnamiði að styðja við starf Flugmálastjórnar Gana við að gera úrbætur á eftirlitskerfi sínu hefur framkvæmdastjórnin óskað eftir því við Flugöryggisstofnun Evrópu að hún veiti tækniaðstoð í formi heimsóknar í ársbyrjun 2011.

Flugrekandinn Airlift International (GH) Ltd

29) Flugrekandinn Airlift International (GH) Ltd óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og kom athugasemdum sínum á framfæri 10. nóvember 2010. Flugrekandinn kynnti þær úrbætur sem hann hefur gert á stjórnskipulagi, stefnumálum og verklagi, úrræðum og samræmi við reglur. Flugrekandinn staðfesti að loftförin 9G-SIM og 9G-FAB séu enn í geymslu meðan beðið er eftir ákvörðun um hvaða viðhald þarf að framkvæma til að endurheimta lofthæfi þeirra áður en þau verða starfrækt aftur. Flugrekandinn var sammála Flugmálastjórn Gana um að hann hefði á viðunandi hátt lagfært þær bilanir sem höfðu áður komið í ljós í loftfarinu 9G-RAC.

30) Framkvæmdastjórnin veitti athygli framförum flugrekandans við að ráða bót á þeim öryggisvandamálum sem í ljós hafa komið. Í ljósi þessara niðurstaðna, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, er það metið svo að loftfarið af tegundinni DC8 með skrásetningarmerkið 9G-RAC skuli fjarlægt úr viðauka B og starfræksla þess leyfð inn í Sambandið.

31) Aðildarríki munu halda áfram að sannprófa hvort flugrekandinn Airlift International fari að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008 og mun framkvæmdastjórnin halda áfram að fylgjast náið með þeim aðgerðum sem flugrekandinn Airlift International grípur til.

Flugrekandinn Air Charter Express

32) Færðar hafa verið sönnur á annmarka í öryggismálum af hálfu flugrekandans Air Charter Express sem fékk vottun í Gana. Þessir annmarkar hafa komið í ljós við skoðun á hlaði sem Belgía, Frakkland, Holland og Breska konungsríkið sáu um samkvæmt SAFA-áætluninni ([6]).

33) Flugrekandinn fundaði með framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum, 9. júní 2010, til að ræða þau vandamál sem komu upp við SAFA-skoðanir og flugrekandinn samþykkti að leggja fram áætlun um aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á þeim annmörkum sem komu í ljós.

34) Flugrekandinn Air Charter Express óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og kom athugasemdum sínum á framfæri 10. nóvember 2010. Flugrekandinn lýsti þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til fram að þessu sem hluti af áætlun hans um aðgerðir til úrbóta, einkum á sviði verklags, flugrekstrarstjórnunar, viðhalds og þjálfunar, og staðfesti að enn væri unnið að aðgerðum til úrbóta.

35) Framkvæmdastjórnin veitti framförum flugrekandans athygli og lagði áherslu á nauðsyn þess að tryggja að öllum aðgerðum til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðum, sem flugrekandinn Air Charter Express grípur til, sé hrint í framkvæmd með skilvirkum hætti til að koma í veg fyrir endurtekningu á hvers konar annmörkum í öryggismálum sem athygli var vakin á við skoðun á hlaði á loftförum hans. Aðildarríki munu halda áfram að sannprófa hvort flugrekandinn Airlift International fari að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008 og mun framkvæmdastjórnin halda áfram að fylgjast náið með þeim aðgerðum sem flugrekandinn Airlift International grípur til.

Flugrekendur frá Kasakstan

36) Eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1144/2009 hefur framkvæmdastjórnin haldið áfram virku samráði við lögbær yfirvöld í Kasakstan í því skyni að fylgja eftir árangri þessara yfirvalda af framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta, sem ríkið gerði í því skyni að ráða bót á annmörkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin benti á í ítarlegri úttekt sinni í apríl 2009 innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum, og einkum þau alvarlegu öryggisvandamál sem Alþjóðaflugmálastofnunin tilkynnti öllum ríkjum sem eru aðilar að Chicago-samningnum.

37) Að loknum samráðsfundi með framkvæmdastjórninni, 27. september 2010, fengu lögbær yfirvöld í Kasakstan (Flugmálastjórn Kasakstan (CAC)) áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 10. nóvember 2010. Þau upplýstu um frekari árangur af framkvæmd aðgerða til úrbóta. Ný lög um loftferðir voru m.a. samþykkt í Kasakstan 15. júlí 2010 og núna stendur yfir vinna við fleiri en 100 gerðir afleiddrar löggjafar sem nauðsynlegt er að samþykkja til að lögin um loftferðir geti komið til framkvæmdar á næstu mánuðum.

38) Hinn 18. október 2010 var fyrsti löggjafarpakkinn um verkflug samþykktur og sama dag afturkölluðu lögbær yfirvöld í Kasakstan flugrekandaskírteini 15 flugrekenda – KazAirWest, IJT Aviation, Euro Asia Air International, Berkut ZK, Tyan Shan, Kazavia, Navigator, Salem, Orlan 2000, Fenix, Association of amateur pilots of Kazakhstan, Burundayavia, Sky Service, Aeroprakt KZ og Asia Continental Avialines.

([6]) BCAA-2009-157, BCAA-2010-87, DGAC/F-2009-2422, DGAC/F-2009-2651, DGAC/F-2009-2766, DGAC/F-2010-1678, DGAC/F-2010-2075, CAA-NL-20109-195, CAA-NL-20109-196, CAA-UK-2010-923.

39) Lögbær yfirvöld í Kasakstan upplýstu að tveir þessara flugrekenda, Burundayavia og Euro Asia Air International, hefðu óskað eftir því, 28. október 2010, að flugrekandaskírteini þeirra yrði endurútgefið. Á fundi flugöryggisnefndarinnar gátu lögbær yfirvöld í Kasakstan ekki skýrt hver rekstrarstaðan væri hjá þessum tveimur fyrirtækjum. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að flugrekendurnir Burundayavia og Euro Asia Air skuli vera áfram skráðir í viðauka A.

40) Flugmálastjórn Kasakstan lagði fram skjöl og greinargerðir um eftirfarandi fyrirtæki: Asia Continental Avialines, KazAirWest, Kazavia, Orlan 2000, en þau innihéldu ekki nægjanlegar upplýsingar til að hægt væri að sýna fram á að þessi fyriræki hafi hætt starfsemi í tengslum við flutningaflug. Flugmálastjórnin gat ekki lagt fram öll gögn um þau vottorð og þær viðurkenningar sem þessum fyrirtækjum hefur verið veitt í kjölfar afturköllunar á flugrekandaskírteinum þeirra. Nánar tiltekið eru til upplýsingar sem gefa til kynna að þessi fyrirtæki hafi starfrækt stór flutningaloftför. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo á þessu stigi málsins að þessi fjögur fyrirtæki skuli vera áfram skráð í viðauka A.

41) Lögbær yfirvöld í Kasakstan lýstu því yfir og lögðu fram gögn sem sýndu að flugrekendurnir Association of Amateur Pilots of Kazakhstan, Aeroprakt KZ, Berkut ZK, IJT Aviation, Navigator, Fenix, Salem, Sky Service og Tyan Shan Flight Center stundi ekki lengur flutningaflug og hafi ekki lengur gilt flugrekstrarleyfi. Þeir teljast því ekki lengur vera flugrekendur í skilningi a-liðar 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Í ljósi þessa, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, er það því metið svo að fella skuli þessi níu fyrirtæki brott úr viðauka A.

42) Framkvæmdastjórnin styður metnaðarfullar umbætur yfirvalda í Kasakstan á almenningsflugkerfinu og hvetur þessi yfirvöld til að halda ótrauð áfram þeirri viðleitni sinni að framkvæma áætlunina um aðgerðir til úrbóta, sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti, einkum með áherslu á þau alvarlegu öryggisvandamál sem eru enn óleyst og endurvottun allra flugrekenda á þeirra ábyrgð. Framkvæmdastjórnin er reiðubúin til að fara í matsheimsókn, innan tilskilins tíma og með aðstoð frá Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkjunum, til að sannprófa þann árangur sem náðst hefur við framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Máritaníu

43) Færðar hafa verið sönnur á vangetu yfirvalda, sem bera ábyrgð á eftirliti með flugrekendum sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Íslamska lýðveldinu Máritaníu, til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum með skilvirkum hætti og til að leysa öryggisvandamál eins og sýnt er fram á með úttekt á yfirvöldum í Máritaníu, framkvæmd af hálfu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, í apríl 2008, innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum. Í lokaskýrslunni, sem gerð var aðgengileg í mars 2009, var greint frá fjölmörgum, alvarlegum annmörkum að því er varðar getu flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs til að annast ábyrgð á sviði eftirlits með flugöryggi. Þegar úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum lauk höfðu yfir 67% af stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ekki enn komið til framkvæmda með skilvirkum hætti. Meðal mikilvægra þátta hvað varðar úrlausn tilgreindra öryggisvandamála tilkynnti Alþjóðaflugmálastofnunin að yfir 93% af stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hefðu ekki enn komið til framkvæmda.

44) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum hjá flugrekandanum Mauritania Airways sem hefur fengið vottun í Máritaníu. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem Frakkland og Spánn sáu um samkvæmt SAFA-áætluninni ([7]). Flugrekandinn Mauritania Airways hefur ekki brugðist við athugasemdum yfirvaldanna, sem framkvæmdu skoðanirnar, á viðunandi hátt og hefur ekki tekist að sýna fram á að ráðin hafi verið bót á þessum annmörkum með sjálfbærum hætti.

45) Framkvæmdastjórnin hóf samráð við lögbær yfirvöld í Máritaníu í febrúar 2010 þar sem hún lét í ljós þungar áhyggjur sínar af rekstraröryggi flugrekenda, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í þessu landi, og óskaði skýringa á þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld í Máritaníu hafa gripið til í því skyni að bregðast við þeim atriðum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á og þeim atriðum sem komu í ljós við SAFA-skoðanir. Í kjölfar samráðsins hófust bréfaskipti í mars og október 2010 um sömu álitaefni. Lögbær yfirvöld í Máritaníu fengu einnig áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 9. nóvember 2010.

46) Lögbær yfirvöld í Máritaníu (Flugmálastjórn Máritaníu (ANAC)) hafa ekki getu til að ráða með árangursríkum hætti bót á þeim vanefndaratriðum sem Alþjóðaflugmálastofnunin staðfesti, eins og skýrist af þeirri staðreynd að framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar, sem miðar að því að ráða bót á þeim atriðum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á, hefur tafist. Flugmálastjórnin færði ekki sönnur á að ráðin hafi verið bót, með viðunandi hætti, á þeim atriðum sem tilkynnt var um. Gerðin um almenningsflug frá 1972 hefur t.d. ekki enn verið endurskoðuð og ekki heldur tilheyrandi afleidd löggjöf um flugmál. Þar af leiðandi er lagagrundvöllurinn fyrir vottun og samfellt eftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið leyfi í Máritaníu, ekki í samræmi við gildandi alþjóðlega öryggisstaðla.

([7]) DGAC/F-2009-2728, DGAC/F-2010-343, DGAC/F-2010-520, DGAC/F-2010-723, DGAC/F-2010-1007, DGAC/F-2010-1294, DGAC/F-2010-1573, DGAC/F-2010-1914, DGAC/F-2010-2004, AESA-E-2010-46, AESA-E-2010-249, AESA-E-2010-396, AESA-E-2010-478.

47) Flugmálastjórnin upplýsti að flugrekandinn Mauritania Airways sé, eins og er, eini flugrekandinn sem hefur fengið vottun í Máritaníu og að flugrekandaskírteini hans hafi verið endurnýjað 8. júlí 2010 í takmarkaðan tíma, eða í sex mánuði, en renni út 31. desember 2010. Flugmálastjórnin lagði hins vegar ekki fram nein gögn um þær sannprófanir sem gerðar voru fyrir endurnýjunina eða að gerðar hafi verið aðgerðaáætlanir sem eiga að tryggja að ráðin sé bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem koma í ljós með sjálfbærum hætti. Meðal annars voru ekki lögð fram nein gögn um samþykki á flugrekstrarhandbók flugrekanda, lista flugrekanda yfir lágmarksbúnað, lýsingu flugrekanda á stjórnun viðhalds og lýsingu flugrekanda á viðhaldsfyrirtækinu.

48) Flugrekandinn Mauritania Airways fékk áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 9. nóvember 2010 og upplýsti að hann hefði gert röð aðgerða til úrbóta til að ráða bót á annmörkunum sem komu í ljós við SAFA-skoðanir á hlaði sem og við innri rannsókn á slysinu þar sem loftfar hans átti hlut að máli í júlí 2010. Flugrekandinn gat þó ekki sýnt fram á að þessar aðgerðir hefðu borið árangur hingað til. Auk þess gat hann ekki sýnt fram á að fyrirtækið hefði áðurnefnd, nauðsynleg samþykki.

49) Flugrekandinn Mauritania Airways staðfesti að loftfar af tegundinni Boeing B737-700 með skrásetningarmerkið TS-IEA, sem hann hefur starfrækt, hefði átt hlut að máli í slysi 27. júlí 2010 þar sem margir slösuðust og umtalsverðar skemmdir urðu á loftfarinu, sem hefur síðan þá verið í viðgerð. Bráðabirgðaupplýsingar frá flugrekandanum leiddu í ljós nokkra annmarka, einkum frávik að því er varðar framlengingu á raufungum sem og óstöðugt aðflug.

50) Flugmálastjórn Máritaníu hefur ekki sýnt fram á að hún geti sinnt á skilvirkan hátt skyldustörfum sínum varðandi öryggiseftirlit með flugrekendum sem hafa fengið vottun í Máritaníu. Í ljósi þessa, á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana, er það því metið svo að allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Máritaníu, skuli skráðir í viðauka A.

51) Framkvæmdastjórnin hvetur Flugmálastjórn Máritaníu til að framfylgja með virkum hætti framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta sem lögð er fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina og er hún reiðubúin að veita stuðning ef þörf er á. Framkvæmdastjórnin er m.a. reiðubúin til að fara í matsheimsókn, með aðstoð frá Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkjunum, til að sannprófa þann árangur sem náðst hefur við framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.

Flugrekandinn Ukrainian Mediterranean Airlines

52) Flugrekandinn Ukrainian Mediterranean Airlines, sem hefur fengið vottun í Úkraínu, óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 9. nóvember 2010. Flugrekandinn upplýsti að hann sé, eins og sakir standa, að endurnýja flota sinn og að DC-9 loftför séu ekki starfrækt lengur. Flugrekandinn Ukranian Mediterranean Airlines lagði þó ekki fram fullgerðar og gildandi rekstrarforskriftir sem tengjast gildandi flugrekandaskírteini og við áheyrnina gat hann ekki skýrt hvaða floti væri í starfrækslu þessa stundina. Enn fremur var staðfest að lögbær yfirvöld í Úkraínu framkvæmi um þessar mundir úttekt á flugrekandanum Ukrainian Mediterranean Airlines sem er hluti af ferlinu við endurnýjun flugrekandaskírteinisins, sem rennur út 28. nóvember 2010, og að þessu ferli sé ekki lokið enn. Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana er það því metið svo að flugrekandinn Ukranian Mediterranean Airlines skuli áfram vera skráður í viðauka B.

53) Á næsta fundi flugöryggisnefndarinnar mun framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin skoða greinargerðir sem lagðar eru fram að lokinni áheyrn flugrekandans.

Flugrekandinn Air Algérie

54) Í kjölfar samþykktar reglugerðar (ESB) nr. 590/2010 ([8]) hefur flugrekandinn Air Algérie framkvæmt fjölmargar skoðanir á loftförum sínum fyrir brottför til ákvörðunarstaða innan Sambandsins. Í september 2010 stofnuðu lögbær yfirvöld í Alsír einnig tæknihópa til að framkvæma skoðanir (kallast SANAA-skoðanir), á grundvelli aðferðafræði SAFA-áætlunarinnar, á loftförum sem fyrirtækið Air Algérie starfrækir, einkum loftförum sem fljúga til Sambandsins. Þetta samstillta átak ætti að gera þeim kleift að greina og ráða bót á mörgum annmörkum fyrir brottflug loftfars. Hins vegar vöktu niðurstöður úr þessum skoðunum ýmsar spurningar varðandi gæði viðhaldsaðgerða af hálfu flugrekandans.

55) Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 590/2010 og fram að fundi flugöryggisnefndarinnar 10. nóvember 2010 lögðu flugmálayfirvöld í Alsír á sviði almenningsflugs fram fjórar skýrslur fyrir mánuðina júní, júlí, ágúst og september 2010. Í þessum skýrslum var áhersla lögð á niðurstöður úr öryggiseftirliti með starfsemi flugrekandans Air Algérie auk atriðanna sem komu í ljós við skoðanirnar sem skoðunarmenn flugrekandans Air Algérie framkvæmdu á loftförum flugrekandans. Í þessum skýrslum koma þó ekki fram upplýsingar um áhættumatið sem lögbær yfirvöld í Alsír framkvæma og hvernig niðurstöður úr slíku áhættumati eru teknar til athugunar við skipulag og framkvæmd eftirlits.

([8]) Stjtíð. ESB L 170, 5.7.2010, bls. 9.

56) Í ljósi atriðanna á sviði áframhaldandi lofthæfis, viðhalds, reksturs og öryggis farms um borð sem komu ítrekað í ljós við SAFA-skoðanir, SANAA-skoðanir og innri skoðanir hjá flugrekandanum Air Algérie og til að fá skýringu á mánaðarlegu skýrslunum var haldinn samráðsfundur með lögbæra yfirvaldinu og flugrekandanum, 11. október 2010, með þátttöku Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkis. Á þessum fundi tók framkvæmdastjórnin tillit til skuldbindingar lögbærra yfirvalda í Alsír til að framkvæma yfirgripsmikla greiningu á frumorsök og til að leggja fram trausta áætlun um aðgerðir til úrbóta sem og allar viðeigandi upplýsingar um þær aðgerðir sem bæði lögbær yfirvöld í Alsír og flugrekandinn Air Algérie hafa gripið til í því skyni að finna varanlega lausn. Áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem lögbær yfirvöld í Alsír samþykktu, var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 20. október 2010.

57) Flugrekandinn Air Algérie lagði endurbætta áætlun um aðgerðir til úrbóta fyrir flugöryggisnefndina 10. nóvember 2010. Nefndin viðurkennir þá viðleitni sem flugrekandinn hefur sýnt til að leysa þá annmarka í öryggismálum sem komið hafa í ljós og hvatti lögbær yfirvöld í Alsír til að efla eftirlitsstarfsemi sína í því skyni að tryggja að farið sé að viðeigandi öryggisstöðlum. Á fundi flugöryggisnefndar gáfu lögbær yfirvöld í Alsír til kynna að þau óskuðu eftir því að auka enn frekar við getu sína í gegnum samþætt verkefni. Í því skyni að styðja við lögbær yfirvöld í Alsír í viðleitni þeirra til að efla getu sína til að sinna skyldustörfum sínum mun hópur, undir stjórn Flugöryggisstofnunar Evrópu, sendur til Alsír í febrúar 2011 til að láta í té tækniaðstoð.

58) Á meðan skulu aðildarríkin halda áfram að fylgjast náið með framvindu flugrekandans Air Algérie innan ramma reglugerðar (EB) nr. 351/2006 til að skapa grundvöll fyrir nýtt mat á þessu máli á næsta fundi flugöryggisnefndarinnar.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Kongó

59) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1144/2009 ([9]) er öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Lýðveldinu Kongó, bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins og eru þeir skráðir í viðauka A.

60) Framkvæmdastjórnin upplýsti flugöryggisnefndina um niðurstöður heimsóknar tækniaðstoðarhóps sem fór til Lýðveldisins Kongó í febrúar 2010 á vegum Flugöryggisstofnunar Evrópu í kjölfar úttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum sem fór fram í nóvember 2008. Úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum leiddi til þess að stofnunin kom á framfæri áhyggjum sínum af alvarlegum öryggisvandamálum að því er varðar starfrækslu loftfara, vottun og eftirlit af hálfu Flugmálastjórnar Lýðveldisins Kongó (ANAC) ásamt því að verulegur skortur er á framkvæmd öryggisstaðla (76,89%) og þessi alvarlegu öryggisvandamál eru enn óleyst. Í heimsókninni var því veitt athygli að Flugmálastjórn Lýðveldisins Kongó hefði greinilega gert átak á öllum stigum til að framkvæma áætlun um aðgerðir til úrbóta og hefði sýnt mikinn vilja til að ráða bót á þeim öryggisvandamálum sem úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar leiddi í ljós. Framkvæmdastjórnin lítur þetta framtak jákvæðum augum og mun halda áfram að fylgjast náið með því hvernig Flugmálastjórn Lýðveldisins Kongó miðar áfram með skilvirka framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta til þess að tryggja að ráðin sé bót á núverandi annmörkum í öryggismálum án óþarfa tafa.

61) Flugrekandinn Equaflight Service, sem hefur fengið vottun hjá Flugmálastjórn Lýðveldisins Kongó, óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 10. nóvember 2010. Flugrekandinn kynnti starfsemi sína og upplýsti um þann árangur sem hefur náðst við framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.

62) Flugrekandinn Trans Air Congo, sem hefur fengið vottun hjá Flugmálastjórn Lýðveldisins Kongó, óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 10. nóvember 2010. Flugrekandinn kynnti starfsemi sína og upplýsti um þann árangur sem hefur náðst við framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.

63) Flugöryggisnefndin tók tillit til framvinduskýrslunnar. Með hliðsjón af kynningum flugrekenda var hins vegar ekki hægt að fá úr því skorið með óyggjandi hætti að þeir hefðu uppfyllt gildandi öryggisstaðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á þessu stigi málsins. Þar að auki er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna og meðan beðið er eftir skilvirkri framkvæmd á fullnægjandi aðgerðum til úrbóta til að ráða bót á þeim alvarlegu öryggisvandamálum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á og þegar ekki hefur náðst verulegur árangur af úrbótum á þeim atriðum sem komu í ljós við úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að lögbær yfirvöld í Lýðveldinu Kongó séu, á þessu stigi, ekki fær um að framkvæma og framfylgja viðeigandi öryggisstöðlum hjá öllum flugrekendum sem eru undir lögbundnu eftirliti þeirra. Þar af leiðandi skulu allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun hjá þessum yfirvöldum, vera áfram skráðir í viðauka A.

64) Framkvæmdastjórnin mun halda áfram virku samráði við lögbær yfirvöld í Lýðveldinu Kongó hvað varðar aðgerðir sem þau grípa til í því skyni að bæta flugöryggi og er hún reiðubúin að taka þátt í annarri heimsókn árið 2011 til að veita tækniaðstoð sem miðar að því að byggja upp tæknilega og stjórnsýslulega getu þeirra á sviði almenningsflugs.

([9]) Stjtíð. ESB L 312, 27.11.2009, bls. 16.

Flugrekendur frá Kirgistan

65) Lögbær yfirvöld í Kirgistan óskuðu eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 10. nóvember 2010. Þau upplýstu að þeim miði vel áfram með metnaðarfullar umbætur á fluggeiranum sem hófust árið 2006 í því skyni að bæta flugöryggi. Lögbærum yfirvöldum miðar m.a. vel áfram við að byggja upp færni með því að ráða fleiri viðurkennda skoðunarmenn, og mun þessari uppbyggingu haldið áfram á næstu mánuðum. Verið er að endurskoða innlendu löggjöfina um flugmál í því skyni að tryggja að farið verði að alþjóðlegum öryggisstöðlum eigi síðar en nóvember 2011.

66) Lögbær yfirvöld í Kirgistan upplýstu að þau hefðu gefið út nýtt flugrekandaskírteini til handa flugrekandanum CAAS. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að flugrekandinn CAAS skuli skráður í viðauka A.

67) Lögbær yfirvöld í Kirgistan upplýstu einnig að þau hefðu fellt tímabundið úr gildi flugrekandaskírteini þriggja flugrekenda, Itek Air, TransAero og Asian Air. Auk þess upplýstu yfirvöldin um aðgerðir til framfylgdar sem þau hafa gripið til hvað varðar eftirfarandi flugrekendur: Golden Rules Airlines, Kyrgyzstan Airline, Max Avia, Tenir Airlines. Hins vegar tókst þeim ekki að sýna fram á að leyfi eða flugrekandaskírteini þessara flugrekenda hefði verið afturkallað. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að þessir flugrekendur skuli vera áfram skráðir í viðauka A.

68) Sökum þess að framkvæmdastjórninni hefur ekki enn borist sannanir frá flugrekendunum, sem hafa fengið vottun í Kirgistan, eða frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þessum flugrekendum, þess efnis að gripið hafi verið til ítarlegra og viðunandi aðgerða til að ráða bót á annmörkunum og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það metið svo að þessir flugrekendur skuli vera áfram skráðir í viðauka A.

69) Framkvæmdastjórnin hvetur lögbær yfirvöld í Kirgistan til að halda áfram þeirri viðleitni að ráða bót á öllum vanefndaratriðunum sem komu í ljós við úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í apríl 2009 sem hluti af úttektaráætlun hennar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkjanna, er reiðubúin til að framkvæma mat á staðnum þegar framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar, sem lögð var fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina, er nægilega langt á veg komin. Markmið heimsóknarinnar myndi vera að sannprófa framkvæmd gildandi öryggiskrafna af hálfu lögbærra yfirvalda og fyrirtækja sem sæta eftirliti þeirra.

Flugrekendur frá Gabon

70) Lögbær yfirvöld í Gabon (Flugmálastjórn Gabon (ANAC)) hélt samráðsfund, 26. október 2010, með framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnun Evrópu og lögbærum yfirvöldum í Frakklandi til að leggja fram greinargerð um þann árangur sem náðst hefur fram til þessa. Flugmálastjórn Gabon upplýsti að endurskoðun stæði yfir á gildandi lagaramma, með sérstöku tilliti til endurbóta á reglum um almenningsflug, sem felur í sér eftirfarandi aðgerðir: a) endurskipulagningu Flugmálastjórnar Gabon sem gert er ráð fyrir að verði samþykkt eigi síðar en 31. desember 2010, b) heildarsafn reglna á sviði flugmála í Gabon sem verður smám saman ákvarðað og tekið upp í áföngum til ársins 2011. Flugmálastjórn Gabon tilkynnti um frekari árangur af uppbyggingu færni með því að ráða fleiri skoðunarmenn. Flugmálastjórn Gabon tilkynnti einnig um árangur af eftirliti með flugrekendum og við framfylgd á núgildandi flugöryggisreglum (RACAM), eins og sýndi sig með tímabundinni niðurfellingu flugrekandaskírteinis flugrekandans Air Services 30. júlí 2010, og tímabundinni niðurfellingu flugrekandaskírteinis flugrekandans Allegiance á bilinu 22. ágúst og 2. september 2010.

71) Flugmálastjórn Gabon sýndi þó ekki fram á að viðeigandi aðgerðir til úrbóta hefðu verið framkvæmdar áður en flugrekandinn Allegiance fékk flugrekandaskírteini sitt á ný. Enn fremur sýndi fjöldi og eðli sumra annmarka, sem komu í ljós, að frekari aðgerðir til framfylgdar kunna að vera nauðsynlegar ef flugrekendurnir, sem hafa fengið vottun í Gabon, koma ekki gildandi öryggisstöðlum í framkvæmd.

72) Sökum þess að framkvæmdastjórninni hefur ekki enn borist sannanir frá flugrekendunum, sem eru í skrá Bandalagsins, eða frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þessum flugrekendum, þess efnis að gripið hafi verið til viðeigandi aðgerða til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerða og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það metið svo að þessum flugrekendum skuli áfram bannað að stunda flugrekstur (viðauki A) eða takmarkanir settar á flugrekstur þeirra (viðauki B), eftir því sem við á.

73) Flugmálastjórn Gabon upplýsti að hún hefði gefið út nýtt flugrekandaskírteini til handa flugrekandanum Afric Aviation 25. september 2010 án þess að sýna fram á að vottun og eftirlit með þessum flugrekanda væri í fullu samræmi við gildandi, alþjóðlega öryggisstaðla. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að flugrekandinn Afric Aviation skuli skráður í viðauka A.

74) Aðildarríki munu halda áfram að fylgjast með frammistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Gabon, með markvissum skoðunum á hlaði, sem fara fram innan ramma SAFA-áætlunarinnar í því skyni að fylgjast með því að starfræksla þeirra og viðhald uppfylli gildandi öryggisstaðla á varanlegan hátt. Ef öryggisvandamál koma í ljós við skoðanir á hlaði er framkvæmdastjórninni nauðugur einn kostur að endurskoða ráðstafanirnar, sem eiga við um þessa flugrekendur, á næsta fundi flugöryggisnefndarinnar.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Filippseyjum

75) Framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og lögbærra yfirvalda í Þýskalandi og Spáni, fór í heimsókn til Filippseyja í október 2010 til að framkvæma öryggismat í því skyni að meta þann árangur sem lögbær yfirvöld á Filippseyjum (Flugmálastjórn Filippseyja (CAAP)) og tilteknir flugrekendur undir eftirliti þeirra hafa náð við framkvæmd þeirra ráðstafana sem gerðar voru til að ráða bót á þeim öryggisvandamálum sem lýst er í reglugerð (ESB) nr. 273/2010.

76) Skýrslan um þetta mat staðfestir að frá því í apríl 2010, undir stjórn hins nýja flugmálastjóra, hefur Flugmálastjórn Filippseyja gert röð metnaðarfullra umbóta á því eftirlitskerfi í almenningsflugi sem er fyrir hendi í Lýðveldinu Filippseyjum. Aðgerðunum, sem gripið hefur verið til, miðar greinilega vel áfram og er það metið svo að þegar þær hafa verið framkvæmdar með skilvirkum og sjálfbærum hætti leiði þær til verulegra umbóta í þá veru að samræmi náist við alþjóðlega öryggisstaðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Í þessum aðgerðum felst einkum: a) endurútgáfa gildandi framkvæmdarreglna og reglugerða innan grunnlöggjafar fyrir almenningsflug, b) grundvallarendurskoðun á gildandi reglum um almenningsflug, c) tilnefning marktæks fjölda starfsfólks í samræmi við bættar viðmiðanir um menntun og hæfi, d) áframhald á umfangsmikilli þjálfunaráætlun fyrir starfsfólk sem er ráðið, e) nútímavæðing á aðstöðu og innleiðingu á upplýsingakerfi þannig að hægt sé að hafa eftirlit með samþykki og leyfum, f) vottun þessara flugrekenda sem, jafnvel þótt þeir haldi áfram viðskiptastarfsemi sinni, hafa ekki enn fengið vottun í samræmi við gildandi reglugerðir fyrir almenningsflug, g) þróun ítarlegra eftirlitsáætlana sem taka til allra rekstrarþátta og h) úrlausn á þeim öryggisvandamálum sem kunna að koma upp.

77) Í skýrslunni er einnig lögð áhersla á að þrátt fyrir skuldbindingar Flugmálastjórnar Filippseyja og þá vinnu sem lögð hefur verið í þessar aðgerðir síðan í apríl 2010 var ekki hægt að ljúka við þessar metnaðarfullu umbætur á nokkrum mánuðum, einkum sökum þess hve ráðningar- og tilnefningarferlið tekur langan tíma á Filippseyjum, sem Flugmálastjórn Filippseyja ræður ekki við, og skorts á hæfu starfsfólki. Nauðsynlegt virðist að gefa lengri tíma til að framfarirnar verði varanlegar og árangur verði viðurkenndur. Þó að Flugmálastjórn Filippseyja hafi gripið til aðgerða til að ráða bót á þeim alvarlegu öryggisvandamálum sem Alþjóðaflugmálastofnunin tilkynnti öllum samningsríkjum um árið 2009 hefur árangurinn sem náðst hefur til þessa ekki dugað til að leiða alvarlegu öryggisvandamálin til lykta. Þrátt fyrir aðgerðirnar sem Flugmálastjórn Filippseyja hefur gripið til í því skyni að ráða bót á þeim vanefndaratriðum sem Flugmálastjórn Bandaríkjanna tilkynnti um árið 2007 hefur sá árangur sem hefur náðst til þessa ekki dugað til þess að fá Flugmálastjórn Bandaríkjanna til að viðurkenna að Flugmálastjórn Filippseyja uppfylli alþjóðlega öryggisstaðla (flokkur 1). Í ljósi þessa er það metið svo að á þessu stigi skuli allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Lýðveldinu Filippseyjum, vera áfram skráðir í viðauka A.

78) Framkvæmdastjórnin hvatti Filippseyjar til að virða tímaáætlunina um framkvæmd skuldbindinga sinna gagnvart alþjóðasamfélaginu, einkum með tilliti til úrlausnar á þeim alvarlegu öryggisvandamálum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á. Til að þessu verði náð er mikilvægt að Flugmálastjórn Filippseyja hafi nauðsynlegt sjálfstæði og sjái til þess að ráðið verði nægilega margt starfsfólk, sem uppfyllir viðmiðanir um menntun og hæfi og sé í stakk búið til að sinna skyldum sínum gagnvart alþjóðasamfélaginu á skilvirkan hátt og tryggja traust eftirlit sem samrýmist viðeigandi öryggisstöðlum. Til að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að ríkisstjórn Filippseyja styðji við Flugmálastjórn Filippseyja.

Flugrekendur frá Rússneska sambandsríkinu

79) Í kjölfar samþykktar reglugerðar (ESB) nr. 590/2010 hefur framkvæmdastjórnin fengið upplýsingar frá lögbærum yfirvöldum í Rússneska sambandsríkinu þess efnis að öllum rekstrartakmörkunum, sem settar höfðu verið á flugrekandann YAK Service, hefði verið aflétt 11. ágúst 2010 eftir að niðurstöður úr eftirlitsstarfsemi, sem þessi yfirvöld sáu um, höfðu reynst fullnægjandi. Framkvæmdastjórninni bárust hins vegar ekki neinar niðurstöður, sem hún hafði beðið um, úr eftirlitsstarfsemi varðandi sannprófun á því hvort aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar með réttum hætti og hvort sá búnaður sem komið hefur verið fyrir í loftförum flugrekandans, sem notuð eru fyrir millilandaflug, hafi verið vottaður í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

80) Sem hluti af stöðugri vöktun með frammistöðu flugrekenda, sem fljúga til Sambandsins, á grundvelli niðurstaðna úr skoðunum á hlaði, sem framkvæmdar eru á loftförum slíkra flugrekenda, upplýsti framkvæmdastjórnin lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu 11. október 2010 um niðurstöðurnar úr slíkum skoðunum sem framkvæmdar hafa verið á rússneskum flugrekendum á næstliðnum tólf mánuðum.

81) Að því er varðar niðurstöður úr skoðunum á tilteknum rússneskum flugrekendum, þrátt fyrir takmarkaðan fjölda skoðana, gefa þær til kynna að við hverja skoðun síðustu tvö árin sé alltaf til staðar tiltekið hlutfall atriða sem jafngildir fleiri en tveimur alvarlegum og/eða stórvægilegum atriðum. Þessar niðurstöður sýna að þörf er á úrbótum eigi þessir flugrekendur að fara að alþjóðlegum öryggisstöðlum að öllu leyti. Samráðsfundur milli framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra yfirvalda í Rússneska sambandsríkinu um öryggisframmistöðu rússneskra flugrekenda var haldinn í Moskvu 18. október 2010. Á þessum fundi samþykktu lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu að veita framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar: a) gögn, sem framkvæmdastjórnin óskaði eftir 2. september 2010

um flugrekandann Yak Service (niðurstöður á ensku lagðar fram úr eftirlitsstarfsemi varðandi sannprófun á því hvort aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar með réttum hætti og hvort sá búnaður sem komið hefur verið fyrir í loftförum fyrirtækisins, sem notuð eru fyrir millilandaflug, hafi verið vottaður í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar; nýja flugrekandaskírteini fyrirtækisins verður gefið út þegar allar takmarkanir og rekstrarforskriftir hafa verið afnumdar), b) niðurstöður úr eftirliti rússneskra yfirvalda með rússneskum flugrekendum þar sem framkvæmdastjórnin lagði fram skýrslur um SAFA-skoðanir á hlaði ásamt greiningu á þeim. Lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu tilkynntu enn fremur á þessum fundi að þau myndu einnig senda framkvæmdastjórninni skýrslur og greiningu (flugatvik, aðferðafræði við útreikning á hlutföllum o.s.frv.) úr skoðunum á hlaði sem framkvæmdar eru á loftförum flugrekenda í Evrópusambandinu sem fljúga til Rússneska sambandsríkisins.

82) Í kjölfar þessa fundar sendu lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu bréf, 25. október, varðandi flugrekandann Yak Service sem sýnir fram á að tiltekinn búnaður, sem festur var á loftför sem flugrekandinn starfrækir, hafi verið endurvottaður af hálfu milliríkjanefndarinnar um flugmál (MAK). Á fundi flugöryggisnefndar, 10. nóvember 2010, færðu lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu þó ekki sönnur á að öll loftför, sem flugrekandinn Yak Service starfrækir, séu búin starfhæfum búnaði sem er skyldubundinn samkvæmt Alþjóðaflugmálastofnuninni og nauðsynlegur fyrir millilandaflutninga í lofti. Þar af leiðandi skulu tvö loftför á flugrekandaskírteini þessa flugrekanda með skrásetningarmerkin RA-87648 og RA-88308 ekki starfrækt til Evrópusambandsins. Aðildarríkin munu halda áfram að sannprófa hvort flugrekandinn Yak Service fylgi viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008.

83) Á fundi flugöryggisnefndarinnar færðu lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu ekki sönnur á niðurstöður úr eftirliti sínu með ýmsum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Rússneska sambandsríkinu, eins og framkvæmdastjórnin hafði farið fram á.

84) Á fundi flugöryggisnefndarinnar staðfestu lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu einnig að eftirfarandi loftför séu enn útilokuð frá millilandaflutningum í lofti þar sem þau eru ekki með búnað sem er skyldubundinn samkvæmt Alþjóðaflugmálastofnuninni.

a) Flugrekandinn Aircompany Yakutia: Antonov AN-140: RA-41250, AN-24RV: RA-46496, RA-46665, RA-47304, RA-47352, RA-47353, RA-47360, AN-26: RA-26660.

b) Flugrekandinn Atlant Soyuz: Tupolev TU-154M: RA-85672 og RA-85682, bæði loftförin voru áður starfrækt af flugrekandanum Atlant Soyuz en þau eru, eins og sakir standa, starfrækt af öðrum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Rússneska sambandsríkinu.

c) Flugrekandinn Gazpromavia: Tupolev TU-154M: RA-85625 og RA-85774, Yakovlev Yak-40: RA-87511, RA-88300 og RA-88186, Yak-40K: RA-21505, RA-98109 og RA-8830, Yak-42D: RA-42437, allar (22) þyrlur Kamov Ka-26 (óþekkt skrásetningarmerki), allar (49) þyrlur Mi-8 (óþekkt skrásetningarmerki), allar (11) þyrlur Mi-171 (óþekkt skrásetningarmerki), allar (8) þyrlur Mi-2 (óþekkt skrásetningarmerki), allar (1) þyrlur EC-120B: RA-04116.

d) Flugrekandinn Kavminvodyavia: Tupolev TU-154B: RA-85307, RA-85494 og RA-85457.

e) Flugrekandinn Krasnoyarsky Airlines: loftfar af tegundinni TU-154M með skrásetningarmerkið RA-85672 sem var áður á flugrekandaskírteini flugrekandans Krasnoyarsky Airlines, sem var afturkallað árið 2009, er, eins og sakir standa, starfrækt af flugrekandanum Atlant Soyuz og loftfar af sömu tegund með skrásetningarmerkið RA-85682 er starfrækt af öðrum flugrekanda, sem hefur fengið vottun í Rússneska sambandsríkinu.

f) Flugrekandinn Kuban Airlines: Yakovlev Yak-42: RA-42331, RA-42336, RA-42350, RA-42538, og RA-42541, loftfar af sömu tegund með skrásetningarmerkið RA-42526 er, eins og sakir standa, ekki starfrækt af fjárhagsástæðum.

g) Flugrekandinn Orenburg Airlines: Tupolev TU-154B: RA-85602, öll TU-134 (óþekkt skrásetningarmerki), öll Antonov An-24 (óþekkt skrásetningarmerki), öll An-2 (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur Mi-2 (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur Mi-8 (óþekkt skrásetningarmerki).

h) Flugrekandinn Siberia Airlines: Tupolev TU-154M: RA-85613, RA-85619, RA-85622 og RA-85690.

i) Flugrekandinn Tatarstan Airlines: Yakovlev Yak-42D: RA-42374, RA-42433 og RA-42347 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda, Tupolev TU-134A: RA-65970, RA-65691, RA-65973, RA-65065 og RA-65102, Antonov AN-24RV: RA-46625 og RA-47818 sem eru, eins og sakir standa, starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda.

j) Flugrekandinn Ural Airlines: Tupolev TU-154B: RA-85508 (loftförin RA-85319, RA-85337, RA-85357, RA-85375, RA-85374 og RA-85432 eru, eins og sakir standa, ekki starfrækt af fjárhagsástæðum).

k) Flugrekandinn UTAir: Tupolev TU-154M: RA-85733, RA-85755, RA-85806, RA-85820, öll (24) TU-134: RA-65024, RA-65033, RA-65127, RA-65148, RA-65560, RA-65572, RA-65575, RA-65607, RA-65608, RA-65609, RA-65611, RA-65613, RA-65616, RA-65620, RA-65622, RA-65728, RA-65755, RA-65777, RA-65780, RA-65793, RA-65901, RA-65902 og RA-65977. loftförin RA-65143 og RA-65916 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda, öll (1) TU-134B: RA-65726, öll (10) Yakovlev Yak-40: RA-87348 (er, eins og sakir standa, ekki starfrækt af fjárhagsástæðum), RA-87907, RA-87941, RA-87997, RA-88209, RA-88227 og RA-88280, loftför af sömu tegund með skrásetningarmerkin RA-87292 og RA-88244 hafa verið tekin úr notkun, allar þyrlur Mil-26: (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur Mil-10: (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur Mil-8: (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur AS-355: (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur BO-105: (óþekkt skrásetningarmerki), loftför af tegundinni AN-24B með skrásetningarmerkin RA-46388 og RA-87348 eru ekki starfrækt af fjárhagsástæðum, RA-46267 og RA-47289 og loftför af tegundinni AN-24RV með skrásetningarmerkin RA-46509, RA-46519 og RA-47800 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda.

l) Flugrekandinn Rossija (STC Russia): Tupolev TU-134: RA-65979, loftförin RA-65904, RA-65905, RA-65911, RA-65921 og RA-65555 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda, Ilyushin IL-18: RA-75454 er starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda, Yakovlev Yak-40: RA-87203, RA-87968, RA-87971, RA-87972 og RA-88200 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda.

m) Flugrekandinn Russair: loftfarið Tupolev TU-134A3, skrásetningarmerki RA-65124, loftfarið TU-154, skrásetningarmerki RA-65-124.

85) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin tóku tillit til athugasemda og greinargerða lögbærra yfirvalda í Rússneska sambandsríkinu og verður reynt að ráða varanlega bót á annmörkum í öryggismálum sem í ljós komu við SAFA-skoðanir á hlaði með frekara samráði um tæknimál við lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu. Aðildarríki munu halda áfram að sannprófa hvort rússneskir flugrekendur fari að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessara flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008 og mun framkvæmdastjórnin halda áfram að fylgjast náið með þeim aðgerðum sem þeir grípa til.

Almennar forsendur að því er varðar hina flugrekendurna sem eru skráðir í viðauka A og B

86) Þrátt fyrir bein tilmæli framkvæmdastjórnarinnar hafa henni ekki enn borist sannanir frá hinum flugrekendunum, sem eru í skrá Bandalagsins, sem var uppfærð 6. september 2010, eða yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þessum flugrekendum, þess efnis að gripið hafi verið til ítarlegra og viðunandi aðgerða til að ráða bót á annmörkum. Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana er það því metið svo að þessum flugrekendum skuli áfram bannað að stunda flugrekstur (viðauki A) eða takmarkanir settar á flugrekstur þeirra (viðauki B), eftir því sem við á.

87) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1. Í stað viðauka A komi textinn sem settur er fram í viðauka A við þessa reglugerð.

2. Í stað viðauka B komi textinn sem settur er fram í viðauka B við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd framkvæmdastjórans,

Siim KALLAS

varaforseti

VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA HVERS KONAR FLUGREKSTUR INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
BLUE WING AIRLINES	SRBWA-01/2002	BWI	Súrínam
MERIDIAN AIRWAYS LTD	AOC 023	MAG	Lýðveldið Gana
SIEM REAP AIRWAYS INTERNATIONAL	AOC/013/00	SRH	Konungsríkið Kambódía
SILVERBACK CARGO FREIGHTERS	Óskráð	VRB	Lýðveldið Rúanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Afganistan, þ.m.t.			**Íslamska lýðveldið Afganistan**
ARIANA AFGHAN AIRLINES	AOC 009	AFG	Íslamska lýðveldið Afganistan
KAM AIR	AOC 001	KMF	Íslamska lýðveldið Afganistan
PAMIR AIRLINES	Óskráð	PIR	Íslamska lýðveldið Afganistan
SAFI AIRWAYS	AOC 181	SFW	Íslamska lýðveldið Afganistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, að undanskildum flugrekandanum TAAG Angola Airlines sem skráður er í viðauka B, þ.m.t.			**Lýðveldið Angóla**
AEROJET	015	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR26	004	DCD	Lýðveldið Angóla
AIR GEMINI	002	GLL	Lýðveldið Angóla
AIR GICANGO	009	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR JET	003	MBC	Lýðveldið Angóla
AIR NAVE	017	Óskráður	Lýðveldið Angóla
ALADA	005	RAD	Lýðveldið Angóla
ANGOLA AIR SERVICES	006	Óskráður	Lýðveldið Angóla
DIEXIM	007	Óskráður	Lýðveldið Angóla
GIRA GLOBO	008	GGL	Lýðveldið Angóla
HELIANG	010	Óskráður	Lýðveldið Angóla
HELIMALONGO	011	Óskráður	Lýðveldið Angóla
MAVEWA	016	Óskráður	Lýðveldið Angóla
PHA	019	Óskráður	Lýðveldið Angóla
RUI & CONCEICAO	012	Óskráður	Lýðveldið Angóla
SAL	013	Óskráður	Lýðveldið Angóla
SERVISAIR	018	Óskráður	Lýðveldið Angóla
SONAIR	014	SOR	Lýðveldið Angóla

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Benín, þ.m.t.			**Lýðveldið Benín**
AERO BENIN	PEA No 014/ MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS	AEB	Lýðveldið Benín
AFRICA AIRWAYS	Óskráð	AFF	Lýðveldið Benín
ALAFIA JET	PEA No 014/ANAC/ MDCTTTATP-PR/ DEA/SCS	Á ekki við	Lýðveldið Benín
BENIN GOLF AIR	PEA No 012/ MDCTTP-PR/ANAC/ DEA/SCS.	BGL	Lýðveldið Benín
BENIN LITTORAL AIRWAYS	PEA No 013/ MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS.	LTL	Lýðveldið Benín
COTAIR	PEA No 015/ MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS.	COB	Lýðveldið Benín
ROYAL AIR	PEA No 11/ANAC/ MDCTTP-PR/DEA/ SCS	BNR	Lýðveldið Benín
TRANS AIR BENIN	PEA No 016/ MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS	TNB	Lýðveldið Benín
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðveldið Kongó**
AERO SERVICE	RAC06-002	RSR	Lýðveldið Kongó
EQUAFLIGHT SERVICES	RAC 06-003	EKA	Lýðveldið Kongó
SOCIETE NOUVELLE AIR CONGO	RAC 06-004	Óskráður	Lýðveldið Kongó
TRANS AIR CONGO	RAC 06-001	Óskráður	Lýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðstjórnarlýðveldið Kongó**
AFRICAN AIR SERVICES COMMUTER	409/CAB/MIN/ TVC/051/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KASAI	409/CAB/MIN/ TVC/036/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KATANGA	409/CAB/MIN/ TVC/031/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR TROPIQUES	409/CAB/MIN/ TVC/029/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BLUE AIRLINES	409/CAB/MIN/ TVC/028/08	BUL	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
BRAVO AIR CONGO	409/CAB/MIN/ TC/0090/2006	BRV	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSINESS AVIATION	409/CAB/MIN/ TVC/048/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSY BEE CONGO	409/CAB/MIN/ TVC/052/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CETRACA AVIATION SERVICE	409/CAB/MIN/ TVC/026/08	CER	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CHC STELLAVIA	409/CAB/MIN/ TC/0050/2006	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CONGO EXPRESS	409/CAB/MIN/ TVC/083/2009	EXY	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	409/CAB/MIN/ TVC/035/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
DOREN AIR CONGO	409/CAB/MIN/ TVC/0032/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
ENTREPRISE WORLD AIRWAYS (EWA)	409/CAB/MIN/ TVC/003/08	EWS	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
FILAIR	409/CAB/MIN/ TVC/037/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GALAXY KAVATSI	409/CAB/MIN/ TVC/027/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GILEMBE AIR SOUTENANCE (GISAIR)	409/CAB/MIN/ TVC/053/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GOMA EXPRESS	409/CAB/MIN/ TC/0051/2006	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GOMAIR	409/CAB/MIN/ TVC/045/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
HEWA BORA AIRWAYS (HBA)	409/CAB/MIN/ TVC/038/08	ALX	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
INTERNATIONAL TRANS AIR BUSINESS (ITAB)	409/CAB/MIN/ TVC/033/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KIN AVIA	409/CAB/MIN/ TVC/042/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
LIGNES AÉRIENNES CONGOLAISES (LAC)	Undirskrift ráðherra (tilskipun nr. 78/205)	LCG	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MALU AVIATION	409/CAB/MIN/ TVC/04008	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MANGO AVIATION	409/CAB/MIN/ TVC/034/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SAFE AIR COMPANY	409/CAB/MIN/ TVC/025/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
SERVICES AIR	409/CAB/MIN/ TVC/030/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SWALA AVIATION	409/CAB/MIN/ TVC/050/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TMK AIR COMMUTER	409/CAB/MIN/ TVC/044/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TRACEP CONGO AVIATION	409/CAB/MIN/ TVC/046/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TRANS AIR CARGO SERVICES	409/CAB/MIN/ TVC/024/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
WIMBI DIRA AIRWAYS	409/CAB/MIN/ TVC/039/08	WDA	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
ZAABU INTERNATIONAL	409/CAB/MIN/ TVC/049/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Djíbútí, þ.m.t.			**Djíbútí**
DAALLO AIRLINES	Óskráð	DAO	Djíbútí
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			**Miðbaugs-Gínea**
CRONOS AIRLINES	Óskráð	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
CEIBA INTERCONTINENTAL	Óskráð	CEL	Miðbaugs-Gínea
EGAMS	Óskráð	EGM	Miðbaugs-Gínea
EUROGUINEANA DE AVIACION Y TRANSPORTES	2006/001/MTTCT/ DGAC/SOPS	EUG	Miðbaugs-Gínea
GENERAL WORK AVIACION	002/ANAC	Á ekki við	Miðbaugs-Gínea
GETRA - GUINEA ECUATORIAL DE TRANSPORTES AEREOS	739	GET	Miðbaugs-Gínea
GUINEA AIRWAYS	738	Á ekki við	Miðbaugs-Gínea
STAR EQUATORIAL AIRLINES	Óskráð	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
UTAGE – UNION DE TRANSPORT AEREO DE GUINEA ECUATORIAL	737	UTG	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Indónesíu, að undanskildum flugrekendunum Garuda Indonesia, Airfast Indonesia, Mandala Airlines, Ekspres Transportasi Antarbenua, Indonesia Air Asia og Metro Batavia, þ.m.t.			**Lýðveldið Indónesía**
AIR PACIFIC UTAMA	135-020	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ALFA TRANS DIRGANTATA	135-012	Óskráður	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
ASCO NUSA AIR	135-022	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ASI PUDJIASTUTI	135-028	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
AVIASTAR MANDIRI	135-029	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
CARDIG AIR	121-013	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
DABI AIR NUSANTARA	135-030	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
DERAYA AIR TAXI	135-013	DRY	Lýðveldið Indónesía
DERAZONA AIR SERVICE	135-010	DRZ	Lýðveldið Indónesía
DIRGANTARA AIR SERVICE	135-014	DIR	Lýðveldið Indónesía
EASTINDO	135-038	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
GATARI AIR SERVICE	135-018	GHS	Lýðveldið Indónesía
INDONESIA AIR TRANSPORT	135-034	IDA	Lýðveldið Indónesía
INTAN ANGKASA AIR SERVICE	135-019	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
JOHNLIN AIR TRANSPORT	135-043	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
KAL STAR	121-037	KLS	Lýðveldið Indónesía
KARTIKA AIRLINES	121-003	KAE	Lýðveldið Indónesía
KURA-KURA AVIATION	135-016	KUR	Lýðveldið Indónesía
LION MENTARI AIRLINES	121-010	LNI	Lýðveldið Indónesía
MANUNGGAL AIR SERVICE	121-020	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
MEGANTARA	121-025	MKE	Lýðveldið Indónesía
MERPATI NUSANTARA AIRLINES	121-002	MNA	Lýðveldið Indónesía
MIMIKA AIR	135-007	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NATIONAL UTILITY HELICOPTER	135-011	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NUSANTARA AIR CHARTER	121-022	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NUSANTARA BUANA AIR	135-041	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NYAMAN AIR	135-042	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PELITA AIR SERVICE	121-008	PAS	Lýðveldið Indónesía
PENERBANGAN ANGKASA SEMESTA	135-026	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PURA WISATA BARUNA	135-025	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
REPUBLIC EXPRESS AIRLINES	121-040	RPH	Lýðveldið Indónesía
RIAU AIRLINES	121-016	RIU	Lýðveldið Indónesía
SAMPOERNA AIR NUSANTARA	135-036	SAE	Lýðveldið Indónesía
SAYAP GARUDA INDAH	135-004	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
SKY AVIATION	135-044	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
SMAC	135-015	SMC	Lýðveldið Indónesía
SRIWIJAYA AIR	121-035	SJY	Lýðveldið Indónesía
SURVEI UDARA PENAS	135-006	Óskráður	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
TRANSWISATA PRIMA AVIATION	135-021	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
TRAVEL EXPRESS AVIATION SERVICE	121-038	XAR	Lýðveldið Indónesía
TRAVIRA UTAMA	135-009	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
TRI MG INTRA ASIA AIRLINES	121-018	TMG	Lýðveldið Indónesía
TRIGANA AIR SERVICE	121-006	TGN	Lýðveldið Indónesía
UNINDO	135-040	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
WING ABADI AIRLINES	121-012	WON	Lýðveldið Indónesía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kasakstan, að undanskyldum flugrekandanum Air Astana, þ.m.t.			**Kasakstan**
AERO AIR COMPANY	Óskráð	Óskráður	Kasakstan
AIR ALMATY	AK-0331-07	LMY	Kasakstan
AIR COMPANY KOKSHETAU	AK-0357-08	KRT	Kasakstan
AIR DIVISION OF EKA	Óskráð	Óskráður	Kasakstan
AIR FLAMINGO	Óskráð	Óskráður	Kasakstan
AIR TRUST AIRCOMPANY	Óskráð	Óskráður	Kasakstan
AK SUNKAR AIRCOMPANY	Óskráð	AKS	Kasakstan
ALMATY AVIATION	Óskráð	LMT	Kasakstan
ARKHABAY	Óskráð	KEK	Kasakstan
ASIA CONTINENTAL AIRLINES	AK-0345-08	CID	Kasakstan
ASIA CONTINENTAL AVIALINES	AK-0371-08	RRK	Kasakstan
ASIA WINGS	AK-0390-09	AWA	Kasakstan
ATMA AIRLINES	AK-0372-08	AMA	Kasakstan
ATYRAU AYE JOLY	AK-0321-07	JOL	Kasakstan
AVIA-JAYNAR	Óskráð	SAP	Kasakstan
BEYBARS AIRCOMPANY	Óskráð	BBS	Kasakstan
BERKUT AIR/BEK AIR	AK-0311-07	BKT/BEK	Kasakstan
BURUNDAYAVIA AIRLINES	AK-0374-08	BRY	Kasakstan
COMLUX	AK-0352-08	KAZ	Kasakstan
DETA AIR	AK-0344-08	DET	Kasakstan
EAST WING	AK-0332-07	EWZ	Kasakstan
EASTERN EXPRESS	AK-0358-08	LIS	Kasakstan
EURO-ASIA AIR	AK-0384-09	EAK	Kasakstan
EURO-ASIA AIR INTERNATIONAL	Óskráð	KZE	Kasakstan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
FLY JET KZ	AK-0391-09	FJK	Kasakstan
INVESTAVIA	AK-0342-08	TLG	Kasakstan
IRTYSH AIR	AK-0381-09	MZA	Kasakstan
JET AIRLINES	AK-0349-09	SOZ	Kasakstan
JET ONE	AK-0367-08	JKZ	Kasakstan
KAZAIR JET	AK-0387-09	KEJ	Kasakstan
KAZAIRTRANS AIRLINE	AK-0347-08	KUY	Kasakstan
KAZAIRWEST	Óskráð	KAW	Kasakstan
KAZAVIA	Óskráð	KKA	Kasakstan
KAZAVIASPAS	Óskráð	KZS	Kasakstan
KOKSHETAU	AK-0357-08	KRT	Kasakstan
MEGA AIRLINES	AK-0356-08	MGK	Kasakstan
MIRAS	AK-0315-07	MIF	Kasakstan
ORLAN 2000 AIRCOMPANY	Óskráð	KOV	Kasakstan
PANKH CENTER KAZAKHSTAN	Óskráð	Óskráður	Kasakstan
PRIME AVIATION	Óskráð	PKZ	Kasakstan
SAMAL AIR	Óskráð	SAV	Kasakstan
SAYAKHAT AIRLINES	AK-0359-08	SAH	Kasakstan
SEMEYAVIA	Óskráð	SMK	Kasakstan
SCAT	AK-0350-08	VSV	Kasakstan
SKYBUS	AK-0364-08	BYK	Kasakstan
SKYJET	AK-0307-09	SEK	Kasakstan
UST-KAMENOGORSK	AK-0385-09	UCK	Kasakstan
ZHETYSU AIRCOMPANY	Óskráð	JTU	Kasakstan
ZHERSU AVIA	Óskráð	RZU	Kasakstan
ZHEZKAZGANAIR	Óskráð	KZH	Kasakstan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgiska lýðveldinu, þ.m.t.			**Kirgiska lýðveldið**
AIR MANAS	17	MBB	Kirgiska lýðveldið
ASIAN AIR	36	AAZ	Kirgiska lýðveldið
AVIA TRAFFIC COMPANY	23	AVJ	Kirgiska lýðveldið
AEROSTAN (EX BISTAIR-FEZ BISHKEK)	08	BSC	Kirgiska lýðveldið
CAAS	13	CBK	Kirgiska lýðveldið

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
CLICK AIRWAYS	11	CGK	Kirgiska lýðveldið
DAMES	20	DAM	Kirgiska lýðveldið
EASTOK AVIA	15	EEA	Kirgiska lýðveldið
GOLDEN RULE AIRLINES	22	GRS	Kirgiska lýðveldið
ITEK AIR	04	IKA	Kirgiska lýðveldið
KYRGYZ TRANS AVIA	31	KTC	Kirgiska lýðveldið
KYRGYZSTAN	03	LYN	Kirgiska lýðveldið
KYRGYZSTAN AIRLINE	Óskráð	KGA	Kirgiska lýðveldið
MAX AVIA	33	MAI	Kirgiska lýðveldið
S GROUP AVIATION	6	SGL	Kirgiska lýðveldið
SKY GATE INTERNATIONAL AVIATION	14	SGD	Kirgiska lýðveldið
SKY WAY AIR	21	SAB	Kirgiska lýðveldið
TENIR AIRLINES	26	TEB	Kirgiska lýðveldið
TRAST AERO	05	TSJ	Kirgiska lýðveldið
VALOR AIR	07	VAC	Kirgiska lýðveldið
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu			**Líbería**
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Gabon, að undanskildum flugrekendunum Gabon Airlines, Afrijet og SN2AG, sem skráðir eru í viðauka B, þ.m.t.			**Lýðveldið Gabon**
AFRIC AVIATION		Óskráður	Lýðveldið Gabon
AIR SERVICES SA	004/MTAC/ANAC-G/DSA	RVS	Lýðveldið Gabon
AIR TOURIST (ALLEGIANCE)	007/MTAC/ANAC-G/DSA	LGE	Lýðveldið Gabon
NATIONALE ET REGIONALE TRANSPORT (NATIONALE)	008/MTAC/ANAC-G/DSA	NRG	Lýðveldið Gabon
SCD AVIATION	005/MTAC/ANAC-G/DSA	SCY	Lýðveldið Gabon
SKY GABON	009/MTAC/ANAC-G/DSA	SKG	Lýðveldið Gabon
SOLENTA AVIATION GABON	006/MTAC/ANAC-G/DSA	Óskráður	Lýðveldið Gabon
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Máritaníu, þ.m.t.			**Lýðveldið Máritanía**
MAURITANIA AIRWAYS		MTW	Lýðveldið Máritanía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Filippseyjum, þ.m.t.			**Lýðveldið Filippseyjar**
AEROWURKS AERIAL SPRAYING SERVICES	2010030	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AIR PHILIPPINES CORPORATION	2009006	GAP	Lýðveldið Filippseyjar
AIR WOLF AVIATION INC.	200911	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AIRTRACK AGRICULTURAL CORPORATION	2010027	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ASIA AIRCRAFT OVERSEAS PHILIPPINES INC.	4AN9800036	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AVIATION TECHNOLOGY INNOVATORS, INC.	4AN2007005	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AVIATOUR'S FLY'N INC.	200910	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AYALA AVIATION CORP.	4AN9900003	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
BEACON	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
BENDICE TRANSPORT MANAGEMENT INC.	4AN2008006	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CANADIAN HELICOPTERS PHILIPPINES INC.	4AN9800025	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CEBU PACIFIC AIR	2009002	CEB	Lýðveldið Filippseyjar
CHEMTRAD AVIATION CORPORATION	2009018	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CM AERO	4AN2000001	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CORPORATE AIR	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CYCLONE AIRWAYS	4AN9900008	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
FAR EAST AVIATION SERVICES	2009013	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
F.F. CRUZ AND COMPANY, INC.	2009017	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
HUMA CORPORATION	2009014	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
INAEC AVIATION CORP.	4AN2002004	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ISLAND AVIATION	2009009	SOY	Lýðveldið Filippseyjar
ISLAND TRANSVOYAGER	2010022	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
LION AIR, INCORPORATED	2009019	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
MACRO ASIA AIR TAXI SERVICES	2010029	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
MINDANAO RAINBOW AGRICULTURAL DEVELOPMENT SERVICES	2009016	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
MISIBIS AVIATION & DEVELOPMENT CORP	2010020	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
OMNI AVIATION CORP.	2010033	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
PACIFIC EAST ASIA CARGO AIRLINES, INC.	4AS9800006	PEC	Lýðveldið Filippseyjar
PACIFIC AIRWAYS CORPORATION	4AN9700007	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
PACIFIC ALLIANCE CORPORATION	4AN2006001	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
PHILIPPINE AIRLINES	2009001	PAL	Lýðveldið Filippseyjar
PHILIPPINE AGRICULTURAL AVIATION CORP.	4AN9800015	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ROYAL AIR CHARTER SERVICES INC.	2010024	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ROYAL STAR AVIATION, INC.	2010021	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SOUTH EAST ASIA INC.	2009004	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SOUTHSTAR AVIATION COMPANY, INC.	4AN9800037	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SPIRIT OF MANILA AIRLINES CORPORATION	2009008	MNP	Lýðveldið Filippseyjar
SUBIC INTERNATIONAL AIR CHARTER	4AN9900010	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SUBIC SEAPLANE, INC.	4AN2000002	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
TOPFLITE AIRWAYS, INC.	4AN9900012	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
TRANSGLOBAL AIRWAYS CORPORATION	2009007	TCU	Lýðveldið Filippseyjar
WORLD AVIATION, CORP.	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
WCC AVIATION COMPANY	2009015	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
YOKOTA AVIATION, INC.	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ZENITH AIR, INC.	2009012	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ZEST AIRWAYS INCORPORATED	2009003	RIT	Lýðveldið Filippseyjar
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Saó Tóme og Prinsípe, þ.m.t.			**Saó Tóme og Prinsípe**
AFRICA CONNECTION	10/AOC/2008	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
BRITISH GULF INTERNATIONAL COMPANY LTD	01/AOC/2007	BGI	Saó Tóme og Prinsípe
EXECUTIVE JET SERVICES	03/AOC/2006	EJZ	Saó Tóme og Prinsípe
GLOBAL AVIATION OPERATION	04/AOC/2006	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
GOLIAF AIR	05/AOC/2001	GLE	Saó Tóme og Prinsípe
ISLAND OIL EXPLORATION	01/AOC/2008	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
STP AIRWAYS	03/AOC/2006	STP	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSAFRIK INTERNATIONAL LTD	02/AOC/2002	TFK	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSCARG	01/AOC/2009	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSLIZ AVIATION (TMS)	02/AOC/2007	TMS	Saó Tóme og Prinsípe

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne, þ.m.t.			**Síerra Leóne**
AIR RUM, LTD	Óskráð	RUM	Síerra Leóne
DESTINY AIR SERVICES, LTD	Óskráð	DTY	Síerra Leóne
HEAVYLIFT CARGO	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
ORANGE AIR SIERRA LEONE LTD	Óskráð	ORJ	Síerra Leóne
PARAMOUNT AIRLINES, LTD	Óskráð	PRR	Síerra Leóne
SEVEN FOUR EIGHT AIR SERVICES LTD	Óskráð	SVT	Síerra Leóne
TEEBAH AIRWAYS	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan, þ.m.t.			**Lýðveldið Súdan**
SUDAN AIRWAYS	Óskráð	SUD	Lýðveldið Súdan
SUN AIR COMPANY	051	SNR	Lýðveldið Súdan
MARSLAND COMPANY	040	MSL	Lýðveldið Súdan
ATTICO AIRLINES	023	ETC	Lýðveldið Súdan
FOURTY EIGHT AVIATION	054	WHB	Lýðveldið Súdan
SUDANESE STATES AVIATION COMPANY	010	SNV	Lýðveldið Súdan
ALMAJARA AVIATION	Óskráð	MJA	Lýðveldið Súdan
BADER AIRLINES	035	BDR	Lýðveldið Súdan
ALFA AIRLINES	054	AAJ	Lýðveldið Súdan
AZZA TRANSPORT COMPANY	012	AZZ	Lýðveldið Súdan
GREEN FLAG AVIATION	017	Óskráður	Lýðveldið Súdan
ALMAJAL AVIATION SERVICE	015	MGG	Lýðveldið Súdan
NOVA AIRLINES	001	NOV	Lýðveldið Súdan
TARCO AIRLINES	056	Óskráður	Lýðveldið Súdan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Svasílandi, þ.m.t.			**Svasíland**
SWAZILAND AIRLINK	Óskráð	SZL	Svasíland
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Sambíu, þ.m.t.			**Sambía**
ZAMBEZI AIRLINES	Z/AOC/001/2009	ZMA	Sambía

VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS ([11])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og framleiðsluraðnúmer ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
AIR KORYO	GAC-AOC/KOR-01	KOR	Norður-Kórea (DPRK)	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni Tu-204	Öll loftför, að undanskildum: P-632, P-633	Norður-Kórea (DPRK)
AFRIJET [1]	002/MTAC/ANAC-G/DSA		Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni Falcon 50 og tveimur loftförum af gerðinni Falcon 900	Öll loftför, að undanskildum: TR-LGV, TR-LGY, TR-AFJ, TR-AFR	Lýðveldið Gabon
AIR ASTANA ([2])	AK-0388-09	KZR	Kasakstan	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni B767, fjórum loftförum af tegundinni B757, tíu loftförum af tegundinni A319/320/321 og fimm loftförum af tegundinni Fokker 50	Öll loftför, að undanskildum: P4-KCA, P4-KCB, P4-EAS, P4-FAS, P4-GAS, P4-MAS, P4-NAS, P4-OAS, P4-PAS, P4-SAS, P4-TAS, P4-UAS, P4-VAS, P4-WAS, P4-YAS, P4-XAS, P4-HAS, P4-IAS, P4-JAS, P4-KAS, P4-LAS	Arúba (Konungsríkið Holland)
AIRLIFT INTERNATIONAL (GH) LTD	AOC 017	ALE	Lýðveldið Gana	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni DC8-63F	Öll loftför, að undanskildum: 9G-TOP og 9G-RAC	Lýðveldið Gana
AIR SERVICE COMORES	06-819/TA-15/DGACM	KMD	Kómoreyjar	Öll loftför, að undanskildu: LET 410 UVP	Öll loftför, að undanskildu: D6-CAM (851336)	Kómoreyjar
GABON AIRLINES ([3])	001/MTAC/ANAC	GBK	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildu: einu loftfari af tegundinni Boeing B-767-200	Öll loftför, að undanskildu: TR-LHP	Lýðveldið Gabon

([11]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýttu flugréttindi með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur væru uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og framleiðsluraðnúmer ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
IRAN AIR ([4])	FS100	IRA	Íslamska lýðveldið Íran	Öll loftför, að undanskildum: 14 loftförum af tegundinni A300, átta loftförum af tegundinni A310, einu loftfari af tegundinni B737	Öll loftför, að undanskildum: EP-IBA EP-IBB EP-IBC EP-IBD EP-IBG EP-IBH EP-IBI EP-IBJ EP-IBM EP-IBN EP-IBO EP-IBS EP-IBT EP-IBV EP-IBX EP-IBZ EP-ICE EP-ICF EP-IBK EP-IBL EP-IBP EP-IBQ EP-AGA	Íslamska lýðveldið Íran
NOUVELLE AIR AFFAIRES GABON (SN2AG)	003/MTAC/ANAC-G/DSA	NVS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildu: einu loftfari af tegundinni Challenger CL601 og einu loftfari af tegundinni HS-125-800	Öll loftför, að undanskildum: TR-AAG, ZS-AFG	Lýðveldið Gabon, Lýðveldið Suður-Afríka
TAAG ANGOLA AIRLINES	001	DTA	Lýðveldið Angóla	Öll loftför, að undanskildum: þremur loftförum af tegundinni Boeing B-777 og fjórum loftförum af tegundinni B-737-700	Öll loftför, að undanskildum: D2-TED, D2-TEE, D2-TEF, D2-TBF, D2, TBG, D2-TBH, D2-TBJ	Lýðveldið Angóla
UKRAINIAN MEDITERRANEAN	164	UKM	Úkraína	Öll loftför að undanskildu einu loftfari af tegundinni MD-83	Öll loftför, að undanskildu: UR-CFF	Úkraína

([1]) Flugrekandanum Afrijet er einungis heimilt að nota það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópusambandsins.
([2]) Flugrekandanum Air Astana er einungis heimilt að starfrækja það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópusambandsins.
([3]) Flugrekandanum Gabon Airlines er einungis heimilt að nota það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópubandalagsins.
([4]) Flugrekandanum Iran Air er einungis heimilt að starfrækja flug til Evrópusambandsins með því loftfari sem tilgreint er samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í 69. forsendu reglugerðar (ESB) nr. 590/2010, Stjtíð. ESB L 170, 6.7.2010, bls. 15.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/24/EB 2011/EES/55/06

frá 23. apríl 2009

um lögvernd fyrir tölvuforrit (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 91/250/EBE frá 14. maí 1991 um lögvernd fyrir tölvuforrit ([3]) hefur verið breytt ([4]). Fyrir skýrleika sakir og til hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Þróun tölvuforrita krefst mikillar fjárfestingar í þekkingu, tækni og búnaði en unnt er að afrita forrit fyrir brot af þeim kostnaði sem fer í að þróa þau á sjálfstæðan hátt.

3) Tölvuforrit gegna stöðugt mikilvægara hlutverki í margvíslegri iðnaðarframleiðslu og því má telja tölvuforritunartækni grundvallarforsendu fyrir þróun iðnaðar innan Bandalagsins.

4) Ýmiss konar ósamræmi í lögvernd tölvuforrita milli aðildarríkja hefur bein og neikvæð áhrif á starfsemi innri markaðarins að því er varðar tölvuforrit.

5) Leiðrétta þarf ósamræmi sem nú ríkir og koma í veg fyrir frekara ósamræmi sem hefði neikvæð áhrif en óþarft er að leiðrétta eða koma í veg fyrir ósamræmi sem hefur ekki umtalsverð neikvæð áhrif á starfsemi hins innri markaðar.

6) Því telst það fullnægjandi fyrst um sinn að lög Bandalagsins takmarkist við að kveða á um að aðildarríkin veiti tölvuforritum lögvernd á grundvelli höfundarréttar eins og um bókmenntaverk væri að ræða og kveða þar að auki á um hverjir og hvað skuli njóta verndar, hvaða einkaréttindi til að leyfa eða banna tilteknar aðgerðir sú vernd eigi að fela í sér og hve lengi hún eigi að gilda.

7) Í þessari tilskipun nær hugtakið „tölvuforrit“ til allra gerða forrita, þ.m.t. þeirra sem hafa verið sameinuð vélbúnaði. Hugtakið tekur líka til undirbúnings- og hönnunarvinnu sem leiðir til þróunar tölvuforrits, að því tilskildu að vinnan geti leitt til tölvuforrits síðar.

8) Þær viðmiðanir sem liggja til grundvallar því hvort tölvuforrit er frumverk eða ekki mega ekki byggjast á mati á gæðum þess eða listrænu gildi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 111, 5.5.2009, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XVII viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37, 30.6.2011, bls. 47.

([1]) Stjtíð. ESB C 204, 9.8.2008, bls. 24.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 17. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum ESB*) og ákvörðun ráðsins frá 23. mars 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 122, 17.5.1991, bls. 42.

([4]) Sjá A-hluta I. viðauka.

9) Bandalagið vill eindregið stuðla að framgangi alþjóðlegra staðla.

10) Tölvuforrit eru notuð ásamt öðrum íhlutum í tölvukerfi og í samstarfi við notendur; til að slík starfsemi sé möguleg er nauðsynlegt að hanna og tengja hug- og vélbúnað þannig að hann hæfi þessum rekstri og samstarfi eins og til er ætlast. Þeir þættir í tölvuforriti sem veita slíka samtengingu og samverkun milli hug- og vélbúnaðar ganga yfirleitt undir nafninu „skilflötur“. Með hugtakinu „rekstrarsamhæfi“ er átt við raunverulega samtengingu og samverkun kerfa. Skilgreina má rekstrarsamhæfi sem getu kerfanna til að skiptast á upplýsingum og vinna sameiginlega úr þeim.

11) Til að taka af allan vafa skal það koma skýrt fram að einungis framsetning tölvuforrits er vernduð en hugmyndir eða grundvallarforsendur sem liggja þar að baki, þar með talið þær sem skilfletir þess byggjast á, njóta ekki höfundarréttar samkvæmt tilskipun þessari. Í samræmi við þessa meginreglu höfundarréttar njóta rökrænar aðferðir, reiknireglur og forritunarmál, að svo miklu leyti sem þau flokkast undir hugmyndir og grundvallarforsendur, ekki verndar samkvæmt tilskipun þessari. Samkvæmt lögum og dómaframkvæmd aðildarríkjanna og alþjóðlegum höfundarréttarsamningum er það framsetning hugmyndanna og grundvallarforsendanna sem ber að vernda með höfundarrétti.

12) Hugtakið „leiga“ í þessari tilskipun merkir veitingu afnotaréttar af forriti eða afriti af því í hagnaðarskyni til tiltekins tíma. Þetta hugtak tekur ekki til útleigu til almennings og verður hún þannig áfram utan gildissviðs tilskipunar þessarar.

13) Þörf er á því að réttur höfunda tölvuforrita til að koma í veg fyrir afritun verka sinna sé takmarkaður að því leyti að unnt sé að heimila þeim sem aflar sér forrits með löglegum hætti afritun sem af tæknilegum ástæðum er nauðsynleg svo að nota megi forritið. Af þessu leiðir að óheimilt er að banna samkvæmt samningi afritun og keyrslu forrits, sem aflað hefur verið með löglegum hætti eins og nauðsynlegt er til að nota forritið, svo og leiðréttingar á því. Sé ekki kveðið á um annað í samningi, þar með talið þegar afrit af forritinu er selt, er þeim sem aflar sér forritsins með löglegum hætti heimilt í þessum tilgangi að framkvæma allar aðgerðir sem nauðsynlegar teljast svo að nota megi forritið.

14) Ekki er rétt að banna þeim sem hefur rétt til að nota tölvuforrit þær aðgerðir sem nauðsynlegar teljast til að skoða, kynna sér eða kanna hvernig forritið virkar, að því tilskildu að þessar aðgerðir brjóti ekki í bága við höfundarréttinn.

15) Óheimil afritun, þýðing, aðlögun eða breyting á framsetningu afrits af tölvuforriti í því formi sem aðrir hafa aðgang að telst brot á einkarétti höfundarins. Eigi að síður geta komið upp aðstæður sem krefjast þess að forrit verði afrituð og þýdd á annað form til að fá þær upplýsingar sem þörf er á fyrir rekstrarsamhæfi utanaðkomandi forrits með öðrum forritum. Af þessum sökum er nauðsynlegt, við þessar sérstöku aðstæður eingöngu, að álíta að þeim sem hefur rétt til að nota afrit af tölvuforriti sé heimilt samkvæmt lögum og góðum viðskiptavenjum að afrita eða þýða forrit án þess að fá samþykki rétthafa. Tilgangur þessarar undanþágu er að gera mönnum kleift að tengja alla íhluti tölvukerfis, þ.m.t. íhluti frá ólíkum framleiðendum, svo unnt verði að nota þá saman. Óheimilt er að beita þessari undanþágu þannig að hún skaði löglega hagsmuni rétthafans eða stríði gegn eðlilegri hagnýtingu forritsins.

16) Vernd tölvuforrita samkvæmt höfundarétti skal ekki koma í veg fyrir annars konar vernd, þegar við á. Samningsákvæði sem stríða gegn ákvæðum þessarar tilskipunar um sundrun eða gegn undanþágum, sem þessi tilskipun kveður á um að því er varðar gerð öryggisafrita eða athuganir, rannsóknir og prófanir á virkni forrits, hafa þó ekkert gildi.

17) Ákvæði þessarar tilskipunar eru með fyrirvara um beitingu samkeppnisreglna skv. 81. og 82. gr. sáttmálans ef birgir með yfirburðastöðu á markaðnum neitar að láta af hendi upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna rekstrarsamhæfis eins og það er skilgreint í þessari tilskipun.

18) Ákvæði tilskipunar þessarar gilda með fyrirvara um sérstök skilyrði í áður samþykktum lögum Bandalagsins varðandi birtingu upplýsinga um skilfleti á fjarskiptasviði eða ákvarðanir ráðsins um stöðlun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta.

19) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á undanþágur sem kveðið er á um í landslögum í samræmi við Bernarsáttmálann og snerta atriði sem ekki er fjallað um í þessari tilskipun.

20) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar, sem eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Verk sem njóta verndar

1. Aðildarríkjum ber að veita tölvuforritum vernd í samræmi við ákvæði tilskipunar þessarar eins og um bókmenntaverk í skilningi Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum væri að ræða. Í þessari tilskipun tekur heitið „tölvuforrit“ líka til undirbúnings- og hönnunarvinnu við gerð tölvuforrita.

2. Vernd sem veitt er samkvæmt þessari tilskipun tekur til tölvuforrits í hvers kyns framsetningu þess. Hugmyndir og grundvallarforsendur sem liggja að baki einstökum þáttum í forritinu, þar með talið þær sem skilfletir þess byggjast á, njóta ekki verndar sem hugverk samkvæmt þessari tilskipun.

3. Tölvuforrit sem er frumhugverk höfundarins skal njóta verndar. Óheimilt er að setja önnur skilyrði fyrir vernd þess.

4. Auk þess ná ákvæði tilskipunar þessarar til forrita sem hönnuð voru fyrir 1. janúar 1993, með fyrirvara um gerðir sem samþykktar voru og réttindi sem tilkomin voru fyrir þann tíma.

2. gr.

Höfundarréttur yfir tölvuforritum

1. Einstaklingur eða hópur einstaklinga, sem hefur hannað tölvuforrit eða, sé það heimilt samkvæmt lögum aðildarríkis, lögaðili, sem tilnefndur hefur verið rétthafi þess, telst höfundur tölvuforrits.

Viðurkenni lög aðildarríkis samstarfsverkefni af þessu tagi telst sá einstaklingur sem álitið er að hafi hannað forritið samkvæmt lögum vera höfundur þess.

2. Þegar um er að ræða tölvuforrit sem nokkrir einstaklingar hafa hannað í sameiningu skulu þeir eiga einkaréttinn sameiginlega.

3. Þegar starfsmaður fyrirtækis hefur hannað tölvuforrit í starfi sínu eða samkvæmt fyrirmælum vinnuveitandans, hefur vinnuveitandinn einn og sér einkarétt til forritsins sem hannað var með þessu móti, nema samningur kveði á um annað.

3. gr.

Rétthafar sem njóta verndar

Veita ber öllum einstaklingum eða lögaðilum, sem rétt eiga á, vernd samkvæmt landslögum um höfundarrétt fyrir bókmenntaverk.

4. gr.

Aðgerðir sem takmarkaðar eru

1. Með fyrirvara um ákvæði 5. gr. og 6. gr. hefur einkarétthafi í skilningi 2. gr. rétt til að annast eða heimila eftirfarandi:

a) afritun tölvuforrits, til bráðabirgða eða til frambúðar, með hvaða móti sem er og í hverju formi sem er, í heild eða að hluta. Ef afritunar er þörf til að hlaða inn, kalla fram, keyra, flytja eða vista forritið er hún einungis heimil með leyfi rétthafa,

b) þýðingu, aðlögun, uppröðun eða aðra breytingu á tölvuforriti og afritun á afrakstri þessarar vinnu, án þess að það brjóti í bága við réttindi þess sem breytir forritinu,

c) alls konar dreifingu upprunalegs forrits eða afrita af því til almennings, þar með talin leiga.

2. Þegar rétthafinn, eða einhver í hans nafni, setur fyrsta eintak af forritinu í sölu í Bandalaginu tæmist rétturinn til einkadreifingar innan Bandalagsins, að frátöldum rétti til að ráða frekari leigu á forritinu eða afritun af því.

5. gr.

Undanþágur frá takmörkun aðgerða

1. Kveði samningur ekki sérstaklega á um annað er óþarft að sækja um leyfi rétthafans fyrir þeim aðgerðum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 4. gr. séu þær nauðsynlegar þeim sem aflar sér forrits með löglegum hætti til notkunar tölvuforritsins eins og til er ætlast, þar með talið til að gera leiðréttingar.

2. Óheimilt er að banna með samningi öryggisafritun af forriti þeim sem hefur rétt til að nota það og að því marki sem það er nauðsynlegt fyrir notkun forritsins.

3. Einstaklingur sem hefur rétt til að nota afrit af forriti hefur líka rétt, án heimildar rétthafa, til að skoða, kynna sér eða kanna hvernig forrit virkar til að komast að þeim hugmyndum og grundvallarforsendum sem liggja þar að baki ef það er gert á meðan hann er að hlaða inn, kalla fram, keyra, flytja eða vista forritið með löglegum hætti.

6. gr.

Aðlögun forrita

1. Óþarft er að fá leyfi rétthafans þegar afritun forrits og þýðing þess í skilningi a- og b-liðar 1. mgr. 4. gr. er óhjákvæmileg til að fá þær upplýsingar sem þörf er á fyrir rekstrarsamhæfi utanaðkomandi forrits með öðrum forritum, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) að það sé gert af framsalshafa eða öðrum einstaklingi sem hefur rétt til að nota afrit af forriti eða fyrir þeirra hönd af einstaklingi í umboði þeirra;

b) að þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir rekstrarsamhæfi hafi ekki verið látnar þeim einstaklingum sem um getur í a-lið í té og

c) að aðgerðirnar takmarkist við þá hluta upprunalega forritsins sem nauðsynlegir eru fyrir rekstrarsamhæfi.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki verða til þess að upplýsingar, sem þannig eru fengnar:

a) verði notaðar í öðrum tilgangi en til að ná rekstrarsamhæfi hins utanaðkomandi forrits;

b) verði látnar öðrum í té, nema þegar það er nauðsynlegt fyrir rekstrarsamhæfi utanaðkomandi forrits eða

c) verði notaðar við þróun, framleiðslu eða markaðssetningu annars tölvuforrits sem er að verulegu leyti líkt í framsetningu og formi, eða á hvern þann hátt sem kann að brjóta í bága við höfundarrétt.

3. Í samræmi við ákvæði Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum er óheimilt að túlka ákvæði þessarar greinar á þann hátt að beiting þeirra skaði réttmæta hagsmuni rétthafans eða stríði gegn eðlilegri hagnýtingu tölvuforritsins.

7. gr.

Sérstakar verndarráðstafanir

1. Með fyrirvara um ákvæði 4., 5. og 6. gr. ber aðildarríkjunum að kveða í landslögum sínum á um viðeigandi úrræði gagnvart þeim sem sekir eru um athæfi er um getur hér á eftir:

a) setja í umferð afrit af tölvuforriti en vita, eða hafa ástæðu til að ætla, að afritið sé ólöglegt;

b) hafa í fórum sínum og hyggjast nota í hagnaðarskyni afrit af tölvuforriti en vita, eða hafa ástæðu til að ætla, að afritið sé ólöglegt;

c) setja í umferð eða hafa í fórum sínum og hyggjast nota í hagnaðarskyni hvaða búnað sem er, sem einungis miðar að því að auðvelt verði að sneiða hjá eða fjarlægja með ólöglegum hætti tæknibúnað sem notaður hefur verið til að vernda tölvuforrit.

2. Heimilt er að gera upptækt ólöglegt afrit af tölvuforriti í samræmi við lög í viðkomandi aðildarríki.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að setja ákvæði sem heimila að búnaður, eins og um getur í c-lið 1. mgr., verði gerður upptækur.

8. gr.

Önnur ákvæði sem gilda áfram

Ákvæði tilskipunar þessarar eru með fyrirvara um önnur lagaákvæði t.d. um einkaleyfi, vörumerki, óréttmæta viðskiptahætti, viðskiptaleyndarmál, vernd hálfleiðaravara eða samningalaga.

Hvers kyns ákvæði í samningum sem brjóta í bága við 6. gr. eða þær undantekningar sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 5. gr. eru ógild.

9. gr.

Miðlun upplýsinga

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

10. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 91/250/EBE, eins og henni var breytt með tilskipuninni sem er tilgreind í A-hluta I. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar tilskipananna, sem eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

11. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

12. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 23. apríl 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti	*forseti*
H.-G. PÖTTERING	P. NEČAS

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með breytingum

(sem um getur í 10. gr.)

Tilskipun ráðsins 91/250/EBE
(Stjtíð. EB L 122, 17.5.1991, bls. 42)

Tilskipun ráðsins 93/98/EBE — Eingöngu 1. mgr. 11. gr.
(Stjtíð. EB L 290, 24.11.1993, bls. 9)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 10. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
91/250/EBE	31. desember 1992
93/98/EBE	30. júní 1995

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 91/250/EBE	Þessi tilskipun
1., 2. og 3. mgr. 1. gr.	1., 2. og 3. mgr. 1. gr.
Fyrsti málsliður 1. mgr. 2. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 2. gr.
Annar málsliður 1. mgr. 2. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 2. gr.
2. og 3. mgr. 2. gr.	2. og 3. mgr. 2. gr.
3. gr.	3. gr.
Inngangsorð 4. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 4. gr.
a-liður 4. gr.	a-liður 1. mgr. 4. gr.
b-liður 4. gr.	b-liður 1. mgr. 4. gr.
Fyrsti málsliður c-liðar 4. gr.	c-liður 1. mgr. 4. gr.
Annar málsliður c-liðar 4. gr.	2. mgr. 4. gr.
5., 6. og 7. gr.	5., 6. og 7. gr.
Fyrsti málsliður 1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 8. gr.
Annar málsliður 1. mgr. 9. gr.	2. mgr. 8. gr.
2. mgr. 9. gr.	4. mgr. 1. gr.
1. mgr. 10. gr.	—
2. mgr. 10. gr.	9. gr.
—	10. gr.
—	11. gr.
11. gr.	12. gr.
—	I. viðauki
—	II. viðauki

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/137/EB **2011/EES/55/07**

frá 10. nóvember 2009

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB um mælitæki með hliðsjón af nýtingu mestu leyfðu skekkna að því er varðar viðaukana MI-001 til MI-005 fyrir sérstök tæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB frá 31. mars 2004 um mælitæki ([1]), einkum 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2004/22/EB eru samræmdar kröfur að því er varðar að setja á markað og/eða að taka í notkun mælitæki með mælihlutverk sem skilgreind eru í viðaukum MI-001 til MI-010 fyrir sérstök tæki. Mælitæki skulu uppfylla grunnkröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka og í viðeigandi viðauka fyrir sérstök tæki.

2) Í viðaukunum fyrir sérstök tæki í tilskipun 2004/22/EB eru kröfur sem eru aðlagaðar að mismunandi gerðum mælitækja. Í þessum kröfum eru sértæk ákvæði um leyfilegar skekkjur til að tryggja nákvæmni og hæfni mælitækjanna og til að ábyrgjast að mæliskekkja við málnotkunarskilyrði og þegar engin truflun er til staðar sé ekki meiri en mesta leyfða skekkja (MPE).

3) Þar sem nýjar forskriftir hafa verið þróaðar, að því er varðar gasmæla og búnað til að umreikna rúmmál, gætu kröfurnar í lið 2.1 í viðauka MI-002, sem eru mjög sértækar, hamlað tækniframförum og nýsköpun og hindrað frjálsa dreifingu gasmæla. Því er rétt að nýjar, almennari nothæfiskröfur komi í þeirra stað.

4) Í lið 7.3 í I. viðauka við tilskipun 2004/22/EB er mælt fyrir um almenna vörn, að því er varðar mælitæki sem mæla veituþjónustu, gegn óhóflega einhliða skekkjum utan ætlaðs notkunarsviðs. Reynslan hefur þó sýnt að til þess að tryggja að mælitæki nýti sér ekki mestu leyfðu skekkju eða hygli kerfisbundið tilteknum aðila í viðskiptunum er nauðsynlegt að krefjast varnar gegn óhóflega einhliða skekkjum innan ætlaðs notkunarsviðs þessara mælitækja.

5) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([2]) eru aðildarríkin hvött til að taka saman og birta, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

6) Því ber að breyta tilskipun 2004/22/EB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um mælitæki sem komið var á fót skv. 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2004/22/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukunum MI-001 til MI-005 fyrir sérstök tæki við tilskipun 2004/22/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. desember 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júní 2011.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 294, 11.11.2009, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 28.7.2011, bls. 4.

([1]) Stjtíð. ESB L 135, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Günter VERHEUGEN

varaforseti

VIÐAUKI

Tilskipun 2004/22/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður 6a bætist við í þættinum „Mesta leyfða skekkja“ í sérstökum kröfum í viðauka MI-001:

„6a. Mælirinn skal ekki nýta mestu leyfðu skekkjur eða hygla tilteknum aðila kerfisbundið.“

2. Viðauka MI-002 er breytt sem hér segir:

a) Í stað málsgreinarinnar undir töflunni í lið 2.1 í I. hluta komi eftirfarandi:

„Gasmælirinn skal ekki nýta mestu leyfðu skekkjur eða hygla tilteknum aðila kerfisbundið.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist aftan við athugasemdina í 8. lið í II. hluta:

„Búnaður til að umreikna rúmmál skal ekki nýta mestu leyfðu skekkjur eða hygla tilteknum aðila kerfisbundið.“

3. Eftirfarandi málsgrein bætist við 3. lið í sérstökum kröfum í viðauka MI-003:

„Mælirinn skal ekki nýta mestu leyfðu skekkjur eða hygla tilteknum aðila kerfisbundið.“

4. Eftirfarandi málsgrein bætist við 3. lið í sérstökum kröfum í viðauka MI-004:

„Fullbúinn varmaorkumælir skal ekki nýta mestu leyfðu skekkjur eða hygla tilteknum aðila kerfisbundið.“

5. Eftirfarandi liður 2.8 bætist við 2. lið í sérstökum kröfum í viðauka MI-005:

„2.8. Mælikerfið skal ekki nýta mestu leyfðu skekkjur eða hygla tilteknum aðila kerfisbundið.“

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 **2011/EES/55/08**

um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Frjálsir flutningar öruggra og heilnæmra matvæla er ein af grunnstoðum innri markaðarins og stór þáttur í því að vernda heilbrigði og velsæld borgaranna og félagslega og efnahagslega hagsmuni þeirra.

2) Við framkvæmd stefnumála Bandalagsins ber að tryggja víðtæka vernd fyrir líf og heilbrigði manna.

3) Til að vernda heilbrigði manna skal meta öryggi aukefna, ensíma og bragðefna til notkunar í matvæli til manneldis áður en þau eru sett á markað í Bandalaginu.

4) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([3]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum ([4]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli ([5]) (hér á eftir nefndar sérreglur um matvæli) (e. sectoral food laws) er mælt fyrir um samræmdar viðmiðanir og kröfur varðandi mat á þessum efnum og leyfi fyrir þeim.

5) Einkum og sér í lagi er ráðgert að ekki megi setja matvælaaukefni, matvælaensím og matvælalitarefni, að því marki sem öryggi matvælalitarefna skal metið í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 (um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli), á markað eða nota þau í matvæli til manneldis, í samræmi við skilyrði sem mælt er fyrir um í sérreglum á hverju matvælasviði fyrir sig (e. each sectoral food law), nema þau séu tilgreind á skrá Bandalagsins yfir leyfð efni.

6) Til þess að viðhalda tiltrú neytenda skiptir mjög miklu máli að tryggja gagnsæi við framleiðslu og meðhöndlun matvæla.

7) Í þessu samhengi er rétt að fastsetja sameiginlega málsmeðferð Bandalagsins við mat og leyfisveitingu, að því er varðar þessa þrjá flokka efna, sem er skilvirk, með tímamörkum og gagnsæ, til þess að greiða fyrir frjálsum flutningum þeirra á markað í Bandalaginu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 28.7.2011, bls. 6.

([1]) Stjtíð. ESB C 168, 20.7.2007, bls. 34.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 10. júlí 2007 (Stjtíð. ESB C 175 E, 10.7.2008, bls. 134), sameiginleg afstaða ráðsins frá 10. mars 2008 (Stjtíð. ESB C 111 E, 6.5.2008, bls. 1), afstaða Evrópuþingsins frá 8. júlí 2008 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*) og ákvörðun ráðsins frá 18. nóvember 2008.

([3]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([4]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 7.

([5]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

8) Þessi sameiginlega málsmeðferð verður að grundvallast á meginreglum um góða stjórnsýslu og réttarvissu og skal framkvæmd í samræmi við þessar meginreglur.

9) Með þessari reglugerð er þannig lokið við reglurammann sem varðar veitingu leyfa fyrir efnunum með því að fastsetja hin ýmsu stig í málsmeðferðinni, fresti fyrir þessi stig, hlutverk hlutaðeigandi aðila og þær meginreglur sem gilda. Að því er varðar nokkra þætti málsmeðferðarinnar er samt sem áður nauðsynlegt að taka tillit til séreinkenna sérreglna á hverju matvælasviði fyrir sig.

10) Í þeim frestum sem mælt er fyrir um í málsmeðferðinni er tekið tillit til tímans sem það tekur að vega og meta þær mismunandi viðmiðanir sem eru fastsettar í sérreglum á hverju matvælasviði fyrir sig ásamt því að veittur er nægur tími til samráðs þegar drög að ráðstöfunum eru samin. Níu mánaða fresturinn, sem framkvæmdastjórnin hefur til þess að leggja fram drög að reglugerð til að uppfæra skrá Bandalagsins, skal m.a. ekki útiloka að slíkt sé gert á skemmri tíma.

11) Við móttöku umsóknar skal framkvæmdastjórnin hefja málsmeðferðina eins fljótt og unnt er eftir að mat hefur verið lagt á gildi og nothæfni umsóknarinnar og, ef nauðsyn krefur, leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([6]).

12) Í samræmi við rammann fyrir áhættumat vegna öryggis matvæla, sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 178/2002, skal, áður en leyfi til að setja efni á markað er veitt, fara fram mjög vandað, óháð, vísindalegt mat um þá áhættu sem þau skapa fyrir heilbrigði manna. Á eftir þessu mati, sem skal unnið á ábyrgð Matvælaöryggisstofnunarinnar, skal framkvæmdastjórnin taka áhættustjórnunarákvörðun samkvæmt reglunefndarmeðferð sem tryggir náið samstarf milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna.

13) Veita skal leyfi til að setja efnin á markað samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að viðmiðanir fyrir leyfisveitingu, sem mælt er fyrir um samkvæmt sérreglum um matvæli, séu uppfylltar.

([6]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

14) Það er viðurkennt að í sumum tilvikum er ekki unnt með vísindalegu áhættumati einu og sér að leiða í ljós allar upplýsingar sem þarf til að taka ákvörðun um áhættustjórnun og að lögmætt sé að taka tillit til annarra þátta sem skipta máli í þessu tilliti, þ.m.t. þættir er varða samfélagsmál, efnahagsmál, hefðir, siðfræði og umhverfi og hvort koma megi við eftirliti.

15) Til þess að tryggja að bæði rekstraraðilar á viðkomandi sviðum og almenningur fái upplýsingar um leyfi sem eru í gildi skulu leyfð efni tilgreind í skrá Bandalagsins sem framkvæmdastjórnin skal taka saman, viðhalda og birta.

16) Eftir því sem við á og við tilteknar aðstæður er það heimilt að í sértækum sérreglum um matvæli sé kveðið á um vernd vísindagagna og annarra upplýsinga, sem umsækjandi leggur fram, í tiltekinn tíma. Í því tilviki skal í sérreglum um matvæli mæla fyrir um það við hvaða skilyrði ekki sé heimilt að nota þessi gögn í þágu annars umsækjanda.

17) Netsamstarf Matvælaöryggisstofnunarinnar og þeirra stofnana í aðildarríkjunum sem starfa á sviðum sem falla undir hlutverk Matvælaöryggisstofnunarinnar er eitt helsta grundvallaratriðið í starfrækslu stofnunarinnar. Þess vegna er Matvælaöryggisstofnunni heimilt að nota netkerfið, sem er henni aðgengilegt skv. 36. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2230/2004 ([7]), þegar hún undirbýr álit sitt.

18) Sameiginleg málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir efnin skal uppfylla kröfur um gagnsæi og upplýsingar til almennings en um leið tryggja rétt umsækjanda til að viðhalda trúnaðarkvöðum á tilteknum upplýsingum.

19) Til þess að vernda samkeppnisstöðu umsækjanda skal gæta þess að viðhalda trúnaðarkvöðum varðandi tiltekna þætti umsóknar. Upplýsingar sem eru í tengslum við öryggi efnis, þ.m.t. en ekki eingöngu í tengslum við eiturefnafræðilegar rannsóknir, aðrar öryggisrannsóknir og óunnin gögn sem slík, skulu þó ekki undir neinum kringumstæðum teljast trúnaðarmál.

20) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 178/2002 gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ([8]) um skjöl í vörslu Matvælaöryggisstofnunarinnar.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2230/2004 frá 23. desember 2004 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar net stofnana sem starfa á sviðum sem falla undir hlutverk Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 379, 24.12.2004, bls. 64)

([8]) Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

21) Í reglugerð (EB) nr. 178/2002 er kveðið á um málsmeðferð varðandi neyðarráðstafanir sem grípa þarf til í tengslum við matvæli og fóður sem eru upprunnin í Bandalaginu eða flutt inn frá þriðja landi. Þessi málsmeðferð veitir framkvæmdastjórninni heimild til að grípa til slíkra ráðstafana við aðstæður þar sem líklegt er að matvæli hafi í för með sér alvarlega hættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið og þar sem ekki er unnt að afmarka hættuna á fullnægjandi hátt með ráðstöfunum viðkomandi aðildarríkis eða -ríkja.

22) Til að auka skilvirkni og einfalda löggjöf skal gera rannsókn á því til meðallangs tíma hvort rýmka skuli gildissvið sameiginlegu málsmeðferðarinnar þannig að hún nái yfir aðra löggjöf á sviði matvæla.

23) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar sökum þess að landslög og ákvæði eru mismunandi og þeim verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

24) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([9]).

25) Einkum skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að uppfæra skrár Bandalagsins. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum sérreglna á hverju matvælasviði fyrir sig, m.a. með því að bæta við þá nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

26) Með skírskotun til skilvirkni skal venjulegur frestur fyrir reglunefndarmeðferð með grannskoðun styttur að því er varðar það að bæta efnum við skrá Bandalagsins og til þess að bæta við, fjarlægja eða breyta skilyrðum, nákvæmri skilgreiningu eða takmörkunum í tengslum við tilvist efnis á skrá Bandalagsins.

27) Ef málefnið er svo brýnt að ekki reynist unnt að virða hefðbundinn frest í tengslum við reglunefndarmeðferð með grannskoðun skal framkvæmdastjórnin geta beitt flýtimeðferðinni, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, til að fjarlægja efni af skrá Bandalagsins og til þess að bæta við, fjarlægja eða breyta skilyrðum, nákvæmri skilgreiningu eða takmörkunum í tengslum við tilvist efnis á skrá Bandalagsins.

([9]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENNAR MEGINREGLUR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sameiginlega málsmeðferð (hér á eftir nefnd sameiginleg málsmeðferð) fyrir mat á og leyfi fyrir matvælaaukefnum, matvælaensímum, matvælalitarefnum og grunnefnum matvælalitarefna ásamt innihaldsefnum matvæla með bragðgefandi eiginleikum, sem eru notuð eða sem ætlunin er að nota í eða á matvæli (hér á eftir nefnd efni), sem stuðlar að frjálsum flutningum á matvælum innan Bandalagsins og öflugri heilbrigðis- og neytendavernd, þ.m.t. að vernda hagsmuni neytenda. Reglugerðin gildir ekki um reykbragðefni sem falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2065/2003 frá 10. nóvember 2003 um reykbragðefni sem eru notuð eða eru ætluð til notkunar í eða á matvælum ([10]).

2. Í sameiginlegu málsmeðferðinni skal mæla fyrir um tilhögun við að uppfæra skrána yfir efni sem heimilt er að setja á markað í Bandalaginu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1333/2008 (um aukefni í matvælum), reglugerð (EB) nr. 1332/2008 (um ensím í matvælum) og reglugerð (EB) nr. 1334/2008 (um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli) (hér á eftir nefnd sérreglur um matvæli).

3. Í sérreglum á hverju matvælasviði fyrir sig er mælt fyrir um viðmiðanir fyrir færslu efna á skrá Bandalagsins, sem kveðið er á um í 2. gr., um inntak reglugerðarinnar sem um getur í 7. gr. og, eftir atvikum, um bráðabirgðaákvæði sem varða yfirstandandi málsmeðferð.

2. gr.

Skrá Bandalagsins yfir efni

1. Samkvæmt sérreglum á hverju matvælasviði fyrir sig skal færa efni, sem leyft hefur verið að setja á markað í Bandalaginu, á skrá en inntak skrárinnar ákvarðast af umræddum lögum (hér á eftir nefnd skrá Bandalagsins). Framkvæmdastjórnin skal uppfæra skrá Bandalagsins. Hún skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

2. Að „uppfæra skrá Bandalagsins“ merkir:

a) að bæta við efni á skrá Bandalagsins,

b) að fjarlægja efni af skrá Bandalagsins,

([10]) Stjtíð. ESB L 309, 26.11.2003, bls. 1.

c) að bæta við, fjarlægja eða breyta skilyrðum, nákvæmri skilgreiningu eða takmörkunum í tengslum við tilvist efnis á skrá Bandalagsins.

II. KAFLI

SAMEIGINLEG MÁLSMEÐFERÐ

3. gr.

Helstu stig sameiginlegu málsmeðferðarinnar

1. Heimilt er að hefja sameiginlega málsmeðferð til að uppfæra skrá Bandalagsins, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar. Aðildarríki eða hagsmunaaðili, sem getur komið fram fyrir hönd nokkurra hagsmunaaðila, getur lagt fram umsóknir í samræmi við skilyrðin sem kveðið er á um í framkvæmdarráðstöfununum sem um getur í a-lið 1. mgr. 9. gr. (hér á eftir nefndur umsækjandi). Umsóknir skal senda til framkvæmdastjórnarinnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) sem skal veitt í samræmi við 5. gr.

Að því er varðar uppfærslurnar, sem um getur í b- og c-lið 2. mgr. 2. gr., er framkvæmdastjórninni þó ekki skylt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar ef uppfærslurnar, sem um er að ræða, geta ekki haft áhrif á heilbrigði manna.

3. Sameiginlegu málsmeðferðinni skal ljúka með því að framkvæmdastjórnin samþykkir reglugerð um framkvæmd uppfærslunnar í samræmi við 7. gr.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. er framkvæmdastjórninni heimilt að binda enda á sameiginlegu málsmeðferðina og ákveða að halda áætlaðri uppfærslu ekki áfram, á hvaða stigi málsmeðferðarinnar sem er, ef hún telur slíka uppfærslu ekki réttlætanlega. Þar sem við á skal framkvæmdastjórnin taka tillit til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar, álits aðildarríkjanna, allra viðeigandi ákvæða í lögum Bandalagsins og annarra lögmætra þátta er málið varða.

Í slíkum tilvikum skal framkvæmdastjórnin, eftir atvikum, gera umsækjanda og aðildarríkjunum milliliðalaust grein fyrir þessu og taka fram í bréfi sínu ástæður þess að hún telur uppfærsluna ekki réttlætanlega.

4. gr.

Málsmeðferð hafin

1. Við móttöku umsóknar um að uppfæra skrá Bandalagsins skal framkvæmdastjórnin:

a) staðfesta viðtöku umsóknarinnar skriflega við umsækjandann innan 14 virkra daga frá viðtöku hennar,

b) tilkynna Matvælaöryggisstofnuninni um umsóknina, ef við á, og fara fram á álit hennar í samræmi við 2. mgr. 3. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gera umsóknina aðgengilega fyrir aðildarríkin.

2. Ef framkvæmdastjórnin hefur málsmeðferðina að eigin frumkvæði skal hún upplýsa aðildarríkin um það og, eftir atvikum, fara fram á álit Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5. gr.

Álit Matvælaöryggisstofnunarinnar

1. Matvælaöryggisstofnunin skal skila áliti innan níu mánaða frá viðtöku gildrar umsóknar.

2. Matvælaöryggisstofnunin skal framsenda álit sitt til framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og, eftir atvikum, til umsækjanda.

6. gr.

Viðbótarupplýsingar sem varða áhættumat

1. Ef Matvælaöryggisstofnunin krefur umsækjanda um viðbótarupplýsingar er heimilt, í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, að framlengja tímabilið sem um getur í 1. mgr. 5. gr. Matvælaöryggisstofnunin skal, að höfðu samráði við umsækjandann, mæla fyrir um frest til að veita þessar upplýsingar og upplýsa framkvæmdastjórnina um viðbótartímabilið sem þörf er á. Ef framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum innan átta virkra daga frá því að tilkynning berst frá Matvælaöryggisstofnuninni skal tímabilið, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., lengjast sjálfkrafa um þetta viðbótartímabil. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um framlenginguna.

2. Ef viðbótarupplýsingarnar eru ekki sendar til Matvælaöryggisstofnunarinnar innan viðbótartímabilsins sem um getur í 1. mgr. skal Matvælaöryggisstofnunin ljúka álitsgerð sinni á grundvelli þeirra upplýsinga sem þegar hafa verið veittar.

3. Ef umsækjendur veita viðbótarupplýsingar að eigin frumkvæði skulu þeir senda upplýsingarnar til Matvælaöryggisstofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar. Í slíkum tilvikum skal Matvælaöryggisstofnunin gefa álit sitt innan upphaflega tímabilsins, sbr. þó 10. gr.

4. Matvælaöryggisstofnunin skal gera viðbótarupplýsingarnar aðgengilegar aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.

7. gr.

Uppfærsla á skrá Bandalagsins

1. Innan níu mánaða frá því að Matvælaöryggisstofnunin lætur álit sitt í té skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir nefndina, sem um getur í 1. mgr. 14. gr., drög að reglugerð til að uppfæra skrá Bandalagsins, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar, allra viðeigandi ákvæða í lögum Bandalagsins og annarra lögmætra þátta er málið varða.

Í tilvikum þar sem álits Matvælaöryggisstofnunarinnar hefur ekki verið óskað skal níu mánaða tímabilið hefjast á þeim degi sem gild umsókn berst framkvæmdastjórninni.

2. Í reglugerðinni, sem uppfærir skrá Bandalagsins, skal útskýra þær forsendur sem liggja henni til grundvallar.

3. Ef drögin að reglugerðinni eru ekki í samræmi við álit Matvælaöryggisstofnunarinnar skal framkvæmdastjórnin gefa skýringar á ákvörðun sinni.

4. Þær ráðstafanir sem ætlaðar eru til að breyta veigalitlum þáttum í sérreglum á hverju matvælasviði fyrir sig, sem tengjast því að fjarlægja efni af skrá Bandalagsins, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 3. mgr. 14. gr.

5. Með skírskotun til skilvirkni skal samþykkja þær ráðstafanir sem ætlaðar eru til að breyta veigalitlum þáttum í sérreglum á hverju matvælasviði fyrir sig, m.a. með því að bæta við þá, sem tengjast því að bæta efnum við skrá Bandalagsins og til þess að bæta við, fjarlægja eða breyta skilyrðum, nákvæmri skilgreiningu eða takmörkunum í tengslum við tilvist efnis á skrá Bandalagsins, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 14. gr.

6. Ef málefnið er mjög brýnt er framkvæmdastjórninni heimilt að beita flýtimeðferðinni sem um getur í 5. mgr. 14. gr. til að fjarlægja efni af skrá Bandalagsins og til þess að bæta við, fjarlægja eða breyta skilyrðum, nákvæmri skilgreiningu eða takmörkunum í tengslum við tilvist efnis á skrá Bandalagsins.

8. gr.

Viðbótarupplýsingar sem varða áhættustjórnun

1. Ef framkvæmdastjórnin gerir kröfu um viðbótarupplýsingar frá umsækjendum um málefni sem tengjast áhættustjórnun skal hún, ásamt umsækjanda, ákvarða frest til að veita þessar upplýsingar. Í slíkum tilvikum er heimilt að framlengja tímabilið, sem um getur í 7. gr., til samræmis við það. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa aðildarríkin um framlenginguna og gera viðbótarupplýsingarnar aðgengilegar aðildarríkjunum þegar þær hafa verið veittar.

2. Ef viðbótarupplýsingarnar eru ekki sendar innan viðbótartímabilsins sem um getur í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin bregðast við á grundvelli þeirra upplýsinga sem þegar hafa verið veittar.

III. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI

9. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir fyrir þessa reglugerð, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr., innan 24 mánaða frá samþykkt hverra sérreglna á hverju matvælasviði fyrir sig, sem skulu einkum varða:

a) innihald, samningu og framlagningu umsóknarinnar sem um getur í 1. mgr. 4. gr.,

b) fyrirkomulag við að athuga gildi umsókna,

c) það hvers konar upplýsingar verða að koma fram í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar sem um getur í 5. gr.

2. Í því skyni að samþykkja framkvæmdarráðstafanirnar sem um getur í a-lið 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við Matvælaöryggisstofnunina sem skal, innan sex mánaða frá gildistöku sérreglna á hverju matvælasviði fyrir sig, leggja tillögu fyrir framkvæmdastjórnina varðandi þau gögn sem krafist er vegna áhættumats á viðkomandi efnum.

10. gr.

Framlenging tímabila

Í undantekningartilvikum er framkvæmdastjórninni heimilt að framlengja tímabilin, sem um getur í 5. gr. (1. mgr.) og 7. gr., að eigin frumkvæði eða, eftir atvikum, að beiðni Matvælaöryggisstofnunarinnar, ef eðli málsins sem um er að ræða réttlætir það, sbr. þó 6. gr. (1. mgr.) og 8. gr. (1. mgr.). Í slíkum tilvikum skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, upplýsa umsækjandann og aðildarríkin um framlenginguna og ástæðurnar fyrir henni.

11. gr.

Gagnsæi

Matvælaöryggisstofnunin skal tryggja gagnsæi starfsemi sinnar í samræmi við 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002. Matvælaöryggisstofnunin skal m.a. birta álit sín án tafar. Matvælaöryggisstofnunin skal einnig birta allar beiðnir um álit sín og einnig hvers kyns framlengingu á tímabili skv. 1. mgr. 6. gr.

12. gr.

Trúnaðarkvaðir

1. Heimilt er að veita upplýsingum, sem eru meðal upplýsinganna sem umsækjandi lætur í té, trúnaðarmeðferð ef birting þeirra gæti skaðað samkeppnisstöðu hans umtalsvert.

Upplýsingar um eftirfarandi teljast ekki undir neinum kringumstæðum vera trúnaðarmál:

a) nafn og heimilisfang umsækjandans,

b) heiti efnisins og skýr lýsing á því,

c) rök fyrir notkun efnisins í eða á tilteknum matvælum eða flokkum matvæla,

d) upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir mat á öryggi efnisins,

e) ef við á, greiningaraðferð(ir).

2. Að því er varðar framkvæmd 1. mgr. skulu umsækjendur tilgreina þær framlögðu upplýsingar sem þeir óska eftir að farið sé með sem trúnaðarmál. Í slíkum tilvikum verður að færa fram rök sem unnt er að sannreyna.

3. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða, að höfðu samráði við umsækjendur, hvaða upplýsingar megi haldast áfram sem trúnaðarmál og skal hún tilkynna umsækjendum og aðildarríkjunum um það.

4. Þegar umsækjendum hefur verið gerð grein fyrir afstöðu framkvæmdastjórnarinnar hafa þeir þrjár vikur til þess að draga umsókn sína til baka til að varðveita trúnaðarkvaðir á veittum upplýsingum. Trúnaðarkvöðum skal viðhaldið þar til þetta tímabil rennur út.

5. Framkvæmdastjórnin, Matvælaöryggisstofnunin og aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1049/2001, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja viðeigandi trúnaðarkvaðir á upplýsingum, sem þeim berast samkvæmt þessari reglugerð, nema um sé að ræða upplýsingar sem nauðsynlegt er að gera opinberar, ef aðstæður krefjast þess, til að vernda heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið.

6. Ef umsækjandi dregur eða hefur dregið umsókn sína til baka skulu framkvæmdastjórnin, Matvælaöryggisstofnunin og aðildarríkin ekki greina frá trúnaðarupplýsingum, þ.m.t. upplýsingar sem framkvæmdastjórnin og umsækjandi hafa ekki náð samkomulagi um hvort trúnaðarkvöð gildi um.

7. Framkvæmd 1. til 6. mgr. skal ekki hafa áhrif á dreifingu upplýsinga á milli framkvæmdastjórnarinnar, Matvælaöryggisstofnunarinnar og aðildarríkjanna.

13. gr.

Neyðartilvik

Ef neyðartilvik kemur upp sem varðar efni á skrá Bandalagsins, einkum með hliðsjón af áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar, skal samþykkja ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 53. og 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

14. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra sem komið var á fót skv. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. a (1.-4. mgr.) og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. a (1.–4. mgr. og b-liður 5. mgr.) og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímamörkin, sem mælt er fyrir um í c-lið 3. mgr. og b- og e-lið 4. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB skulu vera 2 mánuðir, 2 mánuðir og 4 mánuðir, í þeirri röð.

5. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. a (1., 2., 4. og 6. mgr.) og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

15. gr.

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna

Eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku sérreglna á hverju matvælasviði fyrir sig skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnuninni, í tengslum við sérreglur á hverju matvælasviði fyrir sig, nafn og heimilisfang lögbærs yfirvalds í hverju landi fyrir sig vegna sameiginlegu málsmeðferðarinnar, ásamt upplýsingum um tengilið.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

16. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Að því er varðar sérreglur á hverju matvælasviði fyrir sig gilda þær frá og með þeim degi sem ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr. 9. gr., taka gildi.

Ákvæði 9. gr. gilda frá 20. janúar 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. desember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. Pöttering

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

B. Le Maire

forseti.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 **2011/EES/55/09**

frá 16. desember 2008

um ensím í matvælum og um breytingu á tilskipun ráðsins 83/417/EBE, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999, tilskipun 2000/13/EB, tilskipun ráðsins 2001/112/EB og reglugerð (EB) nr. 258/97 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Frjálsir flutningar öruggra og heilnæmra matvæla er ein af grunnstoðum innri markaðarins og stór þáttur í því að vernda heilbrigði og velsæld borgaranna og félagslega og efnahagslega hagsmuni þeirra.

2) Við framkvæmd stefnumála Bandalagsins ber að tryggja víðtæka vernd fyrir líf og heilbrigði manna.

3) Ensím í matvæli, önnur en þau sem notuð eru sem aukefni í matvæli, eru eins og sakir standa hvorki reglufest né falla þau undir reglur sem hjálparefni við vinnslu samkvæmt löggjöf aðildarríkjanna. Munur á lögum og stjórnsýslufyrirmælum einstakra ríkja í tengslum við mat á ensímum í matvæli og leyfi fyrir þeim getur hindrað frjálsa flutninga þeirra og skapað ójöfn og ósanngjörn samkeppnisskilyrði. Því er nauðsynlegt að samþykkja reglur fyrir Bandalagið til að samræma lagaákvæði einstakra ríkja í tengslum við notkun ensíma í matvæli.

4) Þessi reglugerð skal eingöngu taka til ensíma sem er bætt í matvæli til að gegna tæknilegu hlutverki við framleiðslu, vinnslu, tilreiðslu, meðhöndlun, pökkun, flutninga eða geymslu slíkra matvæla, þ.m.t. ensím sem eru notuð sem hjálparefni við vinnslu (hér á eftir nefnd „matvælaensím“). Því skal gildissvið þessarar reglugerðar ekki ná til ensíma sem er ekki bætt í matvæli til að gegna tæknilegu hlutverki heldur eru ætluð til manneldis, s.s. ensím í næringarlegum eða meltingarörvandi tilgangi. Ekki ber að líta á örverurækti, sem hefð er fyrir að nota við framleiðslu matvæla, s.s. osta og víns, og sem geta af tilviljun framleitt ensím en eru ekki sérstaklega notaðar til að framleiða þau, sem matvælaensím.

5) Matvælaensím, sem eru eingöngu notuð við framleiðslu aukefna í matvæli sem falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([3]), skulu undanskilin gildissviði þessarar reglugerðar þar eð öryggi þessara matvæla hefur þegar verið metið og settar um það reglur. Þegar þessi matvælaensím eru notuð sem slík í matvæli falla þau þó undir þessa reglugerð.

6) Eingöngu skal samþykkja og nota matvælaensím ef þau uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Matvælaensím skulu vera örugg þegar þau eru notuð, tæknileg þörf fyrir notkun þeirra skal vera fyrir hendi og notkun þeirra má ekki villa um fyrir neytendum. Að villa um fyrir neytendum felur m.a. í sér atriði í tengslum við eiginleika, ferskleika, gæði innihaldsefna sem notuð eru, hversu náttúruleg varan eða framleiðsluferlið er eða næringargildi vörunnar. Þegar matvælaensím eru samþykkt skal einnig taka tillit til annarra þátta sem skipta máli í þessu tilliti, þ.m.t. þættir er varða samfélagsmál, efnahagsmál, hefðir, siðfræði og umhverfi, varúðarreglan og hvort koma megi við eftirliti.

7) Sum matvælaensím eru leyfð til sérstakrar notkunar, s.s. í aldinsafa og í tilteknar, svipaðar vörur og tiltekin mjólkurprótín, sem eru ætluð til manneldis, og við tilteknar, viðurkenndar, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu. Notkun slíkra matvælaensíma skal vera í

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 28.7.2011, bls. 6.

([1]) Stjtíð. ESB C 168, 20.7.2007, bls. 34.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 10. júlí 2007 (Stjtíð. ESB C 175 E, 10.7.2008, bls. 162), sameiginleg afstaða ráðsins frá 10. mars 2008 (Stjtíð. ESB C 111 E, 6.5.2008, bls. 32), afstaða Evrópuþingsins frá 8. júlí 2008 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*) og ákvörðun ráðsins frá 18. nóvember 2008.

([3]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

samræmi við þessa reglugerð og sérstök ákvæði sem mælt er fyrir um í viðkomandi löggjöf Bandalagsins. Því ber að breyta tilskipun ráðsins 2001/112/EB frá 20. desember 2001 varðandi aldinsafa og tilteknar álíka vörur til manneldis ([4]), tilskipun ráðsins 83/417/EBE frá 25. júlí 1983 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekin mjólkurprótín (kasín og kasínöt) sem ætluð eru til manneldis ([5]) og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ([6]) til samræmis við það. Þar eð öll matvælaensím falla undir þessa reglugerð skal breyta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum ([7]) til samræmis við það.

8) Matvælaensím, sem heimilt er að nota innan Bandalagsins, skulu tilgreind í skrá Bandalagsins og þar skal vera greinargóð lýsing á ensímunum og öll skilyrði fyrir notkun þeirra tilgreind, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, upplýsingar um verkunarmáta þeirra í endanlegu matvælunum. Við þessa skrá skal bæta nákvæmri skilgreiningu, einkum varðandi uppruna þeirra, þ.m.t., ef við á, upplýsingar um ofnæmisvaldandi eiginleika og hreinleikaskilyrði.

9) Til að tryggja samhæfingu skal áhættumat á matvælaensímum og færsla þeirra á skrá Bandalagsins fara fram í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([8]).

10) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([9]) skal leita ráða hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) varðandi þau mál sem líklegt er að hafi áhrif á lýðheilsu.

11) Matvælaensím, sem fellur undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 frá 22. september 2003 um erfðabreytt matvæli og fóður ([10]), skal leyft í samræmi við þá reglugerð og jafnframt samkvæmt þessari reglugerð.

12) Leggja skal matvælaensím, sem þegar er á skrá Bandalagsins samkvæmt þessari reglugerð og er tilreitt með framleiðsluaðferðum eða með upphafsefnum, sem eru verulega frábrugðin þeim sem er að finna í áhættumati Matvælaöryggisstofnunarinnar eða eru frábrugðin þeim sem falla undir leyfið og nákvæmu skilgreininguna samkvæmt þessari reglugerð, fyrir Matvælaöryggisstofnunina til mats. „Verulega frábrugðið“ getur m.a. átt við um breytingu á framleiðsluaðferð frá vinnslu úr plöntu að framleiðslu við gerjun með örveru eða erfðabreytingu á upprunalegu örverunni, breytingu á upphafsefnum eða breytingu á kornastærð.

13) Þar eð mörg matvælaensím eru þegar á markaði Bandalagsins skal gera ráðstafanir til að tryggja að breytingin yfir í skrá Bandalagsins yfir matvælaensím gangi snurðulaust fyrir sig og raski ekki núverandi markaði fyrir matvælaensím. Umsækjendur skulu fá nægan tíma til að koma á framfæri upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna áhættumats á þessum vörum. Því skal í upphafi veita tveggja ára frest frá gildistökudegi framkvæmdarráðstafananna, sem mæla skal fyrir um í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1331/2008 (um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum), til að gefa umsækjendum nægan tíma til að leggja fram upplýsingar um þau ensím sem eru til og færa má í skrá Bandalagsins, sem tekin skal saman samkvæmt þessari reglugerð. Einnig skal vera mögulegt að leggja fram umsóknir um leyfi fyrir nýjum ensímum á upphaflega tveggja ára tímabilinu. Matvælaöryggisstofnunin skal tafarlaust meta allar umsóknir um matvælaensím sem fullnægjandi upplýsingar hafa verið lagðar fram fyrir á tímabilinu.

14) Til að tryggja sanngjörn og jöfn skilyrði fyrir alla umsækjendur skal skrá Bandalagsins tekin saman í einum áfanga. Skráin skal tekin saman eftir að áhættumati á öllum matvælaensímum, sem fullnægjandi upplýsingar hafa verið lagðar fram fyrir á upphaflega tveggja ára tímabilinu, er lokið. Áhættumöt Matvælaöryggisstofnunarinnar um einstök ensím skulu þó birt um leið og þau eru fullgerð.

15) Búist er við að töluverður fjöldi umsókna verði lagður fram á upphaflega tveggja ára tímabilinu. Því kann að vera þörf á lengra tímabili áður en áhættumati á þeim verður lokið og skrá Bandalagsins hefur verið tekin saman. Til þess að tryggja jafnan aðgang nýrra matvælaensíma að markaðnum eftir upphaflega frestinn til tveggja ára skal kveða á um aðlögunartímabil þar sem setja má matvælaensím og matvæli, þar sem matvælaensím eru notuð, á markað og nota í samræmi við gildandi reglur í hverju aðildarríki fyrir sig þangað til samantekt skrár Bandalagsins er lokið.

([4]) Stjtíð. EB L 10, 12.1.2002, bls. 58.
([5]) Stjtíð. EB L 237, 26.8.1983, bls. 25.
([6]) Stjtíð. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.
([9]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.
([10]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1.

16) Matvælaensímin E 1103 invertasi og E 1105 lýsósím, sem eru leyfð sem aukefni í matvælum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni ([11]), og skilyrðin fyrir notkun þeirra eiga að færast úr tilskipun 95/2/EB yfir í skrá Bandalagsins þegar hún er tekin saman samkvæmt þessari reglugerð. Auk þess er notkun úreasa, betaglúkanasa og lýsósíma leyfð í vín með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 423/2008 frá 8. maí 2008 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu ([12]). Þessi efni eru matvælaensím og skulu falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Því skal einnig bæta þeim við skrá Bandalagsins, þegar hún er tekin saman, að því er varðar notkun þeirra í vín í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 og reglugerð (EB) nr. 423/2008.

17) Matvælaensím falla áfram undir almenna merkingarskyldu sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ([13]) og, eftir atvikum, í reglugerð (EB) nr. 1829/003 og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1830/2003 frá 22. september 2003 um rekjanleika og merkingu erfðabreyttra lífvera og rekjanleika matvæla og fóðurvara, sem framleidd eru úr erfðabreyttum lífverum, og um breytingu á tilskipun 2001/18/EB ([14]). Auk þess skal setja sértæk ákvæði í þessa reglugerð um merkingar á matvælaensímum sem eru seld sem slík til framleiðenda eða til neytenda.

18) Matvælaensím falla undir skilgreiningu á matvælum í reglugerð (EB) nr. 178/2008 og því er gerð krafa um að þau séu tilgreind sem innihaldsefni, þegar þau eru notuð í matvæli, í samræmi við tilskipun 2000/13/EB. Matvælaensím skulu tilgreind eftir tæknilegum verkunarmáta þeirra í matvælum og síðan eftir sérheiti matvælaensímsins. Þó skal kveða á um undanþágu frá ákvæðum um merkingar í tilvikum þar sem ensímið gegnir ekki tæknilegu hlutverki í endanlegu vörunni en er einungis fyrir hendi í matvælunum vegna þess að það hefur borist frá einu eða fleiri innihaldsefnum í matvælunum eða þaðan sem það er notað sem hjálparefni við vinnslu. Breyta ber tilskipun 2000/13/EB til samræmis við það.

19) Hafa skal stöðugt eftirlit með matvælaensímum og þau skulu endurmetin þegar nauðsyn krefur, í ljósi breytinga á skilyrðum fyrir notkun þeirra og nýrra, vísindalegra upplýsinga.

20) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([15]).

21) Einkum skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

22) Til þess að þróa og uppfæra lög Bandalagsins um matvælaensím á eðlilegan og skilvirkan hátt er nauðsynlegt að safna gögnum, deila upplýsingum og samræma vinnu milli aðildarríkjanna. Í því skyni getur verið gagnlegt að gera rannsóknir sem fjalla um tiltekin atriði með það í huga að greiða fyrir ferlinu við ákvarðanatöku. Það er við hæfi að Bandalagið fjármagni slíkar rannsóknir sem lið í fjárlagagerð sinni. Fjármögnun slíkra ráðstafana fellur undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([16]).

23) Aðildarríkin skulu viðhafa opinbert eftirlit til þess að framfylgja því að þessi reglugerð sé virt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 882/2004.

24) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að mæla fyrir um reglur Bandalagsins um matvælaensím, og markmiðinu verður því, í þágu heildstæðs markaðar og öflugrar neytendaverndar, betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, sem kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

([11]) Stjtíð. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1.
([12]) Stjtíð. ESB L 127, 15.5.2008, bls. 13.
([13]) Stjtíð. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.
([14])Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 24.
([15]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([16]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1. Leiðrétt útgáfa í Stjtíð. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um matvælaensím sem eru notuð í matvæli, þ.m.t. ensím sem notuð eru sem hjálparefni við vinnslu, í því skyni að tryggja skilvirka starfsemi innri markaðarins en jafnframt tryggja öfluga heilsuvernd manna og öfluga neytendavernd, þ.m.t. að vernda hagsmuni neytenda og góðar starfsvenjur í viðskiptum með matvæli, þar sem tillit er tekið til umhverfisverndar, eftir því sem við á.

Í því skyni er í þessari reglugerð kveðið á um:

a) skrá Bandalagsins yfir samþykkt ensím í matvæli,

b) skilyrði fyrir notkun matvælaensíma í matvæli,

c) reglur um merkingu matvælaensíma sem eru seld sem slík.

2. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um matvælaensím samkvæmt skilgreiningu í 3. gr.

2. Reglugerð þessi gildir ekki um ensím í matvæli þegar þau eru notuð við framleiðslu á:

a) aukefnum í matvæli sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 (um aukefni í matvælum) og

b) hjálparefnum við vinnslu.

3. Reglugerð þessi gildir með fyrirvara um allar sértækar reglur Bandalagsins um notkun matvælaensíma:

a) í tiltekin matvæli,

b) í öðrum tilgangi en þeim sem fellur undir þessa reglugerð.

4. Reglugerð þessi gildir ekki um örverurætur sem hefð er fyrir að nota við framleiðslu matvæla og sem geta af tilviljun framleitt ensím en ekki eru sérstaklega notaðar til að framleiða þau.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 178/2002, reglugerð (EB) nr. 1829/2003 og reglugerð (EB) nr. 1333/2008 (um aukefni í matvælum).

2. Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

a) „matvælaensím“: framleiðsluvara sem er fengin úr plöntum, dýrum eða örverum eða afurðum úr þeim, þ.m.t. framleiðsluvara sem fæst með gerjunarferli þar sem notaðar eru örverur:

i) sem í er eitt eða fleiri ensím sem geta hvatað tiltekið, lífefnafræðilegt efnahvarf og

ii) sem er bætt í matvæli í tæknilegum tilgangi á einhverju stigi framleiðslu, vinnslu, tilreiðslu, meðhöndlunar, pökkunar, flutninga eða geymslu matvælanna,

b) „blanda matvælaensíma“: samsetning úr einu eða fleiri matvælaensímum þar sem efni, svo sem aukefni í matvæli og/eða önnur innihaldsefni matvæla, eru notuð til að auðvelda geymslu þeirra, sölu, stöðlun, þynningu eða uppleysingu.

II. KAFLI

SKRÁ BANDALAGSINS YFIR SAMÞYKKT MATVÆLAENSÍM

4. gr.

Skrá Bandalagsins yfir matvælaensím

Einungis má setja matvælaensím, sem eru í skrá Bandalagsins, á markað sem slík og nota þau í matvæli í samræmi við nákvæmu skilgreininguna og skilyrðin fyrir notkun sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr.

5. gr.

Bann við matvælaensímum og/eða matvælum sem uppfylla ekki kröfur

Enginn skal setja matvælaensím eða matvæli sem slíkt ensím hefur verið notað í á markað ef notkun matvælaensímsins uppfyllir ekki kröfur þessarar reglugerðar og kröfur í tengslum við framkvæmdarráðstafanir hennar.

6. gr.

Almenn skilyrði fyrir færslu matvælaensíma á skrá Bandalagsins

Einungis má færa matvælaensím á skrá Bandalagsins ef það uppfyllir eftirfarandi skilyrði og, ef við á, aðra lögmæta þætti:

a) það hefur ekki í för með sér áhættu fyrir heilbrigði neytenda miðað við tillagða notkun, á grundvelli fyrirliggjandi vísindaþekkingar,

b) réttmæt, tæknileg þörf er fyrir hendi og c) notkun þess villir ekki um fyrir neytendum. Að villa um fyrir neytendum felur m.a. í sér atriði í tengslum við eiginleika, ferskleika og gæði innihaldsefna sem notuð eru, hversu náttúruleg varan eða framleiðsluferlið er eða næringargildi vörunnar.

7. gr.

Inntakið í skrá Bandalagsins yfir ensím í matvæli

1. Heimilt er að færa matvælaensím, sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 6. gr., á skrá Bandalagsins í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1331/2008 (um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum).

2. Í færslu fyrir matvælaensím í skrá Bandalagsins skal tilgreina:

a) heiti matvælaensímsins,

b) nákvæmu skilgreininguna á matvælaensíminu, þ.m.t. uppruni þess, hreinleikaskilyrði og allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar,

c) þau matvæli sem heimilt er að bæta matvælaensíminu við í,

d) við hvaða skilyrði heimilt er að nota matvælaensímið, en þar sem við á skal ekki fastsetja hámarksmagn fyrir matvælaensím. Í því tilviki skal nota matvælaensímið í samræmi við þá meginreglu að notkun skuli vera eftir þörfum,

e) ef við á, hvort um er að ræða einhverjar takmarkanir á sölu matvælaensímsins beint til lokaneytenda,

f) ef nauðsyn krefur, sértækar kröfur varðandi merkingar á matvælum sem matvælaensímin hafa verið notuð í til að tryggja að lokaneytendur séu upplýstir um eðlisfræðilegt ástand matvælanna eða þá sérstöku meðhöndlun sem þau hafa fengið.

3. Skrá Bandalagsins skal breytt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1331/2008 (um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum).

8. gr.

Matvælaensím sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1829/2003

1. Einungis má færa matvælaensím, sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1829/2003, á skrá Bandalagsins ef leyfi hefur verið veitt fyrir því í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1829/2003.

2. Ef matvælaensím, sem þegar er á skrá Bandalagsins, er framleitt úr öðru upprunaefni sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1829/2003 er ekki þörf á nýju leyfi fyrir það samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að nýja upprunaefnið falli undir leyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1829/2003 og matvælaensímið sé í samræmi við nákvæmu skilgreininguna samkvæmt þessari reglugerð.

9. gr.

Ákvarðanir um túlkun

Ef nauðsyn krefur er heimilt að ákveða, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 15. gr., hvort:

a) tiltekið efni fellur að skilgreiningunni um matvælaensím í 3. gr.,

b) tiltekin matvæli tilheyra flokki matvæla í skrá Bandalagsins yfir matvælaensím.

III. KAFLI

MERKING

10. gr.

Merking matvælaensíma og blandna matvælaensíma sem ekki eru ætluð til sölu til lokaneytenda

1. Matvælaensím og blöndur matvælaensíma, sem ekki eru ætluð til sölu til lokaneytenda, hvort sem þau eru seld hvert fyrir sig eða blönduð hvert með öðru og/eða með öðrum innihaldsefnum matvæla, eins og skilgreint er í 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2000/13/EB, má einungis setja á markað með þeirri merkingu sem kveðið er á um í 11. gr. þessarar reglugerðar, sem verður að vera vel sýnileg, auðlæsileg og óafmáanleg. Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 11. gr., skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt kaupendum.

2. Aðildarríkinu, þar sem varan er sett á markað, er heimilt, á yfirráðasvæði sínu og í samræmi við reglur sáttmálans, að mæla fyrir um að upplýsingarnar sem kveðið er á um í 11. gr. skuli birtar á einu eða fleiri tungumálum sem það velur úr hópi opinberra tungumála Bandalagsins. Þetta kemur ekki í veg fyrir að þessar upplýsingar séu gefnar á mörgum tungumálum.

11. gr.

Almennar kröfur um merkingar matvælaensíma og blandna matvælaensíma sem ekki eru ætluð til sölu til lokaneytenda

1. Ef matvælaensím og blöndur matvælaensíma, sem ekki eru ætluð til sölu til lokaneytenda, eru seld hvert fyrir sig eða blönduð hvert með öðru og/eða með öðrum innihaldsefnum matvæla skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum þeirra eða ílátum:

a) heitið sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að því er varðar hvert matvælaensím, eða vörulýsing þar sem fram kemur heiti hvers matvælaensíms eða, ef slíkt heiti er ekki fyrir hendi, viðurkennt heiti sem mælt er fyrir um í skrá Alþjóðasamtaka um lífefnafræði og sameindalíffræði (IUBMB),

b) yfirlýsingin „í matvæli“ eða yfirlýsingin „í matvæli, takmörkuð notkun“ eða sértækari tilvísun í fyrirhugaða notkun þess í matvæli,

c) ef nauðsyn krefur, sérstök skilyrði varðandi geymslu og/eða notkun,

d) merki til að auðkenna lotuna eða framleiðslulotuna,

e) notkunarleiðbeiningar, ef vöntun þeirra hindrar rétta notkun matvælaensímsins,

f) nafn eða firmaheiti og heimilisfang framleiðenda, pökkunaraðila eða seljanda,

g) upplýsingar um hámarksmagn hvers efnisþáttar eða flokka efnisþátta sem falla undir magntakmarkanir í matvælum og/eða viðeigandi upplýsingar, skýrar og auðskiljanlegar, sem gera kaupandanum kleift að fara að kröfum þessarar reglugerðar eða annarra viðeigandi laga Bandalagsins, en ef sama magntakmörkun á við um flokka efnisþátta sem eru notaðir hver í sínu lagi eða í samsetningu má gefa samanlagðan hundraðshluta upp í einni tölu og magntakmörkun skal annaðhvort tilgreind með tölum eða eftir þeirri meginreglu að notkun skuli vera eftir þörfum,

h) nettómagn,

i) virkni matvælaensímsins eða -ensímanna,

j) lágmarksgeymsluþol eða síðasti notkunardagur,

k) ef við á, upplýsingar um matvælaensím eða önnur efni eins og um getur í þessari grein og skráð eru í III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB.

2. Ef matvælaensím og/eða blöndur matvælaensíma eru seld þannig að þau séu blönduð hvert með öðru og/eða með öðrum innihaldsefnum skal koma fram á umbúðum þeirra eða ílátum skrá yfir öll innihaldsefni í lækkandi röð eftir hundraðshluta þeirra miðað við heildarþyngd.

3. Á umbúðum eða ílátum með blöndum matvælaensíma skal koma fram skrá yfir alla efnisþætti í lækkandi röð eftir hundraðshluta þeirra miðað við heildarþyngd.

4. Þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. er heimilt að upplýsingarnar sem krafist er í e– g-lið 1. liðar og í 2. og 3. mgr. komi eingöngu fram í skjölum sem tengjast sendingunni, sem skulu lögð fram fyrir eða við afhendingu, að því tilskildu að ábendingin „ekki til smásölu“ komi fram þar sem hún sést vel og greinilega á umbúðum eða íláti vörunnar sem um er að ræða.

5. Ef matvælaensím og blöndur matvælaensíma eru afhent í tönkum er heimilt, þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr., að allar upplýsingar komi eingöngu fram í fylgiskjölum með vörusendingunni sem skulu lögð fram við afhendinguna.

12. gr.

Merking matvælaensíma og blandna matvælaensíma sem eru ætluð til sölu til lokaneytenda

1. Með fyrirvara um tilskipun 2000/13/EB, tilskipun ráðsins 89/396/EBE um merkingu sem auðkennir framleiðslulotur matvæla ([17]) og reglugerð (EB) nr. 1829/2003 má einungis setja matvælaensím og blöndur matvælaensíma, sem eru seld hvert fyrir sig eða blönduð hvert með öðru og/eða með öðrum innihaldsefnum matvæla, sem eru ætluð til sölu til lokaneytenda, á markað ef eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum þeirra:

a) heitið sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að því er varðar hvert matvælaensím, eða vörulýsing þar sem fram kemur heiti hvers matvælaensíms eða, ef slíkt heiti er ekki fyrir hendi, viðurkennt heiti sem mælt er fyrir um í skrá Alþjóðasamtaka um lífefnafræði og sameindalíffræði,

([17]) Stjtíð. EB L 186, 30.6.1989, bls. 21.

b) yfirlýsingin „í matvæli“ eða yfirlýsingin „í matvæli, takmörkuð notkun“ eða sértækari tilvísun í fyrirhugaða notkun þess í matvæli.

2. Að því er varðar upplýsingarnar sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar gildir 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2000/13/EB til samræmis við það.

13. gr.

Aðrar kröfur varðandi merkingu

Ákvæði 10. til 12. greinar gilda með fyrirvara um nákvæmari eða víðtækari lög, reglugerðir eða stjórnsýsluákvæði varðandi mál og vog eða sem gilda um framsetningu, flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna eða sem gilda um flutning slíkra efna og efnablandna.

IV. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐARÁKVÆÐI OG FRAMKVÆMD

14. gr.

Upplýsingaskylda

1. Framleiðandi eða notandi matvælaensíms skal tafarlaust upplýsa framkvæmdastjórnina um allar nýjar vísindalegar eða tæknilegar upplýsingar sem geta haft áhrif á mat á öryggi matvælaensímsins.

2. Að því er varðar matvælaensím sem þegar hefur verið samþykkt samkvæmt þessari reglugerð, sem er tilreitt með framleiðsluaðferðum eða með upphafsefnum sem eru verulega frábrugðin þeim sem er að finna í áhættumati Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), skal framleiðandi eða notandi, áður en matvælaensímið er sett á markað, leggja nauðsynleg gögn fyrir framkvæmdastjórnina til að unnt sé að meta matvælaensímið með tilliti til breyttrar framleiðsluaðferðar eða breyttra eiginleika og Matvælaöryggisstofnunin skal inna matið af hendi.

3. Framleiðandi eða notandi matvælaensíms skal, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, gera henni grein fyrir raunverulegri notkun matvælaensímsins. Framkvæmdastjórnin skal gera slíkar upplýsingar aðgengilegar fyrir aðildarríkin.

15. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. a (1.-4. mgr.) og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

16. gr.

Fjármögnun Evrópubandalagsins á samræmdum stefnumálum

Lagagrundvöllur vegna fjármögnunar ráðstafana sem leiða af þessari reglugerð skal vera c-liður 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

V. KAFLI

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

17. gr.

Samantekt skrár Bandalagsins yfir matvælaensím

1. Skrá Bandalagsins yfir matvælaensím skal tekin saman á grundvelli umsókna sem lagðar eru fram skv. 2. mgr.

2. Hagsmunaaðilum er heimilt að leggja fram umsóknir um að færa matvælaensím á skrá Bandalagsins.

Frestur til að leggja fram slíkar umsóknir skal vera 24 mánuðir frá gildistökudegi framkvæmdarráðstafana sem mæla skal fyrir um í samræmi við 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 (um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum).

3. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skrá yfir öll matvælaensím, sem koma til greina til færslu í skrá Bandalagsins, sem umsókn, sem uppfyllir gildisviðmiðanirnar sem mæla skal fyrir um í samræmi við 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 (um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum), hefur verið lögð fram fyrir í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar (hér á eftir nefnd „skráin“). Skráin skal vera aðgengileg almenningi.

Framkvæmdastjórnin skal leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar á umsóknunum.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja skrá Bandalagsins í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1331/2008 (um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum) um leið og Matvælaöryggisstofnunin hefur gefið út álit um sérhvert matvælaensím í skránni.

Hins vegar og þrátt fyrir þá málsmeðferð:

a) gildir 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 (um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum) ekki um samþykkt Matvælaöryggisstofnunarinnar á áliti sínu,

b) skal framkvæmdastjórnin samþykkja skrá Bandalagsins í fyrsta sinn eftir að Matvælaöryggisstofnunin hefur skilað áliti sínu um öll matvælaensímin sem eru tilgreind í skránni.

5. Ef nauðsyn krefur skulu allar bráðabirgðaráðstafanir, sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd þessarar greinar og sem er ætlað að breyta þeim þáttum þessarar reglugerðar sem ekki teljast grundvallaratriði, m.a. með því að bæta við hana, samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 15. gr.

18. gr.

Aðlögunarráðstafanir

1. Þrátt fyrir 7. og 17. gr. þessarar reglugerðar skal skrá Bandalagsins, þegar hún er tekin saman, ná yfir eftirfarandi matvælaensím:

a) E 1103 invertasi og E 1105 lýsósím þar sem fram koma skilyrðin fyrir notkun þeirra eins og tilgreint er í I. viðauka og C-hluta III. viðauka við tilskipun 95/2/EB,

b) úreasa, betaglúkanasa og lýsósím til notkunar í vín, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 og framkvæmdarreglur þeirrar reglugerðar.

2. Heimilt er að setja matvælaensím, blöndur matvælaensíma og matvæli, sem innihalda matvælaensím, sem sett eru á markað eða merkt fyrir 20. janúar 2010, sem uppfylla ekki ákvæði 10. til 12. greinar, á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra, eða til síðasta notkunardags.

19. gr.

Breytingar á tilskipun 83/417/EBE

Í stað undirliðanna í d-lið III. liðar í I. viðauka við tilskipun 83/417/EBE komi eftirfarandi:

„— ostahleypir sem uppfyllir kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum (*),

— önnur ensím til að hleypa mjólk sem uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 1332/2008.

(*) (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 7.

20. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1493/1999

Í reglugerð (EB) nr. 1493/1999 bætist eftirfarandi málsgrein við 43. gr.:

„3. Ensím og ensímblöndur, sem eru notuð í leyfilegum vínfræðilegum vinnsluaðferðum og vinnslu, sem talin eru upp í IV. viðauka, skulu uppfylla kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum (*).

(*) (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 7.

21. gr.

Breytingar á tilskipun 2000/13/EB

Tilskipun 2000/13/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 4. mgr. 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Með „innihaldsefni“ er átt við öll efni, þ.m.t. aukefni og ensím, sem notuð eru við framleiðslu eða tilreiðslu matvæla og enn finnast í tilbúinni vöru, jafnvel þó að í breyttri mynd sé.“,

b) Í stað inngangsorðanna „aukefni“ í ii. lið c-liðar komi „aukefni og ensím“.

c) Í stað orðanna „aukefni eða bragðefni“ í iii. lið c-liðar komi „aukefni eða ensím eða bragðefni“.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við 6. mgr. 6. gr.:

„— skulu ensím, önnur en þau sem um getur í ii. lið c-liðar 4. mgr., táknuð eftir heiti einhvers þeirra flokka innihaldsefna sem skráðir eru í II. viðauka ásamt sérheiti þeirra,“,

22. gr.

Breytingar á tilskipun 2001/112/EB

Í stað fjórða, fimmta og sjötta undirliðar í II. lið 2 í I. viðauka við tilskipun 2001/112/EB komi eftirfarandi:

„— Pektólítísk ensím, sem uppfylla kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum (*),

— Prótínkljúfandi ensím sem uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 1332/2008

— Amýlólítísk ensím sem uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 1332/2008

(*) (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 7.

23. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 258/97

Í reglugerð (EB) nr. 258/97 bætist eftirfarandi liður við 1. mgr. 2. gr.:

„d) matvælaensím, sem falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum (*).

(*) (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 7.

24. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 4. gr. gilda frá gildistökudegi skrár Bandalagsins. Fram til þess dags skulu ákvæði sem eru í gildi í hverju landi fyrir sig, að því er varðar setningu matvælaensíma og matvæla, sem eru framleidd með matvælaensímum, á markað og notkun þeirra, gilda áfram í aðildarríkjunum.

Ákvæði 10. til 13. gr. gilda frá 20. janúar 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. desember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins
H.-G. Pöttering
forseti

Fyrir hönd ráðsins,
B. Le Maire
forseti

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (*) **2011/EES/55/10**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Frjálsir flutningar öruggra og heilnæmra matvæla er ein af grunnstoðum innri markaðarins og stór þáttur í því að vernda heilbrigði og velsæld borgaranna og félagslega og efnahagslega hagsmuni þeirra.

2) Við framkvæmd stefnumála Bandalagsins ber að tryggja víðtæka vernd fyrir líf og heilbrigði manna.

3) Þessi reglugerð kemur í staðinn fyrir fyrri tilskipanir og ákvarðanir, sem varða aukefni sem leyfð eru til notkunar í matvæli, með það í huga að tryggja skilvirka starfsemi innri markaðarins samtímis því að tryggja öfluga heilsuvernd manna og öfluga neytendavernd, þ.m.t. að vernda hagsmuni neytenda, með ítarlegri og einfaldri málsmeðferð.

4) Með þessari reglugerð er notkun á matvælaaukefnum samræmd í Bandalaginu. Þar á meðal er notkun á matvælaaukefnum sem falla undir tilskipun ráðsins 89/398/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um sérfæði ([3]) og notkun á tilteknum litarefnum til heilbrigðismerkingar á kjöti og til að skreyta og stimpla egg. Með henni er einnig samræmd notkun á matvælaaukefnum í aukefnum í matvæli og í ensímum í matvæli og þannig eru öryggi þeirra og gæði tryggð og geymsla þeirra og notkun gerð auðveldari. Þetta hefur ekki verið reglufest áður á vettvangi Bandalagsins.

5) Matvælaaukefni eru efni sem er að jafnaði ekki neytt sem matvæla einna og sér en er af ásetningi bætt út í matvæli í tæknilegum tilgangi, sem er lýst í þessari reglugerð, s.s. til að auka geymsluþol. Öll matvælaaukefni skulu falla undir þessa reglugerð og því skal skráin yfir virkniflokka uppfærð í ljósi framfara á sviði tækni og vísinda. Þó skal ekki líta á efni sem matvælaaukefni þegar þau eru notuð í þeim tilgangi að gefa keim og/eða bragð eða vegna næringarmarkmiða, s.s. saltlíki, vítamín og steinefni. Enn fremur skulu efni sem talin eru til matvæla, sem nota má í tæknilegum tilgangi, s.s. natríumklóríð eða saffran til litunar og matvælaensím, ekki heldur falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Samt sem áður skulu efnablöndur, sem eru fengnar úr matvælum og öðru náttúrulegu grunnefni sem er ætlað að hafa tæknileg áhrif í endanlegu matvælunum og eru fengnar með sértækum útdrætti innihaldsefna (t.d. litarefni) með tilliti til næringar- eða bragðefnaþátta, teljast til aukefna í skilningi þessarar reglugerðar. Loks falla ensím í matvæli undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum ([4]), sem undanskilur beitingu þessarar reglugerðar.

6) Efni, sem ekki er neytt sem matvæla einna og sér en eru af ásetningi notuð í vinnslu matvæla, sem sitja einungis eftir sem leifar í endanlegu matvælunum og hafa ekki tæknileg áhrif í fullunninni vöru (hjálparefni við vinnslu), skulu ekki falla undir þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 28.7.2011, bls. 6.

([1]) Stjtíð. ESB C 168, 20.7.2007, bls. 34.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 10. júlí 2007 (Stjtíð. ESB C 175 E, 10.7.2008, bls. 142), sameiginleg afstaða ráðsins frá 10. mars 2008 (Stjtíð. ESB C 111 E, 6.5.2008, bls. 10), afstaða Evrópuþingsins frá 8. júlí 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 18. nóvember 2008.

([3]) Stjtíð. EB L 186, 30.6.1989, bls. 27.

([4]) Stjtíð ESB. L. 354, 31.12.2008, bls. 7.

7) Matvælaaukefni skal eingöngu samþykkja og nota ef þau uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Matvælaaukefni skulu vera örugg í notkun, þörf fyrir notkun þeirra af tæknilegum ástæðum skal vera fyrir hendi og notkun þeirra má ekki villa um fyrir neytendum og verður að vera til hagsbóta fyrir neytendur. Að villa um fyrir neytendum felur m.a. í sér atriði í tengslum við eiginleika, ferskleika, gæði innihaldsefna sem notuð eru, hversu náttúruleg varan eða framleiðsluferlið er eða næringargildi vörunnar, þ.m.t. ávaxta- og grænmetisinnihald hennar. Þegar matvælaaukefni eru samþykkt skal einnig taka tillit til annarra þátta sem skipta máli í þessu tilliti, þ.m.t. þættir er varða samfélagsmál, efnahagsmál, heiður, siðfræði og umhverfi, varúðarreglan og hvort koma megi við eftirliti. Notkun matvælaaukefnis og hámarksgildi þess skulu taka mið af inntöku aukefnisins frá öðrum gjöfum og váhrifum af völdum aukefnisins á sérstaka neytendahópa (t.d. neytendur með ofnæmi).

8) Matvælaaukefni verða að vera í samræmi við samþykkta, nákvæma skilgreiningu sem skal innihalda upplýsingar til að hægt sé að sanngreina matvælaaukefnin á viðunandi hátt, m.a. uppruna, og lýsingu á viðunandi hreinleikaskilyrðum. Halda skal nákvæmri skilgreiningu, sem áður var þróuð fyrir matvælaaukefni og kom fram í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/31/EB frá 5. júlí 1995 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum ([5]), tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/45/EB frá 26 júlí 1995 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir litarefni til notkunar í matvælum ([6]) og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB frá 2. desember 1996 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni ([7]), þar til samsvarandi aukefni hafa verið skráð í viðaukana við þessa reglugerð. Þá skal setja fram í reglugerð nákvæma skilgreiningu varðandi slík aukefni. Þessi nákvæma skilgreining skal tengjast beint þeim aukefnum sem er að finna í skrám Bandalagsins í viðaukunum við þessa reglugerð. Þó er nákvæm skilgreining af þessu tagi flókin, bæði að eðli og innihaldi, og fyrir skýrleika sakir skal ekki fella hana inn í skrár Bandalagsins sem slíka heldur setja hana fram í sérstakri reglugerð, einni eða fleiri.

9) Sum matvælaaukefni eru leyfð til sérstakrar notkunar við tilteknar, viðurkenndar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu. Notkun slíkra matvælaaukefna skal vera í samræmi við þessa reglugerð og sérstök ákvæði sem mælt er fyrir um í viðkomandi löggjöf Bandalagsins.

10) Til að tryggja samhæfingu skal áhættumat á matvælaaukefnum og samþykki fyrir þeim fara fram í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([8]).

11) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([9]) skal leita ráða hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) varðandi þau mál sem líklegt er að hafi áhrif á lýðheilsu.

12) Matvælaaukefni, sem fellur undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 frá 22. september 2003 um erfðabreytt matvæli og fóður ([10]), skal leyft í samræmi við þá reglugerð og jafnframt samkvæmt þessari reglugerð.

13) Leggja skal matvælaaukefni, sem þegar er samþykkt samkvæmt þessari reglugerð og er tilreitt með framleiðsluaðferðum eða með upphafsefnum, sem eru verulega frábrugðin þeim sem er að finna í áhættumati Matvælaöryggisstofnunarinnar, eða er frábrugðið þeim sem falla undir nákvæmu skilgreininguna sem mælt er fyrir um, fyrir Matvælaöryggisstofnunina til mats. „Verulega frábrugðið“ getur m.a. átt við um breytingu á framleiðsluaðferð frá vinnslu úr plöntu að framleiðslu við gerjun með örveru eða erfðabreytingu á upprunalegu örverunni, breytingu á upphafsefnum eða breytingu á kornastærð, þ.m.t. notkun á nanótækni.

14) Hafa skal stöðugt eftirlit með matvælaaukefnum og þau ber að endurmeta þegar nauðsyn krefur, í ljósi breytinga á skilyrðum fyrir notkun þeirra og nýrra vísindalegra upplýsinga. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin íhuga viðeigandi aðgerðir ásamt aðildarríkjunum.

15) Aðildarríkjum, sem héldu uppi banni 1. janúar 1992 við notkun á tilteknum aukefnum í tiltekin, tilgreind matvæli sem eru talin heiðbundin og eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra, skal heimilt að viðhalda banninu. Að því er varðar vörur eins og „feta“ eða „Salame cacciatore“ skal þessi reglugerð þar að auki ekki hafa áhrif á strangari reglur sem tengjast notkun á tilteknum heitum samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 510/2006 frá 20. mars 2006 um vernd landfræðilegra merkinga og upprunatáknana fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli ([11]) og reglugerð ráðsins (EB) nr. 509/2006 frá 20. mars 2006 um landbúnaðarafurðir og heiðbundnar afurðir eða matvæli sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni ([12]).

([5]) Stjtíð. EB L 178, 28.7.1995, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 226, 22.9.1995, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 339, 30.12.1996, bls. 1.
([8]) Stjtíð ESB. L. 354, 31.12.2008, bls. 1.
([9]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1
([10]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1.
([11]) Stjtíð. ESB L 93, 31.3.2006, bls. 12.
([12]) Stjtíð. ESB L 93, 31.3.2006, bls. 1.

16) Ef aukefni fellur ekki undir frekari takmarkanir má það vera fyrir hendi í matvælum á annan hátt en að því sé bætt beint í matvælin, sem afleiðing af yfirfærslu úr innihaldsefni sem aukefnið var leyft í, að því tilskildu að magn aukefnisins í endanlegu matvælunum sé ekki meira en það sem færi í þau við notkun innihaldsefnisins við tilhlýðilegar, tæknilegar aðstæður og góða framleiðsluhætti.

17) Matvælaaukefni falla áfram undir almenna merkingarskyldu sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ([13]) og, eftir atvikum, í reglugerð (EB) nr. 1829/2003 og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1830/2003 frá 22. september 2003 um rekjanleika og merkingu erfðabreyttra lífvera og rekjanleika matvæla og fóðurvara, sem framleidd eru úr erfðabreyttum lífverum ([14]). Auk þess skal setja sértæk ákvæði í þessa reglugerð um merkingar á matvælaaukefnum sem eru seld sem slík til framleiðenda eða til neytenda.

18) Sætuefni, sem leyfð eru samkvæmt þessari reglugerð, má nota í borðsætuefni sem seld eru beint til neytenda. Framleiðendur slíkra vara skulu koma upplýsingum á framfæri til neytenda eftir viðeigandi leiðum til að þeir geti notað vöruna á öruggan hátt. Slíkum upplýsingum er hægt að koma á framfæri eftir ýmsum leiðum, þ.m.t. á vörumiðum, á vefsetrum á Netinu, í gegnum símaþjónustu við neytendur eða á sölustað. Til að taka upp samræmda nálgun við framkvæmd þessarar kröfu kunna leiðbeiningar, sem samdar eru á vettvangi Bandalagsins, að reynast nauðsynlegar.

19) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([15]).

20) Einkum skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að breyta viðaukunum við þessa reglugerð og til að samþykkja viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

21) Með skírskotun til skilvirkni skal venjulegur frestur fyrir reglunefndarmeðferð með grannskoðun styttur í tengslum við samþykkt tiltekinna breytinga á II. og III. viðauka, að því er varðar efni sem þegar eru leyfð samkvæmt öðrum lögum Bandalagsins, ásamt öllum viðeigandi bráðabirgðaráðstöfunum sem tengjast þessum efnum.

22) Til þess að þróa og uppfæra lög Bandalagsins um aukefni í matvæli á eðlilegan og skilvirkan hátt er nauðsynlegt að safna gögnum, deila upplýsingum og samræma vinnu milli aðildarríkjanna. Í því skyni getur verið gagnlegt að framkvæma rannsóknir til að fjalla um tiltekin atriði með það í huga að greiða fyrir ferlinu við ákvarðanatöku. Það er við hæfi að Bandalagið fjármagni slíkar rannsóknir sem lið í fjárlagagerð sinni. Fjármögnun slíkra ráðstafana fellur undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([16]).

23) Aðildarríkin skulu viðhafa opinbert eftirlit til þess að framfylgja því að þessi reglugerð sé virt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 882/2004.

24) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að mæla fyrir um reglur Bandalagsins um aukefni í matvæli, og markmiðinu verður því, í þágu heildstæðs markaðar og öflugrar neytendaverndar, betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

25) Eftir samþykkt þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin, með aðstoð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra, endurskoða öll gildandi leyfi út frá viðmiðunum, öðrum en öryggisviðmiðunum, t.d. varðandi inntöku, tæknilega þörf og möguleika á að villt sé um fyrir neytendum. Öll matvælaaukefni, sem verða leyfð áfram í Bandalaginu, skulu flutt á skrár Bandalagsins í II. og III. viðauka við þessa reglugerð. Fullgera skal III. viðauka við þessa reglugerð með öðrum matvælaaukefnum, sem notuð eru í aukefni og ensím í matvæli, ásamt burðarefnum fyrir næringarefni og skilyrðum fyrir notkun þeirra í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1331/2008 (um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum). Til að aðlögunartími sé nægur skulu ákvæði III. viðauka, önnur en ákvæðin sem varða burðarefni fyrir matvælaaukefni og matvælaaukefni í bragðefnum, ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 2011.

26) Þar til væntanlegar skrár Bandalagsins yfir matvælaaukefni hafa verið teknar saman er nauðsynlegt að kveða á um einfaldaða málsmeðferð sem gerir kleift að uppfæra þær skrár sem nú eru í gildi og er að finna í þeim tilskipunum sem eru fyrir hendi.

([13]) Stjtíð. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.
([14]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 24.
([15]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([16]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1. Leiðrétt útgáfa Stjtíð. ESB C 191, 28.5.2004, bls. 1.

27) Með fyrirvara um niðurstöðuna úr endurskoðuninni sem um getur í 25. forsendu skal framkvæmdastjórnin, innan eins árs frá samþykkt þessarar reglugerðar, koma á fót matsáætlun fyrir Matvælaöryggisstofnunina til að endurmeta öryggi matvælaaukefna sem þegar voru samþykkt til notkunar í Bandalaginu. Í þeirri áætlun skal skilgreina þarfir og forgangsröðun sem fara skal eftir við athugun á samþykktu matvælaaukefnunum.

28) Þessi reglugerð fellir úr gildi og kemur í stað eftirfarandi gerða: Tilskipun ráðsins frá 23. október 1962 um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli ([17]), tilskipun ráðsins 65/66/EBE frá 26. janúar 1965 um sérstök skilyrði um hreinleika rotvarnarefna sem heimilt er að nota í matvæli ([18]), tilskipun ráðsins 78/663/EBE frá 25. júlí 1978 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir ýru-, bindi-, þykkingar- og hleypiefni til notkunar í matvælum ([19]), tilskipun ráðsins 78/664/EBE frá 25. júlí 1978 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir þráavarnarefni sem heimilt er að nota í matvæli ([20]), fyrsta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 81/712/EBE frá 28. júlí 1981 um greiningaraðferðir innan Bandalagsins til staðfestingar á að tiltekin aukefni sem notuð eru í matvælum fullnægi skilyrðum um hreinleika ([21]), tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum ([22]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum ([23]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum ([24]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni ([25]), ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 97/292/EB frá 19. desember 1996 um að viðhalda innlendum lögum um bann við notkun vissra aukefna við framleiðslu tiltekinna matvæla ([26]), og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/247/EB frá 27. mars 2002 um að fresta setningu hlaupsælgætis, sem inniheldur matvælaaukefnið E 425 konjak, á markað og stöðva innflutning á því ([27]). Þó er rétt að tiltekin ákvæði þessara gerða haldist í gildi á aðlögunartímabili til að tími gefist til að taka saman skrár Bandalagsins í viðaukunum við þessa reglugerð.

([17]) Stjtíð. EB L 115, 11.11.1962, bls. 2645/62.
([18]) Stjtíð. EB L 22, 9.2.1965, bls. 373.
([19]) Stjtíð. EB L 223, 14.8.1978, bls. 7.
([20]) Stjtíð. EB L 223, 14.8.1978, bls. 30.
([21]) Stjtíð. EB L 257, 10.9.1981, bls. 1.
([22]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 27.
([23]) Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3.
([24]) Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13.
([25]) Stjtíð. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1.
([26]) Stjtíð. EB L 48, 19.2.1997, bls. 13.
([27]) Stjtíð. EB L 84, 28.3.2002, bls. 69.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um matvælaaukefni, sem eru notuð í matvæli, í því skyni að tryggja skilvirka starfsemi innri markaðarins en jafnframt því að tryggja öfluga heilsuvernd manna og öfluga neytendavernd, þ.m.t. að vernda hagsmuni neytenda og góðar starfsvenjur í viðskiptum með matvæli að teknu tilliti til umhverfisverndar, eftir því sem við á.

Í því skyni er í þessari reglugerð kveðið á um:

a) skrár Bandalagsins yfir samþykkt matvælaaukefni eins og sett er fram í II. og III. viðauka,

b) skilyrði fyrir notkun matvælaaukefna í matvæli, þ.m.t. í aukefni og í ensím í matvæli sem falla undir reglugerð (EB) nr. 1332/2008 (um ensím í matvælum), og í bragðefni í matvælum sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli ([28]),

c) reglur um merkingar matvælaaukefna sem eru seld sem slík.

2. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um matvælaaukefni.

2. Reglugerð þessi gildir ekki um eftirfarandi efni nema þau séu notuð sem aukefni í matvæli:

a) hjálparefni við vinnslu,

b) efni sem notuð eru til að vernda plöntur og plöntuafurðir í samræmi við reglur Bandalagsins um plöntuheilbrigði,

c) efni sem bætt er í matvæli sem næringarefnum,

d) efni sem notuð eru til að meðhöndla neysluvatn og falla undir gildissvið tilskipunar ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns ([29]),

([28]) Stjtíð ESB. L. 354, 31.12.2008, bls. 34.
([29]) Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32.

e) bragðefni sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 (um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli).

3. Reglugerð þessi gildir ekki um matvælaensím sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1332/2008 (um ensím í matvælum) frá og með þeim degi sem skrá Bandalagsins yfir ensím í matvæli er samþykkt í samræmi við 17. gr. þeirrar reglugerðar.

4. Reglugerð þessi gildir með fyrirvara um allar sértækar reglur Bandalagsins um notkun matvælaaukefna:

a) í tiltekin matvæli,

b) í öðrum tilgangi en þeim sem fellur undir þessa reglugerð.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og (EB) nr. 1829/2003.

2. Í þessari reglugerð gilda jafnframt eftirfarandi skilgreiningar:

a) „matvælaaukefni“: hvers kyns efni sem er að jafnaði hvorki neytt sem matvæla einna og sér né notað venjulega sem einkennandi innihaldsefni í matvæli, hvort sem það hefur næringarlegt gildi eða ekki, og veldur því, eða vænta má að það geti valdið því, þegar því er af ásetningi bætt út í matvæli í tæknilegum tilgangi við framleiðslu, vinnslu, tilreiðslu, meðhöndlun, pökkun, flutning eða geymslu slíkra matvæla, að það eða aukaafurðir þess verði beinn eða óbeinn efnisþáttur slíkra matvæla,

Eftirfarandi telst ekki til matvælaaukefna:

i) einsykrur, tvísykrur eða fásykrur og matvæli sem innihalda þessi efni sem notuð eru vegna sætueiginleika sinna,

ii) matvæli, hvort heldur þurrkuð eða þykkt, þ.m.t. bragðefni sem bætt er út í við framleiðslu samsettra matvæla vegna ilmeiginleika, bragðgefandi eiginleika eða næringareiginleika og gefa matvælum þar að auki lit,

iii) efni sem notuð eru í hjúpunar- eða húðunarefni og eru hvorki hluti af matvælunum né ætluð til neyslu með þessum matvælum,

iv) vörur sem innihalda pektín og eru unnar úr þurrkuðu eplahrati eða berki sítrusávaxta eða kveða, eða blöndu þeirra, með þynntri sýru sem síðan er hlutleyst að hluta með natríum- eða kalíumsöltum („fljótandi pektíni“),

v) tyggigúmmígrunnur,

vi) hvítt eða gult dextrín, brennd eða dextrínuð sterkja, sterkja breytt með sýru- eða basameðferð, bleikt sterkja, sterkja sem hefur verið breytt á annan hátt og sterkja meðhöndluð með amýlkljúfandi ensímum,

vii) ammóníumklóríð,

viii) blóðvökvi, ætt gelatín, vatnsrofsmyndefni prótína og sölt þeirra, mjólkurprótín og glúten,

ix) amínósýrur og sölt þeirra önnur en glútamínsýra, glýsín, systeín og systín og sölt þeirra sem hafa ekki tæknilegan verkunarmáta,

x) kaseinöt og kasein,

xi) inúlín,

b) „hjálparefni við vinnslu“: hvers kyns efni sem:

i) er ekki neytt sem matvæla einna og sér,

ii) er notað af ásetningi við vinnslu hráefna, matvæla eða innhaldsefna þeirra í tilteknum tæknilegum tilgangi við meðhöndlun eða vinnslu og iii. getur leitt til óviljandi en tæknilega óhjákvæmilegra leifa efnisins eða afleiðna þess í fullunninni vöru, að því tilskildu að þessar leifar hafi ekki í för með sér heilbrigðisáhættu og hafi engin tæknileg áhrif á fullunnu vöruna,

c) „virkniflokkur“: einhver þeirra flokka sem settir eru fram í I. viðauka á grundvelli tæknilegs verkunarmáta sem matvælaaukefni hefur í matvælunum,

d) „óunnin matvæli“: matvæli sem hafa ekki verið meðhöndluð þannig að verulegar breytingar hafi orðið á upprunalegu ástandi þeirra og er litið svo á að eftirfarandi valdi ekki verulegum breytingum: stykkjun, hlutun í sundur, klofning, úrbeining, hökkun, fláning, skræling, flysjun, mulning, skurður, hreinsun, snyrting, djúpfrysting, frysting, kæling, mölun, afhýðing, pökkun eða fjarlæging úr umbúðum,

e) „matvæli án viðbætts sykurs“: matvæli án eftirfarandi:

i) viðbættra einsykra eða tvísykra,

ii) viðbættra matvæla sem innihalda einsykrur eða tvísykrur sem eru notuð vegna sætueiginleika sinna,

f) „orkuskert matvæli“: matvæli með a.m.k. 30% lægra orkugildi miðað við upphaflegu matvælin eða svipaða vöru,

g) „borðsætuefni“: blöndur leyfðra sætuefna sem geta innihaldið önnur matvælaaukefni og/eða innihaldsefni matvæla og eru ætlaðar til sölu til lokaneytenda sem staðgönguefni fyrir sykur,

h) „eftir þörfum“: ekkert hámarksmagn er tilgreint og efni skal nota í samræmi við góða framleiðsluhætti og skammtar ekki vera stærri en nauðsynlegt er til að ná því marki sem stefnt er að og tilskilið er að ekki sé villt um fyrir neytendum.

II. KAFLI

SKRÁR BANDALAGSINS YFIR SAMÞYKKT MATVÆLAAUKEFNI

4. gr.

Skrár Bandalagsins yfir matvælaaukefni

1. Einungis má setja matvælaaukefni, sem er að finna á skrá Bandalagsins í II. viðauka, á markað sem slík og nota í matvæli samkvæmt þeim notkunarskilyrðum sem þar eru tilgreind.

2. Einungis má nota matvælaaukefni, sem er að finna á skrá Bandalagsins í III. viðauka, í aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum samkvæmt þeim notkunarskilyrðum sem þar eru tilgreind.

3. Matvælaaukefni í II. viðauka skulu skráð á grundvelli þeirra flokka matvæla sem heimilt er að bæta þeim í.

4. Matvælaaukefni í III. viðauka skulu skráð á grundvelli þeirra matvælaaukefna, matvælaensíma, matvælabragðefna og næringarefna eða flokka þeirra sem heimilt er að bæta þeim í.

5. Matvælaaukefni skulu vera í samræmi við nákvæmu skilgreininguna sem um getur í 14. gr.

5. gr.

Bann við matvælaaukefnum og/eða matvælum sem uppfylla ekki kröfur

Enginn skal setja matvælaaukefni eða matvæli sem slíkt aukefni hefur verið notað í á markað ef notkun matvælaaukefnisins uppfyllir ekki kröfur þessarar reglugerðar.

6. gr.

Almenn skilyrði fyrir færslu matvælaaukefna á skrár Bandalagsins og notkun þeirra

1. Einungis má færa matvælaaukefni á skrár Bandalagsins í II. og III. viðauka ef það uppfyllir eftirfarandi skilyrði og, ef við á, aðra lögmæta þætti, þ.m.t. umhverfisþættir:

a) það hefur ekki í för með sér áhættu fyrir heilbrigði neytenda miðað við tillagða notkun, á grundvelli fyrirliggjandi vísindaþekkingar,

b) réttmæt, tæknileg þörf er fyrir hendi sem ekki er hægt að ná með öðrum efnahagslega og tæknilega framkvæmanlegum leiðum og c) notkun þess villir ekki um fyrir neytendum.

2. Til að matvælaaukefni sé fært á skrár Bandalagsins í II. og III. viðauka verður það að vera til gagns og hagsbóta fyrir neytendur og skal því þjóna einu eða fleiri af eftirfarandi markmiðum:

a) að viðhalda næringargildi matvælanna,

b) að veita nauðsynleg innihaldsefni eða efnisþætti í matvæli sem framleidd eru fyrir hópa neytenda með sérstakar mataræðisþarfir,

c) að auka geymsluþol eða stöðugleika matvæla eða bæta skynmatseiginleika þeirra, að því tilskildu að eðli, uppistaða eða gæði matvælanna breytist ekki þannig að villt sé um fyrir neytendum,

d) að gagnast við framleiðslu, vinnslu, tilreiðslu, meðhöndlun, pökkun, flutning eða geymslu matvæla, þ.m.t. matvælaaukefni, matvælaensím og matvælabragðefni, að því tilskildu að matvælaaukefnið sé ekki notað til að fela áhrif af notkun gallaðs hráefnis eða óæskilegra aðferða eða tækni, þ.m.t. aðferðir eða tækni þar sem hreinlæti er ábótavant, meðan á slíkri vinnslu stendur.

3. Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. má færa matvælaaukefni, sem dregur úr næringargildi matvæla, á skrá Bandalagsins í II. viðauka að því tilskildu að:

a) matvælin séu ekki mikilvægur þáttur í venjulegri fæðu eða

b) matvælaaukefnið sé nauðsynlegt við framleiðslu matvæla fyrir hópa neytenda með sérstakar mataræðisþarfir.

7. gr.

Sérstök skilyrði fyrir sætuefni

Einungis má færa matvælaaukefni í virkniflokk sætuefna á skrá Bandalagsins í II. viðauka ef það þjónar einu eða fleiri af eftirfarandi markmiðum, auk þess að þjóna einu eða fleiri af markmiðunum sem sett eru fram í 2. mgr. 6. gr.:

a) að koma í stað sykurs við framleiðslu orkuskertra matvæla, matvæla sem ekki eru skaðleg tönnum eða matvæla án viðbætts sykurs eða

b) að koma í stað sykurs þegar það eykur geymsluþol matvælanna eða

c) til framleiðslu matvæla sem eru ætluð til sérstakra, næringarlegra nota eins og þau eru skilgreind í a-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 89/398/EBE.

8. gr.

Sérstök skilyrði fyrir litarefni

Einungis má færa matvælaaukefni í virkniflokk litarefna á ská Bandalagsins í II. viðauka ef það þjónar einu eða fleiri af eftirfarandi markmiðum, auk þess að þjóna einu eða fleiri af markmiðunum sem sett eru fram í 2. mgr. 6. gr.:

a) að ná aftur upprunalegu útliti matvæla ef þau hafa tekið á sig síðri lit við vinnslu, geymslu, pökkun og dreifingu,

b) að bæta útlit matvæla,

c) að gefa matvælum lit sem annars eru litlaus.

9. gr.

Virkniflokkar matvælaaukefna

1. Heimilt er að raða matvælaaukefnunum í II. og III. viðauka í einhvern af virkniflokkunum í I. viðauka eftir helsta tæknilega verkunarmáta matvælaaukefnisins.

Röðun matvælaaukefnis í virkniflokk skal ekki koma í veg fyrir að það sé notað í mismunandi tilgangi.

2. Ef nauðsyn krefur, vegna þróunar á sviði tækni eða vísinda, skal samþykkja ráðstafanirnar, sem ætlað er að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, sem um getur í 3. mgr. 28. gr., að því er varðar viðbótarvirkniflokka sem heimilt er að bæta við I. viðauka.

10. gr.

Inntakið í skrá Bandalagsins yfir aukefni í matvæli

1. Heimilt er, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1331/2008 (um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum), að færa matvælaaukefni, sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 6., 7. og 8. gr., í:

a) skrá Bandalagsins í II. viðauka við þessa reglugerð og/eða

b) skrá Bandalagsins í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. Í færslu fyrir matvælaaukefni í skrám Bandalagsins í II. og III. viðauka skal tilgreina:

a) heiti matvælaaukefnisins og E-númer þess,

b) þau matvæli sem heimilt er að bæta matvælaaukefninu við í,

c) með hvaða skilyrðum heimilt er að nota matvælaaukefnið,

d) ef við á, hvort um er að ræða einhverjar takmarkanir á sölu matvælaaukefnisins beint til lokaneytenda.

3. Skrám Bandalagsins í II. og III. viðauka skal breytt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1331/2008 (um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum).

11. gr.

Hámarksgildi vegna notkunar matvælaaukefna

1. Þegar notkunarskilyrðin, sem um getur í c-lið 2. mgr. 10. gr., eru fastsett:

a) skal hámarksgildi vegna notkunar fastsett við lægsta gildi sem nauðsynlegt er til að ná tilætluðum áhrifum,

b) skulu hámarksgildin taka mið af:

i) allri ásættanlegri, daglegri inntöku eða samsvarandi mati sem fastsett hefur verið fyrir matvælaaukefnið og líklega daglega inntöku þess frá öllum gjöfum,

ii) ef nota á matvælaaukefnið í matvæli sem sérstakir neytendahópar neyta: mögulegri daglegri inntöku matvælaaukefnisins hjá neytendum í þessum hópum.

2. Þar sem við á skal ekki fastsetja tölulegt hámarksgildi fyrir matvælaaukefni (eftir þörfum). Í því tilviki skal nota matvælaaukefnið í samræmi við þá meginreglu að notkun skuli vera eftir þörfum.

3. Hámarksgildi fyrir matvælaaukefni, sem sett eru fram í II. viðauka, gilda um matvælin eins og þau eru sett á markað, nema annað sé tekið fram. Þrátt fyrir þessa meginreglu skulu hámarksgildi fyrir þurrkuð og/eða þykkt matvæli, sem þarf að endurgera með því að bæta vatni í þau, gilda um matvælin sem eru endurgerð samkvæmt leiðbeiningunum á merkimiðanum, að teknu tilliti til lágmarksþynningarstuðulsins.

4. Hámarksgildin fyrir litarefni, sem sett eru fram í II. viðauka, gilda um það magn litarefnis sem er í litunarblöndunni, nema annað sé tekið fram.

12. gr.

Breytingar á framleiðsluferli eða upphafsefnum matvælaaukefnis sem þegar er á skrá Bandalagsins

Ef matvælaaukefni er þegar á skrá Bandalagsins og umtalsverð breyting verður á aðferðum við framleiðslu þess eða á upphafsefnunum sem eru notuð eða breyting verður á kornastærð, t.d. vegna notkunar á nanótækni, skal litið svo á að matvælaaukefnið, sem búið er til með þessum nýju aðferðum eða efnum, sé annað aukefni og gerð skal krafa um nýja færslu á skrár Bandalagsins eða breytingu á nákvæmu skilgreiningunni áður en hægt er að setja það á markað.

13. gr.

Matvælaaukefni sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1829/2003

1. Einungis má færa matvælaaukefni, sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1829/2003, á skrár Bandalagsins í II. og III. viðauka í samræmi við þessa reglugerð ef leyfi hefur verið veitt fyrir því í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1829/2003.

2. Ef matvælaaukefni, sem þegar er á skrá Bandalagsins, er framleitt úr öðru upprunaefni sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1829/2003 er ekki þörf á nýju leyfi fyrir það samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að nýja upprunaefnið falli undir leyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1829/2003 og matvælaaukefnið uppfylli nákvæmu skilgreininguna sem er fastsett samkvæmt þessari reglugerð.

14. gr.

Nákvæm skilgreining fyrir matvælaaukefni

Nákvæm skilgreining fyrir matvælaaukefni, einkum sem varðar uppruna, hreinleikaskilyrði og aðrar nauðsynlegar upplýsingar, skal samþykkt þegar matvælaaukefnið er fært á skrár Bandalagsins í II. og III. viðauka í fyrsta sinn, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1331/2008 (um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum).

III. KAFLI

NOTKUN Á MATVÆLAAUKEFNUM Í MATVÆLI

15. gr.

Notkun á matvælaaukefnum í óunnin matvæli

Ekki skal nota matvælaaukefni í óunnin matvæli nema sérstaklega sé kveðið á um slíka notkun í II. viðauka.

16. gr.

Notkun á matvælaaukefnum í matvæli fyrir ungbörn og smábörn

Ekki skal nota matvælaaukefni í matvæli fyrir ungbörn og smábörn eins og um getur í tilskipun 89/398/EBE, þ.m.t. sérfæða fyrir ungbörn og smábörn til notkunar í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, nema sérstaklega sé kveðið á um slíka notkun í II. viðauka við þessa reglugerð.

17. gr.

Notkun á litarefnum til merkinga

Einungis má nota matvælalitarefni, sem skráð eru í II. viðauka við þessa reglugerð, til heilbrigðismerkinga, eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins 91/497/EBE frá 29. júlí 1991 um breytingu og samþættingu á tilskipun 64/433/EBE um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nýtt kjöt svo hún nái einnig til framleiðslu og markaðssetningu á nýju kjöti ([30]), og til annarra merkinga sem krafist er fyrir kjötafurðir, til skreytinga á eggjaskurn og til stimplunar eggjaskurnar eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([31]).

18. gr.

Meginregla um yfirfærslu

1. Matvælaaukefni skal leyft:

a) í samsett matvæli, önnur en þau sem um getur í II. viðauka, ef matvælaaukefnið er leyft í einhverju af innihaldsefnum samsettu matvælanna,

b) í matvæli sem matvælaaukefni, matvælaensími eða matvælabragðefni hefur verið bætt í, ef matvælaaukefnið:

i) er leyft í matvælaaukefninu, matvælaensíminu eða matvælabragðefninu í samræmi við þessa reglugerð og

([30]) Stjtíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 69.
([31]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55. Leiðrétt útgáfa Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22.

ii) hefur borist í matvælin með matvælaaukefninu, matvælaensíminu eða matvælabragðefninu og

iii) hefur ekki tæknilegan verkunarmáta í endanlegu matvælunum,

c) í matvæli sem einungis á að nota í framleiðslu samsettra matvæla og að því tilskildu að samsettu matvælin séu í samræmi við þessa reglugerð.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ungbarnablöndur, stoðblöndur, unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat og sérfæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og ætlað fyrir ungbörn og smábörn eins og um getur í tilskipun 89/398/EBE, nema sérstaklega sé kveðið á um það.

3. Ef matvælaaukefni í matvælabragðefni, matvælaukefni eða matvælaensími er bætt í matvæli og hefur tæknilegan verkunarmáta í þeim matvælum telst það aukefni í þeim matvælum en ekki aukefni í viðbætta bragðefninu, matvælaaukefninu eða matvælaensíminu og skal þá vera í samræmi við notkunarskilyrði fyrir þau matvæli eins og kveðið er á um.

4. Með fyrirvara um 1. mgr. skal matvælaaukefni, sem notað er sem sætuefni, leyft í samsett matvæli sem eru án viðbætts sykurs, í samsett, orkuskert matvæli, í samsett sérfæði sem miðast við hitaeiningasnautt mataræði, í samsett matvæli sem ekki eru skaðleg tönnum og í samsett matvæli með aukið geymsluþol, að því tilskildu að sætuefnið sé leyft í einhverju af innihaldsefnum samsettu matvælanna.

19. gr.

Ákvarðanir um túlkun

Ef nauðsyn krefur er heimilt að ákveða, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr., hvort:

a) tiltekin matvæli tilheyra flokki matvæla sem um getur í II. viðauka eða

b) hvort matvælaaukefni, sem skráð eru í II. og III. viðauka og eru leyfileg miðað við að notkun skuli vera eftir þörfum, eru notuð í samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 2. mgr. 11. gr. eða

c) hvort tiltekið efni fellur að skilgreiningunni um matvælaaukefni í 3. gr.

20. gr.

Hefðbundin matvæli

Aðildarríkjum, sem talin eru upp í IV. viðauka, er heimilt að halda áfram að leggja bann við notkun á tilteknum flokkum matvælaaukefna í þau hefðbundnu matvæli, sem framleidd eru á yfirráðasvæði þeirra, sem talin eru upp í þeim viðauka.

IV. KAFLI

MERKING

21. gr.

Merking matvælaaukefna sem ekki eru ætluð til sölu til lokaneytenda

1. Matvælaaukefni sem ekki eru ætluð til sölu til lokaneytenda, hvort sem þau eru seld hvert fyrir sig eða blönduð hvert með öðru og/eða með öðrum innihaldsefnum matvæla, eins og skilgreint er í 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2000/13/EB, má einungis setja á markað með þeirri merkingu sem kveðið er á um í 22. gr. þessarar reglugerðar, sem verður að vera vel sýnileg, auðlæsileg og óafmáanleg. Upplýsingarnar skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt kaupendum.

2. Aðildarríkinu, þar sem varan er sett á markað, er heimilt, á yfirráðasvæði sínu og í samræmi við reglur sáttmálans, að mæla fyrir um að upplýsingarnar sem kveðið er á um í 22. gr. skuli birtar á einu eða fleiri tungumálum sem það velur úr hópi opinberra tungumála Bandalagsins. Þetta kemur ekki í veg fyrir að þessar upplýsingar séu gefnar á mörgum tungumálum.

22. gr.

Almennar kröfur um merkingu matvælaaukefna sem ekki eru ætluð til sölu til lokaneytenda

1. Ef matvælaaukefni sem ekki eru ætluð til sölu til lokaneytenda eru seld hvert fyrir sig eða blönduð hvert með öðru og/eða með öðrum innihaldsefnum matvæla og/eða öðrum viðbættum efnumskulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum þeirra eða ílátum:

a) heiti og/eða E-númer, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð að því er varðar hvert matvælaaukefni, eða vörulýsing þar sem fram kemur heiti og/eða E-númer hvers matvælaaukefnis,

b) yfirlýsingin „í matvæli“ eða yfirlýsingin „í matvæli, takmörkuð notkun“ eða sértækari tilvísun í fyrirhugaða notkun þess í matvæli,

c) ef nauðsyn krefur, sérstök skilyrði varðandi geymslu og/eða notkun,

d) merki til að auðkenna lotuna eða framleiðslulotuna,

e) notkunarleiðbeiningar, ef vöntun þeirra hindrar rétta notkun matvælaaukefnisins,

f) nafn eða firmaheiti og heimilisfang framleiðenda, pökkunaraðila eða seljanda,

g) upplýsingar um hámarksmagn hvers efnisþáttar eða flokka efnisþátta sem falla undir magntakmarkanir í matvælum og/eða viðeigandi upplýsingar á skýran og auðskilinn hátt sem gerir kaupandanum kleift að fara að kröfum þessarar reglugerðar eða annarra viðeigandi laga Bandalagsins, en ef sama magntakmörkun á við um flokka efnisþátta sem eru notaðir hver í sínu lagi eða í samsetningu má gefa samanlagðan hundraðshluta upp í einni tölu og magntakmörkun skal annaðhvort tilgreind með tölum eða eftir þeirri meginreglu að notkun skuli vera eftir þörfum,

h) nettómagn,

i) lágmarksgeymsluþol eða síðasti notkunardagur,

j) ef við á, upplýsingar um matvælaaukefni eða önnur efni eins og um getur í þessari grein og skráð er í III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB, að því er varðar upplýsingar um innihaldsefni sem eru í matvælum.

2. Ef matvælaaukefni eru seld þannig að þau eru blönduð hvert með öðru og/eða með öðrum innihaldsefnum skal koma fram á umbúðum þeirra eða ílátum skrá yfir öll innihaldsefni í lækkandi röð eftir hundraðshluta þeirra miðað við heildarþyngd.

3. Ef efnum (þ.m.t. matvælaaukefni eða önnur innihaldsefni matvæla) er bætt í matvælaaukefni til að auðvelda geymslu þeirra, sölu, stöðlun, þynningu eða uppleysingu skal koma fram á umbúðum þeirra eða ílátum skrá yfir öll slík innihaldsefni í lækkandi röð eftir hundraðshluta þeirra miðað við heildarþyngd.

4. Þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. er heimilt að upplýsingarnar sem krafist er í e- til g-lið 1. mgr. og í 2. og 3. mgr. komi eingöngu fram í skjölum með sendingunni, sem skulu lögð fram fyrir eða við afhendingu, að því tilskildu að ábendingin „ekki til smásölu“ komi fram þar sem hún sést vel og greinilega á umbúðum eða íláti vörunnar sem um er að ræða.

5. Ef matvælaaukefni eru afhent í tönkum er heimilt, þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr., að allar upplýsingar komi eingöngu fram í fylgiskjölum með vörusendingunni sem skulu lögð fram við afhendinguna.

23. gr.

Merking matvælaaukefna sem eru ætluð til sölu til lokaneytenda

1. Með fyrirvara um tilskipun 2000/13/EB, tilskipun ráðsins 89/396/EBE um merkingu sem auðkennir framleiðslulotur matvæla ([32]) og reglugerð (EB) nr. 1829/2003 má einungis setja matvælaaukefni sem eru seld hvert fyrir sig eða blönduð hvert með öðru og/eða með öðrum innihaldsefnum matvæla, sem eru ætluð til sölu til lokaneytenda, á markað ef eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum þeirra:

a) heiti og/eða E-númer, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð að því er varðar hvert matvælaaukefni, eða vörulýsing þar sem fram kemur heiti og/eða E-númer hvers matvælaaukefnis,

b) yfirlýsingin „í matvæli“ eða yfirlýsingin „í matvæli, takmörkuð notkun“ eða sértækari tilvísun í fyrirhugaða notkun þess í matvæli.

2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. skal vörulýsing borðsætuefnis innihalda orðin „... borðsætuefni“, þar sem fram kemur heiti sætuefnisins eða -efnanna sem notuð eru við samsetningu þess.

3. Á merkingum borðsætuefnis, sem inniheldur pólýól og/eða aspartam og/eða aspartam-asesúlfamsalt, skulu vera eftirfarandi viðvaranir:

a) pólýól: „of mikil neysla vörunnar getur haft hægðalosandi áhrif“,

b) aspartam/aspartam-asesúlfamsalt: „inniheldur fenýlalanín“.

4. Framleiðendur borðsætuefna skulu gera upplýsingarnar aðgengilegar fyrir neytendur eftir viðeigandi leiðum til að þeir geti notað vöruna á öruggan hátt. Samþykkja má leiðbeiningar um framkvæmd þessarar málsgreinar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 28. gr.

5. Að því er varðar upplýsingarnar sem kveðið er á um í 1. til 3. mgr. þessarar greinar gildir 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2000/13/EB til samræmis við það.

24. gr.

Kröfur um merkingu matvæla sem innihalda tiltekin matvælalitarefni

1. Með fyrirvara um tilskipun 2000/13/EB skulu merkingar matvæla, sem innihalda matvælalitarefnin sem skráð eru í V. viðauka við þessa reglugerð, innihalda þær viðbótarupplýsingar sem settar eru fram í þeim viðauka.

2. Að því er varðar upplýsingarnar sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar gildir 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2000/13/EB til samræmis við það.

3. Ef nauðsyn krefur, vegna þróunar á sviði tækni og vísinda, skal breyta V. viðauka með ráðstöfunum, sem ætlað er að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 28. gr.

([32]) Stjtíð. EB L 186, 30.6.1989, bls. 21.

25. gr.

Aðrar kröfur varðandi merkingu

Ákvæði 21., 22., 23. og 24. greinar gilda með fyrirvara um nákvæmari eða víðtækari lög, reglugerðir eða stjórnsýsluákvæði varðandi mál og vog eða sem gilda um framsetningu, flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna eða sem gilda um flutning slíkra efna og efnablandna.

V. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐARÁKVÆÐI OG FRAMKVÆMD

26. gr.

Upplýsingaskylda

1. Framleiðandi eða notandi matvælaaukefnis skal tafarlaust upplýsa framkvæmdastjórnina um allar nýjar vísindalegar eða tæknilegar upplýsingar sem geta haft áhrif á mat á öryggi matvælaaukefnisins.

2. Framleiðandi eða notandi matvælaaukefnis skal, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, gera henni grein fyrir raunverulegri notkun matvælaaukefnisins. Framkvæmdastjórnin skal gera slíkar upplýsingar aðgengilegar fyrir aðildarríkin.

27. gr.

Vöktun á inntöku matvælaaukefna

1. Aðildarríkin skulu viðhalda kerfum til að vakta inntöku og notkun matvælaaukefna með áhættumiðaðri aðferð og tilkynna framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnuninni um niðurstöður sínar með hæfilegu millibili.

2. Að loknu samráði við Matvælaöryggisstofnunina skal samþykkja sameiginlega aðferðafræði vegna upplýsingasöfnunar aðildarríkjanna varðandi inntekið magn matvælaaukefna með fæðu innan Bandalagsins í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

28. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. a (1.–4. mgr.) og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. a (1.–4. mgr. og b-liður 5. mgr.) og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímamörkin, sem mælt er fyrir um í c-lið 3. mgr. og b- og e-lið 4. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, skulu vera 2 mánuðir, 2 mánuðir og 4 mánuðir, í þeirri röð.

29. gr.

Fjármögnun Evrópubandalagsins á samræmdum stefnumálum

Lagagrundvöllur vegna fjármögnunar ráðstafana sem leiða af þessari reglugerð skal vera c-liður 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

VI. KAFLI

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

30. gr.

Skrár Bandalagsins yfir matvælaaukefni tekin saman

1. Matvælaaukefni, sem leyfð eru til notkunar í matvælum samkvæmt tilskipunum 94/35/EB, 94/36/EB og 95/2/EB með áorðnum breytingum skv. 31. gr. þessarar reglugerðar, og skilyrði fyrir notkun þeirra skulu skráð í II. viðauka við þessa reglugerð eftir endurskoðun á því hvort þau standast ákvæði 6., 7. og 8. gr. hennar. Þær ráðstafanir er varða færslu slíkra aukefna í II. viðauka, sem ætlað er að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 28. gr. Endurskoðunin skal ekki innihalda nýtt áhættumat Matvælaöryggisstofnunarinnar. Endurskoðuninni skal lokið eigi síðar en 20. janúar 2011.

Ekki skal skrá matvælaaukefni og notkun sem ekki er lengur þörf fyrir í II. viðauka.

2. Matvælaaukefni, sem leyft er að nota í matvælaaukefni í tilskipun 95/2/EB og skilyrði fyrir notkun þeirra, skulu skráð í 1. hluta III. viðauka við þessa reglugerð eftir endurskoðun á því hvort þau standast ákvæði 6. gr. hennar. Þær ráðstafanir er varða færslu slíkra aukefna í III. viðauka, sem ætlað er að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 28. gr. Endurskoðunin skal ekki innihalda nýtt áhættumat Matvælaöryggisstofnunarinnar. Endurskoðuninni skal lokið eigi síðar en 20. janúar 2011.

Ekki skal skrá matvælaaukefni og notkun sem ekki er lengur þörf fyrir í III. viðauka.

3. Matvælaaukefni, sem leyft er að nota í matvælabragðefni í tilskipun 95/2/EB, og skilyrði fyrir notkun þeirra skulu skráð í 4. hluta III. viðauka við þessa reglugerð eftir endurskoðun á því hvort þau standast ákvæði 6. gr. hennar. Þær ráðstafanir er varða færslu slíkra aukefna í III. viðauka, sem ætlað er að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 28. gr. Endurskoðunin skal ekki innihalda nýtt áhættumat Matvælaöryggisstofnunarinnar. Endurskoðuninni skal lokið eigi síðar en 20. janúar 2011.

Ekki skal skrá matvælaaukefni og notkun sem ekki er lengur þörf fyrir í III. viðauka.

4. Nákvæm skilgreining fyrir matvælaaukefnin, sem falla undir 1. til 3. mgr. þessarar greinar, skal samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1331/2008 (um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum) um leið og þessi matvælaaukefni eru skráð í viðaukana í samræmi við þessar málsgreinar.

5. Ráðstafanirnar sem tengjast öllum viðeigandi bráðabirgðaráðstöfunum, sem ætlað er að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 28. gr.

31. gr.

Bráðabirgðaráðstafanir

Þar til lokið hefur verið við að taka saman skrár Bandalagsins yfir matvælaaukefni, sem kveðið er á um í 30. gr., skal breyta viðaukunum við tilskipanir 94/35/EB, 94/36/EB og 95/2/EB, ef nauðsyn krefur, með ráðstöfunum sem ætlað er að breyta veigalitlum þáttum þessara tilskipana, sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 28. gr.

Matvæli, sem sett eru á markað eða merkt fyrir 20. janúar 2010 og uppfylla ekki ákvæði i-liðar 1. mgr. og 4. mgr. 22. gr., má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

Matvæli, sem sett eru á markað eða merkt fyrir 20. júlí 2010 og uppfylla ekki ákvæði 24. gr., má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

32. gr.

Endurmat á samþykktum aukefnum í matvæli

1. Matvælaöryggisstofnunin skal gera nýtt áhættumat á matvælaaukefnum sem leyfð voru fyrir 20. janúar 2009.

2. Að loknu samráði við Matvælaöryggisstofnunina skal samþykkja matsáætlun fyrir þessi aukefni, eigi síðar en 20. janúar 2010, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr. Matsáætlunin skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

33. gr.

Niðurfelling

1. Eftirfarandi gerðir falli úr gildi:

a) tilskipun ráðsins frá 23. október 1962 um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli,

b) tilskipun 65/66/EBE,

c) tilskipun 78/663/EBE,

d) tilskipun 78/664/EBE,

e) tilskipun 81/712/EBE,

f) tilskipun 89/107/EBE,

g) tilskipun 94/35/EB,

h) tilskipun 94/36/EB,

i. tilskipun 95/2/EB,

j) ákvörðun nr. 292/97/EB,

k) ákvörðun 2002/247/EB.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu gerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

34. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Þrátt fyrir 33. gr. skulu eftirfarandi ákvæði gilda áfram þar til flutningi skv. 1., 2. og 3. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar á matvælaaukefnum, sem þegar eru leyfð samkvæmt tilskipunum 94/35/EB, 94/36/EB og 95/2/EB, er lokið:

a) ákvæði 1., 2. og 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 94/35/EB og viðaukans við hana,

b) ákvæði 1.–6. mgr., 8., 9. og 10. mgr 2. gr. tilskipunar 94/36/EB og I. til V. viðauka við hana,

c) ákvæði 2. og 4. gr. tilskipunar 95/2/EB og I. til VI. viðauka við hana.

Þrátt fyrir c-lið skulu leyfi fyrir E1103, invertasa, og E 1105, lýsósími, sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/2/EB falla niður frá og með gildistökudegi skrár Bandalagsins yfir matvælaensím í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1332/2008 (um ensím í matvælum).

35. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 20. janúar 2010.

Hins vegar gilda ákvæði 2. mgr. 4. gr. um 2., 3. og 5. hluta III. viðauka frá 1. janúar 2011 og ákvæði 4. mgr. 23. gr. gilda frá 20. janúar 2011. Ákvæði 24. gr. gilda frá 20. júlí 2010. Ákvæði 31. gr. gilda frá 20. janúar 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. desember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. Pöttering

forseti

Fyrir hönd ráðsins,

B. Le Maire

forseti

I. VIÐAUKI

Virkniflokkar matvælaaukefna í matvæli og matvælaaukefna í aukefni í matvæli og ensím í matvæli

1.„sætuefni“: efni sem eru notuð til að gefa matvælum sætt bragð eða í borðsætuefni,

2. „litarefni“: efni sem bæta lit í matvæli eða færa litinn í upprunalegt horf, þ.m.t. náttúrulegir efnisþættir matvæla og náttúruleg grunnefni, er að jafnaði ekki neytt sem matvæla sem slíkra og eru að jafnaði ekki notuð sem einkennandi innihaldsefni matvæla. Blöndur, fengnar úr matvælum og öðrum ætum náttúrulegum grunnefnum með eðlisfræðilegum og/eða efnafræðilegum útdrætti, þar sem lífræn litarefni eru dregin út á sértækan hátt með tilliti til næringar- eða bragðefnaþátta, eru litarefni í skilningi þessarar reglugerðar,

3. „rotvarnarefni“: efni sem lengja geymsluþol matvæla með því að verja þau skemmdum af völdum örvera og/eða hamla gegn vexti sjúkdómsvaldandi örvera,

4. „þráavarnarefni“: efni sem lengja geymsluþol matvæla með því að verja þau skemmdum af völdum oxunar, t.d. þránun fitu og litabreytingum,

5. „burðarefni“: efni sem eru notuð til að leysa upp, þynna, dreifa eða breyta á annan hátt eðliseiginleikum matvælaaukefna eða bragðefna, matvælaensíma, næringarefna og/eða annarra efna sem bætt er í matvæli í næringarlegum eða lífeðlisfræðilegum tilgangi án þess að breyta verkunarmáta þeirra (og án þess að þau sjálf hafi tæknileg áhrif) í því skyni að auðvelda meðhöndlun þeirra, íblöndun eða notkun,

6. „sýrur“: efni sem auka súrleika matvæla og/eða gefa þeim súrt bragð,

7. „sýrustillar“: efni sem breyta eða stjórna sýrustigi eða basavirkni matvæla,

8. „kekkjavarnarefni“: efni sem draga úr þeirri tilhneigingu einstakra agna í matvælum að loða hver við aðra,

9. „froðueyðar“: efni sem hindra eða draga úr froðumyndun,

10. „umfangsaukar“: efni sem auka rúmmál matvæla án þess að auka orkugildi þeirra verulega,

11. „ýruefni“: efni sem eru notuð til að búa til eða halda við einsleitri blöndu úr tveimur eða fleiri efnum sem blandast annars ekki saman, svo sem olíu og vatni í matvælum,

12. „bræðslusölt“: efni sem koma prótínum í osti á dreift form, en við það fæst einsleit dreifing fitu og annarra efnisþátta,

13. „festuefni“: efni sem gera vefi aldina og grænmetis stinna eða stökka, eða halda þeim þannig, eða efni sem ásamt hleypiefnum mynda eða styrkja hlaup,

14. „bragðaukandi efni“: efni sem auka bragð og/eða lykt matvæla,

15. „freyðiefni“: efni sem gera það kleift að ná einsleitri dreifingu lofttegundar í fljótandi eða föstum matvælum,

16. „hleypiefni“: efni sem mynda hlaup og gefa matvælum þykkt,

17. „húðunarefni“ (þ.m.t. smurefni): efni sem eru borin á matvæli til að gefa þeim gljáandi áferð eða mynda varnarhúð,

18. „rakaefni“: efni sem varna því að matvæli þorni upp með því að vinna á móti áhrifum þurrs umhverfis eða efni sem stuðla að því að duft leysist upp í vatnskenndum miðli,

19. „umbreytt sterkjusambönd“: efni sem fást með efnameðhöndlun, einni eða fleiri, úr ætri sterkju sem kann að hafa hlotið eðlisfræðilega meðhöndlun eða meðhöndlun með ensímum og kann að hafa verið þynnt með sýru eða basa eða verið bleikt,

20. „loftskiptar“: lofttegundir aðrar en loft sem eru settar í ílát áður en, á meðan eða eftir að matvæli eru sett í þau,

21. „drifefni“: lofttegundir aðrar en loft sem þrýsta matvælum úr íláti,

22. „lyftiefni“: efni eða efnasamsetningar sem gefa frá sér lofttegundir og auka með því rúmmál deigs eða soppu,

23. „tengiefni“: efni sem mynda efnaflóka með málmjónum,

24. „bindiefni“: efni sem eru notuð til að halda við eðlisefnafræðilegu ástandi matvæla; til bindiefna teljast efni sem draga úr líkum á aðskilnaði mismunandi efnisþátta í einsleitri ýrulausn í matvælum, sem blandast ekki saman, efni sem binda, halda við eða styrkja litarefni sem fyrir eru í matvælum og efni sem auka bindandi eiginleika matvæla, m.a. þá sem stuðla að myndun víxltengja milli prótína þannig að matvælabitar bindist,

25. „þykkingarefni“: efni sem auka seigju matvæla,

26. „mjölmeðhöndlunarefni“: efni, önnur en ýruefni, sem er bætt út í mjöl eða deig til að bæta baksturseiginleika.

II. VIÐAUKI

Skrá Bandalagsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

———

III. VIÐAUKI

Skrá Bandalagsins yfir matvælaaukefni, sem samþykkt eru til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím og matvælabragðefni, og skilyrði fyrir notkun þeirra.

Skrá Bandalagsins yfir burðarefni í næringarefnum og skilyrði fyrir notkun þeirra.

1. hluti	Burðarefni í matvælaaukefni
2. hluti	Matvælaaukefni, önnur en burðarefni í matvælaaukefni
3. hluti	Matvælaaukefni, þ.m.t. burðarefni í matvælaensím
4. hluti	Matvælaaukefni, þ.m.t. burðarefni í matvælabragðefni
5. hluti	Burðarefni í næringarefnum og önnur efni sem bætt er í með næringarmarkmið í huga og/eða í öðrum lífeðlisfræðilegum tilgangi

———

IV. VIÐAUKI

Hefðbundin matvæli sem tilteknum aðildarríkjum er heimilt að halda áfram að leggja bann við að tilteknir flokkar matvælaaukefna séu notaðir í.

Aðildarríki	Matvæli	Flokkar aukefna sem heimilt er að halda áfram að leggja bann við
Þýskaland	Hefðbundinn þýskur bjór (Bier nach deutschem Reinheitsgebot gebraut)	Öll nema drifefni
Frakkland	Hefðbundið franskt brauð	Öll
Frakkland	Hefðbundnar niðursoðnar franskar trufflur	Öll
Frakkland	Hefðbundnir niðursoðnir franskir sniglar	Öll
Frakkland	Hefðbundin frönsk gæsa- og andasulta (confit)	Öll
Austurríki	Hefðbundin austurrískur „Bergkäse“	Öll nema rotvarnarefni
Finnland	Hefðbundinn finnskur „mämmi“	Öll nema rotvarnarefni
Svíþjóð Finnland	Hefðbundin sænsk og finnsk ávaxtasíróp	Litarefni
Danmörk	Hefðbundnar danskar „Kødboller“	Rotvarnarefni og litarefni
Danmörk	Hefðbundin dönsk „Leverpostej“	Rotvarnarefni (önnur en sorbínsýra) og litarefni
Spánn	Hefðbundin spænsk „Lomo embuchado“	Öll nema rotvarnarefni og þráavarnarefni
Ítalía	Hefðbundin ítölsk „Mortadella“	Öll nema rotvarnarefni, þráavarnarefni, sýrustillar, bragðaukandi efni, bindiefni og loftskiptar
Ítalía	Hefðbundin ítölsk „Cotechino e zampone“	Öll nema rotvarnarefni, þráavarnarefni, sýrustillar, bragðaukandi efni, bindiefni og loftskiptar

V. VIÐAUKI

Skrá yfir matvælalitarefni, sem um getur í 24. gr., þar sem merking matvæla skal innihalda viðbótarupplýsingar

Matvæli sem innihalda eitt eða fleiri af eftirfarandi matvælalitarefnum	Upplýsingar
Sólsetursgult (E 110) (*)	„heiti eða E-númer litarefnis eða litarefna“: getur/geta haft skaðleg áhrif á athafnasemi og eftirtekt barna.
Kínólíngult (E 104) (*)	
Karmósín (E 122) (*)	
Allúrarautt (E 129) (*)	
Tartrasín (E 102) (*)	
Ponseau 4R (E 124) (*)	

(*) Að undanskildum matvælum þar sem litarefnið eða litarefnin hafa verið notuð til heilbrigðismerkinga eða til annarra merkinga á kjötafurðum eða til stimplunar eða skreytinga á eggjaskurn.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 2011/EES/55/11

um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nauðsynlegt er að uppfæra tilskipun ráðsins 88/388/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra ([3]) í ljósi framfara á sviði tækni og vísinda. Til glöggvunar og til að auka skilvirkni skal þessi reglugerð koma í stað tilskipunar 88/388/EBE.

2) Í ákvörðun ráðsins 88/389/EBE frá 22. júní 1988 um að framkvæmdastjórnin taki saman skrá yfir grunnefni og önnur efni sem notuð eru við framleiðslu bragðefna ([4]) er kveðið á um að innan 24 mánaða frá samþykkt hennar verði búið að taka saman þessa skrá. Sú ákvörðun er nú úrelt og ber að fella hana úr gildi.

3) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/71/EBE frá 16. janúar 1991 til viðbótar tilskipun ráðsins 88/388/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra ([5]) er mælt fyrir um reglur um merkingu bragðefna. Þessi reglugerð kemur í stað þessara reglna og tilskipunin skal nú felld úr gildi.

4) Frjálsir flutningar öruggra og heilnæmra matvæla er ein af grunnstoðum innri markaðarins og stór þáttur í því að vernda heilbrigði og velsæld borgaranna og félagslega og efnahagslega hagsmuni þeirra.

5) Til að vernda heilbrigði manna skal þessi reglugerð ná yfir bragðefni, grunnefni fyrir bragðefni og matvæli sem innihalda bragðefni. Hún skal einnig ná yfir tiltekin innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika, sem er bætt í matvæli í þeim megintilgangi að bragðbæta og sem stuðla með umtalsverðum hætti að tilvist tiltekinna óæskilegra efna, sem koma fyrir í náttúrunni (hér á eftir nefnd innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika), grunnefna þeirra og matvæla sem innihalda þau, í matvælum.

6) Óunnin matvæli, sem ekki hafa verið meðhöndluð á neinn hátt, og ósamsett matvæli, s.s. krydd, kryddjurtir, te eða seyði (t.d. ávaxta- eða jurtate) og blöndur af kryddi og/eða kryddjurtum, te- og seyðisblöndur, falla ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar svo lengi sem þeirra er neytt í óbreyttri mynd og/eða þeim er ekki bætt út í matvælin.

7) Bragðefni eru notuð til að bæta eða breyta lykt og/eða bæta bragð eða breyta bragði af matvælum, í þágu neytandans. Bragðefni og innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika skal aðeins nota ef þau uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þau verða að vera örugg þegar þau eru notuð og tiltekin bragðefni skulu því sæta áhættumati áður en unnt er að heimila notkun þeirra í matvæli. Sérstaklega ber að gæta að því, þegar því verður við komið, hvort notkun tiltekinna bragðefna gæti haft neikvæðar afleiðingar fyrir viðkvæma hópa. Notkun bragðefna má ekki villa um fyrir neytendum og því skal alltaf tilgreina það með viðeigandi merkingu ef þau eru í matvælum. Einkum skal ekki nota bragðefni á neinn þann hátt sem getur villt um fyrir neytendum, m.a. að því er varðar atriði í tengslum við eiginleika, ferskleika, gæði innihaldsefna sem notuð eru, hversu náttúruleg varan eða framleiðsluferlið er eða næringargildi vörunnar. Þegar bragðefni eru samþykkt skal einnig taka tillit til annarra þátta sem skipta máli í þessu tilliti, þ.m.t. þættir er varða samfélagsmál, efnahagsmál, hefðir, siðfræði og umhverfi, varúðarreglan og hagkvæmni eftirlits.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 28.7.2011, bls. 6.

([1]) Stjtíð. ESB C 168, 20.7.2007, bls. 34.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 10. júlí 2007 (Stjtíð. ESB C 175 E, 10.7.2008, bls. 176), sameiginleg afstaða ráðsins frá 10. mars 2008 (Stjtíð. ESB C 111 E, 6.5.2008, bls. 46). Afstaða Evrópuþingsins frá 8. júlí 2008 (hefur enn ekki verið birt) og ákvörðun ráðsins frá 18. nóvember 2008.

([3]) Stjtíð. EB L 184, 15.7.1988, bls. 61.

([4]) Stjtíð. EB L 184, 15.7.1988, bls. 67.

([5]) Stjtíð. EB L 42, 15.2.1991, bls. 25.

8) Síðan 1999 hafa vísindanefndin um matvæli og síðan Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([6]), gefið álit sitt á ýmsum efnum sem koma fyrir, í náttúrunni, í grunnefnum fyrir bragðefni og innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika sem eru varasöm frá eiturefnafræðilegu sjónarmiði, samkvæmt sérfræðinganefnd Evrópuráðsins um bragðefni. Efni, sem vísindanefndin um matvæli hefur staðfest að séu varasöm frá eiturefnafræðilegu sjónarmiði, ber að líta á sem óæskileg efni og í óbreyttri mynd skal þeim ekki bætt í matvæli.

9) Þar eð óæskileg efni geta komið fyrir náttúrulega í plöntum er hugsanlegt að þau séu fyrir hendi í bragðefnablöndum og innihaldsefnum matvæla með bragðgefandi eiginleika. Plönturnar eru notaðar samkvæmt venju sem matvæli eða innihaldsefni matvæla. Ákvarða skal viðeigandi hámarksgildi leifa fyrir þessi óæskilegu efni í þeim matvælum sem stuðla mest að inntöku manna á þessum efnum, jafnt með tilliti til nauðsynjar þess að vernda heilbrigði manna og þess að þau munu óhjákvæmilega finnast í hefðbundnum matvælum.

10) Með hámarksgildum fyrir tiltekin óæskileg efni sem koma fyrir í náttúrunni skal áhersla lögð á þau matvæli eða matvælaflokka sem stuðla mest að inntöku með fæðu. Ef heilbrigði neytenda stafar ógn af fleiri óæskilegum efnum sem koma fyrir í náttúrunni skal ákvarða hámarksgildi að fengnu áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar. Aðildarríkin skulu skipuleggja eftirlit á grundvelli áhættumats í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virt ([7]). Matvælaframleiðendum er skylt að taka tillit til þessara efna þegar þeir nota innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika og/eða bragðefni fyrir framleiðslu allra matvæla til að tryggja að matvæli, sem eru ekki örugg, séu ekki sett á markað.

11) Gera skal ráðstafanir á vettvangi Bandalagsins til að banna eða takmarka notkun tiltekinna efna úr jurtaríkinu, dýraríkinu, af örverufræðilegum uppruna eða úr steinaríkinu, sem skapa hættu fyrir heilbrigði manna, við framleiðslu bragðefna og innihaldsefna matvæla með bragðgefandi eiginleika og notkun þeirra við matvælaframleiðslu.

12) Matvælaöryggisstofnunin skal annast áhættumat.

13) Til að tryggja samhæfingu skal áhættumat á bragðefnum og grunnefnum, sem þarf að leggja mat á, og samþykki fyrir þeim fara fram í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([8]).

14) Bragðgefandi efni eru skilgreind, hrein efni, en undir þau falla bragðgefandi efni, sem eru fengin með efnasmíði eða einangruð með efnavinnslu, og náttúruleg bragðgefandi efni. Nú er unnið eftir matsáætlun fyrir bragðgefandi efni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996 um að ákveða málsmeðferð bandalagsins varðandi bragðefni sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í eða á matvælum ([9]). Samkvæmt þeirri reglugerð skal samþykkja skrá yfir bragðgefandi efni innan fimm ára frá samþykkt þeirrar áætlunar. Setja skal nýjan frest að því er varðar samþykkt þeirrar skrár. Lagt verður til að sú skrá verði færð á skrána sem um getur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

15) Bragðefnablöndur eru bragðefni, önnur en skilgreind, hrein efni, sem eru fengin úr efnum úr jurtaríkinu, dýraríkinu eða af örverufræðilegum uppruna með viðeigandi eðlisfræðilegri, ensím- eða örverufræðilegri aðferð, annaðhvort þegar viðkomandi efni er í sinni upprunalegu mynd eða eftir að það hefur verið unnið til manneldis. Bragðefnablöndur, sem eru unnar úr matvælum, þurfa ekki að fara í gegnum mats- eða samþykktarferli til að þær megi nota í eða á matvælum, nema uppi séu efasemdir um öryggi þeirra. Öryggi bragðefnablandna sem eru unnar úr öðru en matvælum þarf þó að meta og samþykkja.

16) Í reglugerð (EB) nr. 178/2002 eru matvæli skilgreind sem hvers konar efni eða vörur, hvort sem þær eru fullunnar, unnar að hluta til eða óunnar, sem fólki er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti. Efni úr jurtaríkinu, dýraríkinu eða af örverufræðilegum uppruna, sem hægt er að sýna fram á með fullnægjandi hætti að hafi hingað til verið notuð við framleiðslu bragðefna, teljast til matvælaefna í þessu samhengi, jafnvel þótt sum af þessum grunnefnum, s.s. rósaviður og jarðarberjalauf, hafi e.t.v. ekki verið notuð í matvæli. Ekki er nauðsynlegt að meta þau.

([6]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.
([7]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1. Leiðrétt útgáfa í Stjtíð. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.
([9]) Stjtíð. EB L 299, 23.11.1996, bls. 1.

17) Á sama hátt er ekki nauðsynlegt að fram fari mats- eða samþykktarferli að því er varðar bragðefni, sem eru unnin úr matvælum með varmaferli við tiltekin skilyrði, til að þau megi nota í eða á matvælum, nema uppi séu efasemdir um öryggi þeirra. Öryggi bragðefna, sem eru unnin með varmaferli úr öðru en matvælum eða uppfylla ekki tiltekin framleiðsluskilyrði, þarf þó að meta og samþykkja.

18) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2065/2003 frá 10. nóvember 2003 um reykbragðefni sem eru notuð eða eru ætluð til notkunar í eða á matvælum ([10]) er mælt fyrir um verklagsreglur við öryggismat og samþykkt reykbragðefna, í því augnamiði að koma upp tæmandi skrá yfir frumreykþétta og frumtjöruþætti sem heimilt er að nota.

19) Forefni bragðefna, s.s. kolvetni, ólígópeptíð og amínósýrur, ljá matvælum bragð vegna efnahvarfa sem eiga sér stað við matvælavinnslu. Ekki er nauðsynlegt að fram fari mats- eða samþykktarferli að því er varðar forefni bragðefna sem eru unnin úr matvælum til að þau megi nota í eða á matvælum, nema uppi séu efasemdir um öryggi þeirra. Öryggi forefna bragðefna sem eru unnin úr öðru en matvælum þarf þó að meta og samþykkja.

20) Önnur bragðefni, sem falla ekki undir skilgreiningarnar á áðurnefndum bragðefnum, má nota í eða á matvæli eftir að þau hafa farið í gegnum mats- og samþykktarferli. Sem dæmi má nefna bragðefni, sem eru fengin með því að hita olíu eða fitu þannig að hitastigið verði mjög hátt í mjög stuttan tíma, en það leiðir af sér bragð sem er áþekkt því sem er af grilluðum mat.

21) Einungis má heimila að efni úr jurtaríkinu, dýraríkinu, af örverufræðilegum uppruna eða úr steinaríkinu, önnur en matvæli, séu notuð við framleiðslu bragðefna eftir að öryggi þeirra hefur verið metið á vísindalegan hátt. Ef til vill er nauðsynlegt að heimila einungis notkun tiltekinna þátta viðkomandi efnis eða að mæla fyrir um notkunarskilyrði.

22) Bragðefni geta innihaldið matvælaaukefni, eins og heimilað er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([11]), og/eða önnur innihaldsefni matvæla sem notuð eru í tæknilegum tilgangi, s.s. vegna geymslu þeirra, stöðlunar, þynningar eða uppleysingar og bindingar.

23) Bragðefni eða grunnefni, sem fellur undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 frá 22. september 2003 um erfðabreytt matvæli og fóður ([12]), skal leyft í samræmi við þá reglugerð og jafnframt samkvæmt þessari reglugerð.

24) Bragðefni falla áfram undir almenna merkingarskyldu sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ([13]) og, eftir atvikum, í reglugerð (EB) nr. 1829/2003 og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1830/2003 frá 22. september 2003 um rekjanleika og merkingu erfðabreyttra lífvera og rekjanleika matvæla og fóðurvara, sem framleidd eru úr erfðabreyttum lífverum ([14]). Auk þess skal setja sértæk ákvæði í þessa reglugerð um merkingar á bragðefnum sem eru seld sem slík til framleiðenda eða neytenda.

25) Bragðgefandi efni eða bragðefnablöndur skal einungis merkja sem „náttúruleg“ ef þau eru í samræmi við tilteknar viðmiðanir sem tryggja að ekki sé villt um fyrir neytendum.

26) Tryggja skal, með sértækum upplýsingakröfum, að ekki sé villt um fyrir neytendum að því er varðar grunnefnið sem notað er við framleiðslu á náttúrulegum bragðefnum. Sér í lagi skulu bragðefnisþættir vera að öllu leyti náttúrulegir ef orðið “náttúrulegt” er notað til að lýsa viðkomandi bragðefni. Að auki skal taka fram á merkingum hvaðan bragðefnin eru upprunnin, nema í þeim tilvikum þegar grunnefnin sem um getur eru óþekkjanleg í keimnum eða bragðinu af matvælunum. Ef grunnefni er tilgreint skal a.m.k. 95% af viðkomandi bragðefnisþætti vera fengið úr efninu sem um ræðir. Vegna þess að notkun bragðefna má ekki villa um fyrir neytendum má einungis nota hin fimm prósentin í þágu stöðlunar eða til að ljá bragðefninu ögn frísklegra, sterkara, þroskaðra eða ferskara bragð, svo dæmi séu tekin. Hafi minna en 95% af bragðefnisþættinum sem komið er úr umræddu grunnefni verið notað og sé enn hægt að bera kennsl á bragð grunnefnisins skal gera uppskátt hvert grunnefnið er og láta fylgja með tilkynningu þess efnis að öðrum náttúrulegum bragðefnum hafi verið bætt við, t.d. kakókjarni sem öðrum náttúrulegum bragðefnum hefur verið bætt við til að ljá honum vott af bananabragði.

27) Neytendur skulu upplýstir um það hvort reykbragð af tilteknum matvælum sé til komið vegna viðbættra reykbragðefna. Í samræmi við tilskipun 2000/13/EB mega merkingarnar ekki valda misskilningi hjá neytendum varðandi það hvort afurðin sé reykt á hefðbundinn hátt með ferskum reyk eða meðhöndluð með reykbragðefnum. Nauðsynlegt er að laga tilskipun 2000/13/EB að skilgreiningunum á bragðefnum, reykbragðefnum og orðinu „náttúrulegur“, að því er varðar lýsinguna á bragðefnum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

([10]) Stjtíð. ESB L 309, 26.11.2003, bls. 1.
([11]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.
([12]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1.
([13]) Stjtíð. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.
([14]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 24.

28) Að því er varðar mat á öryggi bragðgefandi efna fyrir heilbrigði manna eru upplýsingar um neyslu og notkun bragðgefandi efna mjög mikilvægar. Því er rétt að reglubundið eftirlit sé haft með því hversu miklu magni af bragðgefandi efnum er bætt í matvæli.

29) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([15]).

30) Einkum skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að breyta viðaukunum við þessa reglugerð og til að samþykkja viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir að því er varðar stofnun skrár Bandalagsins. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

31) Ef málefnið er svo brýnt að ekki reynist unnt að virða hefðbundinn frest í tengslum við reglunefndarmeðferð með grannskoðun skal framkvæmdastjórnin geta beitt flýtimeðferðinni, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, við samþykkt ráðstafana sem lýst er í 2. mgr. 8. gr. og breytingum á II. til V. viðauka þessarar reglugerðar.

32) Aðlaga ber II. til V. viðauka við þessa reglugerð, eftir því sem þörf krefur, í samræmi við framfarir í vísindum og tækni, með tilliti til upplýsinga sem framleiðendur og notendur bragðefna veita og/eða eru afrakstur af vöktun og eftirliti aðildarríkjanna.

33) Til þess að þróa og uppfæra lög Bandalagsins um bragðefni á eðlilegan og skilvirkan hátt er nauðsynlegt að safna gögnum, deila upplýsingum og samræma vinnu milli aðildarríkjanna. Í því skyni getur verið gagnlegt að framkvæma rannsóknir til að fjalla um tiltekin atriði með það í huga að greiða fyrir ferlinu við ákvarðanatöku. Það er við hæfi að Bandalagið fjármagni slíkar rannsóknir sem lið í fjárlagagerð sinni. Fjármögnun slíkra ráðstafana fellur undir reglugerð (EB) nr. 882/2004.

34) Þar til skrá Bandalagsins hefur verið komið á fót skal setja ákvæði um mat og samþykki á bragðgefandi efnum, sem falla ekki undir matsáætlunina sem um getur í reglugerð (EB) nr. 2232/96. Því er rétt að mæla fyrir um bráðabirgðafyrirkomulag. Samkvæmt því fyrirkomulagi skal meta og samþykkja slík bragðgefandi efni í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1331/2008. Tímabilin, sem kveðið er á um í þeirri reglugerð varðandi tímann sem Matvælaöryggisstofnunin hefur til að samþykkja álit sitt og framkvæmdastjórnin hefur til að leggja drög að reglugerð um uppfærslu á skrá Bandalagsins fyrir fastanefndina um matvælaferlið og heilbrigði dýra, gilda þó ekki, vegna þess að sú matsáætlun sem nú er unnið eftir skal hafa forgang.

35) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að mæla fyrir um reglur Bandalagsins um notkun bragðefna og tiltekinna innihaldsefna matvæla með bragðgefandi eiginleika í og á matvælum, og markmiðinu verður því, í þágu heildstæðs markaðar og öflugrar neytendaverndar, betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, sem kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

36) Nauðsynlegt er að laga reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínum, drykkjum blönduðum með kryddvínum og hanastélum blönduðum með kryddvínum ([16]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegrar merkingar á brenndum drykkjum ([17]), að tilteknum, nýjum skilgreiningum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

37) Því ber að breyta reglugerðum (EBE) nr. 1601/91, (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um bragðefni og innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika, sem eru notuð í og á matvæli, í því skyni að tryggja skilvirka starfsemi innri markaðarins en jafnframt því að tryggja öfluga heilsuvernd manna og öfluga neytendavernd, þ.m.t. að vernda hagsmuni neytenda og góðar starfsvenjur í viðskiptum með matvæli að teknu tilliti til umhverfisverndar, eftir því sem við á.

([15]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

([16]) Stjtíð. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1.

([17]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

Í því skyni er í þessari reglugerð kveðið á um:

a) skrá Bandalagsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt hefur verið að megi nota í og á matvæli, sem sett er fram í I. viðauka (hér á eftir nefnd „skrá Bandalagsins“),

b) notkunarskilyrði bragðefna og innihaldsefna matvæla með bragðgefandi eiginleika í og á matvæli,

c) reglur um merkingu bragðefna.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um:

a) bragðefni sem eru notuð eða ætluð til notkunar í eða á matvæli, með fyrirvara um sértækari ákvæði sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 2065/2003,

b) innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika,

c) matvæli sem innihalda bragðefni og/eða innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika,

d) grunnefni fyrir bragðefni og/eða grunnefni fyrir innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) efni sem hafa eingöngu sætt, súrt eða salt bragð,

b) óunnin matvæli,

c) ósamsett matvæli og blöndur t.d., en ekki eingöngu, af fersku, þurrkuðu eða frosnu kryddi og/eða kryddjurtum, teblöndur og blöndur fyrir seyði, svo framarlega sem þær hafa ekki verið notaðar sem innihaldsefni matvæla.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og (EB) nr. 1829/2003.

2. Í þessari reglugerð gilda jafnframt eftirfarandi skilgreiningar:

a) „bragðefni“: afurðir sem eru:

i) ekki ætlaðar til neyslu í óbreyttri mynd og er bætt í matvæli í þeim tilgangi að gefa ilm og/eða bragð eða breyta ilmi og/eða bragði,

ii) búnar til úr eða samanstanda af eftirfarandi flokkum: bragðgefandi efnum, bragðefnablöndum, bragðefnum sem eru unnin með varmaferli, reykbragðefnum, forefnum bragðefna eða öðrum bragðefnum eða blöndum úr öllu framangreindu,b) „bragðgefandi efni“: skilgreint, hreint efni sem hefur bragðgefandi eiginleika,

c) „náttúrulegt bragðgefandi efni“: bragðgefandi efni sem fengið er með viðeigandi eðlisfræðilegri, ensím- eða örverufræðilegri aðferð úr efni úr jurtaríkinu, dýraríkinu eða af örverufræðilegum uppruna, annaðhvort í upprunalegu formi eða eftir meðhöndlun með tilliti til manneldis eftir einni eða fleiri af þeim hefðbundnu matvinnsluaðferðum sem skráðar eru í II. viðauka. Náttúruleg bragðgefandi efni eru efni sem fyrirfinnast, og hafa greinst, í náttúrunni.

d) „bragðefnablanda“: afurð sem ekki er bragðgefandi efni, fengin úr:

i) matvælum með viðeigandi eðlisfræðilegri, ensím- eða örverufræðilegri aðferð, annaðhvort í upprunalegu formi efnisins eða eftir meðhöndlun með tilliti til manneldis eftir einni eða fleiri af þeim hefðbundnu matvinnsluaðferðum sem skráðar eru í II. viðauka,

og/eða

ii) efni úr jurtaríkinu, dýraríkinu eða af örverufræðilegum uppruna, öðru en matvælum, með viðeigandi eðlisfræðilegri, ensím- eða örverufræðilegri aðferð, sé viðkomandi efni notað óunnið eða tilreitt með einni eða fleiri af þeim hefðbundnu matvinnsluaðferðum sem skráðar eru í II. viðauka,

e) „bragðefni, unnið með varmaferli“: afurð sem verður til að lokinni hitameðferð með blöndu af innihaldsefnum, sem þurfa ekki nauðsynlega að hafa sjálf bragðgefandi eiginleika, þar sem a.m.k. eitt þeirra inniheldur köfnunarefni (amínó) og önnur er afoxandi sykra og koma eftirfarandi innihaldsefni til greina fyrir framleiðslu bragðefna, sem unnin eru með varmaferli:

i) matvæli,

og/eða

ii) önnur grunnefni en matvæli,

f) „reykbragðefni“: afurð sem fæst með þættingu og hreinsun þéttaðs reyks svo út koma frumreykþétti, frumtjöruþættir og/eða afleidd reykbragðefni eins og þetta er skilgreint í 1., 2. og 4. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2065/2003,

g) „forefni bragðefna“: afurð, sem þarf ekki nauðsynlega að hafa sjálf bragðgefandi eiginleika, sem er vísvitandi bætt í matvæli í þeim eina tilgangi að framkalla bragð með því að brjóta niður eða hvarfast við aðra efnisþætti meðan á matvælavinnslu stendur, en það má vinna úr:

i) matvælum,

og/eða

ii) önnur grunnefni en matvæli,

h) „önnur bragðefni“: bragðefni sem er bætt eða er ætlað að vera bætt í matvæli, í þeim tilgangi að gefa ilm og/eða bragð, og falla ekki undir skilgreiningar b) til g),

i) „innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika“: innihaldsefni matvæla, annað en bragðefni, sem bæta má í matvæli í þeim megintilgangi að bæta við þau bragði eða breyta bragði þeirra, og sem leiðir í ríkum mæli til tilvistar óæskilegra efna, sem koma fyrir í náttúrunni, í matvælum,

j) „grunnefni“: efni úr jurtaríkinu, dýraríkinu, af örverufræðilegum uppruna eða steinaríkinu sem bragðefni eða innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika eru búin til úr, en þau geta verið:

i) matvæli,

eða

ii) önnur grunnefni en matvæli,

k) „viðeigandi eðlisræn aðferð“: eðlisræn aðferð sem ekki er beitt til að breyta efnafræðilegum eiginleikum efnisþátta bragðefnisins af ásetningi, með fyrirvara um þær hefðbundnar matvinnsluaðferðir sem skráðar eru í II. viðauka, og felur m.a. ekki í sér notkun gagnspuna súrefni, ósons, ólífrænna hvata, málmhvata, málmlífrænna prófefna og/eða útfjólublárrar geislunar.

3. Að því er varðar skilgreiningarnar í d-, e-, g- og j-lið 2. mgr. skulu grunnefni, sem umtalsverðar heimildir eru til um að hafi verið notuð í framleiðslu bragðefna, teljast til matvæla í þessari reglugerð.

4. Bragðefni geta innihaldið matvælaaukefni, eins og heimilað er í reglugerð (EB) nr. 1333/2008, og/eða önnur innihaldsefni matvæla sem er bætt í þau í tæknilegum tilgangi.

II. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR NOTKUN BRAGÐEFNA, INNIHALDSEFNA MATVÆLA MEÐ BRAGÐGEFANDI EIGINLEIKA OG GRUNNEFNA

4. gr.

Almenn skilyrði fyrir notkun bragðefna eða innihaldsefna matvæla með bragðgefandi eiginleika

Einungis má nota bragðefni eða innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði, í eða á matvæli:

a) þau hafa ekki í för með sér áhættu fyrir heilbrigði neytenda, á grundvelli fyrirliggjandi vísindaþekkingar og

b) notkun þeirra villir ekki um fyrir neytendum.

5. gr.

Bann við bragðefnum og/eða matvælum sem uppfylla ekki kröfur

Enginn skal setja bragðefni eða matvæli, sem slíkt bragðefni og/eða innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika hefur verið notað í, á markað ef notkun þeirra uppfyllir ekki kröfur þessarar reglugerðar.

6. gr.

Tilvist tiltekinna efna

1. Efnum, sem skráð eru í A-hluta III. viðauka, skal ekki bætt í matvæli i óbreyttri mynd.

2. Með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 110/2008 skal ekki fara yfir hámarksgildi tiltekinna efna, sem eru til staðar frá náttúrunnar hendi í bragðefnum og/eða innihaldsefnum matvæla með bragðgefandi eiginleika, í samsettu matvælunum, sem skráð eru í B-hluta III. viðauka, í kjölfarið á notkun bragðefna og/eða innihaldsefna matvæla með bragðgefandi eiginleika í og á þessi matvæli. Hámarksgildi fyrir efnin, sem sett eru fram í III. viðauka, gilda um matvælin eins og þau eru sett á markað, nema annað sé tekið fram. Þrátt fyrir þessa meginreglu skulu hámarksgildi fyrir þurrkuð og/eða þykkt matvæli, sem þarf að endurgera með því að bæta vatni í þau, gilda um matvælin sem eru endurgerð samkvæmt leiðbeiningunum á merkimiðanum, að teknu tilliti til lágmarksþynningarstuðulsins.

3. Heimilt er að samþykkja ítarlegar reglur til framkvæmdar 2. mgr., í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr., í kjölfar álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), ef nauðsyn krefur.

7. gr.

Notkun tiltekinna grunnefna

1. Ekki skal nota grunnefni, sem skráð eru í A-hluta IV. viðauka, við framleiðslu á bragðefnum og/eða innihaldsefnum matvæla með bragðgefandi eiginleika.

2. Einungis má nota bragðefni og/eða innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika sem framleidd eru úr grunnefnum, sem skráð eru í B-hluta IV. viðauka, að uppfylltum skilyrðunum sem tilgreind eru í þeim viðauka.

8. gr.

Bragðefni og innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika sem ekki þarf að meta og samþykkja

1. Heimilt er að nota eftirfarandi bragðefni og innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika í eða á matvælum án þess að þau séu metin og samþykkt samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að þau séu í samræmi við 4. gr.:

a) bragðefnablöndur, sem um getur í i. lið d-liðar 2 mgr. 3. gr.,

b) bragðefni, unnin með varmaferli, sem um getur í i. lið e-liðar 2. mgr. 3. gr., sem eru í samræmi við skilyrðin fyrir framleiðslu bragðefna, sem eru unnin með varmaferli, og hámarksgildin fyrir tiltekin efni í bragðefnum, sem eru unnin með varmaferli, sem mælt er fyrir um í V. viðauka,

c) forefni bragðefna, sem um getur í i. lið g-liðar 2 mgr. 3. gr.,

d) innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika.

2. Ef framkvæmdastjórnin, aðildarríki eða Matvælaöryggisstofnunin lætur í ljós efasemdir um öryggi bragðefnis eða innihaldsefnis matvæla með bragðgefandi eiginleika sem um getur í 1. mgr. skal Matvælaöryggisstofnunin, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., láta fara fram áhættumat á slíku bragðefni eða innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika. Ákvæði 4., 5. og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 gilda þá, að breyttu breytanda. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin samþykkja ráðstafanir, í kjölfar álits Matvælaöryggisstofnunarinnar, sem er ætlað að breyta þeim þáttum þessarar reglugerðar sem ekki teljast grundvallaratriði, m.a. með því að bæta við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 21. gr. Mælt er fyrir um slíkar ráðstafanir í III., IV. og/eða V. viðauka, eftir því sem við á. Ef málefnið er mjög brýnt getur framkvæmdastjórnin gripið til flýtimeðferðarinnar sem um getur í 4. mgr. 21. gr.

III. KAFLI

SKRÁ BANDALAGSINS YFIR BRAGÐEFNI OG GRUNNEFNI SEM HLOTIÐ HAFA SAMÞYKKI FYRIR NOTKUN Í OG Á MATVÆLUM

9. gr.

Bragðefni og grunnefni sem nauðsynlegt er að meta og samþykkja

Þessi kafli gildir um:

a) bragðgefandi efni,

b) bragðefnablöndur, sem um getur í ii. lið d-liðar 2. mgr. 3. gr.,

c) bragðefni, unnin með varmaferli, sem fást með því að hita innihaldsefni sem falla að hluta til eða alveg undir ii. lið e-liðar 2. mgr. 3. gr. og/eða sem uppfylla ekki skilyrðin fyrir framleiðslu bragðefna, sem eru unnin með varmaferli, og/eða hámarksgildin fyrir tiltekin, óæskileg efni, sem mælt er fyrir um í V. viðauka,

d) forefni bragðefna, sem um getur í ii. lið g-liðar 2. mgr. 3. gr.,

e) önnur bragðefni, sem um getur í h-lið 2. mgr. 3. gr.,

f) grunnefni, önnur en matvæli, sem um getur í ii. lið j-liðar 2. mgr. 3. gr.

10. gr.

Skrá Bandalagsins yfir bragðefni og grunnefni

Af þeim bragðefnum og grunnefnum sem um getur í 9. gr. má einungis setja á markað í óbreyttri mynd þau sem eru í skrá Bandalagsins og nota þau í eða á matvæli samkvæmt þeim notkunarskilyrðum sem þar eru tilgreind, eftir því sem við á.

11. gr.

Færsla bragðefna og grunnefna í skrá Bandalagsins

1. Bragðefni eða grunnefni má einungis fara í skrá Bandalagsins, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1331/2008, ef það uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í 4. gr. þessarar reglugerðar.

2. Í færslu fyrir bragðefni eða grunnefni í skrá Bandalagsins skal tilgreina:

a) sanngreiningu á bragðefninu eða grunnefninu sem samþykkt er,

b) ef nauðsyn krefur, við hvaða skilyrði heimilt er að nota bragðefnið.

3. Skrá Bandalagsins skal breytt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1331/2008.

12. gr.

Bragðefni eða grunnefni sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1829/2003

1. Einungis má færa bragðefni eða grunnefni, sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1829/2003, á skrá Bandalagsins í I. viðauka í samræmi við þessa reglugerð ef leyfi hefur verið veitt fyrir því í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1829/2003.

2. Ef bragðefni, sem þegar er á skrá Bandalagsins, er framleitt úr öðru grunnefni sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1829/2003 er ekki þörf á nýju leyfi fyrir það samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að nýja grunnefnið falli undir leyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1829/2003 og bragðefnið uppfylli nákvæmu skilgreininguna sem er fastsett samkvæmt þessari reglugerð.

13. gr.

Ákvarðanir um túlkun

Ef nauðsyn krefur er heimilt að ákveða, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.:

a) hvort tiltekið efni eða blanda efna, efniviður eða tegund matvæla fellur undir flokkana sem tilgreindir eru í 1. mgr. 2. gr.,

b) hvaða tiltekna flokki, af þeim sem skilgreindir eru í b- til j-lið 2. mgr. 3. gr., tiltekið efni tilheyrir,

c) hvort tiltekin afurð tilheyrir matvælaflokki eða er matvæli af þeim toga sem um getur í I. viðauka eða B-hluta III. viðauka.

IV. KAFLI

MERKING

14. gr.

Merking bragðefna sem eru ekki ætluð til sölu til lokaneytenda

1. Bragðefni sem eru ekki ætluð til sölu til lokaneytanda má einungis setja á markað með merkingum sem kveðið er á um í 15. og 16. gr. og þær verða að sjást greinilega, vera auðlesnar og óafmáanlegar. Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 15. gr., skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt kaupendum.

2. Aðildarríkinu, þar sem varan er sett á markað, er heimilt, á yfirráðasvæði sínu og í samræmi við reglur sáttmálans, að mæla fyrir um að upplýsingarnar sem kveðið er á um í 15. gr. skuli birtar á einu eða fleiri tungumálum sem það velur úr hópi opinberra tungumála Bandalagsins. Þetta kemur ekki í veg fyrir að þessar upplýsingar séu gefnar á mörgum tungumálum.

15. gr.

Almennar kröfur um merkingu bragðefna sem ekki eru ætluð til sölu til lokaneytenda

1. Ef bragðefni sem ekki eru ætluð til sölu til lokaneytenda eru seld hvert fyrir sig eða blönduð hvert með öðru og/eða með öðrum innihaldsefnum matvæla og/eða öðrum efnum, sem bætt er í þau skv. 4. mgr. 3. gr., skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum þeirra eða ílátum:

a) vörulýsingin: annaðhvort orðið „bragðefni“ eða sértækara heiti eða lýsing á bragðefninu,

b) annaðhvort yfirlýsingin „í matvæli“ eða yfirlýsingin „í matvæli, takmörkuð notkun“ eða sértækari tilvísun í fyrirhugaða notkun þess í matvæli,

c) ef nauðsyn krefur, sérstök skilyrði varðandi geymslu og/eða notkun,

d) merki til að auðkenna lotuna eða framleiðslulotuna,

e) skrá, í lækkandi röð eftir þyngd, yfir:

i) bragðefnaflokkana sem eru fyrir hendi og ii. heiti hvers og eins af hinum efnunum eða efniviðunum í afurðinni eða E-númer þeirra, eftir því sem við á,

f) nafn eða firmaheiti og heimilisfang framleiðenda, umbúðafyrirtækis eða seljanda,

g) upplýsingar um hámarksmagn hvers efnisþáttar eða flokks efnisþátta sem fellur undir magntakmarkanir í matvælum og/eða viðeigandi upplýsingar, orðaðar á skýran og auðskiljanlegan hátt, sem gera kaupendum kleift að fara að kröfum þessarar reglugerðar eða annarra viðeigandi laga Bandalagsins,

h) nettómagn,

i) lágmarksgeymsluþol eða síðasti notkunardagur,

j) ef við á, upplýsingar um bragðefni eða önnur efni sem um getur í þessari grein og skráð eru í III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB, að því er varðar upplýsingar um innihaldsefni sem eru í matvælum.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að upplýsingarnar, sem krafist er í e og g-lið þeirrar málsgreinar, komi eingöngu fram í skjölum sem tengjast sendingunni, sem skulu lögð fram við eða fyrir afhendingu, að því tilskildu að ábendingin „ekki til smásölu“ komi fram þar sem hún sést vel og greinilega á umbúðum eða íláti vörunnar sem um er að ræða.

3. Ef bragðefni eru afhent í tönkum er heimilt, þrátt fyrir 1. mgr., að allar upplýsingar komi eingöngu fram í fylgiskjölum með vörusendingunni sem skulu lögð fram við afhendinguna.

16. gr.

Sértækar kröfur fyrir notkun orðsins „náttúrulegt“

1. Ef orðið „náttúrulegt“ er notað til að lýsa bragðefni í vörulýsingunni, sem um getur í a-lið 1. mgr. 15. gr., gilda ákvæði 2. til 6. mgr. þessarar greinar.

2. Einungis má nota orðið „náttúrulegt“ til að lýsa bragðefni ef bragðefnisþátturinn samanstendur eingöngu af bragðefnablöndum og/eða náttúrulegum bragðgefandi efnum.

3. Einungis má nota heitið „náttúruleg(t) bragðgefandi efni“ um bragðefni ef bragðefnisþáttur þess inniheldur eingöngu náttúruleg bragðgefandi efni.

4. Einungis má nota orðið „náttúrulegur“ í tengslum við vísun til matvæla, matvælaflokks eða grunns að bragðefnum úr jurta- eða dýraríkinu ef allur efnisþáttur bragðefnisins eða a.m.k. 95% (massahlutfall) hans er fenginn úr grunnefninu sem vísað er til.

Í lýsingunni skal standa „náttúruleg bragðefni matvæla eða matvælaflokks eða grunnefnis“.

5. Einungis má nota hugtakið „náttúruleg bragðefni matvæla eða matvælaflokks eða grunnefnis með öðrum náttúrulegum bragðefnum“ ef bragðefnisþátturinn er að hluta til fenginn úr grunnefninu sem vísað er til og ef auðvelt er að bera kennsl á bragðið að því.

6. Einungis má nota hugtakið „náttúrulegt bragðefni“ ef bragðefnisþátturinn er unninn úr ólíkum grunnefnum og ef vísun til grunnefnanna gefur ekki til kynna keim eða bragð þeirra.

17. gr.

Merking bragðefna sem eru ætluð til sölu til lokaneytenda

1. Með fyrirvara um tilskipun 2000/13/EB, tilskipun ráðsins 89/396/EBE frá 14. júní 1989 um merkingu sem auðkennir framleiðslulotur matvæla ([18]) og reglugerð (EB) nr. 1829/2003 má einungis setja á markað bragðefni, sem eru seld hvert fyrir sig eða blönduð hvert með öðru og/eða með öðrum innihaldsefnum matvæla og/eða sem öðrum efnum er bætt í og sem eru ætluð til sölu til lokaneytenda, ef á umbúðum þeirra kemur fyrir yfirlýsingin „fyrir matvæli“ eða „í matvæli, takmörkuð notkun“ eða sértækari tilvísun, sem verður að sjást greinilega, vera auðlesin og óafmáanleg, í fyrirhugaða notkun þeirra í matvæli.

2. Ef orðið „náttúrulegt“ er notað til að lýsa bragðefni í vörulýsingunni, sem um getur í a-lið 1. mgr. 15. gr., gildir 16. gr.

18. gr.

Aðrar kröfur varðandi merkingu

Ákvæði 14. til 17. greinar gilda með fyrirvara um nákvæmari eða víðtækari lög, reglugerðir eða stjórnsýsluákvæði varðandi mál og vog eða sem gilda um framsetningu, flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna eða sem gilda um flutning slíkra efna og efnablandna.

V. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐARÁKVÆÐI OG FRAMKVÆMD

19. gr.

Skýrslugjöf stjórnenda matvælafyrirtækja

1. Framleiðandi eða notandi bragðgefandi efnis, eða fulltrúi framleiðanda eða notanda, skal að beiðni framkvæmdastjórnarinnar tilkynna henni um hversu miklu magni efnisins er bætt í matvæli innan Bandalagsins á tólf mánaða tímabili. Fara skal með upplýsingarnar sem lagðar eru fram í þessu samhengi sem trúnaðarmál, að svo miklu leyti sem þær eru ekki nauðsynlegar fyrir áhættumatið.

Framkvæmdastjórnin skal gera upplýsingar um notkunarstigið fyrir tiltekna matvælaflokka í Bandalaginu aðgengilegar aðildarríkjunum.

2. Ef um er að ræða bragðefni, sem þegar hefur verið samþykkt samkvæmt þessari reglugerð og er tilreitt með framleiðsluaðferðum eða með upphafsefnum, sem eru verulega frábrugðin þeim sem er að finna í áhættumati Matvælaöryggisstofnunarinnar, skal framleiðandi eða notandi, áður en bragðefnið er sett á markað, leggja nauðsynleg gögn fyrir framkvæmdastjórnina til að Matvælaöryggisstofnuninni sé unnt að meta bragðefnið með tilliti til breyttra framleiðsluaðferða eða eiginleika.

3. Framleiðandi eða notandi bragðefna og/eða grunnefna skal tafarlaust upplýsa framkvæmdastjórnina um allar nýjar vísindalegar eða tæknilegar upplýsingar, sem honum er kunnugt um og hann hefur aðgang að, sem geta haft áhrif á mat á öryggi viðkomandi bragðgefandi efnis.

4. Samþykkja skal ítarlegar reglur um framkvæmd 1. mgr. í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

20. gr.

Vöktun og skýrslugjöf af hálfu aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu koma á fót kerfum til að vakta neyslu og notkun bragðefna sem koma fyrir í skrá Bandalagsins, sem og neyslu efnanna sem tilgreind eru í III. viðauka, með áhættumiðaðri aðferð og tilkynna framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnuninni um niðurstöður sínar með hæfilegu millibili.

([18]) Stjtíð. EB L 186, 30.6.1989, bls. 21.

2. Að loknu samráði við Matvælaöryggisstofnunina skal samþykkja sameiginlega aðferðafræði vegna upplýsingasöfnunar aðildarríkjanna varðandi neyslu og notkun bragðefna, sem koma fyrir í skrá Bandalagsins, og efnanna, sem tilgreind eru í III. viðauka, í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 21. gr., fyrir 20. janúar 2011.

21. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7.gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 1., 2., 4. og 6. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

22. gr.

Breytingar á II.–V. viðauka

Samþykkja skal breytingar á II.–V. viðauka við þessa reglugerð, sem er ætlað að endurspegla framfarir á sviði vísinda og tækni og breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun, sem um getur í 3. mgr. 21. gr., í kjölfar álits Matvælaöryggisstofnunarinnar, ef nauðsyn krefur.

Ef málefnið er mjög brýnt getur framkvæmdastjórnin gripið til flýtimeðferðarinnar sem um getur í 4. mgr. 21. gr.

23. gr.

Fjármögnun Evrópubandalagsins á samræmdum stefnumálum

Lagagrundvöllur vegna fjármögnunar ráðstafana sem leiða af þessari reglugerð skal vera c-liður 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

VI. KAFLI

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

24. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipun 88/388/EBE, ákvörðun 88/389/EBE og tilskipun 91/71/EBE falli úr gildi frá 20. janúar 2011.

2. Reglugerð (EB) nr. 2232/96 skal felld úr gildi frá og með þeim degi sem skráin, sem um getur í 2. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar, öðlast gildi.

3. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu gerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

25. gr.

Innleiðing skrárinnar yfir bragðgefandi efni í skrá Bandalagsins yfir bragðefni og grunnefni og bráðabirgðafyrirkomulag

1. Skrá Bandalagsins skal komið á fót með því að innleiða skrána yfir bragðgefandi efni, sem um getur í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2232/96, í I. viðauka við þessa reglugerð þegar hún öðlast gildi.

2. Þar til skrá Bandalagsins hefur verið komið á fót gildir reglugerð (EB) nr. 1331/2008 að því er varðar mat og samþykkt bragðgefandi efna sem falla ekki undir matsáætlunina sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2232/96.

Þrátt fyrir þá málsmeðferð gildir níu mánaða fresturinn, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, ekki um slíkt mat og samþykki.

3. Allar viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir, sem ætlað er að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 21. gr.

26. gr.

Breytingar á reglugerð (EBE) nr. 1601/91

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 1. mgr. 2. gr.:

1. í stað fyrsta undirliðar þriðja undirliðar í a-lið komi eftirfarandi:

„— bragðgefandi efni og/eða bragðefnablöndur, eins og skilgreint er í b-lið og d-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli (*), og/eða

(*) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.“

2. í stað fyrsta undirliðar annars undirliðar í b-lið komi eftirfarandi:

„— bragðgefandi efni og/eða bragðefnablöndur, eins og skilgreint er í í b-lið og d-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða“,

3. í stað fyrsta undirliðar annars undirliðar í c-lið komi eftirfarandi:

„— bragðgefandi efni og/eða bragðefnablöndur, eins og skilgreint er í b-lið og d-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða“.

27. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 2232/96

Í stað 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2232/96 komi eftirfarandi:

„1. Samþykkja skal skrána yfir bragðgefandi efni, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 7. gr., eigi síðar en 31. desember 2010“.

28. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 110/2008

Reglugerð (EB) nr. 110/2008 er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað c-liðar í 2. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„c) innihalda bragðgefandi efni, eins og þau eru skilgreind í b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli (*), og bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar,

(*) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.“

2. Í stað c-liðar í 3. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„c) innihalda eitt eða fleiri bragðefni eins og þau eru skilgreind í a-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008“.

3. Í stað 9. liðar í I. viðauka komi eftirfarandi:

„9) Bragðbæting

Bragðbæting er notkun eins eða fleiri af bragðefnunum sem skilgreind eru í a-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 við tilreiðslu brenndra drykkja“.

4. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað c-liðar 19. mgr.:

„c) Einnig má nota önnur bragðgefandi efni, eins og þau er skilgreind í b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, og/eða ilmjurtir eða hluta ilmjurta en skynmatseinkenni einiberja verða þó að vera greinanleg, jafnvel þótt þau kunni að vera veikluð“.

b) Eftirfarandi komi í stað c-liðar 20. mgr.:

„c) Einungis skal nota bragðgefandi efni, eins og þau er skilgreind í b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, við framleiðslu á gini svo að bragðið af einiberjum sé ríkjandi“.

c) Eftirfarandi komi í stað ii. liðar í a-lið 21. mgr.:

ii) blandan af afurð, sem fellur til við slíka eimingu, og etanóli úr landbúnaði með sömu samsetningu, sama hreinleika og alkóhólstyrkleika, en einnig má nota bragðgefandi efni og/eða bragðefnablöndur, sem kveðið er á um í c-lið 20. flokks, til að bragðbæta eimað gin“.

d) Eftirfarandi komi í stað c-liðar 23. mgr.:

„c) Einnig má nota önnur bragðgefandi efni, eins og þau er skilgreind í b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, en bragðið af kúmeni verður að vera ríkjandi“.

e) Eftirfarandi komi í stað c-liðar 24. mgr.:

„c) Einnig má nota önnur náttúruleg bragðgefandi efni, eins og þau eru skilgreind í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, en bragðið af þessum drykkjum má að miklu leyti rekja til eimis af fræjum kúmens (*Carum carvi* L.) og/eða dills (*Anethum graveolens* L.), enda notkun ilmkjarnaolía bönnuð“.

f) Eftirfarandi komi í stað a-liðar 30. mgr.:

„a) Beiskir, brenndir drykkir eða bitterar eru brenndir drykkir með ríkjandi beisku bragði sem eru framleiddir með því að bragðbæta etanól úr landbúnaði með bragðgefandi efnum, eins og þau eru skilgreind í b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndum, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar“.

g) Í stað fyrsta undirliðar og inngangshluta annarrar undirgreinar c-liðar 32. gr. komi eftirfarandi:

„c) Leyfilegt er að nota bragðgefandi efni, eins og þau eru skilgreind í b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, við tilreiðslu á líkjör. Þó skal einungis nota náttúruleg bragðgefandi efni, eins og þau er skilgreind í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, við tilreiðslu á eftirfarandi líkjörum:“.

h) Eftirfarandi komi í stað c-liðar 41. mgr.:

„c) Einungis er leyfilegt er að nota bragðgefandi efni, eins og þau er skilgreind í b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, við tilreiðslu á eggjalíkjör eða advocaat eða avocat eða advokat“.

i) Eftirfarandi komi í stað a-liðar 44. mgr.:

„a) Väkevä glögi eða spritglögg er brenndur drykkur sem er framleiddur með því að bragðbæta etanól úr landbúnaði með bragði af negul- og/eða kanilplöntum með einni af eftirfarandi aðferðum: með því að leggja í bleyti og/eða eima, endureima áfengið ásamt plöntuhlutum af þeim plöntum sem tilgreindar eru hér að framan eða bæta við náttúrulegum bragðgefandi efnum, eins og þau eru skilgreind í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008“.

j) Eftirfarandi komi í stað c-liðar 44. mgr.:

„c) Einnig má nota önnur bragðefni, bragðgefandi efni og/eða bragðefnablöndur, eins og skilgreint er í b-, d- og h-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, en bragðið af þeim kryddum, sem tilgreind eru, verður að vera ríkjandi“.

k) Í c-lið 25., 26., 27., 28., 29., 33., 34., 35., 36., 37., 38., 39., 40., 42., 43., 45. og 46. mgr. skal „bragðefnablöndur“ koma í stað orðsins „efnablöndur“.

29. gr.

Breyting á tilskipun 2000/13/EB

Eftirfarandi komi í stað III. viðauka við tilskipun 2000/13/EB:

„III. VIÐAUKI

MERKING Á BRAGÐEFNUM Í INNIHALDSLÝSINGU

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skulu bragðefni tilgreind með hugtökunum

— „bragðefni“ eða sértækara heiti eða lýsing á bragðefninu ef bragðefnisþátturinn inniheldur bragðefni eins og þau eru skilgreind í b-, c-, d-, e-, f-, g- og h-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli (*),

— „reykbragðefni“ eða „reykbragðefni framleidd úr matvæli eða matvælum eða matvælaflokki/-flokkum eða grunnefni/-efnum“ (t.d. reykbragðefni framleidd úr beyki) ef bragðefnisþátturinn inniheldur bragðefni eins og þau eru skilgreind í f-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 og gefur matvælunum reykt bragð.

2. Nota skal orðið „náttúrulegt“ til að lýsa bragðefnum í samræmi við 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008.“

30. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 20. janúar 2011.

Ákvæði 10. gr. taka gildi að 18 mánuðum liðnum frá gildistökudegi skrár Bandalagsins.

Ákvæði 26. gr. og 28. gr. gilda frá gildistökudegi skrár Bandalagsins.

Ákvæði 22. gr. gilda frá 20. janúar 2009. Matvæli, sem sett eru á markað eða merkt á lögmætan hátt fyrir 20. janúar 2011 og uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. desember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. Pöttering

forseti

Fyrir hönd ráðsins,

B. Le Maire

forseti

(*) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.“

I. VIÐAUKI

Skrá Bandalagsins yfir bragðefni og grunnefni sem hlotið hafa samþykki fyrir notkun í og á matvæli

———

II. VIÐAUKI

Skrá yfir heðbundnar matvinnsluaðferðir

Söxun	Húðun
Hitun, suða, bökun, steiking (upp að 240 °C við loftþrýsting) og þrýstisuða (upp að 120 °C)	Kæling
Stykkjun	Eiming/eimhreinsun
Þurrkun	Fleyting
Uppgufun	Útdráttur, þ.m.t. leysisútdráttur í samræmi við tilskipun 88/344/EBE
Gerjun	Síun
Mölun	
Áhelling	Maukun með því að leggja í bleyti
Vinnsla með örverum	Blöndun
Flysjun	Vætl
Pressun	Geymsla í kæli/frysting
Ristun/glóðarsteiking	Kreisting
Gegnbleyting	

III. VIÐAUKI

Tilvist tiltekinna efna

A-hluti: *Efni sem má ekki bæta í matvæli í óbreyttri mynd*

Agarsýra

Alóín

Kapsaísín

1,2-bensópýrón, kúmarín

Hýperisín

Beta-asarón

1-allýl-4-metoxýbensen, estragól

Blásýra

Mentófúran

4-allýl-1,2-dímetoxýbensen, metýlevgenól

Púlegón

Kvassín

1-allýl-3,4-metýlendíoxýbensen, safról

Tevkrín A

Túján (alfa og beta)

B-hluti: *Hámarksgildi tiltekinna efna, sem eru til staðar frá náttúrunnar hendi í bragðefnum og innihaldsefnum matvæla með bragðbætandi eiginleika, í tilteknum samsettum matvælum, tilbúnum til neyslu, sem bragðefnum og/eða innihaldsefnum matvæla með bragðgefandi eiginleika hefur verið bætt við.*

Heiti efnis	Samsett matvæli þar sem takmarkanir gilda fyrir tilvist viðkomandi efnis	Hámarksgildi (mg/kg)
Beta-asarón	Áfengir drykkir	1,0
1-allýl-4-metoxýbensen, estragól (*)	Mjólkurafurðir	50
	Unnir ávextir, grænmeti (þ.m.t. ætisveppir, sveppir, rætur, hnýði, belgjurtir og belgaldin), hnetur og fræ	50
	Fiskafurðir	50
	Óáfengir drykkir	10
Blásýra	Núggat, marsipan eða marsipanlíki eða svipaðar vörur	50
	Niðursoðin steinaldin	5
	Áfengir drykkir	35
Mentófúran	Sælgæti sem inniheldur mintu/piparmintu, að frátöldu mjög smáu sælgæti sem er ætlað að gera andardrátt ferskari	500
	Mjög smátt sælgæti sem er ætlað að gera andardrátt ferskari	3000
	Tyggigúmmí	1000
	Áfengir drykkir sem innihalda mintu/piparmintu	200
4-allýl-1,2-dímetoxý-bensen, metýlevgenól (*)	Mjólkurafurðir	20
	Unnar kjötvörur og kjötafurðir, þ.m.t. alifuglakjöt og villibráð	15
	Unnar fiskvörur og fiskafurðir	10
	Súpur og sósur	60
	Tilbúnir, bragðmiklir smáréttir (forréttir, eftirréttir)	20
	Óáfengir drykkir	1

Heiti efnis	Samsett matvæli þar sem takmarkanir gilda fyrir tilvist viðkomandi efnis	Hámarksgildi (mg/kg)
Púlegón	Sælgæti sem inniheldur mintu/piparmintu, að frátöldu mjög smáu sælgæti sem er ætlað að gera andardrátt ferskari	250
	Mjög smátt sælgæti sem er ætlað að gera andardrátt ferskari	2000
	Tyggigúmmí	350
	Óáfengir drykkir sem innihalda mintu/piparmintu	20
	Áfengir drykkir sem innihalda mintu/piparmintu	100
Kvassín	Óáfengir drykkir	0,5
	Brauðvörur	1
	Áfengir drykkir	1,5
1-allýl-3,4-metýlendí-oxýbensen, safról (*)	Unnar kjötvörur og kjötafurðir, þ.m.t. alifuglakjöt og villibráð	15
	Unnar fiskvörur og fiskafurðir	15
	Súpur og sósur	25
	Óáfengir drykkir	1
Tevkrín A	Beiskir, brenndir drykkir eða bitterar ([1])	5
	Líkjörar ([2]) með beisku bragði	5
	Aðrir áfengir drykkir	2
Túján (alfa og beta)	Áfengir drykkir, að frátöldum þeim sem eru unnir úr Artemisia-tegundum	10
	Áfengir drykkir sem eru unnir úr Artemisia-tegundum	35
	Óáfengir drykkir sem eru unnir úr Artemisia-tegundum	0,5
Kúmarín	Hefðbundnar og/eða árstíðabundnar brauðvörur með merkingu sem sýnir að í þeim sé kanill	50
	Morgunkorn, þ.m.t. múslí	20
	Fínt kaffibrauð, að frátöldum hefðbundnum og/eða árstíðabundnum brauðvörum, með merkingu sem sýnir að í því sé kanill	15
	Eftirréttir	5

(*) Hámarksgildin eiga ekki við ef samsettu matvælin innihalda engin viðbætt bragðefni og einu innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika, sem hefur verið bætt í þau, eru ferskar, þurrkaðar eða frystar kryddjurtir og krydd. Framkvæmdastjórnin leggur til breytingar á þessari undanþágu ef við á, að höfðu samráði við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina, á grundvelli gagna, sem aðildarríkin hafa lagt fram, auk nýjustu vísindalegu upplýsinga og með tilliti til notkunar kryddjurta og krydda og náttúrulegra bragðefnablandna.

([1]) Eins og þeir eru skilgreindir í 30. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008.

([2]) Eins og þeir eru skilgreindir í 32. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008.

IV. VIÐAUKI

Skrá yfir grunnefni sem takmarkanir gilda um að því er varðar notkun þeirra við framleiðslu á bragðefnum og innihaldsefnum matvæla með bragðgefandi eiginleika

A-hluti: *grunnefni sem ekki skal nota við framleiðslu á bragðefnum og/eða innihaldsefnum matvæla með bragðgefandi eiginleika*

Grunnefni	
Latneskt heiti	Almennt heiti
Fjórlitna vaxtargerð Acorus calamus L.	Fjórlitna vaxtargerð Calamus

B-hluti: *Notkunarskilyrði bragðefna og innihaldsefna matvæla með bragðgefandi eiginleika sem unnin eru úr tilteknum grunnefnum*

Grunnefni		Notkunarskilyrði
Latneskt heiti	Almennt heiti	
Quassia amara L. og Picrasma excelsa (Sw)	Beiskjuviður (quassia)	Einungis má nota bragðefni og innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika sem unnin eru úr viðkomandi grunnefni til að framleiða drykkjar- og brauðvörur
Laricifomes officinales (Vill.: Fr) Kotl. et Pouz eða Fomes officinalis	Lerkibarði	Einungis má nota bragðefni og innihaldsefni matvæla með bragðgefandi eiginleika sem unnin eru úr viðkomandi grunnefni til að framleiða áfenga drykki
Hypericum perforatum L.	Jóhannesarjurt	
Teucrium chamaedrys L.	Kóngagræðir	

V. VIÐAUKI

Skilyrði fyrir framleiðslu bragðefna, sem eru unnin með varmaferli, og hámarksgildi fyrir tiltekin efni í bragðefnum, sem eru unnin með varmaferli

A-hluti: *Skilyrði fyrir framleiðslu*

a) Hiti viðkomandi vara skal ekki fara yfir 180 °C við vinnslu.

b) Varmaferlið skal ekki standa yfir lengur en í 15 mínútur við 180 °C eða í lengri tíma við lægra hitastig, þ.e. í tvöfalt lengri hitunartíma fyrir hverjar 10 °C sem hitinn er minnkaður um, í 12 klukkustundir hið mesta.

c) Meðan á vinnslu stendur skal pH-gildið ekki fara yfir 8,0.

B-hluti: *Hámarksgildi fyrir tiltekin efni*

Efni	Hámarksgildi (µg/kg)
2-amínó-3,4,8-trímetýlimídasó [4,5-f] kínoxalín (4,8-DiMeIQx)	50
2-amínó-1-metýl-6-fenýlimídasól [4,5-b] pýridín (PhIP)	50

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 238/2010 **2011/EES/55/12**

frá 22. mars 2010

um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar kröfuna um merkingu drykkjarvara sem innihalda meira en 1,2% af vínanda miðað við rúmmál og innihalda tiltekin litarefni fyrir matvæli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá yfir matvælalitarefni þar sem merking skal innihalda þær viðbótarupplýsingar að þessi litarefni geti haft skaðleg áhrif á athafnasemi og eftirtekt barna.

2) Í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er nú þegar kveðið á um undanþágu frá þeirri reglu vegna matvæla ef litarefnið hefur verið notað til heilbrigðismerkinga eða til annarra merkinga á kjötafurðum eða til stimplunar eða skreytingar á eggjaskurn.

3) Litarefnin, sem skráð eru í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, má nota í tiltekna áfenga drykki, t.d. kryddvín, drykki sem eru að stofni til úr kryddvíni og hanastél sem eru blönduð með kryddvíni, ávaxtavín, eplavín, peruvín og tilteknar áfengar drykkjarvörur. Að teknu tilliti til þess að vörur sem innihalda meira en 1,2% af vínanda miðað við rúmmál eru ekki ætlaðar til neyslu fyrir börn er viðbótarmerkingin, sem kveðið er á um í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, af þeim sökum hvorki nauðsynleg né viðeigandi fyrir slík matvæli.

4) Því ber að breyta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

Í stað neðanmálsgreinarinnar „(*) Að undanskildum matvælum þar sem litarefnið hefur verið notað / litarefnin hafa verið notuð til heilbrigðismerkinga eða til annarra merkinga á kjötafurðum eða til stimplunar eða skreytingar á eggjaskurn“ komi eftirfarandi:

„(*) Að undanskildum:

a) matvælum þar sem litarefnið eða litarefnin hafa verið notuð til heilbrigðismerkinga eða til annarra merkinga á kjötafurðum eða til stimplunar eða skreytingar á eggjaskurn og

b) drykkjarvörum sem innihalda meira en 1,2% af vínanda miðað við rúmmál.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 20. júlí 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 75, 23.3.2010, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 28.7.2011, bls. 6.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 257/2010 **2011/EES/55/13**

frá 25. mars 2010

um að koma á fót áætlun um endurmat á samþykktum aukefnum í matvælum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum[1], einkum 32. gr.,

Að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er þess krafist að framkvæmdastjórnin komi upp áætlun um endurmat Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) á öryggi matvælaaukefna sem þegar voru leyfð í Sambandinu fyrir 20. janúar 2009.

2) Árið 2007 lagði framkvæmdastjórnin skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framvindu við endurmat á matvælaaukefnum([2]). Í þeirri skýrslu er að finna samantekt á nýlegu endurmati vísindanefndarinnar (hér á eftir nefnd vísindanefndin) og Matvælaöryggisstofnunarinnar á aukefnum og lýsingu á tengdum aðgerðum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á grundvelli vísindalegu álitanna.

3) Endurmat á matvælalitarefnum er þegar hafið sem forgangsverkefni þar eð elsta matið, sem vísindanefndin annaðist, var á þessum matvælaaukefnum. Endurmati á tilteknum litarefnum er þegar lokið (nánar tiltekið E 102 tartrasíni, E 104 kínólíngulu, E 110 sólsetursgulu FCF, E 124 ponseau 4R, E 129 allúrarauðu AC og E 122 karmósíni, E 160d lýkópeni). Þar að auki hafa nokkur matvælaaukefni, t.d. E 234 nísín og E 214–219 parahýdroxýbensóöt, verið endurmetin á undanförnum árum þar eð óskað var eftir nýjum vísindagögnum eða þau urðu aðgengileg á annan hátt. Af því leiðir að ekki þarf að endurmeta þessi aukefni aftur.

4) Með tilliti til þess að nýjasta matið er á sætuefnum er rétt að þau verði endurmetin síðast.

5) Forgangsröðun vegna endurmats á þeim matvælaaukefnum sem nú eru samþykkt skal ákveðin á grundvelli eftirfarandi viðmiðana: sá tími sem liðinn er frá því að vísindanefndin eða Matvælaöryggisstofnunin mat matvælaaukefnið síðast, tiltækileiki nýrrar vísindaþekkingar, umfang á notkun matvælaaukefnis í matvælum og váhrif af völdum aukefnisins á menn, en einnig skal taka tillit til niðurstaðna í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um inntöku matvælaaukefna með fæðu innan ESB([3]) frá 2001. Í skýrslunni um matvælaaukefni í Evrópu árið 2000 ([4]), sem Norræna ráðherranefndin lagði fyrir framkvæmdastjórnina, koma fram viðbótarupplýsingar sem nota má við forgangsröðun á endurmati á aukefnum.

6) Vegna skilvirkni og af hagkvæmnisástæðum skal endurmat, eftir því sem við verður komið, fara fram eftir flokkum matvælaaukefna samkvæmt helsta virkniflokknum sem þau tilheyra. Matvælaöryggisstofnuninni skal þó kleift, samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjórninni eða að eigin frumkvæði, að hefja endurmat á matvælaaukefni eða flokki matvælaaukefna sem nýtur forgangs ef fram kemur ný vísindaþekking sem bendir til hugsanlegrar áhættu fyrir heilbrigði manna eða sem getur á einhvern hátt haft áhrif á mat á öryggi matvælaaukefnis.

7) Frestir vegna endurmats skulu settir í samræmi við þessa forgangsröðun. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum og einungis þegar slíkt endurmat getur tafið verulega fyrir endurmati á öðrum matvælaaukefnum er heimilt að endurskoða frestina sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

8) Nánari fresti vegna einstakra matvælaaukefna eða flokka matvælaaukefna má ákveða síðar til að greiða fyrir eðlilegri starfsemi endurmatsferlisins eða ef upp kemur áhyggjuefni.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 28.7.2011, bls. 6.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) COM(2007) 418 lokagerð.

([3]) COM(2001) 542 lokagerð.

([4]) Food Additives in Europe 2000, Status of safety assessments of food additives presently permitted in the EU, Norræna ráðherranefndin, TemaNord 2002:560.

9) Til að endurmatsferlið verði skilvirkt er mikilvægt að Matvælaöryggisstofnunin afli sér allra viðeigandi gagna frá hagsmunaaðilum er varða endurmatið og að hagsmunaaðilunum sé tilkynnt um það með góðum fyrirvara þegar viðbótargagna er þörf til að ljúka megi endurmati á matvælaaukefni.

10) Rekstraraðilar, sem hafa hagsmuni af áframhaldandi samþykki fyrir matvælaaukefni sem verið er að endurmeta, skulu leggja fram öll gögn sem tengjast endurmati á matvælaaukefninu. Þegar unnt er skulu rekstraraðilar gera ráðstafanir til að leggja slíkar upplýsingar fram saman.

11) Matvælaöryggisstofnunin skal, einu sinni eða oftar, kalla opinberlega eftir gögnum um öll matvælaaukefni sem á að endurmeta. Hagsmunaaðilar skulu leggja fyrir Matvælaöryggisstofnunina, innan tilskilinna tímamarka, þær tækni- og vísindaupplýsingar um matvælaaukefni sem eru nauðsynlegar til að hægt sé að endurmeta það, einkum eiturefnafræðileg gögn og gögn sem tengjast mati á váhrifum viðkomandi matvælaaukefnis á menn.

12) Vísindanefndin um matvæli hefur áður metið öryggi matvælaaukefnanna sem Matvælaöryggisstofnunin á að endurmeta og mörg þeirra hafa verið lengi í notkun. Upplýsingarnar sem leggja skal fram vegna endurmatsins skulu innihalda fyrirliggjandi gögn sem fyrra mat á matvælaaukefninu var byggt á og öll ný gögn sem tengjast matvælaaukefninu sem lögð hafa verið fram frá síðasta mati vísindanefndarinnar um matvæli. Þær upplýsingar skulu vera eins ítarlegar og mögulegt er til að Matvælaöryggisstofnunin geti lokið endurmati sínu og sett fram uppfært álit og skulu lagðar fram samkvæmt viðeigandi leiðbeiningum um framlagningu vegna mats á matvælaaukefnum, eftir því sem unnt er (sem stendur eru það leiðbeiningar vísindanefndarinnar um matvæli frá 11. júlí 2001([1])).

13) Matvælaöryggisstofnunin getur óskað eftir viðbótarupplýsingum til að ljúka endurmati á matvælaaukefni. Í því tilviki skal Matvælaöryggisstofnunin óska eftir nauðsynlegum gögnum með góðum fyrirvara, annaðhvort með því að kalla opinberlega eftir gögnum eða með því að hafa samband við þá aðila sem lögðu fram gögn um matvælaaukefnið. Hagsmunaaðilar skulu leggja fram umbeðnar upplýsingar innan tilskilins frests sem Matvælaöryggisstofnunin setur, að teknu tilliti til álits hagsmunaaðilanna, þar sem við á.

14) Í reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er kveðið á um að við samþykki fyrir matvælaaukefnum skuli einnig taka tillit til umhverfisþátta. Því skulu hagsmunaaðilarnir, innan ramma endurmats á matvælaaukefni, tilkynna framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnuninni um allar upplýsingar sem tengjast hvers kyns umhverfisáhættu sem stafar af framleiðslu, notkun eða úrgangi frá því aukefni.

15) Ef umbeðnar upplýsingar, sem eru nauðsynlegar til að ljúka endurmati á tilteknu matvælaaukefni, eru ekki lagðar fram má fjarlægja matvælaaukefnið af skrá Sambandsins yfir samþykkt matvælaaukefni.

16) Málsmeðferð við endurmat á matvælaaukefnum skal uppfylla kröfur um gagnsæi og upplýsingar til almennings en um leið tryggja trúnaðarkvaðir á tilteknum upplýsingum.

17) Eigi síðar en gildistökudag þessarar reglugerðar mun framkvæmdastjórnin koma á framfæri við almenning skrá yfir samþykkt matvælaaukefni sem verið er að endurmeta, ásamt dagsetningu á síðasta mati vísindanefndarinnar um matvæli eða Matvælaöryggisstofnuninnar á þeim.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð er komið á fót áætlun um endurmat Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) á samþykktum aukefnum í matvæli eins og kveðið er á um í 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008.

2. Samþykkt matvælaaukefni, sem Matvælaöryggisstofnunin hefur lokið endurmati á þegar þessi reglugerð er samþykkt, skal ekki endurmeta aftur. Þessi matvælaaukefni eru skráð í I. viðauka.

([1]) Guidance on submissions for food additive evaluations by the Scientific Committee on Food. Álit sett fram 11. júlí 2001. SCF/CS/ADD/GEN/26 lokagerð.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „samþykkt matvælaaukefni“: matvælaaukefni sem var leyft fyrir 20. janúar 2009 og er skráð í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum([1]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum([2]) eða í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni([3]),

b) „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 í matvælafyrirtæki undir hans stjórn,

c) „rekstraraðili sem hefur hagsmuna að gæta“: rekstraraðili sem hefur hagsmuni af áframhaldandi samþykki fyrir einu eða fleiri samþykktum matvælaaukefnum,

d) „upphafleg málsskjöl“: málsskjöl sem lágu til grundvallar þegar matvælaaukefni var metið og leyft til notkunar í matvæli fyrir 20. janúar 2009.

3. gr.

Forgangsröðun vegna endurmats á samþykktum matvælaaukefnum

1. Samþykkt matvælaaukefni skulu endurmetin í eftirfarandi röð og innan eftirfarandi frests:

a) endurmati á öllum samþykktum matvælalitarefnum, sem skráð eru í tilskipun 94/36/EB, skal lokið eigi síðar en 31. desember 2015,

b) endurmati á öllum samþykktum matvælaaukefnum, öðrum en litarefnum og sætuefnum sem skráð eru í tilskipun 95/2/EB, skal lokið eigi síðar en 31. desember 2018,

c) endurmati á öllum samþykktum sætuefnum í matvæli, sem skráð eru í tilskipun 94/35/EB, skal lokið eigi síðar en 31. desember 2020.

2. Í II. viðauka við þessa reglugerð eru settir nánari frestir fyrir tiltekin matvælaaukefni innan virkniflokkanna sem um getur í 1. mgr. Þessi matvælaaukefni skulu metin á undan öðrum matvælaaukefnum í sama virkniflokki.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. getur Matvælaöryggisstofnunin hvenær sem er hafið endurmat á matvælaaukefni eða flokki matvælaaukefna sem njóta forgangs, samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjórninni eða að eigin frumkvæði, ef fram kemur ný vísindaþekking sem

a) bendir til hugsanlegrar áhættu fyrir heilbrigði manna eða

b) getur á einhvern hátt haft áhrif á öryggismat á matvælaaukefninu eða flokki matvælaaukefnanna.

4. gr.

Málsmeðferð við endurmat

Matvælaöryggisstofnunin skal, við endurmat á samþykktu matvælaaukefni:

a) kanna upphaflega álitið og vinnuskjöl vísindanefndarinnar um matvæli eða Matvælaöryggisstofnunarinnar,

b) kanna upphaflegu málsskjölin, ef þau liggja fyrir,

c) kanna gögn sem rekstraraðili eða -aðilar sem hafa hagsmuna að gæta og/eða aðrir hagsmunaaðilar lögðu fram,

d) kanna öll gögn sem framkvæmdastjórnin og aðildarríkin hafa lagt fram,

e) greina viðeigandi heimildir sem birtar hafa verið frá síðasta mati á hverju matvælaaukefni.

5. gr.

Kallað eftir gögnum

1. Til að afla gagna frá rekstraraðilum sem hafa hagsmuna að gæta og/eða öðrum hagsmunaaðilum skal Matvælaöryggisstofnunin kalla opinberlega eftir gögnum um þau matvælaaukefni sem verið er að endurmeta. Þegar Matvælaöryggisstofnunin tilgreinir tímaáætlun til framlagningar gagna skal hún, eftir gildistöku þessarar reglugerðar, veita rekstraraðila sem hefur hagsmuna að gæta og/eða öðrum hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að uppfylla þessar skyldur.

([1]) Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3.
([2]))Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13.
([3]) Stjtíð. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1.

2. Gögnin sem um getur í 1. mgr. geta m.a. tekið til eftirfarandi:

a) rannsóknarskýrslna úr upphaflegu málsskjölunum sem metin voru af vísindanefndinni um matvæli eða Matvælaöryggisstofnuninni eða sameiginlegri sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum (JECFA),

b) upplýsinga varðandi gögn um öryggi viðkomandi matvælaaukefnis sem vísindanefndin um matvæli eða JECFA hafa ekki endurskoðað áður,

c) upplýsinga um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum sem eru í notkun sem stendur, þ.m.t. upplýsingar um kornastærð og viðeigandi eðlisefnafræðileg einkenni og eiginleikar,

d) upplýsinga um framleiðsluferlið,

e) upplýsinga um greiningaraðferðir sem eru fyrir hendi til greiningar í matvælum,

f) upplýsinga um váhrif á menn af völdum matvælaaukefna (t.d. neyslumynstur og notkun, raunverulegt notkunarstig og hámarksnotkunarstig, tíðni neyslu og aðrir þættir sem hafa áhrif á váhrif),

g) efnahvarfa og afdrifa í matvælum.

6. gr.

Framlagning gagna

1. Rekstraraðili eða -aðilar sem hafa hagsmuna að gæta og aðrir hagsmunaaðilar skulu leggja fram gögn sem tengjast endurmati á matvælaaukefni, eins og um getur í 2. mgr. 5. gr., innan þeirra tímamarka sem Matvælaöryggisstofnunin setur í kalli sínu eftir gögnum. Í framlögðum gögnum rekstraraðila sem hefur hagsmuna að gæta og annarra hagsmunaaðila skulu vera þau gögn sem Matvælaöryggisstofnunin óskaði eftir og fylgja skal, eftir því sem unnt er, viðeigandi leiðbeiningum um framlagningu vegna mats á matvælaaukefnum([1]).

2. Þegar nokkrir rekstraraðilar hafa hagsmuna að gæta mega þeir, þegar unnt er, leggja gögnin fram sameiginlega.

3. Ef þörf er á viðbótarupplýsingum, sem taldar eru skipta máli vegna endurmats á tilteknu matvælaaukefni meðan á endurmatinu stendur, skal Matvælaöryggisstofnunin, með opinberu kalli eftir gögnum, óska eftir þessum upplýsingum frá rekstraraðilum, sem hafa hagsmuna að gæta, og bjóða öðrum hagsmunaaðilum að leggja fram þessar upplýsingar. Matvælaöryggisstofnunin skal ákveða frest til framlagningar á þessum upplýsingum, að teknu tilliti, þar sem við á, til álits rekstraraðila, sem hafa hagsmuna að gæta, og/eða annarra hagsmunaaðila á því hversu langur tími er nauðsynlegur. Í slíkum tilvikum skal Matvælaöryggisstofnunin leggja fram beiðni um viðbótarupplýsingar með góðum fyrirvara þannig að það hafi ekki áhrif á heildarfresti vegna endurmats sem settir eru fram í 1. mgr. 3. gr. og II. viðauka.

4. Í endurmatinu skal ekki taka tillit til upplýsinga sem ekki voru lagðar fram innan frestsins sem Matvælaöryggisstofnunin setti. Í undantekningartilvikum getur Matvælaöryggisstofnunin þó ákveðið, með samþykki framkvæmdastjórnarinnar, að taka tillit til upplýsinga sem lagðar voru fram eftir að fresturinn rann út ef viðkomandi upplýsingar eru mikilvægar fyrir endurmat á matvælaaukefni.

5. Ef umbeðnar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram hjá Matvælaöryggisstofnuninni innan tilskilins frests má fjarlægja matvælaaukefnið af skrá Sambandsins í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 10. gr. í reglugerð (EB) nr. 1333/2008([2]).

7. gr.

Aðrar upplýsingar

Rekstraraðili eða -aðilar sem hafa hagsmuna að gæta eða aðrir hagsmunaaðilar skulu, innan ramma endurmats á matvælaaukefni, tilkynna Matvælaöryggisstofnuninni og framkvæmdastjórninni um allar fyrirliggjandi upplýsingar sem tengjast hvers kyns umhverfisáhættu sem stafar af framleiðslu, notkun eða úrgangi frá matvælaaukefninu.

8. gr.

Trúnaðarkvaðir

1. Fara skal með upplýsingar sem trúnaðarmál ef birting þeirra getur skaðað samkeppnisstöðu rekstraraðila eða annarra hagsmunaaðila umtalsvert.

2. Upplýsingar um eftirfarandi teljast ekki undir neinum kringumstæðum vera trúnaðarmál:

a) nafn og heimilisfang rekstraraðilans sem á hagsmuna að gæta,

b) efnaheiti og skýr lýsing á efninu,

c) upplýsingar um notkun efnisins í eða á tiltekin matvæli eða flokka matvæla,

([1]) Sem stendur er það álit vísindanefndarinnar um matvæli frá 11. júlí 2001. SCF/CS/ADD/GEN/26 lokagerð.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

d) upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir mat á öryggi efnisins,

e) aðferð(ir) til greiningar í matvælum.

3. Að því er varðar 1. mgr. skal rekstraraðili eða -aðilar sem hafa hagsmuna að gæta og aðrir hagsmunaaðilar tilgreina þær framlögðu upplýsingar sem þeir óska eftir að farið verði með sem trúnaðarmál. Í slíkum tilvikum skal færa fram rök sem unnt er að sannreyna.

4. Að tillögu Matvælaöryggisstofnuninnar skal framkvæmdastjórnin ákveða, að höfðu samráði við rekstraraðila sem hefur hagsmuna að gæta og/eða aðra hagsmunaaðila, hvaða upplýsingar megi haldast áfram sem trúnaðarmál og skal hún tilkynna Matvælaöryggisstofnuninni og aðildarríkjunum um það.

5. Framkvæmdastjórnin, Matvælaöryggisstofnunin og aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar([1]), gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja viðeigandi trúnaðarkvaðir á upplýsingum sem þeim berast nema um sé að ræða upplýsingar sem nauðsynlegt er að gera opinberar, ef aðstæður krefjast þess, til að vernda heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið.

6. Framkvæmd 1. til 5. mgr. skal ekki hafa áhrif á dreifingu upplýsinga á milli framkvæmdastjórnarinnar, Matvælaöryggisstofnuninnar og aðildarríkjanna.

9. gr.

Vöktun á framvindu

Í desember á hverju ári skal Matvælaöryggisstofnunin tilkynna framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum um framvindu endurmatsáætlunarinnar.

10. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti

José Manuel BARROSO

([1]) Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir samþykkt matvælaaukefni sem voru samþykkt fyrir 20. janúar 2009 og sem Matvælaöryggisstofnunin hefur lokið endurmati á við samþykkt þessarar reglugerðar

E-nr.	Efni	Ártal síðasta mats vísindanefndarinnar um matvæli eða Matvælaöryggisstofnuninnar	Staðan á endurmati Matvælaöryggisstofnuninnar
E 102	Tartrasín	2009	Endurmati lauk 23. september 2009
E 104	Kínólíngult	2009	Endurmati lauk 23. september 2009
E 110	Sólsetursgult FCF, appelsínugult S	2009	Endurmati lauk 24. september 2009
E 122	Asórúbín, karmósín	2009	Endurmati lauk 24. september 2009
E 124	Ponseau 4R, kókínílrautt A	2009	Endurmati lauk 23. september 2009
E 129	Allúrarautt AC	2009	Endurmati lauk 23. september 2009
E 160d	Lýkópen	2008	Endurmati lauk 30. janúar 2008
E 234	Nísín	2006	Endurmati lauk 26. janúar 2006
E 173	Ál	2008	Endurmati lauk 22. maí 2008
E 214	Etýl-p-hýdroxýbensóat	2004	Endurmati lauk 13. júlí 2004
E 215	Natríumetýl-p-hýdroxýbensóat	2004	Endurmati lauk 13. júlí 2004
E 218	Metýl-p-hýdroxýbensóat	2004	Endurmati lauk 13. júlí 2004
E 219	Natríummetýl-p-hýdroxýbensóat	2004	Endurmati lauk 13. júlí 2004
E 235	Natamýsín	2009	Endurmati lauk 26. nóvember 2009
E 473	Súkrósaesterar af fitusýrum	2006	Endurmati lauk 23. nóvember 2004, endurskoðað 26. janúar 2006
E 474	Súkróglýseríð	2006	Endurmati lauk 23. nóvember 2004, endurskoðað 26. janúar 2006
E 901	Bývax, hvítt og gult	2007	Endurmati lauk 27. nóvember 2007

II. VIÐAUKI

Sérstök forgangsröðun vegna tiltekinna matvælaaukefna innan virkniflokka matvælaaukefna eins og um getur í 1. og 2. mgr. 3. gr.

I. HLUTI: MATVÆLALITAREFNI

Innan heildartímamarkanna, sem sett voru fyrir endurmat á matvælalitarefnum í 1. mgr. 3. gr. og miðast við 31.12.2015, eru tilgreindir eftirfarandi nánari frestir fyrir eftirfarandi matvælalitarefni:

1. **Mati á eftirfarandi matvælalitarefnum skal lokið eigi síðar en 15.4.2010**

E 123	Amarant
E 151	Gljáandisvart BN, Svart PN
E 154	Brúnt FK
E 155	Brúnt HT og
E 180	Lítólrúbín BK

2. **Mati á eftirfarandi matvælalitarefnum skal lokið eigi síðar en 31.12.2010**

E 100	Kúrkúmín
E 127	Erýtrósín
E 131	Patentblátt V
E 132	Indígótín, indógókarmín
E 133	Skærblátt FCF
E 142	Grænt S
E 150a	Karamellubrúnt
E 150b	Basískt súlfítað karamellubrúnt
E 150c	Karamellubrúnt, ammóníað
E 150d	Ammóníað súlfítað karamellubrúnt
E 161b	Lútín
E 161g	Kantaxantín
E 170	Kalsíumkarbónat

3. **Mati á eftirfarandi matvælalitarefnum skal lokið eigi síðar en 31.12.2015**

E 101	i) Ríbóflavín ii) Ríbóflavín-5'-fosfat
E 120	Kókíníl, karmínsýra, karmín
E 140	Klórófýll og klórófýllín: i) Klórófýll ii) Klórófýllín
E 141	Klórófýll- og klórófýllínkoparflókar: i) Klórófýllkoparflókar ii) Klórófýllínkoparflókar
E 153	Viðarkolsvart
E 160b	Annattó, bixín, norbixín
E 160a	Karótín: i) Blönduð karótín ii) β-karótín
E 160c	Paprikukjarni, kapsantín, kapsórúbín
E 160e	Beta-apó-8′-karótenal (C30)

E 160f	Beta-apó-8′-karótenóíðsýruetýlester (C30)
E 162	Rauðrófulitur, betanín
E 163	Antósýanín
E 171	Títandíoxíð
E 172	Járnoxíð og -hýdroxíð
E 174	Silfur
E 175	Gull

II. HLUTI: MATVÆLAAUKEFNI ÖNNUR EN LITAREFNI OG SÆTUEFNI

Innan heildartímamarkanna, sem sett voru fyrir endurmat á öðrum matvælaaukefnum en litarefnum og sætuefnum í 1. mgr. 3. gr. og miðast við 31.12.2018, eru tilgreindir eftirfarandi nánari frestir fyrir tiltekin matvælaaukefni og flokka matvælaaukefna:

1. **Mati á rotvarnarefnunum og þráavarnarefnunum E 200–203; E 210–215, E 218–252, E 280–285; E 300–E 321 og E 586 skal lokið eigi síðar en 31.12.2015**

   Eftirfarandi efni innan þessa flokks njóta forgangs:

E 310–312	Gallöt
E 320	Bútýlhýdroxýanisól (BHA)
E 321	Bútýlhýdroxýtólúen (BHT)
E 220-228	Brennisteinsdíoxíð og -súlfít
E 304	Fitusýruesterar askorbínsýru: i) Askorbýlpalmítat ii) Askorbýlsterat
E 200–203	Sorbínsýra og sorböt
E 284	Bórsýra
E 285	Natríumtetrabórat (bórax)
E 239	Hexametýlentetramín
E 242	Dímetýldíkarbónat
E 249	Kalíumnítrít
E 250	Natríumnítrít
E 251	Natríumnítrat
E 252	Kalíumnítrat
E 280–283	Própíónsýra og natríum-, kalsíum- og kalíumsölt hennar
E 306	Tókóferólauðugur kjarni
E 307	α-tókóferól
E 308	γ-tókóferól
E 309	δ-tókóferól

2. **Mati á ýruefnunum, fleytiefnunum og bindiefnunum E 322, E 400–E 419, E 422–E 495 og E 1401–E 1451 skal lokið eigi síðar en 31.12.2016**

   Eftirfarandi efni innan þessa flokks njóta forgangs:

E 483	Sterýltartrat
E 491–495	Sorbítanesterar
E 431	Pólýoxýetýlen(40)sterat
E 432–436	Pólýsorböt

E 444	Súkrósaasetatísóbútýrat
E 481	Natríumsteróýl-2-laktýlat
E 482	Kalsíumsteróýl-2-laktýlat
E 414	Arabískt gúmmí (*)
E 410	Karóbgúmmí (*)
E 417	Taragúmmí (*)
E 422	Glýseról
E 475	Pólýglýserólesterar af fitusýrum

3. **Mati á E 551 kísildíoxíði, E 620–625 glútamötum, E 1105 lýsósími og E 1103 invertasa skal lokið eigi síðar en 31.12.2016**

4. **Mati á þeim matvælaaukefnum sem eftir standa, öðrum en litarefnum og sætuefnum, skal lokið eigi síðar en 31.12.2018**

Eftirfarandi njóta forgangs:

E 552	Kalsíumsílíkat
E 553a	Magnesíumsílíkat og -trísílikat
E 553b	Talkúm
E 558	Bentónít
E 999	Kvillæjakjarni
E 338–343	Fosfórsýra og fosföt
E 450–452	Dí-, trí- og fjölfosföt
E 900	Dímetýlpólýsíloxan
E 912	Montansýruesterar
E 914	Oxað pólýetýlenvax
E 902	Kandelillavax
E 904	Skellakk
E 626–629	Gúanýlsýra, dínatríumgúanýlat, díkalíumgúanýlat og kalsíumgúanýlat
E 630–633	Inósínsýra, dínatríuminósínat, díkalíuminósínat og kalsíuminósínat
E 634–635	Kalsíum-5'-ríbónúkleótíð og dínatríum-5'-ríbónúkleótíð
E 507–511	Saltsýra, kalíumklóríð, kalsíumklóríð, magnesíumklóríð
E 513	Brennisteinssýra

(*) Meta má alla náttúrulega gúmkvoðu, E 400–418 og E 425, samtímis.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/67/ESB **2011/EES/55/14**

frá 20. október 2010

um breytingu á tilskipun 2008/84/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 5. mgr. 30. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli og Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/84/EB frá 27. ágúst 2008 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni([2]) eru tilgreind hreinleikaskilyrði fyrir aukefnin sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni([3]).

2) Samkvæmt 4. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 skal samþykkja nákvæmar skilgreiningar fyrir matvælaaukefni sem falla undir 1.–3. mgr. þeirrar greinar, þ.m.t. aukefni sem leyfð eru samkvæmt tilskipun 95/2/EB, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([4]), um leið og þessi matvælaaukefni eru skráð í viðkomandi viðauka í samræmi við þessar málsgreinar.

3) Þar eð enn er ekki búið að semja skrárnar og til að tryggja að breytingin á viðaukunum við tilskipun 95/2/EB skv. 31. gr. sé skilvirk og til að tryggja að aukefni, sem þannig eru leyfð, samræmist skilyrðum um örugga notkun skal breyta tilskipun 2008/84/EB.

4) Færslan um koltvísýring (E 290) skal endurskoðuð með tilliti til styrks „olíuinnihalds“ til að tekið sé tillit til nákvæmra skilgreininga í Alþjóðamatvælaskránni, sem samdar voru af sameiginlegri sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum (JECFA), og skjala Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) (t.d. ISO-staðals 6141).

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) hefur metið upplýsingarnar um öryggi rósmarínkjarna þegar hann er notaður sem þráavarnarefni í matvælum. Rósmarínkjarni er dreginn úr Rosmarinus officinalis L. og inniheldur nokkur efnasambönd sem hafa þráaverjandi eiginleika (aðallega fenólsýrur, flavonóíð, díterpenóíð og tríterpen). Talið er við hæfi að samþykkja nákvæmar skilgreiningar fyrir rósmarínkjarna sem er leyfður sem nýtt aukefni til notkunar í matvæli samkvæmt tilskipun 95/2/EB og hefur fengið E-númerið 392. Nokkrum mismunandi framleiðsluaðferðum er lýst þar sem notaður er leysisútdráttur (með etanóli, asetoni og hexani) og útdráttur með koltvísýringi í yfirmarksástandi.

6) Vísindanefndin um matvæli mat sojabaunahálfbeðmi (E 426) árið 2003([5]) og það er sem stendur leyft innan ESB samkvæmt tilskipun 95/2/EB. Nýtt afbrigði sojabaunahálfbeðmis er nú í framleiðslu og það uppfyllir allar þær nákvæmu skilgreiningar sem settar eru fram í tilskipun 2008/84/EB fyrir E 426 nema að það þarf

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 28.7.2011, bls. 6.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 253, 20.9.2008, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([5]) Álit vísindanefndarinnar um matvæli um sojabaunahálfbeðmi sett fram 4. apríl 2003 (SCF/CS/ADD/EMU/185 lokagerð).

etanól í tæknilegum tilgangi sem felliefni til að hreinsa útdráttarlausn þessa nýja afbrigðis af sojabaunahálfbeðmi. Afleiðingin er sú að hið endanlega E 426, sem í útliti sker sig frá hvítu úðaþurrkuðu dufti, getur einnig innihaldið leif af etanóli í styrk að hámarki 2%. Etanól er leyft með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/32/EB([1]) sem útdráttarleysir við vinnslu hráefna, matvæla, efnisþátta matvæla eða innihaldsefna matvæla í samræmi við góða framleiðsluhætti.

7) Matvælaöryggisstofnunin mat upplýsingar um öryggi kassíugúmmís sem nýs matvælaaukefnis, sem notað er sem hleypiefni og þykkingarefni, og lét í ljós álit sitt 26. september 2006([2]). Niðurstaða Matvælaöryggisstofnuninnar var sú að notkun kassíugúmmís samkvæmt tilgreindum skilyrðum hafi ekki í för með sér neina áhættu. Því er rétt að samþykkja nákvæmar skilgreiningar fyrir þetta nýja matvælaaukefni sem hefur fengið E-númerið 427.

8) Færslunni sem varðar hýdroxýprópýlsellulósa (E 463) skal breytt til að leiðrétta villu í nákvæmu skilgreiningunum í tengslum við magngreininguna. Í staðinn fyrir „Innihald ekki minna en 80,5% hýdroxýpropoxýlhópar“ kemur „Innihald ekki meira en 80,5% hýdroxýpropoxýlhópar“. Því er rétt að uppfæra núverandi nákvæmar skilgreiningar.

9) Færslan um vetni (E 949) skal leiðrétt þannig að styrkurinn sem gefinn er upp í magngreiningar- og hreinleikaliðunum sé sambærilegur. Af þessum sökum skal leiðrétta styrkleika köfnunarefnis.

10) Matvælaöryggisstofnunin mat upplýsingarnar um öryggi nýs matvælaaukefnis, pólývínylalkóhóls (PVA) sem filmuhúðunarefnis (e. film-coating agent) fyrir fæðubótarefni og lét í ljós álit sitt 5. desember 2005([3]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að notkun pólývínylalkóhóls hafi ekki í för með sér neina áhættu þegar það er notað sem húðunarefni fyrir fæðubótarefni sem eru í formi hylkja og taflna. Því er rétt að samþykkja nákvæmar skilgreiningar fyrir pólývínylalkóhól sem fær E-númerið 1203 og er leyft sem matvælaaukefni samkvæmt tilskipun 95/2/EB.

11) Matvælaöryggisstofnunin mat upplýsingar um öryggi sex pólýetýlenglýkólsflokka (PEG 400, PEG 3000, PEG 3350, PEG 4000, PEG 6000, PEG 8000) sem filmuhúðunarefna til notkunar fyrir fæðubótarefni og lét álit sitt í ljós 28. nóvember 2006([4]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að notkun á þessum pólýetýlenglýkólsflokkum sem húðunarefna í filmuhúðunarsamsetningar hafi ekki í för með sér neina áhættu þegar það er notað fyrir fæðubótarefni í formi hylkja og taflna við fyrirhuguð notkunarskilyrði. Allir þessir pólýetýlenglýkólsflokkar hafa fengið nýtt E-númer, nánar tiltekið E 1521. Því er rétt að samþykkja nákvæmar skilgreiningar fyrir þessa sex pólýetýlenglýkólsflokka og setja þá saman undir eina færslu. Af þessum sökum er nauðsynlegt að uppfæra núverandi nákvæmar skilgreiningar sem þegar er mælt fyrir um í tilskipun 2008/84/EB varðandi pólýetýlenglýkól 6000.

12) Matvælaöryggisstofnunin mat upplýsingar um öryggi við notkun ensímblöndu, sem er gerð úr þrombíni með fibrínógeni sem er unnið úr nautgripum og/eða úr svínum, sem matvælaaukefnis til að endurgera matvæli og komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 26. apríl 2005 að þessi notkun á ensímblöndunni, þegar hún er framleidd eins og tilgreint er í álitinu, hafi ekki í för með sér neina áhættu([5]). Aftur á móti taldi Evrópuþingið í ályktun sinni frá 19. maí 2010, um uppkast að tilskipun framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni, að færsla þessarar ensímblöndu, sem matvælaaukefnis til að endurgera matvæli, á skrá í IV. viðauka við tilskipun 95/2/EB samrýmdist ekki markmiði og innihaldi reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 þar eð hún uppfyllir ekki almennar viðmiðanir í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008, einkum í c-lið 1. mgr. 6. gr.

13) Nauðsynlegt er að taka mið af nákvæmum skilgreiningum og greiningaraðferðum fyrir aukefni, sem eru settar fram í Alþjóðamatvælaskránni sem sameiginlega sérfræðinganefndin (JECFA) hefur samið. Einkum þarf að breyta sérstökum hreinleikaskilyrðum, þar sem við á, til að þau séu í samræmi við viðmiðunarmörk fyrir hvern og einn þungmálm sem skiptir máli.

14) Því ber að breyta tilskipun 2008/84/EB til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hafa andmælt þeim.

([1]) Stjtíð. ESB L 141, 6.6.2009, bls. 3.

([2]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli að beiðni framkvæmdastjórnarinnar varðandi umsókn um notkun kassíugúmmís sem aukefnis í matvælum, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 389, bls. 1–16.

([3]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli að beiðni framkvæmdastjórnarinnar varðandi notkun pólývínylalkóhóls sem húðunarefnis fyrir fæðubótarefni, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2005) 294, bls. 1.

([4]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli að beiðni framkvæmdastjórnarinnar varðandi notkun pólýetýlenglýkóls sem filmuhúðunarefnis til notkunar fyrir fæðubótarefni, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 414, bls. 1.

([5]) Álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli að beiðni framkvæmdastjórnarinnar varðandi notkun ensímblöndu, sem gerð er úr þrombíni með fibrínógeni sem er unnið úr nautgripum og/eða úr svínum, sem matvælaaukefnis til að endurgera matvæli, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2005) 214, bls. 1.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2008/84/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. október 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2008/84/EB er breytt sem hér segir:

1. í stað undirliðarins „Olíuinnihald“ undir liðnum E 290, koltvísýringur, komi eftirfarandi:

„Olíuinnihald	Ekki meira en 5 mg/kg“,

2. á eftir liðnum um aukefnið E 385 er eftirfarandi lið um E 392, Rósmarínkjarni, skotið inn:

„E 392 RÓSMARÍNKJARNI

ALMENNAR FORSKRIFTIR	
Samheiti	Kjarni úr rósmarínlaufum (þráavarnarefni)
Skilgreining	Rósmarínkjarni inniheldur nokkra efnisþætti sem sannað hefur verið að hafi þráaverjandi eiginleika. Þessir efnisþættir tilheyra aðallega flokkum fenólsýrna, flavonóíða, díterpenóíða. Auk þráaverjandi efnisþáttanna getur kjarninn einnig innihaldið tríterpen og efni, sem er útdraganlegt með lífrænum leysum, sem er sérstaklega skilgreint í eftirfarandi forskrift
EINECS-nr.	283-291-9
Efnaheiti	Rósmarínkjarni (Rosmarinus officinalis)
Lýsing	Þráavarnarefni úr kjarna rósmarínlaufa er tilreitt með útdrætti úr laufum af Rosmarinus officinalis með leysiefnakerfi sem er samþykkt til matvælavinnslu. Síðan má aflykta (e. deodorise) og aflita kjarnana. Unnt er að staðla kjarnana
Upplýsingar til auðkenningar	
Þráavarnarefnasambönd til viðmiðunar: fenóldíterpen	Karnóssýra ($C_{20}H_{28}O_4$) og karnósól ($C_{20}H_{26}O_4$) (sem mynda saman a.m.k. 90% af heildarfenóldíterpenum)
Mikilvæg rokgjörn viðmiðunarefni	Borneól, bornýlasetat, kamfóra, 1,8-síneól, verbenón
Þéttleiki	> 0,25 g/ml
Leysni	Óleysanlegt í vatni
Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	< 5%
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg

1. *Rósmarínkjarni unninn úr þurrkuðum rósmarínlaufum með asetonútdrætti*

Lýsing	Rósmarínkjarni er unninn úr þurrkuðum rósmarínlaufum með asetonútdrætti, síun, hreinsun og uppgufun leysa og síðan þurrkun og sigtun til að fá fíngert duft eða vökva

Upplýsingar til auðkenningar	
Innihald þráavarnarefnasambanda til viðmiðunar	≥ 10% miðað við þyngd, sett fram sem heildarmagn karnóssýru og karnósóls
Þráavarnarefni/rokgjörn efni — Hlutfall	(Heildar % miðað við þyngd af karnóssýru og karnósóli) ≥ 15
	(% miðað við þyngd af mikilvægum rokgjörnum viðmiðunarefnum)*
	(* sem hundraðshluti af heildarmagni rokgjarnra efna í kjarnanum, greint á gasgreini með massaskynjara (GC-MSD))
Leysiefnaleifar	Aseton: ekki meira en 500 mg/kg

2. *Rósmarínkjarni tilreiddur með útdrætti úr þurrkuðum rósmarínlaufum með koltvísýringi í yfirmarksástandi*

Rósmarínkjarni unninn úr þurrkuðum rósmarínlaufum með útdrætti með koltvísýringi í yfirmarksástandi með eilitlu magni af etanóli sem meðsogsefni.

Upplýsingar til auðkenningar	
Innihald þráavarnarefnasambanda til viðmiðunar	≥ 13% miðað við þyngd, sett fram sem heildarmagn karnóssýru og karnósóls
Þráavarnarefni/rokgjörn efni — Hlutfall	(Heildar % miðað við þyngd af karnóssýru og karnósóli) ≥ 15
	(% miðað við þyngd af mikilvægum rokgjörnum viðmiðunarefnum)*
	(* sem hundraðshluti af heildarmagni rokgjarnra efna í kjarnanum, greint á gasgreini með massaskynjara (GC-MSD))
Leysiefnaleifar	Etanól: ekki meira en 2%

3. *Rósmarínkjarni unninn úr aflyktuðum etanólútdrætti úr rósmaríni*

Rósmarínkjarni sem er unninn úr aflyktuðum etanólútdrætti úr rósmaríni. Unnt er að hreinsa kjarnann frekar, t.d. með meðhöndlun með virku kolefni og/eða sameindaeimingu. Kjarnann er unnt að leysa upp í viðeigandi, samþykktum burðarefnum eða úðaþurrka.

Upplýsingar til auðkenningar	
Innihald þráavarnarefnasambanda til viðmiðunar	≥ 5% miðað við þyngd, sett fram sem heildarmagn karnóssýru og karnósóls
Þráavarnarefni/rokgjörn efni — Hlutfall	(Heildar % miðað við þyngd af karnóssýru og karnósóli) ≥ 15
	(% miðað við þyngd af mikilvægum rokgjörnum viðmiðunarefnum)*
	(* sem hundraðshluti af heildarmagni rokgjarnra efna í kjarnanum, greint á gasgreini með massaskynjara (GC-MSD)
Leysiefnaleifar	Etanól: ekki meira en 500 mg/kg

4. *Aflitaður og aflyktaður rósmarínkjarni sem fæst með tveggja þrepa útdrætti með hexani og etanóli*

Rósmarínkjarni, sem er unninn úr aflyktuðum etanólútdrætti úr rósmaríni, sem hefur verið dreginn út með hexani. Unnt er að hreinsa kjarnann frekar, t.d. með meðhöndlun með virku kolefni og/eða sameindaeimingu. Kjarnann er unnt að leysa upp í viðeigandi, samþykktum burðarefnum eða úðaþurrka.

Upplýsingar til auðkenningar	
Innihald þráavarnarefnasambanda til viðmiðunar	≥ 5% miðað við þyngd, sett fram sem heildarmagn karnóssýru og karnósóls

Þráavarnarefni/rokgjörn efni — Hlutfall	(Heildar % miðað við þyngd af karnóssýru og karnósóli) ≥ 15 (% miðað við þyngd af mikilvægum rokgjörnum viðmiðunarefnum)* (* sem hundraðshluti af heildarmagni rokgjarnra efna í kjarnanum, greint á gasgreini með massaskynjara (GC-MSD))
Leysiefnaleifar	Hexan: ekki meira en 25 mg/kg Etanól: ekki meira en 500 mg/kg“,

3. í liðnum um E 426, sojabaunahálfbeðmi:

a) í stað færslnanna „Skilgreining“ og „Lýsing“ komi eftirfarandi:

„Skilgreining	Sojabaunahálfbeðmi er hreinsuð, vatnsleysanleg fjölsykra sem fæst úr trefjum úr náttúrulegum stofnum sojabauna með útdrætti með heitu vatni. Óheimilt er að nota önnur lífræn felliefni en etanól
Lýsing	Hvítt eða gulhvítt duft sem er laust í sér“,

b) í færslunni „Hreinleiki“ bætist eftirfarandi undirliður við:

„Etanól	Ekki meira en 2%“,

4. á eftir liðnum um aukefnið E 426 er eftirfarandi lið um E 427, kassíugúmmí, skotið inn:

„E 427 KASSÍUGÚMMÍ

Samheiti	
Skilgreining	Kassíugúmmí er möluð og hreinsuð fræhvíta úr fræjum Cassia tora og Cassia obtusifoli (Leguminosae) sem inniheldur minna en 0,05% af Cassia occidentalis. Það samanstendur aðallega af fjölsykrum með mikla mólþyngd og er aðallega úr línulegri keðju 1,4-β-D-mannópýranósaeininga sem tengdar eru með 1,6-α-D-galaktópýranósaeiningum. Hlutfall mannósa á móti galaktósa er u.þ.b. 5:1 Í framleiðsluferlinu eru fræin afhýdd og kímið fjarlægt með vélrænni hitameðhöndlun og því næst með mölun og hreinsun fræhvítunnar á rist. Malaða fræhvítan er hreinsuð enn frekar með útdrætti með ísóprópanóli.
Magngreining	Galaktómannaninnihald ekki minna en 75%
Lýsing	Fölgult yfir í beinhvítt lyktarlaust duft
Upplýsingar til auðkenningar	
Leysni	Óleysanlegt í etanóli Dreifist vel í köldu vatni og myndar kvoðulausn
Hlaupmyndun með bórati	Nægilegu magni af natríumbóratprófunarlausn er bætt við vatnslausn af sýninu til að hækka sýrustigið yfir 9; hlaup myndast

Hlaupmyndun með xantangúmmíi	1,5 g af sýninu er vigtað ásamt 1,5 g af xantangúmmíi og blandað saman. Blöndunni er bætt við 300 ml af 80 °C vatni í 400 ml bikarglasi og hrært hratt í á meðan. Hrært er þar til blandan er uppleyst og hrært áfram í 30 mínútur að uppleysingu lokinni (hitanum er haldið yfir 60 °C meðan hrært er). Hætt er að hræra og lausnin látin kólna niður í stofuhita í a.m.k. 2 klst. Þétt, seigfjaðrandi hlaup myndast þegar hitinn fellur niður fyrir 40 °C en ekkert slíkt hlaup myndast í 1% samanburðarlausn kassíugúmmís eða xantangúmmís sem er tilreitt eitt og sér á svipaðan hátt
Seigja	Minna en 500 mPa.s (25 °C, 2 klst., 1% lausn) samsvara meðalmólþyngdinni 200 000–300 000 D
Hreinleiki	
Efni, óleysanlegt í sýru	Ekki meira en 2,0%
Sýrustig	5,5–8 (1% vatnslausn)
Hráfita	Ekki meira en 1%
Prótín	Ekki meira en 7%
Heildaraska	Ekki meira en 1,2%
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 12% (5 klst., 105 °C)
Heildarantrakínón	Ekki meira en 0,5 mg/kg (greiningarmark)
Leysisleifar	Ekki meira en 750 mg/kg af ísóprópýlalkóhóli
Blý	Ekki meira en 1 mg/kg
Örverufræðilegar viðmiðanir	
Heildarlíftala	Ekki meira en 5 000 þyrpingar í grammi
Ger- og myglusveppir	Ekki meira en 100 þyrpingar í grammi
Salmonella spp.	Greinist ekki í 25 g
E. Coli	Greinist ekki í 1 g“,

5. í stað undirliðarins „Magngreining“ undir liðnum um E 463, hýdroxýprópýlsellulósi, komi eftirfarandi:

„Magngreining	Innihald ekki meira en 80,5% hýdroxýpropoxýlhópar ($-OCH_2CHOHCH_3$) sem jafngildir ekki meira en 4,6 hýdroxýpropýlhópum fyrir hverja anhýdróglúkósaeiningu miðað við vatnsfrítt efni“,

6. í stað undirliðarins „Köfnunarefni“ í færslunni „Hreinleiki“ undir liðnum um E 949, Vetni, komi eftirfarandi:

„Köfnunarefni	Ekki meira en 0,07% m.v. rúmmálshlutfall“,

7. á eftir liðnum um aukefnið E 1201 er eftirfarandi lið skotið inn:

„E 1203 PÓLÝVÍNYLALKÓHÓL

Samheiti	Vínylalkóhólfjölliða, PVOH
Skilgreining	Pólývínylalkóhól er gerviresín sem er tilreitt með fjölliðun vínylasetats og síðan er esterinn vatnsrofinn að hluta til þar sem basískur hvati er til staðar. Eðliseiginleikar afurðarinnar velta á stigi fjölliðunar og stigi vatnsrofs
Efnaheiti	Einsleit etenólfjölliða
Efnaformúla	$(C_2H_3OR)_n$ þar sem R = H eða $COCH_3$
Lýsing	Lyktarlaust, bragðlaust, hálfgagnsætt hvítt eða rjómalitað kornað duft
Upplýsingar til auðkenningar	
Leysni	Vatnsleysanlegt, torleysanlegt í etanóli
Efnahvarf við útfellingu	0,25 g af sýninu eru leyst upp í 5 ml af vatni með hitun og lausnin látin kólna niður í stofuhita. Með því að bæta 10 ml af etanóli út í þessa lausn fæst hvítt, gruggugt eða hnatfellið botnfall.
Litahvarf	0,01 g af sýninu eru leyst upp í 100 ml af vatni með hitun og lausnin látin kólna niður í stofuhita. Með því að bæta einum dropa af joðprófunarlausn og nokkrum dropum af bórsýrulausn við 5 ml af lausninni myndast blár litur. 0,5 g af sýninu eru leyst upp í 10 ml af vatni með hitun og lausnin látin kólna niður í stofuhita. Með því að bæta einum dropa af joðprófunarlausn við 5 ml af lausninni myndast dökkrauður litur yfir í bláan lit.
Seigja	4,8 til 5,8 mPa.s (4% lausn við 20 °C) samsvara meðalmólþyngdinni 26 000–30 000 D
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki meira en 0,1%
Esteratala	Á bilinu 125 og 153 mg KOH/g
Vatnsrofsstig	86,5 til 89,0%
Sýrutala	Ekki hærri en 3,0
Leysisleifar	Ekki meira en 1,0% metanól, 1,0% metýlasetat
Sýrustig	5,0 til 6,5 (4% lausn)
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 5,0% (105 °C, 3 klst.)
Glæðileif	Ekki meira en 1,0%
Blý	Ekki meira en 2,0 mg/kg“,

8. í stað liðarins „Pólýetýlenglýkól 6000“ komi eftirfarandi:

„E 1521 PÓLÝETÝLENGLÝKÓL

Samheiti	PEG, makrógól, pólýetýlenoxíð
Skilgreining	Viðbótarfjölliður etýlenoxíðs og vatns sem eru yfirleitt auðkenndar með tölu sem samsvarar gróflega mólþyngdinni
Efnaheiti	alfa-hýdró-ómega-hýdroxýpólý (oxý-1,2-etandíól)
Efnaformúla	$HOCH_2 - (CH_2 - O - CH_2)_n - CH_2OH$
Meðalmólþyngd	380 til 9 000 D
Magngreining	PEG 400: Ekki minna en 95% og ekki meira en 105% PEG 3000: Ekki minna en 90% og ekki meira en 110% PEG 3350: Ekki minna en 90% og ekki meira en 110% PEG 4000: Ekki minna en 90% og ekki meira en 110% PEG 6000: Ekki minna en 90% og ekki meira en 110% PEG 8000: Ekki minna en 87,5% og ekki meira en 112,5%
Lýsing	PEG 400 er tær, seigfljótandi, litlaus eða næstum litlaus ídrægur vökvi PEG 3000, PEG 3350, PEG 4000, PEG 6000 og PEG 8000 eru hvít eða næstum hvít föst efni með vaxkennt eða paraffínkennt útlit
Upplýsingar til auðkenningar	
Bræðslumark	PEG 400: 4–8 °C PEG 3000: 50–56 °C PEG 3350: 53–57 °C PEG 4000: 53–59 °C PEG 6000: 55–61 °C PEG 8000: 55–62 °C
Seigja	PEG 400: 105 til 130 mPa.s við 20 °C PEG 3000: 75 til 100 mPa.s við 20 °C PEG 3350: 83 til 120 mPa.s við 20 °C PEG 4000: 110 til 170 mPa.s við 20 °C PEG 6000: 200 til 270 mPa.s við 20 °C PEG 8000: 260 til 510 mPa.s við 20 °C Seigja pólýetýlenglýkóla með meðalmólþyngd yfir 400 er ákvörðuð með 50% lausn miðað við massa af efninu, sem er til prófunar, í vatni

Leysni	PEG 400 er blandanlegt með vatni, mjög leysanlegt í asetoni, alkóhóli og metýlenklóríði, nánast óleysanlegt í fituolíum og jarðolíum
	PEG 3000 og PEG 3350: mjög leysanleg í vatni og metýlenklóríði, mjög lítillega leysanleg í alkóhóli, nánast óleysanleg í fituolíum og jarðolíum
	PEG 4000, PEG 6000 og PEG 8000: mjög leysanleg í vatni og metýlenklóríði, nánast óleysanleg í alkóhóli og fituolíum og jarðolíum
Hreinleiki	
Sýrustig eða basavirkni	Leysið 5,0 g í 50 ml af vatni sem er laust við koltvísýring og bætið við 0,15 ml af brómþýmólblámalausn. Lausnin er gul eða græn. Ekki þarf meira en 0,1 ml af 0,1 M natríumhýdroxíði til að breyta litnum á litvísinum í bláan
Hýdroxýltala	PEG 400: 264–300
	PEG 3000: 34–42
	PEG 3350: 30–38
	PEG 4000: 25–32
	PEG 6000: 16–22
	PEG 8000: 12–16
Súlfataska	Ekki meira en 0,2%
1,4-díoxan	Ekki meira en 10 mg/kg
Etýlenoxíð	Ekki meira en 0,2 mg/kg
Etýlenglýkól og díetýlenglýkól	Í heildina ekki meira en 0,25% miðað við þyngd sitt í hvoru lagi eða saman
Blý	Ekki meira en 1 mg/kg“,

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/69/ESB **2011/EES/55/15**

frá 22. október 2010

um breytingu á viðaukum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 31. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([2]), einkum 53. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli og Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni ([3]) var sett fram skrá yfir aukefni í matvælum sem leyfð eru í Evrópusambandinu og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Frá því að tilskipun 95/2/EB var samþykkt hefur orðið tæknileg þróun á sviði matvælaaukefna. Þessa tilskipun ber að aðlaga til að taka tillit til þessarar þróunar.

3) Þar til lokið hefur verið við að taka saman skrár Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni í samræmi við 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 skal, eins og kveðið er á um í 30. gr. þeirrar reglugerðar, breyta viðaukunum við tilskipun 95/2/EB, ef nauðsyn krefur, með ráðstöfunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir.

4) Eins og sakir standa eru eftirfarandi bindiefni leyfð samkvæmt tilskipun 95/2/EB til margs konar nota: agaræti (E 406), karragenan (E 407), karóbgúmmí (E 410), gúargúmmí (E 412), xantangúmmí (E 415), pektín (E 440), sellulósi (E 460), karboxýmetýlsellulósi (E 466), oxuð sterkja (E 1404), mónósterkjufosfat (E 1410), dísterkjufosfat (E 1412), fosfatað dísterkjufosfat (E 1413), asetýlað dísterkjufosfat (E 1414), asetýluð sterkja (E 1420), asetýlað dísterkjuadípat (E 1422), hýdroxýlpropýlsterkja (E 1440), hýdroxýpropýldísterkjufosfat (E 1442), natríumoktenýlsúksínatsterkja (E 1450), asetýluð oxuð sterkja (E 1451) og ýruefnið ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471). Vísindanefndin um matvæli (hér á eftir nefnd „vísindanefndin“) hefur sett þessi matvælaaukefni í flokk efna þar sem ásættanleg, dagleg inntaka er ekki tilgreind og því teljast þau ekki hættuleg heilbrigði neytenda. Fyrir hendi er tæknileg þörf á að rýmka notkun þeirra svo hún nái til óbragðbættra rjómaafurða með lifandi gerlum og staðgönguefna, sem innihalda minna en 20% fitu, til að tryggja stöðugleika og heilleika ýrulausnarinnar. Slík notkun myndi gagnast neytendum með því að veita þeim val um fituskertar, gerjaðar rjómaafurðir sem eru með svipaða eiginleika og hefðbundna afurðin. Því er rétt að leyfa þessa viðbótarnotkun.

5) Árið 1990 lagði vísindanefndin mat á natríum- og kalíumsölt laktats (E 325 og E 326), kalíumasetats (E 261), natríumasetats (E 262i), og natríumvetnisasetats (E 262ii) og komst að þeirri niðurstöðu að öll séu þau til staðar sem innihaldsefni í matvælum frá náttúrunnar hendi og áætlað inntekið magn þeirra er líklega óverulegt, borið saman við inntöku frá náttúrulegum gjöfum. Því voru þau öll sett í flokk þar sem ásættanleg, dagleg inntaka er ekki tilgreind. Af þessum sökum er notkun þessara matvælaaukefna almennt heimiluð í öll matvæli, önnur en þau sem um getur í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 95/2/EB. Tillaga liggur fyrir um að rýmka notkun þessara matvælaaukefna svo hún nái til pakkaðs, tilreidds, nýhakkaðs kjöts til að hamla gegn útbreiðslu örvera sem valda sjúkdómum, t.d. Listeria og e-kólígerlum O157. Á grundvelli þessara tæknilegu röksemda og með tilliti til þess að slík notkun hefur ekki í för með sér neina áhættu er því viðeigandi að heimila viðbótarnotkun á þessum matvælaaukefnum í pökkuðu, tilreiddu, nýhökkuðu kjöti.

6) Eins og sakir standa er heimilt að nota sorböt (E 200, E 202, E 203) og bensóöt (E 210, E 211, E 212, E 213) sem aukefni í matvæli samkvæmt tilskipun 95/2/EB. Lagt hefur verið til að leyfð verði viðbótarnotkun þessara matvælaaukefna sem rotvarnarefna í fisklíkisafurðir, sem

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 279, 23.10.2010, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 28.7.2011, bls. 6.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16

([2]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1

([3]) Stjtíð. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1

eru að stofni til úr þangi og þara (kavíarlíki úr þangi og þara), sem ofanálag á ýmsum matvælum til að koma í veg fyrir myglu- og gervöxt og myndun sveppaeiturs. Þessi sölt voru sett í flokk þar sem ásættanleg, dagleg inntaka nemur 0–25 mg/kg annars vegar og 0–5 mg/kg hins vegar, miðað við líkamsþyngd. Á grundvelli verstu, hugsanlegu tilvika, þar sem miðað var við hámarksstyrk, er áætlað inntekið magn afar lítið borið saman við ásættanlega, daglega inntöku. Váhrif sem neytendur verða fyrir vegna þessarar notkunar teljast því ekki hafa neina áhættu í för með sér. Því er rétt að heimila viðbótarnotkun á sorbötum og bensóötum í fisklíkisafurðir, sem eru að stofni til úr þangi og þara, með hliðsjón af tæknilegum röksemdum og þeirri staðreynd að þessi nýja afurð tilheyrir markaðskima (e. niche market).

7) Farið er fram á að nota megi sorböt (E 200, E 202, E 203) og bensóöt (E 210, E 211, E 212, E 213) í bjór á tunnu sem meira en 0,5% af gerjanlegum sykrum og/eða ávaxtasafa eða -þykkni hefur verið bætt við og sem er borinn fram beint af krana. Slíkur bjór á tunnu má vera tengdur við bjórkranann í lengri tíma. Þar eð ekki er hægt að tengja tunnuna við kranann við dauðhreinsaðar aðstæður er örverumengun tunnunnar möguleg. Þetta er vandi þegar um er að ræða bjór sem enn inniheldur gerjanlegar sykrur því þetta getur haft í för með sér vöxt hættulegra örvera. Því er þörf á örverueyðandi efnum í kranabjór sem gerjanlegum sykrum og/eða ávaxtasafa eða -þykkni hefur verið bætt við. Með tilliti til inntekins magns þá er neysla slíks ávaxtabjórs af krana ennþá mjög lítil og áætlað inntekið magn sorbata og bensóata, á grundvelli verstu, hugsanlegra tilvika, ætti að vera minna en viðkomandi, ásættanleg, dagleg inntaka. Því er rétt að heimila viðbótarnotkun á sorbötum og bensóötum í bjór á tunnum sem inniheldur meira en 0,5% af viðbættum gerjanlegum sykri og/eða ávaxtasafa eða -þykkni.

8) Til að koma í veg fyrir myglu á sítrusávöxtum er heimilt að meðhöndla þá með varnarefnum að lokinni uppskeru, t.d. ímasalíli og þíabendasóli. Við meðhöndlun sítrusávaxta er hægt að skipta þessum varnarefnum út fyrir sorböt (E 200, E 202, E 203), að hluta til eða í heild sinni. Sorböt má bera á yfirborð óflysjaðra, ferskra sítrusávaxta með leyfðum vaxtegundum: bývaxi, kandelillavaxi, karnúbavaxi og skellakki (E 901, E902, E 903 og E 904, eftir því sem við á). Váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum þessara aukefna vegna þessarar notkunar hefur ekki í för með sér neina áhættu. Því er rétt að leyfa þessa viðbótarnotkun.

9) Neytendur geta valið að auka við inntöku sína á sumum næringarefnum með fæðubótarefnum. Í því skyni má bæta A-vítamíni og samsetningum A- og D-vítamíns við fæðubótarefni, eins og skilgreint er i tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([1]). Til að tryggja örugga meðhöndlun þarf að setja A-vítamín og blöndur A-og D-vítamína í samsetningar en framleiðsla þeirra kann að útheimta hátt raka- og hitastig og að sterkja og sykrur séu til staðar í samsetningunum Slík vinnsla kann að stuðla að myndun örvera. Til að koma í veg fyrir vöxt þessara örvera skal heimilt að bæta sorbötum (E 200, E 202, E 203) og bensóötum (E 210, E 211, E 212 og E 213) í A-vítamín og samsetningar A- og D-vítamína þegar þau eru notuð í fæðubótarefnum sem seld eru í þurrkuðu formi.

10) Brennisteinsdíoxíð og súlfít (E 220, E 221, E 222, E 223, E 224, E 226, E 227, E 228) eru matvælaaukefni, sem eru leyfð samkvæmt tilskipun 95/2/EB, sem virka aðallega sem örverueyðandi efni og til að halda í skefjum skemmdum af völdum efnafræðilegra ferla. Flutningur á ferskum ávöxtum er orðinn mjög mikilvægur nú til dags, einkum sjóleiðis. Slíkur flutningur getur tekið nokkrar vikur. Notkun brennisteinsdíoxíðs og súlfíta mun verja fersk bláber gegn sveppavexti. Viðbótarnotkun á brennisteinsdíoxíði og súlfítum skal leyfð til að stuðla að því að verja fersk bláber gegn sveppavexti, með það í huga að þetta tilheyrir líklega markaðskima. Þegar einnig er tekið tillit til gildra, tæknilegra ástæðna fyrir því að taka þessar nýju heimildir með, nauðsynjar þess að greiða fyrir viðskiptum um allan heim og óverulegra áhrifa þeirra að því er varðar inntekið magn brennisteins og súlfíts, er því rétt að heimila viðbótarnotkun brennisteinsdíoxíðs í bláberjum í þeim styrk sem gefinn er upp í viðaukanum við þessa tilskipun.

11) Við framleiðslu á kanilstöngum (einungis Cinnamomum ceylanicum) eru notuð nýlega birkt stykki af innri berki kaniltrésins. Þessi stykki eru óvarin fyrir örverumengun og árásum skordýra, einkum við hitabeltisskilyrði og rök veðurfarsskilyrði í framleiðslulandinu. Svæling með brennisteinsdíoxíði er viðeigandi meðhöndlun gegn slíkri örverumengun og skordýraárásum. Árið 1994 fastsetti vísindanefndin ásættanlega, dagleg inntöku, sem nemur 0–0,7 mg/kg miðað við líkamsþyngd, og komst að þeirri niðurstöðu að takmarka skyldi notkun brennisteinsdíoxíðs og annarra súlfíta til að draga úr tíðni alvarlegra asmaviðbragða. Þó svo að notkun brennisteinsdíoxíðs og súlfíta beri að takmarka þá er þessi ákveðna notkun óverulegur áhrifavaldur að því er varðar inntöku brennisteinsdíoxíðs og súlfíta. Því er rétt að heimila viðbótarnotkun brennisteinsdíoxíðs og súlfíta (E 220, E 221, E 222, E 223, E 224, E 226, E 227, E 228) einungis í þessari tilteknu tegund af kanil.

12) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á upplýsingar um öryggi við notkun nísíns í viðbótarmatvælaflokknum egg í fljótandi formi og um öryggi nísíns sem er framleitt með breyttri framleiðsluaðferð. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti í áliti sínu frá 26. janúar 2006([2]) áður fastsetta ásættanlega, daglega inntöku, sem nemur 0–0,13 mg/kg, fyrir nísín sem er framleitt með nýrri framleiðslu- og útdráttaraðferð sem byggist á gerjun hvarfefnis sykurs í stað hefðbundins hvarfefnis að stofni til úr mjólk. Í því

([1]) Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51.

([2]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli að beiðni framkvæmdastjórnarinnar varðandi notkun nísíns (E 234) sem matvælaaukefnis, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 314, bls. 1.

áliti staðfesti Matvælaöryggisstofnunin einnig að ekki skuli búast við myndun þols gegn sýklalyfjum með notkun nísíns í matvæli. Samkvæmt Matvælaöryggisstofnuninni hefur ekki verið tilkynnt um nein nísínþolin bakteríustökkbrigði sem sýna víxlþol gegn sýklalyfjum til lækninga. Matvælaöryggisstofnunin taldi að líklega stafaði það af mismuninum á sýklalyfjum til lækninga og nísíni með tilliti til örverueyðandi verkunarháttar. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti ennfremur í áliti sínu frá 20 október 2006([1]) að viðbótarnotkun á nísíni í gerilsneyddum eggjum í fljótandi formi við fyrirhuguðu notkunarskilyrðin (hámarksgildi við 6,25 mg/l) hafi ekki í för með sér neina áhættu og sé réttlætanleg út frá tæknilegu sjónarmiði til að framlengja geymsluþol afurðarinnar og einnig til að koma í veg fyrir vöxt grómyndandi tegunda sem valda matareitrun, eins og Bacillus cereus, sem getur lifað af meðhöndlun með gerilsneyðingu. Því er rétt að heimila þessa viðbótarnotkun á nísíni í gerilsneyddum eggjum í fljótandi formi.

13) Dímetýldíkarbónat (DMDC, E 242) er matvælaaukefni, sem er heimilað samkvæmt tilskipun 95/2/EB, sem virkar sem rotvarnarefni í óáfengum, bragðbættum drykkjarvörum, óáfengu víni og fljótandi teþykkni. Ákveðið var að heimila þetta aukefni á grundvelli jákvæðs álits sem vísindanefndin gaf út árið1990 og staðfesti árið 1996. Vísindanefndin gat ekki fastsett gildi fyrir ásættanlega, daglega inntöku, þar eð dímetýldíkarbónat brotnar hratt niður í koltvísýring og metanól. Árið 2001 var vísindanefndin beðin um að rannsaka öryggi við notkun dímetýldíkarbónats í víni. Á þeim tíma taldi vísindanefndin að myndun metanóls og annarra myndefna, s.s. metýlkarbamats sem verður til vegna notkunar dímetýldíkarbónats við meðhöndlun áfengra drykkja og víns, væri svipað og það sem myndast í óáfengum drykkjum og að jafnvel mikil neysla á víni myndi ekki hafa í för með sér hættu af völdum metanóls og metýlkarbamats. Farið hefur verið fram á að dímetýldíkarbónat verði notað til að koma í veg fyrir skemmdir af völdum gerjunar í óopnuðum, ódauðhreinsuðum flöskum, sem fylltar eru af eplasítra, perusítra og ávaxtavíni, víni með lágu áfengisinnihaldi, drykkjum að stofni til úr víni og öllum öðrum afurðum sem falla undir reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91([2]). Þessi viðbótarnotkun telst ekki hafa í för með sér neina áhættu fyrir neytendur. Enn fremur gæti notkun dímetýldíkarbónats stuðlað að því að draga úr váhrifum af völdum brennisteinsdíoxíðs. Því er rétt að heimila viðbótarnotkun dímetýldíkarbónats í eplasítra, perusítra og ávaxtavínum, víni með lágu áfengisinnihaldi, drykkjum að stofni til úr víni og öðrum afurðum sem falla undir reglugerð (EBE) nr. 1601/91.

14) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á upplýsingar um öryggi við notkun rósmarínkjarna þegar hann er notaður sem þráavarnarefni í matvælum. Rósmarínkjarni er dreginn úr Rosmarinus officinalis L. og inniheldur nokkur efnasambönd sem hafa þráaverjandi eiginleika (aðallega fenólsýrur, flavonóíð, díterpenóíð og tríterpen). Þó svo að eiturefnafræðileg gögn um rósmarínkjarna væru ekki nægileg fyrir Matvælaöryggisstofnunina til að fastsetja tölulegt gildi fyrir ásættanlega, daglega inntöku taldi stofnunin í áliti sínu frá 7. mars 2008([3]) að öryggismörkin væru nægilega há til að áætla að fæðutengd váhrif vegna fyrirhugaðrar notkunar og styrks hafi ekki í för með sér neina áhættu. Því má heimila rósmarínkjarna þegar tæknilegar röksemdir eru fyrir notkun hans. Fyrirhuguð notkun rósmarínkjarna sem þráavarnarefnis skal leyfð og skal úthluta númerinu E 392 sem E-númeri fyrir rósmarínkjarna.

15) Mysa er aukaafurð úr ostframleiðslu. Framleiddir hafa verið prótínríkir mysudrykkir í því skyni að tryggja fæðu sem er nægilega auðug af prótíni. Til að prótínið haldist í sviflausn við hitameðferð á slíkum drykkjarvörum verður styrkur fosfatanna að vera meiri en í venjulegum óáfengum, bragðbættum drykkjarvörum. Fosföt skulu leyfð í íþróttadrykkjum sem innihalda mysuprótein.

16) Eins og sakir standa er bývax (E 901) leyft sem húðunarefni til notkunar í litlum, fínum kaffibrauðum sem húðuð eru með súkkulaði. Kexþynnur fyrir ís, sem ekki eru húðaðar með súkkulaði, falla ekki undir þessa heimild. Auk þess sem bývax getur talist valkostur við súkkulaði í pökkuðum kexþynnum fyrir ís þá myndi húðun kexþynnanna með bývaxi koma í veg fyrir að vatn kæmist í kexþynnuna og tryggja að hún héldist stökk og lengja geymsluþol vörunnar og telst því réttlætanleg á tæknilegum grundvelli. Því skal leyfa bývax sem húðunarefni sem kemur að öllu leyti eða að hluta til í stað súkkulaðihjúps í pökkuðum kexþynnum sem innihalda rjómaís.

17) Matvælaöryggisstofnun Evrópu lagði mat á upplýsingar um öryggi við notkun bývax með tilliti til viðbótarnotkunar þess sem burðarefnis fyrir bragðefni í óáfengum, bragðbættum drykkjarvörum. Þó svo að fyrirliggjandi gögn um bývax sem slík væru ekki nægileg til þess að hægt væri að fastsetja ásættanlega, daglega inntöku komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að núverandi notkun í matvælum og tillögð, ný notkun fyrir bývax hafi ekki í för með sér neina áhættu vegna þess hve væg eiturhrif bývaxið hefur. Því er rétt að heimila þessa viðbótarnotkun á bývaxi sem burðarefni fyrir bragðefni í óáfengum, bragðbættum drykkjarvörum.

([1]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli varðandi öryggi við notkun nísíns sem matvælaaukefnis í viðbótarflokknum egg í fljótandi formi og um öryggi nísíns, sem er framleitt með breyttu framleiðsluferli sem matvælaaukefnis, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 314b, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1.

([3]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli að beiðni framkvæmdastjórnarinnar varðandi notkun rósmarínkjarna sem matvælaaukefnis, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 721, bls. 1.

18) Eins og sakir standa er tríetýlsítrat (E 1505) leyft innan Evrópusambandsins samkvæmt tilskipun 95/2/EB sem burðarefni í bragðefnum og í þurrkuðum eggjahvítum. Vísindanefndin fastsetti ásættanlega, daglega inntöku fyrir efnið árið 1990 sem 0–20 mg/kg. Lagt hefur verið til að einnig verði leyft að nota tríetýlsítrat sem húðunarefni fyrir fæðubótartöflur. Tríetýlsítrat myndi auka þol filmunnar sem verður til við húðunina, verja töfluna fyrir ytra umhverfi og einnig lengja þann tíma sem losun afurðarinnar tekur. Samkvæmt versta, hugsanlega tilviki er inntaka tríetýlsítrats frá þessum viðbótargjafa óveruleg (0,25% af ásættanlegri, daglegri inntöku) borið saman við ásættanlega, daglega inntöku í heild. Því þykir rétt að heimila viðbótarnotkun á tríetýlsítrati á vettvangi Evrópusambandsins sem húðunarefni fyrir fæðubótartöflur.

19) Matvælaöryggisstofnunin mat upplýsingar um öryggi pólývínylalkóhóls (PVA) sem filmuhúðunarefnis fyrir fæðubótarefni og lét í ljós álit sitt 5. desember 2005([1]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að notkun pólývínylalkóhóls hafi ekki í för með sér neina áhættu þegar það er notað sem húðunarefni fyrir fæðubótarefni sem eru í formi hylkja og taflna. Matvælaöryggisstofnunin taldi að búast mætti við að möguleg váhrif á menn af völdum pólývínylalkóhóls yrðu lítil við fyrirhuguð notkunarskilyrði. Talið er að afar lítil upptaka pólývínylalkóhóls fari fram við inntöku um munn. Hámarksgildi fyrir notkun, sem nemur 18 g/kg, hefur verið fastsett á grundvelli versta, hugsanlega tilviks og Matvælaöryggisstofnunin framkvæmdi áhættumat sitt á grundvelli þess. Vegna góðra viðloðunareiginleika og filmustyrks pólývínylalkóhóls er gert ráð fyrir að þetta nýja matvælaaukefni gegni tæknilegu hlutverki sem filmuhúðunarefni fyrir fæðubótarefni, einkum til að hjúpa afurðir þar sem þörf er á eiginleikum til að tálma og vernda gegn raka. Því er rétt að leyfa þessa notkun á vettvangi Evrópusambandsins. Þessu nýja matvælaaukefni skal úthlutað E-númerinu E 1203.

20) Matvælaöryggisstofnunin mat upplýsingar um öryggi við notkun sex pólýetýlenglýkólsflokka (PEG 400, PEG 3000, PEG 3350, PEG 4000, PEG 6000, PEG 8000) sem filmuhúðunarefna til notkunar fyrir fæðubótarefni og lét álit sitt í ljós 28. nóvember 2006([2]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að notkun á þessum pólýetýlenglýkólsflokkum sem húðunarefnum í filmuhúðunarsamsetningar hafi ekki í för með sér neina áhættu þegar þeir eru notaðir fyrir fæðubótarefni í formi hylkja og taflna við fyrirhuguð notkunarskilyrði. Matvælaöryggisstofnunin tók í áhættumati sínu einnig mið af viðbótarupptökum váhrifa af völdum þessara pólýetýlenglýkóla, sem stafa af notkun lyfja, og taldi að þegar samþykkt notkun á pólýetýlenglýkóli 6000 sem burðarefnis fyrir sætuefni og notkun pólýetýlenglýkóla í efni sem komast í snertingu við matvæli gæti einungis valdið takmarkaðri inntöku til viðbótar. Því er rétt að leyfa þessa nýju notkun á vettvangi Evrópusambandsins. Vegna takmarkaðrar inntöku PEG 6000 sem burðarefnis fyrir sætuefni og vegna þess að eiturefnafræðilegir eiginleikar þess eru svipaðir og hinna pólýetýlenglýkólsflokkanna (pólýetýlenglýkólsflokkarnir sex voru settir í flokkinn þolanleg, dagleg inntaka) er einnig rétt að heimila notkun pólýetýlenglýkóla, sem Matvælaöryggisstofnunin hefur metið, sem staðgöngukosta fyrir PEG 6000 sem burðarefni fyrir sætuefni. Öllum þessum pólýetýlenglýkólum skal úthlutað E-númerinu E 1521.

21) Matvælaöryggisstofnunin mat upplýsingar um öryggi við notkun kassíugúmmís sem nýs matvælaaukefnis, sem notað er sem hleypiefni og þykkingarefni, og lét í ljós álit sitt 26. september 2006([3]). Niðurstaða Matvælaöryggisstofnunarinnar var sú að notkun kassíugúmmís samkvæmt tilgreindum skilyrðum hafi ekki í för með sér neina áhættu. Þó svo að Matvælaöryggisstofnunin hafi talið að fyrirliggjandi eiturefnafræðileg gögn um kassíugúmmí væru ekki nægileg til að hægt væri að ákvarða ásættanlega, daglega inntöku, var það ekki álit hennar að þau gögn gæfu tilefni til áhyggna. Einkum lagði Matvælaöryggisstofnunin áherslu á að eðlisgleypni kassíugúmmís væri lítil og þá staðreynd að ef kassíugúmmí vatnsrofnar brotnar það niður í efnasambönd sem fara í eðlilegt efnaskiptaferli. Tæknilegar röksemdir eru fyrir því að nota kassíugúmmí vegna samverkandi hleypiáhrifa þess þegar því er bætt við annað, venjulegt matargúmmí. Því er rétt að heimila þessa notkun á vettvangi Evrópusambandsins og úthluta kassíugúmmíi E-númerinu E 427.

22) Matvælaöryggisstofnunin mat öryggi neótams sem bragðaukandi efnis og lét í ljós álit sitt 27. september 2007([4]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð notkun neótams sem bragðaukandi efnis hafi ekki í för með sér neina áhættu og fastsetti ásættanlega, daglega inntöku sem nemur 0–2 mg/kg á dag, miðað við líkamsþyngd. Því er nauðsynlegt að heimila notkun neótams sem bragðaukandi efnis.

23) Matvælaöryggisstofnunin mat upplýsingar um öryggi við notkun L-systeíns (E 920) í tiltekin matvæli sem ætluð eru ungbörnum og smábörnum. Matvælaöryggisstofnunin

([1]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli að beiðni framkvæmdastjórnarinnar varðandi notkun pólývínylalkóhóls sem húðunarefnis fyrir matvælaaukefni, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2005) 294, bls. 1.

([2]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli að beiðni framkvæmdastjórnarinnar varðandi notkun pólýetýlenglýkóls sem filmuhúðunarefnis til notkunar í fæðubótarefni, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 414, bls. 1.

([3]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli að beiðni framkvæmdastjórnarinnar varðandi umsókn um notkun kassíugúmmís sem matvælaaukefnis, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 389, bls. 1.

([4]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli að beiðni framkvæmdastjórnarinnar varðandi notkun neótams sem sætuefnis og bragðaukandi efnis, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 581, bls. 1.

komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 26. september 2006 ([1]) að fyrirhuguð notkun þess í unnum matvælum með korn sem uppistöðu og matvælum (einkum kexi sem ætlað er börnum), sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, hafi ekki í för með sér neina áhættu. Kex, sem er ætlað ungbörnum og smábörnum, skal sett saman á viðeigandi hátt, þ.m.t. takmarkanir á sykur- og fituinnihaldi. Kex með lítið fituinnihald er hins vegar stökkara sem hefur í för með sér áhættu á köfnun ef kexið brotnar í munni barnsins. Hlutverk L-systeínsins er að bæta gæði deigsins til að lokaafurðin fái viðeigandi áferð. Því er rétt að heimila notkun L-systeíns í kex, sem er ætlað ungbörnum og smábörnum, á vettvangi Evrópusambandsins.

24) Matvælaöryggisstofnunin mat upplýsingar um öryggi við notkun ensímblöndu, sem er gerð úr þrombíni með fíbrínógeni sem er unnið úr nautgripum og/eða úr svínum, sem matvælaaukefnis til að endurgera matvæli og komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 26. apríl 2005 að þessi notkun á ensímblöndunni, þegar hún er framleidd eins og tilgreint er í álitinu, hafi ekki í för með sér neina áhættu([2]). Aftur á móti taldi Evrópuþingið í ályktun sinni frá 19. maí 2010, um uppkast að tilskipun framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni, að færsla þessarar ensímblöndu, sem matvælaaukefnis til að endurgera matvæli, á skrá í IV. viðauka við tilskipun 95/2/EB samrýmdist ekki markmiði og innihaldi reglugerðar (EB) nr. 1333/2008, þar eð hún uppfyllir ekki almennar viðmiðanir í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008, einkum í c-lið 1. mgr. 6. gr.

25) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/374/EB[3] var setningu á markað og innflutningi á smábikurum með hlaupi, sem innihalda hlaupmyndandi matvælaaukefni sem unnin eru úr þangi og þara og tilteknum tegundum gúmmís (E 400, E 401, E 402, E 403, E 404, E 405, E 406, E 407, E 407a, E 410, E 412, E 413, E 414, E 415, E 417, E 418), frestað vegna áhættu á köfnun sem þessar vörur hafa í för með sér. Tilskipun 95/2/EB var breytt til samræmis við það með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/52/EB[4]. Því ber að fella ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/374/EB úr gildi þar eð ákvæði hennar hafa verið felld inn í tilskipun 95/2/EB.

26) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hafa andmælt þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. til VI. viðauka við tilskipun 95/2/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 1. gr. tilskipunar þessarar eigi síðar en 31. mars 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum eigi síðar en 1. apríl 2011.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Ákvörðun 2004/374/EB er felld úr gildi.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. október 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti

José Manuel BARROSO

([1]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli að beiðni framkvæmdastjórnarinnar varðandi notkun L-systeíns í matvæli sem ætluð eru ungbörnum og smábörnum, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 390, bls. 1.

([2]) Álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli að beiðni framkvæmdastjórnarinnar varðandi notkun á ensímblöndu, sem gerð er úr þrombíni með fíbrínógeni sem er unnið úr nautgripum og/eða úr svínum, sem matvælaaukefnis til að endurgera matvæli, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2005) 214, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 118, 23.4.2004, bls. 70.

([4]) Stjtíð. ESB L 204, 26.7.2006, bls. 10.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. til IV. viðauka við tilskipun 95/2/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar um „pakkað, tilreitt, nýhakkað kjöt“ komi eftirfarandi:

„Pakkað, tilreitt, nýhakkað kjöt	E 261	Kalíumasetat	*quantum satis“*
	E 262i	Natríumasetat	
	E 262ii	Natríumvetnisasetat	
	E 300	Askorbínsýra	
	E 301	Natríumaskorbat	
	E 302	Kalsíumaskorbat	
	E 325	Natríumlaktat	
	E 326	Kalíumlaktat	
	E 330	Sítrónusýra	
	E 331	Natríumsítröt	
	E 332	Kalíumsítröt	
	E 333	Kalsíumsítröt	

b) Eftirfarandi færsla bætist við í lok viðaukans:

„Óbragðbættar rjómaafurðir með lifandi gerlum og staðgönguefni sem innihalda minna en 20% fitu	E 406	Agar	*quantum satis“*
	E 407	Karragenan	
	E 410	Karóbgúmmí	
	E 412	Gúargúmmí	
	E 415	Xantangúmmí	
	E 440	Pektín	
	E 460	Sellulósi	
	E 466	Karboxýmetýlsellulósi	
	E 471	Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum	
	E 1404	Oxuð sterkja	
	E 1410	Mónósterkjufosfat	
	E 1412	Dísterkjufosfat	
	E 1413	Fosfatað dísterkjufosfat	
	E 1414	Asetýlað dísterkjufosfat	
	E 1420	Sterkjuasetat	
	E 1422	Asetýlað dísterkjuadípat	
	E 1440	Hýdroxýprópýlsterkja	

	E 1442	Hýdroxýprópýldís-terkjufosfat	
	E 1450	Natríumoktenýlsúksí-natsterkja	
	E 1451	Asetýluð oxuð sterkja	

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslur bætist við í lok A-hluta:

„Fisklíkisafurðir, að stofni til úr þangi og þara	1000	500				
Bjór á tunnum sem inniheldur meira en 0,5% af viðbættum, gerjanlegum sykri og/eða ávaxtasafa eða -þykkni.	200	200		400		
Óflysjaðir, ferskir sítrusávextir (einungis yfirborðsmeðferð)	20					
Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB, sem eru seld í þurrkuðu formi og innihalda A-vítamínblöndur og samsetningar A- og D-vítamíns.				1000 í vörunni, tilbúinni til neyslu.“		

b) Eftirfarandi færslur bætist við í lok B-hluta:

„Bláber (einungis Vaccinium corymbosum)	10
Kanill (einungis Cinnamomum ceylanicum)	150“

c) Ákvæðum C-hluta er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar um aukefnið E 234 komi eftirfarandi:

„E 234	Nísín([1])	Símiljugrjóna- og tapíókabúðingar og svipaðar vörur	3 mg/kg
		Þroskaður og bræddur ostur	12,5 mg/kg
		Rjómi sem inniheldur minnst 63% fitu miðað við þyngd	10 mg/kg
		Mascarpone	10 mg/kg
		Gerilsneydd egg í fljótandi formi (eggjahvíta, -rauða eða heilt egg)	6,25 mg/l

([*]) Þetta efni getur fundist í tilteknum ostum vegna þess að það myndast í gerjunarferlinu.“

ii. Í stað færslunnar um aukefnið E 242 komi eftirfarandi:

„E 242	Dímetýldíkar-bónat	Óáfengar, bragðbættar drykkjarvörur Óáfengt vín Fljótandi teþykkni	250 mg/l ísett magn, leifar ekki greinanlegar
		Eplasítri, perusítri, ávaxtavín Vín með lágu áfengisinnihaldi Drykkjarvörur, að stofni til úr víni, og vörur sem falla undir reglugerð (EBE) nr. 1601/91	250 mg/l ísett magn, leifar ekki greinanlegar“

d) Í D-hluta bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni um aukefnið E 316:

„E 392	Rósmarínk-jarni	Jurtaolía (þó ekki jómfrúarolía og ólífuolía) og feiti þar sem innihald fjölómettaðra fitusýra er meira en 15% massahlutfall af heildarmagni fitusýru, til notkunar í matvæli sem ekki eru hitameðhöndluð	30 mg/kg (gefið upp sem summa karnósóls og karnóssýru) Gefið upp á grundvelli fituinnihalds
		Fisklýsi og þörungaolía	50 mg/kg (gefið upp sem summa karnósóls og karnóssýru) Gefið upp á grundvelli fituinnihalds
		Svínafeiti, fita úr nautgripum, alifuglum, sauðfé og svínum Feiti og olía til iðnframleiðslu á hitameðhöndluðum matvælum Steikingarolía og steikingarfeiti, þó ekki ólífuolía og ólífuhratolía Snarlfæða (nasl sem er að stofni til úr kornvöru, kartöflum eða sterkju)	
		Sósur	100 mg/kg (gefið upp sem summa karnósóls og karnóssýru) Gefið upp á grundvelli fituinnihalds
		Fínt kaffibrauð	200 mg/kg (gefið upp sem summa karnósóls og karnóssýru) Gefið upp á grundvelli fituinnihalds
		Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB	400 mg/kg (gefið upp sem summa karnósóls og karnóssýru)
		Þurrkaðar kartöflur Eggjaafurðir Tyggigúmmí	200 mg/kg (gefið upp sem summa karnósóls og karnóssýru)
		Mjólkurduft fyrir sjálfsala Kryddblöndur og bragðbætar Unnar hnetur	200 mg/kg (gefið upp sem summa karnósóls og karnóssýru) Gefið upp á grundvelli fituinnihalds
		Þurrkaðar súpur og seyði	50 mg/kg (gefið upp sem summa karnósóls og karnóssýru)
		Þurrkað kjöt	150 mg/kg (gefið upp sem summa karnósóls og karnóssýru)
		Kjöt- og fiskafurðir, þó ekki þurrkað kjöt og þurrkaðar pylsur	150 mg/kg (gefið upp sem summa karnósóls og karnóssýru) Gefið upp á grundvelli fituinnihalds
		Þurrkaðar pylsur	100 mg/kg (gefið upp sem summa karnósóls og karnóssýru)
		Bragðefni	1000 mg/kg (gefið upp sem summa karnósóls og karnóssýru)
		Þurrmjólk til framleiðslu á rjómaís	30 mg/kg (gefið upp sem summa karnósóls og karnóssýru)“

3) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í færslunni um aukefnin E 338, E 339, E 340, E 341, E 343, E 450, E 451 og E 452 bætist eftirfarandi lína við á eftir línunni „jurtaprótíndrykkir“:

		„Íþróttadrykkir sem innihalda mysuprótín	4 g/kg“

b) Eftirfarandi færsla bætist við á undan færslunni um aukefnin E 432, E 433, E 434, E 435 og E 436:

„E 427	Kassíugúmmí	Ís til neyslu	2500 mg/kg
		Gerjaðar mjólkurafurðir, að undanskildum óbragðbættum mjólkurafurðum með lifandi gerlum	
		Eftirréttir að stofni til úr mjólkurafurðum og svipaðar vörur	
		Fyllingar, ofanálag og hjúpur fyrir fínt kaffibrauð og eftirrétti	
		Bræddur ostur	
		Sósur og salatsósur	
		Þurrkaðar súpur og seyði	
		Hitameðhöndlaðar kjötafurðir	1500 mg/kg“

c) Í færslunni um E 901, E 902, og E 904, í þriðja dálki, skráð undir notkuninni „Húðunarefni eingöngu fyrir“ bætist eftirfarandi færsla við:

		„Pakkaðar kexþynnur sem innihalda rjómaís (einungis fyrir E 901)	quantum satis“

d) Í færslunni um E 901, E 902, og E 904, í þriðja dálki, skráð undir notkuninni „ferskjur og ananas (eingöngu yfirborðsmeðferð)“ bætist eftirfarandi færsla við:

		„Bragðefni í óáfengum, bragðbættum drykkjarvörum (einungis fyrir E 901)	0,2 g/kg í bragðbættu drykkjarvörunum“

e) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni um aukefnið E 959:

„E 961	Neótam	Bragðbættir drykkir, að stofni til úr vatni, orkuskertir eða án viðbætts sykurs	2 mg/l sem bragðaukandi efni
		Drykkir, að stofni til úr mjólk eða mjólkurvörum eða að stofni til úr ávaxtasafa, orkuskertir eða án viðbætts sykurs	2 mg/l sem bragðaukandi efni
		Nasl: tilteknar bragðtegundir af tilbúnum, pökkuðum, þurrkuðum, bragðmiklum sterkjuafurðum og húðuðum hnetum	2 mg/kg sem bragðaukandi efni
		Sætindi, að stofni til úr sterkju, orkuskert eða án viðbætts sykurs	3 mg/kg sem bragðaukandi efni
		Smátöflur, sem gefa frískandi andardrátt, án viðbætts sykurs	3 mg/kg sem bragðaukandi efni
		Bragðsterkar hálstöflur, án viðbætts sykurs	3 mg/kg sem bragðaukandi efni
		Tyggigúmmí með viðbættum sykri	3 mg/kg sem bragðaukandi efni
		Orkuskert aldinsulta, ávaxtahlaup og ávaxtamauk	2 mg/kg sem bragðaukandi efni

		Sósur	2 mg/kg sem bragðaukandi efni
		Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB, gefin í fljótandi formi	2 mg/kg sem bragðaukandi efni
		Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB, gefin í föstu formi	2 mg/kg sem bragðaukandi efni
		Fæðubótarefni, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB, sem eru gefin í sýrópsformi eða ótyggjanlegu formi og eru að stofni til úr vítamínum og/eða steinefnum	2 mg/kg sem bragðaukandi efni“

f) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni um aukefnið E 1202:

„E 1203	Pólývíny-lalkóhól	Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB, gefin í hylkjum og töflum	18 g/kg“

g) Í stað færslunnar, sem einungis varðar matvælaaukefnið E 1505, komi eftirfarandi á eftir færslunni um aukefnið E 1202:

„E 1505	Tríetýlsítrat	Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB, gefin í hylkjum og töflum	3,5 g/kg
		Þurrkuð eggjahvíta	*quantum satis“*

h) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni um aukefnið E 1452:

„E 1521	Pólýetýlen-glýkól	Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB, gefin í hylkjum og töflum	10 g/kg“

4) Í V. viðauka komi eftirfarandi í stað færslunnar um aukefnið „pólýetýlenglýkól 6000“:

„E 1521	Pólýetýlenglýkól	Sætuefni“

5) Í 3. hluta VI. viðauka bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni um aukefnið E 526:

„E 920	L-systeín	Kex fyrir ungbörn og smábörn	1 g/kg“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 573/2010 **2011/EES/55/16**

frá 30. júní 2010

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 skal framkvæmdastjórnin samþykkja ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., og almennar ráðstafanir til að bæta við sameiginlegar grunnkröfur, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. í þeirri reglugerð.

2) Ef þessar ráðstafanir innihalda viðkvæmar flugverndarráðstafanir teljast þær vera trúnaðarupplýsingar ESB í skilningi ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE frá 29. nóvember 2001 um breytingu á innri starfsreglum ([2]), eins og kveðið er á um í a-lið 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, og skulu þær því ekki birtar. Þessar ráðstafanir skulu samþykktar hver fyrir sig með ákvörðun sem er beint til aðildarríkjanna.

3) Reglugerð (EB) nr. 300/2008 kemur að fullu til framkvæmda frá og með tilgreindri dagsetningu í framkvæmdarreglunum, sem eru samþykktar í samræmi við verklagsreglurnar, sem um getur í 2. og 3. mgr. 4. gr. í þeirri reglugerð, en eigi síðar en 29. apríl 2010. Þessi reglugerð gildir því frá og með 29. apríl 2010 til að samræma beitingu reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar.

4) Reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1217/2003 frá 4. júlí 2003 um sameiginlegar forskriftir fyrir innlendar áætlanir um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningsflugi ([3]), (EB) nr. 1486/2003 frá 22. ágúst 2003 um verklagsreglur við eftirlit á vegum framkvæmdastjórnarinnar á sviði flugverndar í almenningsflugi ([4]), (EB) nr. 1138/2004 frá 21. júní 2004 um sameiginlega skilgreiningu á viðkvæmustu hlutum haftasvæða flugverndar á flugvöllum ([5]) og (EB) nr. 820/2008 frá 8. ágúst 2008 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ([6]) sem voru allar til framkvæmdar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ([7]) ber því að fella úr gildi.

5) Þrátt fyrir að framkvæmdastjórnin skuli að jafnaði birta ráðstafanir sem hafa bein áhrif á farþega í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 er leyfilegt að flokka tilteknar ráðstafanir sem innihalda viðkvæmar upplýsingar er varða flugvernd í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE frá 29. nóvember 2001 um breytingu á innri starfsreglum og skulu þær ekki birtar. Þessar ráðstafanir skulu samþykktar hver fyrir sig með ákvörðun sem er beint til aðildarríkjanna. Sá hluti ákvörðunarinnar sem tekur til öryggisráðstafana og verklagsreglna um flugvernd og inniheldur viðkvæmar upplýsingar skal ekki birtur og aðeins gerður aðgengilegur þeim rekstraraðilum og aðilum sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta. Slíkar ráðstafanir fela m.a. í sér

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 166, 1.7.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 28.7.2011, bls. 17.

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

([2]) Stjtíð. EB L 317, 3.12.2001, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 44.

([4]) Stjtíð. ESB L 213, 23.8.2003, bls. 3.

([5]) Stjtíð. ESB L 221, 22.6.2004, bls. 6.

([6]) Stjtíð. ESB L 221, 19.8.2008, bls. 8.

([7]) Stjtíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

tilteknar, ítarlegar verklagsreglur og undanþágur frá þeim að því er varðar hvernig eftirlit er haft með loftförum, ökutækjum, einstaklingum, farangri, pósti og farmi við komu inn á haftasvæði flugverndar eða innan svæðisins svo og tækniforskriftir fyrir skimunarbúnað.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi sem skipuð var með 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um að verja almenningsflug gegn ólöglegu athæfi sem stofnar flugvernd í almenningsflugi í hættu og almennar ráðstafanir til að bæta við sameiginlegar grunnkröfur.

2. gr.

Framkvæmdarreglur

1. Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. gr., eru settar fram í viðaukanum.

2. Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 skulu innlendar flugverndaráætlanir í almenningsflugi taka tilhlýðilegt tillit til þessarar reglugerðar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi og kemur til framkvæmda frá og með tuttugasta degi frá birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 ([8]) er breytt sem hér segir:

A. Eftirfarandi c-liður bætist við lið 4.1.1.2 í 4. kafla:

„c) sprengjuleitarhundum, ásamt aðferðinni í a-lið.“

B. Eftirfarandi liður 4.1.1.9 bætist við í 4. kafla:

„4.1.1.9. Aðeins er heimilt að nota sprengjuleitarhunda sem viðbótarúrræði við skimun.“

C. Eftirfarandi d-liður bætist við lið 4.1.2.3 í 4. kafla:

„d) sprengjuleitarhundum, ásamt aðferðinni í a-lið.“

D. Eftirfarandi e-liður bætist við lið 5.1.1 í 5. kafla:

„e) sprengjuleitarhundar.“

E. Eftirfarandi 9. liður bætist við í 12. kafla:

„12.9. **SPRENGJULEITARHUNDAR**

12.9.1. **Almennar meginreglur**

12.9.1.1. Sprengjuleitarhundur skal geta fundið tilgreint magn ásamt meira magni af sprengiefnum og gefið það til kynna.

12.9.1.2. Þetta skal vera óháð lögun sprengiefnisins, hvar það er staðsett í farangrinum og hvernig það snýr.

12.9.1.3. Sprengjuleitarhundur skal gefa frá sér viðvörun í formi bendingar (e. passive response) þegar hann finnur sprengiefni, sem sett eru fram í fylgiskjali 12-D í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

12.9.1.4. Nota má sprengjuleitarhund og þjálfara hans við skimun ef þeir hafa verið samþykktir hvor í sínu lagi og sem teymi.

12.9.1.5. Sprengjuleitarhundur og þjálfari hans skulu gangast undir grunnþjálfun og reglubundna þjálfun til að tryggja að þeir öðlist og viðhaldi þeirri hæfni sem krafist er og, ef við á, tileinki sér nýja hæfni.

12.9.1.6. Til að sprengjuleitarhundateymi, sem samanstendur af sprengjuleitarhundi og þjálfara eða þjálfurum hans, verði samþykkt skal teymið hafa lokið þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi hætti.

12.9.1.7. Sprengjuleitarhundateymi skal samþykkt af hálfu viðeigandi yfirvalds, eða fyrir hönd þess, í samræmi við fylgiskjali 12-E og 12-F í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

12.9.1.8. Eftir að hafa verið samþykkt af hálfu viðeigandi yfirvalds er heimilt að nota sprengjuleitarhundateymi við vopnaleit með því að nota aðferðina „svæðisleit“ (e. free running) eða „lyktgreiningu sprengiefnis“ (e. remote explosive scent tracing).

12.9.2. **Staðlar um sprengjuleitarhunda**

12.9.2.1. Í fylgiskjali 12-D í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er mælt fyrir um kröfur um árangur sprengjuleitarhunda.

12.9.2.2. Sprengjuleitarhundateymi, sem notað er við skimun einstaklinga, handfarangurs, hluta, sem einstaklingar aðrir en farþegar hafa meðferðis, ökutækja, loftfara, birgða til notkunar um borð og flugvallarbirgða ásamt haftasvæðum flugvallar, skal uppfylla staðal 1 að því er varðar greiningu.

12.9.2.3. Sprengjuleitarhundateymi, sem notað er við skimun lestarfarangurs, pósts og rekstrarvara flugrekanda, farms og pósts skal uppfylla staðal 2 að því er varðar greiningu.

12.9.2.4. Sprengjuleitarhundateymi, sem hefur verið samþykkt til að finna sprengiefni með því að nota aðferðina „lyktgreiningu sprengiefnis“, má aðeins nota við skimun farms en ekki við skimun á öðrum svæðum sem falla undir staðal 2.

12.9.2.5. Sprengjuleitarhundur, sem notaður er við skimun sprengiefna, skal útbúinn með viðeigandi hætti í því skyni að auðkenna hann á ótvíræðan hátt.

([8]) Stjtíð. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1.

12.9.2.6. Þegar sprengjuleitarhundur framkvæmir sprengjuleit skal sá þjálfari sem hefur verið samþykktur til að vinna með honum ávallt vera með í för.

12.9.2.7. Sprengjuleitarhundur, sem hefur verið samþykktur til að nota aðferðina „svæðisleit“, skal aðeins hafa einn þjálfara. Heimilt er að samþykkja þjálfara til stjórna að hámarki tveimur sprengjuleitarhundum.

12.9.2.8. Sprengjuleitarhundur, sem er samþykktur til að nota aðferðina „lyktgreiningu sprengiefnis“, skal að hámarki hafa tvo þjálfara.

12.9.3. **Þjálfunarkröfur**

Almennar þjálfunarkröfur

12.9.3.1. Þjálfun sprengjuleitarhundateymis skal fela í sér fræðilegan og verklegan hluta ásamt starfsþjálfun á vinnustað.

12.9.3.2. Viðeigandi yfirvald skal tilgreina námsefni þjálfunarnámskeiðanna eða samþykkja það.

12.9.3.3. Þjálfunin skal fara fram af hálfu viðeigandi yfirvalds, eða fyrir hönd þess, og skal hún vera í höndum leiðbeinenda með menntun og hæfi í samræmi við lið 11.5 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010.

12.9.3.4. Hunda, sem á að þjálfa til að leita að sprengiefnum, skal ekki nota til annarra verkefna.

12.9.3.5. Meðan á þjálfun stendur skal nota hjálparbúnað sem svarar til sprengiefnisins.

12.9.3.6. Allir einstaklingar, sem meðhöndla hjálparbúnaðinn, skulu fá þjálfun til að koma í veg fyrir mengun.

Grunnþjálfun fyrir sprengjuleitarhundateymi

12.9.3.7. Sprengjuleitarhundateymi skal gangast undir grunnþjálfun sem byggist á þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í lið 12.9.3 í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

12.9.3.8. Grunnþjálfun fyrir sprengjuleitarhundateymi skal fela í sér verklega þjálfun í fyrirhuguðu starfsumhverfi.

Reglubundin þjálfun fyrir sprengjuleitarhundateymi

12.9.3.9. Sprengjuleitarhundur og þjálfari hans skulu uppfylla kröfur um reglubundna þjálfun, bæði hvor í sínu lagi og saman sem teymi.

12.9.3.10. Tilgangur reglubundinnar þjálfunar er að viðhalda núverandi hæfni, eins og krafist er í grunnþjálfuninni, og áunninni hæfni í samræmi við þróun á sviði flugverndar.

12.9.3.11. Reglubundin þjálfun sprengjuleitarhundateymis skal fara fram á a.m.k. sex vikna fresti. Lengd reglubundinnar þjálfunar skal að lágmarki vera fjórar klukkustundir á hverju sex vikna tímabili.

12.9.3.12. Ef sprengjuleitarhundur er látinn gangast undir þjálfun, a.m.k. einu sinni í viku, til að bera kennsl á öll þau efni sem tilgreind eru í fylgiskjali 12-D í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar gildir 11. liður ekki.

Þjálfunarskrá fyrir sprengjuleitarhundateymi

12.9.3.13. Halda skal skrár yfir grunnþjálfun og reglubundna þjálfun sprengjuleitarhunds og þjálfara hans a.m.k. þann tíma sem ráðningarsamningur þeirra er í gildi og skulu skrárnar gerðar aðgengilegar viðeigandi yfirvaldi óski það eftir því.

Verkleg þjálfun fyrir sprengjuleitarhundateymi

12.9.3.14. Sprengjuleitarhundur, sem notaður er við skimun, skal gangast undir verklega þjálfun til að tryggja að hann uppfylli kröfur um árangur sem settar eru fram í fylgiskjali 12-D í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

12.9.3.15. Verkleg þjálfun skal vera samfelld og af handahófi allan þann tíma sem hundurinn gegnir störfum og skal meta greiningargetu hundsins með því að nota viðurkenndan hjálparbúnað.

12.9.4. **Málsmeðferð við samþykki**

12.9.4.1. Málsmeðferðin við samþykki skal tryggja að eftirfarandi hæfni sé metin:

a) geta sprengjuleitarhundsins til að uppfylla kröfur um greiningargetu sem mælt er fyrir um í fylgiskjali 12-D í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar,

b) geta sprengjuleitarhundsins til að láta vita af sprengiefnum með bendingu,

c) geta sprengjuleitarhundsins og þjálfara hans til að vinna vel saman sem teymi og

d) geta þjálfarans til að stjórna sprengjuleitarhundinum á réttan hátt, túlka viðbrögð hundsins ef sprengiefni er fyrir hendi og bregðast við þeim með viðeigandi hætti.

12.9.4.2. Í málsmeðferðinni við samþykki skal líkt eftir svæðunum þar sem sprengjuleitarhundateymið á að vinna.

12.9.4.3. Sprengjuleitarhundateymið skal hafa lokið þjálfun með fullnægjandi hætti á hverju því svæði sem sótt er um samþykki fyrir.

12.9.4.4. Málsmeðferð við samþykki skal framkvæmd í samræmi við fylgiskjal 12-E og 12-F í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

12.9.4.5. Gildistími hverrar samþykktar skal ekki vera lengri en 12 mánuðir.

12.9.5. **Gæðaeftirlit**

12.9.5.1. Sprengjuleitarhundateymið fellur undir þær ráðstafanir um gæðaeftirlit sem settar eru fram í fylgiskjali 12-G í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

12.9.6. **Aðferð við skimun**

Frekari, ítarlegar kröfur er að finna í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.“

_____

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/105/EB **2011/EES/55/17**

frá 16. desember 2008

um umhverfisgæðakröfur að því er varðar stefnu í vatnsmálum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1.mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Efnamengun yfirborðsvatns er ógn við vatnsumhverfið með áhrifum á borð við bráð og langvinn eiturhrif fyrir vatnalífverur, uppsöfnun í vistkerfinu og glötun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni og hún er ógn við heilbrigði manna. Mikilvægast er að greina orsakir mengunar og bregðast við losun við upptök hennar af eins mikilli hagkvæmni og skilvirkni fyrir umhverfið og mögulegt er.

2) Eins og sett er fram í 2. mgr. 174. gr. í sáttmálanum skal umhverfisstefna Bandalagsins byggjast á varúðarreglunni og þeim meginreglum að gripið skuli til fyrirbyggjandi aðgerða, áhersla lögð á úrbætur þar sem tjón á sér stað og að mengunarvaldurinn skuli greiða.

3) Samkvæmt 3. mgr. 174. gr. í sáttmálanum skal Bandalagið, við mótun umhverfisstefnu sinnar, taka tillit til fyrirliggjandi, vísindalegra og tæknilegra upplýsinga, umhverfisskilyrða á hinum ýmsu svæðum Bandalagsins og efnahagslegrar og félagslegrar þróunar í Bandalaginu í heild og jafnvægis í þróun á svæðum þess, sem og til mögulegs ávinnings og kostnaðar af aðgerðum eða aðgerðaleysi.

4) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála ([3]) kemur fram að umhverfið og heilbrigði og lífsgæði séu meðal mikilvægustu forgangsatriða í þeirri áætlun, með sérstakri áherslu á þörfinni á því að koma á fót sértækari löggjöf um stefnu í vatnsmálum.

5) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðarramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ([4]) er mælt fyrir um áætlun gegn mengun vatns og að nauðsyn sé á frekari, sértækum ráðstöfunum að því er varðar mengunareftirlit og umhverfisgæðakröfur. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um umhverfisgæðakröfur í samræmi við ákvæði og markmið tilskipunar 2000/60/EB.

6) Í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, einkum a-lið 1. mgr., skulu aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við 1. og 8. mgr. 16. gr. þeirrar tilskipunar með það fyrir augum að draga jafnt og þétt úr mengun af völdum forgangsefna og binda enda á eða stöðva í áföngum losun, sleppingu og tap hættulegra forgangsefna.

7) Fjöldi gerða Bandalagsins hafa verið samþykktar frá árinu 2000 sem fela í sér ráðstafanir til að draga úr losun í samræmi við 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB um einstök forgangsefni. Einnig falla margar ráðstafanir á sviði umhverfisverndar undir gildissvið annarrar fyrirliggjandi löggjafar Bandalagsins. Því skal framkvæmd og endurskoðun gildandi gerninga vera forgangsatriði frekar en að koma á fót nýjum ráðstöfunum til takmörkunar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 84. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á XX viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 28.7.2011, bls. 18.

([1]) Stjtíð. ESB C 97, 28.4.2007, bls. 3.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 22. maí 2007 (Stjtíð. ESB C 102 E, 24.4.2008, bls. 90), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. desember 2007 (Stjtíð. ESB C 71 E, 18.3.2008, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 17. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun ráðsins frá 20. október 2008.

([3]) Stjtíð. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.

8) Að því er varðar stjórnun á losun með tilliti til forgangsefna frá punktupptökum og dreifðum upptökum, sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB, virðist kostnaðarhagkvæmara og eðlilegra fyrir aðildarríki að gera viðeigandi ráðstafanir til stjórnunar, ef nauðsyn krefur, til viðbótar við framkvæmd annarrar gildandi löggjafar Bandalagsins skv. 10. gr. tilskipunar 2000/60/EB í áætluninni um ráðstafanir sem á að þróa fyrir hvert vatnasviðaumdæmi í samræmi við 11. gr. þeirrar tilskipunar.

9) Aðildarríki skulu bæta þekkingu og fyrirliggjandi gögn um upptök forgangsefna og með hvaða hætti mengun á sér stað til að finna markvissa og skilvirka möguleika til að draga úr henni. Aðildarríki skulu m.a. vakta set og lífríki, eins og við á, með hæfilegu millibili til að afla nægilegra gagna fyrir áreiðanlega leitnigreiningu til lengri tíma á þeim forgangsefnum sem safnast gjarnan fyrir í seti og/eða lífverum. Niðurstöður vöktunarinnar, þ.m.t. vöktun sets og lífríkis, skulu að svo miklu leyti sem krafist er í 3. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2455/2001/EB frá 20. nóvember 2001 um að taka saman skrá yfir forgangsefni að því er varðar stefnu í vatnsmálum ([5]), vera gerðar aðgengilegar til notkunar við síðari tillögur framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. og 8. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

10) Í ákvörðun nr. 2455/2001/EB er sett fram fyrsta skráin yfir 33 efni eða flokka efna sem sett hafa verið í forgang að því er varðar aðgerðir á vettvangi Bandalagsins. Meðal þessara forgangsefna hafa tiltekin efni verið skilgreind sem hættuleg forgangsefni og aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir með tilliti til þeirra með það að markmiði að binda enda á eða stöðva í áföngum losun, sleppingu og tap. Að því er varðar efni sem koma fyrir í náttúrunni eða sem verða til við náttúruleg ferli er ekki unnt að binda enda á eða stöðva í áföngum losun, sleppingu og tap frá öllum hugsanlegum upptökum. Sum efni hafa verið til athugunar og þeim skal skipað í flokka. Framkvæmdastjórnin skal halda áfram endurskoðun skrárinnar yfir forgangsefni og raða efnum í forgangsröð með það að markmiði að grípa til aðgerða á grundvelli samþykktra viðmiðana, sem gefa til kynna áhættu sem efni hefur í för með sér fyrir vatnsumhverfið eða í gegnum vatnsumhverfið, í samræmi við tímaáætlunina, sem kveðið er á um í 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB, og leggja fram tillögur eins og við á.

11) Í þágu Bandalagsins og til að stuðla að skilvirkari stjórnun varðandi verndun yfirborðsvatns er viðeigandi að setja umhverfisgæðakröfur fyrir mengunarefni, sem flokkuð eru sem forgangsefni, á vettvangi Bandalagsins og láta aðildarríkjum það eftir að mæla fyrir um reglur um önnur mengunarefni á landsvísu, eftir því sem nauðsyn krefur, með fyrirvara um beitingu viðkomandi reglna Bandalagsins. Engu að síður voru átta mengunarefni, sem falla undir gildissvið tilskipunar ráðsins 86/280/EBE frá 12. júní 1986 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun hættulegra efna sem upp eru talin í lista I í viðauka við tilskipun 76/464/EBE ([6]) og eru hluti af þeim flokki efna sem aðildarríkin skulu taka tillit til þegar þau gera ráðstafanir í því markmiði að ná góðu, efnafræðilegu ástandi fyrir árið 2015, með fyrirvara um 2. og 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, ekki sett á skrána yfir forgangsefni. Sameiginlegu kröfurnar, sem settar voru fyrir þessi mengunarefni, reyndust þó gagnlegar og því er rétt að viðhalda stjórnun fyrir tilstilli þeirra á vettvangi Bandalagsins.

12) Því verða ákvæðin varðandi núverandi umhverfisgæðamarkmið, sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 82/176/EBE frá 22. mars 1982 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá rafgreiningu alkalí-klóríða ([7]), tilskipun ráðsins 83/513/EBE frá 26. september 1983 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum ([8]), tilskipun ráðsins 84/156/EBE frá 8. mars 1984 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá annarri starfsemi en rafgreiningu alkalí-klóríða ([9]), tilskipun ráðsins 84/491/EBE frá 9. október 1984 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á hexaklórsýklóhexani ([10]) og tilskipun 86/280/EBE, óþörf og skal fella þau niður.

13) Vatnsumhverfið getur orðið fyrir áhrifum vegna efnamengunar til bæði skemmri og lengri tíma og því skulu gögn um bæði bráð og langvinn áhrif notuð sem grunnur við setningu umhverfisgæðakrafnanna. Til að tryggja fullnægjandi vernd fyrir vatnsumhverfið og heilbrigði manna skulu umhverfisgæðakröfur, sem settar eru fram sem árlegt meðalgildi, ákvarðaðar við þannig gildi að þær veiti vernd gegn langtímaváhrifum og skal kveða á um leyfilegan hámarksstyrk til varnar gegn skammtímaváhrifum.

14) Í samræmi við reglurnar, sem settar eru fram í lið 1.3.4. í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB, mega aðildarríki, við vöktun á því að farið sé að umhverfisgæðakröfunum, þ.m.t. þær sem settar eru fram sem leyfilegur hámarksstyrkur, taka upp tölfræðiaðferðir, t.d. útreikning hundraðshlutamarks, til að bregðast við einförum, þ.e. miklum frávikum frá meðaltalinu, og röngum mælingum til að tryggja viðunandi öryggi og nákvæmni. Til að tryggja samanburðarhæfi vöktunar í mismunandi aðildarríkjum þykir rétt að kveða á um að settar verði ítarlegum reglur um slíkar tölfræðiaðferðir með nefndarmeðferð.

([5]) Stjtíð. EB L 331, 15.12.2001, bls. 1.

([6]) Stjtíð. EB L 181, 4.7.1986, bls. 16.
([7]) Stjtíð. EB L 81, 27.3.1982, bls. 29.
([8]) Stjtíð. EB L 291, 24.10.1983, bls. 1.
([9]) Stjtíð. EB L 74, 17.3.1984, bls. 49.
([10]) Stjtíð. EB L 274, 17.10.1984, bls. 11.

15) Aðþvíervarðarmeirihlutaefnaskuluumhverfisgæðakröfur, sem settar eru á vettvangi Bandalagsins, eingöngu gilda um yfirborðsvatn að svo stöddu. Þegar um er að ræða hexaklórbensen, hexaklórbútadíen og kvikasilfur er hins vegar ekki hægt að tryggja vernd gegn óbeinum áhrifum og fylgieitrun á vettvangi Bandalagsins með umhverfisgæðakröfum fyrir yfirborðsvatn eingöngu. Því er rétt að setja umhverfisgæðakröfur fyrir lífríki á vettvangi Bandalagsins fyrir þessi þrjú efni. Í því skyni að gera aðildarríkjum kleift að vera sveigjanleg gagnvart vöktunaraðferð þeirra skulu ríkin eiga þess kost að annaðhvort vakta og beita þessum umhverfisgæðakröfum fyrir lífríki eða setja strangari umhverfisgæðakröfur fyrir yfirborðsvatn sem veita sama verndarstig.

16) Enn fremur skulu aðildarríki eiga þess kost að setja umhverfisgæðakröfur fyrir set og/eða lífríki á landsvísu og beita þeim umhverfisgæðakröfum í stað umhverfisgæðakrafnanna fyrir vatn sem settar eru fram í þessari tilskipun. Slíkar umhverfisgæðakröfur skal setja með gegnsæju ferli sem felur í sér tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja til að tryggja verndun sem er jafngild því sem fæst með umhverfisgæðakröfunum fyrir vatn sem settar eru á vettvangi Bandalagsins. Framkvæmdastjórnin skal taka þessar tilkynningar saman í skýrslu sinni um framkvæmd tilskipunar 2000/60/EB. Einnig teljast set og lífríki áfram mikilvægur efniviður við vöktun tiltekinna efna með umtalsverða uppsöfnunargetu. Til að leggja mat á langtímaáhrif af starfsemi manna og leitni skulu aðildarríki gera ráðstafanir, með fyrirvara um 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, með það að markmiði að tryggja að núverandi mengun í lífríki og seti muni ekki aukast á marktækan hátt.

17) Í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB og 5. lið A-liðar VII. viðauka við þá tilskipun skulu allar undanþágur frá beitingu umhverfisgæðakrafna fyrir forgangsefni sem gilda um vatnshlot í samræmi við 4., 5. og 6. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar, að teknu tilliti til 8. og 9. mgr. 4. gr. hennar, tilkynntar í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi. Ef kröfurnar í 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, þ.m.t. skilyrði fyrir veitingu undanþágna, eru uppfylltar má starfsemi, þ.m.t. dýpkun og siglingar, sem leiðir til sleppingar, losunar og taps forgangsefna fara fram.

18) Aðildarríki verða að fara að tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns ([11]) og stjórna yfirborðsvatnshlotum sem notuð eru til töku drykkjarvatns í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2000/60/EB. Þessi tilskipun skal því framkvæmd án þess að hafa áhrif á þær kröfur sem kunna að kalla á strangari kröfur.

19) Í nágrenni losunar frá punktupptökum er styrkur mengunarefna venjulega meiri en umhverfisstyrkurinn í vatni. Því skulu aðildarríki eiga þess kost að nota blöndunarsvæði, svo framarlega sem þau hafi ekki áhrif á það að farið sé að viðkomandi umhverfisgæðakröfum fyrir aðra hluta yfirborðsvatnshlotsins. Umfang blöndunarsvæða skal takmarkast við nágrenni losunarstaðar og vera hóflegt. Í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2000/60/EB skulu aðildarríki tryggja, eftir því sem við á, að kröfur um að umhverfismarkmiðunum, sem sett eru fram í 4. gr. þeirrar tilskipunar, sé náð verði samræmdar fyrir allt vatnasviðaumdæmið, þ.m.t. tilgreining blöndunarsvæða í vatnshlotum sem ná yfir landamæri.

20) Nauðsynlegt er að gæta þess að markmiðum sé fylgt að því er varðar að binda enda á eða stöðva í áföngum og draga úr mengun, eins og tilgreint er í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, og tryggja að mat á uppfyllingu skuldbindinga sé gagnsætt, einkum að því er varðar hvernig tekist er á við marktæka losun, sleppingu og tap sem verður vegna starfsemi manna. Enn fremur getur tímaáætlun í tengslum við það að binda enda á, stöðva í áföngum og draga úr mengun aðeins tengst tiltekinni skrá. Einnig ætti að vera mögulegt að leggja mat á beitingu 4. til 7. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB. Að auki er þörf á viðeigandi tæki til magnákvörðunar á tapi efna í náttúrunni eða tapi sem verður við náttúruleg ferli, en í slíkum tilvikum er ekki að fullu hægt að binda enda á eða stöðva í áföngum mengun frá öllum hugsanlegum upptökum. Til að uppfylla þessar þarfir skal hvert aðildarríki taka saman skrá yfir losun, sleppingu og tap fyrir hvert vatnasviðaumdæmi eða hluta vatnasviðaumdæmis á yfirráðasvæði sínu.

21) Til að forðast tvíverknað við samantekt þessara skráa og tryggja samfellu í þessum skrám og öðrum fyrirliggjandi verkfærum í tengslum við vernd yfirborðsvatns skulu aðildarríkin nota upplýsingar sem aflað var samkvæmt tilskipun 2000/60/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 frá 18. janúar 2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna ([12]).

22) Til að tryggja samræmda vernd yfirborðsvatns skulu aðildarríki, sem deila yfirborðsvatnshlotum, samræma vöktunarstarfsemi sína og, eftir því sem við á, samantekt skráa.

([11]) Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32.

([12]) Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1.

23) Til að bregðast betur við þörfum aðildarríkjanna skal þeim vera kleift að velja viðeigandi eins árs viðmiðunartímabil til að mæla grunngildi fyrir skrána. Hins vegar skal taka tillit til þeirrar staðreyndar að tap við notkun varnarefna getur verið afar mismunandi eftir árum vegna ólíks umfangs notkunar, t.d. vegna ólíkra veðurfarsskilyrða. Því skulu aðildarríkin geta valið þriggja ára viðmiðunartímabil fyrir tiltekin efni sem falla undir tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([13]).

24) Til að nýta skrána sem best er við hæfi að ákveða frest fyrir framkvæmdastjórnina til að sannprófa að framfarir eigi sér stað varðandi losun, sleppingu og tap með tilliti til þeirra markmiða sem sett eru fram í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, með fyrirvara um 4. og 5. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar.

25) Útfæra skal tæknilegar leiðbeiningar til að stuðla að samhæfingu aðferða sem aðildarríkin nota til að taka saman skrár um losun, sleppingu og tap, þ.m.t. tap vegna mengunarefna sem safnast hafa fyrir í seti.

26) Fjöldi aðildarríkja verður fyrir áhrifum vegna mengunar sem á upptök sín utan lögsögu þeirra. Því er rétt að taka skýrt fram að aðildarríki myndi ekki bregðast skuldbindingum sínum samkvæmt þessari tilskipun með því að fara yfir gildi tiltekinnar umhverfisgæðakröfu vegna slíkrar mengunar yfir landamæri, að því tilskildu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt og að það hafi nýtt sér, eftir því sem við á, viðkomandi ákvæði tilskipunar 2000/60/EB.

27) Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli skýrslna frá aðildarríkjum og í samræmi við 15. gr. tilskipunar 2000/60/EB, endurskoða þörfina á því að breyta gildandi gerningum og þörfina á frekari, sértækum ráðstöfunum á vettvangi Bandalagsins, t.d. varðandi stjórnun á losun, og, ef við á, leggja fram viðeigandi tillögur. Framkvæmdastjórnin skal greina Evrópuþinginu og ráðinu frá niðurstöðum þessarar endurskoðunar með skírskotun til skýrslunnar skv. 1. mgr. 18 gr. tilskipunar 2000/60/EB. Þegar framkvæmdastjórnin gerir tillögur um ráðstafanir varðandi stjórnun á losun, með hliðsjón af 10. gr. tilskipunar 2000/60/EB, skal hún taka tillit til gildandi krafna um stjórnun á losun, eins og þeirra sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun ([14]), og nýjustu framfara í tækni til að draga úr mengun.

([13]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.
([14]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.

28) Viðmiðanirnar, sem nota má til að ákvarða þau efni sem eru þrávirk, eitruð og safnast fyrir í lífverum, svo og efni sem gefa tilefni til jafnmikilla áhyggna, þ.e. mjög þrávirk og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli, eins og um getur í tilskipun 2000/60/EB, eru settar í tæknilegu leiðbeiningunum um mat á áhættu til stuðnings tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 93/67/EBE frá 20. júlí 1993 um meginreglur við mat á áhættu sem mönnum og umhverfi stafar af efnum sem tilkynnt eru í samræmi við tilskipun ráðsins 67/548/EBE ([15]), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([16]) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og um stofnun Efnastofnunar Evrópu ([17]). Til að tryggja samkvæmni í löggjöf Bandalagsins skal þessum viðmiðunum aðeins beitt að því er varðar efnin sem eru til endurskoðunar samkvæmt ákvörðun nr. 2455/2001/EB og skal X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB skipt út til samræmis við það.

29) Skuldbindingarnar, sem mælt er fyrir um í tilskipununum sem taldar eru upp í IX. viðauka við tilskipun 2000/60/EB, hafa þegar verið teknar upp í tilskipun 2008/1/EB og tilskipun 2000/60/EB og hægt er að ábyrgjast a.m.k. sama verndarstig ef umhverfisgæðakröfunum er viðhaldið eða þær endurskoðaðar. Til að tryggja samræmda nálgun gagnvart efnamengun yfirborðsvatns og til að einfalda og skýra gildandi löggjöf Bandalagsins á því sviði er rétt að fella, samkvæmt tilskipun 2000/60/EB, úr gildi tilskipanir 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE frá og með 22. desember 2012.

30) Tilmælin, sem um getur í tilskipun 2000/60/EB, einkum þau frá vísindanefndinni um eiturhrif, eiturhrif í umhverfinu og umhverfið, hafa verið tekin til greina.

31) Í samræmi við 34. lið. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([18]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafananna, eftir því sem kostur er.

([15]) Stjtíð. EB L 227, 8.9.1993, bls. 9.
([16]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.
([17]) Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1; leiðrétt í Stjtíð. ESB L 136, 29.5.2007, bls. 3.
([18]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

32) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. góðu efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatns með því að mæla fyrir um umhverfisgæðakröfur fyrir forgangsefni og tiltekin önnur mengunarefni, og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins til að viðhalda sama verndarstigi fyrir yfirborðsvatn í gervöllu Bandalaginu, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

33) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið[19].

34) Einkum skal framkvæmdastjórnin hafa heimild til að breyta 3. lið í B-hluta I. viðauka við þessa tilskipun. Þar eð þessi ráðstöfun er almenns eðlis og henni er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar eða felast í því að veigalitlum þáttum er bætt við hana skal hún samþykkt í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem mælt er fyrir um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni.

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um umhverfisgæðakröfur fyrir forgangsefni og tiltekin önnur mengunarefni, eins og kveðið er á um í 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB, með það að markmiði að ná góðu efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatns og í samræmi við ákvæði og markmið 4. gr. þeirrar tilskipunar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun gilda skilgreiningarnar í 2. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

3. gr.

Umhverfisgæðakröfur

1. Í samræmi við 1. gr. þessarar tilskipunar og 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB skulu aðildarríki nota þær umhverfisgæðakröfur sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka við þessa tilskipun að því er varðar yfirborðsvatnshlot.

Aðildarríki skulu nota umhverfisgæðakröfurnar fyrir yfirborðsvatnshlot í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í B-hluta I. viðauka.

2. Aðildarríki geta kosið að nota umhverfisgæðakröfur fyrir set og/eða lífríki í stað þeirra sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka að því er varðar tiltekna flokka yfirborðsvatns. Aðildarríki sem nýta sér þann kost skulu:

a) nota umhverfisgæðakröfu, sem hljóðar upp á 20 µg/kg fyrir kvikasilfur og sambönd þess, og/eða umhverfisgæðakröfu, sem hljóðar upp á 10 µg/kg fyrir hexaklórbensen, og/eða umhverfisgæðakröfu, sem hljóðar upp á 55 µg/kg fyrir hexaklórbútadíen, og þessar umhverfisgæðakröfur skulu gilda um vef (blautvigt) þar sem valinn er sá vísir sem best á við fyrir fiska, lindýr, krabbadýr og aðrar lífverur,

b) setja og nota umhverfisgæðakröfur, aðrar en þær sem getið er í a-lið fyrir set og/eða lífríki að því er varðar tiltekin efni. Með þessum umhverfisgæðakröfum skal ná a.m.k. sama verndarstigi og með umhverfisgæðakröfunum fyrir vatn sem settar eru fram í A-hluta I. viðauka,

c) ákvarða hversu tíð vöktun á lífríki og/eða seti skuli vera fyrir þau efni sem nefnd eru í a- og b-lið. Vöktun skal þó fara fram a.m.k. einu sinni ár hvert, nema tækniþekking og sérfræðimat réttlæti aðra tímaviðmiðun, og

d) tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum, fyrir milligöngu nefndarinnar sem um getur í 21. gr. tilskipunar 2000/60/EB, um efnin sem umhverfisgæðakröfurnar hafa verið settar fyrir í samræmi við b-lið, ástæður og grundvöll þeirrar nálgunar sem valin er, aðrar umhverfisgæðakröfur sem settar eru, þ.m.t. gögn og aðferðir sem beitt var við ákvörðun þeirra umhverfisgæðakrafna, þá flokka yfirborðsvatns sem þær myndu gilda um og tíðni ráðgerðrar vöktunar, ásamt rökstuðningi fyrir þeirri tíðni.

Framkvæmdastjórnin skal einnig leggja fram samantekt tilkynninga skv. d-lið hér á undan og 9. athugasemd við A-hluta I. viðauka í skýrslunum sem birtar eru í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

([19]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að unnin sé leitnigreining til lengri tíma á styrk þeirra forgangsefna, sem tilgreind eru í A-hluta I. viðauka og sem hafa tilhneigingu til að safnast fyrir í seti og/eða lífríki, með sérstakri áherslu á efni nr. 2, 5, 6, 7, 12, 15, 16, 17, 18, 20, 21, 26, 28 og 30, á grundvelli vöktunar á ástandi vatns sem unnin er í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2000/60/EB. Þau skulu gera ráðstafanir í því markmiði að tryggja, með fyrirvara um 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, að styrkur þeirra aukist ekki á marktækan hátt í seti og/eða viðkomandi lífríki.

Aðildarríki skulu ákvarða tíðni vöktunar á seti og/eða lífríki til að fá nægileg gögn til áreiðanlegrar leitnigreiningar til lengri tíma. Til viðmiðunar skal vöktun fara fram á þriggja ára fresti, nema tækniþekking og sérfræðimat réttlæti aðra tímaviðmiðun.

4. Framkvæmdastjórnin skal kanna tækni- og vísindalegar framfarir, þ.m.t. niðurstöður áhættumats, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB, og upplýsingar frá skráningu efna, sem eru gerðar aðgengilegar öllum skv. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, og, ef nauðsyn krefur, leggja til endurskoðun á umhverfisgæðakröfunum, sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka við þessa tilskipun, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans og í samræmi við tímaáætlunina sem kveðið er á um í 4. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

5. Ákvæðum 3. liðar B-hluta I. viðauka við þessa tilskipun má breyta í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 9. gr. þessarar tilskipunar.

4. gr.

Blöndunarsvæði

1. Aðildarríki geta tilgreint blöndunarsvæði í nánd við losunarstaði. Styrkur eins eða fleiri efna, sem tilgreind eru í A-hluta I. viðauka, má vera meiri en viðkomandi umhverfisgæðakröfur segja til um innan slíkra blöndunarsvæða, ef þau hafa ekki áhrif á að aðrir hlutar yfirborðsvatnshlotsins samræmist þeim kröfum.

2. Aðildarríki sem tilnefna blöndunarsvæði skulu í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi, sem gerðar eru í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB, láta fylgja lýsingu á:

a) þeirri nálgun og þeim aðferðum, sem beitt er til að skilgreina slík svæði, og

b) ráðstöfunum sem gerðar eru í því markmiði að draga úr umfangi blöndunarsvæða í framtíðinni, svo sem skv. k-lið 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 2000/60/EB, eða með því að endurskoða leyfi sem um getur í tilskipun 2008/1/EB eða fyrri reglusetningu sem um getur í g-lið 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

3. Aðildarríki, sem tilnefna blöndunarsvæði, skulu tryggja að umfang hvers slíks svæðis sé:

a) takmarkað við nágrenni losunarstaðar,

b) hóflegt, með hliðsjón af styrk mengunarefna við losunarstað og skilyrðum varðandi losun mengunarefna sem finna má í fyrri reglusetningum, t.d. samþykktum og/eða leyfum, sem um getur í g-lið 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 2000/60/EB og öllum öðrum viðkomandi lögum Bandalagsins, í samræmi við beitingu bestu, fáanlegu tækni og 10. gr. tilskipunar 2000/60/EB, einkum eftir að fyrri reglusetningar hafa verið endurskoðaðar.

4. Tæknilegar leiðbeiningar varðandi tilnefningu blöndunarsvæða skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr. þessarar tilskipunar.

5. gr.

Skrá yfir losun, sleppingu og tap

1. Á grundvelli upplýsinga, sem aflað er í samræmi við 5. og 8. gr. tilskipunar 2000/60/EB, skv. reglugerð (EB) nr. 166/2006 og önnur fáanleg gögn, skulu aðildarríkin taka saman skrá, þ.m.t. kort, yfir losun, sleppingu og tap allra forgangsefna og mengunarefna sem tilgreind eru í A-hluta I. viðauka við þessa tilskipun fyrir hvert vatnasviðaumdæmi eða hluta vatnasviðaumdæmis innan yfirráðasvæðis þeirra, þ.m.t. styrkur þeirra í seti og lífríki, eftir því sem við á.

2. Viðmiðunartímabilið fyrir mat á gildum fyrir mengunarvalda, sem á að færa inn í skrárnar sem um getur í 1. mgr., skal vera eitt ár milli 2008 og 2010.

Þegar um er að ræða forgangsefni eða mengunarefni, sem falla undir tilskipun 91/414/EBE, má þó reikna gildin, sem færð eru inn, sem meðalgildi fyrir árin 2008, 2009 og 2010.

3. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um skrárnar sem teknar eru saman skv. 1. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. viðkomandi viðmiðunartímabil, í samræmi við tilkynningarskylduna skv. 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

4. Aðildarríki skulu uppfæra skrár sínar sem hluta af mati á greiningunum sem tilgreindar eru í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

Viðmiðunartímabilið fyrir ákvörðun gilda í uppfærðu skránum skal vera árið áður en greiningunni á að vera lokið. Þegar um er að ræða forgangsefni eða mengunarefni, sem falla undir tilskipun 91/414/EBE, má reikna gildin, sem færð eru inn, sem meðalgildi fyrir síðustu þrjú árin áður en greiningu lýkur.

Aðildarríki skulu birta uppfærðu skrárnar í uppfærðu stjórnunaráætlununum sínum fyrir vatnasviðaumdæmi eins og mælt er fyrir um í 7. mgr. 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en árið 2018, sannprófa að framfarir eigi sér stað varðandi losun, sleppingu og tap, eins og fram kemur í skránni, með tilliti til þess að náð verði því markmiði að draga úr eða binda enda á mengun sem mælt er fyrir um í iv. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, með fyrirvara um 4. og 5. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar.

6. Tæknilegar leiðbeiningar varðandi samantekt skráa skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr. þessarar tilskipunar.

6. gr.

Mengun sem berst yfir landamæri

1. Aðildarríki telst ekki hafa brugðist skuldbindingum sínum samkvæmt þessari tilskipun ef það fer yfir mörk varðandi umhverfisgæðakröfu ef það getur sýnt fram á:

a) að farið hafi verið yfir mörkin vegna upptaka mengunar utan lögsögu þess,

b) að vegna slíkrar mengunar yfir landamæri hafi aðildarríkinu ekki verið kleift að gera skilvirkar ráðstafanir til að uppfylla viðkomandi umhverfisgæðakröfu og

c) að það hafi beitt því fyrirkomulagi við samræmingu, sem sett er fram í 3. gr. tilskipunar 2000/60/EB, og, eftir því sem við á, nýtt sér ákvæði 4., 5. og 6. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar að því er varðar þau vatnshlot sem mengun yfir landamæri hefur áhrif á.

2. Aðildarríki skulu beita þeirri aðferð sem mælt er fyrir um í 12. gr. tilskipunar 2000/60/EB til að láta framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar upplýsingar í þeim kringumstæðum sem lýst er í 1. mgr. þessarar greinar og samantekt yfir ráðstafanir sem gerðar eru í tengslum við mengun yfir landamæri í viðeigandi stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi í samræmi við tilkynningarskylduna skv. 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

7. gr.

Skýrslugjöf og endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli skýrslna frá aðildarríkjum, þ.m.t. skýrslur í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2000/60/EB, og einkum þær er varða mengun yfir landamæri, endurskoða þörfina á því að breyta gildandi gerðum og þörfina á frekari, sértækum ráðstöfunum alls staðar í Bandalaginu, t.d. varðandi stjórnun á losun.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í tengslum við skýrsluna, sem gerð er í samræmi við 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2000/60/EB, greina Evrópuþinginu og ráðinu frá eftirfarandi atriðum:

a) niðurstöðunum úr endurskoðuninni, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar,

b) ráðstöfunum, sem gerðar eru til að draga úr umfangi blöndunarsvæða, sem tilnefnd eru í samræmi við 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar,

c) niðurstöðunni úr sannprófuninni, sem um getur í 5. mgr. 5. gr. þessarar tilskipunar,

d) aðstæðunum varðandi mengun sem á upptök sín utan yfirráðasvæðis Bandalagsins.

Ef við á skal framkvæmdastjórnin láta viðeigandi tillögur fylgja skýrslunni.

8. gr.

Endurskoðun X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB

Framkvæmdastjórnin skal, í tengslum við endurskoðun X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB, sem kveðið er á um í 4. mgr. 16. gr. þeirrar tilskipunar, taka til athugunar m.a. þau efni, sem tilgreind eru í III. viðauka við þessa tilskipun, í því skyni að greina þau hugsanlega sem forgangsefni eða hættuleg forgangsefni. Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um niðurstöðuna úr endurskoðun sinni eigi síðar en 13. janúar 2011. Ef við á skulu skýrslunni fylgja viðeigandi tillögur, einkum tillögur um greiningu á nýjum forgangsefnum eða hættulegum forgangsefnum eða til að greina tiltekin forgangsefni sem hættuleg forgangsefni og setja samsvarandi umhverfisgæðakröfur fyrir yfirborðsvatn, set eða lífríki, eftir því sem við á.

9. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

10. gr.

Breyting á tilskipun 2000/60/EB

Í stað X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB komi texti II. viðauka við þessa tilskipun.

11. gr.

Breytingar á tilskipunum 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE

1. Í tilskipunum 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE og 84/491/EBE falli II. viðauki brott.

2. Reitir B í I. til XI. þætti II. viðauka við tilskipun 86/280/EBE falli brott.

12. gr.

Niðurfelling tilskipana 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE

1. Tilskipanir 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE skulu felldar úr gildi frá og með 22. desember 2012.

2. Aðildarríki geta, fyrir 22. desember 2012, hagað vöktun og skýrslugjöf í samræmi við 5., 8. og 15. gr. tilskipunar 2000/60/EB í stað þess að haga slíku í samræmi við þær tilskipanir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

13. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 13. júlí 2010.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. desember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti	*forseti*
H.-G. PÖTTERING	B. LE MARIE

I. VIÐAUKI

UMHVERFISGÆÐAKRÖFUR FYRIR FORGANGSEFNI OG TILTEKIN ÖNNUR MENGUNAREFNI

A-HLUTI: UMHVERFISGÆÐAKRÖFUR (UGK)

ÁM: Ársmeðaltal

LHS: Leyfilegur hámarksstyrkur

Eining: [µg/l]

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)
Nr.	Heiti efnis	CAS-númer[1]	ÁM-UGK[2] Yfirborðsvatn á landi[3]	ÁM-UGK[4] Annað yfirborðsvatn	LHS-UGK[5] Yfirborðsvatn á landi[6]	LHS-UGK[7] Annað yfirborðsvatn
(1)	Alaklór	15972-60-8	0,3	0,3	0,7	0,7
(2)	Antrasen	120-12-7	0,1	0,1	0,4	0,4
(3)	Atrasín	1912-24-9	0,6	0,6	2,0	2,0
(4)	Bensen	71-43-2	10	8	50	50
(5)	Brómaður difenýleter[8]	32534-81-9	0,0005	0,0002	á ekki við	á ekki við
(6)	Kadmíum og sambönd þess (fer eftir vatnshörkuflokkum)[9]	7440-43-9	≤ 0,08 (Flokkur 1) 0,08 (Flokkur 2) 0,09 (Flokkur 3) 0,15 (Flokkur 4) 0,25 (Flokkur 5)	0,2	≤ 0,45 (Flokkur 1) 0,45 (Flokkur 2) 0,6 (Flokkur 3) 0,9 (Flokkur 4) 1,5 (Flokkur 5)	≤ 0,45 (Flokkur 1) 0,45 (Flokkur 2) 0,6 (Flokkur 3) 0,9 (Flokkur 4) 1,5 (Flokkur 5)
(6a)	Koltetraklóríð[10]	56-23-5	12	12	á ekki við	á ekki við
(7)	C10–13-klóralkön	85535-84-8	0,4	0,4	1,4	1,4
(8)	Klórfenvinfos	470-90-6	0,1	0,1	0,3	0,3
(9)	Klórpýrifos (klórpýrifosetýl)	2921-88-2	0,03	0,03	0,1	0,1
(9a)	Sýklódíenvarnarefni:		Σ = 0,01	Σ = 0,005	á ekki við	á ekki við
	Aldrín[11]	309-00-2				
	Díeldrín[12]	60-57-1				
	Endrín[13]	72-20-8				
	Ísódrín[14]	465-73-6				
(9b)	DDT í heild[15]	á ekki við	0,025	0,025	á ekki við	á ekki við
	para-para-DDT[17]	50-29-3	0,01	0,01	á ekki við	á ekki við
(10)	1,2-díklóretan	107-06-2	10	10	á ekki við	á ekki við
(11)	Díklórmetan	75-09-2	20	20	á ekki við	á ekki við
(12)	Dí(2-etýlhexýl)þalat (DEHP)	117-81-7	1,3	1,3	á ekki við	á ekki við
(13)	Díúrón	330-54-1	0,2	0,2	1,8	1,8
(14)	Endósúlfan	115-29-7	0,005	0,0005	0,01	0.004
(15)	Flúoranten	206-44-0	0,1	0,1	1	1
(16)	Hexaklórbensen	118-74-1	0,01[18]	0,01[19]	0,05	0,05
(17)	Hexaklórbútadíen	87-68-3	0,1[20]	0,1[21]	0,6	0,6
(18)	Hexaklórsýklóhexan	608-73-1	0,02	0,002	0,04	0,02
(19)	Ísóprótúrón	34123-59-6	0,3	0,3	1,0	1,0

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)
Nr.	Heiti efnis	CAS-númer[1]	ÁM-UGK[2] Yfirborðsvatn á landi[3]	ÁM-UGK[4] Annað yfirborðsvatn	LHS-UGK[5] Yfirborðsvatn á landi[6]	LHS-UGK[7] Annað yfirborðsvatn
(20)	Blý og sambönd þess	7439-92-1	7,2	7,2	á ekki við	á ekki við
(21)	Kvikasilfur og sambönd þess	7439-97-6	0,05[22]	0,05[23]	0,07	0,07
(22)	Naftalín	91-20-3	2,4	1,2	á ekki við	á ekki við
(23)	Nikkel og sambönd þess	7440-02-0	20	20	á ekki við	á ekki við
(24)	Nónýlfenól (4-nónýlfenól)	104-40-5	0,3	0,3	2,0	2,0
(25)	Oktýlfenól ((4-(1,1′,3,3′-tetrametýlbútýl)-fenól))	140-66-9	0,1	0,01	á ekki við	á ekki við
(26)	Pentaklórbensen	608-93-5	0,007	0,0007	á ekki við	á ekki við
(27)	Pentaklórfenól	87-86-5	0,4	0,4	1	1
(28)	Fjölarómatísk vetniskolefni (PAH)[24]	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við
	Bensó(a)pýren	50-32-8	0,05	0,05	0,1	0,1
	Bensó(b)flúoranten	205-99-2	Σ = 0,03	Σ = 0,03	á ekki við	á ekki við
	Bensó(k)flúoranten	207-08-9				
	Bensó(g,h,i)perýlen	191-24-2	Σ = 0,002	Σ = 0,002	á ekki við	á ekki við
	Indenó(1,2,3-cd)pýren	193-39-5				
(29)	Símasín	122-34-9	1	1	4	4
(29a)	Tetraklóretýlen[25]	127-18-4	10	10	á ekki við	á ekki við
(29b)	Tríklóretýlen[26]	79-01-6	10	10	á ekki við	á ekki við
(30)	Tríbútýltinsambönd (tríbútýltin-plúsjón)	36643-28-4	0,0002	0,0002	0,0015	0,0015
(31)	Tríklórbensen	12002-48-1	0,4	0,4	á ekki við	á ekki við
(32)	Tríklórmetan	67-66-3	2,5	2,5	á ekki við	á ekki við
(33)	Tríflúralín	1582-09-8	0,03	0,03	á ekki við	á ekki við

1 CAS: Upplýsingaþjónusta um íðefni (e. Chemical Abstracts Service).

2 Þessi breyta er umhverfisgæðakrafan, sem er sett fram sem ársmeðalgildi (ÁM-UGS). Ef annað er ekki tekið fram gildir hún um heildarstyrk allra hverfna.

3 Yfirborðsvatn á landi tekur til áa og vatna og tengdra, manngerðra eða mikið breyttra vatnshlota.

4 Þessi breyta er umhverfisgæðakrafan, sett fram sem leyfilegur hámarksstyrkur (LHS-UGS). Ef merkt er við LHS-UGS með „á ekki við“ teljast gildin fyrir ÁM-UGS verndandi gegn skammvinnum mengunartoppum frá stöðugri sleppingu þar eð þau eru umtalsvert lægri en gildin sem reiknuð eru á grundvelli bráðra eiturhrifa.

5 Að því er varðar hóp forgangsefna sem falla undir brómaða dífenýletera (nr. 5) í ákvörðun 2455/2001/EB er umhverfisgæðakrafa aðeins sett fyrir efnamyndirnar nr. 28, 47, 99, 100, 153 og 154.

6 Að því er varðar kadmíum og sambönd þess (nr. 6) eru gildi umhverfisgæðakrafna breytileg eftir hörku vatnsins, sem skipt er í fimm flokka: (flokk 1: < 40 mg CaCO3/l, flokk 2: 40 til < 50 mg CaCO3/l, flokk 3: 50 til < 100 mg CaCO3/l, flokk 4: 100 til < 200 mg CaCO3/l og flokk 5: ≥ 200 mg CaCO3/l).

7 Þetta efni er ekki forgangsefni heldur eitt hinna mengunarefnanna þar sem umhverfisgæðakröfurnar eru nákvæmlega eins og þær sem mælt er fyrir um í löggjöfinni sem var í gildi fyrir 13. janúar 2009.

8 Heildarmagn DDT felur í sér summu hverfnanna 1,1,1-tríklór-2,2-bis-(p-klórfenýl)etan (CAS-númer 50-29-3; EB-númer 200-024-3); 1,1,1-tríklór-2-(o-klórfenýl)-2-(p-klórfenýl)etan (CAS-númer 789-02-6; EB-númer 212-332-5); 1,1-díklór-2,2-bis-(p-klórfenýl)etýlen (CAS-númer 72-55-9; EB-númer 200-784-6) og 1,1-díklór-2,2-bis-(p-klórfenýl)etan (CAS-númer 72-54-8; EB-númer 200-783-0).

9 Ef aðildarríki beita ekki umhverfisgæðakröfum fyrir lífríki skulu þau taka upp strangari umhverfisgæðakröfur fyrir vatn til að ná sama verndarstigi og með umhverfisgæðakröfunum fyrir lífríki sem settar eru fram í 2. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum, fyrir milligöngu nefndarinnar sem um getur í 21. gr. tilskipunar 2000/60/EB, um ástæður og grundvöll þess að þessari nálgun er beitt, um aðrar umhverfisgæðakröfur fyrir vatn, sem settar voru, að meðtöldum gögnum og aðferðafræði sem aðrar umhverfisgæðakröfur voru leiddar af og flokka yfirborðsvatns sem þær myndu gilda um.

10 Að því er varðar hóp forgangsefna í flokki fjölarómatískra vetniskolefna (PAH) (nr. 28) gildir hver umhverfisgæðakrafa fyrir sig, þ.e. uppfylla verður umhverfisgæðakröfur fyrir bensó(a)pýren, umhverfisgæðakröfur fyrir summu bensó(b)flúorantens og bensó(k)flúorantens og umhverfisgæðakröfur fyrir bensó(g,h,i)perýlen og indenó(1,2,3-cd)pýren.

B-HLUTI: BEITING UMHVERFISGÆÐAKRAFNANNA SEM ERU SETTAR FRAM Í A-HLUTA

1. Í 4. og 5. dálki töflunnar: Notkun ÁM-UGK fyrir tiltekið yfirborðsvatnshlot þýðir að fyrir hvern dæmigerðan vöktunarstað innan vatnshlotsins er meðaltal styrksins, sem mældur er á mismunandi tíma árs, ekki hærra en sem nemur gildinu fyrir umhverfisgæðakröfuna.

   Útreikningur meðaltalsins, greiningaraðferðin, sem notuð er, og sú aðferð, sem notuð er í tengslum við umhverfisgæðakröfuna, ef engin viðeigandi greiningaraðferð stenst lágmarkskröfur um nothæfisviðmiðun, verður að vera í samræmi við framkvæmdargerðir um samþykkt tækniforskrifta varðandi efnafræðilega vöktun og gæði niðurstaðna greininga í samræmi við tilskipun 2000/60/EB.

2. Í 6. og 7. dálki töflunnar: Notkun LHS-UGK fyrir tiltekið yfirborðsvatnshlot þýðir að mældur styrkur við hvern dæmigerðan vöktunarstað innan vatnshlotsins er ekki meiri en sem nemur gildinu fyrir umhverfisgæðakröfuna.

   Aðildarríki geta þó, í samræmi við lið 1.3.4 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB, innleitt tölfræðiaðferðir, t.d. útreikning hundraðshlutamarks, til að tryggja viðunandi öryggis- og nákvæmnisstig við ákvörðun á því hvort farið sé að LHS-UGK. Ef þau fara þá leið skulu slíkar tölfræðiaðferðir vera í samræmi við ítarlegar reglur sem mælt er fyrir um í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr. þessarar tilskipunar.

3. Umhverfisgæðakröfurnar í þessum viðauka eru settar fram sem heildarstyrkur í öllu vatnssýninu, nema að því er varðar kadmíum, blý, kvikasilfur og nikkel (hér á eftir nefndir „málmar“). Ef um er að ræða málma eiga umhverfisgæðakröfurnar við um uppleystan styrk, þ.e. uppleystan fasa vatnssýnis sem fæst með síun í gegnum 0,45 µm síu eða hvers kyns annarri jafngildri formeðhöndlun.

   Við mat sitt á niðurstöðum vöktunar að því er varðar umhverfisgæðakröfur geta aðildarríki tekið tillit til eftirfarandi atriða:

   a) náttúrulegs bakgrunnsstyrks málma og efnasambanda þeirra, ef þeir koma í veg fyrir að farið sé að gildum umhverfisgæðakrafnanna, og

   b) hörku, sýrustigs eða annarra breytna fyrir vatnsgæði sem hafa áhrif á lífaðgengi málma.

_____

II. VIÐAUKI

Í stað X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB kemur eftirfarandi:

„X. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR FORGANGSEFNI AÐ ÞVÍ ER VARÐAR STEFNU Í VATNSMÁLUM

Nr.	CAS-númer[1]	EB-númer[2]	Heiti forgangsefnis[3]	Greint sem hættulegt forgangsefni
(1)	15972-60-8	240-110-8	Alaklór	
(2)	120-12-7	204-371-1	Antrasen	X
(3)	1912-24-9	217-617-8	Atrasín	
(4)	71-43-2	200-753-7	Bensen	
(5)	á ekki við	á ekki við	Brómaður dífenýleter[4]	X[5]
	32534-81-9	á ekki við	Pentabrómdífenýleter (efnamyndir númer 28, 47, 99, 100, 153 og 154)	
(6)	7440-43-9	231-152-8	Kadmíum og sambönd þess	X
(7)	85535-84-8	287-476-5	Klóralkön, $C_{10–13}$[6]	X
(8)	470-90-6	207-432-0	Klórfenvinfos	
(9)	2921-88-2	220-864-4	Klórpýrifos (klórpýrifosetýl)	
(10)	107-06-2	203-458-1	1,2-díklóretan	
(11)	75-09-2	200-838-9	Díklórmetan	
(12)	117-81-7	204-211-0	Dí(2-etýlhexýl)þalat (DEHP)	
(13)	330-54-1	206-354-4	Díúrón	
(14)	115-29-7	204-079-4	Endósúlfan	X
(15)	206-44-0	205-912-4	Flúoranten[7]	
(16)	118-74-1	204-273-9	Hexaklórbensen	X
(17)	87-68-3	201-765-5	Hexaklórbútadíen	X
(18)	608-73-1	210-158-9	Hexaklórsýklóhexan	X
(19)	34123-59-6	251-835-4	Ísóprótúrón	
(20)	7439-92-1	231-100-4	Blý og sambönd þess	
(21)	7439-97-6	231-106-7	Kvikasilfur og sambönd þess	X
(22)	91-20-3	202-049-5	Naftalín	
(23)	7440-02-0	231-111-14	Nikkel og sambönd þess	
(24)	25154-52-3	246-672-0	Nónýlfenól	X
	104-40-5	203-199-4	(4-nónýlfenól)	X
(25)	1806-26-4	217-302-5	Oktýlfenól	
	140-66-9	á ekki við	(4-(1,1′,3,3′-tetrametýlbútýl)-fenól)	
(26)	608-93-5	210-172-5	Pentaklórbensen	X
(27)	87-86-5	231-152-8	Pentaklórfenól	

Nr.	CAS-númer[1]	EB-númer[2]	Heiti forgangsefnis[3]	Greint sem hættulegt forgangsefni
(28)	á ekki við	á ekki við	Fjölarómatísk vetniskolefni	X
	50-32-8	200-028-5	(Bensó(a)pýren)	X
	205-99-2	205-911-9	(Bensó(b)flúoranten)	X
	191-24-2	205-883-8	(Bensó(g,h,i)perýlen)	X
	207-08-9	205-916-6	(Bensó(k)flúoranten)	X
	193-39-5	205-893-2	(Indenó(1,2,3-cd)pýren)	X
(29)	122-34-9	204-535-2	Símasín	
(30)	á ekki við	á ekki við	Tríbútýltinsambönd	X
	36643-28-4	á ekki við	(Tríbútýltin-plúsjón)	X
(31)	12002-48-1	234-413-4	Tríklórbensen	
(32)	67-66-3	200-663-8	Tríklórmetan (klóróform)	
(33)	1582-09-8	216-428-8	Tríflúralín	

1 CAS: Upplýsingaþjónusta um íðefni (e. Chemical Abstracts Service).
2 EB-númer Evrópuskrá yfir íðefni á markaði (EINECS) eða Evrópuskrá yfir tilkynnt efni (ELINCS)
3 Ef valdir hafa verið flokkar efna eru dæmigerð efni tilgreind fyrir flokkana sem vísa (innan sviga og án númers). Fyrir þessa flokka efna verður að skilgreina vísana á grunni greiningaraðferðarinnar.
4 Í þessum flokkum efna er venjulega umtalsverður fjöldi mismunandi efnasambanda. Eins og sakir standa er ekki unnt að tilgreina þá vísa sem við eiga.
5 Eingöngu pentabrómbífenýleter (CAS-númer 32534-81-9).
6 Flúoranten er í skránni sem vísir fyrir önnur hættulegri, fjölarómatísk vetniskolefni.’

III. VIÐAUKI

EFNI SEM SÆTA ENDURSKOÐUN VEGNA HUGSANLEGRAR GREININGAR SEM FORGANGSEFNI EÐA HÆTTULEG FORGANGSEFNI

CAS-númer	EB-númer	Heiti efnis
1066-51-9	—	(Amínómetýl)fosfónsýra (AMPA)
25057-89-0	246-585-8	Bentasón
80-05-7		Bisfenól-A
115-32-2	204-082-0	Díkófól
60-00-4	200-449-4	Etýlendíamíntetraasetat (EDTA)
57-12-5		Óbundið sýaníð
1071-83-6	213-997-4	Glýfosat
7085-19-0	230-386-8	Mekópróp (MCPP)
81-15-2	201-329-4	Moskusxýlen
1763-23-1		Perflúoroktansúlfónsýra
124495-18-7	—	Kínoxýfen(5,7-díklór-4-(p-flúorfenoxý)kínólín) Díoxín PCB

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 220/2009 **2011/EES/55/18**

frá 11. mars 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar, að því er varðar framkvæmdavaldið sem framkvæmdastjórninni er falið (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum b-lið 4.mgr. 152.gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 ([3]) er kveðið á um að tilteknar ráðstafanir skuli samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([4]).

2) Ákvörðun 1999/468/EB var breytt með ákvörðun ráðsins 2006/512/EB ([5]) þar sem tekin var upp reglunefndarmeðferð með grannskoðun til að samþykkja almennar ráðstafanir og miðað að því að breyta atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í grunngerningi, sem samþykktur var í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 251. gr. sáttmálans, m.a. með því að fella brott sum þessara atriða eða með því bæta við gerninginn nýjum atriðum sem ekki teljast til grundvallaratriða.

3) Í samræmi við yfirlýsingu Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ([6]) varðandi ákvörðun 2006/512/EB þarf að aðlaga þá gerninga sem hafa verið samþykktir í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 251. gr. sáttmálans, og hafa þegar öðlast gildi, í samræmi við gildandi málsmeðferðir svo að hægt sé að beita reglunefndarmeðferð með grannskoðun á þá.

4) Að því er varðar reglugerð (EB) nr. 999/2001 var reglunefndarmeðferð með grannskoðun innleidd með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1923/2006 ([7]) aðeins vegna tiltekinna framkvæmdarráðstafana er breytingarnar vörðuðu. Því skal aðlaga reglugerð (EB) nr. 999/2001 þannig að hún nái til þess framkvæmdarvalds sem eftir stendur.

5) Einkum skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja flýtiprófanir, rýmka gildissvið tiltekinna ákvæða þannig að þau nái til annarra afurða úr dýraríkinu, samþykkja framkvæmdarreglur, þ.m.t. aðferð til að staðfesta kúariðu í sauðfé og geitum, breyta viðaukunum og samþykkja bráðabirgðaráðstafanir. Þar eð slíkar ráðstafanir eru almenns eðlis og ætlaðar til breytinga á þáttum sem ekki teljast grundvallaratriði í reglugerð (EB) nr. 999/2001, m.a. með nýjum viðbótaratriðum, sem ekki teljast grundvallaratriði, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

6) Ef staðfest er að smitandi heilahrörnun hafi komið upp er einnig rétt að takmarka möguleika aðildarríkjanna á að beita öðrum ráðstöfunum í tilvikum þar sem samþykki framkvæmdastjórnarinnar fyrir þeim ráðstöfunum byggist á hagstæðu áhættumati, einkum með tilliti til eftirlitsráðstafana í viðkomandi aðildarríki, og ef viðkomandi ráðstafanir veita sambærilega vernd.

7) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1. Í stað þriðju undirgreinar 3. mgr. 5.gr. komi eftirfarandi:

„Flýtiprófanirnar skulu samþykktar í þessu skyni í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, sem um getur í 3. mgr. 24. gr., og færðar á skrána í 4. lið í C-kafla X. viðauka.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 155. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB C 211, 19.8.2008, bls. 47.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 23. september 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 16. febrúar 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

([5]) Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11.

([6]) Stjtíð. ESB C 255, 21.10.2006, bls. 1.

([7]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 1.

2. Í stað 3. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki, í ljósi þeirra viðmiðana sem eru settar fram í 5. lið V. viðauka, um jórturdýr ef gerð hefur verið á þeim valkvæð prófun sem hefur verið viðurkennd í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 24. gr., að því tilskildu að prófunin sé skráð í X. viðauka, ef niðurstöður þeirrar prófunar eru neikvæðar.“

3. Í stað þriðju undirgreinar 1. mgr. 13.gr. komi eftirfarandi:

„Þrátt fyrir þessa málsgrein getur aðildarríki beitt öðrum ráðstöfunum sem veita sambærilega vernd á grundvelli hagstæðs áhættumats skv. 24 gr. a og 25. gr., einkum með tilliti til eftirlitsráðstafana í viðkomandi aðildarríki, ef þær hafa verið samþykktar að því er það aðildarríki varðar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.“

4. Í stað 7. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„7. Í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, sem um getur í 3. mgr. 24. gr., er heimilt að rýmka gildissvið ákvæða 1.–6. mgr. þannig að þau nái til annarra afurða úr dýraríkinu. Samþykkja skal reglur um framkvæmd þessarar greinar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.“

5. Í stað 2. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:

„2. Reynist það nauðsynlegt til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal samþykkja framkvæmdarreglur í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr. Aðferð til að staðfesta kúariðu í sauðfé og geitum skal samþykkt í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 24. gr.“

6. Í stað fyrstu málsgreinar 23. gr. komi eftirfarandi:

„Að höfðu samráði við viðeigandi vísindanefnd um hvers kyns álitamál sem gætu haft áhrif á lýðheilsu skal breyta viðaukunum eða auka við þá og samþykkja hvers kyns viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 24. gr.“

7. Ákvæðum 23 gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) samþykki fyrir flýtiprófunum sem um getur í 5. gr. (3. undirgrein 3. mgr.), 6. gr. (1. mgr.), 8. gr. (2. mgr.) og 9. gr. (3. mgr.),“

b) Eftirfarandi liðir bætist við:

„k) rýmkun 1.– 6. ákvæðis 16. gr. svo þau nái til annarra afurða úr dýraríkinu,

l) samþykkt þeirrar aðferðar til að staðfesta kúariðu í sauðfé og geitum sem um getur í 2. mgr. 20. gr.,

m) breyting á eða viðbót við viðaukana og samþykkt allra viðeigandi bráðabirgðaráðstafana sem um getur í 23. gr.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. mars 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti	*forseti*
H.-G. PÖTTERING	A. VONDRA

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1161/2009 2011/EES/55/19

frá 30. nóvember 2009

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar upplýsingar um matvælaferlið fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja sem reka sláturhús (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]), einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu. Í III. þætti II. viðauka við þá reglugerð er einkum gerð sú krafa til stjórnenda matvælafyrirtækja sem reka sláturhús að þeir óski eftir, taki við, sannreyni og bregðist við upplýsingum um matvælaferlið að því er varðar öll dýr, önnur en villt veiðidýr, sem eru send eða senda á í sláturhús.

2) Í 2. lið þess þáttar er kveðið á um að viðkomandi stjórnendur skuli fá upplýsingar um matvælaferlið ekki seinna en 24 klukkustundum fyrir komu dýranna til sláturhússins, nema við þær aðstæður sem um getur í 7. lið sama þáttar. Í 7. lið er kveðið á um að ef lögbært yfirvald veitir leyfi til þess megi upplýsingarnar fylgja tilteknum dýrum, sem tilgreind eru í þeim lið, til sláturhússins í stað þess að koma þangað a.m.k. 24 klukkustundum áður.

3) Þar eð veiting upplýsinga um matvælaferlið er ný krafa til stjórnenda matvælafyrirtækja, sem innleidd var með reglugerð (EB) nr. 853/2004, er með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 frá 5. desember 2005 um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004([2]) mælt fyrir um aðlögunartímabil áður en sú krafa kemur að fullu til framkvæmda.

4) Einkum er greitt fyrir óhindruðu upplýsingastreymi varðandi matvælaferlið frá býli til sláturhúss með 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2076/2005 en þar er veitt undanþága frá kröfunum, sem mælt er fyrir um í 2. lið III. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, um að veita upplýsingarnar um matvælaferlið 24 klukkustundum fyrir komu dýranna til sláturhússins, ef lögbært yfirvald hefur veitt leyfi til þess og ef þetta stefnir markmiðum þeirrar reglugerðar ekki í hættu.

5) Reynslan hefur sýnt að það leiðir til snurðulausrar framkvæmdar á kröfunum um upplýsingar um matvælaferlið að gera lögbærum yfirvöldum kleift að fjölga, með tilliti til hvers tilviks fyrir sig, þeim aðstæðum þar sem heimilt er að senda upplýsingar um matvælaferlið til sláturhússins með dýrunum sem þær varða í stað þess að senda þær 24 klukkustundum áður. Í samræmi við það þykir rétt að gera þetta bráðabirgðafyrirkomulag endanlegt.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

([2]) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 83.

VIÐAUKI

Í stað 7. liðar. III. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 komi eftirfarandi:

„7. Veiti lögbært yfirvald leyfi til þess og að því tilskildu að það stofni markmiðum þessarar reglugerðar ekki í hættu mega upplýsingar um matvælaferlið berast sláturhúsinu innan við 24 klukkustundum fyrir komu dýra af öllum tegundum, sem upplýsingarnar varða, í sláturhúsið eða fylgja þessum dýrum til sláturhússins.

Allar upplýsingar um matvælaferlið, sem kunna að valda alvarlegri röskun á starfsemi sláturhússins, skulu þó gerðar aðgengilegar stjórnanda matvælafyrirtækisins, sem rekur sláturhúsið, með góðum fyrirvara fyrir komu dýranna til sláturhússins svo viðkomandi stjórnandi matvælafyrirtækisins geti skipulagt starfsemi sláturhússins í samræmi við það.

Stjórnandi matvælafyrirtækisins, sem rekur sláturhúsið, skal meta viðeigandi upplýsingar og leggja upplýsingarnar sem honum bárust um matvælaferlið fyrir opinberan dýralækni. Ekki er heimilt að slátra eða gera að dýrunum fyrr en opinberi dýralæknirinn hefur veitt leyfi til þess.“

———————

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1162/2009

2011/EES/55/20

frá 30. nóvember 2009

um bráðabirgðaráðstafanir til framkvæmdar á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]), einkum 1. mgr. 9. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ([2]), einkum 1. mgr. 16. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([3]), einkum fyrstu undirgrein og b-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 63 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 ([4]), (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 er kveðið á um umtalsverðar breytingar á reglum og verklagi sem stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna þurfa að fylgja. Þessar reglugerðir gilda frá 1. janúar 2006. Það hefði þó í vissum tilvikum valdið erfiðleikum í framkvæmd ef sumum þessara ráðstafana hefði verið beitt þegar frá 1. janúar 2006.

2) Þar af leiðandi er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 frá 5. desember 2005 um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 ([5]) kveðið á um tiltekið bráðabirgðafyrirkomulag vegna aðlögunartímabils sem lýkur 31. desember 2009, til að koma á hnökralausum skiptum yfir í fulla framkvæmd nýju reglnanna og verklagsins. Lengd aðlögunartímabilsins var fastsett með hliðsjón af endurskoðun reglurammans um hollustuhætti.

3) Í reglugerðum (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli, eigi síðar en 20. maí 2009, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem reynslan af beitingu hins nýja regluramma um hollustuhætti er metin.

4) Skýrslan var afhent í júlí 2009. Í skýrslunni eru þó ekki lagðar fram ítarlegar úrlausnir á erfiðleikum sem greint var frá og því fylgja henni ekki tillögur. Framkvæmdastjórnin mun, á grundvelli þessara erfiðleika sem komu í ljós, taka til athugunar hvort þörf sé á tillögum til að bæta reglugerðirnar um hollustuhætti á sviði matvæla.

5) Þangað til skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og þeir geirar í evrópska matvælaiðnaðinum sem málið varðar, á grundvelli upplýsinga frá Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunni, halda tilteknu bráðabirgðafyrirkomulagi sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2076/2005 þar til endurskoðunarferlinu er lokið.

6) Rétt er því að setja ákvæði um aðlögunartímabil til viðbótar þar sem tiltekið bráðabirgðafyrirkomulag, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2076/2005, skal gilda áfram. Í þágu samræmdrar nálgunar skal það aðlögunartímabil að jafnaði vera fjögur ár en það getur, í rökstuddum tilvikum, verið styttra.

7) Bein afhending framleiðanda á litlu magni kjöts af alifuglum og nörturum, sem er slátrað á býlinu, til neytenda eða smásölufyrirtækja á staðnum sem afhenda slíkt kjöt beint til neytenda sem nýtt kjöt er undanþegin gildissviði reglugerðar (EB) nr. 853/2004. Takmörkun þessara ákvæða við nýtt kjöt áður en endurskoðuninni er lokið mun þó íþyngja smáframleiðendum. Þar af leiðandi er í reglugerð (EB) nr. 2076/2005 kveðið á um undanþágu frá þeim almennu kröfum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004 varðandi beina afhendingu á slíkum vörum með vissum skilyrðum, án þess að takmarka hana við nýtt kjöt. Þessi möguleiki skal vera opinn meðan viðbótaraðlögunartímabilið, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, varir.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22

([2]) Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83.

([3]) Stjtíð. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 3.

([5]) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 83.

8) Í reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um tilteknar reglur varðandi innflutning inn í Bandalagið á afurðum úr dýraríkinu og matvælum sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu. Í reglugerð (EB) nr. 2076/2005 er kveðið á um bráðabirgðafyrirkomulag sem víkur frá sumum þessara reglna vegna tiltekins innflutnings þar sem lýðheilsuskilyrði fyrir innflutningi þeirra inn í Bandalagið hafa ekki verið samræmd á vettvangi Bandalagsins. Þessi skilyrði verða ekki að fullu samræmd fyrir 31. desember 2009. Þar til samræming á löggjöf Bandalagsins hefur átt sér stað er þar af leiðandi nauðsynlegt að kveða á um undanþágur á meðan á viðbótaraðlögunartímabilinu, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, stendur.

9) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um tilteknar kröfur varðandi hráefni sem notað er í hakkað kjöt og varðandi merkingar. Í reglugerð (EB) nr. 2076/2005 er þó kveðið á um bráðabirgðafyrirkomulag sem víkur frá tilteknum kröfum á aðlögunartímabili þar sem leggja skal mat á viðmiðanirnar um samsetningu hakkaðs kjöts, einkum að því er varðar fituinnihald og hlutföll bandvefjar og kjötprótíns. Á grundvelli matsins var þessum viðmiðunum bætt við tillögu framkvæmdastjórnarinnar um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um miðlun upplýsinga varðandi matvæli til neytenda ([6]). Framkvæmdastjórnin samþykkti tillöguna 30. janúar 2008 og sendi hana Evrópuþinginu og ráðinu. Þar til niðurstaða fæst vegna tillögunnar þykir rétt að viðhalda slíkum undanþágum frá tilteknum kröfum varðandi hakkað kjöt á meðan á viðbótaraðlögunartímabilinu, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, stendur.

10) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er þess krafist að rannsóknarstofur, sem annast greiningu sýna sem tekin eru við opinbert eftirlit, séu faggiltar. Í reglugerð (EB) nr. 2076/2005 er kveðið á um að bráðabirgðafyrirkomulag sem víkur frá þeirri kröfu að því er varðar tilteknar rannsóknarstofur sem þurftu, samkvæmt eldri löggjöf Bandalagsins, ekki að vera faggiltar. Reynslan hefur sýnt að rannsóknarstofur sem framkvæma opinberar prófanir vegna trikínu og staðsettar eru í sláturhúsum eða starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr þurfa viðbótartíma til að ná að fullu faggildingu, þar eð faggilding er flókið og erfitt ferli. Þar af leiðandi skal í þessari reglugerð mæla fyrir um bráðabirgðaráðstafanir fyrir þær rannsóknarstofur, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

([6]) COM(2008) 40, lokagerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Aðlögunartímabil

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um bráðabirgðaráðstafanir til framkvæmdar á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 á aðlögunartímabili frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2013 (aðlögunartímabilið).

II. KAFLI

BRÁÐABIRGÐARÁÐSTAFANIR TIL FRAMKVÆMDAR Á REGLUGERÐ (EB) Nr. 853/2004

2. gr.

Bein afhending á litlu magni kjöts af alifuglum og nörturum

Þrátt fyrir d-lið 3. mgr. 1. gr. og með fyrirvara um 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004 skulu ákvæðin, sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, ekki gilda um beina afhendingu framleiðanda á litlu magni kjöts af alifuglum og nörturum, sem er slátrað á býlinu, til neytenda eða smásölufyrirtækja á staðnum sem afhenda slíkt kjöt beint til neytenda.

3. gr.

Heilbrigðisskilyrði vegna innflutnings

1. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. í reglugerð (EB) nr. 853/2004 gilda ekki við innflutning á matvælum úr dýraríkinu hafi samræmd heilbrigðisskilyrði ekki verið ákveðin vegna innflutnings á þeim, þ.m.t. skrá yfir þriðju lönd og yfir starfsstöðvar sem innflutningur er leyfður frá.

Innflutningur á þeim afurðum skal uppfylla heilbrigðisskilyrði hlutaðeigandi aðildarríkis.

2. Þrátt fyrir 4. mgr. 6. gr. í reglugerð (EB) nr. 853/2004 skulu stjórnendur matvælafyrirtækja, sem flytja inn matvæli sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu, vera undanþegnir þeirri skyldu sem kveðið er á um í þeirri grein.

Innflutningur á slíkum afurðum skal vera í samræmi við samræmdar reglur Bandalagsins, eftir því sem við á, og landsbundnar reglur sem beitt var í aðildarríkjunum í öðrum tilvikum.

4. gr.

Viðmiðanir fyrir samsetningu hakkaðs kjöts og kröfur um merkingu á því

1. Þrátt fyrir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. lið II. kafla V. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, verður stjórnandi matvælafyrirtækisins að hafa eftirlit með þeim hráefnum sem eru notuð í starfsstöðinni til að tryggja samræmi við heiti vörunnar í töflunni hér á eftir að því er varðar fullunnu afurðina.

Tafla

Viðmiðanir fyrir samsetningu sem eftirlit er haft með á grundvelli dagsmeðaltals

	Fituinnihald	Hlutfall bandvefjar og kjötprótíns
magurt, hakkað kjöt	≤ 7%	≤ 12
hreint, hakkað nautakjöt	≤ 20%	≤ 15
hakkað kjöt sem inniheldur svínakjöt	≤ 30%	≤ 18
hakkað kjöt af öðrum dýrategundum	≤ 25%	≤ 15

2. Þrátt fyrir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í IV. kafla V. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, verða eftirfarandi orð einnig að koma fram í merkingunni:

– „hundraðshluti fitu minni en ...“,

– „hlutfall bandvefjar og kjötprótíns er minna en ...“.

3. Aðildarríkin geta heimilað að sett verði á innanlandsmarkaði þeirra hakkað kjöt sem uppfyllir ekki þessar viðmiðanir og það beri landsmerki sem ekki verður ruglað saman við merkin sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004.

III. KAFLI

BRÁÐABIRGÐARÁÐSTAFANIR TIL FRAMKVÆMDAR Á REGLUGERÐ (EB) Nr. 854/2004

5. gr.

Heilbrigðisskilyrði vegna innflutnings

Ákvæði III. kafla reglugerðar (EB) nr. 854/2004 gilda ekki við innflutning á matvælum úr dýraríkinu hafi samræmd heilbrigðisskilyrði ekki verið ákveðin vegna innflutnings á þeim, þ.m.t. skrár yfir þriðju lönd og hluta þriðju landa og starfsstöðvar sem innflutningur er leyfður frá.

Innflutningur á slíkum afurðum skal uppfylla heilbrigðisskilyrði hlutaðeigandi aðildarríkis vegna innflutnings.

IV. KAFLI

BRÁÐABIRGÐARÁÐSTAFANIR TIL FRAMKVÆMDAR Á REGLUGERÐ (EB) Nr. 882/2004

6. gr.

Faggilding opinberra rannsóknarstofa sem framkvæma prófanir vegna tríkínu

Þrátt fyrir 2. mgr. 12.gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 getur lögbært yfirvald tilnefnt rannsóknarstofu, sem framkvæmir opinberar prófanir vegna tríkínu og staðsett er í sláturhúsi eða starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr, að því tilskildu að rannsóknarstofan, sem hefur þó ekki faggildingu:

a) sýni fram á að hún hafi hafist handa við nauðsynlegt faggildingarferli í samræmi við reglugerð (EB) nr. 882/2004,

b) veiti lögbæra yfirvaldinu fullnægjandi ábyrgðir fyrir því að áætlanir um gæðastjórnun vegna greininganna, sem hún framkvæmir vegna opinbers eftirlits, liggi fyrir.

Aðildarríki, sem beita þessum bráðabirgðaráðstöfunum, skulu leggja fram skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um framvindu við faggildingu allra tilnefndra rannsóknarstofa í lok hvers árs.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

7. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2076/2005 er hér með felld úr gildi.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/97/EB **2011/EES/55/21**

frá 19. nóvember 2008

um breytingu á tilskipun ráðsins 96/22/EB um að banna í búfjárrækt notkun tiltekinna efna, sem hafa hormónavirkni eða skjaldheftandi virkni, og notkun betaörva (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum b–lið 4. mgr. 152. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 2. gr. tilskipunar 96/22/EB ([3]) er m.a. kveðið á um bann við að stilben, stilbenafleiður, sölt þeirra og estrar ásamt efnum með skjaldheftandi virkni, séu sett á markað í því skyni að gefa þau dýrum af öllum tegundum.

2) Ástæðan fyrir þessu skilyrðislausa banni var sú að hugsanleg misnotkun eða rangnotkun yrði erfiðari ef engin leyfileg vara væri á markaði fyrir neina dýrategund.

3) Hins vegar hefur fengin reynsla, einkum af landsbundnum áætlunum um efnaleifar sem lagðar voru fram samkvæmt tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum ([4]), sýnt að röng notkun á gæludýralyfjum gegnir ekki afgerandi hlutverki í rangnotkun eða misnotkun. Þetta stafar að hluta til af því að það er ekki arðvænlegt að nota gæludýralyf til að auka vöxt dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis

4) Enn fremur hefur bann við notkun á efnum með skjaldheftandi virkni skaðlegar afleiðingar fyrir velferð gæludýra (hunda og katta) vegna skorts á öðrum meðferðarúrræðum vegna ofvirkni í skjaldkirtli hjá þessum dýrum.

5) Í bókuninni um vernd og velferð dýra sem fylgir sáttmálanum er kveðið á um að Bandalagið og aðildarríkin skuli taka fullt tillit til krafna um velferð dýra við framkvæmd stefnu Bandalagsins, einkum með tilliti til innri markaðarins.

6) Því er rétt að takmarka gildissvið tilskipunar 96/22/EB þannig að hún taki einungis til dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og afturkalla bannið fyrir gæludýr, sem og að breyta skilgreiningunni á læknismeðferð.

7) Niðurstaða álits vísindanefndarinnar um heilbrigðisráðstafanir á sviði dýra og dýraafurða sem tengjast lýðheilsu frá 30. apríl 1999 um hugsanlega áhættu af hormónaleifum í nautgripakjöti og –kjötvörum fyrir heilbrigði manna (sem var endurskoðað 3. maí 2000 og staðfest 10. apríl 2002) var að til séu umtalsverðar nýlegar sannanir sem benda til þess að líta verði á estradíól 17ß sem sjálfstæðan krabbameinsvald þar eð það hefur bæði æxliskveikjandi og æxliseflandi áhrif og að ekki sé unnt, með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, að gefa tölulegt mat á áhættunni fyrir heilbrigði manna. Niðurstaðan var sú að tilskipun 96/22/EB var breytt með tilskipun 2003/74/EB, m.a. til að banna til frambúðar notkun á estradíóli 17ß sem vaxtarhvata og fækka í reynd öllum öðrum aðstæðum þar sem hægt er að gefa það húsdýrum í lækningaskyni eða í tengslum við dýrarækt þar til búið er að rannsaka nánar raunverulegar og vísindalegar aðstæður og dýralæknaþjónustu í aðildarríkjunum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 318, 28.11.2008, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB C 10, 15.1.2008, bls. 57.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 5. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 20. október 2008.

([3]) Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 3.

([4]) Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10.

8) Í 11. gr. a í tilskipun 96/22/EB var gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin legði fram skýrslu fyrir 14. október 2005 um framboð á lyfjum til lækningameðferðar fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis í stað þeirra sem innihalda estradíól 17ß. Framkvæmdastjórnin leitaði eftir ráðgjöf sérfræðinga og setti saman viðkomandi vísindaskýrslu sem var framsend til Evrópuþingsins og ráðsins 11. október 2005. Niðurstaða skýrslunnar var sú að estradíól 17ß sé ekki nauðsynlegt til framleiðslu á dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis því nú þegar er nokkuð algengt að starfandi dýralæknar noti aðra kosti (einkum prostaglandína) sem bjóðast í aðildarríkjunum og að algert bann við notkun á estradíóli 17ß fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis myndi ekki hafa nein eða einungis óveruleg áhrif á búskap og velferð dýra.

9) Með hlutlægri upplýsingagjöf og herferðum til vitundarvakningar má auka fylgni við viðkomandi löggjöf og útrýma óviðeigandi notkun á óleyfilegum efnum.

10) Tímabundin undanþága var veitt til notkunar á estradíóli 17ß, til að koma af stað gangmálum hjá nautgripum, hestum, sauðfé eða geitum, fram til 14. október 2006. Þar eð til eru staðgönguvörur sem gefa góða raun og eru þegar í notkun og til að tryggja öfluga heilsuvernd, sem er markmið Bandalagsins, skal ekki endurnýja þessa undanþágu.

11) Því ber að breyta tilskipun 96/22/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 96/22/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað b–liðar 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„b) „læknismeðferð“: að gefa húsdýri efni, sem hefur verið leyft skv. 4. gr. þessarar tilskipunar, til að meðhöndla frjósemisvandamál sem dýralæknir hefur greint við skoðun — þ.m.t. fanglos vegna slysafangs — og í tilviki betaörva til að valda hríðastöðvun í kúm við burð, að meðhöndla öndunarfærasjúkdóma, sjúkdóm í hófsinabeini (e. navicular disease) og hófsperru/klaufsperru og til að valda hríðastöðvun í hófdýrum“.

2. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Aðildarríkin skulu banna að efnin sem skráð eru í II. viðauka séu sett á markað í því skyni að gefa þau dýrum ef kjöt og afurðir þeirra eru ætluð til manneldis í öðrum tilgangi en þeim sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr.“.

3. Í stað i–liðar 2. liðar 4. gr. komi eftirfarandi:

„i) allýltrenbólon, sem gefið er um munn, eða betaörva sem gefnir eru dýrum af hestaætt, að því tilskildu að þau séu notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda,“.

4. Ákvæði 5. gr. a falli brott.

5. Tilvísanir í 5. gr. a. falli brott í 3., 6., 7., 8., 11. og 14. gr. a.

6. Í stað 1. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

“1. Þriðju lönd, þar sem landslöggjöf heimilar að stilben og stilbenafleiður, sölt þeirra og estrar eða efni með skjaldheftandi virkni séu sett á markað og gefin dýrum af öllum tegundum, sem gefa af sér kjöt og afurðir sem ætluð eru til manneldis, mega ekki vera í neinum þeim skrám yfir lönd sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins þaðan sem aðildarríki hafa leyfi til að flytja inn húsdýr eða lagareldisdýr eða kjöt eða afurðir af slíkum dýrum.“.

7. Í stað 11. gr. a komi eftirfarandi:

„11. gr. a

Að því er varðar efni sem eru tilgreind í III. viðauka skal framkvæmdastjórnin leita viðbótarupplýsinga og taka tillit til síðustu vísindagagna frá öllum mögulegum heimildum og taka þær ráðstafanir sem gerðar eru til reglubundinnar endurskoðunar með það í huga að geta lagt allar nauðsynlegar tillögur tímanlega fyrir Evrópuþingið og ráðið.“.

8. Eftirfarandi grein bætist við:

„11. gr. b

Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, hrinda af stað herferð til upplýsingamiðlunar og vitundarvakningar um algert bann við notkun á estradíóli 17β fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, sem beinist að bændum og samtökum dýralækna innan ESB sem og að viðeigandi samtökum utan ESB sem koma með beinum eða óbeinum hætti að útflutningi til ESB á matvælum úr dýraríkinu, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

9. Í stað II. viðauka komi viðaukinn við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2009. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta slíkra laga og stjórnsýslufyrirmæla og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 19. nóvember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	J.-P. JOUYET
forseti	*forseti*

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Skrá yfir bönnuð efni:

Skrá A: bönnuð efni

– efni með skjaldheftandi virkni,

– stilben, afleiður þess, sölt þeirra og esterar,

– estradíól 17ß og esterlíkar afleiður þess.

Skrá B: bönnuð efni sem njóta undanþágu

– betaörvar“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 346/2010 2011/EES/55/22

frá 15. apríl 2010

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1251/2008 að því er varðar setningu lagareldisdýra á markað og innflutningskröfur sem gilda um sendingar á þeim til aðildarríkja eða hluta þeirra með innlendum ráðstöfunum samþykktum með ákvörðun 2010/221/ESB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ([1]), einkum 25. gr. og 3.mgr. 61. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB um samþykki á innlendum ráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB([2]) heimilar tilteknum aðildarríkjum, með því markmiði að koma í veg fyrir aðflutning eða berjast gegn vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrepi og sýkingu af völdum roðflyðrusníkils (roðflyðrusýki), að krefjast þess að sendingar tiltekinna lagareldisdýra, sem komið er með inn á yfirráðasvæði þeirra eða hluta þeirra, uppfylli vissar kröfur. Sú ákvörðun kemur í stað ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/67/EBE að því er varðar ráðstafanir gegn tilteknum sjúkdómum í eldisdýrum ([3]).

2) Til að koma í veg fyrir að slíkir sjúkdómar berist að eða til að verjast því að þeir breiðist út skulu sendingar lagareldisdýra, sem ætluð eru til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr eða til endurnýjunar stofna, sem koma inn í aðildarríki eða hluta aðildarríkja sem eru tilgreind í I. og II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB, af tegundum sem eru næmar fyrir þeim sjúkdómum sem aðildarríkið eða hluti aðildarríkis telst vera laus við eða sem útrýmingaráætlun gildir um, eiga uppruna á svæði þar sem heilbrigðisástandið er sambærilegt.

3) Til að tryggja að þessar kröfur séu uppfylltar skal dýraheilbrigðisvottorð, sem veitir nauðsynlega staðfestingu, fylgja slíkum sendingum.

4) Í ákvörðun 2004/453/EB er mælt fyrir um sérstök dýraheilbrigðisvottorð vegna flutninga lagareldisdýra innan Evrópusambandsins (setning á markað). Til að einfalda löggjöf Sambandsins þurfa nú nauðsynleg dýraheilbrigðisskilyrði hvað varðar sjúkdóma, sem falla undir samþykktar innlendar ráðstafanir, að koma fram í dýraheilbrigðisvottorðinu sem notað er við setningu á markað, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1215/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja ([4]). Því ber að breyta II. viðauka þeirrar reglugerðar til samræmis við það.

5) Viðkomandi fyrirmynd dýraheilbrigðisvottorðs vegna innflutnings lagareldisdýra inn í Sambandið, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008, inniheldur vottorð sem varða þessa sjúkdóma. Þessum vottorðum þarf þó að breyta með tilliti til þeirra meginreglna um innflutning lagareldisdýra sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/88/EB og alþjóðaheilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar fyrir lagardýr. Því ber að breyta IV. viðauka þeirrar reglugerðar til samræmis við það.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 104, 24.4.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

([1]) Stjtíð. L 328, 24.11.2006, bls. 14.

([2]) Stjtíð. L 98, 20.4.2010, bls. 7.

([3]) Stjtíð. L 202, 7.6.2004, bls. 4

([4]) Stjtíð. L 337, 16.12.2008, bls. 41.

6) Setning lagareldisdýra á markað og innflutningskröfur sem gilda um sendingar þeirra til aðildarríkja eða hluta þeirra, með innlendum ráðstöfunum samþykktum með ákvörðun 2010/221/ESB, skulu aðeins gilda að því er varðar smitnæmar tegundir fyrir viðkomandi sjúkdómum. Af þessum sökum skal setja fram skrá yfir þær tegundir, sem smitnæmar eru fyrir þeim sjúkdómum, í II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1251/2008.

7) Þar sem allar fisktegundir, sem eru á vatnasvæði þar sem fyrir eru fisktegundir með sýkingu af völdum roðflyðrusníkils, geta valdið frekari útbreiðslu sjúkdómsins, skal setning á markað og innflutningskröfur varðandi roðflyðrusýki einnig gilda um sendingar á öllum fisktegundum sem fluttar eru inn í aðildarríki eða hluta þeirra, sem tilgreindir eru í ákvörðun 2010/221(ESB) sem lausir við sjúkdóminn.

8) Ákvæði 18.gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008 skal fella brott þar sem fyrirmyndin að dýraheilbrigðisvottorðunum, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1251/2008 og breytt með þessari reglugerð, nær yfir allar innlendar ráðstafanir samþykktar í samræmi við 43. gr. í reglugerð 2006/88/EB og ákvörðun 2004/453/EB var felld úr gildi með ákvörðun 2010/221/ESB.

9) Rétt er að kveða á um bráðabirgðaráðstafanir til að heimila aðildarríkjunum og iðnaðinum að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

10) Til að tryggja rétta útgáfu dýraheilbrigðisvottorða skal veita nánari útlistun í skýringum í þeim tilvikum sem tilteknar yfirlýsingar í fyrirmyndum dýraheilbrigðisvottorðanna, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 1251/2008, eiga ekki við og þau innihalda fleiri en eina pappírsörk. Því ber að breyta V. viðauka þeirrar reglugerðar til samræmis við það.

11) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1251/2008 til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1251/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í stað b-liðar 1. gr. komi eftirfarandi:

„b) skilyrði á sviði heilbrigðis dýra til að setja á markað:

i. Skrautlagardýr sem koma annað hvort frá eða ætluð eru í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr, og

ii. lagareldisdýr sem ætluð eru til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagadýr og til endurnýjunar stofna í aðildarríkjum og hlutum þeirra með innlendum ráðstöfunum samþykktum með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB (*)“

(*) Stjtíð. L 98, 20.4.2010, bls. 7.

2. Eftirfarandi 8. gr. a bætist við:

„Grein 8a

Lagareldisdýr sem ætluð eru til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagadýr og til endurnýjunar stofna í aðildarríkjum og hlutum þeirra með innlendum ráðstöfunum samþykktum með ákvörðun 2010/221/ESB

1. Sendingum lagareldisdýra, sem ætluð eru til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr eða til endurnýjunar stofna, skal fylgja dýraheilbrigðisvottorð sem fyllt er út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í A-hluta II. viðauka og skýringarnar sem settar eru fram í V. viðauka ef dýrin:

a) eru flutt inn í aðildarríki eða hluta þeirra, sem taldir eru upp í öðrum og fjórða dálki töflunnar sem sett er fram í:

i) ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 2010/221/EB, sem lausir eru við einn eða fleiri sjúkdóma sem tilgreindir eru í fyrsta dálki töflunnar eða

ii. ákvæðum II. viðauka við ákvörðun 2010/221/EB, sem falla undir útrýmingaráætlun eins eða fleiri sjúkdóma sem tilgreindir eru í fyrsta dálki töflunnar

b) eru af tegund, sem tilgreind er í C-hluta II. viðauka, sem er smitnæm fyrir sjúkdómunum sem hlutaðeigandi aðildarríki eða hluti þess er talinn vera laus við eða sem fellur undir útrýmingaráætlun eins og um getur í a-lið í samræmi við ákvörðun 2010/221/ESB.

2. Sendingar dýra sem um getur í 1. mgr. skulu vera í samræmi við þær dýraheilbrigðiskröfur sem settar eru fram í fyrirmyndinni að dýraheilbrigðisvottorðinu og skýringunum eins og um getur í 1. mgr.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda um sendingar allra fisktegunda sem koma af vatnasvæði þar sem fyrir eru fisktegundir sem tilgreindar eru í C-hluta II. viðauka sem smitnæmar fyrir sýkingu af völdum roðflyðrusníkils, þar sem sendingarnar eru ætlaðar aðildarríki eða hluta þess sem tilgreindur er í I. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB sem laus við roðflyðrusníkil.

3. 18. gr. falli brott.

4. Ákvæðum II., IV. og V viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Á aðlögunartímabili sem stendur til 31. júlí 2010 er heimilt að flytja sendingar lagareldisdýra inn í Sambandið eða flytja þær í gegnum Sambandið sem hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð sem gefið er út í samræmi við A-hluta eða B-hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 áður en breytingar núverandi reglugerðar eru teknar upp.

2. Á aðlögunartímabili, sem stendur til 31. júlí 2011, er heimilt að halda áfram að flytja sendingar lagareldisdýra, sem hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð sem gefið er út í samræmi við A-hluta eða B-hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008, inn í Sambandið eða flytja þær í gegnum Sambandið þangað til breytingarnar, sem innleiddar eru með þessari reglugerð, taka gildi að því tilskildu að dýraheilbrigðsvottun að því er varðar vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrep og sýkingu af völdum roðflyðrusníkils, sem sett er fram í II. hluta þessara vottorða, eigi ekki við.

3. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 15. maí 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. apríl 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum II., IV og V. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað A-hluta komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði til notkunar við setningu lagareldisdýra á markað til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna

EVRÓPUSAMBANDIÐ **Vottorð vegna viðskipta innan Bandalagsins**

I. hluti: Upplýsingar um sendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer		I.6.	
		I.7.	
I.8. Upprunaland	ISO-kóði	I.9.	
I.10. Viðtökuland	ISO-kóði	I.11.	
I.12. Upprunastaður/veiðistaður Samþykkt lagareldisstöð ☐ Annað ☐ Heiti Heimilisfang Póstnúmer	Samþykkisnúmer		
I.13. Ákvörðunarstaður Samþykkt lagareldisstöð ☐ Annað ☐ Heiti Heimilisfang Póstnúmer	Samþykkisnúmer		
I.14. Fermingarstaður Póstnúmer		I.15. Brottfarardagur og tími	
I.16. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning:		I.17. Flutningsaðili Nafn Samþykkisnúmer Heimilisfang Póstnúmer Aðildarríki	
I.18. Dýrategund/afurð		I.19. Vörunúmer (SAT-númer)	
		I.20. Fjöldi/magn	
I.21.		I.22. Fjöldi pakkninga	
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer		I.24. Tegund umbúða	
I.25. Dýr sem eru vottuð/afurðir sem eru vottaðar: Til undaneldis☐ Til endurnýjunar veiðidýrastofns ☐ Til umlagningar☐ Gæludýr☐ Í sóttkví☐ Annað☐			
I.26. Umflutningur gegnum þriðja land ☐ Þriðja land ISO-kóði Brottfararstaður Kóði Komustaður Nr. skoðunarstöðvar:		I.27. Umflutningur um aðildarríki ☐ Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði	
I.28. Útflutningur ☐ Þriðja land ISO-kóði Brottfararstaður Kóði		I.29.	
I.30.			
I.31. Auðkenning dýra Tegund (vísindaheiti) Magn			

EVRÓPUSAMBANDIÐ **Setning lagareldisdýra á markað til eldis, á umlagningarsvæði, ísleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunarstofna**

II. Heilbrigðisvottun	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b Tilvísunarnúmer staðar

II. hluti: Vottorð

II.1 Almennar kröfur

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur í I. hluta þessa vottorðs:

II.1.1 *annaðhvort* (1)[hafa verið skoðuð innan (1)(2)[72] (2)[24] klukkustunda frá fermingu og sýna engin klínísk sjúkdómseinkenni]

eða (1) [ef um er að ræða hrogn og lindýr: eru frá eldisstöð eða lindýraeldissvæði þar sem ekkert bendir til að sjúkdómar séu vandamál samkvæmt skrám eldisstöðvarinnar eða lindýraeldissvæðisins,]

eða (1)(3)[ef um er að ræða villt lagardýr: eru klíníska heilbrigð samkvæmt minni bestu vitneskju],

II.1.2 eru ekki í banni vegna aukinnar dánartíðni sem ekki hefur fundist skýring á,

II.1.3 eru hvorki ætluð til eyðingar né slátrunar vegna upprætingar á sjúkdómum,

II.1.4 uppfylla kröfur um setningu á markað sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/88/EB,

II.1.5 (1)[ef um lindýr er að ræða: sættu einstaklingsbundinni, sjónrænni skoðun á öllum hlutum sendingarinnar og ekki fundust aðrar lindýrategundir en þær sem voru tilgreindar í I. hluta þessa vottorðs.]

II.2 (1)(4)(5)**[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, iðradrepi, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, martelíuveiki, ostruveiki (Bonamia ostreae) og/eða hvítblettaveiki**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan:

annaðhvort (1)(6)[eiga uppruna sinn í aðildarríki, svæði eða hólfi sem lýst hefur verið laust við (1)[veirublæði] (1)[iðradrep] (1)[blóðþorra] (1)[skjónakarpaherpesveiki] (1)[martelíuveiki] (1)[ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] (1)[hvítblettaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB]

eða (1)(5)(6)[ef um er að ræða villt lagardýr: hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB]].

II.3 (1)(7)**[Kröfur vegna tegunda sem eru smitferjur fyrir veirublæði, iðradrepi, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, martelíuveiki, ostruveiki (Bonamia ostreae) og/eða hvítblettaveiki**

Ég, undirritaður opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan sem líta skal á sem hugsanlegar smitferjur fyrir (1)[veirublæði] (1)[iðradrep] (1)[blóðþorra] (1)[skjónakarpaherpesveiki] (1)[martelíuveiki] (1)[ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] (1)[hvítblettaveiki] þar eð þær eru á meðal tegunda sem taldar eru upp í 2. dálki og uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 3. dálki töflunnar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008:

annaðhvort (1)(6)[eiga uppruna sinn í aðildarríki, svæði eða hólfi sem lýst hefur verið laust við (1)[veirublæði] (1)[iðradrep] (1)[blóðþorra] (1)[skjónakarpaherpesveiki] (1)[martelíuveiki] (1)[ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] (1)[hvítblettaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB]

eða (1)(6)(7)[hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB]].

II.4 Kröfur um flutning og merkingu

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að:

II.4.1 lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan,

i. eru geymd við aðstæður, m.a. með tilliti til vatnsgæða, sem breyta ekki heilbrigðisástandi þeirra,

ii. eins og við á, standast almenn skilyrði fyrir flutningi dýra sem mælt er fyrir um í 3.gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005,

EVRÓPUSAMBANDIÐ **Setning lagareldisdýra á markað til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna**

II. Heilbrigðisvottun	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b Tilvísunarnúmer staðar

II.4.2 flutningagámurinn eða brunnbáturinn (e. *well boat*) er hreinn og sótthreinsaður eða áður ónotaður fyrir fermingu, og

II.4.3 sendingin er auðkennd með læsilegum merkimiða utan á gáminum, eða, ef sendingin er flutt með brunnbát, í farmskrá skipsins, með viðeigandi upplýsingum sem um getur í reitum I.8 til I.13 í I. hluta þessa vottorðs, og með eftirfarandi yfirlýsingu:

annaðhvort (1)[„(1)[Villt(ir)] (1)[fiskar] (1)[lindýr] (1)[krabbadýr] sem eru ætluð til eldis í Evrópusambandinu"],

eða (1)[„(1)[Villt] (1)[lindýr] sem eru ætluð til umlagningar í Evrópusambandinu"],

eða (1)[„(1)[Villt(ir)] (1)[fiskar] (1)[lindýr] (1)[krabbadýr] sem eru ætluð til notkunar í sleppivötnum í Evrópusambandinu"],

eða (1)[„(1)[Villt(ir)] (1)[skrautfiskar] (1)[skrautlindýr] (1)[skrautkrabbadýr] sem eru ætluð í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr í Evrópusambandinu"],

eða (1)[„(1)[Fiskar] (1)[lindýr] (1)[krabbadýr] sem eru ætluð til endurnýjunar stofna í Evrópusambandinu"],

eða (1)[„(1)[Villt(ir)] (1)[fiskar] (1)[lindýr] (1)[krabbadýr] sem eru ætluð í sóttkví í Evrópusambandinu"],

II.5 (1)(8)**[Vottun fyrir sendingar sem koma frá svæði sem fellur undir sjúkdómsvarnarráðstafanir eins og kveðið er á um í 3. til 6. þætti V. kafla tilskipunar 2006/88/EB**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að:

II.5.1 dýrin sem um getur hér að ofan eru upprunnin á svæði sem fellur undir sjúkdómsvarnarráðstafanir er varða (1)[húðsveppadrep] (1)[blóðmyndandi drep] (1)[veirublæði] (1)[iðradrep] (1)[blóðþorra] (1)[skjónakarpaherpes] (1)[ostruveiki (Bonamia exitiosa)] (1)[perkinsuveiki] (1)[ostruveiki (Bonamia ostreae)] (1)[rauðhala] (1)[gulhöfðaveiki] (1)[hvítblettaveiki] (1)(9) [eftirfarandi nýtilkominn sjúkdóm …],

II.5.2 setja má dýrin sem um getur hér að ofan á markað samkvæmt varnarráðstöfununum sem mælt er fyrir um, og

II.5.3 sendingin er auðkennd með læsilegum merkimiða utan á gáminum, eða, ef sendingin er flutt með brunnbát, í farmskrá skipsins, með viðeigandi upplýsingum sem um getur í reitum I.8 til I.13 í I. hluta þessa vottorðs, og með eftirfarandi yfirlýsingu:

„(1)[Villt(ir)] (1)[fiskar] (1)[lindýr] (1)[krabbadýr] upprunnin á svæði sem fellur undir sjúkdómsvarnarráðstafanir".]

II.6 **(1)(10)[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrepi og sýkingu af völdum roðflyðrusníkils (roðflyðrusýki)**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan,

annaðhvort (1)[eiga uppruna sinn í aðildarríki eða hluta aðildarríkis:

a) tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um (1)[vorveiru í vatnakarpa] (1)[nýrnaveiki] (1)[brisdrep] (1)[roðflyðrusýki] og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms,

b) öll lagareldisdýr, sem smitnæm eru fyrir viðkomandi sjúkdómum og flutt eru inn í aðildarríki eða hluta þess, fari að þeim kröfum sem settar eru fram í lið II.6 í þessu vottorði,

c) tegundir sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, og

EVRÓPUSAMBANDIÐ **Setning lagareldisdýra á markað til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna**

II. Heilbrigðisvottun	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b Tilvísunarnúmer staðar

d) *annaðhvort* þar sem, (1)[ef um er að ræða (1)[brisdrep](1)[nýrnaveiki], farið er að kröfum um sjúkdómaleysi sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB.]

og/eða þar sem, ([1])[ef um er að ræða ([1])[vorveiru í vatnakarpa] ([1])[roðflyðrusýki], farið er að kröfum um sjúkdómaleysi sem mælt er fyrir um í viðeigandi stöðlum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar.]

og/eða sem, ([1])[ef um er að ræða ([1])[vorveiru í vatnakarpa] ([1])[brisdrep] ([1])[nýrnaveiki], nær yfir staka eldisstöð sem hefur undir eftirliti lögbærs yfirvalds:

i. hefur verið tæmd, hreinsuð og sótthreinsuð og sett í hvíld í a.m.k. 6 vikur,

ii. þar sem endurnýjun stofna hefur farið fram með dýrum frá svæðum sem lögbært yfirvald hefur vottað að séu laus við viðkomandi sjúkdóm.]]

og/eða ([1])[ef um er að ræða villt lagardýr, sem eru næm fyrir ([1])[vorveiru í vatnakarpa] ([1])[brisdrepi] ([1])[nýrnaveiki], sem hafa verið sett í sóttkví við aðstæður sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er um fyrir í ákvörðun 2008/946/EB]

og/eða ([1])[ef um er að ræða sendingar sem kröfur varðandi roðflyðrusýki gilda um sem hafa, rétt fyrir setningu á markað, verið 14 daga samfleytt í vatni þar sem seltan er a.m.k. 25 prómill og engin önnur lifandi lagardýr af tegundum, sem eru næmar fyrir roðflyðrusýki, hafa verið flutt þangað á tímabilinu.]

og/eða ([1])[ef um er að ræða augnhrogn, sem kröfur varðandi roðflyðrusýki gilda um, og sem hafa verið sótthreinsuð með aðferð sem sýnt hefur verið fram á að sé árangursrík gegn roðflyðrusýki.]]

Athugasemdir:

I. hluti:

– Reitur I.12: Ef við á skal nota leyfisnúmer viðkomandi eldisstöðvar eða lindýraeldissvæðis. Merkið við „annað“ ef um villt lagardýr er að ræða.

– Reitur I.13: Ef við á skal nota leyfisnúmer viðkomandi eldisstöðvar eða lindýraeldissvæðis. Merkið við „annað“ ef þau eru ætluð til endurnýjunar stofna.

– Reitur I.19: Nota skal viðeigandi ST-kóða: 0301, 0306, 0307, 030110 eða 030270.

– Reitur I.20 og I.31: Magnið er gefið upp sem heildarfjöldi.

– Reitur I.25: Merkið við „Til undaneldis“ ef dýrin eru ætluð til eldis, „Til umlagningar“ ef þau eru ætluð til umlagningar, „Sem gæludýr“ ef þau eru ætluð í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr, „Til endurnýjunar veiðidýrastofns“ ef þau eru ætluð til endurnýjunar stofna, „Í sóttkví“ ef lagareldisdýrin eiga að fara í sóttkví, og „Annað“ ef þau eiga að fara í sleppivötn.

II. hluti:

1) Strikið út það sem á ekki við.

2) Val á 24 klukkustundum á einungis við um sendingar lagareldisdýra sem vottorð verður að fylgja skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008 og sem lögbært yfirvald leyfir, í samræmi við kröfur í tilskipun 2006/88/EB um setningu á markað, að séu flutt út af svæði sem fellur undir eftirlitsákvæði sem kveðið er á um 3. til 6. þætti V. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða frá aðildarríki, svæði eða hólfi með áætlun um útrýmingu sem samþykkt hefur verið í samræmi við 2. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar. Í öllum öðrum tilvikum á 72 klukkustunda kosturinn við.

3) Á einungis við um sendingar lagareldisdýra sem veidd voru úti í náttúrunni og undir eins flutt á eldisstöð eða lindýraeldissvæði án þess að vera sett í tímabundna geymslu.

4) Liður II.2 í þessu vottorði á við um tegundir sem eru smitnæmar fyrir einum eða fleiri af sjúkdómunum sem um getur í yfirskriftinni. Smitnæmar tegundir eru taldar upp í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

EVRÓPUSAMBANDIÐ

Setning lagareldisdýra á markað til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna

II. Heilbrigðisvottun	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b Tilvísunarnúmer staðar

5) Setja má sendingar villtra lagardýra á markað þrátt fyrir kröfurnar sem settar eru fram í lið II.2 í þessu vottorði ef þær eiga að fara í sóttkví sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.

6) Til að leyfi fáist fyrir flutningi inn í aðildarríki, svæði eða hólf sem lýst hefur verið laust við veirublæði, iðradrep, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, martelíuveiki, ostruveiki (*Bonamia ostreae*) eða hvítblettaveiki, eða er með eftirlitsáætlun eða áætlun um útrýmingu sem komið var á fót í samræmi við 1. eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, verður að vera hægt að framvísa einni af þessum yfirlýsingum ef sendingin inniheldur tegundir sem eru smitnæmar eða smitferjur fyrir sjúkdóm(a) sem sjúkdómaleysið eða áætlunin gildir um. Gögn um sjúkdómastöðu hverrar eldisstöðvar og lindýraeldissvæðis í Sambandinu eru aðgengileg á vefslóðinni http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/aquaculture/index_en.htm

7) Liður II.3 í þessu vottorði á við um tegundir sem eru smitferjur fyrir einn eða fleiri af sjúkdómunum sem um getur í yfirskriftinni. Hugsanlegar smitferjur eru taldar upp í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008, ásamt því við hvaða skilyrði skuli líta svo á að sendingar slíkra tegunda séu smitferjur. Setja má sendingar hugsanlegra tegunda smitferja á markað þrátt fyrir kröfurnar í lið II.3 ef skilyrðin sem sett eru fram í 4. dálki töflunnar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 eru ekki uppfyllt eða ef þær eiga að fara í sóttkví sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.

8) Liður II.5 í þessu vottorði á við um sendingar lagareldisdýra sem vottorð verður að fylgja skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008 og sem lögbært yfirvald leyfir, í samræmi við kröfur í tilskipun 2006/88/EB um setningu á markað, að séu flutt út af svæði sem fellur undir eftirlitsákvæði sem kveðið er á um 3. til 6. þætti V. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða frá aðildarríki, svæði eða hólfi með áætlun um útrýmingu sem samþykkt hefur verið í samræmi við 2. mgr. 44. gr. þeirra tilskipunar.

9) Á við þegar ráðstafanir eru gerðar í samræmi við 41. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

10) Liður II.6 í þessu vottorði gildir eingöngu um sendingar sem ætlaðar eru fyrir aðildarríki eða hluta þess sem lýst hefur verið laus við sjúkdóma, eða þar sem samþykkt hefur verið áætlun í samræmi við ákvörðun 2010/221/ESB varðandi vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrep eða roðflyðrusýki og sendingin samanstendur af tegundum sem skráðar eru í C-hluta II. viðauka sem smitnæmar fyrir sjúkdómi eða sjúkdómum, sem sjúkdómslausa staðan eða áætlanir gilda um.

Liður II.6 skal einnig gilda um sendingar allra fisktegunda sem koma af vatnasvæði þar sem fyrir eru tegundir sem tilgreindar eru í C-hluta II. viðauka sem smitnæmar fyrir sýkingu af völdum roðflyðrusníkils, þar sem sendingarnar er ætlaðar aðildarríki eða hluta þess sem tilgreindur er í I. viðauka við ákvörðun 2010/221/EB sem laus við roðflyðrusníkil.

Setja má sendingar villtra lagardýra, þar sem kröfur vegna vorveiru í vatnakarpa, brisdrepi og/eða nýrnaveiki eiga við, á markað þrátt fyrir kröfurnar sem settar eru fram í lið II.2 í þessu vottorði ef þær eiga að fara í sóttkví sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.

Opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Staðbundin dýralæknaeining: Númer staðbundnu dýralæknaeiningar:

Dagsetning: Undirskrift:“

Stimpill:

b) eftirfarandi c-liður bætist við:

„C-HLUTI

Skrá yfir smitnæmar tegundir fyrir sjúkdómum sem innlendar ráðstafanir eru viðurkenndar fyrir samkvæmt ákvörðun 2010/221/ESB

Sjúkdómur	Smitnæmar tegundir
Vorveira í vatnakarpa (SVC)	Eðalkarpi (*Aristichthys nobilis*), gullfiskur (*Carassius auratus*), grænkarpi (*Carassius carassius*), graskarpi (*Ctenopharyngodon idellus*), vatnakarpi og skjónakarpi (*Cyprinus carpio*), silfurkarpi (*Hypophthalmichthys molitrix*), fengrani (*Silurus glanis*), grunnungur (*Tinca tinca*) og gullgægir (*Leuciscus idus)*
Nýrnaveiki (BKD)	Ætt: Laxfiskar (*Salmonidae*)
Brisdrep (IPN)	Regnbogasilungur (*Oncorhynchus mykiss*), lindableikja (*Salvelinus fontinalis*), urriði (*Salmo trutta*), lax (*Salmo salar*), og kyrrahafslax (*Oncorhynchus spp.*) og tjarnasíld (*Coregonus lavaretus*)
Sýking roðflyðrusýkils (*Gyrodactylus salaris*)	Lax (*Salmo salar*), regnbogasilungur (*Oncorhynchus mykiss*), bleikja (*Salvelinus alpinus*), lindableikja (*Salvelinus fontinalis*), harri (*Thymallus thymallus*), blettasilungur (*Salvelinus namaycush*) og urriði (*Salmo trutta*).“

2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað A-hluta komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði til notkunar við flutning lagareldisdýra inn í Evrópusambandið til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr

LAND **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Símanúmer		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Símanúmer		I.6.	
I.7. Upprunaland ISO-kóði	upprunasvæði, Kóði	I.9. Viðtökuland ISO-kóði	I.10. Kóði Viðtökusvæði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang	Samþykkisnúmer	I.12.	
Heiti Heimilisfang	Samþykkisnúmer		
Heiti Heimilisfang	Samþykkisnúmer		
I.13. Fermingarstaður Viðurkenningarnúmer nema		I.14. Brottfarardagur og tími	
I.15. Flutningatæki Flugvél □ Skip □ Járnbrautarvagn □ Ökutæki □ Annað □ Auðkenning: Tilvísun í skjöl:		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB	
		I.17. CITES-Nr.	
I.18. Lýsing á vöru		I.19. Vörunúmer (ST-kóði)	
		I.20. Magn	
I.21.		I.22. Fjöldi pakkninga	
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer		I.24.	
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til undaneldis □ Í sóttkví □ Til umlagningar □ Annað □ Sem gæludýr□ Sem sirkus-/sýningardýr □			
I.26.		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB	▭
I.28. Auðkenning vörunnar Tegund (vísindaheiti)		Magn	

LAND **Lagareldisdýr til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr**

II. hluti: Vottorð

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

II.1 Almennar kröfur

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur í I. hluta þessa vottorðs:

II.1.1 hafa verið skoðuð innan 72 klukkustunda frá fermingu og sýndu engin klínísk sjúkdómseinkenni,

II.1.2 eru ekki í banni vegna aukinnar dánartíðni sem ekki hefur fundist skýring á,

II.1.3 eru hvorki ætluð til eyðingar né slátrunar vegna upprætingar á sjúkdómum, og

II.1.4 koma frá lagareldisstöðvum sem eru allar undir eftirliti lögbærs yfirvalds

II.1.5 ([1])[ef um lindýr er að ræða: sættu einstaklingsbundinni, sjónrænni skoðun á öllum hlutum sendingarinnar og ekki fundust aðrar lindýrategundir en þær sem voru tilgreindar í I. hluta þessa vottorðs.]

II.2 ([1])([2])([3])**[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir húðsveppadrepi, blóðmyndandi drepi, ostruveiki (*Bonamia exitiosa*), perkinsusveiki, dvergkornadreyra, rauðhala og/eða gulhöfðaveiki**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan:

annaðhvort ([1])([5])[eiga uppruna sinn í aðildarríki/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í upprunalandinu hefur lýst yfir að sé laust við ([1])[húðsveppadrep] ([1])[blóðmyndandi drep] ([1])[ostruveiki (*Bonamia exitiosa*)] ([1])[perkinsusveiki] ([1])[dvergkornadreyra] ([1])[rauðhala] ([1])[gulhöfðaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar ráðsins 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar, og

i. ber að tilkynna lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóm eða sjúkdóma og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

ii. allur aðflutningur tegunda sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum kemur frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn eða sjúkdómana og

iii. tegundir sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum],

eða ([1])([3])([5])[ef um er að ræða villt lagardýr: hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB]].

II.3 ([1])([4])**[Kröfur vegna tegunda sem eru smitberar fyrir húðsveppadrep, blóðmyndandi drep, ostruveiki (*Bonamia exitiosa*), perkinsusveiki, dvergkornadreyra, rauðhala og/eða gulhöfðaveiki**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan sem líta skal á sem hugsanlegar smitferjur fyrir [([1])[húðsveppadrep] ([1])[blóðmyndandi drep] ([1])[ostruveiki (*Bonamia exitiosa*)] ([1])[perkinsusveiki] ([1])[dvergkornadreyra] ([1])[rauðhala] ([1])[gulhöfðaveiki] þar eð þær eru á meðal tegunda sem eru taldar upp í 2. dálki og uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 3. dálki töflunnar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008:

annaðhvort ([1])([5])[eiga uppruna sinn í aðildarríki/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í upprunalandinu hefur lýst yfir að sé laust við ([1])[húðsveppadrep] ([1])[blóðmyndandi drep] ([1])[ostruveiki (*Bonamia exitiosa*)] ([1])[perkinsusveiki] ([1])[dvergkornadreyra] ([1])[rauðhala] ([1])[gulhöfðaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar ráðsins 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar og

i. þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóm(a) og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

ii. allur aðflutningur tegunda, sem eru næmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, er frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn eða sjúkdómana og

iii. tegundir, sem eru næmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum],

eða ([1])([5])[hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB.]]

LAND **Lagareldisdýr til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr**

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

II.4. (1)(2)(3)**[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, iðradrepi, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, martelíuveiki, ostruveiki (Bonamia ostreae) og/eða hvítblettaveiki**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan:

annaðhvort (1)(6)[eiga uppruna sinn í aðildarríki/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í upprunalandinu hefur lýst yfir að sé laust við (1)[veirublæði] (1)[iðradrep] (1)[blóðþorra] (1)[skjónakarpaherpesveiki] (1)[martelíuveiki] (1)[ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] (1)[hvítblettaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar og

i. ber að tilkynna lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóm eða sjúkdóma og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

ii. allur aðflutningur tegunda sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum kemur frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn eða sjúkdómana og

iii. tegundir sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum]

eða (1)(3)(6)[ef um er að ræða villt lagardýr: hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB]].

II.5 (1)(4)**[Kröfur vegna tegunda sem eru smitferjur fyrir veirublæði, iðradrepi, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, martelíuveiki, ostruveiki (Bonamia ostreae) og/eða hvítblettaveiki**

Ég, undirritaður opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan sem líta skal á sem hugsanlegar smitferjur fyrir (1)[veirublæði] (1)[iðradrep] (1)[blóðþorra] (1)[skjónakarpaherpesveiki] (1)[martelíuveiki] (1)[ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] (1)[hvítblettaveiki] þar eð þær eru á meðal tegunda sem taldar eru upp í 2. dálki og uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 3. dálki töflunnar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008:

annaðhvort (1)(6)[eiga uppruna sinn í aðildarríki/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í upprunalandinu hefur lýst yfir að sé laust við (1)[veirublæði] (1)[iðradrep] (1)[blóðþorra] (1)[skjónakarpaherpesveiki] (1)[martelíuveiki] (1)[ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] (1)[hvítblettaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar og

i. ber að tilkynna lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóm eða sjúkdóma og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

ii. allur aðflutningur tegunda sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum kemur frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn eða sjúkdómana og

iii. tegundir sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum]

eða (1)(6)[hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB.]]

II.6 **Kröfur um flutning og merkingu**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að:

II.6.1 lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan eru geymd við aðstæður, þ.á m. í tengslum við vatnsgæði, sem breyta ekki heilbrigðisástandi þeirra,

II.6.2 flutningagámurinn eða brunnbáturinn (e. *well boat*) er hreinn og sótthreinsaður eða áður ónotaður fyrir fermingu, og

II.6.3 sendingin er auðkennd með læsilegum merkimiða utan á gáminum, eða, ef sendingin er flutt með brunnbát, í farmskrá skipsins, með viðeigandi upplýsingum sem um getur í reitum I.7 til I.13 í I. hluta þessa vottorðs, og með eftirfarandi yfirlýsingu:

annaðhvort (1)["(1)[Villt(ir)] (1)[fiskar] (1)[lindýr] (1)[krabbadýr] sem eru ætluð til eldis í Evrópusambandinu"]

LAND **Lagareldisdýr til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr**

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

eða ([1])[„([1])[Villt] ([1])[lindýr] sem eru ætluð til umlagningar í Evrópusambandinu"],

eða ([1])[„([1])[Villt(ir)] ([1])[fiskar] ([1])[lindýr] ([1])[krabbadýr] sem eru ætluð til notkunar í sleppivötnum í Evrópusambandinu"]

eða ([1])[„Skraut-([1])[fiskar] ([1])[lindýr] ([1])[krabbadýr] sem eru ætluð í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr í Evrópusambandinu"]

eða ([1])[„([3])[([1])Villt(ir)] ([1])[fiskar] ([1])[lindýr] ([1])[krabbadýr] sem eru ætluð í sóttkví í Evrópusambandinu"].

II.7 ([1])([7]) **[Kröfur vegna tegunda sem smitnæmar eru fyrir vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrepi og sýkingu af völdum roðflyðrusníkils (roðflyðrusýki)**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan,

annaðhvort ([1])[eiga uppruna sinn í landi/á yfirráðasvæði eða hluta þess þar sem:

a) tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um ([1])[vorveiru í vatnakarpa] ([1])[nýrnaveiki] ([1])[brisdrep] ([1])[roðflyðrusýki] og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

b) öll lagareldisdýr af tegundum sem smitnæmar eru fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum og fluttar eru inn í það land/yfirráðasvæði eða hluta þess eru í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í II.7 í þessu vottorði.

c) tegundir sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum], og

d) *annaðhvort* ([1])[uppfylla kröfur er varða sjúkdómaleysi jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í VII. kafla í tilskipun 2006/88/EB ef um er að ræða ([1])[brisdrep] ([1])[nýrnaveiki]],

og/eða ([1])[uppfylla kröfur er varða sjúkdómaleysi sem mælt er fyrir um í viðeigandi staðli Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar, ef um er að ræða ([1])[vorveiru í vatnakarpa] ([1])[roðflyðrusýki]

og/eða sem, ([1])[ef um er að ræða ([1])[vorveiru í vatnakarpa] ([1])[brisdrep] ([1])[nýrnaveiki], nær yfir staka eldisstöð sem undir eftirliti lögbærs yfirvalds

i. hefur verið tæmd, hreinsuð og sótthreinsuð og sett í hvíld í a.m.k. 6 vikur,

ii. þar sem endurnýjun stofna hefur farið fram með dýrum frá svæðum sem lögbært yfirvald hefur vottað að séu laus við viðkomandi sjúkdóm.]]

og/eða ([1])[ef um er að ræða villt lagardýr, sem eru næm fyrir ([1])[vorveiru í vatnakarpa] ([1])[brisdrepi] ([1])[nýrnaveiki], sem hafa verið sett í sóttkví við aðstæður sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er um fyrir í ákvörðun 2008/946/EB]

og/eða ([1])[ef um er að ræða sendingar sem kröfur varðandi roðflyðrusýki gilda um sem hafa, rétt fyrir útflutning, verið 14 daga samfleytt í vatni þar sem seltan er a.m.k. 25 prómill og engin önnur lifandi lagardýr af tegundum sem eru næmar fyrir roðflyðrusýki hafa verið fluttar þangað á tímabilinu]

og/eða ([1])[ef um er að ræða augnhrogn, sem kröfur varðandi roðflyðrusýki gilda um, og sem hafa verið sótthreinsuð með aðferð sem sýnt hefur verið fram á að sé árangursrík gegn roðflyðrusýki.]]

Athugasemdir:

I. hluti:

– Reitur I.19: Nota skal viðeigandi ST-kóða: 0301, 0306, 0307, 030110 eða 030270.

– Reitir I.20 og I.28: Magnið er gefið upp sem heildarfjöldi.

– Reitur I.25: Merkið við „Til undaneldis", ef þau eru ætluð til eldis, „Til umlagningar", ef þau eru ætluð til umlagningar, „Sem gæludýr", ef um er að ræða skrautlagardýr sem eiga að fara til endursölu í gæludýrabúðir eða svipuð fyrirtæki, „Sem sirkus-/sýningardýr", ef um er að ræða skrautlagardýr sem ekki eru ætluð til endursölu og eiga að fara í lagardýrasöfn eða svipuð fyrirtæki, „Í sóttkví", ef lagareldisdýrin eiga að fara í sóttkví, og „Annað", ef þau eiga að fara í sleppivötn.

LAND **Lagareldisdýr til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr**

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

II. hluti:

1) Strikið út það sem á ekki við.

2) Liðir II.2 og II.4 í þessu vottorði eiga eingöngu við um tegundir sem næmar eru fyrir einum eða fleiri af sjúkdómunum sem um getur í yfirskriftinni. Smitnæmar tegundir eru taldar upp í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

3) Flytja má inn sendingar villtra lagardýra þrátt fyrir kröfurnar sem settar eru fram í liðum II.2 og II.4 í þessu vottorði ef þær eiga að fara í sóttkví sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.

4) Liðir II.3 og II.5 í þessu vottorði eiga eingöngu við um tegundir sem eru smitferjur fyrir einn eða fleiri af sjúkdómunum sem um getur í yfirskriftinni. Hugsanlegar smitferjur eru taldar upp í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008, ásamt því við hvaða skilyrði skuli líta svo á að sendingar slíkra tegunda séu smitferjur. Flytja má inn sendingar hugsanlegra smitferja þrátt fyrir kröfurnar í liðum II.3 og II.5 ef skilyrðin sem sett eru fram í 4. dálki töflunnar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 eru ekki uppfyllt eða ef þær eiga að fara í sóttkví sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.

5) Til að leyfi fáist fyrir flutningi inn í Sambandið verður að vera hægt að framvísa einni af þessum yfirlýsingum ef sendingin inniheldur tegundir sem eru smitnæmar eða smitferjur fyrir húðsveppadrep, blóðmyndandi drep, ostruveiki (*Bonamia exitiosa*), perkinsusveiki, dvergkornadreyra, rauðhala og/eða gulhöfðaveiki**.**

6) Til að leyfi fáist fyrir flutningi inn í aðildarríki, svæði eða hólf sem lýst hefur verið laust við veirublæði, iðradrep, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, martelíuveiki, ostruveiki (Bonamia ostreae) eða hvítblettaveiki, eða er með eftirlitsáætlun eða áætlun um útrýmingu sem komið var á fót í samræmi við 1. eða 2. mgr. 44. gr tilskipunar 2006/88/EB, verður að vera hægt að framvísa einni af þessum yfirlýsingum ef sendingin inniheldur tegundir sem eru smitnæmar eða smitferjur fyrir sjúkdóm(a) sem sjúkdómaleysið eða áætlunin gildir um. Gögn um sjúkdómastöðu hverrar eldisstöðvar og lindýraeldissvæðis í Sambandinu eru aðgengileg á vefslóðinni http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/aquaculture/index_en.htm

7) Liður II.7 í þessu vottorði gildir eingöngu um sendingar sem ætlaðar eru fyrir aðildarríki eða hluta þess sem lýst hefur verið laus við sjúkdóma, eða þar sem samþykkt hefur verið áætlun í samræmi við ákvörðun 2010/221/ESB varðandi vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrep eða roðflyðrusýki og sendingin samanstendur af tegundum sem skráðar eru í C-hluta II. viðauka sem smitnæmar fyrir sjúkdómi eða sjúkdómum, sem sjúkdómslausa staðan eða áætlanirnar gilda um.

   Liður II.7 skal einnig gilda um sendingar fiska af öllum tegundum, sem koma af vatnasvæði þar sem fyrir eru tegundir sem eru tilgreindar í C-hluta II. viðauka sem smitnæmar fyrir sýkingu af völdum roðflyðrusnikils, ef sendingarnar er ætlaðar aðildarríki eða hluta aðildarríkis sem tilgreindur er í I. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB sem laus við roðflyðrusýki.

   Flytja má inn sendingar villtra lagardýra, þar sem kröfur í tengslum við vorveiru í vatnakarpa, brisdrep og/eða nýrnaveiki eiga við, þrátt fyrir kröfurnar sem settar eru fram í lið II.7 í þessu vottorði, ef þær eiga að fara í sóttkví í aðstöðu sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.

Opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:“

Stimpill:

b) Eftirfarandi komi í stað B-hluta:

„B-HLUTI

Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði til notkunar við flutning skrautlagardýra inn í Evrópusambandið sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr

LAND **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Símanúmer		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs / I.2.a. I.3. Lögbært stjórnvald I.4. Lögbært staðaryfirvald
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Símanúmer		I.6.
I.7. Upprunaland / ISO-kóði	upprunasvæði, Kóði	I.9. Viðtökuland / ISO-kóði / I.10. Viðtökusvæði / Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Samþykkisnúmer Heiti Heimilisfang Samþykkisnúmer Heiti Heimilisfang Samþykkisnúmer		I.12.
I.13. Fermingarstaður Viðurkenningarnúmer nema		I.14. Brottfarardagur og tími
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning: Tilvísun í skjöl:		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB I.17. CITES-Nr.
I.18. Lýsing á vöru		I.19. Vörunúmer (ST-kóði) I.20. Magn
I.21.		I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer		I.24.
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Sem gæludýr ☐ Í sóttkví ☐ Sem sirkus-/sýningardýr ☐		
I.26.		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐
I.28. Auðkenning vörunnar Tegund (vísindaheiti)		Magn

LAND **Skrautlagardýr sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr**

II. hluti: Vottorð

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

II.1Almennar kröfur

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að skrautlagardýrin sem um getur í I. hluta þessa vottorðs:

II.1.1 hafa verið skoðuð innan 72 klukkustunda frá fermingu og sýndu engin klínísk sjúkdómseinkenni,

II.1.2 eru ekki í banni vegna aukinnar dánartíðni sem ekki hefur fundist skýring á, og

II.1.3 eru hvorki ætluð til eyðingar né slátrunar vegna upprætingar á sjúkdómum,

II.2 ([1])([2])([3])([4])**[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir húðsveppadrepi, blóðmyndandi drepi, ostruveiki (Bonamia exitiosa), perkinsusveiki, dvergkornadreyra, rauðhala og/eða gulhöfðaveiki**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að skrautlagardýrin sem um getur hér að ofan:

annaðhvort ([1])([5])[eiga uppruna sinn í aðildarríki/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í upprunalandinu hefur lýst yfir að sé laust við ([1])[húðsveppadrep] ([1])[blóðmyndandi drep] ([1])[ostruveiki (*Bonamia exitiosa*)] ([1])[perkinsusveiki] ([1])[dvergkornadreyra] ([1])[rauðhala] ([1])[gulhöfðaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar ráðsins 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar og

i. ber að tilkynna lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóm(a) og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

ii. allur aðflutningur tegunda sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum kemur frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn eða sjúkdómana og

iii. tegundir, sem eru næmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum],

eða ([1])([4])([5])[hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB].]

II.3 ([1])([2])([4])**[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, iðradrepi, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, martelíuveiki, ostruveiki (Bonamia ostreae) og/eða hvítblettaveiki**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að skrautlagardýrin sem um getur hér að ofan:

annaðhvort ([1])([6])[eiga uppruna sinn í aðildarríki/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í upprunalandinu hefur lýst yfir að sé laust við ([1])[veirublæði] ([1])[iðradrep] ([1])[blóðþorra] ([1])[skjónakarpaherpesveiki] ([1])[martelíuveiki] ([1])[ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] ([1])[hvítblettaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar og

i. þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóm(a) og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

ii. allur aðflutningur tegunda, sem eru næmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, er frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn eða sjúkdómana og

iii. tegundir, sem eru næmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum]

eða ([1])([4])([6])[hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB].]

II.4 Kröfur um flutning og merkingu

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að:

II.4. skrautlagardýrin sem um getur hér að ofan eru geymd við aðstæður, þ.á m. í tengslum við vatnsgæði, sem breyta ekki heilbrigðisástandi þeirra,

II.4.2 flutningagámurinn er hreinn og sótthreinsaður eða áður ónotaður, og

LAND **Skrautlagardýr sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr**

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b Tilvísunarnúmer staðar

II.4.3 sendingin er auðkennd með læsilegum merkimiða utan á gáminum sem inniheldur viðeigandi upplýsingar sem um getur í reitum I.7 til I.13 í I. hluta þessa vottorðs og með eftirfarandi yfirlýsingu:

annaðhvort (1)[„Skraut-(1)[fiskar] (1)[lindýr] (1)[krabbadýr] sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr í Evrópusambandinu“]

eða (1)(3)[„Skraut-(1)[fiskar] (1)[lindýr] (1)[krabbadýr] sem eru ætluð í sóttkví í Evrópusambandinu”].

II.5 (1)(4)(7)**[Kröfur vegna tegunda sem eru næmar fyrir vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrepi og sýkingu af völdum roðflyðrusníkils (roðflyðrusýki)**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að skrautlagardýrin sem um getur hér að ofan:

annaðhvort (1)[eiga uppruna sinn í landi/á yfirráðasvæði eða hluta þess þar sem:

a) tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um (1)[vorveiru í vatnakarpa] (1)[nýrnaveiki] (1)[brisdrep] (1)[roðflyðrusýki] og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

b) öll lagareldisdýr af tegundum sem smitnæmar eru fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum og fluttar eru inn í það land/yfirráðarsvæði eða hluta þess eru í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í lið II.5 í þessu vottorði,

c) tegundir sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum], og

d) uppfylltar eru kröfur varðandi sjúkdómaleysi vegna (1)[vorveiru í vatnakarpa] (1)[roðflyðrusýki] (1)[nýrnaveiki] (1)[brisdrep] sem mælt er fyrir um í viðeigandi staðli Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar eða í a.m.k. sama mæli og mælt er fyrir um í VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB.]

eða (1)(4)[hafa verið í sóttkví samkvæmt skilyrðum sem jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB]].

Athugasemdir:

I. hluti:

– Reitur I.19: Nota skal viðeigandi ST-kóða: 0306, 0307 eða 030110.

– Reitir I.20 og I.28: Magnið er gefið upp sem heildarfjöldi.

– Reitur I.25: Merkið við „Sem gæludýr“, ef um er að ræða skrautlagardýr sem eiga að fara til endursölu í gæludýrabúðir eða svipuð fyrirtæki, „Sem sirkus-/sýningardýr“, ef um er að ræða skrautlagardýr sem ekki eru ætluð til endursölu og eiga að fara í lagardýrasöfn eða svipuð fyrirtæki, „Í sóttkví“, ef skrautlagardýrin eiga að fara í sóttkví.

II. hluti:

1) Strikið út það sem á ekki við.

2) Liðir II.2 og II.3 í þessu vottorði eiga eingöngu við um tegundir sem smitnæmar eru fyrir einum eða fleiri af sjúkdómunum sem um getur í yfirskriftinni. Smitnæmar tegundir eru taldar upp í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

3) Kröfurnar í lið II.2 í þessu vottorði fyrir skrautlagardýr sem eru smitnæm fyrir húðsveppadrepi skulu, að því er varðar þann sjúkdóm, einungis gilda frá 1. janúar 2011 og fram að þeim tíma skal fella brott tilvísunina í þann sjúkdóm.

4) Flytja má inn sendingar skrautlagardýra þrátt fyrir kröfurnar í liðum II.2.og II.3 ef þau eiga að fara í sóttkví sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.

5) Til að leyfi fáist fyrir flutningi inn í Sambandið verður að vera hægt að framvísa einni af þessum yfirlýsingum ef sendingin inniheldur tegundir sem eru smitnæmar fyrir húðsveppadrepi (sjá 3. athugasemd), blóðmyndandi drepi, ostruveiki (*Bonamia exitiosa*), perkinsusveiki, dvergkornadreyra, rauðhala og/eða gulhöfðaveiki**.**

LAND **Skrautlagardýr sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr**

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

6) Til að leyfi fáist fyrir flutningi inn í aðildarríki, svæði eða hólf sem lýst hefur verið laust við veirublæði, iðradrep, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, martelíuveiki, ostruveiki (*Bonamia ostreae*) eða hvítblettaveiki, eða er með eftirlitsáætlun eða áætlun um útrýmingu sem komið var á fót í samræmi við 1. eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, verður að vera hægt að framvísa einni af þessum yfirlýsingum ef sendingin inniheldur tegundir sem eru smitnæmar fyrir sjúkdómum sem sjúkdómaleysið eða eftirlits- eða útrýmingaráætlunin gildir um. Gögn um sjúkdómastöðu á mismunandi svæðum Sambandsins eru aðgengileg á vefslóðinni http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/aquaculture/index_en.htm

7) Liður II.5 í þessu vottorði gildir eingöngu um sendingar sem ætlaðar eru fyrir aðildarríki eða hluta þess sem lýst hefur verið laus við sjúkdóma, eða þar sem samþykkt hefur verið áætlun í samræmi við ákvörðun 2010/221/ESB varðandi vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrep eða roðflyðrusýki og sendingin samanstendur af tegundum sem skráðar eru í C-hluta II. viðauka sem smitnæmar fyrir sjúkdómi eða sjúkdómum, sem sjúkdómslausa staðan eða áætlanirnar gilda um.

   Liður II.5 skal einnig gilda um sendingar allra fisktegunda sem koma af vatnasvæði þar sem fyrir eru tegundir sem tilgreindar eru í C-hluta II. viðauka sem smitnæmar fyrir sýkingu af völdum roðflyðrusníkils, þar sem sendingarnar er ætlaðar aðildarríki eða hluta þess sem tilgreindur er í I. viðauka við ákvörðun 2010/221/EB sem laus við roðflyðrusníkil.

   Flytja má inn sendingar skrautlagardýra, þar sem kröfur vegna vorveiru í vatnakarpa, brisdrepi og/eða nýrnaveiki eiga við, þrátt fyrir kröfurnar sem settar eru fram í liðum II.2 og II.4 í þessu vottorði ef þær eiga að fara í sóttkví sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.

Opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:“

Stimpill:

3) Í stað V. viðauka komi eftirfarandi:

„V. VIÐAUKI

Skýringar

a) Lögbær yfirvöld upprunalandsins skulu gefa vottorðin út á grundvelli viðeigandi fyrirmynda sem settar eru fram í II. og IV. viðauka við þessa reglugerð, að teknu tilliti til ákvörðunarstaðarins og þess hvernig nota á sendinguna eftir að hún kemur á ákvörðunarstað.

b) Tilgreina skal viðeigandi, sértækar kröfur í vottorðinu að teknu tilliti til stöðu ákvörðunarstaðarins í ESB-aðildarríkinu að því er varðar sjúkdóma, sem ekki eru framandi, sem eru tilgreindir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB, eða sjúkdóma þar sem ákvörðunarstaðurinn hefur samþykkt ráðstafanir með ákvörðun 2010/221/ESB þar sem samþykktar eru innlendar ráðstafanir í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB.

c) „Upprunastaður“ skal vera staðurinn þar sem eldisstöðin eða lindýraræktunarsvæðið er staðsett og þar sem lagareldisdýrin voru ræktuð þar til þau náðu þeirri sölustærð sem á við um sendinguna sem vottorðið tekur til. Að því er varðar villt lagardýr skal „upprunastaður“ vera veiðistaður.

d) Þar sem í fyrirmyndin að vottorðinu kemur fram að tilteknar yfirlýsingar skuli strika út ef þær eiga ekki við, má sá sem gerir vottorðið strika yfir þær sem eiga ekki við og merkja við með upphafsstöfum og stimpla eða eyða þeim alveg úr vottorðinu.

e) Frumrit hvers vottorðs skal vera ein pappírsörk eða form þess verður að vera þannig, ef textinn þarf að vera lengri, að allar pappírsarkirnar myndi hluta af samþættri og órjúfanlegri heild.

f) Að því er varðar innflutning frá þriðju löndum inn í Sambandið skal frumrit vottorðsins og merkimiðarnir, sem um getur í fyrirmyndinni að vottorðinu, vera á a.m.k. einu af hinum opinberu tungumálum þess aðildarríkis þar sem skoðunarstöðin á landamærum innflutningsstaðar sendingarinnar inn í Sambandið er staðsett og á tungumáli viðtökuaðildarríkisins. Þessi aðildarríki geta þó heimilað að vottorðið sé samið á opinberu tungumáli annars aðildarríkis ásamt, ef þörf krefur, opinberri þýðingu.

g) Ef viðbótarblöð eru fest við vottorðið til auðkenningar á vörum í sendingunni teljast þau hluti af frumriti vottorðsins svo fremi sem undirskrift og stimpill opinbera dýralæknisins kemur fyrir á hverri síðu fyrir sig.

h) Þegar vottorðið, þ.m.t. viðbótarblöðin sem um getur í g-lið, er fleiri en ein síða skal hver síða númeruð neðst með blaðsíðunúmeri af heildarsíðufjölda og efst skal vera tilvísunarnúmer vottorðsins sem lögbært yfirvald hefur úthlutað.

i. Opinber skoðunarmaður skal fylla út frumrit vottorðsins og undirrita það innan 72 klukkustunda fyrir fermingu sendingarinnar eða innan 24 klukkustunda í þeim tilvikum þegar skoða verður lagareldisdýrin innan 24 klukkustunda fyrir fermingu. Lögbær yfirvöld upprunalandsins skulu sjá til þess að farið sé að meginreglum um útgáfu vottorðs sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 96/93/EB.

j) Undirskrift skal vera í öðrum lit en prentaði textinn. Þá skulu sömu kröfur gilda um stimpla nema þeir séu upphleyptir eða séu vatnsmerki.

k) Að því er varðar innflutning frá þriðju löndum inn í Sambandið skal frumrit vottorðsins fylgja sendingunni þar til hún kemur á skoðunarstöð ESB á landamærum. Að því er varðar sendingar sem settar eru á markað í Sambandinu skal frumrit vottorðsins fylgja sendingunni þar til hún kemur á lokaákvörðunarstað.

l) Vottorð fyrir lifandi lagareldisdýr skal gilda í 10 daga frá útgáfudegi. Þegar um er að ræða flutninga með skipi skal gildistíminn lengdur sem nemur tímalengd sjóferðarinnar. Í því skyni skal festa frumrit yfirlýsingar frá skipstjóranum, sem samin hefur verið í samræmi við viðbótina sem samin var í samræmi við fyrirmyndina í D. hluta IV. viðauka, við dýraheilbrigðisvottorðið.

m) Vakin er athygli á því að almenn skilyrði fyrir flutningi á dýrum sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 um vernd dýra í flutningi og tengdar aðgerðir og um breytingu á tilskipunum 64/432/EBE og 93/119/EB og reglugerð (EB) nr. 1255/97 geta, eftir atvikum, útheimt að gripið verði til ráðstafana eftir komu inn í Sambandið ef kröfunum í þeirri reglugerð er ekki fullnægt.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 505/2010 2011/EES/55/23

frá 14. júní 2010

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ([1]), einkum 1. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.

2) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um að aðildarríkin skuli sjá til þess að opinbert eftirlit sé haft með framleiðslu og setningu lifandi samlokna og, á hliðstæðan hátt, lifandi skrápdýra, möttuldýra og sæsnigla á markað eins og lýst er í II. viðauka. Í II. kafla viðaukans eru sett fram ákvæði um flokkun framleiðslusvæða og vöktun þeirra.

3) Framleiðslusvæði eru flokkuð eftir því hve mikillar saurmengunar gætir á þeim. Örverur geta safnast fyrir í síurum, s.s. samlokum, og það gæti haft í för með sér áhættu fyrir lýðheilsu. Af þeirri ástæðu eru framleiðslusvæðin flokkuð eftir því hvort tilteknar örverur sem tengjast saurmengun finnist á þeim.

4) Yfirleitt eru sæsniglar ekki síarar og af þeim sökum telst hverfandi hætta á því að í þeim safnist upp örverur sem tengjast saurmengun. Ekki hafa heldur verið lagðar fram neinar faraldsfræðilegar upplýsingar sem sýna fram á tengsl milli ákvæða um flokkun á framleiðslusvæðum og áhættu fyrir lýðheilsu vegna sæsnigla sem ekki eru síarar.

5) Með tilliti til þessarar vísindalegu framvindu ættu því sæsniglar, sem ekki eru síarar, ekki að falla undir þau ákvæði sem gilda um flokkun framleiðslusvæða.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 149, 15.6.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er breytt sem hér segir:

„III. KAFLI: OPINBERT EFTIRLIT MEÐ DISKUM OG LIFANDI SÆSNIGLUM, SEM ERU EKKI SÍARAR, SEM ERU TEKNIR UTAN FLOKKAÐRA FRAMLEIÐSLUSVÆÐA

Opinbert eftirlit með diskum og lifandi sæsniglum, sem eru ekki síarar, sem eru teknir utan flokkaðra framleiðslusvæða, skal fara fram á fiskuppboðsstöðum, afgreiðslustöðvum og vinnslustöðvum.

Með slíku opinberu eftirliti skal sannreyna að heilbrigðiskröfur fyrir lifandi samlokur, sem mælt er fyrir um í V. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, séu uppfylltar sem og aðrar kröfur í IX. kafla VII. þáttar III. viðauka við þá reglugerð.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 506/2010 2011/EES/55/24

frá 14. júní 2010

um breytingu á viðaukanum við reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar sauðfé og geitur sem haldin eru í dýragörðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE ([1]), einkum fyrstu undirgrein 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 21/2004 er kveðið á um að hvert aðildarríki skuli koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar.

2) Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 21/2004 er að tryggja rekjanleika einstakra dýra af geita- eða sauðfjárkyni meðan þau lifa. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. og A-þætti viðaukans við þá reglugerð skal auðkenna þessi dýr með sýnilegum auðkennum, s.s. eyrnamerki, merki á kjúku eða húðflúri.

3) Í tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísum sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um ([2]), er kveðið á um sértækar kröfur um heilbrigði framandi dýra sem haldin eru í dýragörðum. Í þeirri tilskipun eru einnig sett fram ákvæði um auðkenningu og skráningu sem merkir að um flestar geitur og sauðfé, sem haldin eru í samþykktum dýragörðum, gilda nú þegar kröfur sem miða að auðkenningu og rekjanleika einstakra dýra.

4) Enn fremur er mikill meirihluti geita og sauðfjár, sem haldin eru í dýragörðum, af framandi tegundum. Hins vegar gæti reynst óframkvæmanlegt að nota sýnileg auðkenni á dýr sem eru sýnd almenningi vegna þess að merkin gætu haft áhrif á upprunalegt útlit dýranna, einkum framandi tegunda.

5) Til að draga úr stjórnsýsluálagi og vegna sérstöðu dýra í dýragörðum, þ.e. þess hversu fá viðkomandi dýr eru og að þau eru sérstaklega ætluð til að vera til sýnis, þykir við hæfi að veita undanþágu frá tilteknum þáttum reglugerðar (EB) nr. 21/2004 varðandi auðkenningu, nánar tiltekið frá þeirri skyldu að nota sýnileg auðkenni eða rafræn auðkenni.

6) Því er rétt að leyfa lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna að undanþiggja sauðfé og geitur, sem eru haldin í og flutt á milli dýragarða sem eru samþykktir í samræmi við 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 92/65/ESB, frá þeirri skyldu að nota sýnileg auðkenni eða rafræn auðkenni svo fremi að viðkomandi dýr séu þegar auðkennd og rekjanleg hvert um sig samkvæmt ákvæðum þeirrar reglugerðar. Ef dýrin eru flutt á bújörð, aðra en samþykktan dýragarð, þarf hins vegar að auðkenna þau í samræmi við 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 21/2004.

7) Því ber að breyta A-þætti viðaukans við reglugerð (EB) nr. 21/2004 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 21/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 149, 15.6.2010, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

([1]) Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8.

([2]) Stjtíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í A-þætti viðaukans við reglugerð (EB) nr. 21/2004 bætist eftirfarandi liður við á eftir 7. lið:

„8. Þrátt fyrir kröfu um auðkenni, sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr., getur lögbært yfirvald ákveðið að ákvæði A-þáttar gildi ekki um sauðfé og geitur, sem eru haldin í og flutt á milli dýragarða sem eru samþykktir í samræmi við 2. mgr. 13. gr. tilskipunar ráðsins 92/65/ESB ([3]), að því tilskildu að dýrin séu auðkennd og rekjanleg hvert um sig.“

([3]) Stjtíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 558/2010 **2011/EES/55/25**

frá 24. júní 2010

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]), einkum 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu. Í henni er meðal annars kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja skulu því aðeins setja afurðir úr dýraríkinu á markað að þær hafi eingöngu verið tilreiddar og meðhöndlaðar í starfsstöðvum sem uppfylla viðeigandi kröfur samkvæmt III. viðauka reglugerðarinnar.

2) Í VII. kafla I. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er kveðið á um að flytja megi kjöt af tömdum hóf- og klaufdýrum áður en tilskildu hitastigi samkvæmt þeirri reglugerð er náð, ef lögbært yfirvald veitir leyfi til þess, til að gera kleift að framleiða tilteknar vörur að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

3) Viðtekin þekking varðandi viðeigandi örverufræðilegar viðmiðanir og viðmiðanir um hitastig sýnir að svipuð ákvæði myndu gagnast í framleiðslu á fituríkri lifur (*foie gras*) og gera kleift að beita hefðbundnum aðferðum við framleiðslu.

4) Frysting, sem á sér stað strax að lokinni slátrun og kælingu, lágmarkar vöxt baktería og þar með örverufræðilegt álag eftir þíðingu. Í samræmi við ákvæði sem eru þegar í gildi um kjöt af tömdum hóf- og klaufdýrum skal kjöt af alifuglum og nörturum, sem ætlað er til frystingar, fryst án óþarfa tafa eftir slátrun og kælingu. Af þessum sökum þykir rétt að breyta V. kafla II. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 til samræmis við þetta.

5) Reglurnar sem mælt er fyrir um í II. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 innihalda sértækar kröfur varðandi lifandi samlokur, lifandi skrápdýr, lifandi möttuldýr og lifandi sæsnigla, að því er varðar örverufræðilega flokkun framleiðslusvæða.

6) Í 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 ([2]) er kveðið á um að aðildarríkin skuli sjá til þess að opinbert eftirlit sé haft með framleiðslu og setningu lifandi samlokna, lifandi skrápdýra, lifandi möttuldýra og lifandi sæsnigla á markað, eins og kveðið er á um í II. viðauka reglugerðarinnar.

7) Í II. viðauka við þá reglugerð er kveðið á um að framleiðslusvæði skuli flokkuð eftir því hve mikillar saurmengunar gætir á þeim. Örverur geta safnast fyrir í síurum, s.s. samlokum, og það gæti haft í för með sér áhættu fyrir lýðheilsu.

8) Yfirleitt eru sæsniglar ekki síarar. Af þeim sökum telst hverfandi hætta á því að í þeim safnist upp örverur sem tengjast saurmengun. Auk þess hafa ekki verið lagðar fram neinar faraldsfræðilegar upplýsingar sem sýna fram á tengsl milli ákvæða um flokkun á framleiðslusvæðum og áhættu fyrir lýðheilsu vegna sæsnigla sem ekki eru síarar. Af þessum sökum skulu slíkir sæsniglar ekki falla undir þau ákvæði sem gilda um flokkun framleiðslusvæða eins og mælt er um fyrir í II. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

9) Í VI. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er einungis mælt fyrir um að allar stakar neytendapakkningar með lifandi samlokum verði að vera lokaðar og haldast lokaðar þegar þær eru fluttar úr afgreiðslustöðinni og þar til þær eru seldar lokaneytendum. Samkvæmt því falla aðrar pakkningar með lifandi samlokum ekki undir þær kröfur. Í þágu lýðheilsu er rétt að breyta þessum kröfum þannig að allar slíkar pakkningar verði að haldast lokaðar þar til þær eru seldar lokaneytendum.

10) Í IX. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 eru settar fram sértækar kröfur varðandi diska (Pectinidae) sem eru teknir utan flokkaðra framleiðslusvæða. Slíkar kröfur skulu einnig gilda um lifandi sæsnigla sem eru ekki síarar. Í 4. lið þess kafla eru settar fram sértækar reglur varðandi pökkun diska. Rétt þykir að kröfur varðandi pakkningar með lifandi samlokum, sem fluttar eru frá afgreiðslustöð til smásölu, gildi einnig um diska og sæsnigla, sem eru ekki síarar, sem eru teknir utan flokkaðra framleiðslusvæða.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 159, 25.6.2010, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

([1]) Stjtíð. ESB L 139 30.4.2004, bls. 55.

([2]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

11) Í A-lið III. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um kröfur varðandi meðhöndlun ferskra lagarafurða. Skilgreiningin á ferskum lagarafurðum, sem sett er fram í lið 3.5 í I. viðauka sömu reglugerðar, tekur ekki til þíddra, óunninna lagarafurða og ferskra lagarafurða sem innihalda viðbætt matvælaaukefni í samræmi við viðeigandi löggjöf til að tryggja geymsluþol þeirra. Til að tryggja samræmi í löggjöf Sambandsins skulu sömu kröfur gilda um þessar vörur og um ferskar lagarafurðir.

12) Í 2. lið VII. kafla og b-lið 1. liðar VIII. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er vísað til undanþágu varðandi heilan, frystan fisk í saltpækli, sem er ætlaður til niðursuðu, frá þeirri almennu kröfu að hitastig frystra lagarafurða fari ekki yfir –18 °C. Sé fiskur frystur í saltpækli skal afurðin kæld þar til hitastig hennar er orðið –9 °C eða lægra.

13) Ef heill, frystur fiskur í saltpækli, sem er ætlaður til niðursuðu, er tekinn úr saltleginum sem notaður er í frystimeðhöndluninni er ekki þörf á að lækka hitastigið frekar með öðrum hætti svo það fari ekki yfir –18 °C í samræmi við almennar venjur sem gilda um notkun á saltlegi við frystingu á heilum fiski sem ætlaður er til niðursuðu.

14) Í 1. lið 1. kafla XIV. þáttar og 1. lið I. kafla XV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um kröfur er varða hráefni sem notað er til framleiðslu á gelatíni og kollageni sem ætlað er til notkunar í matvælum.

15) Í janúar 2005 birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu vísindalegt álit um öryggi kollagens og vinnsluaðferð við framleiðslu kollagens ([3]). Samkvæmt þessu áliti telst notkun beina við framleiðslu kollagens ekki skapa áhættu fyrir lýðheilsu. Því er rétt að mæla fyrir um vinnslukröfur í samræmi við álit Matvælaöryggisstofnunarinnar og tilgreina að bein sem nota skal sem hráefni verði að vera önnur en þau sem teljast vera sérstakt áhættuefni samkvæmt skilgreiningu í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([4]). Því ber að breyta 1. lið I. kafla XV. þáttar III. viðauka til samræmis við það.

16) Til að tryggja samræmi í löggjöf Sambandsins skal breyta 1. lið I. kafla og 1. lið III. kafla XIV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 varðandi hráefni til framleiðslu á gelatíni til samræmis við það.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

José Manuel BARROSO

forseti

([3]) Álit vísindanefndarinnar um líffræðilega hættu (BIOHAZ) um öryggi kollagens og vinnsluaðferð við framleiðslu kollagens, samþykkt 26. janúar 2005.

([4]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 3. og 4. liðar í V. kafla II. þáttar komi eftirfarandi:

„3. Um leið og kjötið hefur verið stykkjað og, eftir því sem við á, því pakkað skal það kælt þar til hitastig þess er orðið 4 °C eða lægra.

4. Kjöt skal ná hitastiginu 4 °C eða lægra fyrir flutning og því hitastigi skal viðhaldið á meðan á flutningi stendur. Þó má flytja lifur, sem ætluð er til framleiðslu á fituríkri lifur (*foie gras*), við hitastig yfir 4 °C ef lögbært yfirvald veitir leyfi til þess, að því tilskildu að:

a) slíkur flutningur fari fram í samræmi við kröfur sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir fyrir flutning frá einni tiltekinni starfsstöð til annarrar og

b) kjötið fari þegar í stað úr sláturhúsinu eða stykkjunarsal og að flutningur vari ekki lengur en tvær klukkustundir.

5. Kjöt, sem fæst af alifuglum og nörturum, sem ætlað er til frystingar, skal frysta án óþarfa tafa.

6. Óvarið kjöt skal geymt og flutt aðskilið frá pökkuðu kjöti nema það sé geymt eða flutt á mismunandi tíma eða á þann hátt að umbúðaefnið og geymslu- eða flutningsmátinn geti ekki valdið því að kjötið mengist.“

2. Ákvæðum VII. þáttar er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar í inngangshluta þáttarins komi eftirfarandi:

„1. Þessi þáttur gildir um lifandi samlokur. Að undanskildum ákvæðum um hreinsun gildir hann einnig um lifandi skrápdýr, lifandi möttuldýr og lifandi sæsnigla. Ákvæði sem gilda um flokkun framleiðslusvæða sem sett eru fram í A-hluta II. kafla þessa þáttar gilda ekki um sæsnigla sem ekki eru síarar.“

b) Í stað 2. liðar VI. kafla komi eftirfarandi:

„2. Allar pakkningar með lifandi samlokum, sem sendar eru úr afgreiðslustöðvum eða á að senda til annarra afgreiðslustöðva, verða að vera lokaðar. Pakkningar með lifandi samlokum, sem eru ætlaðar í beina smásölu, verða að haldast lokaðar þar til þær eru seldar lokaneytendum.“

c) Í stað IX. kafla komi eftirfarandi:

„IX. KAFLI: SÉRTÆKAR KRÖFUR ER VARÐA DISKA OG SÆSNIGLA, SEM ERU EKKI SÍARAR, SEM ERU TEKNIR UTAN FLOKKAÐRA FRAMLEIÐSLUSVÆÐA

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem taka diska og sæsnigla, sem eru ekki síarar, utan flokkaðra framleiðslusvæða eða meðhöndla slíka diska og/eða slíka sæsnigla, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. Ekki má setja diska og sæsnigla, sem eru ekki síarar, á markað nema þeir séu teknir og meðhöndlaðir í samræmi við B-hluta II. kafla og uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í V. kafla, eins og sannað er með innra eftirlitskerfi.

2. Ef gögn frá opinberum vöktunaráætlunum gera lögbæra yfirvaldinu kleift að flokka fiskimið, eftir því sem við á í samstarfi við stjórnendur matvælafyrirtækja, gilda auk þess ákvæði A-hluta II. kafla á hliðstæðan hátt um diska.

3. Ekki má setja diska og sæsnigla, sem eru ekki síarar, á markað til manneldis nema á fiskuppboði eða með afgreiðslustöð eða vinnslustöð sem millilið. Þegar stjórnendur matvælafyrirtækja, sem reka slíkar starfsstöðvar, meðhöndla slíka diska og/eða sæsnigla skulu þeir tilkynna það til lögbæra yfirvaldsins og, þegar um afgreiðslustöðvar er að ræða, uppfylla viðeigandi kröfur III. og IV. kafla.

4. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem meðhöndla diska og lifandi sæsnigla, sem eru ekki síarar, skulu uppfylla:

a) skjallegar kröfur í 3.–7. lið I. kafla, eftir atvikum. Í því tilviki skal staðsetning svæðisins, þar sem diskarnir og/eða lifandi sæsniglarnir eru teknir, koma skýrt fram í skráningarskjalinu, eða

b) kröfurnar í 2. lið VI. kafla um lokun allra pakkninga með lifandi diskum og lifandi sæsniglum sem sendar eru í smásölu og í VII. kafla um auðkennismerkingar og aðrar merkingar.“

3. Ákvæðum VIII. þáttar er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar í inngangshluta þáttarins komi eftirfarandi:

„1. Þessi þáttur gildir ekki um samlokur, skrápdýr, möttuldýr eða sæsnigla sem eru sett lifandi á markað. Að undanskildum I. og II. kafla gildir þessi þáttur um slík dýr þegar þau eru ekki sett lifandi á markað en í því tilviki skulu þau hafa verið fengin í samræmi við ákvæði VII. þáttar.

Þessi þáttur gildir um þíddar, óunnar lagarafurðir og ferskar lagarafurðir sem innihalda viðbætt matvælaaukefni í samræmi við viðeigandi löggjöf Sambandsins.“

b) Í stað 2. liðar VII. kafla komi eftirfarandi:

„2. Geyma skal frystar lagarafurðir þannig að hitastigið fari ekki yfir –18 °C í neinum hlutum afurðanna; þó má geyma heilan fisk, sem upphaflega var frystur í saltpækli og er ætlaður til framleiðslu á niðurlögðum mat, þannig að hitastig hans fari ekki yfir –9 °C.“

c) Í stað b-liðar 1. liðar VIII. kafla komi eftirfarandi:

„b) að hitastigi í frystum lagarafurðum, að undanskildum heilum fiski, sem upphaflega var frystur í saltpækli, sem er ætlaður til framleiðslu á niðurlögðum mat, sé haldið stöðugu þannig að það fari ekki yfir –18 °C í neinum hlutum afurðanna í flutningi en hitastigið má þó hækka um skamman tíma í flutningi enda sé slík hækkun ekki meiri en 3 °C.

4. Í stað a-liðar 1. liðar, I. kafla XIV. þáttar komi eftirfarandi:

„a) bein, önnur en þau sem teljast vera sérstakt áhættuefni samkvæmt skilgreiningu í g-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 (*),“

(*) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

5. Ákvæðum XV. þáttar er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar, I. kafla komi eftirfarandi:

„1. Heimilt er að nota eftirfarandi hráefni til framleiðslu á kollageni sem ætlað er til notkunar í matvæli:

a) bein, önnur en þau sem teljast vera sérstakt áhættuefni samkvæmt skilgreiningu í g-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001,

b) húðir og skinn af öldum jórturdýrum,

c) svínaskinn,

d) alifuglaskinn,

e) sinar,

f) húðir og skinn villtra veiðidýra og

g) roð og bein fiska.“

b) Í stað 1. liðar III. kafla komi eftirfarandi:

„1. Í framleiðsluferlinu fyrir kollagen skal sjá til þess:

a) að allt efni úr beinum jórturdýra, sem eru fædd, alin eða slátrað í löndum eða á svæðum þar sem áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum eða hún er óskilgreind eins og skilgreint er í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, fari í gegnum vinnsluferli, sem tryggir að allt efni úr beinunum sé mulið smátt, fituhreinsað með heitu vatni og meðhöndlað með þynntri saltsýru (með 4% styrkleika að lágmarki og pH-gildi < 1,5) í minnst tvo daga; þessari meðhöndlun skal fylgt eftir með pH-stillingu með sýru eða lút og því næst skolun í eitt eða fleiri skipti, síun og útdrætti eða með jafngildri og samþykktri vinnsluaðferð,

b) að hráefni, annað en það sem um getur í a-lið, fái meðhöndlun með þvotti, pH-stillingu með sýru eða lút og því næst skolun í eitt eða fleiri skipti, síun og útdrætti eða með jafngildri og samþykktri vinnsluaðferð; sleppa má útdrættinum við framleiðslu á kollageni með litlum mólþunga úr hráefnum sem ekki eru úr jórturdýrum.“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/139/EB

2011/EES/55/26

frá 25. nóvember 2009

varðandi lögboðnar áletranir á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum (*)

(kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 93/34/EBE frá 14. júní 1993 varðandi lögboðnar áletranir á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Fyrir skýrleika sakir og til hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Í tilskipun 93/34/EBE, sem er ein sértilskipananna sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningarkerfið sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 92/61/EBE frá 30. júní 1992 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum en henni var skipt út með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum ([5]), er mælt fyrir um tækniforskriftir varðandi hönnun og smíði vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum að því er varðar lögboðna áletrun þeirra. Þessar tækniforskriftir varða samræmingu laga aðildarríkjanna til að gera kleift að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin, sem kveðið er á um í tilskipun 2002/24/EB, eigi við um allar gerðir ökutækja. Af því leiðir að ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/24/EB, sem varða kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum, eiga við um þessa tilskipun.

3) Að því er varðar lögboðnar áletranir sem eiga við um vélknúin ökutæki á tveimur eða þremur hjólum, kemur þessi tilskipun ekki í veg fyrir að tiltekin aðildarríki viðhaldi, án mismununar, sértækum, lögboðnum ákvæðum við beitingu umferðarreglu, að því tilskildu að slíkar sértækar kröfur varði notkun þessara ökutækja og feli ekki í sér breytingar á smíði þeirra sem eru líklegar til að hindra gerðarviðurkenningu Bandalagsins á þeirri gerð ökutækja.

4) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipananna sem eru tilgreindar í B-hluta II. viðauka,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun þessi gildir um lögboðnar áletranir á öllum gerðum ökutækja sem um getur í 1. gr. tilskipunar 2002/24/EB.

2. gr.

Aðferðin við að veita EB-gerðarviðurkenningu íhluta varðandi lögboðnar áletranir á vélknúnum ökutækjagerðum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og skilyrði fyrir frjálsum flutningum slíkra ökutækja skulu vera eins og mælt er fyrir um í II. og III. kafla tilskipunar 2002/24/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 322, 9.12.2009, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 26.

([1]) Stjtíð. ESB C 77, 31.3.2009, bls. 41.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 18. nóvember 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 10. nóvember 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 188, 29.7.1993, bls. 38.

([4]) Sjá A-hluta II. viðauka.

([5]) Stjtíð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1.

3. gr.

Þær breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur I. viðauka að tækniframförum skal samþykkja í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2002/24/EB.

4. gr.

1. Að því er varðar ökutæki sem eru á tveimur eða þremur hjólum og uppfylla ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, af ástæðum er varða lögboðnar áletranir, ekki synja um EB-gerðarviðurkenningu eða banna að téð ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.

2. Að því er varðar nýjar gerðir ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum og uppfylla ekki ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun skulu aðildarríkin synja téðum ökutækjum um veitingu EB-gerðarviðurkenningar af ástæðum sem varða lögboðnar áletranir.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun 93/34/EBE, eins og henni var breytt með tilskipununum sem tilgreindar eru í A-hluta II. viðauka, er felld úr gildi og hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipananna sem eru tilgreindar í B-hluta II. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júní 2010.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 25. nóvember 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti	*forseti*
J. BUZEK	Å. TORSTENSSON

I. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI LÖGBOÐNAR ÁLETRANIR Á VÉLKNÚNUM ÖKUTÆKJUM Á TVEIMUR EÐA ÞREMUR HJÓLUM

1. ALMENNT

1.1. Öll ökutæki skulu hafa merkiplötu og áletranir eins og lýst er hér á eftir. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal festa merkiplöturnar og áletranirnar á.

2. UPPLÝSINGAPLATA FRAMLEIÐANDA

2.1. Upplýsingaplata framleiðanda, en fyrirmynd af henni er sýnd í 1. viðbæti, skal vera tryggilega fest á aðgengilegan stað á hluta sem undir venjulegum kringumstæðum er ekki líklegt að verði skipt út á meðan ökutækið endist. Hún skal vera auðlæsileg og innihalda eftirfarandi upplýsingar, sem skulu vera óafmáanlegar, í þessari röð:

2.1.1. nafn framleiðanda,

2.1.2. gerðarviðurkenningamerki eins og lýst er í 8. gr. tilskipunar 2002/24/EB,

2.1.3. verksmiðjunúmer ökutækis (VIN),

2.1.4. hljóðstig í kyrrstöðu: … dB(A) á … snún./mín.

2.2. Gerðarviðurkenningarmerki eins og krafist er í lið 2.1.2, gildi fyrir hljóðstig í kyrrstöðu og fjöldi snúninga á mínútu eins og krafist er í lið 2.1.4 teljast ekki með í EB-gerðarviðurkenningu íhluta á lögboðnum áletrunum. Þessar upplýsingar skulu þó festar á öll ökutæki sem framleidd eru í samræmi við þá gerð sem hefur verið viðurkennd.

2.3. Framleiðendum er heimilt að festa viðbótarupplýsingar fyrir neðan eða til hliðar við lögboðnar áletranir, utan við skýrt afmarkaðan ferning sem inniheldur þær upplýsingar sem krafist er í liðum 2.1.1 til 2.1.4 (sjá 1. viðbæti).

3. VERKSMIÐJUNÚMER ÖKUTÆKIS

Verksmiðjunúmer ökutækisins er föst samsetning rittákna sem framleiðandi ákveður fyrir hvert ökutæki. Tilgangurinn með því er að tryggja að unnt sé með ótvíræðum hætti að bera kennsl á hvert ökutæki í 30 ár með milligöngu framleiðandans án þess að þörf sé á öðrum upplýsingum. Verksmiðjunúmerið skal fullnægja eftirfarandi kröfum:

3.1. verksmiðjunúmer ökutækisins skal koma fram á upplýsingaplötu framleiðanda. Það skal einnig vera hamrað eða meitlað, þannig að ómögulegt sé að afmá það eða breyta því, á undirvagninn eða grindina á aðgengilegum stað, og skal vera á hægri hlið ökutækisins,

3.1.1. verksmiðjunúmer ökutækisins skal vera í þremur hlutum eins og fram kemur hér á eftir:

3.1.1.1. fyrsti hluti skal samanstanda af kóða sem framleiðanda ökutækisins er úthlutað og tryggir auðkenningu hans. Kóðinn skal samanstanda af þremur rittáknum (bókstöfum eða tölustöfum) og gefinn út af lögbærum yfirvöldum í því landi sem framleiðandi er með skráð heimilisfang í samræmi við venju hjá alþjóðastofnuninni sem hefur umboð frá Alþjóðlegu staðlastofnuninni (ISO). Fyrsta rittáknið táknar landsvæði, annað táknar land innan landsvæðis og þriðja rittáknið táknar tiltekinn framleiðanda. Þegar framleiðandi framleiðir færri en 500 ökutæki á ári er þriðja rittáknið alltaf 9. Til að auðkenna þann framleiðanda skal yfirvaldið sem um getur hér á undan einnig gefa út þriðja, fjórða og fimmta rittákn í þriðja hlutanum,

3.1.1.2. annar hluti skal samanstanda af sex rittáknum (bókstöfum eða tölustöfum) sem lýsa helstu eiginleikum ökutækisins (gerð, afbrigði og, þegar um er að ræða létt bifhjól, útfærslu); hvern eiginleika má tákna með nokkrum mismunandi rittáknum. Ef framleiðandi notar ekki eitt eða fleiri þessara rittákna skal fylla ónotuð stafbil með bókstöfum eða tölustöfum að vali framleiðanda.

3.1.1.3. þriðji hluti skal samanstanda af átta rittáknum þar sem síðustu fjögur táknin skulu vera tölustafir sem ásamt hinum tveimur hlutunum auðkenna tiltekið ökutæki á skýran hátt. Fylla skal ónotuð stafbil með 0 til að fá fram þann fjölda rittákna sem krafist er,

3.1.2. verksmiðjunúmer ökutækisins skal standa í einni línu ef unnt er. Í upphafi og enda þessarar línu skal vera tákn sem hvorki er arabískur tölustafur né latneskur hástafur og ekki skal vera unnt að rugla því saman við slík rittákn.

Þó er heimilt í undantekningartilvikum, af tæknilegum ástæðum, að það standi í tveimur línum. Í slíku tilviki má skiptingin eingöngu vera milli hinna þriggja hluta en ekki innan þeirra og í upphafi og enda hvorrar línu skal vera tákn sem hvorki er arabískur tölustafur né latneskur hástafur og ekki má vera unnt að rugla því saman við slík rittákn.

Einnig er heimilt að staðsetja slíkt tákn í línu milli hlutanna þriggja (liður 3.1.1).

Ekki skal vera bil milli rittákna.

4. RITTÁKN

4.1. Nota skal latneska bókstafi og arabískar tölur við allar merkingar sem kveðið er á um í liðum 2 og 3. Latneskir bókstafir sem notaðir eru í merkingum sem kveðið er á um í liðum 2.1.1, 2.1.3 og 3 skulu þó vera hástafir.

4.2. Í verksmiðjunúmeri ökutækis:

4.2.1. er bannað að nota bókstafina I, O og Q, þankastrik, stjörnur eða önnur sérstök tákn,

4.2.2. skal lágmarkshæð bókstafa og tölustafa vera sem hér segir:

4.2.2.1. 4 mm fyrir rittákn sem sett eru beint á undirvagn eða grind eða samsvarandi burðarvirki ökutækis,

4.2.2.2. 3 mm fyrir rittákn sem sett eru á upplýsingaplötu framleiðanda.

1. viðbætir

Dæmi um upplýsingaplötu framleiðanda

Dæmið hér á eftir hefur engin áhrif á þær upplýsingar sem raunverulega koma fram á upplýsingaplötum framleiðanda né stærð sjálfrar plötunnar, bókstafa eða tölustafa. Það er eingöngu gefið sem dæmi.

Heimilt er að veita viðbótarupplýsingar sem um getur í lið 2.3 fyrir neðan eða til hliðar við þær upplýsingar sem krafist er í ferningnum hér á eftir.

STELLA FABBRICA MOTOCICLI
e3 5364
3 G S K L M 3 A C 8 B 1 2 0 0 0 0
80 dB(A) — 3750 snún./mín.

Skýringartexti:

Í dæminu hér á undan hefur umrætt ökutæki verið smíðað af „Stella Fabbrica Motocicli“ og gerðarviðurkennt á Ítalíu (e3) með númerinu 5364.

Verksmiðjunúmerið (3GSKLM3AC8B12000) gefur eftirfarandi upplýsingar:

— fyrsti hluti (3GS):

  — 3: landsvæði (Evrópa),

  — G: land innan landsvæðis (Þýskaland),

  — S: framleiðandi (Stella Fabbrica Motocicli),

— annar hluti (KLM3AC):

  — KL: gerð ökutækis,

  — M3: afbrigði (yfirbygging ökutækis),

  — AC: útfærsla (hreyfill ökutækis),

— þriðji hluti (8B120000):

  — 8B12: auðkenning ökutækis og samsetning hinna tveggja hlutanna í verksmiðjunúmerinu,

  — 0000: ónotuð stafbil sem fyllt hafa verið með 0 til að fá fram þann fjölda rittákna sem krafist er.

Hljóðstig í kyrrstöðu er 80 dB(A) á 3750 snún./mín.

2. viðbætir

Upplýsingaskjal varðandi lögboðnar áletranir á gerð vélknúins ökutækis sem er á tveimur eða þremur hjólum

(skal fylgja með umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar ef hún er ekki lögð fram á sama tíma og umsókn um EB-gerðarviðurkenningu ökutækisins)

Pöntun nr. (undirrituð af umsækjanda): .....

Með umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhluta með tilliti til lögboðinna áletrana á gerð ökutækis sem er á tveimur eða þremur hjólum skulu fylgja upplýsingarnar sem um getur í eftirfarandi liðum í A-hluta I. hluta í II. viðauka við tilskipun 2002/24/EB:

– 0.1,

– 0.2,

– 0.4 til 0.6,

– 9.3.1 til 9.3.3.

_____

3. viðbætir

Heiti yfirvalds

EB-gerðarviðurkenningarvottorð íhluta varðandi lögboðnar áletranir á gerð vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum

FYRIRMYND

Skýrsla nr. ..... tækniþjónustu ..... dagsetning .....

EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar: ..... Rýmkunarnr.: .....

1. Vörumerki eða viðskiptaheiti ökutækis: .....
2. Gerð ökutækis: .....
3. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....

   .....
4. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðanda (ef við á): .....

   .....
5. Ökutæki lagt fram til prófunar þann: .....
6. EB-gerðarviðurkenning íhlutar er veitt/synjað er um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar ([6]):
7. Staður: .....
8. Dagsetning: .....
9. Undirskrift: .....

([6]) Strikið yfir það sem á ekki við.

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 5. gr.)

Tilskipun ráðsins 93/34/EBE
(Stjtíð. EB L 188, 29.7.1993, bls. 38)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/25/EB
(Stjtíð. EB L 104, 21.4.1999, bls. 19)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/27/EB Einungis 2. gr. og II. viðauki
(Stjtíð. ESB L 66, 8.3.2006, bls. 7)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar

(sem um getur í 5. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
93/34/EBE	14. desember 1994	14. júní 1995
1999/25/EB	31. desember 1999	1. janúar 2000 (*)
2006/27/EB	31. desember 2006 (**)	—

(*) Í samræmi við 2. gr. tilskipunar 1999/25/EB:

„1. Frá og með 1. janúar 2000 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða lögboðnar áletranir:

– að synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis sem er á tveimur eða þremur hjólum,

– að banna að ökutæki, sem eru á tveimur eða þremur hjólum, verði skráð, seld eða tekin í notkun,

ef lögboðnar áletranir eru í samræmi við kröfur tilskipunar 93/34/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. júlí 2000 skulu aðildarríkin synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir allar gerðir ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum, af ástæðum er varða lögboðnar áletranir, ef kröfur tilskipunar 93/34/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, eru ekki uppfylltar.“

(**) Í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2006/27/EB:

„1. Að því er varðar ökutæki sem eru á tveimur eða þremur hjólum og uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum […], 93/34/EBE, […] eins og þeim er breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 1. janúar 2007, af ástæðum sem varða efnisatriði hlutaðeigandi tilskipunar, ekki synja um EB-gerðarviðurkenningu eða banna að téð ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.

2. Að því er varðar nýjar gerðir ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum og uppfylla ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum […], 93/34/EBE, […] eins og þeim er breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 1. júlí 2007, synja téðum ökutækjum um veitingu EB-gerðarviðurkenningar af ástæðum sem varða efnisatriði hlutaðeigandi tilskipunar.

III. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 93/34/EBE	Tilskipun 2006/27/EB	Þessi tilskipun
1., 2. og 3. gr.		1., 2. og 3. gr.
1. mgr. 4. gr.		—
—	1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 4. gr.
—	2. mgr. 5. gr.	2. mgr. 4. gr.
2. mgr. 4. gr.		3. mgr. 4. gr.
—		5. gr.
—		6. gr.
5. gr.		7. gr.
Viðauki		I. viðauki
—		II. viðauki
—		III. viðauki

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1161/2010 2011/EES/55/27

frá 9. desember 2010

um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 5. mgr. 18.gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru yfirvaldi aðildarríkis umsókn um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbæra yfirvaldið skal framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin.

3) Þegar Matvælaöryggisstofnuninni hefur borist umsókn skal hún tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni án tafar og skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Í kjölfar umsóknar frá Laboratoire Vie et Santé, sem lögð var fram 29. desember 2008 skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti um heilsufullyrðingu sem varðar samhengið milli Catalgine® bouffées de chaleur og minnkandi tíðni hitasteypna (spurning nr. EFSA-Q-2009-00852) ([2]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Stuðlar að minnkandi tíðni hitasteypna“.

6) Hinn 13. janúar 2010 fengu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Catalgine® bouffées de chaleur og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfur reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 skal hún ekki leyfð.

7) Heilsufullyrðingar, sem vísað er til í a-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, falla einungis undir þær aðlögunarráðstafanir sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar ef þær uppfylla skilyrðin sem þar koma fram, þ.m.t. að þær verði að vera í samræmi við reglugerðina. Að því er varðar fullyrðinguna, sem þessi reglugerð fjallar um, komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu matvælanna og fullyrtu áhrifanna og fullyrðingin er því ekki í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og þar af leiðandi á aðlögunartímabilið, sem kveðið er á um í 5. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar, ekki við. Veita skal sex mánaða aðlögunartímabil til að gefa stjórnendum matvælafyrirtækja færi á að laga sig að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðinguna, sem sett er fram í viðauka við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

Þó má halda áfram að nota hana í sex mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

0401130	Akurdoðra					0,05(*)	0,05		0,05(*)
0401140	Hampfræ					0,05(*)	0,05		0,05(*)
0401150	Kristpálmafræ					0,05(*)	0,05		0,05(*)
0401990	Annað					0,05(*)	0,05		0,05(*)
0402000	ii. **Olíurík aldin**				0,05(*)		0,02(*)	0,02(*)	0,05(*)
0402010	Ólífur til ólífuframleiðslu					1			
0402020	Pálmahnetur (pálmaolíukjarnar)					0,05(*)			
0402030	Pálmaaldin					0,05(*)			
0402040	Dúnviðaraldin					0,05(*)			
0402990	Annað					0,05(*)			
0500000	5. **KORNTEGUNDIR**	0,01(*)	0,01(*)		0,5				
0500010	Bygg			0,05(*)		0,1	0,1	0,3	0,05(*)

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
0500020	Bókhveiti			0,05(*)		0,1	0,1	0,02(*)	0,05(*)
0500030	Maís			0,05(*)		0,1	0,1	0,02(*)	0,05(*)
0500040	Hirsi			0,05(*)		0,05(*)	0,1	0,02(*)	0,05(*)
0500050	Hafrar			0,05(*)		0,1	0,1	0,05	0,05(*)
0500060	Hrísgrjón			0,05(*)		1,5	0,1	0,02(*)	3
0500070	Rúgur			0,05(*)		0,1	0,1	0,1	0,05(*)
0500080	Dúrra			0,05(*)		0,05(*)	0,1	0,02(*)	0,05(*)
0500090	Hveiti			2		0,1	0,15	0,1	0,05(*)
0500990	Annað			0,05(*)		0,05(*)	0,1	0,02(*)	0,05(*)
0600000	6. **TE, KAFFI, JURTATE OG KAKÓ**	0,02(*)		0,05(*)	0,05(*)		0,02(*)	0,02(*)	0,1
0610000	i. **Te (þurrkuð lauf og stilkar, einnig gerjuð, Camellia sinensis)**		10			0,05(*)			
0620000	ii. **Kaffibaunir**		0,01(*)			1			
0630000	iii. **Jurtate (þurrkað)**		0,01(*)			0,05(*)			
0631000	a) *Blóm*								
0631010	Gæsajurt								
0631020	Læknakólfur								
0631030	Rósablöð								
0631040	Jasmínublóm								
0631050	Lindiblóm								
0631990	Annað								
0632000	b) *Lauf*								
0632010	Jarðarberjalauf								
0632020	Rauðrunnalauf								
0632030	Indíánaþyrniste								
0632990	Annað								
0633000	c) *Rætur*								
0633010	Garðabrúðurót								
0633020	Ginsengrót								
0633990	Annað								
0639000	d) *nnað jurtate*								
0640000	iv. **Kakóbaunir (gerjaðar baunir)**		0,01(*)			0,05(*)			

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
0650000	v. **Karób (Jóhannesarbrauð)**		0,01(*)			0,05(*)			
0700000	7. **HUMLAR (þurrkaðir), þ.m.t. humlakögglar og óþykkt duft**	0,02(*)	0,01(*)	2	0,05(*)	10	0,02(*)	0,02(*)	0,1
0800000	8. **KRYDD**	0,02(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,02(*)	1
0810000	i. **Fræ**								
0810010	Anís								
0810020	Ilmfrú								
0810030	Sellerífræ								
0810040	Kóríanderfræ								
0810040	Kúmínfræ								
0810060	Dillfræ								
0810070	Fennikufræ								
0810080	Grikkjasmári								
0810090	Múskat								
0810990	Annað								
0820000	ii. **Aldin og ber**								
0820010	Allrahanda								
0820020	Aníspipar (kínapipar)								
0820030	Kúmen								
0820040	Kardimomma								
0820050	Einiber								
0820060	Pipar, svartur og hvítur								
0820070	Vanillustangir								
0820080	Tamarind								
0820990	Annað								
0830000	iii. **Börkur**								
0830010	Kanill								
0830990	Annað								
0840000	iv. **Rætur eða jarðstönglar**								
0840010	Lakkrís								
0840020	Engifer								

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
0840030	Kúrkúma (gullinrót)								
0840040	Piparrót								
0840990	Annað								
0850000	v. **Blómknappar**								
0850010	Negull								
0850020	Kapers								
0850990	Annað								
0860000	vi. **Fræni**								
0860010	Saffran								
0860990	Annað								
0870000	vii. **Frækápur**								
0870010	Múskathýði								
0870990	Annað								
0900000	9. **SYKURPLÖNTUR**	0,01(*)	0,01(*)	0,05(*)				0,02(*)	
0900010	Sykurrófa (rót)				0,1	0,5	0,06		0,05(*)
0900020	Sykurreyr				0,05(*)	0,05(*)	0,02(*)		1
0900030	Kaffifífilsrætur				0,05(*)	0,5	0,02(*)		0,05(*)
0900990	Annað				0,05(*)	0,05(*)	0,02(*)		0,05(*)
1000000	10. **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU — LANDDÝR**	0,01(*)	0,01(*)		0,01(*)				0,05(*)
1010000	i. **Kjöt, unnar kjötvörur, sláturmatur, blóð, dýrafita; nýtt, kælt eða fryst, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt eða ætt mjöl, fín- eða gróf-malað; aðrar unnar afurðir, t.d. pylsur og tilreidd matvæli gerð úr þessum vörum**								
1011000	a) *Svín*						0,01(*)		
1011010	Kjöt			0,03		0,1		0,05	
1011020	Fita, án magurs kjöts			0,02(*)		0,05(*)		0,05	
1011030	Lifur			0,03		0,3		0,2	
1011040	Nýru			0,03		0,3		0,2	
1011050	Ætur sláturmatur			0,03		0,3		0,2	
1011990	Annað			0,03(*)		0,05(*)		0,01(*)	

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
1012000	b) *Nautgripir*								
1012010	Kjöt			0,03		0,1	0,01(*)	0,05	
1012020	Fita			0,02(*)		0,05(*)	0,01(*)	0,05	
1012030	Lifur			0,03		0,3	0,05	0,2	
1012040	Nýru			0,03		0,3	0,01(*)	0,2	
1012050	Ætur sláturmatur			0,03		0,3	0,01(*)	0,2	
1012990	Annað			0,03(*)		0,05(*)	0,01(*)	0,05	
1013000	c) *Sauðfé*						0,01(*)		
1013010	Kjöt			0,03		0,1		0,05	
1013020	Fita			0,02(*)		0,05(*)		0,05	
1013030	Lifur			0,03		0,3		0,2	
1013040	Nýru			0,03		0,3		0,2	
1013050	Ætur sláturmatur			0,03		0,3		0,2	
1013990	Annað			0,03(*)		0,05(*)		0,01(*)	
1014000	d) *Geitur*						0,01(*)		
1014010	Kjöt			0,03		0,1		0,05	
1014020	Fita			0,02(*)		0,05(*)		0,05	
1014030	Lifur			0,03		0,3		0,2	
1014040	Nýru			0,03		0,3		0,2	
1014050	Ætur sláturmatur			0,03		0,3		0,2	
1014990	Annað			0,03(*)		0,05(*)		0,01(*)	
1015000	e) *Hestar, asnar, múldýr eða múlasnar*						0,01(*)		
1015010	Kjöt			0,03		0,1		0,05	
1015020	Fita			0,02(*)		0,05(*)		0,05	
1015030	Lifur			0,03		0,3		0,2	
1015040	Nýru			0,03		0,3		0,2	
1015050	Ætur sláturmatur			0,03		0,3		0,2	
1015990	Annað			0,03(*)		0,05(*)		0,01(*)	
1016000	f) *Alifuglar — hænsni, gæsir, endur, kalkúnar og perluhænsn — strútar, dúfur*					0,05(*)	0,01(*)		
1016010	Kjöt			0,03				0,05	

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
1016020	Fita			0,02(*)				0,05	
1016030	Lifur			0,03				0,05	
1016040	Nýru			0,03				0,05	
1016050	Ætur sláturmatur			0,03				0,01(*)	
1016990	Annað			0,03(*)				0,01(*)	
1017000	g) *Önnur húsdýr*						0,01(*)		
1017010	Kjöt			0,03		0,1		0,05	
1017020	Fita			0,02(*)		0,05(*)		0,05	
1017030	Lifur			0,03		0,3		0,2	
1017040	Nýru			0,03		0,3		0,2	
1017050	Ætur sláturmatur			0,03		0,3		0,2	
1017990	Annað			0,03(*)		0,05(*)		0,01(*)	
1020000	ii. **Mjólk og rjómi, þó ekki þykkt eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni, smjör og önnur fita framleidd úr mjólk, ostur og ystingur**			0,02(*)		0,1	0,01(*)	0,01(*)	
1020010	Nautgripir								
1020020	Sauðfé								
1020030	Geitur								
1020040	Hestar								
1020990	Annað								
1030000	iii. **Fuglsegg, ný, rotvarin eða soðin; skurnlaus egg og eggjarauður, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða rotvarið með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni**			0,05		0,05(*)	0,01(*)	0,05	
1030010	Kjúklingar								
1030020	Endur								
1030030	Gæsir								
1030040	Kornhænur								
1030990	Annað								

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
1040000	iv. **Hunang**			0,05		0,05(*)	0,01(*)	0,01(*)	
1050000	v. **Froskdýr og skriðdýr**			0,05		0,05(*)	0,01(*)	0,01(*)	
1060000	vi. **Sniglar**			0,05		0,05(*)	0,01(*)	0,01(*)	
1070000	vii. **Aðrar afurðir landdýra**			0,05		0,05(*)	0,01(*)	0,01(*)	

([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

(*) Sýnir neðri greiningarmörk.

(F) = Fituleysanleg“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 957/2010 2011/EES/55/31

frá 22. október 2010

um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 3. mgr. 17.gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru yfirvaldi aðildarríkis umsókn um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbæra yfirvaldið skal framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin.

3) Þegar Matvælaöryggisstofnuninni hefur borist umsókn skal hún tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um umsóknina án tafar og skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Tvö álit, sem um getur í þessari reglugerð, tengdust umsóknum um fullyrðingar um minnkun á sjúkdómsáhættu eins og um getur í a-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og þrjú álit tengdust umsóknum um heilsufullyrðingar sem vísuðu til þroskunar og heilbrigðis barna, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

6) Í kjölfar umsóknar frá Association de la Transformation Laitière Française (ATLA), sem lögð var fram skv. b-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu varðandi áhrif joðs á eðlilegan vöxt barna (spurning nr. EFSA-Q-2008-322)[2]. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Joð er nauðsynlegt til að börn vaxi eðlilega“.

7) Með hliðsjón af framlögðum gögnum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í áliti sínu, sem barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum 20. nóvember 2009, að orsakatengsl hefðu verið staðfest milli inntöku joðs og fullyrtu áhrifanna. Því telst heilsufullyrðing, sem samrýmist þeirri niðurstöðu, uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og skal henni bætt við á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar.

8) Í kjölfar umsóknar frá Association de la Transformation Laitière Française (ATLA), sem lögð var fram skv. b-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu varðandi áhrif járns á vitsmunalegan þroska barna (spurning nr. EFSA-Q-2008-322) ([3]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Járn er nauðsynlegt fyrir vitsmunalegan þroska barna“.

9) Með hliðsjón af fram lögðum gögnum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í áliti sínu sem barst framkvæmdastjórninni 20. nóvember 2009 að orsakatengsl hefðu verið staðfest milli inntöku járns og fullyrtu áhrifanna. Því telst heilsufullyrðing, sem samrýmist þeirri niðurstöðu, uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og skal henni bætt við á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar.

10) Í 4. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að tiltekin atriði skuli koma fram í áliti þar sem mælt er með því að veita leyfi fyrir heilsufullyrðingu. Til samræmis við það skulu þessi atriði sett fram í I. viðauka við þessa reglugerð að því er varðar leyfðar fullyrðingar, þ. á m. og eftir því sem við á, breytt orðalag viðkomandi fullyrðinga, sértæk skilyrði fyrir notkun þeirra og, eftir því sem við á, skilyrði og takmarkanir varðandi notkun matvælanna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörun, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og álit Matvælaöryggisstofnunarinnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 279, 23.10.2010, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við *EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls.31.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 7 (11), 1359.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 7 (11), 1360.

11) Eitt af markmiðum reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er að tryggja að heilsufullyrðingar séu sannar, skýrar, áreiðanlegar og gagnlegar fyrir neytendur og að tekið sé tillit til orðalags og framsetningar að því er þetta varðar. Ef orðalag fullyrðinga felur í sér sömu merkingu fyrir neytendur og leyfð heilsufullyrðing vegna þess að þær staðfesta sömu tengsl og eru fyrir hendi milli matvælaflokks, matvæla eða eins af innihaldsefnum þeirra annars vegar og heilbrigðis hins vegar skulu þær því lúta sömu skilyrðum fyrir notkun og eru tilgreind í I. viðauka.

12) Í kjölfar umsóknar frá GP International Holding BV, sem lögð var fram skv. a-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif OPC Premium™ á minnkun kólesteróls í blóði (spurning nr. EFSA-Q-2009-00454) ([1]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Sýnt hefur verið fram á að OPC minnkar kólesterólmagnið í blóðinu og getur þar af leiðandi dregið úr áhættunni á hjarta- og æðasjúkdómum“.

13) Á grundvelli framlagðra gagna komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í áliti sínu, sem barst framkvæmdastjórninni 26. október 2009, að orsakatengsl hefðu ekki verið staðfest milli inntöku OPC Premium™ og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfur reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 skal hún ekki leyfð.

14) Í kjölfar umsóknar frá Valosun AS, sem lögð var fram skv. a-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif Uroval® á þvagfærasýkingar (spurning nr. EFSA-Q-2009-00600) ([2]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Trönuberjakjarni og D-mannósi, helstu virku innihaldsefni fæðubótarefnisins Uroval®, koma í veg fyrir að skaðlegar bakteríur loði við blöðruvegginn. Viðloðun skaðlegra baktería við blöðruvegginn er helsti áhættuþátturinn í þróun þvagfærasýkinga“.

15) Með hliðsjón af framlögðum gögnum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í áliti sínu, sem barst framkvæmdastjórninni 22. desember 2009, að orsakatengsl hefðu ekki verið staðfest milli inntöku Uroval® og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfur reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 skal hún ekki leyfð.

16) Í kjölfar umsóknar frá Töpfer GmbH, sem lögð var fram skv. b-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif tiltekinnar samsetningar bífídóbaktería (*Bifidobacterium bifidum, Bifidobacterium breve, Bifidobacterium infantis, Bifidobacterium longum)* þess efnis að þær vinni gegn örverum í þörmum sem eru hugsanlega sjúkdómsvaldandi (spurning nr. EFSA-Q-2009-00224) ([3]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Bífídóbakteríur, sem eru bætibakteríur, stuðla að heilbrigðri þarmaflóru sem er sambærileg þarmaflóru ungbarna sem höfð eru á brjósti“.

17) Með hliðsjón af framlögðum gögnum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í áliti sínu, sem barst framkvæmdastjórninni 22. desember 2009, að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli inntöku þessarar samsetningar bífídóbaktería og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfur reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 skal hún ekki leyfð.

18) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjendum og almenningi sem bárust framkvæmdastjórninni í tengslum við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Nota má heilsufullyrðingarnar í I. viðauka við þessa reglugerð fyrir matvæli á markaði Evrópusambandsins í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í þeim viðauka.

Þessum heilsufullyrðingum skal bætt á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem um getur í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. gr.

Heilsufullyrðingarnar, sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, skulu ekki færðar á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar, sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

([1]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 7 (10), 1356.
([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 7 (12), 1421.
([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 7 (12), 1420.

Halda má áfram að nota heilsufullyrðingar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og eru tilgreindar í II. viðauka við þessa reglugerð, í sex mánuði frá gildistöku þessarar reglugerðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. október 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Leyfðar heilsufullyrðingar

Umsókn — viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Umsækjandi — heimilisfang	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælanna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörun	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing sem varðar b-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna	Association de la Transformation Laitière Française (ATLA), 42 rue de Châteaudun, 75314 Paris Cedex 09, France	Joð	Joð stuðlar að eðlilegum vexti barna	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. uppspretta joðs eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/EÐA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006		Q-2008-324
Heilsufullyrðing sem varðar b-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna	Association de la Transformation Laitière Française (ATLA), 42 rue de Châteaudun, 75314 Paris Cedex 09, France	Járn	Járn stuðlar að eðlilegum vitsmunalegum þroska barna	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. uppspretta járns eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/EÐA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006		Q-2008-325

II. VIÐAUKI

HEILSUFULLYRÐINGAR SEM HEFUR VERIÐ HAFNAÐ

Umsókn — viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing sem varðar a-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu	OPC Premium™	Sýnt hefur verið fram á að OPC minnkar kólesterólmagnið í blóðinu og getur þar af leiðandi dregið úr áhættunni á hjarta- og æðasjúkdómum	Q-2009-00454
Heilsufullyrðing sem varðar a-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu	Uroval®	Trönuberjakjarni og D-mannósi, helstu virku innihaldsefni fæðubótarefnisins Uroval®, koma í veg fyrir að skaðlegar bakteríur loði við blöðruvegginn. Viðloðun skaðlegra baktería við blöðruvegginn er helsti áhættuþátturinn í þróun þvagfærasýkinga	Q-2009-00600
Heilsufullyrðing sem varðar b-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna	Samsetning bífídóbaktería (*Bifidobacterium bifidum, Bifidobacterium breve, Bifidobacterium infantis, Bifidobacterium longum*)	Bífídóbakteríur, sem eru bætibakteríur, stuðla að heilbrigðri þarmaflóru sem er sambærileg þarmaflóru ungbarna sem höfð eru á brjósti	Q-2009-00224

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 958/2010 **2011/EES/55/32**

frá 22. október 2010

um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 5. mgr. 18.gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru yfirvaldi aðildarríkis umsókn um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbæra yfirvaldið skal framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin.

3) Þegar Matvælaöryggisstofnuninni hefur borist umsókn skal hún tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni án tafar og skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Í kjölfar umsóknar frá Rudolf Wild GmbH & Co. KG, sem lögð var fram 10. júní 2008 skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif Immune Balance Drink á styrkingu varna líkamans (spurning nr. EFSA-Q-2009-00517) ([2]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var m.a. svohljóðandi: „Immune Balance Drink virkjar varnir líkamans“.

6) Hinn 4. nóvember 2009 fengu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Immune Balance Drink og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfur reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 skal hún ekki leyfð.

7) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjenda og almenningi sem bárust framkvæmdastjórninni í tengslum við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

8) Heilsufullyrðingar, sem vísað er til í a-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, falla einungis undir þær aðlögunarráðstafanir sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar ef þær uppfylla skilyrðin sem þar koma fram, þ.m.t. að þær verði að vera í samræmi við reglugerðina. Að því er varðar fullyrðinguna, sem þessi reglugerð fjallar um, komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu matvælanna og fullyrtu áhrifanna og fullyrðingin er því ekki í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og þar af leiðandi á aðlögunartímabilið, sem kveðið er á um í 5. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar, ekki við. Veita skal sex mánaða aðlögunartímabil til að gefa stjórnendum matvælafyrirtækja færi á að laga sig að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðinguna, sem sett er fram í viðauka við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

Þó má halda áfram að nota hana í sex mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 279, 23.10.2010, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 31.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 7 (11), 1357.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. október 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Heilsufullyrðing sem hefur verið hafnað

Umsókn – viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Immune Balance drink	Immune Balance Drink virkjar varnir líkamans	Q-2009-00517

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1266/2010 **2011/EES/55/33**

frá 22. desember 2010

um breytingu á tilskipun 2007/68/EB að því er varðar kröfur um merkingar á vínum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ([1]), einkum 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/68/EB ([2]) er skránni í III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB yfir innihaldsefnin, sem tilgreina skal í merkingum matvæla þar eð líklegt er að þau valdi skaðlegum áhrifum hjá smitnæmum einstaklingum, breytt. Þar er einnig sett fram skrá yfir viss afleidd efni þeirra innihaldsefna sem talin eru upp í III. viðauka a og sýnt hefur verið fram á með vísindalegum hætti að séu ekki líkleg til að valda skaðlegum áhrifum við sérstakar aðstæður og eru þau því undanskilin frá kröfum um merkingar. Enn fremur fellir hún úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/26/EB frá 21. mars 2005 um gerð skráar yfir innihaldsefni í matvælum og efni sem er sleppt til bráðabirgða úr III. viðauka a við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB ([3]).

2) Þar eð breytingar á reglum um merkingu hafa áhrif á atvinnugreinina, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki sem þurfa aðlögunartíma svo að umskipti, sem fela í sér nýjar kröfur um merkingu, gangi snurðulaust fyrir sig, var í tilskipun 2007/68/EB kveðið á um tímabundnar ráðstafanir til að auðvelda framkvæmd nýrra reglna með því að heimila markaðssetningu matvæla, sem sett voru á markað eða merkt fyrir 31. maí 2009 og sem voru í samræmi við tilskipun 2005/26/EB, meðan birgðir entust.

3) Aðlögunartímabilið, sem fastsett er með þessum bráðabirgðaráðstöfunum, var framlengt til 31. desember 2010 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 415/2009 ([4]) að því er varðar vín eins og þau eru skilgreind í IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 479/2008 ([5]).

4) Eftir að reglugerð (EB) nr. 479/2008 var felld úr gildi eru vín nú skilgreind í XI. viðauka b við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ([6]). Því skal vísa til þess viðauka.

5) Í samræmi við fyrstu undirgrein 11. mgr. 6. gr. tilskipunar 2000/13/EB skal endurskoða kerfisbundið skrána í III. viðauka a og uppfæra, ef nauðsyn krefur, á grundvelli nýjustu vísindaþekkingar.

6) Innan víngeirans voru framkvæmdar nýjar, vísindalegar rannsóknir á ofnæmisvirkni kaseins og eggjahvítu, sem unnið er úr mjólk annars vegar og eggjum hins vegar, sem notuð eru sem felliefni í vínframleiðslunni. Samkvæmt umsækjandanum eru þessar rannsóknir byggðar á nýjum vísindagögnum sem sýna fram á að vín, þar sem kasein og eggjahvíta eru notuð sem felliefni samkvæmt góðum framleiðsluháttum, séu ekki líkleg til að valda skaðlegum áhrifum hjá einstaklingum með mjólkur- eða eggjaofnæmi.

7) Hinn 8. júní og 19. júlí 2010 óskaði Alþjóðavínstofnunin eftir undanþágu frá merkingum að því er varðar kasein og eggjahvítu sem notuð eru við framleiðslu á víni sem hjálparefni til fellingar við vinnslu.

8) Hinn 14. júlí og 30. júlí 2010 lagði framkvæmdastjórnin fram beiðni um vísindalegt álit á framangreindum efnum hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópu.

9) Til að forðast að leggja óþarfa byrðar á rekstraraðila vegna breytinga á reglum um merkingar skal skyldubundinni beitingu tilskipunar 2007/68/EB í víngeiranum frestað meðan beðið er eftir vísindalegu mati Matvælaöryggisstofnunarinnar.

10) Dagsetningin, sem kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2007/68/EB og aðlögunartímabilið miðast við, skal vera 30. júní 2012 fyrir vín sem sett eru á markað eða merkt fyrir þann dag og á meðan birgðir endast, að því tilskildu að þau séu í samræmi við þágildandi ákvæði, nánar tiltekið ákvæði tilskipunar 2005/26/EB.

11) Því ber að breyta tilskipun 2007/68/EB til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 347, 31.12.2010, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 34.

([1]) Stjtíð. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 310, 28.11.2007, bls. 11.

([3]) Stjtíð. ESB L 75, 22.3.2005, bls. 33.

([4]) Stjtíð. ESB L 125, 21.5.2009, bls. 52.

([5]) Stjtíð. ESB L 148, 6.6.2008, bls. 1.

([6]) Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2007/68/EB komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu heimila að vín, eins og þau eru skilgreind í XI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 1234/2007, sem voru sett á markað eða merkt fyrir 30. júní 2012 og eru í samræmi við ákvæði tilskipunar 2005/26/EB, séu markaðssett á meðan birgðir endast.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

José Manuel Barroso

forseti

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/8/ESB **2011/EES/55/34**

frá 28. janúar 2011

um breytingu á tilskipun 2002/72/EB að því er varðar takmörkun á notkun bisfenóls A í barnapela úr plasti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE ([1]), einkum 3. mgr. 18. gr.,

að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/72/EB frá 6. ágúst 2002 um plastefni og -hluti, sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ([2]), er leyfð notkun á 2,2-bis(4-hýdroxýfenýl)própani, almennt nefnt bisfenól A, sem einliðu til framleiðslu á plastefnum og hlutum, sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, í samræmi við álit vísindanefndarinnar um matvæli (hér á eftir nefnd „vísindanefndin“) ([3]) og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) ([4]).

2) Bisfenól A er notað sem einliða í framleiðslu á pólýkarbónatplastefnum. Pólýkarbónatplastefni eru m.a. notuð í framleiðslu á pelum fyrir ungbörn. Við hitun við tiltekin skilyrði getur lítið magn bisfenóls A hugsanlega losnað úr matarílátum og borist í matvæli og drykkjarvörur og þannig verið tekið inn.

3) Hinn 29. mars 2010 tilkynnti danska ríkisstjórnin framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum að hún hefði ákveðið að beita verndarráðstöfununum, sem kveðið er á um í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, og banna tímabundið notkun á bisfenóli A til framleiðslu á plastefnum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli sem ætluð eru börnum á aldrinum 0–3 ára ([5]).

4) Danska ríkisstjórnin rökstuddi verndarráðstöfun sína með áhættumati sem Matvælastofnun Danmerkur við Tækniháskóla Danmerkur (da. Fødevareinstituttet under Danmarks Tekniske Universitet) (hér á eftir nefnd „Matvælastofnun Danmerkur“) lagði fram. Áhættumatið nær til mats á ítarlegri rannsókn sem gerð var á dýrum sem látin höfðu verið komast í snertingu við bisfenól A í litlum skömmtum með vöktun á þroskun taugakerfis og atferlis hjá nýfæddum rottum. Matvælastofnun Danmerkur hefur einnig metið hvort nýju gögnin breyti fyrra mati hennar á hugsanlegum eiturhrifum bisfenóls A á þroskun taugakerfisins og áhrifum á atferli.

5) Í samræmi við verklagsregluna, sem kveðið er á um í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, óskaði framkvæmdastjórnin 30. mars 2010 eftir áliti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu á forsendunum sem Danmörk lagði fram fyrir þeirri niðurstöðu að notkun á efninu stofni heilbrigði manna í hættu þó að það samræmist viðkomandi, sértækum ráðstöfunum.

6) Hinn 6. júlí 2010 tilkynnti franska ríkisstjórnin framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum 9. júlí 2010 að hún hefði ákveðið að beita verndarráðstöfununum sem kveðið er á um í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004 og banna tímabundið framleiðslu, innflutning, útflutning og setningu á markað á pelum sem innihalda bisfenól A ([6]).

7) Franska ríkisstjórnin rökstuddi verndarráðstöfun sína með tveimur álitum, sem franska Matvælaöryggisstofnunin (fr. l'Agence française de sécurité sanitaire des aliments) gaf út 29. janúar og 7. júní 2010, og skýrslu frönsku Þjóðarstofnunarinnar á sviði heilbrigðis og læknisfræðirannsókna (fr. l'Institut national de la santé et de la recherche médicale) frá 3. júní 2010.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 26, 29.1.2011, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 34.

([1]) Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

([2]) Stjtíð. EB L 220, 15.8.2002, bls. 18.

([3]) Álit vísindanefndarinnar um matvæli um bisfenól A, sett fram 17. apríl 2002. SCF/CS/PM/3936 lokagerð, 3. maí 2002. http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/out128_en.pdf

([4]) Álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli, veitt að beiðni framkvæmdastjórnarinnar varðandi 2,2-BIS(4-HÝDROXÝFENÝL) PRÓPAN (bisfenól A), spurning nr. EFSA-Q-2005-100, samþykkt 29. nóvember 2006, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 428, bls. 1, og eiturefnaferli bisfenóls A (e. toxicokinetics of bisphenol A), vísindalegt álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli, (spurning nr. EFSA-Q-2008-382), samþykkt 9. júlí 2008, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 759, bls. 1.

([5]) Bekendtgørelse om ændring af bekendtgørelse om materialer og genstande bestemt til kontakt med fødevarer, Lovtidende A, Nr. 286, 27.3.2010.

([6]) LOI no 2010-729 du 30 juin 2010 tendant à suspendre la commercialisation de biberons produits à base de bisphénol A, JORF no 0150 du 1 juillet 2010, bls. 11857.

8) Matvælaöryggisstofnun Evrópu samþykkti 23. september 2010 álit sérfræðinganefndar sinnar um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við vinnslu (hér á eftir nefnd „sérfræðinganefndin“) um bisfenól A þar sem brugðist var við beiðni framkvæmdastjórnarinnar frá 30. mars 2010 og álitið náði einnig til mats á þeirri tilteknu taugaatferlislegu rannsókn sem metin var í danska áhættumatinu og endurskoðunar og mats á öðrum nýlega birtum rannsóknum um bisfenól A ([7]).

9) Í áliti sínu kemst sérfræðinganefndin að þeirri niðurstöðu að á grundvelli hins ítarlega mats á nýlegum gögnum um eiturhrif hjá mönnum og dýrum væri ekki hægt að benda á neina nýja rannsókn sem kallað gæti á endurmat á núverandi þolanlegri, daglegri inntöku sem er 0,05 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Þessi þolanlega, daglega inntaka byggist á gildum þar sem skaðleg áhrif eru engin sem eru 5 mg/kg líkamsþyngdar á dag, fengin úr rannsókn á áhrifum eiturhrifa á æxlun hjá rottum sem náði yfir margar kynslóðir, ásamt beitingu á óvissustuðlinum 100, sem er talið vera varfærnislegt á grundvelli allra upplýsinga um eiturefnaferli bisfenóls A. Hins vegar komst einn nefndarmaður sérfræðinganefndarinnar að þeirri niðurstöðu í minnihlutaáliti að áhrifin, sem komu fram í tilteknum rannsóknum, vektu upp óvissu sem núverandi gildi fyrir þolanlega, daglega inntöku ná e.t.v. ekki til og því ætti að líta svo á að þau séu til bráðabirgða þar til öruggari gögn koma fram varðandi óvissusviðin.

10) Sérfræðinganefndin minntist á að sumar dýrarannsóknir, sem gerðar hafa verið á dýrum á þroskaskeiði hafi bent til annarra áhrifa sem tengjast bisfenóli A sem hugsanlega skipta máli að því er eiturefnafræði varðar, einkum lífefnafræðilegar breytingar í heila, ónæmisstýrandi áhrif (e. immune-modulatory effects), og aukin áhætta á æxlum í brjóstum. Margir annmarkar eru á þessum rannsóknum. Eins og stendur er ekki hægt að meta hvaða þýðingu niðurstöður þessara rannsókna hafa með tilliti til heilbrigðis manna. Komi fram einhver ný viðeigandi gögn í framtíðinni mun sérfræðinganefndin endurskoða álit sitt.

11) Ungbarnablanda eða brjóstamjólk er eina uppspretta næringar fyrir ungbörn allt að 4 mánaða að aldri og er áfram mikilvægasta uppspretta næringar í nokkra mánuði eftir þann aldur. Í áliti sínu frá 2006 komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ungbörn á aldrinum 3 til 6 mánaða sem drekka úr pelum úr pólýkarbónati komist í mesta snertingu við bisfenól A, en hún sé þó undir gildum fyrir þolanlega, daglega inntöku. Hjá þessum hópi ungbarna minnka hugsanleg váhrif af völdum bisfenóls A þegar hætt er smám saman að gefa þeim að drekka úr pelum úr pólýkarbónati og önnur næring verður ríkjandi.

12) Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar var bent á að jafnvel þó að ungbarn hafi nægjanlega getu til að losa sig við bisfenól A ef til verstu hugsanlegra váhrifa kemur er geta líffærakerfa ungbarna til að losa sig við bisfenól A ekki eins þróuð og hjá fullorðnum og getan verður smám saman sú sama og hjá fullorðnum á fyrstu sex mánuðum ævinnar.

13) Hugsanleg eiturefnafræðileg áhrif hafa ef til vill meiri áhrif á lífveru á þroskunarskeiði en síðar. Samkvæmt álitum vísindanefndarinnar um matvæli frá 1997 ([8]) og 1998 ([9]) eru tiltekin áhrif einkar mikilvæg að því er ungbörn varðar, einkum áhrif á innkirtla og æxlun, áhrif á ónæmiskerfið og á þroskun taugakerfisins. Áhrif bisfenóls A á æxlun og á þroskun taugakerfisins hafa verið rannsökuð á yfirgripsmikinn hátt í stöðluðum, eiturefnafræðilegum prófunum, sem náðu til margra kynslóða, og í öðrum rannsóknum, þar sem tekið var tillit til lífvera á þroskunarskeiði, og þær leiddu ekki í ljós áhrif af skömmtum undir gildum fyrir þolanlega, daglega inntöku. Rannsóknir, sem ekki var hægt að taka tillit til við ákvörðun gilda fyrir þolanlega, daglega inntöku vegna margra annmarka, leiddu hins vegar í ljós áhrif sem tengdust bisfenóli A og geta hugsanlega skipt máli að því er eiturefnafræði varðar. Þessi áhrif, einkum þau sem tengjast lífefnafræðilegum breytingum í heila og sem geta haft áhrif á þroskun taugakerfisins og á ónæmisstýringu, draga fram það svið sem skiptir sérstaklega máli að því er varðar ungbörn og sem áhersla var lögð á í álitum vísindanefndarinnar frá 1997 og 1998. Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2010 er enn fremur minnst á aukin áhrif vegna snemmkominna váhrifa af völdum bisfenóls A á æxlismyndun síðar á ævinni ef snerting verður við krabbameinsvald. Í þessu tilviki er það lífvera á þroskunarskeiði sem er hið viðkvæma stig. Því eru það ungbörnin sem eru sérstaklega viðkvæmur hluti þýðisins að því er varðar þær niðurstöður sem ekki er enn hægt að meta að fullu hvaða áhrif hafa á heilbrigði manna.

14) Samkvæmt áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2006 eru pelar úr pólýkarbónati aðaluppspretta hugsanlegra váhrifa á ungbörn af völdum bisfenóls A. Staðgönguefni fyrir pólýkarbónat sem innihalda ekki bisfenól A eru á markaði í Evrópusambandinu, einkum þá pelar fyrir ungbörn sem eru úr gleri og öðrum plastefnum. Þessi staðgönguefni verða að standast þær ströngu öryggiskröfur sem settar eru fram fyrir efni sem komast í snertingu við matvæli. Því er ekki nauðsynlegt að halda áfram notkun á pólýkarbónati, sem inniheldur bisfenól A, í pela fyrir ungbörn.

([7]) Scientific Opinion on Bisphenol A: evaluation of a study investigating its neurodevelopmental toxicity, review of recent scientific literature on its toxicity and advice on the Danish risk assessment of Bisphenol A EFSA Panel on food contact materials, enzymes, flavourings and processing aids (CEF) (spurningar nr.: EFSA-Q-2009-00864, EFSA-Q-2010-01023 og EFSA-Q-2010-00709), samþykkt 23. september 2010, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, 8(9):1829.

([8]) Opinion of the Scientific Committee for Food on: A maximum residue limit (MRL) of 0,01 mg/kg for pesticides in foods intended for infants and young children (birt 19. september 1997).

([9]) Further advice on the opinion of the Scientific Committee for Food expressed on 19 September 1997 on a Maximum Residue Limit (MRL) of 0,01 mg/kg for pesticides in foods intended for infants and young children (samþykkt af hálfu vísindanefndarinnar 4. júní 1998).

15) Í ljósi þess að ungbörn eru ef til vill sérstaklega viðkvæm gagnvart hugsanlegum áhrifum bisfenóls A, þó að talið sé að bisfenól A losni úr líkama ungbarna og jafnvel þótt ekki hafi að fullu verið sýnt fram á áhættuna, einkum ekki fyrir heilbrigði manna, þykir rétt að draga úr hugsanlegum váhrifum bisfenóls A á þau eins og unnt er innan eðlilegra marka, þar til frekari vísindagögn liggja fyrir sem skýra eiturefnafræðilega þýðingu sumra áhrifa af bisfenóli A sem komið hafa fram, einkum að því er varðar lífefnafræðilegar breytingar í heila, ónæmisstýrandi áhrif og aukna áhættu á æxlum í brjóstum.

16) Varúðarreglan, sem um getur í 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([10]), gerir Sambandinu kleift að grípa til bráðabirgðaráðstafana á grundvelli fyrirliggjandi og viðeigandi upplýsinga þar til viðbótaráhættumat og endurskoðun á viðkomandi ráðstöfun liggur fyrir innan hæfilegs tíma.

17) Með tilliti til þess að óvissa er uppi í tengslum við núverandi stöðu vísindarannsókna að því er varðar skaðsemi af hugsanlegum váhrifum á ungbörn af völdum bisfenóls A ([11]) vegna notkunar á pelum úr pólýkarbónati, og að nauðsynlegt er að skýra hana betur hefur framkvæmdastjórnin rétt til að grípa til forvarnarráðstafana varðandi notkun á bisfenóli A í pelum úr pólýkarbónati fyrir ungbörn á grundvelli varúðarreglunnar sem gildir við aðstæður þar sem vísindaleg óvissa ríkir, jafnvel þó að áhættan, einkum fyrir heilbrigði manna, hafi ekki að fullu verið staðfest.

18) Til að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja öfluga heilsuvernd manna er þess vegna nauðsynlegt og rétt að fjarlægja hættuþætti að því er varðar líkamlegt og andlegt heilbrigði sem orsakast geta af því að ungbörn verði fyrir váhrifum af völdum bisfenóls A úr pelum.

19) Framkvæmdastjórnin lagði mat á markaðinn fyrir pela fyrir ungbörn og fékk upplýsingar frá viðkomandi framleiðendum um að iðngreinin væri, að eigin frumkvæði, að skipta þeim út á markaðnum og að efnahagsleg áhrif hinnar fyrirhuguðu ráðstöfunar væru takmörkuð. Því skal vera búið að skipta út öllum pelum, sem innihalda bisfenól A og eru ætlaðir fyrir ungbörn, fyrir mitt ár 2011 á markaðnum í Evrópusambandinu..

20) Þangað til frekari vísindagögn liggja fyrir sem skýra eiturefnafræðilega þýðingu sumra áhrifa af bisfenóli A sem komið hafa fram, einkum að því er varðar lífefnafræðilegar breytingar í heila, ónæmisstýrandi áhrif og aukna áhættu á æxlum í brjóstum, skal banna tímabundið notkun á bisfenóli A til framleiðslu og setningar á markað á pelum úr pólýkarbónati fyrir ungbörn. Því ber að breyta tilskipun 2002/72/EB til samræmis við það. Matvælaöryggisstofnunin hefur umboð til að vakta nýjar rannsóknir til að skýra þessi áhrif.

21) Að loknu mati á tæknilegum og efnahagslegum framkvæmanleika þess að innleiða fyrirhugaða ráðstöfun er niðurstaðan sú að ráðstöfunin skapi ekki meiri höft fyrir viðskipti en þarf til að ná þeirri öflugu heilsuvernd sem er markmið Sambandsins.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í A-þætti í II. viðauka við tilskipun 2002/72/EB kemur eftirfarandi í stað textans í 4. dálki undir tilvísunarnúmerinu 13480 að því er varðar einliðuna 2,2-bis(4-hýdroxýfenýl) própan:

„SFM(H) = 0,6 mg/kg. Notist ekki til framleiðslu á pelum úr pólýkarbónati fyrir ungbörn (*)“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. febrúar 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja ákvæðin, sem um getur í 1. mgr., skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu beita ákvæðunum, sem um getur í 1. mgr., á þann veg að frá og með 1. mars 2011 sé bannað að framleiða, og frá og með 1. júní 2011 að setja á markað og flytja inn í Sambandið, plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og sem uppfylla ekki ákvæði þessarar tilskipunar.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

([10]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

([11]) Eins og skilgreint er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB (Stjtíð. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1)

(*) „Ungbörn“ samkvæmt skilgreiningu í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB (Stjtíð. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1)

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. febrúar 2011.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. janúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

José Manuel BARROSO

forseti

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 249/2009 **2011/EES/55/35**

frá 23. mars 2009

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 að því er varðar aðlögun á gjöldum til Lyfjastofnunar Evrópu með tilliti til verðbólgu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 frá 10. febrúar 1995 um gjöld sem greiða ber til Lyfjamálastofnunar Evrópu ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 3. mgr. 67. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu ([2]) er mælt fyrir um að tekjur Lyfjastofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Lyfjastofnunin) skuli samanstanda af framlögum frá Bandalaginu og gjöldum sem fyrirtæki greiða til Lyfjastofnunarinnar. Í reglugerð (EB) nr. 297/95 er mælt fyrir um flokka og fjárhæðir slíkra gjalda.

2) Í 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 297/95 er mælt fyrir um að framkvæmdastjórnin skuli endurskoða gjöld til Lyfjastofnunarinnar með tilliti til upplýsinga um verðbólgustig og uppfæra þau frá og með 1. apríl ár hvert.

3) Því ber að uppfæra þessi gjöld með tilliti til upplýsinga um verðbólgustig fyrir 2008. Verðbólgustigið í Bandalaginu, eins og Hagstofa Evrópubandalaganna birti það, var 3,7% árið 2008.

4) Til einföldunar skulu aðlagaðar fjárhæðir gjalda námundaðar að næstu 100 evrum.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 297/95 til samræmis við það.

6) Vegna réttarvissu á þessi reglugerð ekki við um gildar umsóknir sem bíða umfjöllunar 1. apríl 2009.

7) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 297/95 skal uppfærslan framkvæmd þannig að hún gildi frá og með 1. apríl 2009. Því er rétt og brýnt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst og gildi frá þeim degi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 297/95 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

      i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

         – Í fyrstu undirgrein komi „251 600 evrum“ í stað „242 600 evrum“.

         – Í annarri undirgrein komi „25 200 evrur“ í stað „24 300 evrur“.

         – Í þriðju undirgrein komi „6 300 evrur“ í stað „6 100 evrur“.

      ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

         – Í fyrstu undirgrein komi „97 600 evrum“ í stað „94 100 evrum“.

         – Í annarri undirgrein komi „162 600 evrum“ í stað „156 800 evrum“.

         – Í þriðju undirgrein komi „9 700 evrur“ í stað „9 400 evrur“.

         – Í fjórðu undirgrein komi „6 300 evrur“ í stað „6 100 evrur“.

      iii. Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

         – Í fyrstu undirgrein komi „75 500 evrum“ í stað „72 800 evrum“.

         – Í annarri undirgrein komi „18 900 til 56 600 evrur“ í stað „18 200 til 54 600 evrur“.

         – Í þriðju undirgrein komi „6 300 evrur“ í stað „6 100 evrur“.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 79, 25.3.2009, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 38.

([1]) Stjtíð. EB L 35, 15.2.1995, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Fyrstu undirgrein a-liðar er breytt sem hér segir:

– Í stað „2 600 evrur“ komi „2 700 evrur“.

– Í stað „6 100 evrur“ komi „6 300 evrur“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

– Í fyrstu undirgrein komi „75 500 evrum“ í stað „72 800 evrum“.

– Í annarri undirgrein komi „18 900 til 56 600 evrur“ í stað „18 200 til 54 600 evrur“.

c) Í 3. mgr. komi „12 500 evrur“ í stað „12 100 evrur“.

d) Í 4. mgr. komi „18 900 evrum“ í stað „18 200 evrum“.

e) Í 5. mgr. komi „6 300 evrur“ í stað „6 100 evrur“.

f) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein komi „90 200 evrum“ í stað „87 000 evrum“.

ii. Í annarri undirgrein komi „22 500 til 67 600 evrur“ í stað „21 700 til 65 200 evrur“.

2. Í 4. gr. komi „62 800 evrum“ í stað „60 600 evrum“.

3. Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

– Í fyrstu undirgrein komi „125 800 evrum“ í stað „121 300 evrum“.

– Í annarri undirgrein komi „12 500 evrur“ í stað „12 100 evrur“.

– Í þriðju undirgrein komi „6 300 evrur“ í stað „6 100 evrur“.

– Ákvæðum fjórðu undirgreinar er breytt sem hér segir:

– Í stað „60 600 evrur“ komi „62 800 evrur“.

– Í stað „6 100 evrur“ komi „6 300 evrur“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

– Í fyrstu undirgrein komi „62 800 evrum“ í stað „60 600 evrum“.

– Í annarri undirgrein komi „106 300 evrum“ í stað „102 500 evrum“.

– Í þriðju undirgrein komi „12 500 evrur“ í stað „12 100 evrur“.

– Í fjórðu undirgrein komi „6 300 evrur“ í stað „6 100 evrur“.

– Fimmtu undirgrein er breytt sem hér segir:

– Í stað „30 300 evrur“ komi „31 400 evrur“.

– Í stað „6 100 evrur“ komi „6 300 evrur“.

iii. Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

– Í fyrstu undirgrein komi „31 400 evrum“ í stað „30 300 evrum“.

– Í annarri undirgrein komi „7 800 til 23 500 evrur“ í stað „7 500 til 22 700 evrur“.

– Í þriðju undirgrein komi „6 300 evrur“ í stað „6 100 evrur“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í a-lið komi „2 700 evrur“ í stað „2 600 evrur“ og „6 300 evrur“ í stað „ 6 100 evrur.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

– Í fyrstu undirgrein komi „37 700 evrum“ í stað „36 400 evrum“.

– Í annarri undirgrein komi „9 400 til 28 300 evrur“ í stað „9 100 til 27 300 evrur“.

– Í þriðju undirgrein komi „6 300 evrur“ í stað „6 100 evrur“.

c) Í 3. mgr. komi „6 300 evrur“ í stað „6 100 evrur“.

d) Í 4. mgr. komi „18 900 evrum“ í stað „18 200 evrum“.

e) Í 5. mgr. komi „6 300 evrur“ í stað „6 100 evrur“.

f) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein komi „30 100 evrum“ í stað „29 000 evrum“.

ii. Í annarri undirgrein komi „7 500 til 22 500 evrur“ í stað „7 200 til 21 700 evrur“.

4. Í 6. gr. komi „37 700 evrum“ í stað „36 400 evrum“.

5. Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í fyrstu mgr. komi „62 800 evrum“ í stað „60 600 evrum“.

b) Í annarri mgr. komi „18 900 evrum“ í stað „18 200 evrum“.

6. Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í annarri undirgrein komi „75 500 evrur“ í stað „72 800 evrur“.

ii. Í þriðju undirgrein komi „37 700 evrur“ í stað „36 400 evrur“.

iii. Í fjórðu undirgrein komi „18 900 til 56 600 evrur“ í stað „18 200 til 54 600 evrur“.

iv. Í fimmtu undirgrein komi „9 400 til 28 300 evrur“ í stað „9 100 til 27 300 evrur“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í annarri undirgrein komi „251 600 evrur“ í stað „242 600 evrur“.

ii. Í þriðju undirgrein komi „125 800 evrur“ í stað „121 300 evrur“.

iii. Í fimmtu undirgrein komi „2 700 til 216 800 evrur“ í stað „2 600 til 209 100 evrur“.

iv. Í sjöttu undirgrein komi „108 500 evrur“ í stað „104 600 evrur“.

c) Í 3. mgr. komi „6 300 evrum“ í stað „6 100 evrum“.

2. gr.

Reglugerðin á ekki við um gildar umsóknir sem bíða umfjöllunar 1. apríl 2009.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. mars 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Günter VERHEUGEN

varaforseti

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/35/EB 2011/EES/55/36

frá 23. apríl 2009

um litunarefni sem leyfilegt er að bæta í lyf (*)

(endurútgefin)

EVROPUÞINGIÐ OG RAÐ EVROPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95.gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 78/25/EBE frá 12. desember 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna um litarefni sem leyfilegt er að bæta í lyf ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er réttast að endurútgefa hana til glöggvunar.

2) Höfuðmarkmiðið með allri löggjöf um lyf er fyrst og fremst að tryggja lýðheilsu. Markmiði þessu verður að ná eftir leiðum sem hindra hvorki þróun lyfjaiðnaðarins né viðskipti með lyf innan Bandalagsins.

3) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum([5]) var komið á fót einni skrá yfir litunarefni sem leyfilegt er að nota í matvælum, en misræmi milli laga aðildarríkjanna að því er varðar litun lyfja er enn fyrir hendi.

4) Þetta misræmi er líklegt til að hindra viðskipti með lyf innan Bandalagsins og viðskipti með litunarefni sem leyfilegt er að bæta í þessi lyf. Slíkt misræmi hefur því bein áhrif á starfsemi innri markaðarins.

5) Reynslan hefur sýnt að út frá heilbrigðissjónarmiðum er engin ástæða fyrir því að banna notkun litunarefna, sem heimilt er að nota í matvæli, í lyf. Þar af leiðandi skulu ákvæði I. viðauka við tilskipun 94/36/EB auk viðaukans við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/45/EB frá 26. júlí 1995 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir litarefni til notkunar í matvælum([6]) einnig gilda um lyf.

6) Þegar notkun litunarefnis í matvæli og lyf er bönnuð í þeim tilgangi að tryggja lýðheilsu skal þó forðast tæknilega og efnahagslega röskun eftir fremsta megni. Í þessu skyni skal kveða á um málsmeðferð til að koma á náinni samvinnu milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan nefndar sem sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir til að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með litunarefni sem leyfilegt er að bæta í lyf.

7) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um beitingu framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([7]).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 109, 30.4.2009, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við *EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 38.

([1]) Stjtíð. ESB C 162, 25.6.2008, bls. 41.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 23. september 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 23. mars 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 11, 14.1.1978, bls. 18.

([4]) Sjá A-hluta I. viðauka.

([5]) Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13. Tilskipunin var felld úr gildi framvirkt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).

([6]) Stjtíð. EB L 226, 22.9.1995, bls. 1. Tilskipunin var felld úr gildi framvirkt með reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

([7]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

8) Framkvæmdastjórninni skal einkum veitt umboð til að breyta takmörkuðum notkunartíma lyfja. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, með því að bæta við hana nýjum veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

9) Nýju atriðin, sem innleidd eru í þessari tilskipun, varða einungis nefndarmeðferðina. Þar af leiðandi þurfa aðildarríkin ekki að lögleiða þau.

10) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar, sem eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu ekki heimila að önnur litunarefni en þau sem falla undir I. viðauka við tilskipun 94/36/EB verði notuð við litun lyfja handa mönnum og dýrum, eins og þau eru skilgreind í 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf ([1]) og í 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([2]).

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að litunarefnin, sem falla undir I. viðauka við tilskipun 94/36/EB, uppfylli almennu forskriftirnar fyrir állökk í litarefnum og sérstöku hreinleikaskilyrðin sem mælt er fyrir um í viðaukanum við tilskipun 95/45/EB.

3. gr.

Greiningaraðferðirnar sem eru nauðsynlegar til að sannprófa hvort hinum almennu og sértæku viðmiðunum um hreinleika, sem samþykktar voru með fyrstu tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 81/712/EBE frá 28. júlí 1981 um greiningaraðferðir innan Bandalagsins til staðfestingar á að tiltekin aukefni sem notuð eru í matvælum fullnægi skilyrðum um hreinleika ([3]) hafi verið fullnægt, skulu einnig gilda að því er tilskipun þessa varðar.

4. gr.

Ef litunarefni er fellt brott úr I. viðauka við tilskipun 94/36/EB, en áfram er leyft að setja matvæli, sem innihalda þetta litunarefni, á markað í takmarkaðan tíma, skal þetta ákvæði einnig gilda um lyf.

Framkvæmdastjórninni er þó heimilt að breyta þessum takmarkaða notkunartíma að því er varðar lyf.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

6. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

7. gr.

Tilskipun 78/25/EBE, eins og henni var breytt með gerðunum sem eru tilgreindar í A-hluta I. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til lögleiðingar tilskipananna sem settir eru fram í B-hluta I. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

8. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 23. apríl 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti	*forseti*
H.-G. PÖTTERING	P. NEČAS

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.
([3]) Stjtíð. EB L 257, 10.9.1981, bls. 1. Tilskipunin var felld úr gildi framvirkt með reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

I. viðauki

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 7. gr.)

Tilskipun ráðsins 78/25/EBE
(Stjtíð. EB L 11, 14.1.1978, bls. 18.)

Ákvæði D-liðar X. þáttar í I. viðauka við aðildarlögin frá 1979
(Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 108.)

Tilskipun ráðsins 81/464/EBE
(Stjtíð. EB L 183, 4.7.1981, bls. 33.)

Ákvæði C-liðar IX. þáttar í I. viðauka við aðildarlögin frá 1985
(Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 217.)

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 807/2003 Einungis 25. liður III. viðauka
(Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36.)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 7. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
78/25/EBE	15. júní 1979([1])
81/464/EBE	30. september 1981

([1]) Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 78/25/EBE: „2. Aðildarríki er þó heimilt í fjögur ár eftir birtingu tilskipunar þessarar að leyfa á yfirráðasvæði sínu að lyf, sem innihalda litunarefni sem uppfylla ekki kröfur þessarar tilskipunar, séu sett á markað, svo fremi litunarefnin hafi verið leyfð í því aðildarríki áður en tilskipunin var samþykkt.“

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 78/25/EBE	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	1. gr.
2. mgr. 1. gr.	—
2. og 3. gr.	2. og 3. gr.
Fyrsti málsliður 4. gr.	1. mgr. 4. gr.
Fyrsti hluti annars málsliðar 4. gr.	2. mgr. 4. gr.
Annar hluti annars málsliðar 4. gr.	3. mgr. 4. gr.
1. mgr. 5. gr. og 1. og 2. mgr. 6. gr.	5. gr.
3. mgr. 6. gr	—
1., 2. og 3. mgr. 7. gr.	—
4. mgr. 7. gr	6. gr.
—	7. gr.
—	8. gr.
8. gr.	9. gr.
—	I. viðauki
—	II. viðauki

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/53/EB 2011/EES/55/37

frá 18. júní 2009

um breytingu á tilskipun 2001/82/EB og tilskipun 2001/83/EB að því er varðar breytingar á skilmálum markaðsleyfa fyrir lyfjum (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RAÐ EVROPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf([3]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum([4]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu([5]) er mælt fyrir um samræmdar reglur varðandi leyfisveitingu, eftirlit og lyfjagát í tengslum við lyf innan Bandalagsins.

2) Samkvæmt þessum reglum má veita markaðsleyfi í samræmi við samræmdar málsmeðferðarreglur Bandalagsins. Skilmálum þessara markaðsleyfa má breyta síðar, til dæmis ef framleiðsluaðferðin eða heimilisfang framleiðandans hefur breyst.

3) Með 39. gr. tilskipunar 2001/82/EB og 35. gr. tilskipunar 2001/83/EB er framkvæmdastjórninni fengið vald til að samþykkja framkvæmdarreglugerð að því er varðar síðari breytingar sem gerðar eru á markaðsleyfum sem eru veitt í samræmi við ákvæði 4. kafla III. bálks í tilskipun 2001/82/EB og 4. kafla III. bálks í tilskipun 2001/83/EB, eftir því sem við á. Framkvæmdastjórnin samþykkti því reglugerð (EB) nr. 1084/2003 frá 3. júní 2003 um athugun á breytingum á skilmálum markaðsleyfa sem lögbært yfirvald aðildarríkis gefur út fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýralyfjum ([6]).

4) Hins vegar hafa flest manna- og dýralyf sem nú eru á markaðnum verið leyfð samkvæmt málsmeðferðarreglum sem eru alfarið landsbundnar og falla þar af leiðandi utan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1084/2003. Breytingar á markaðsleyfum, sem veitt hafa verið samkvæmt málsmeðferðarreglum sem eru alfarið landsbundnar, eru því háðar landsreglum.

5) Af þessu leiðir að þótt allar markaðsleyfisveitingar fyrir lyfjum falli undir samræmdar reglur innan Bandalagsins þá er það ekki svo að því er varðar breytingar á skilmálum markaðsleyfa.

6) Með skírskotun til lýðheilsu og lagalegs samræmis, og með það í huga að draga úr stjórnsýsluálagi og auka áreiðanleika fyrir rekstraraðila, skulu breytingar á öllum tegundum markaðsleyfa falla undir samræmdar reglur.

7) Í reglunum um breytingar sem framkvæmdastjórnin samþykkir skal leggja sérstaka áherslu á að einfalda stjórnsýslumeðferð. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin bjóða upp á þann valkost, við samþykkt reglnanna, að leggja fram eina umsókn fyrir eina eða fleiri sams konar breytingar sem gerðar eru á skilmálum fleiri en eins markaðsleyfis.

8) Í samræmi við 34. gr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([7]) eru aðildarríkin hvött til að taka saman, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafana til að lögleiða hana og að birta þær.

9) Því ber að breyta tilskipun 2001/82/EB og tilskipun 2001/83/EB til samræmis við það.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 168, 30.6.2009, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 38.

([1]) Stjtíð. ESB C 27, 3.2.2009, bls. 39.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 22. október 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 28. maí 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([5]) Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1.

([6]) Stjtíð. ESB L 159, 27.6.2003, bls. 1.

([7]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2001/82/EB

Tilskipun 2001/82/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi grein bætist við:

„27. gr. b

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja viðeigandi fyrirkomulag við athugun á breytingum á skilmálum markaðsleyfa sem veitt eru í samræmi við þessa tilskipun.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja þetta fyrirkomulag með framkvæmdarreglugerð. Þessi ráðstöfun, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skal samþykkt í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. a í 89. gr.“

2. Annar og þriðji undirliður 1. mgr. 39. gr. falli brott.

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2001/83/EB

Tilskipun 2001/83/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi grein bætist við:

„23. gr. b

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja viðeigandi ákvæði um athugun á breytingum á skilmálum markaðsleyfa sem veitt eru í samræmi við þessa tilskipun.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirkomulagið sem um getur í 1. mgr. með framkvæmdarreglugerð. Þessi ráðstöfun, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skal samþykkt í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. a í 121. gr.

3. Við samþykkt fyrirkomulagsins, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin leitast við að gera kleift að leggja fram eina umsókn fyrir eina eða fleiri sams konar breytingar sem gerðar eru á skilmálum fleiri en eins markaðsleyfis.

4. Aðildarríkjum er heimilt að halda áfram að beita ákvæðum landslaga varðandi breytingar, sem eru í gildi við gildistöku framkvæmdarreglugerðarinnar, á markaðsleyfum sem eru veitt fyrir 1. janúar 1998 vegna lyfja sem eru eingöngu leyfð í viðkomandi aðildarríki. Ef lyfi, sem fellur undir ákvæði landslaga í samræmi við þessa grein, er síðar veitt markaðsleyfi í öðru aðildarríki skal framkvæmdarreglugerðin gilda um það lyf frá og með þeim degi.

5. Ákveði aðildarríki að halda áfram að beita ákvæðum landslaga skv. 4. mgr. skal það tilkynna það framkvæmdastjórninni. Ef tilkynning hefur ekki verið send í síðasta lagi 20. janúar 2011 skal framkvæmdarreglugerðin gilda.“

2. Annar og þriðji undirliður 1. mgr. 35. gr. falli brott.

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. janúar 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta viðkomandi ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júní 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
H.-G. PÖTTERING	Š. FÜLE

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/120/EB **2011/EES/55/38**

frá 14. september 2009

um breytingu, að því er varðar hátæknimeðferðarlyf, á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]), einkum 120. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mannalyf má eingöngu setja á markað ef lögbært yfirvald hefur veitt markaðsleyfi á grundvelli umsóknargagna þar sem fram koma niðurstöður prófana og rannsókna á viðkomandi lyfi.

2) Í I. viðauka við tilskipun 2001/83/EB er mælt fyrir um ítarlegar vísinda- og tæknilegar kröfur varðandi prófanir á mannalyfjum sem leggja skal til grundvallar mati á gæðum, öryggi og verkun lyfsins. Þessum ítarlegu vísinda- og tæknilegu kröfum skal breyta reglulega með hliðsjón af vísinda- og tækniframförum.

3) Vegna vísinda- og tækniframfara á sviði hátæknimeðferðar, sem endurspeglast í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1394/2007 frá 13. nóvember 2007 um hátæknimeðferðarlyf og breytingu á tilskipun 2001/83/EB og reglugerð (EB) nr. 726/2004([2]), þykir rétt að aðlaga I. viðauka. Uppfæra skal skilgreiningar og ítarlegar vísinda- og tæknilegar kröfur er varða genalyf og líkamsfrumulyf. Ennfremur skal kveða á um ítarlegar vísinda- og tæknilegar kröfur er varða vefjatæknilyf, sem og hátæknimeðferðarlyf sem innihalda tæki, og samsett hátæknimeðferðarlyf.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um lyf sem ætluð eru mönnum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað IV. hluta I. viðauka við tilskipun 2001/83/EB komi texti viðaukans við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. apríl 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. september 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Günter VERHEUGEN

Varaforseti

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 242, 15.9.2009, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 38.

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([2]) Stjtíð. ESB L 324, 10.12.2007, bls. 121.

VIÐAUKI

„IV. HLUTI

HÁTÆKNIMEÐFERÐARLYF

1. INNGANGUR

Umsókn um markaðsleyfi fyrir hátæknimeðferðarlyfi, eins og það er skilgreint í a-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1394/2007, skal uppfylla kröfur um snið (1., 2., 3., 4. og 5. eining) sem lýst er í I. hluta þessa viðauka.

Tæknilegu kröfurnar varðandi 3., 4. og 5. einingu um líffræðileg lyf, eins og þeim er lýst í I. hluta þessa viðauka, skulu gilda. Í sértæku kröfunum um hátæknimeðferðarlyf, sem lýst er í 3., 4, og 5. lið þessa hluta, er útskýrt hvernig kröfurnar í I. hluta gilda um hátæknimeðferðarlyf. Þar að auki hafa viðbótarkröfur verið fastsettar þar sem við á og að teknu tilliti sérstakra eiginleika hátæknimeðferðarlyfja.

Vegna sérstaks eðlis hátæknimeðferðarlyfja er hægt að beita áhættumati til að ákvarða hvert skuli vera umfang gagna um gæði og umfang óklínískra og klínískra gagna í umsókn um markaðsleyfi, í samræmi við vísindalegu viðmiðunarreglurnar um gæði, öryggi og verkun lyfja sem um getur í 4. lið kaflans „Inngangur og almennar meginreglur“.

Áhættugreiningin getur náð til þróunarinnar í heild. Meðal áhættuþátta, sem taka má til athugunar, eru: uppruni frumnanna (samgena, ósamgena, framandgena frumur), getan til fjölgunar og/eða sérhæfingar og til að koma af stað ónæmissvörun, hversu mikla meðhöndlun frumurnar hafa fengið, samsetning frumna við lífvirkar sameindir eða byggingarefni, eðli genalyfjanna, geta veira eða örvera til eftirmyndunar þegar þær eru hagnýttar í lífi, umfang innlimunar kjarnsýruraða eða gena í genamengið, langtímavirkni, áhætta með tilliti til æxlismyndunargetu og aðferð við lyfjagjöf eða notkun.

Einnig má taka viðeigandi og fyrirliggjandi óklínísk og klínísk gögn til athugunar í áhættugreiningunni eða reynsluna af öðrum, skyldum hátæknimeðferðarlyfjum.

Öll frávik frá kröfunum, sem fram koma í þessum viðauka, skal styðja vísindalegum rökum í 2. einingu umsóknargagnanna. Þegar áhættugreiningunni, sem lýst er hér á undan, er beitt skal hún einnig tekin inn í 2. einingu og skal lýst þar. Í því tilviki skal fjalla um aðferðafræðina sem beitt er, eðli áhættunnar sem greind er og áhrif þeirrar nálgunar, sem byggð er á áhættumati, á þróunar- og matsáætlunina og lýsa skal öllum frávikum frá kröfunum í þessum viðauka sem leiða af áhættugreiningunni.

2. SKILGREININGAR

Í þessum viðauka gilda þær skilgreiningar sem settar eru fram í liðum 2.1. og 2.2. auk þeirra skilgreininga sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr 1394/2007.

2.1. **Genalyf**

Genalyf merkir líffræðilegt lyf sem býr yfir eftirfarandi eiginleikum:

a) það inniheldur virkt efni sem inniheldur eða samanstendur af samskeyttri kjarnsýru sem er nýtt í mönnum eða gefin mönnum með það í huga að stilla, lagfæra eða endurnýja kirnaröð, bæta kirnaröð við eða eyða henni,

b) bein tenging er á milli verkunar þess í meðferð við sjúkdómum, við forvarnir gegn sjúkdómum og við sjúkdómsgreiningu og samskeyttu kjarnsýruraðarinnar sem það inniheldur, eða afurðar genatjáningar þessarar samskeyttu kjarnsýruraðar.

Bóluefni gegn smitsjúkdómum teljast ekki til genalyfja.

2.2. **Líkamsfrumulyf**

Líkamsfrumulyf merkir líffræðilegt lyf sem býr yfir eftirfarandi eiginleikum:

a) það inniheldur eða samanstendur ýmist af frumum eða vefjum, sem hafa fengið umfangsmikla meðhöndlun svo að líffræðilegum eiginleikum, lífeðlisfræðilegri starfsemi eða byggingareiginleikum, sem skipta máli fyrir fyrirhugaða klíníska notkun, hefur verið breytt, eða af frumum eða vefjum sem ekki er ætlað að sinna sama grundvallarhlutverki í viðtakanda og í gjafanum,

b) því er lýst þannig að það búi yfir eiginleikum, sem gera kleift að meðhöndla, fyrirbyggja eða greina sjúkdóm fyrir tilstilli lyfjafræðilegrar eða ónæmisfræðilegrar verkunar frumna eða vefja þess eða verkunar þeirra á efnaskipti, eða sé notað í mönnum eða gefið mönnum.

Að því er varðar a-lið skal ekki líta á þá meðhöndlun, sem um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1394/2007, sem umfangsmikla meðhöndlun.

3. SÉRTÆKAR KRÖFUR SEM VARÐA 3. EININGU

3.1. **Sértækar kröfur varðandi öll hátæknimeðferðarlyf**

Leggja skal fram lýsingu á rekjanleikakerfinu sem handhafi markaðsleyfisins hyggst koma á fót og viðhalda til að tryggja að unnt sé að rekja feril hvers lyfs og allra upphafs- og hráefna þess, þ.m.t. öll efni sem komast í snertingu við frumur eða vefi sem það kann að innihalda, út frá uppruna, framleiðslu, pökkun, geymslu, flutningi og afhendingu til sjúkrahússins, stofnunarinnar eða læknastofunnar þar sem lyfið er notað.

Rekjanleikakerfið skal koma til viðbótar og vera samrýmanlegt kröfunum sem fastsettar voru í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/23/EB (*), að því er varðar frumur og vefi úr mönnum, að frátöldum blóðkornum, og tilskipun 2002/98/EB að því er varðar blóðkorn úr mönnum.

3.2. **Sértækar kröfur varðandi genalyf**

3.2.1. *Inngangur: fullbúið lyf, virkt efni og upphafsefni*

3.2.1.1. Genalyf sem innihalda eina eða fleiri samskeyttar kjarnsýruraðir eða erfðabreyttar örverur eða veirur.

Fullbúið lyf skal samanstanda af einni eða fleiri kjarnsýruröðum eða erfðabreyttum örverum eða veirum í endanlegum, innri umbúðum, tilbúið til fyrirhugaðrar, læknisfræðilegrar notkunar. Fullbúna lyfið má sameina lækningatæki eða virku, ígræðanlegu lækningatæki.

Virka efnið skal samanstanda af einni eða fleiri kjarnsýruröðum eða erfðabreyttum örverum eða veirum.

3.2.1.2. Genalyf sem inniheldur erfðabreyttar frumur.

Fullbúið lyf skal samanstanda af erfðabreyttum frumum í endanlegum innri umbúðum, tilbúið til fyrirhugaðrar, læknisfræðilegrar notkunar. Fullbúna lyfið má sameina lækningatæki eða virku, ígræðanlegu lækningatæki.

Virka efnið skal samanstanda af frumum sem eru erfðabreyttar með einhverju lyfjanna sem lýst er í lið 3.2.1.1 hér á undan.

3.2.1.3. Þegar um er að ræða lyf sem samanstanda af veirum eða veirugenaferjum skulu upphafsefnin vera efnisþættirnir sem veirugenaferjan fæst úr, þ.e. frumsáningarstofn veirugenaferjunnar eða plasmíðin sem eru notuð til að innleiða pakkaðar frumur og stofnfrumusafn frumupökkunarlínunnar.

3.2.1.4. Ef um er að ræða lyf sem samanstanda af plasmíðum, genaferjum sem ekki eru veirur og erfðabreyttri örveru eða örverum, öðrum en veirum eða veirugenaferjum, skulu upphafsefnin vera efnisþættirnir sem eru notaðir til að mynda framleiðslufrumuna, þ.e. plasmíðið, hýsilbakteríurnar og stofnfrumusafn erfðabreyttu örverufrumnanna.

3.2.1.5. Ef um er að ræða erfðabreyttar frumur skulu upphafsefnin vera efnisþættirnir sem eru notaðir til að fá erfðabreyttu frumurnar, þ.e. upphafsefnin til framleiðslu á genaferjunni, genaferjan og manna- eða dýrafrumurnar. Meginreglurnar um góða framleiðsluhætti skulu gilda allt frá frumusafninu sem notað er til að framleiða genaferjuna.

3.2.2. *Sértækar kröfur*

Auk krafnanna, sem settar eru fram í liðum 3.2.1. og 3.2.2. í I. hluta þessa viðauka, skulu eftirfarandi kröfur gilda:

a) Leggja skal fram upplýsingar um öll upphafsefni sem eru notuð til framleiðslu á virka efninu, þ.m.t. þær afurðir sem nauðsynlegar eru fyrir erfðabreytingu á manna- eða dýrafrumum og, eftir því sem við á, fyrir síðari ræktun og varðveislu erfðabreyttu frumnanna, að teknu tilliti til þess möguleika að hreinsun fari ekki fram.

b) Þegar um er að ræða lyf sem innihalda örveru eða veiru skal leggja fram gögn um erfðabreytingu, raðgreiningu, deyfingu á meinvirkni, leitni í tilteknar tegundir vefja og frumna, tengsl örverunnar eða veirunnar við mismunandi stig frumuhringsins, smithæfni og eiginleika arfgjafastofnsins.

c) Lýsa skal óhreinindum tengdum vinnslu og óhreinindum tengdum lyfinu í viðeigandi reitum í málsskjölunum, einkum aðskotaveirum sem eru færar um eftirmyndun, ef genaferjan er hönnuð svo að hún sé ófær um eftirmyndun.

d) Þegar um er að ræða plasmíð skal mæla magn mismunandi forma plasmíða á öllum geymsluþolstíma lyfsins.

e) Þegar um er að ræða erfðabreyttar frumur skal gera prófun á eiginleikum frumnanna fyrir og eftir erfðabreytinguna og einnig fyrir og eftir hvers kyns síðari frystingar- eða geymslumeðferð.

Þegar um er að ræða erfðabreyttar frumur gilda gæðakröfurnar varðandi líkamsfrumulyf og vefjatæknilyf (sjá lið 3.3.), auk sértæku krafnanna varðandi genalyf.

3.3. **Sértækar kröfur varðandi líkamsfrumulyf og vefjatæknilyf**

3.3.1. *Inngangur: fullbúið lyf, virkt efni og upphafsefni*

Fullbúið lyf skal samanstanda af virka efninu í innri umbúðum sínum, tilbúið til fyrirhugaðrar, læknisfræðilegrar notkunar, og í endanlegri samsetningu sinni þegar um er að ræða hátæknimeðferðarlyf.

Virka efnið skal samanstanda af breyttu frumunum og/eða vefjunum.

Viðbótarefni (t.d. stoðmót, stoðnet, tæki, lífefni, lífsameindir og/eða aðrir efnisþættir), sem eru sameinuð meðhöndluðu frumunum sem þær eru óaðskiljanlegur hluti af, teljast upphafsefni þó þau séu ekki af líffræðilegum uppruna.

Efni, sem eru notuð við framleiðslu á virka efninu (t.d. ræktunarmiðlar, vaxtarþættir) og er ekki ætlað að verða hluti af virka efninu, teljast hráefni.

3.3.2. *Sértækar kröfur*

Auk krafnanna, sem settar eru fram í liðum 3.2.1. og 3.2.2. í I. hluta þessa viðauka, skulu eftirfarandi kröfur gilda:

3.3.2.1. Upphafsefni:

a) Veita skal upplýsingar í samanteknu formi um gjöf, öflun og prófun á vefjum og frumum úr mönnum sem eru notaðar sem upphafsefni, sbr. tilskipun 2004/23/EB. Ef óheilbrigðar frumur eða vefir (t. d. krabbameinsvefur) eru notaðir sem upphafsefni skal færa rök fyrir notkun þeirra.

b) Ef safnhópur er gerður úr ósamgena frumuhópum skal lýsa aðferðum til að slá saman frumuhópum og ráðstöfunum til að tryggja rekjanleika.

c) Í gildingu framleiðsluferlisins, lýsingu á eiginleikum virka efnisins og fullbúna lyfsins, þróun prófana, ákvörðun gæðalýsinga og stöðugleika skal tekinn fyrir hugsanlegur breytileiki sem stafar af því að notaðir eru vefir og frumur úr mönnum eða dýrum.

d) Þegar um er að ræða lyf sem eru að stofni til úr framandgena frumum skal veita upplýsingar um uppruna dýranna (t.d. landfræðilegan uppruna, búfjárrækt, aldur), sértækar samþykktarviðmiðanir, ráðstafanir til að koma í veg fyrir og vakta sýkingar í upprunadýrum/gjafadýrum, prófun á dýrunum með tilliti til sýkla, þ.m.t. örverur og veirur sem berast milli kynslóða, og gögn sem sýna fram á að dýraaðstaðan er við hæfi.

e) Þegar um er að ræða lyf sem eru að stofni til úr erfðabreyttum dýrum skal lýsa þeim sérstöku eiginleikum frumnanna sem tengjast erfðabreytingunni. Lýsa skal ítarlega aðferð við erfðabreytingu og eiginleikum genskeytta dýrsins.

f) Að því er varðar erfðabreytingu frumnanna gilda tæknilegu kröfurnar, sem lýst er í lið 3.2.

g) Lýsa skal tilhögun á prófun allra viðbótarefna (stoðmótum, stoðnetum, tækjum, lífefnum, lífsameindum eða öðrum efnisþáttum), sem kunna að vera fyrir hendi og eru sameinuð breyttum frumum sem þau eru óaðskiljanlegur hluti af, og færa skal rök fyrir því fyrirkomulagi.

h) Að því er varðar stoðmót, stoðnet og tæki sem falla undir skilgreininguna á lækningatæki eða virku, ígræðanlegu lækningatæki, skal veita þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt lið 3.4. fyrir matið á samsetta hátæknimeðferðarlyfinu.

3.3.2.2. Framleiðsluferlið

a) Gilda skal framleiðsluferlið til að tryggja innbyrðis samræmi milli lota og milli vinnsluferla, starfrænan áreiðanleika frumnanna í framleiðslu og flutningi fram að beitingu eða lyfjagjöf, og rétt sérhæfingarstig.

b) Ef frumur eru ræktaðar beint inni í eða á stoðneti, stoðmóti eða tæki skal veita upplýsingar um gildingu frumuræktunarferlisins að því er varðar frumuvöxt, verkunarmáta og áreiðanleika samsetningarinnar.

3.3.2.3. Lýsing á eiginleikum og fyrirkomulag á eftirliti

a) Veita skal viðeigandi upplýsingar um eiginleika frumuhópsins eða frumublöndunnar að því er varðar auðkenni, hreinleika (t.d. utanaðkomandi örverur og aðskotaefni úr frumum), lífvænleika, styrk, litningafræði, æxlismyndandi áhrif og hæfi til fyrirhugaðrar, læknisfræðilegrar notkunar. Sýna skal fram á erfðafræðilegan stöðugleika frumnanna.

b) Veita skal eigindlegar og, þegar mögulegt er, megindlegar upplýsingar um óhreinindi tengd lyfinu og vinnslunni og einnig um allan efnivið sem getur leitt af sér myndun niðurbrotsefna meðan á framleiðslu stendur. Færa skal rök fyrir umfangi ákvörðunar óhreininda.

c) Ef ekki er hægt að framkvæma tilteknar lokasamþykktarprófanir á virka efninu eða fullbúna lyfinu heldur aðeins á mikilvægum milliefnum og/eða prófanir í vinnsluferlinu skal færa rök fyrir því.

d) Þegar líffræðilega virkar sameindir (s.s. vaxtarþættir og frumuboðar) eru fyrir hendi sem efnisþættir lyfs, sem er að stofni til úr frumum, skal lýsa áhrifum þeirra og víxlverkun við aðra efnisþætti virka efnisins.

e) Þegar þrívíð bygging er hluti af fyrirhugaðri virkni skal sérhæfingarstig, fyrirkomulag byggingar og virkni frumnanna og, þegar við á, utanfrumuefnið sem myndast, vera hluti af lýsingunni á eiginleikum þessara lyfja sem eru að stofni til úr frumum. Þegar nauðsyn krefur skulu niðurstöður óklíniskra rannsókna koma til viðbótar lýsingu á eðlisefnafræðilegum eiginleikum.

3.3.2.4. Hjálparefni

Að því er varðar hjálparefni sem eru notuð í lyfjum sem eru að stofni til úr frumum eða vefjum (t.d. efnisþættir flutningsefnisins) gilda kröfur um ný hjálparefni, sem mælt er fyrir um í I. hluta þessa viðauka, nema fyrir liggi gögn um víxlverkanir milli frumnanna eða vefjanna og hjálparefnanna.

3.3.2.5. Þróunarannsóknir

Í lýsingu á þróunaráætluninni skal fjalla um val á efniviði og vinnsluferlum. Einkum skal fjalla um heilleika frumuhópsins í endanlegu samsetningunni.

3.3.2.6. Viðmiðunarefni

Skrá skal viðmiðunarstaðal, sem er viðeigandi og sértækur fyrir virka efnið og/eða fullbúna lyfið, og lýsa eiginleikum hans.

3.4. **Sértækar kröfur varðandi hátæknimeðferðarlyf sem innihalda lækningatæki**

3.4.1. *Hátæknimeðferðarlyf sem innihalda lækningatæki eins og um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1394/2007.*

Lýsa skal eðliseiginleikum og virkni lyfsins og aðferðum til hönnunar lyfsins.

Lýsa skal víxlverkun og samrýmanleika milli gena, frumna og/eða vefja og byggingarhlutanna.

3.4.2. *Samsett hátæknimeðferðarlyf eins og þau eru skilgreind í d-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1394/2007*

Að því er varðar frumu- eða vefjarhluta samsetts hátæknimeðferðarlyfs gilda sértæku kröfurnar í lið 3.3 varðandi líkamsfrumulyf og vefjatæknilyf og þegar um er að ræða erfðabreyttar frumur gilda sértæku kröfurnar í lið 3.2 varðandi genalyf.

Lækningatækið eða virka, ígræðanlega lækningatækið getur verið óaðskiljanlegur hluti af virka efninu. Þegar lækningatækið eða virka, ígræðanlega lækningatækið er sameinað frumunum við framleiðslu eða við beitingu eða gjöf fullbúnu lyfjanna teljast þau óaðskiljanlegur hluti af fullbúna lyfinu.

Veita skal upplýsingar sem varða lækningatækið eða virka, ígræðanlega lækningatækið (sem er óaðskiljanlegur hluti af virka efninu eða fullbúna lyfinu) og sem skipta máli fyrir matið á samsetta hátæknimeðferðarlyfinu. Í upplýsingunum skal eftirfarandi koma fram:

a) upplýsingar um val og fyrirhugaða virkni lækningatækisins eða ígræðanlega lækningatækisins og sýnt skal fram á samrýmanleika tækisins við aðra hluta lyfsins,

b) gögn sem sýna fram á að sá þáttur lyfsins, sem er lækningatæki, samræmist grunnkröfunum, sem mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun ráðsins 93/42/EBE(**), eða að virka, ígræðanlega tækið samræmist grunnkröfunum sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 90/385/EBE(***),

c) eftir atvikum, gögn sem sýna fram á að lækningatækið eða ígræðanlega lækningatækið uppfylli kröfur varðandi kúariðu og smitandi heilahrörnun sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 2003/32/EB(****),

d) þar sem við á, niðurstöður hvers konar mats á þeim þætti lyfsins, sem er lækningatæki eða virkt, ígræðanlegt lækningatæki, sem unnið er af tilkynntum aðila í samræmi við tilskipun 93/42/EBE eða tilskipun 90/385/EBE.

Tilkynnti aðilinn, sem unnið hefur matið sem um getur í d-lið í þessum lið, skal að beiðni lögbæra yfirvaldsins, sem leggur mat á umsóknina, veita allar upplýsingar er varða niðurstöður matsins í samræmi við tilskipun 93/42/EBE eða tilskipun 90/385/EBE. Til slíkra upplýsinga geta talist upplýsingar og skjöl sem er að finna í viðkomandi umsókn um samræmismat, ef þau eru nauðsynleg fyrir mat á samsetta hátæknimeðferðarlyfinu í heild.

4. SÉRTÆKAR KRÖFUR SEM VARÐA 4. EININGU

4.1. **Sértækar kröfur varðandi öll hátæknimeðferðarlyf**

Kröfurnar í 4. einingu í I. hluta þessa viðauka, er varða lyfjafræðilegar og eiturefnafræðilegar prófanir á lyfjum, eiga hugsanlega ekki alltaf við vegna sérstakra og ólíkra byggingar- og líffræðilegra eiginleika hátæknimeðferðarlyfja. Í tæknilegu kröfunum í liðum 4.1., 4,2 og 4.3 hér á eftir er útskýrt hvernig kröfurnar í I. hluta þessa viðauka gilda um hátæknimeðferðarlyf. Viðbótarkröfur eru fastsettar þar sem við á og að teknu tilliti til sérstakra eiginleika hátæknimeðferðarlyfja.

Í óklíniska yfirlitinu skal fjalla um grunnforsendurnar fyrir óklínískri þróun og viðmiðanirnar, sem eru notaðar til að velja viðeigandi dýrategundir og líkön (í glasi og í lífi), og færa rök fyrir þeim. Dýralíkanið eða -líkönin, sem valin eru, geta m.a. verið dýr með skerta ónæmissvörun eða genskert (e. knockout), mannaðlöguð (e. humanised) eða genskeytt dýr. Notkun samgena líkana (t.d. músafrumna sem greindar eru í músum) eða líkana sem herma eftir sjúkdómum skal íhuguð, einkum fyrir rannsóknir á ónæmingargetu og ónæmiseiturhrifum.

Auk þess að uppfylla kröfurnar í I. hluta skal lýsa öryggi, hæfi og lífsamrýmanleika allra byggingarhluta (s.s. stoðneta, stoðmóta og tækja) og allra viðbótarefna (s.s. frumuafurða, lífsameinda og hreinna efna) sem er að finna í fullbúna lyfinu. Taka skal tillit til eðlisfræðilegra, aflfræðilegra, efnafræðilegra og líffræðilegra eiginleika þeirra.

4.2. **Sértækar kröfur varðandi genalyf**

Við ákvörðun á umfangi og tegund óklíniskra rannsókna, sem þarf til að ákvarða viðeigandi magn óklíniskra öryggisgagna, skal taka tillit til útfærslu og tegundar genalyfsins.

4.2.1. *Líflyfjafræði*

a) Leggja skal fram niðurstöður úr rannsóknum í glasi og í lífi á verkunum sem tengjast fyrirhugaðri notkun til lækninga (þ.e. lyfhrifarannsóknir til að færa sönnur á gildi hugmyndar (e. proof of concept)) og skulu rannsóknirnar gerðar með líkönum og viðeigandi dýrategundum og hannaðar til að sýna fram á að kjarnsýruröðin nái fyrirhuguðu marki (marklíffæri eða -frumum) og skili fyrirhugaðri virkni (umfang tjáningar og virkni). Gefa skal upp hversu lengi virkni kjarnsýruraðarinnar varir og tillagða tilhögun á gjöf skammta í klínísku rannsóknunum.

b) Valvís marksækni: Þegar genalyfið á að hafa valvísa eða markbundna virkni skal leggja fram rannsóknir sem staðfesta sérstaka eiginleika og tímalengd virkninnar og starfsemi í markfrumum og -vefjum.

4.2.2. *Lyfjahvarfafræði*

a) Rannsóknir á lífdreifingu skulu fela í sér athuganir á þrávirkni, hreinsun úr blóði og útleysingu. Í rannsóknum á lífdreifingu skal áhætta á kímlínusmiti einnig tekin fyrir.

b) Með áhættumatinu skal leggja skal fram niðurstöður úr rannsóknum á losun (e. shedding) og áhættu á smiti til þriðju aðila nema tilhlýðileg rök séu færð fyrir öðru í umsókninni á grundvelli þeirrar tegundar lyfs sem um er að ræða.

4.2.3. *Eiturefnafræði*

a) Leggja skal mat á eiturhrif fullbúna genalyfsins. Að auki, og eftir tegund lyfs, skal taka tillit til prófana sem eiga við um virka efnið og hjálparefni og meta skal í lífi áhrifin frá afurðum sem tengjast tjáðum kjarnsýruröðum og sem ekki er ætlað að hafa áhrif á líffeðlisfræðilega starfsemi.

b) Sameina má rannsóknir á eiturhrifum eftir einn skammt og lyfjafræðilegar og lyfjahvarfafræðilegar rannsóknir sem tengjast öryggi, t.d. til að rannsaka þrávirkni.

c) Rannsóknir á eiturhrifum við endurtekna skammta skal leggja fram þegar fyrirhugað er að gefa mönnum marga skammta. Aðferð við lyfjagjöf og lyfjagjafaráætlun skulu endurspegla nákvæmlega ráðgerða, klíníska skömmtun. Í tilvikum, þar sem stakir skammtar kunna að leiða til framlengdrar virkni kjarnsýruraðarinnar í mönnum, skal íhugað að gera rannsóknir á eiturhrifum við endurtekna skammta. Sá tími, sem rannsóknirnar taka, kann að vera lengri en þegar um er að ræða staðlaðar rannsóknir á eiturhrifum og fer það eftir þrávirkni genalyfsins og þeirri hugsanlegu áhættu sem gert er ráð fyrir. Færa skal rök fyrir tímalengdinni.

d) Rannsaka skal erfðaeiturhrif. Staðlaðar rannsóknir á erfðaeiturhrifum skal þó aðeins gera þegar þær eru nauðsynlegar til að prófa tiltekin óhreinindi eða hluta lyfjagjafarbúnaðarins.

e) Rannsaka skal krabbameinsvaldandi áhrif. Ekki skal krefjast staðlaðra rannsókna á krabbameinsvaldandi áhrifum sem nagdýr verða fyrir á ævi sinni. Hins vegar skal, eftir tegund lyfs, leggja mat á æxlismyndunargetu í viðeigandi líkönum í lífi eða í glasi.

f) Eiturhrif á æxlun og þroskun: Leggja skal fram niðurstöður úr rannsóknum á áhrifum á frjósemi og almenna æxlunarstarfsemi. Leggja skal fram niðurstöður úr rannsóknum á eiturhrifum í fósturvísum/fóstrum og við burðarmál og úr rannsóknum á kímlínusmiti nema tilhlýðileg rök séu færð fyrir öðru í umsókninni á grundvelli tegundar lyfsins sem um er að ræða.

g) *Frekari rannsóknir á eiturhrifum*

– Rannsóknir á innlimun: leggja skal fram niðurstöður úr rannsóknum á innlimun fyrir öll genalyf nema stutt sé vísindalegum rökum að slíkar rannsóknir séu óþarfar, t.d. vegna þess að kjarnsýruraðir fari ekki inn í kjarna frumunnar. Þegar um er að ræða genalyf sem búist er við að sé ófært um innlimun skal framkvæma rannsóknir á innlimun ef lífdreifing bendir til áhættu á kímlínusmiti.

– Ónæmingargeta og ónæmiseiturhrif: rannsaka skal möguleikann á ónæmisvaldandi og ónæmiseitrandi áhrifum.

4.3. ***Sértækar kröfur varðandi líkamsfrumulyf og vefjatæknilyf***

4.3.1. *Líflyfjafræði*

a) Lyfjafræðilegar grunnrannsóknir skulu vera fullnægjandi til að færa sönnur á gildi hugmyndar. Rannsaka skal víxlverkun lyfja, sem eru að stofni til úr frumum, við nærliggjandi vefi.

b) Ákvarða skal það magn lyfs sem þarf til að ná tilætluðum áhrifum/verkunarskammt og, eftir tegund lyfs, hversu oft skammtagjöf á að fara fram.

c) Taka skal tillit til lyfjafræðilegra viðbótarrannsókna til að meta hugsanleg lífeðlisfræðileg áhrif sem tengjast ekki tilætlaðri lækningaverkun líkamsfrumulyfsins, vefjatæknilyfsins eða viðbótarefna þar eð seyting líffræðilega virkra sameinda, auk viðkomandi prótíns eða prótína, kann að eiga sér stað, eða viðkomandi prótín gætu haft óæskileg markset.

4.3.2. *Lyfjahvarfafræði*

a) Ekki skal gera kröfu um hefðbundnar lyfjahvarfafræðilegar rannsóknir á frásogi, dreifingu, efnaskiptum og útskilnaði. Hins vegar skal rannsaka þætti eins og lífvænleika, endingu, dreifingu, vöxt, sérhæfingu og flæði nema tilhlýðileg rök séu færð fyrir öðru í umsókninni á grundvelli tegundar viðkomandi lyfs.

b) Þegar um er að ræða líkamsfrumulyf og vefjatæknilyf sem framleiða virkar lífsameindir með altæk áhrif skal rannsaka dreifingu, varanleika og umfang tjáningar þessara sameinda.

4.3.3. *Eiturefnafræði*

a) Meta skal eiturhrif fullbúna lyfsins. Taka skal tillit til prófana sem eiga við um virka efnið eða efnin, hjálparefnin og viðbótarefnin sem og öll óhreinindi sem tengjast vinnslunni.

b) Athuganir kunna að taka lengri tíma en í stöðluðum rannsóknum á eiturhrifum og taka skal tillit til áætlaðrar endingar lyfsins sem og lyfhrifafræðilegra og lyfjahvarfafræðilegra einkenna þess. Færa skal rök fyrir tímalengdinni.

c) Ekki skal krefjast hefðbundinna rannsókna á krabbameinsvaldandi áhrifum og erfðaeiturhrifum nema að því er varðar æxlismyndunargetu lyfsins.

d) Rannsaka skal hugsanleg ónæmisvaldandi og ónæmiseitrandi áhrif.

e) Þegar um er að ræða lyf sem eru að stofni til úr dýrafrumum skulu sértæk öryggisvandamál sem tengjast þeim, eins og t.d. smit framandgena sjúkdómsvalda til manna, tekin fyrir.

5. SÉRTÆKAR KRÖFUR SEM VARÐA 5. EININGU

5.1. **Sértækar kröfur varðandi öll hátæknimeðferðarlyf**

5.1.1. Sértæku kröfurnar í þessum lið IV. hluta eru viðbótarkröfur við þær sem fastsettar eru í 5. einingu í I. hluta þessa viðauka.

5.1.2. Þegar klínísk notkun hátæknimeðferðarlyfja krefst sértækrar, samhliða meðferðar og felur í sér skurðaðgerðir skal rannsaka meðferðina í heild sinni og lýsa henni. Upplýsingar um stöðlun og bestun þessara aðgerða í klínískri þróun skulu lagðar fram.

Þegar lækningatæki, sem notuð eru við skurðaðgerðirnar til beitingar, ígræðslu eða gjafar hátæknimeðferðarlyfsins, geta haft áhrif á verkun eða öryggi hátæknimeðferðarlyfsins skal veita upplýsingar um þessi tæki.

Skilgreina skal þá sértæku sérþekkingu sem er nauðsynleg við beitingu, ígræðslu, lyfjagjöf eða eftirfylgni. Þegar nauðsyn krefur skal leggja fram þjálfunaráætlun fyrir faglærðra heilbrigðisstarfsmenn að því er varðar notkun, beitingu, ígræðslu og aðferð við gjöf þessara lyfja.

5.1.3. Í ljósi þess að framleiðsluferli hátæknimeðferðarlyfja kunna að breytast, vegna eiginleika lyfjanna, í klíníska þróun kann að vera nauðsynlegt að gera frekari rannsóknir til að sýna fram á sambærileika.

5.1.4. Í klínískri þróun skal áhætta, sem stafar af hugsanlegum sýklum eða notkun efna úr dýraríkinu, tekin fyrir og gerðar ráðstafanir til að draga úr slíkri áhættu.

5.1.5. Ákvarða skal skammta og skammtaáætlun með skammtaákvörðunarrannsóknum.

5.1.6. Virkni tillögðu ábendinganna skal studd viðeigandi niðurstöðum úr klínískum rannsóknum með klínískt mikilvægum endapunktum að því er varðar fyrirhugaða notkun. Í sumum tilvikum kann tiltekið sjúkdómsástand að útheimta gögn sem sýna fram á langtímavirkni. Lýsa skal aðferðinni sem beitt er til að meta langtímavirkni.

5.1.7. Aðferð til langtímaeftirfylgni, að því er varðar öryggi og verkun, skal lýst í áætluninni um áhættustjórnun.

5.1.8. Að því er varðar hátæknimeðferðarlyf skulu rannsóknir á öryggi og verkun hannaðar fyrir samsetta lyfið og framkvæmdar á því sem heild.

5.2. **Sértækar kröfur varðandi genalyf**

5.2.1. *Lyfjahvarfafræðilegar rannsóknir á mönnum*

Lyfjahvarfafræðilegar rannsóknir á mönnum skulu fela í sér eftirfarandi þætti:

a) rannsóknir á losun til að kanna útskilnað genalyfsins,

b) rannsóknir á lífdreifingu,

c) lyfjahvarfafræðilegar rannsóknir á lyfinu og genatjáningarhlutunum (t.d. tjáðum prótínum eða genamengjakennum (e. genomic signatures).

5.2.2. *Lyfhrifarannsóknir á mönnum*

Í lyfhrifarannsóknum á mönnum skal tjáning og virkni kjarnsýruraðarinnar, eftir að genalyfið hefur verið gefið inn, tekin fyrir.

5.2.3. *Rannsóknir á öryggi*

Í rannsóknum á öryggi skulu eftirfarandi þættir teknir fyrir:

a) uppkoma genaferju sem er fær um eftirmyndun,

b) uppkoma nýrra stofna,

c) endursamröðun genamengjanna sem fyrir eru,

d) útbreiðsla æxlisfrumna vegna stökkbreytandi hrifa sem verða við innskot basa í kjarnsýru.

5.3. **Sértækar kröfur varðandi líkamsfrumulyf**

5.3.1. *Líkamsfrumulyf þar sem verkunarmátinn byggist á framleiðslu skilgreindar, virkrar lífsameindar eða lífsameinda*

Þegar um er að ræða líkamsfrumulyf þar sem verkunarhátturinn byggist á framleiðslu skilgreindrar, virkrar lífsameindar eða lífsameinda skulu lyfjahvarfafræðileg einkenni (einkum dreifing, varanleiki og umfang tjáningar) þessara sameinda tekin fyrir ef unnt er.

5.3.2. *Líffræðileg dreifing, þrávirkni og langtímaárangur af ígræðslu hluta líkamsfrumulyfsins*

Lífdreifing, þrávirkni og langtímaárangur af ígræðslu hluta líkamsfrumulyfsins skal tekinn fyrir í klínískri þróun.

5.3.3. *Rannsóknir á öryggi*

Í rannsóknum á öryggi skulu eftirfarandi þættir teknir fyrir:

a) dreifing og árangur af ígræðslu eftir lyfjagjöf,

b) árangur af utansetsígræðslu,

c) umbreyting í átt til æxlismyndunargetu og stöðugleiki frumu-/vefjalínunnar.

5.4. **Sértækar kröfur er varða vefjatæknilyf**

5.4.1. *Lyfjahvarfafræðilegar rannsóknir*

Þegar hefðbundnar lyfjahvarfafræðilegar rannsóknir eiga ekki við um vefjatæknilyf skal líffræðileg dreifing, þrávirkni og niðurbrot hluta vefjatæknilyfsins tekin fyrir í klínískri þróun.

5.4.2. *Lyfhrifarannsóknir*

Lyfhrifarannsóknir skulu hannaðar og sérsniðnar að sérstökum eiginleikum vefjatæknilyfja. Leggja skal fram gögn sem færa sönnur á gildi hugmyndar og sýna fram á lyfjahvörfin sem gera kleift að fá fyrirhugaða endurmyndun, viðgerðir eða endurnýjun. Taka skal tillit til hentugra lyfhrifafræðilegra merkja, sem tengjast fyrirhugaðri notkun og byggingu.

5.4.3. *Rannsóknir á öryggi*

Liður 5.3.3. gildir.“

(*) Stjtíð. ESB L 102, 7.4.2004, bls. 48.

(**) Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.

(***) Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17.

(****) Stjtíð. ESB L 105, 26.4.2003, bls. 18.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/74/ESB **2011/EES/55/39**

frá 9. nóvember 2010

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að rýmka færsluna um virka efnið koltvísýring í I. viðauka við tilskipunina svo að færslan nái yfir sæfiefnaflokk 18 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna([1]), einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB. Sú skrá nær yfir koltvísýring.

2) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/75/EB frá 24. júlí 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu koltvísýringi við í I. viðauka við hana([3]) var koltvísýringur tilgreindur sem virkt efni í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB fyrir notkun í sæfiefnaflokki 14, nagdýraeitur, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

3) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 hefur koltvísýringur verið metinn í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í sæfiefnaflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun.

4) Frakkland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 19. febrúar 2008 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

5) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbærs yfirvalds. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007/EB voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu í fastanefndinni um sæfiefni 27. maí 2010.

6) Rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfiefni, sem eru notuð sem skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum og sem innihalda koltvísýring, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5.gr. tilskipunar 98/8/EB. Því er rétt að rýmka færsluna um koltvísýring í I. viðauka við þá tilskipun svo að færslan nái yfir slíkar vörur.

7) Ekki hefur verið tekin afstaða til allrar hugsanlegrar notkunar á evrópskum vettvangi. Það er því viðeigandi að aðildarríkin meti þessa notkun eða sviðsmyndir af váhrifum og þessa áhættu fyrir þau hólf og íbúahópa sem ekki fengu tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu, sem fram fór á evrópskum vettvangi, og við veitingu leyfis fyrir sæfiefnum skulu þau sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérstök skilyrði sett til að draga úr tilgreindri áhættu svo að viðunandi teljist.

8) Í ljósi niðurstaðna matsskýrslunnar er rétt að krefjast þess að við veitingu leyfis fyrir sæfiefnum verði gerðar ráðstafanir til að draga úr áhættu þegar um er að ræða sæfiefni sem innihalda koltvísýring og eru notuð sem skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum til að tryggt sé að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una í samræmi við 5. gr. og VI. viðauka við tilskipun 98/8/EB. Einkum þykir rétt að þess sé krafist að sæfiefnin séu einungis seld þjálfuðu fagfólki og notuð af því, að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að áhætta fyrir notendur sé í lágmarki, þ.m.t. að þeir hafi aðgengi að persónuhlífum ef nauðsyn krefur, og að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að verja nærstadda, s.s. með því að loka meðhöndlaða svæðinu meðan á svælingu stendur.

9) Það er mikilvægt að ákvæðum þessarar tilskipunar verði beitt samtímis í öllum aðildarríkjunum til að tryggja jafna meðferð á sæfiefnum sem eru á markaði og innihalda virka efnið koltvísýring og einnig til að greiða fyrir því að sæfiefnamarkaðurinn starfi rétt.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 40.

([1]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

([3]) Stjtíð. ESB L 197, 25.7.2008, bls. 54.

10) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast og til að tryggja að umsækjendur, sem hafa tekið saman málsskjöl, geti notið til fulls ávinnings af tíu ára gagnaverndartímabilinu sem hefst á skráningardegi í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/8/EB.

11) Að lokinni færslu á skrá skal veita aðildarríkjunum hæfilegan frest til að hrinda í framkvæmd 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB.

12) Því ber að breyta tilskipun 98/8/EB til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfiefni.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 98/8/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. október 2011.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. nóvember 2012.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Eftirfarandi bætist við færslu „nr. 7“ í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB:

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virks efnis í sæfiefninu við setningu á markað	Dagsetning færslu á skrá	Lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. (nema um sé að ræða sæfiefni sem innihalda fleiri en eitt virkt efni en þá er lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá dagur sem tilgreindur er í síðustu ákvörðuninni um að færa á skrá sem varðar virku efnin)	Færsla á skrá gildir til og með	Sæfiefnaflokkur	Sértæk ákvæði ([1])
			„990 ml/l	1. nóvember 2012	31. október 2014	31. október 2022	18	Þegar aðildarríkin meta umsókn um leyfi fyrir sæfiefni í samræmi við 5. gr. og VI. viðauka skulu þau meta, þegar við á fyrir tiltekið sæfiefni, þá notkun eða sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir þau hólf og íbúahópa sem ekki fengu tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu sem fram fór á evrópskum vettvangi. Þegar vöruleyfi er veitt skulu aðildarríkin meta áhættu og því næst tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérstök skilyrði sett til að draga úr þekktri áhættu svo við megi una. Aðildarríkin skulu sjá til þess að leyfi séu háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Sæfiefni má eingöngu selja fagfólki sem fengið hefur þjálfun í að nota það og því einu er heimilt að nota sæfiefnið. 2) Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að áhætta fyrir notendur sé í lágmarki, þ.m.t. að þeir hafi aðgengi að persónuhlífum ef nauðsyn krefur. 3) Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að verja nærstadda, s.s. með því að tæma meðhöndlaða svæðið meðan á svælingu stendur.“

([1]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 552/2009 **2011/EES/55/40**

frá 22. júní 2009

um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkunum á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ([2]) er mælt fyrir um takmarkanir að því er varðar tiltekin hættuleg efni og efnablöndur. Tilskipun 1907/2006 fellir úr gildi tilskipun 76/769/EBE og kemur í hennar stað frá og með 1. júní 2009. Ákvæði XVII. viðauka við þá reglugerð koma í stað ákvæða I. viðauka við tilskipun 76/769/EB.

2) Í 67. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 er kveðið á um að ekki megi framleiða, setja á markað eða nota efni, blöndur eða hluti nema þau uppfylli skilyrðin í takmörkunum sem mælt er fyrir um í XVII. viðauka.

3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/122/EB frá 12. desember 2006 um þrítugustu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE (perflúoroktansúlfónöt (PFOS)) ([3]) og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/139/EB frá 20. desember 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE, að því er varðar takmörkun á sölu og notkun arsensambanda, í því skyni að laga I. viðauka við hana að tækniframförum ([4]) um breytingu á I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE voru samþykktar skömmu áður en reglugerð (EB) nr. 1907/2006 var samþykkt, í desember 2006, en viðkomandi takmarkanir hafa enn ekki verið teknar inn í XVII. viðauka við þá reglugerð. Því skal breyta XVII. viðauka þannig að teknar séu upp takmarkanirnar sem samsvara tilskipunum 2006/122/EB og 2006/139/EB því að annars munu takmarkanirnar verða felldar niður hinn 1. júní 2009.

4) Samkvæmt 3. mgr. 137. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal taka allar breytingar á takmörkununum sem samþykktar voru samkvæmt tilskipun 76/769/EBE frá 1. júní 2007 upp í XVII. viðauka við þá reglugerð frá og með 1. júní 2009.

5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/51/EB um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE að því er varðar takmarkanir á setningu tiltekinna tegunda mælitækja, sem innihalda kvikasilfur, á markað ([5]) var samþykkt 25. september 2007. Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1348/2008/EB um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE að því er varðar takmarkanir á setningu 2-(2-metoxýetoxý)etanóls, 2-(2-bútoxýetoxý)etanóls, metýlendífenýldíísósýanats, sýklóhexans og ammóníumnítrats á markað og notkun þeirra ([6]) var samþykkt 16. desember 2008. Viðkomandi takmarkanir hafa ekki verið færðar inn í VXII. viðauka við þá reglugerð. Breyta skal XVII. viðauka til að taka upp í hann takmarkanirnar vegna tiltekins mælibúnaðar, sem inniheldur kvikasilfur, sem samþykktar voru með tilskipun 2007/51/EB og takmarkanirnar á 2-(2-metoxýetoxý)etanóli, 2-(2-bútoxýetoxý)etanóli, metýlendífenýldíísósýanati, sýklóhexani og ammóníumnítrati sem samþykktar voru með ákvörðun 1348/2008/EB.

6) Taka skal tillit til viðeigandi ákvæða í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([7]).

7) Þar sem ákvæði í VIII. bálki í reglugerð (EB) nr. 1907/2006, einkum í XVII. viðauka, munu gilda án frekari lögfestingar frá 1. júní 2009 skulu takmarkanirnar vera settar fram á skýran hátt til að rekstraraðilar og eftirlitsyfirvöld geti beitt þeim rétt. Því skal endurskoða hvernig takmarkanirnar eru settar fram. Hugtakanotkun í hinum mismunandi færslum skal samræmd og sett í betra samhengi við skilgreiningarnar í reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 42.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

([3]) Stjtíð. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 32.

([4]) Stjtíð. ESB L 384, 29.12.2006, bls. 94.

([5]) Stjtíð. ESB L 257, 3.10.2007, bls. 13.

([6]) Stjtíð. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 108.

([7]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

8) Í tilskipun ráðsins 96/59/EB frá 16. september 1996 um förgun fjölklóraðra bífenýla og fjölklóraðra terfenýla (PCB/PCT) ([8]) er þess krafist að búnaður sem inniheldur PCB- og PCT-efni sé afmengaður og honum fargað eins fljótt og auðið er og sett skilyrði um afmengun búnaðar sem inniheldur þessi efni. Því skal færslan um PCT-efni í XVII. viðauka við reglugerð (EB) 1907/2006 ekki innihalda ákvæði um búnað, sem inniheldur PCT-efni, þar sem þegar er búið að setja um hann reglur með tilskipun 96/59/EB.

9) Gildandi takmarkanir vegna efnanna 2-naftýlamíns, bensidíns, 4-nítróbífenýls og 4-amínóbífenýls eru tvíræðar þar sem óvissa ríkir um hvort bannið nær einvörðungu til afgreiðslu til almennings eða einnig til afgreiðslu til þeirra sem nota þau í atvinnuskyni. Þær skal skýra. Þar eð bannað er samkvæmt tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda ([9]) að vinna, framleiða og nota þessi efni við vinnu skulu takmarkanirnar í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sem eiga við þessi efni, samræmdar við tilskipun 98/24/EB.

10) Efnin koltetraklóríð og 1,1,1-tríklóretan eru háð ströngum takmörkunum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu ([10]). Með reglugerð (EB) nr. 2037/2000 er sett bann við koltetraklóríði, með undantekningum, og algert bann við 1,1,1-tríklóretani. Takmörkunum vegna koltetraklóríðs og 1,1,1-tríklóretans í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er því ofaukið og þær skulu felldar brott.

11) Þar eð settar eru reglur um kvikasilfur í rafhlöðum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE ([11]) er ákvæðum um kvikasilfur í rafhlöðum í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ofaukið og þau skulu því felld brott.

12) Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 telst úrgangur ekki vera efni, blanda eða hlutur í skilningi 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Þar eð úrgangur fellur ekki undir takmarkanirnar samkvæmt þeirri reglugerð eru ákvæði í XVII. viðauka við hana sem útiloka úrgang óþörf og þau skulu felld brott.

13) Tilteknum takmörkunum í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skal breytt til að taka tillit til skilgreininganna á hugtökunum „notkun“ og „setning á markað“ í 3. gr. þeirrar reglugerðar.

14) Færslan um asbesttrefjar í I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE innihélt undanþágu vegna himna sem innihalda krýsótíl. Tilgreina skal sérstaklega að þessi undanþága verði endurskoðuð eftir móttöku skýrslna sem aðildarríkjunum, sem notfæra sér þessa undanþágu, ber að leggja fram. Í ljósi skilgreiningarinnar á hugtakinu „setning á markað“ í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skulu aðildarríkin enn fremur geta heimilað setningu tiltekinna hluta sem innihalda slíkar trefjar á markað, ef hlutirnir voru þegar uppsettir eða í notkun fyrir 1. janúar 2005, við tiltekin skilyrði sem tryggja viðtæka heilsuvernd manna.

15) Að því er varðar efni, sem hafa verið tekin upp í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 vegna takmarkananna sem samþykktar voru innan ramma tilskipunar 76/769/EBE (1. til 58. færslu) skal koma skýrt fram að takmarkanirnar gilda ekki um geymslu efnanna, birgðahald, meðhöndlun, setningu þeirra í ílát eða flutning þeirra úr einu íláti í annað til útflutnings nema framleiðsla efnanna sé bönnuð.

16) Ólíkt tilskipun 76/769/EBE er hugtakið „hlutur“ skilgreint í reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Til að taka til sömu hluta og kveðið er á um í upphaflegu takmörkuninni vegna kadmíums skal bæta hugtakinu „blöndur“ við sum ákvæðanna.

17) Það skal koma skýrt fram að takmarkanirnar, sem teknar voru upp í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um setningu tiltekinna mælitækja sem innihalda kvikasilfur á markað, gilda ekki um tæki sem þegar eru í notkun í Bandalaginu þegar takmörkunin tekur gildi.

18) Í færslunum um efnin pentabrómafleiður af dífenýleter og oktabrómafleiður af dífenýleter í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skal kveða á um að takmarkanirnar gildi ekki um hluti sem þegar eru í notkun þegar takmarkanirnar áttu að taka gildi þar eð þessi efni hafa verið sett í hluti sem hafa langan endingartíma og eru seldir á markaði með notaðar vörur, s.s. flugvélar og ökutæki. Enn fremur skal sá búnaður ekki vera háður viðkomandi takmörkunum þar eð notkun efnanna í rafmagns- og rafeindabúnaði er reglufest með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([12]).

([8]) Stjtíð. EB L 243, 24.9.1996, bls. 31.
([9]) Stjtíð. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11.
([10]) Stjtíð. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1.
([11]) Stjtíð. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1.
([12]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

19) Það skal koma skýrt fram í takmörkuninni vegna nónýlfenóls og nónýlfenóletoxýlats að hún skuli ekki hafa áhrif á lögmæti núgildandi landsbundinna leyfa fyrir varnarefnum og sæfiefnum, sem innihalda nónýlfenóletoxýlat sem hjálparefni, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/53/EB frá 18. júní 2003 um tuttugustu og sjöttu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (nónýlfenóls, nónýlfenóletoxýlats og sements) ([13]).

20) Það skal koma skýrt fram að takmörkunin vegna perflúoroktansúlfónata, sem tekin var upp í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, gildir ekki um vörur sem voru þegar í notkun í Bandalaginu þegar takmörkunin tók gildi.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júní 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti

([13]) Stjtíð. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 24.

VIÐAUKI

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„Takmarkanir að því er varðar framleiðslu, setningu á markað og notkun tiltekinna hættulegra efna, blandna og hluta“

2. Í stað töflunnar með heitum efnanna, efnaflokkanna og blandnanna ásamt takmörkunum komi eftirfarandi:

„Að því er varðar efni, sem hafa verið tekin upp í þennan viðauka vegna takmarkananna sem samþykktar voru innan ramma tilskipunar 76/769/EBE (1. til 58. færslu), gilda takmarkanirnar ekki um geymslu efnanna, birgðahald, meðhöndlun, setningu þeirra í ílát eða flutning þeirra úr einu íláti í annað til útflutnings, nema framleiðsla efnanna sé bönnuð.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
1. Fjölklóruð terfenýl (PCT)	Ekki er leyft að setja á markað eða nota: – sem efni, – í blöndur, þ.m.t. olíuúrgangur, eða í búnað, í styrk sem er meiri en 50 mg/kg (0,005% miðað við þyngd).
2. Klóreten (vínylklóríð) CAS-nr. 75-01-4 EB-nr. 200-831-0	Ekki leyft til notkunar sem úðadrifefni, hver sem tilgangurinn með notkuninni er. Úðabrúsar, sem innihalda efnið sem drifefni, skulu ekki settir á markað.
3. Fljótandi efni eða blöndur sem eru taldar hættulegar samkvæmt skilgreiningunum í tilskipun ráðsins 67/548/EBE og tilskipun 1999/45/EB.	1. Ekki leyfð til notkunar í: – skrautmuni, sem ætlaðir eru til að framleiða ljós eða litbrigði með hjálp mismunandi fasa, t.d. í skrautlampa eða öskubakka, – hluti sem eru notaðir við hrekkja- og töfrabrögð, – spil fyrir einn eða fleiri þátttakendur eða aðra hluti til slíkrar notkunar, ekki heldur hluti sem eru notaðir til skrauts. 2. Ekki er leyft að setja á markað hluti sem samræmast ekki 1. lið. 3. Ekki leyft að setja á markað ef þau innihalda litunarefni nema nauðsyn krefji vegna ástæðna sem varða innheimtu opinberra gjalda eða ilmefni eða bæði og ef þau: – fela í sér ásvelgingarhættu og eru merkt með hættusetningunni H65 eða H304 og, – má nota sem eldsneyti á skrautlampa og, – er pakkað í umbúðir sem eru 15 lítrar að rúmmáli eða minna. 4. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi umbúðir efna og blandna, sem falla undir 3. lið og ætluð eru til notkunar í lömpum, verið merktar með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri: „Geymið lampa, sem innihalda þennan vökva, þar sem börn ná ekki til.“

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
4. Þrífosfat (2,3-díbrómprópýl) CAS-nr. 126-72-7	1. Ekki leyft til notkunar í textílvörur, s.s. fatnað, undirfatnað og lín, sem ætlað er að komast í snertingu við húðina. 2. Ekki er leyft að setja á markað hluti sem samræmast ekki 1. lið.
5. Bensen CAS-nr. 71-43-2 EB-nr. 200-753-7	1. Ekki leyft að nota í leikföng eða leikfangahluta ef styrkur óbundins bensens er meiri en 5 mg/kg (0,0005%) af þyngd leikfangsins eða leikfangahlutans. 2. Ekki er leyft að setja á markað leikföng eða leikfangahluta sem samræmast ekki 1. lið. 3. Ekki er leyft að setja á markað eða nota: – sem efni, – sem efnisþátt annarra efna, eða í blöndur, í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd. 4. Ákvæði 3. liðar gilda hins vegar ekki um: a) vélaeldsneyti sem fellur undir tilskipun 98/70/EB, b) efni og blöndur til notkunar í iðnaðarferlum þar sem losun bensens er ekki leyfð í magni sem er yfir þeim mörkum sem mælt er fyrir um í gildandi löggjöf.
6. Asbesttrefjar a) Krósídólít CAS-nr. 12001-28-4 b) Amósít CAS-nr. 12172-73-5 c) Antófýllít CAS-nr. 77536-67-5 d) Aktínólít CAS-nr. 77536-66-4 e) Tremólít CAS-nr. 77536-68-6 f) Krýsótíl CAS-nr. 12001-29-5 CAS-nr. 132207-32-0	1. Framleiðsla, setning á markað og notkun þessara trefja og hluta, sem þessum trefjum er bætt í af ásetningi, er bönnuð. Aðildarríkjum er þó heimilt að veita undanþágu fyrir því að setja á markað og nota himnur sem innihalda krýsótíl (f-liður) fyrir rafgreiningarstöðvar í rekstri þar til þær eru teknar úr notkun eða þar til viðeigandi, asbestlaus staðgönguefni verða fáanleg, eftir því hvort á sér stað fyrr. Aðildarríki sem notfæra sér þess undanþágu skulu, fyrir 1. júní 2011, leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um tiltækileika asbestlausra staðgönguefna fyrir rafgreiningarstöðvar og hvað hefur verið gert til að þróa slík staðgönguefni, um vernd fyrir heilsu starfsmanna stöðvanna, um það hvaðan krýsótílið kemur og magn þess, um það hvaðan himnurnar koma sem innihalda krýsótíl og magn þeirra og hvenær er áætlað að undanþágan renni út. Framkvæmdastjórnin skal veita almenningi aðgang að þessum upplýsingum. Eftir að hafa veitt þessum skýrslum móttöku skal framkvæmdastjórnin fara þess á leit við Efnastofnunina að hún taki saman málsskjöl í samræmi við 69. gr. með það í huga að banna að himnur, sem innihalda krýsótíl, séu settar á markað og notaðar. 2. Áfram skal leyft að nota hluti, sem innihalda asbesttrefjar sem um getur í 1. lið og sem höfðu þegar verið settir upp og/eða höfðu verið teknir í notkun fyrir 1. janúar 2005, þar til þeim er fargað eða þeir eru teknir úr notkun. Aðildarríkjunum er þó heimilt, til að vernda heilbrigði manna, að takmarka eða banna notkun slíkra hluta eða binda hana tilteknum skilyrðum áður en þeim er fargað eða áður en þeir eru teknir úr notkun. Aðildarríkin geta heimilað setningu heilla hluta, sem innihalda asbesttrefjar sem um getur í 1. lið, á markað ef þeir höfðu þegar verið settir upp og/eða höfðu verið teknir í notkun fyrir 1. janúar 2005, að uppfylltum sérstökum skilyrðum sem tryggja viðtæka heilsuvernd manna. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar landsbundnu ráðstafanir fyrir 1. júní 2011. Framkvæmdastjórnin skal veita almenningi aðgang að þessum upplýsingum.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
	3. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna má þó því aðeins leyfa setningu hluta, sem innihalda þessar trefjar, á markað og notkun þeirra, eins og leyft hefur verið í samræmi við framangreindar undanþágur, að birgjar tryggi, fyrir setningu þeirra á markað, að á þeim sé merkimiði í samræmi við 7. viðbæti við þennan viðauka.
7. Tris(asirídínýl)fosfínoxíð CAS-nr. 545-55-1 EB-nr. 208-892-5	1. Ekki leyft til notkunar í textílvörur, s.s. fatnað, undirfatnað og lín, sem ætlað er að komast í snertingu við húðina. 2. Ekki er leyft að setja á markað hluti sem samræmast ekki 1. lið.
8. Fjölbrómbífenýl, fjölbrómuð bífenýl (PBB) CAS-nr. 59536-65-1	1. Ekki leyft til notkunar í textílvörur, s.s. fatnað, undirfatnað og lín, sem ætlað er að komast í snertingu við húðina. 2. Ekki er leyft að setja á markað hluti sem samræmast ekki 1. lið.
9. a) Duft af sáputré (*Quillaja saponaria*) og afleiður þess sem innihalda sapónín. CAS-nr. 68990-67-0 EB-nr. 273-620-4 b) Duft úr rótum kalkjólarósar (*Helleborus viridis*) og jólarósar (*Helleborus niger*) c) Duft úr rótum hvítrar hnerrarótar (*Veratrum album*) og svartrar hnerrarótar (*Veratrum nigrum*) d) Bensidín og/eða afleiður þess CAS-nr. 92-87-5 EB-nr. 202-199-1 e) o-nítróbensaldehýð CAS-nr. 552-89-6 EB-nr. 209-025-3 f) Viðarduft	1. Ekki leyft til notkunar í hrekkja- og gabbvarning eða í blöndur eða hluti sem nota á til slíks, t.d. sem innihaldsefni í hnerraduft eða fýlubombur. 2. Ekki er leyft að setja á markað hrekkja- og gabbvarning eða blöndur eða hluti, sem nota á til slíks, sem samræmast ekki 1. lið 3. Ákvæði 1. og 2. liðar gilda hins vegar ekki um fýlubombur sem innihalda innan við 1,5 ml af vökva.
10. a) Ammóníumsúlfíð CAS-nr. 12135-76-1 EB-nr. 235-223-4 b) Ammóníumvetnissúlfíð CAS-nr. 12124-99-1 EB-nr. 235-184-3 c) Ammóníumpólýsúlfíð CAS-nr. 9080-17-5 EB-nr. 232-989-1	1. Ekki leyft til notkunar í hrekkja- og gabbvarning eða í blöndur eða hluti sem nota á til slíks, t.d. sem innihaldsefni í hnerraduft eða fýlubombur. 2. Ekki er leyft að setja á markað hrekkja- og gabbvarning eða blöndur eða hluti, sem nota á til slíks, sem samræmast ekki 1. lið 3. Ákvæði 1. og 2. liðar gilda hins vegar ekki um fýlubombur sem innihalda innan við 1,5 ml af vökva.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
11. Rokgjarnir esterar af brómediksýrum: a) Metýlbrómasetat CAS-nr. 96-32-2 EB-nr. 202-499-2 b) Etýlbrómasetat CAS-nr. 105-36-2 EB-nr. 203-290-9 c) Própýlbrómasetat CAS-nr. 35223-80-4 d) Bútýlbrómasetat CAS-nr. 18991-98-5 EB-nr. 242-729-9	1. Ekki leyft til notkunar í hrekkja- og gabbvarning eða í blöndur eða hluti sem nota á til slíks, t.d. sem innihaldsefni í hnerraduft eða fýlubombur. 2. Ekki er leyft að setja á markað hrekkja- og gabbvarning eða blöndur eða hluti, sem nota á til slíks, sem samræmast ekki 1. lið 3. Ákvæði 1. og 2. liðar gilda hins vegar ekki um fýlubombur sem innihalda innan við 1,5 ml af vökva.
12. 2-naftýlamín CAS-nr. 91-59-8 EB-nr. 202-080-4 og sölt þess 13. Bensidín CAS-nr. 92-87-5 EB-nr. 202-199-1 og sölt þess 14. 4-nítróbífenýl CAS-nr. 92-93-3 Einecs EB-nr. 202-204-7 15. 4-amínóbífenýlxenýlamín CAS-nr. 92-67-1 Einecs EB-nr. 202-177-1 og sölt þess	Eftirfarandi gildir um 12.–15. færslu: Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd.
16. Blýkarbónöt: a) Hlutlaust, vatnsfrítt karbónat ($PbCO_3$) CAS-nr. 598-63-0 EB-nr. 209-943-4 b) Þríblý-bis(karbónat)-díhýdroxíð 2Pb CO_3-$Pb(OH)_2$ CAS-nr. 1319-46-6 EB-nr. 215-290-6	Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur ef nota á efnið eða blönduna sem málningu. Hins vegar geta aðildarríki, í samræmi við ákvæði 13. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um notkun blýhvítu og blýsúlfata í málningu, heimilað notkun efnisins eða blöndunnar á yfirráðasvæði sínu til endurgerðar og viðhalds listaverka og sögulegra bygginga og innviða þeirra.
17. Blýsúlföt: a) $PbSO_4$ CAS-nr. 7446-14-2 EB-nr. 231-198-9 b) Pb_x SO_4 CAS-nr. 15739-80-7 EB-nr. 239-831-0	Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur ef nota á efnið eða blönduna sem málningu. Hins vegar geta aðildarríki, í samræmi við ákvæði 13. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um notkun blýhvítu og blýsúlfata í málningu, heimilað notkun efnisins eða blöndunnar á yfirráðasvæði sínu til endurgerðar og viðhalds listaverka og sögulegra bygginga og innviða þeirra.
18. Kvikasilfurssambönd	Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur ef nota á efnið eða blönduna:

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
	a) til að hindra vöxt örvera, plantna eða dýra á: – skipsskrokkum, – kvíum, flotbúnaði, netum eða öðrum tækjum eða búnaði fyrir fisk- eða skelfiskseldi, – hvers kyns búnaði sem er annaðhvort alveg eða að hluta til á kafi í vatni, b) til viðarvarnar, c) við gegndreypingu slitþolinna iðnaðartextíla og garns sem er notað við framleiðslu þeirra, d) við meðhöndlun vatns frá iðnaði, án tillits til notkunarsviðs.
18a. Kvikasilfur CAS-nr. 7439-97-6 EB-nr. 231-106-7	1. Ekki er leyft að setja á markað: a) í líkamshitamælum, b) í öðrum mælitækjum sem ætluð eru til sölu til almennings (s.s. þrýstingsmælum, loftvogum, blóðþrýstingsmælum og hitamælum öðrum en líkamshitamælum). 2. Takmörkunin í 1. lið gildir ekki um mælitæki sem voru í notkun í Bandalaginu fyrir 3. apríl 2009. Hins vegar geta aðildarríkin takmarkað eða bannað setningu slíkra mælitækja á markað. 3. Takmörkunin, sem um getur í b-lið 1. lið, gildir ekki um: a) mælitæki sem voru orðin yfir 50 ára gömul 3. október 2007, b) loftvogir (að undanteknum loftvogum sem falla undir a-lið) fram til 3. október 2009. 4. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 3. október 2009, kanna hvort til eru aðrir valkostir, sem eru áreiðanlegir og öruggir og jafnframt tæknilega og fjárhagslega hagkvæmir, í stað blóðþrýstingsmæla og annarra mælitækja fyrir heilsugæslu og til annarra faglegra og iðnaðarlegra nota sem innihalda kvikasilfur. Á grundvelli þessarar könnunar, eða um leið og nýjar upplýsingar liggja fyrir um áreiðanlega, öruggari valkosti en blóðþrýstingsmæla og önnur mælitæki sem innihalda kvikasilfur, skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að rýmka takmarkanirnar í 1. lið til að ná til blóðþrýstingsmæla og annarra mælitækja fyrir heilsugæslu og til annarra faglegra og iðnaðarlegra nota þannig að horfið sé frá notkun kvikasilfurs í mælitækjum í áföngum þegar það er tæknilega og fjárhagslega hagkvæmt.
19. Arsensambönd	1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur þegar nota á efnið eða blönduna til að hindra vöxt örvera, gróðurs eða dýra á: – skipsskrokkum, – kvíum, flotbúnaði, netum eða öðrum tækjum eða búnaði fyrir fisk- eða skelfiskseldi, – hvers kyns búnaði sem er annaðhvort alveg eða að hluta til á kafi í vatni, 2. Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur þegar nota á efnið eða blönduna við meðhöndlun vatns frá iðnaði, án tillits til notkunarsviðs. 3. Má ekki nota til viðarvarnar. Ekki má heldur setja á markað timbur sem hefur verið meðhöndlað á þennan hátt.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
	4. Þrátt fyrir ákvæði 3. liðar: a) Um þau efni og blöndur, sem eru notuð við viðarvörn, gildir: eingöngu er heimilt að nota þau í iðjuverum þar sem lofttæmi eða þrýstingi er beitt til að gegndreypa timbur ef um er að ræða lausn ólífrænna efnasambanda kopars, króms eða arsens af C-gerð og ef þau eru leyfð í samræmi við 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Ekki má setja á markað timbur, sem er meðhöndlað á þennan hátt, fyrr en viðarvarnarefnið hefur bundist til fulls í viðnum. b) Timbur, sem hefur verið meðhöndlað með kopar-, króm- eða arsensamböndum skv. a-lið, má setja á markað til faglegrar notkunar og í iðnaði að því tilskildu að meðhöndlunin sé nauðsynleg til þess að timbrið haldi óskertum eiginleikum sínum til að tryggja öryggi manna og búfjár og að það sé aðeins notað þar sem ólíklegt er að almenningur komist í snertingu við það meðan það er í notkun: c) Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi allt meðhöndlað timbur sem sett er á markað verið merkt, hvert stykki fyrir sig, með áletruninni „Einungis til nota í iðnaðarframleiðslu eða til faglegrar notkunar, inniheldur arsen“. Að auki skal allt timbur, sem er sett á markað í umbúðum, merkt með eftirfarandi áletrun „Notið hlífðarhanska við meðhöndlun timbursins. Notið rykgrímu og hlífðargleraugu við sögun eða aðra smíði úr timbrinu. Úrgangstimbur skal meðhöndla sem hættulegan úrgang og til þess skal fá viðurkennt fyrirtæki.“ – sem burðarvirki í opinberum byggingum, byggingum í landbúnaði, skrifstofubyggingum og í burðarvirki á iðnaðarsvæðum, – í brúm og brúarvirki, – í virki í ferskvatni og ísöltu vatni, t.d. bryggjum og brúm, – sem hljóðtálmi, – til varnar gegn snjóflóðum og skriðuföllum, – sem öryggisgrindverk og tálmar við þjóðvegi, – sem sívalir staurar úr afbirktum barrviði til búfjárgirðinga, – sem jarðvegsstoðvirki, – sem rafmagnsstaurar og í tengslum við fjarskipti, – sem þvertré undir járnbrautarteinum neðanjarðar. d) Ekki má nota meðhöndlað timbur, sem um getur í a-lið: – í íbúðarhús og á heimilum hver sem tilgangurinn er, – á nokkurn þann hátt að hætta sé á endurtekinni snertingu við húð manna, – í sjó, – í landbúnaði til annarrar notkunar en í girðingar og í mannvirki í samræmi við b-lið, – á nokkurn þann hátt að hætta sé á að meðhöndlað timbur komist í snertingu við fullunnar eða ófullunnar vörur sem ætlaðar eru til manneldis og/eða fóðrunar dýra. 5. Timbur, sem hefur verið meðhöndlað með arsensamböndum og var notað í Bandalaginu fyrir 30. september 2007 eða var sett á markað í samræmi við 4. lið, má vera á sínum stað og er notkunin leyfð þar til það er tekið úr notkun.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
	6. Timbur, sem hefur verið meðhöndlað með kopar-, króm- eða arsensamböndum af C-gerð sem voru í notkun í Bandalaginu fyrir 30. september 2007 eða sem var sett á markað í samræmi við 4. lið: – má nota eða endurnota með þeim skilyrðum sem sett eru fyrir notkun þess og eru tilgreind í b-, c- og d-lið 4. liðar, – má setja á markað með skilyrðum sem eru sett fyrir notkun þess og eru tilgreind í b-, c- og d-lið 4. liðar. 7. Aðildarríkin geta leyft að timbur, sem hefur verið meðhöndlað með öðrum tegundum af kopar-, króm- eða arsensamböndum sem voru í notkun í Bandalaginu fyrir 30. september 2007: – sé notað eða endurnotað með þeim skilyrðum sem eru sett fyrir notkun þess og eru tilgreind í b-, c- og d-lið 4. liðar, – megi setja á markað með skilyrðum sem eru sett fyrir notkun þess og eru tilgreind í b-, c- og d-lið 4. liðar.
20. Lífræn tinsambönd	1. Ekki leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur ef efnið eða blandan gegnir hlutverki sæfiefnis í málningu og er ekki bundin efnatengjum við aðra efnisþætti í málningunni. 2. Ekki leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur ef efnið eða blandan gegnir hlutverki sæfiefna til að hindra vöxt örvera, gróðurs eða dýra á: a) öllum skipum, án tillits til stærðar þeirra, sem nota á til siglinga á hafi, með ströndum, í árósum, skipgengum vatnaleiðum og stöðuvötnum, b) kvíum, flotbúnaði, netum eða öðrum tækjum eða búnaði fyrir fisk- eða skelfiskeldi, c) hvers kyns búnaði sem er annaðhvort alveg eða að hluta til á kafi í vatni. 3. Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur þegar nota á efnið eða blönduna við meðhöndlun vatns frá iðnaði.
21. Dí-μ-oxó-dí-n-bútýlstannióhýdroxýboran/ díbútýltinvetnisbórat $C_8H_{19}BO_3Sn$ (DBB) CAS-nr. 75113-37-0 EB-nr. 401-040-5	Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd. Hins vegar gildir fyrsti liður ekki um þetta efni (DBB) eða blöndur, sem innihalda það, ef þeim er eingöngu breytt í hluti þar sem styrkur efnisins er ekki jafnmikill eða meiri en 0,1%.
22. Pentaklórfenól CAS-nr. 87-86-5 EB-nr. 201-778-6 og sölt þess og esterar	Ekki er leyft að setja á markað eða nota, – sem efni, – sem efnisþátt annarra efna, eða í blöndur, í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd.
23. Kadmíum CAS-nr. 7440-43-9 EB-nr. 231-152-8 og efnasambönd þess	Að því er varðar þessa færslu vísa þeir kóðar og kaflar, sem gefnir eru upp í hornklofum, til þeirra kóða og kafla tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfis sameiginlegu tollskrárinnar sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ([1]). 1. Ekki leyft til litunar á hlutum sem eru framleiddir úr þeim efnum og blöndum sem eru tilgreind hér á eftir: a) – pólývínylklóríð (PVC) [3904 10] [3904 21] [3904 22] – pólýúretan (PUR) [3909 50]

([1]) Stjtíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 42.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
	– eðlislétt pólýetýlen (ld PE), að undanskildu eðlisléttu pólýetýleni sem er notað til framleiðslu litarefnablandna (e. masterbatch) [3901 10] – sellulósaasetat (CA) [3912 11] [3912 12] – sellulósaasetatbútýrat (CAB) [3912 11] [3912 12] – epoxýresín [3907 30] – melamínformaldehýðresín (MF) [3909 20] – úreaformaldehýðresín (UF) [3909 10] – ómettaðir pólýesterar (UP) [3907 91] – pólýetýlentereþalat (PET) [3907 60] – pólýbútýlentereþalat (PBT) – glært/venjulegt pólýstýren [3903 11] [3903 19] – akrýlnítrílmetýlmetakrýlat (AMMA) – vixltengt pólýetýlen (VPE) – höggþolið pólýstýren – pólýprópýlen (PP) [3902 10] b) málning og lökk [3208] [3209] Ef málningin eða lökkin innihalda mikið sink skal styrkur kadmíumleifa hins vegar vera svo lítill sem framast er kostur og skal í engum tilvikum fara yfir 0,1% miðað við þyngd. Ekki er leyft í neinum tilvikum að setja á markað hluti eða efnisþætti þeirra, sem eru framleiddir úr framangreindum efnum eða blöndum og eru lituð með kadmíumi, ef kadmíuminnihald þeirra (gefið upp sem kadmíummálmur) er meira en 0,01% miðað við þyngd plastefnisins, hver sem fyrirhuguð notkun eða endanlegur tilgangur er. 2. Ákvæði 1. liðar gilda þó ekki um hluti sem eru litaðar af öryggis-ástæðum.. 3. Ekki leyft til að stöðga eftirfarandi blöndur eða hluti sem eru tilgreindir hér á eftir og eru framleiddir úr fjölliðum eða samfjölliðum vínylklóríðs: – umbúðaefni (pokar, ílát, flöskur, lok) [3923 29 10], – skrifstofu- eða skólavörur [3926 10], – aukabúnaður fyrir húsgögn, yfirbyggingar eða þess háttar [3926 30], – fatnaður og tilheyrandi aukahlutir (þ.m.t. hanskar) [3926 20], – gólfefni og veggfóður [3918 10], – gegndreypt, húðuð, hjúpuð eða lagskipt textílefni [5903 10], – leðurlíki [4202], – hljómplötur, – pípur og rör og tilheyrandi aukahlutir [3917 23], – vængjahurðir, – ökutæki til flutninga á vegum (innra rými og ytra borð, undirvagn), – húð á stálplötum sem eru notaðar til bygginga eða í iðnaði, – einangrun fyrir rafmagnsvíra.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
	Ekki má í neinum tilvikum setja á markað blöndur, hluti eða efnisþætti þeirra, sem frá greinir hér að framan og eru framleidd úr fjölliðum eða samfjölliðum úr vínylklóríði, stöðguð með efnum sem innihalda kadmíum, ef kadmíuminnihald þeirra (gefið upp sem kadmíummálmur) er meira en 0,01% miðað við þyngd plastefnisins, hver sem fyrirhuguð notkun eða endanlegur tilgangur er. 4. Ákvæði 3. liðar gilda hins vegar ekki um blöndur og hluti ef stöðgarar, sem innihalda kadmíum, eru notaðir af öryggisástæðum. 5. Að því er varðar þessa færslu merkir „kadmíumhúðun“ hvers kyns útfellingu eða húð úr kadmíummálmi á málmyfirborði. Ekki leyft til notkunar í kadmíumhúð á málmhlutum eða efnisþáttum þeirra sem eru notaðir á þeim sviðum eða í þeim tilgangi sem er tilgreindur hér að neðan: a) búnaður og vélar til: – matvælaframleiðslu [8210] [8417 20] [8419 81] [8421 11] [8421 22] [8422] [8435] [8437] [8438] [8476 11] – landbúnaðar [8419 31] [8424 81] [8432] [8433] [8434] [8436] – kælingar og frystingar [8418] – prentunar og bókbands [8440] [8442] [8443] b) búnaður og vélar til framleiðslu á: – heimilisbúnaði [7321] [8421 12] [8450] [8509] [8516] – húsgögnum [8465] [8466] [9401] [9402] [9403] [9404] – hreinlætistækjum [7324] – miðstöðvarhitunar- og loftræstibúnaði [7322] [8403] [8404] [8415] Ekki má í neinum tilvikum setja á markað kadmíumhúðaða hluti eða efnisþætti þeirra sem eru notaðir á þeim sviðum eða í þeim tilgangi sem tilgreint er í a- og b-lið hér að framan eða hluti sem eru framleiddir á þeim sviðum sem tilgreind eru í b-lið hér að framan, hver sem fyrirhuguð notkun eða endanlegur tilgangur er. 6. Ákvæðin, sem um getur í 5. lið, gilda einnig um kadmíumhúðaða hluti eða efnisþætti þeirra ef þeir eru notaðir á þeim sviðum eða í þeim tilgangi sem tilgreint er í a- og b-lið hér á eftir og um hluti sem eru tilgreindir í b-lið hér á eftir: a) búnaður og vélar til framleiðslu á: – pappír og pappa [8419 32] [8439] [8441] textílefnum og fatnaði [8444] [8445] [8447] [8448] [8449] [8451] [8452] b) búnaður og vélar til framleiðslu á: – færslubúnaði og vélum sem eru notuð í iðnaði [8425] [8426] [8427] [8428] [8429] [8430] [8431] – ökutækjum til notkunar á vegum og í landbúnaði [87. kafli] – járnbrautarvögnum [86. kafli] – skipum [89. kafli] 7. Takmarkanirnar í 5. og 6. lið gilda hins vegar ekki um: – hluti og efnisþætti þeirra sem eru notaðir í flugvéla-, geim- og námuiðnaði, í iðnaði á hafi úti og á sviði kjarnorku, enda séu gerðar miklar öryggiskröfur til þeirra, og ekki heldur um öryggisbúnað til notkunar í ökutækjum til notkunar á vegum og í landbúnaði, í járnbrautarvögnum og skipum, – rafsnertur á hvaða notkunarsviði sem er, þar sem það er nauðsynlegt til að tryggja áreiðanleika þess tækis sem þær eru settar upp í.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
24. Mónómetýltetraklórdífenýlmetan Viðskiptaheiti: Ugilec 141 CAS-nr. 76253-60-6	1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur. Ekki er leyft að setja á markað hluti sem innihalda efnið. 2. Ákvæði 1. liðar gilda þó ekki: a) í neinum tilvikum um mannvirki og vélar sem voru þegar í notkun 18. júní 1994 þar til slíkum mannvirkjum eða vélum er fargað, b) ef um er að ræða viðhald mannvirkja eða véla sem voru þegar í notkun í aðildarríki 18. júní 1994. Að því er varðar a-lið geta aðildarríkin, af ástæðum er varða heilsuvernd manna og umhverfisvernd, bannað notkun slíkra mannvirkja eða véla á yfirráðasvæði sínu áður en þeim er fargað.
25. Mónómetýldíklórdífenýlmetan Viðskiptaheiti: Ugilec 121 Ugilec 21	Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur. Ekki er leyft að setja á markað hluti sem innihalda efnið.
26. Mónómetýldíbrómdífenýlmetan-brómbensýlbrómtólúen, blanda hverfna Viðskiptaheiti: DBBT CAS-nr. 99688-47-8	Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur. Ekki er leyft að setja á markað hluti sem innihalda efnið.
27. Nikkel CAS-nr. 7440-02-0 EB-nr. 231-111-4 og efnasambönd þess	1. Ekki leyft til notkunar: a) í byrjunarlokkum og -pinnum sem settir eru í götuð eyru eða aðra gataða líkamshluta nema nikkelmagnið, sem losnar frá þessum lokkum og pinnum, sé minna en 0,2 µg/cm^2 á viku (flæðimörk), b) í hlutum sem ætlað er að komast í beina og langvarandi snertingu við húðina, s.s.: – eyrnalokkum, – hálsmenum, armböndum og keðjum, ökklahringjum, hringjum á fingur, – kössum, ólum og sylgjum armbandsúra, – hnoðhnöppum, smellum, hnoðum, rennilásum og málmmerkjum þegar slíkt er notað á fatnað, ef hraði nikkellosunar frá þeim hlutum varanna, sem eru í beinni og langvarandi snertingu við hörund, er meiri en 0,5 µg/cm^2/viku, c) í vörum sem eru tilgreindar í b-lið ef þær eru með nikkelfrírri húð, nema húðin nægi til að tryggja það að hraði nikkellosunar frá þeim hlutum varanna, sem koma í beina og langvarandi snertingu við hörund, sé ekki meiri en 0,5 µg/cm^2/viku á tveggja ára tímabili, við eðlilega notkun varanna. 2. Hluti, sem falla undir 1. lið, má því aðeins setja á markað að þeir uppfylli kröfurnar í þeim lið. 3. Prófunaraðferðirnar í stöðlunum, sem Staðlasamtök Evrópu hafa samþykkt, skulu notaðar til að staðfesta að hlutirnir uppfylli kröfurnar í 1. og 2. lið.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
28. Efni sem eru tilgreind í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og eru flokkuð sem krabbameinsvaldar í undirflokk 1A eða 1B (tafla 3.1) eða krabbameinsvaldar í 1. eða 2. undirflokk (tafla 3.2) og tilgreind sem hér segir: – Krabbameinsvaldur í undirflokki 1A (tafla 3.1)/krabbameinsvaldur í 1. undirflokki (tafla 3.2), tilgreindur í 1. viðbæti – Krabbameinsvaldur í undirflokki 1B (tafla 3.1)/krabbameinsvaldur í 2. undirflokki (tafla 3.2), tilgreindur í 2. viðbæti 29. Efni sem eru tilgreind í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og flokkuð sem kímfrumustökkbreytivaldar í undirflokki 1A eða 1B (tafla 3.1) eða stökkbreytivaldar í 1. eða 2. undirflokki (tafla 3.2) og tilgreind sem hér segir: – Stökkbreytivaldur í undirflokki 1A (tafla 3.1)/ stökkbreytivaldur í 1. undirflokki (tafla 3.2), tilgreindur í 3. viðbæti – Stökkbreytivaldur í undirflokki 1B (tafla 3.1)/ stökkbreytivaldur í 2. undirflokki (tafla 3.2), tilgreindur í 4. viðbæti 30. Efni sem eru tilgreind í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og eru flokkuð sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B (tafla 3.1), eða efni sem hafa eiturhrif á æxlun, 1. eða 2. undirflokkur (tafla 3.2), og tilgreind sem hér segir: – Efni sem hafa eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A fyrir skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun (tafla 3.1), eða efni sem hafa eiturhrif á æxlun, 1. undirflokkur með H60 (getur haft skaðleg áhrif á frjósemi) eða H61 (getur skaðað börn í móðurkviði) (tafla 3.2), tilgreind í 5. viðbæti – Efni sem hafa eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1B fyrir skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun (tafla 3.1), eða efni sem hafa eiturhrif á æxlun, 2. undirflokkur með H60 (getur haft skaðleg áhrif á frjósemi) eða H61 (getur skaðað börn í móðurkviði) (tafla 3.2), tilgreind í 6. viðbæti	Með fyrirvara um aðra hluta þessa viðauka gildir eftirfarandi um færslur 28 til 30: 1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota, – sem efni, – sem efnisþætti annarra efna eða – í blöndur, til sölu til almennings ef styrkur eins þáttar í efninu eða blöndunni er jafnmikill eða meiri en: – annaðhvort viðeigandi sértæk styrkleikamörk sem tilgreind eru í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eða – viðeigandi styrkleiki sem er tilgreindur í tilskipun 1999/45/EB. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi umbúðir slíkra efna og blandna verið merktar með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri: „Einungis til faglegra nota“. 2. Ákvæði 1. liðar gildir þó ekki um: a) lyf fyrir menn eða dýr eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2001/82/EB og tilskipun 2001/83/EB, b) snyrtivörur eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 76/768/EBE, c) eftirfarandi eldsneyti og olíuvörur: – eldsneyti á vélar sem fellur undir tilskipun 98/70/EB, – afurðir jarðolíu sem eru ætlaðar til notkunar sem eldsneyti í færanlegum eða föstum brennsluverum, – eldsneyti sem er selt í lokuðum einingum (t.d. kútum með fljótandi gasi), d) listmálaraliti sem falla undir tilskipun 1999/45/EB.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
31. a) Kreósót, ísogsolía CAS-nr. 8001-58-9 EB-nr. 232-287-5 b) Kreósótolía, ísogsolía CAS-nr. 61789-28-4 EB-nr. 263-047-8 c) Eimað eldsneyti (koltjara), naftalínolíur; naftalínolía CAS-nr. 84650-04-4 EB-nr. 283-484-8 d) Kreósótolía, asenaftenhluti, ísogsolía CAS-nr. 90640-84-9 EB nr. 292-605-3 e) Eimað eldsneyti (koltjara), efri hluti; þung antrasenolía CAS-nr. 65996-91-0 EB-nr. 266-026-1 f) Antrasenolía CAS-nr. 90640-80-5 EB-nr. 292-602-7 g) Tjörusýrur úr óunnum kolum, hráfenól CAS-nr. 65996-85-2 EB-nr. 266-019-3 h) Kreósót, viður CAS-nr. 8021-39-4 EB-nr. 232-419-1 i) Lághitatjöruolía, basísk, útdráttarleifar (úr kolum), lághitakoltjara, basísk CAS-nr. 122384-78-5 EB-nr. 310-191-5	1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur þegar nota á efnið eða blönduna til að meðhöndla timbur. Ekki má heldur setja á markað timbur sem hefur verið meðhöndlað á þennan hátt. 2. Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar: a) Aðeins má nota þessi efni og blöndur til að meðhöndla við í iðjuverum, sem falla undir löggjöf Bandalagsins um starfsmannavernd, eða til að endurmeðhöndla við á staðnum af fagmönnum, ef þau innihalda: i) bensó[a]þýren í styrk sem er undir 50 mg/kg (0,005% miðað við þyngd), og ii) vatnsútdraganleg fenól í styrk sem er undir 3% miðað við þyngd. Slík efni og blöndur, sem eru notuð til að meðhöndla við í iðjuverum eða af fagmönnum: – má aðeins setja á markað í umbúðum sem eru 20 lítrar eða meira að rúmmáli, – er ekki leyft að selja neytendum. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi umbúðir slíkra efna og blandna verið merktar með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri: „Einungis til nota í iðjuverum eða til faglegrar meðhöndlunar“. b) Einungis má nota timbur sem er meðhöndlað í iðjuverum eða af fagmönnum skv. undirlið a, sem er sett á markað í fyrsta sinn eða endurmeðhöndlað á staðnum, til faglegrar notkunar eða til notkunar í iðnaði, t.d. fyrir járnbrautir eða raflínur eða í tengslum við fjarskipti, til girðinga, til notkunar í landbúnaði (t.d. sem stoðir fyrir tré) og í höfnum og á vatnaleiðum. c) Bannið í 1. lið við setningu á markað gildir ekki um timbur sem hefur verið meðhöndlað með efnum, sem eru tilgreind í a- til i-liðum 31. færslu, fyrir 31. desember 2002 og er sett á markað með notaðar vörur til endurnýtingar. 3. Ekki er leyft að nota meðhöndlað timbur sem um getur í b- og c-lið 2. liðar: – inni í byggingum, hvaða hlutverki sem þær gegna, – í leikföng, – á leiksvæðum, – í skemmtigörðum, skrúðgörðum eða á útivistar- og tómstundasvæðum þar sem hætta er á tíðri snertingu við hörund, – við framleiðslu garðhúsgagna, s.s. nestisborða, – við framleiðslu, notkun og alla endurmeðhöndlun: – íláta til notkunar við ræktun, – umbúða sem geta komist í snertingu við hráefni, millistigsvörur eða fullunnar vörur sem eru ætlaðar til manneldis og/eða í fóður, – annarra efna sem kunna að menga hlutina sem um getur hér að framan.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
32. Klóróform CAS-nr. 67-66-3 EB-nr. 200-663-8 34. 1,1,2-tríklóretan CAS-nr. 79-00-5 EB-nr. 201-166-9 35. 1,1,2,2-tetraklóretan CAS-nr. 79-34-5 EB-nr. 201-197-8 36. 1,1,1,2-tetraklóretan CAS-nr. 630-20-6 37. Pentaklóretan CAS-nr. 76-01-7 EB-nr. 200-925-1 38. 1,1-díklóretan CAS-nr. 75-35-4 EB-nr. 200-864-0	Með fyrirvara um aðra hluta þessa viðauka gildir eftirfarandi um færslur 32 til 38: 1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota, – sem efni, – sem efnisþætti annarra efna, eða í blöndur, í styrkleika sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd, ef efnið eða blandan er ætluð til sölu til almennings og/eða við notkun við aðstæður þar sem hún getur dreifst, s.s. við yfirborðshreinsun eða hreinsun vefnaðar. 2. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi umbúðir slíkra efna og blandna, sem innihalda þau í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd, verið merktar með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri: „Einungis til notkunar í iðjuverjum“. Þetta ákvæði gildir þó ekki um: a) lyf fyrir menn eða dýr eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2001/82/EB og tilskipun 2001/83/EB, b) snyrtivörur eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 76/768/EBE.
40. Efni sem uppfylla viðmiðanirnar um eldfimi í tilskipun 67/548/EBE og eru flokkuð sem eldfim, mjög eldfim eða afar eldfim án tillits til þess hvort þau eru tilgreind í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eða ekki.	1. Ekki leyfð sem efni eða blöndur í úðabrúsum ef úðabrúsarnir eru ætlaðir til almennrar sölu og notaðir til skemmtunar eða skreytingar, s.s. eftirfarandi: – málmglimmer, einkum ætlað til skreytingar, – gervisnjór og -hrím, – fretpúðar, – reimaúði, – gervisaur, – samkvæmislúðrar, – skrautflögur og -froða, – gerviköngulóarvefir, – fýlubombur. 2. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi umbúðir úðabrúsanna, sem um getur hér að framan, verið merktar með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri: „Einungis til notkunar fyrir fagfólk“. 3. Ákvæði 1. og 2. liðar gilda þó ekki um úðabrúsana sem um getur í 1. mgr. a í 8. gr. tilskipunar ráðsins 75/324/EBE ([2]). 4. Ekki er leyft að setja á markað þá úðabrúsa, sem um getur í 1. og 2. lið, nema þeir uppfylli tilgreindar kröfur.
41. Hexaklóretan CAS-nr. 67-72-1 EB-nr. 200-666-4	Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur þegar nota á efnið eða blönduna við framleiðslu eða vinnslu járnlausra málma.

([2]) Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 40.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
42. Alkön, C_{10}–C_{13}, klóruð (keðjustutt, klóruð paraffín) (SCCP) EB-nr. 287-476-5 CAS-nr. 85535-84-8	Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða efnisþætti annarra efna eða í blöndur í styrk sem er meiri en 1% miðað við þyngd þegar efnið eða blandan er ætluð: – í málmvinnslu, – til að fitubera leður.
43. Asólitarefni og asólitir	1. Við afoxandi klofnun eins eða fleiri asóhópa geta eitt eða fleiri þeirra arómatísku amína, sem tilgreind eru í 8. viðbæti, losnað frá asólitum í greinanlegum styrk, þ.e. í styrk yfir 30 mg/kg (0,003% miðað við þyngd) í hlutum eða í lituðum hlutum þeirra samkvæmt prófunaraðferðunum sem tilgreindar eru í 10. viðbæti og er óheimilt að nota þá asóliti í textíl- og leðurvörur sem hætt er við að komist í beina og langvarandi snertingu við hörund manna eða munnhol, s.s.: – klæði, rúmföt, handklæði, lausa hártoppa, hárkollur, hatta, bleyjur og aðrar hreinlætisvörur og svefnpoka, – skófatnað, hanska, ólar á armbandsúr, handtöskur, pyngjur og veski, skjalatöskur, áklæði á stóla og pyngjur sem eru bornar um hálsinn, – leikföng úr textíl eða leðri og leikföng sem eru að hluta úr textíl eða leðri, – garn og vefnað sem er ætlaður neytendum. 2. Ekki er heldur leyft að setja á markað textíl- og leðurvörur, sem um getur í 1. lið, ef þær fullnægja ekki þeim kröfum sem settar eru fram í þeim lið. 3. Ekki er leyft að setja á markað þá asóliti sem eru í skránni yfir asóliti í 9. viðbæti eða nota þá, sem efni eða í blöndur í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd, ef efnið eða blandan er ætluð til að lita textíl- og leðurvörur.
44. Pentabrómafleiða af dífenýleter $C_{12}H_5Br_5O$	1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota, – sem efni, – í blöndur í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd. 2. Ekki er leyft að setja á markað hluti ef þeir eða logavarðir hlutar þeirra innihalda þetta efni í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd. 3. Ákvæði 2. liðar gilda þó ekki: – um hluti sem voru í notkun í Bandalaginu fyrir 15. ágúst 2004, – um raf- og rafeindabúnað innan gildissviðs tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB ([3]).
45. Oktabrómafleiða af dífenýleter $C_{12}H_2Br_8O$	1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota: – sem efni, – sem efnisþátt annarra efna, eða í blöndur, í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd. 2. Ekki er leyft að setja á markað hluti ef þeir eða logavarðir hlutar þeirra innihalda þetta efni í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd.

([3]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
	3. Ákvæði 2. liðar gilda þó ekki: – um hluti sem voru í notkun í Bandalaginu fyrir 15. ágúst 2004, – um raf- og rafeindabúnað innan gildissviðs tilskipunar 2002/95/EB.
46. a) Nónýlfenól $C_6H4(OH)C_9H_{19}$ CAS-nr. 25154-52-3 EB-nr. 246-672-0 b) Nónýlfenóletoxýlöt $(C_2H_4O)_nC_{15}H_{24}O$	Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd í eftirfarandi tilgangi: 1) við þrif hjá iðnfyrirtækjum og stofnunum nema þegar um er að ræða: – stýrð, lokuð þurrhreinsikerfi þar sem hreinsiefnið er endurunnið eða brennt, – hreinsikerfi þar sem hreinsiefnið er endurunnið eða brennt í sérstöku ferli. 2) við þrif á heimilum, 3) við textíl- og leðurvinnslu, nema þegar um er að ræða: – vinnslu þegar hreinsiefnið er ekki losað út í skólpið, – kerfi, þar sem vinnsluvatnið fær sérstaka formeðhöndlun til að fjarlægja algjörlega lífræna hlutann áður en lífræn meðhöndlun skólps á sér stað (fituhreinsun gæruskinna), 4) í ýruefni í spenadýfur í landbúnaði, 5) við málmvinnslu, nema þegar um er að ræða: notkun í stýrðu, lokuðu kerfi þar sem hreinsiefnið er endurunnið eða brennt, 6) við framleiðslu á pappírsdeigi og pappír, 7) í snyrtivörur, 8) í aðrar hreinlætisvörur, nema: sæðiseyða, 9) í hjálparefni í varnarefni og sæfiefni. Þessi takmörkun skal hins vegar ekki hafa áhrif á landsbundin leyfi fyrir varnarefnum eða sæfiefnum, sem innihalda nónýlfenóletoxýlöt sem hjálparefni, sem veitt voru fyrir 17. júlí 2003 fyrr en þau renna út.
47. Króm (VI) sambönd	1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota sement eða blöndur sem innihalda sement ef í þeim er, í vötnuðu formi, meira en 2 mg/kg (0,0002%) af leysanlegu, sexgildu krómi miðað við heildarþurrvigt sementsins. 2. Ef afoxunarefni eru notuð skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi umbúðir sements eða blandna, sem innihalda sement, verið merktar með sýnilegum, læsilegum og óafmáanlegum upplýsingum um pökkunardag, geymsluaðstæður og viðeigandi geymslutímabil til að viðhalda virkni afoxunarefnisins og til að halda magni leysanlegs, sexgilds króms undir tilgreindum mörkum í 1. lið, sbr. þó beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna. 3. Ákvæði 1. og 2. liðar gilda hins vegar ekki um setningu á markað fyrir algerlega sjálfvirk og lokuð vinnslukerfi þar sem sement og blöndur, sem innihalda sement, eru meðhöndluð eingöngu með vélum og enginn möguleiki er á því að efnið komist í snertingu við hörund, svo og um slíka notkun.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
48. Tólúen CAS-nr. 108-88-3 EB-nr. 203-625-9	Hvorki er leyft að setja á markað né nota sem efni eða í blöndur í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd þegar efnið eða blandan er notuð í lím eða sprautumálningu sem ætluð er til sölu til almennings.
49. Tríklórbensen CAS-nr. 120-82-1 EB-nr. 204-428-0	Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd né á neinn hátt til annarar notunar, nema: – sem milliefni í efnasmíði eða – sem leysi í lokuðum, efnafræðilegum klórunarferlum eða – í framleiðslu á 1,3,5-tríamínó-2,4,6-trínítróbenseni (TATB).
50. Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni (PAH) a) Bensó[a]pýren (BaP) CAS-nr. 50-32-8 b) Bensó[e]pýren (BeP) CAS-nr. 192-97-2 c) Bensó[a]antrasen (BaA) CAS-nr. 56-55-3 d) Krýsen (CHR) CAS-nr. 218-01-9 e) Bensó[b]flúoranten (BbFA) CAS-nr. 205-99-2 f) Bensó[j]flúoranten (BjFA) CAS-nr. 205-82-3 g) Bensó[k]flúoranten (BkFA) CAS-nr. 207-08-9 h) Díbens[a,h]antrasen (DBAhA) CAS-nr. 53-70-3	1. Frá og með 1. janúar 2010 er ekki leyft að setja mýkingarolíur (e. extender oils) á markað eða nota þær við framleiðslu hjólbarða eða hluta hjólbarða ef þær innihalda: – meira en 1 mg/kg (0,0001% miðað við þyngd) af bensó(a)pýreni eða – meira en 10 mg/kg (0,001% miðað við þyngd) samtals fyrir öll skráð fjölhringa, arómatísk vetniskolefni. Þessi viðmiðunarmörk teljast virt ef útdráttur fjölhringa, arómatískra efna (PCA) er minni en 3% miðað við þyngd, mælt með aðferðinni í IP346, staðli Jarðolíustofnunarinnar (Institute of Petroleum): 1998 (Determination of PCA in unused lubricating base oils and asphaltene free petroleum fractions — Dimethyl sulphoxide extraction refractive index method), að því tilskildu að framleiðendur eða innflytjendur gangi úr skugga um það á sex mánaða fresti eða í kjölfar hverrar meiri háttar breytingar á rekstri, eftir því hvort ber fyrr að, að virt séu viðmiðunargildi fyrir bensó(a)pýren og fyrir skráð fjölhringa, arómatísk vetniskolefni, svo og að samsvörun sé milli allra mældra gilda og PCA-útdráttarins. 2. Ekki er heldur leyft að setja á markað hjólbarða eða sóla til hjólbarðasólunar, sem eru framleiddir eftir 1. janúar 2010, innihaldi þeir mýkingarolíur umfram þau mörk sem tilgreind eru í 1. lið. Þessi mörk teljast virt ef súlfuðu gúmmísamböndin fara ekki yfir mörkin 0,35% fyrir Bay-róteindir, mælt og reiknað með aðferð samkvæmt staðlinum ISO 21461 (Rubber vulcanised — Determination of aromaticity of oil in vulcanised rubber compounds). 3. Ákvæði 2. liðar gilda ekki um sólaða hjólbarða ef sólinn á þeim inniheldur ekki mýkingarolíur yfir þeim mörkum sem um getur í 1. lið. 4. Að því er varðar þessa færslu skal hugtakið „hjólbarðar“ merkja hjólbarðar fyrir farartæki sem falla undir: – tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ([4]), – tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum ([5]) og – tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/61/EBE ([6]).

([4]) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.
([5]) Stjtíð. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
51. Eftirfarandi þalöt (eða önnur CAS- og EB-númer sem ná yfir efnin): a) Bis(2-etýlhexýl)þalat (DEHP) CAS-nr. 117-81-7 EB-nr. 204-211-0 b) Díbútýlþalat (DBP) CAS-nr. 84-74-2 EB-nr. 201-557-4 c) Bensýlbútýlþalat (BBP) CAS-nr. 85-68-7 EB-nr. 201-622-7	1. Ekki leyfð til notkunar sem efni eða í blöndur í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd í mýkta efninu í leikföngum eða hlutum til umönnunar barna. 2. Hvorki leyft að setja á markað leikföng né hluti til umönnunar barna sem innihalda meira en 0,1% miðað við þyngd af mýkta efninu. 3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 16. janúar 2010, endurmeta þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í tengslum við þessa færslu, með hliðsjón af nýjum, vísindalegum upplýsingum um slík efni og staðgönguefni þeirra og þessum ráðstöfunum má breyta til samræmis við það, enda séu rök færð fyrir þeim breytingum. 4. Að því er varðar þessa færslu merkir „hlutir til umönnunar barna“ allar þær vörur, sem ætlaðar eru til að auðvelda svefn eða slökun barna, stuðla að hreinlæti eða eru notaðar við mötun, eða hlutir sem börn geta sogið.
52. Eftirfarandi þalöt (eða önnur CAS- og EB-númer sem ná yfir efnin): a) Díísónónýlþalat (DINP) CAS-nr. 28553-12-0 og 68515-48-0 EB nr. 249-079-5 og 271-090-9 b) Díísódekýlþalat (DIDP) CAS-nr. 26761-40-0 og 68515-49-1 EB nr. 247-977-1 og 271-091-4 c) Dí-n-oktýlþalat (DNOP) CAS-nr. 117-84-0 EB-nr. 204-214-7	1. Ekki leyfð til notkunar sem efni eða í blöndur í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd mýkta efnisins í leikföngum eða hlutum til umönnunar barna sem þau geta sett upp í sig. 2. Hvorki má setja á markað leikföng né hluti til umönnunar barna sem innihalda meira en 0,1% miðað við þyngd af mýkta efninu. 3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 16. janúar 2010, endurmeta þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í tengslum við þessa færslu, með hliðsjón af nýjum, vísindalegum upplýsingum um slík efni og staðgönguefni þeirra og þessum ráðstöfunum má breyta til samræmis við það, enda séu rök færð fyrir þeim breytingum. 4. Að því er varðar þessa færslu merkir „hlutir til umönnunar barna“ allar þær vörur, sem ætlaðar eru til að auðvelda svefn eða slökun barna, stuðla að hreinlæti eða eru notaðar við mötun, eða hlutir sem börn geta sogið.
53. Perflúoroktansúlfónöt (PFOS) $C_8F_{17}SO_2X$ (X = OH, málmsalt (O-M+), halíð, amíð og aðrar afleiður, þ.m.t. fjölliður)	1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 50 mg/kg (0,005% miðað við þyngd). 2. Hvorki leyft að setja á markað í hálfunnum vörum eða hlutum né í hlutum þeirra ef styrkur perflúoroktansúlfónata er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd, reiknaður út frá massa byggingarfræðilega aðgreinanlegra eða örgreinanlegra hluta þeirra sem innihalda perflúoroktansúlföt eða, í textíl eða öðrum húðuðum efnum, ef magn perflúoroktansúlfónata er jafnt eða meira en 1 μg/m² af húðaða efninu. 3. Þó skulu 1. og 2. liður hvorki gilda um eftirfarandi hluti né um efni og blöndur sem ætluð eru til framleiðslu þeirra: a) ljósnámslög eða glampavarnarhúðun fyrir rásaprentun (e. photolithography), b) ljósmyndahúðun á filmum, pappír eða prentplötum, c) móðuvörn fyrir harða króm(VI)húðun, sem ekki er til skrauts, og rakagjafa til notkunar í stýrðum rafhúðunarkerfum þar sem magni perflúoroktansúlfónata, sem losað er út í umhverfið, er haldið í lágmarki með notkun á bestu, fáanlegu tækni sem þróuð er innan ramma tilskipunar 2008/1/EB ([7]), d) vökvakerfisvökva fyrir flug.

([7]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
	4. Þrátt fyrir 1. lið er heimilt að nota slökkvifroður, sem voru settar á markað fyrir 27. desember 2006, fram til 27. júní 2011. 5. Takmarkanirnar í 2. lið skulu þó ekki gilda um hluti sem voru í notkun í Bandalaginu fyrir 27. júní 2008. 6. Ákvæði 1. og 2. liðar skulu gilda með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 ([8]). 7. Um leið og nýjar upplýsingar liggja fyrir um notkun og öruggari staðgönguefni eða -tækni við notkun skal framkvæmdastjórnin endurskoða allar undanþágurnar í a- til d-lið í 3. lið þannig að: a) notkun á perflúoroktansúlfónötum verði hætt smám saman um leið og öruggari valkostir verða tæknilega og fjárhagslega hagkvæmir, b) undanþága má einungis gilda áfram vegna óhjákvæmilegrar notkunar ef öruggari valkostir eru ekki til og skýrslur hafa verið lagðar fram um það sem gert hefur verið til að finna öruggari valkosti, c) dregið hefir verið úr losun á perflúoroktansúlfónötum út í umhverfið eins og unnt er með notkun á bestu, fáanlegu tækni. 8. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með yfirstandandi áhættumati og framboði á öruggari staðgönguefnum eða -tækni sem tengist notkun á perflúoroktansýru (PFOA) og skyldum efnum og koma með tillögur um allar þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að draga úr þekktri áhættu, þ.m.t. takmarkanir á setningu á markað og notkun, einkum þegar öruggari staðgönguefni eða -tækni, sem er tæknilega og fjárhagslega hagkvæm, er fyrir hendi.
54. 2-(2-metoxýetoxý)etanól (DEGME) CAS-nr. 111-77-3 EB-nr. 203-906-6	Ekki leyft að setja á markað eftir 27. júní 2010 til sölu til almennings sem efnisþátt í málningu, málningaruppleysum, hreinsiefnum, sjálfgljáandi yrulausnum eða þéttiefnum fyrir gólf í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd.
55. 2-(2-bútoxýetoxý)etanól (DEGBE) CAS-nr. 112-34-5 EB-nr. 203-961-6	1. Ekki leyft að setja á markað í fyrsta skipti eftir 27. júní 2010 til sölu til almennings sem efnisþátt í sprautumálningu eða úðahreinsum í úðabrúsum í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 3% miðað við þyngd. 2. Ekki er leyft að setja á markað sprautumálningu og úðahreinsi í úðabrúsum, sem innihalda 2-(2-bútoxýetoxý)etanól og samræmast ekki 1. lið, til sölu til almennings eftir 27. desember 2010. 3. Með fyrirvara um aðra löggjöf Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi málning, önnur en sprautumálning, sem inniheldur 2-(2-bútoxýetoxý)etanól í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 3% miðað við þyngd og er sett á markað til sölu til almennings, verið merkt með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri fyrir 27. desember 2010: „Notist ekki í málningarúðunarbúnað“.
56. Metýlendífenýldíísósýanat (MDI) CAS-nr. 26447-40-5 EB-nr. 247-714-0	1. Ekki leyft að setja á markað eftir 27. desember 2010 sem efnisþátt í blöndum í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd af metýlendífenýldíísósýanati til sölu til almennings nema birgjar sjái til þess, fyrir setningu á markað, að umbúðirnar:

([8]) Stjtíð. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
	a) innihaldi hlífðarhanska sem uppfylla kröfurnar í tilskipun ráðsins 89/686/EBE ([9]), b) séu merktar með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri, eins og fram kemur hér á eftir, með fyrirvara um önnur ákvæði Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna: „— Við notkun þessarar vöru geta komið fram ofnæmisviðbrögð hjá fólki sem þegar er næmt fyrir díísósýanötum. — Fólk sem þjáist af asma, exemi eða húðvandamálum skal forðast snertingu við þessa vöru, þ.m.t. snerting við húð. — Ekki skal nota þessa vöru þar sem loftræsting er slæm nema notuð sé hlífðargríma með viðeigandi gassíu (þ.e. gerð A1 samkvæmt staðlinum EN 14387).“ 2. Ákvæði a-liðar 1. liðar gildir þó ekki um bræðslulím.
57. Sýklóhexan CAS-nr. 110-82-7 EB-nr. 203-806-2	1. Ekki leyft að setja á markað í fyrsta skipti eftir 27. júní 2010 til sölu til almennings sem innihaldsefni í snertilími úr neópreni í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd í pökkum sem innihalda yfir 350 g. 2. Ekki skal setja á markað snertilím úr neópreni, sem inniheldur sýklóhexan og samræmist ekki 1. lið, til sölu til almennings eftir 27. desember 2010. 3. Með fyrirvara um aðra löggjöf Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi snertilím úr neópreni, sem inniheldur sýklóhexan í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd, sem er sett á markað til sölu til almennings verið merkt með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri fyrir 27. desember 2010: „— Ekki skal nota þessa vöru þar sem loftræsting er slæm. — Ekki skal nota þessa vöru við teppalagningu.“
58. Ammóníumnítrat (AN) CAS-nr. 6484-52-2 EB-nr. 229-347-8	1. Ekki leyft að setja á markað í fyrsta skipti eftir 27. júní 2010 sem efni eða í blöndum sem innihalda, miðað við þyngd, meira en 28% af köfnunarefni úr ammóníumnítrati, til notkunar sem fastur áburður, eingildur eða fjölgildur, nema áburðurinn uppfylli tæknileg ákvæði um eingildan, köfnunarefnisríkan ammóníumnítratáburð sem sett eru fram í III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 ([10]). 2. Ekki leyft að setja á markað í fyrsta skipti eftir 27. júní 2010 sem efni eða í blöndum sem innihalda, miðað við þyngd, meira en 16% af köfnunarefni úr ammóníumnítrati nema til sölu til: a) eftirnotenda og dreifingaraðila, þ.m.t. einstaklingar eða lögaðilar sem hafa leyfi eða heimild í samræmi við tilskipun ráðsins 93/15/EBE ([11]), b) bænda til notkunar í landbúnaðarstarfsemi, annaðhvort í fullu starfi eða hlutastarfi, og ekki endilega í tengslum við stærð jarðarinnar.

([9]) Stjtíð. EB L 399, 30.12.1989, bls. 18.
([10]) Stjtíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.
([11]) Stjtíð. EB L 121, 15.5.1993, bls. 20.

1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
	Í þessum undirlið er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir: i) „bóndi“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur einstaklinga eða lögaðila, óháð því hvaða réttarstaða er veitt hópnum og aðilum hans samkvæmt landslögum, sem hefur yfir að ráða bújörð á yfirráðasvæði Bandalagsins, eins og um getur í 299. gr. sáttmálans, og stundar landbúnaðarstarfsemi, ii) „landbúnaðarstarfsemi“: framleiðsla, eldi eða ræktun landbúnaðarafurða, þ.m.t. uppskera, mjaltir, dýrakynbætur og dýrahald vegna búskapar, eða viðhald lands í góðu landbúnaðar- og umhverfislegu ástandi eins og kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1782/2003 ([12]), c) einstaklinga eða lögaðila sem stunda atvinnustarfsemi, s.s. garðyrkju, plönturækt í gróðurhúsum, viðhald almenningsgarða, garða eða íþróttavalla, skógrækt eða svipaða starfsemi. 3. Að því er varðar takmarkanirnar í 2. lið geta aðildarríkin hins vegar, af félagslegum og hagrænum ástæðum, sett þá takmörkun, fram til 1. júlí 2014, að köfnunarefni úr ammóníumnítrati megi vera allt að 20% miðað við þyngd, í efnum og blöndum sem sett eru á markað innan yfirráðasvæðis þeirra. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.“

3. Í stað formálsorðanna í 1.–6. viðbæti komi eftirfarandi:

„FORMÁLSORÐ

Skýringar á fyrirsögnum dálkanna

Efni:

Heitið samsvarar alþjóðlegri, efnafræðilegri auðkenningu sem notuð er fyrir efnið í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Efni skulu auðkennd, þar sem unnt er, með IUPAC-heiti þeirra. Efni sem eru skráð í Evrópuskrá yfir íðefni á markaði (Einecs), Evrópuskrá yfir tilkynnt efni (Elincs) eða skránni yfir efni sem flokkast ekki lengur sem fjölliður eru auðkennd með heiti þeirra í þessum skrám. Í sumum tilvikum eru einnig tilgreind önnur heiti þeirra, s.s. venjulegt eða almennt heiti. Plöntuvarnarefni og sæfiefni skulu auðkennd, þar sem unnt er, með ISO-heiti þeirra.

Færslur fyrir efnaflokka:

Í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er að finna nokkurn fjölda færslna fyrir efnaflokka. Í slíkum tilvikum eiga kröfur um flokkun við öll efni sem lýsingin tekur til.

Í sumum tilvikum eru gerðar kröfur um flokkun tiltekinna efna sem annars féllu undir efnaflokkinn. Í slíkum tilvikum er sérstök færsla fyrir efnið í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og færslunni fyrir efnaflokkinn fylgir athugasemdin „nema efnanna sé getið annars staðar í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“.

Í sumum tilvikum getur tiltekið efni fallið undir fleiri en eina færslu fyrir efnaflokk. Í þessum tilvikum endurspeglar flokkun efnisins flokkun beggja efnaflokka. Í tilvikum, þar sem tilgreind er mismunandi flokkun fyrir sömu hættuna, skal nota ströngustu flokkunina.

Skrárnúmer:

Skrárnúmerið er auðkenniskóði efnisins í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Efnunum er raðað eftir þessu skrárnúmeri í viðbætinum.

([12]) Stjtíð. ESB L 270, 21.10.2003, bls. 1.“

EB-númer:

EB-númerið, þ.e. Einecs-, Elincs- eða NLP-númerið, er opinbert númer efnisins innan Evrópusambandsins. Einecs-númerið má finna í Evrópuskránni yfir íðefni á markaði (Einecs). Elincs-númerið má finna í Evrópuskránni yfir tilkynnt efni. NLP-númerið má finna í skránni yfir efni sem flokkast ekki lengur sem fjölliður. Skrifstofa opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna birtir þessar skrár.

EB-númerið er sjö tölustafa runa af gerðinni XXX-XXX-X og hefst á 200-001-8 (Einecs), 400-010-9 (Elincs) og 500-001-0 (NLP). Þetta númer er tilgreint í dálkinum „EB-númer".

CAS-númer:

Efnin hafa hlotið númer í CAS-kerfinu (Upplýsingaþjónusta um íðefni) til að auðvelda auðkenningu þeirra.

Athugasemdir:

Allan texta athugasemdanna er að finna í 1. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Athugasemdirnar í þessari reglugerð hafa eftirfarandi merkingu:

Athugasemd A:

Með fyrirvara um 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 verður heiti efnisins að koma fram á merkimiðanum og skal nota eitt þeirra heita sem tilgreind eru í 3. hluta VI. viðauka við þá reglugerð.

Í þeim hluta eru stundum notaðar almennar lýsingar á borð við „…sambönd" eða „…sölt". Í þeim tilvikum er birginum, sem setur slíkt efni á markað, skylt að skrá rétt efnaheiti á merkimiðann þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til liðar 1.1.1.4 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Athugasemd C:

Sum lífræn efni má setja á markað annaðhvort sem tiltekna hverfu eða sem blöndu nokkurra hverfna.

Athugasemd D:

Tiltekin efni, sem hafa tilhneigingu til sjálfkrafa fjölliðunar eða niðurbrots, eru yfirleitt sett á markað í stöðguðu formi. Þau eru skráð í slíku formi í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Slík efni eru þó stundum sett á markað á óstöðguðu formi. Þá verður birgirinn, sem setur slíkt efni á markað, að tiltaka heiti efnisins á merkimiðanum ásamt orðinu „óstöðgaður".

Athugasemd J:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald eða stökkbreytivald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,1% af benseni (EB-nr. 200-753-7), miðað við þyngd.

Athugasemd K:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald eða stökkbreytivald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,1% af 1,3-bútadíeni (EB-nr. 203-450-8), miðað við þyngd.

Athugasemd L:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 3% af dímetýlsúlfoxíðútdrætti, þegar mælt er samkvæmt aðferðinni IP 346.

Athugasemd M:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,005% af bensó[a]pýreni (EB-nr. 200-028-5), miðað við þyngd.

Athugasemd N:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald ef allt hreinsunarferlið er þekkt og unnt er að sýna fram á að efnið, sem það er unnið úr, sé ekki krabbameinsvaldur.

Athugasemd P:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald eða stökkbreytivald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,1% af benseni (EB-nr. 200-753-7), miðað við þyngd.

Athugasemd R:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald ef lengdarvegið faldmeðaltal þvermáls trefjanna, að frádreginni tvöfaldri staðalskekkju, er meira en 6 μm.“

4. Í 1., 2., 3., 5. og 6. viðbæti er tilvísunum í athugasemdir E, H og S eytt úr í færslunum í dálkinum með fyrirsögninni „athugasemdir“.

5. Í stað fyrirsagnarinnar í 1. viðbæti komi „28. færsla — Krabbameinsvaldar: undirflokkur 1A (tafla 3.1)/ 1. undirflokkur (tafla 3.2)“.

6. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. viðbæti:

   a) Í stað fyrirsagnarinnar komi „28. færsla — Krabbameinsvaldar: undirflokkur 1B (tafla 3.1)/ 2. undirflokkur (tafla 3.2)“.

   b) Í færslunum með skrárnúmer 024-017-00-8, 611-024-00-1, 611-029-00-9, 611-030-00-4 og 650-017-00-8 skal „VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ koma í stað orðanna „I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE“.

   c) Færslum með eftirfarandi skrárnúmer er eytt: 649-062-00-6, 649-063-00-1, 649-064-00-7, 649-065-00-2, 649-066-00-8, 649-067-00-3, 649-068-00-9, 649-069-00-4, 649-070-00-X, 649-071-00-5, 649-072-00-0, 649-073-00-6, 649-074-00-1, 649-075-00-7, 649-076-00-2, 649-077-00-8, 649-078-00-3, 649-079-00-9, 649-080-00-4, 649-081-00-X, 649-082-00-5, 649-083-00-0, 649-084-00-6, 649-085-00-1, 649-086-00-7, 649-087-00-2, 649-089-00-3, 649-090-00-9, 649-091-00-4, 649-092-00-X, 649-093-00-5, 649-094-00-0, 649-095-00-6, 649-096-00-1, 649-097-00-7, 649-098-00-2, 649-099-00-8, 649-100-00-1, 649-101-00-7, 649-102-00-2, 649-103-00-8, 649-104-00-3, 649-105-00-9, 649-106-00-4, 649-107-00-X, 649-108-00-5, 649-109-00-0, 649-110-00-6, 649-111-00-1, 649-112-00-7, 649-113-00-2, 649-114-00-8, 649-115-00-3, 649-116-00-9, 649-117-00-4, 649-119-00-5, 649-120-00-0, 649-121-00-6, 649-122-00-1, 649-123-00-7, 649-124-00-2, 649-125-00-8, 649-126-00-3, 649-127-00-9, 649-128-00-4, 649-129-00-X, 649-130-00-5, 649-131-00-0, 649-132-00-6, 649-133-00-1, 649-134-00-7, 649-135-00-2, 649-136-00-8, 649-137-00-3, 649-138-00-9, 649-139-00-4, 649-140-00-X, 649-141-00-5, 649-142-00-0, 649-143-00-6, 649-144-00-1, 649-145-00-7, 649-146-00-2, 649-147-00-8, 649-148-00-3, 649-149-00-9, 649-150-00-4, 649-151-0-X, 649-152-00-5, 649-153-00-0, 649-154-00-6, 649-155-00-1, 649-156-00-7, 649-157-00-2, 649-158-00-8, 649-159-00-3, 649-160-00-9, 649-161-00-4, 649-162-00-X, 649-163-00-5, 649-164-00-0, 649-165-00-6, 649-166-00-1, 649-167-00-7, 649-168-00-2, 649-169-00-8, 649-170-00-3, 649-171-00-9, 649-172-00-4, 649-173-00-X, 649-174-00-5, 649-177-00-1, 649-178-00-7, 649-179-00-2, 649-180-00-8, 649-181-00-3, 649-182-00-9, 649-183-00-4, 649-184-00-X, 649-185-00-5, 649-186-00-0, 649-187-00-6, 649-188-00-1, 649-189-00-7, 649-190-00-2, 649-191-00-8, 649-193-00-9, 649-194-00-4, 649-195-00-X, 649-196-00-5, 649-197-00-0, 649-198-00-6, 649-199-00-1, 649-200-00-5, 649-201-00-0, 649-202-00-6, 649-203-00-1, 649-204-00-7, 649-205-00-2, 649-206-00-8, 649-207-00-3, 649-208-00-9, 649-209-00-4 og 649-210-00-X.

7. Í stað fyrirsagnarinnar í 3. viðbæti komi „29. færsla — Stökkbreytivaldar: undirflokkur 1A (tafla 3.1)/ 1. undirflokkur (tafla 3.2)“.

8. Í stað fyrirsagnarinnar í 4. viðbæti komi „29. færsla — Stökkbreytivaldar: undirflokkur 1B (tafla 3.1)/ 2. undirflokkur (tafla 3.2)“.

9. Í stað fyrirsagnarinnar í 5. viðbæti komi „30. færsla — Efni sem hafa eiturhrif á æxlun: undirflokkur 1A (tafla 3.1)/ 1. undirflokkur (tafla 3.2)“.

10. Í stað fyrirsagnarinnar í 6. viðbæti komi „30. færsla — Efni sem hafa eiturhrif á æxlun: undirflokkur 1B (tafla 3.1)/ 2. undirflokkur (tafla 3.2)“.

11. Í stað fyrirsagnarinnar í 8. viðbæti komi „43. færsla — Asólitarefni — Skrá yfir arómatísk amín“.

12. Í stað fyrirsagnarinnar í 9. viðbæti komi „43. færsla — Asólitarefni — Skrá yfir asóliti“.

13. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 10. viðbæti:

   a) Í stað fyrirsagnarinnar komi „43. færsla — Asólitarefni — Skrá yfir prófunaraðferðir“.

   b) Í neðanmálsgreininni kemur eftirfarandi í stað heimilisfanga Staðlasamtaka Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtaka Evrópu (Cenelec):

   „CEN Avenue Marnix 17, 1000 Brussels, Belgium, sími +32 2550 08 11, símbréfanr. +32 2550 08 19 (http://www.cen.eu/cenorm/homepage.htm)

   Cenelec: Avenue Marnix 17, B-1000 Brussels, sími +32 25196871, símbréfanr +32 2519 69 19 (http://www.cenelec.eu/Cenelec/Homepage.htm)“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 276/2010 **2011/EES/55/41**

frá 31. mars 2010

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), með tilliti til XVII. viðauka (díklórmetan, lampaolíur og grillvökvar og lífræn tinsambönd) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ([2]) var mælt fyrir um takmarkanir að því er varðar tiltekin hættuleg efni og efnablöndur. Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 felldi tilskipun 76/769/EBE úr gildi og kom í hennar stað frá og með 1. júní 2009. Ákvæði XVII. viðauka við þá reglugerð koma í stað ákvæða I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE.

2) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 455/2009/EB um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE að því er varðar takmarkanir á setningu díklórmetans á markað og notkun þess ([3]) var samþykkt 6. maí 2009.

3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/424/EB um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE, að því er varðar takmarkanir á setningu lampaolía og grillvökva á markað og notkun þeirra, í því skyni að laga hann að tækniframförum ([4]) var samþykkt 28. maí 2009.

4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/425/EB um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE, að því er varðar takmarkanir á setningu lífrænna tinsambanda á markað og notkun þeirra, í því skyni að laga I. viðauka við hana að tækniframförum ([5]) var samþykkt 28. maí 2009.

5) Samkvæmt ákvæðum 137. gr. efnareglnanna (REACH) um bráðabirgðaráðstafanir er rétt að breyta XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til að taka upp í hann takmarkanir sem kveðið er á um í ákvörðunum 455/2009/EB, 2009/424/EB og 2009/425/EB.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

7) Brýnt er að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst til að þessar takmarkanir komi inn í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eins fljótt og auðið er.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 86, 1.4.2010, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 42.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

([3]) Stjtíð. ESB L 137, 3.6.2009, bls. 3.

([4]) Stjtíð. ESB L 138, 4.6.2009, bls. 8.

([5]) Stjtíð. ESB L 138, 4.6.2009, bls. 11.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti

_____

VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er töflunni með heitum efna, efnaflokka og blandna og takmörkunum breytt á eftirfarandi hátt:

1. Eftirfarandi komi í stað 3. færslu:

‚3. Fljótandi efni eða blöndur sem eru taldar hættulegar samkvæmt skilgreiningum í tilskipun 67/548/EBE og tilskipun 1999/45/EB.	1. Ekki leyfð til notkunar í: — skrautmuni, sem ætlaðir eru til að framleiða ljós eða litbrigði með hjálp mismunandi fasa, t.d. í skrautlampa eða öskubakka, — hluti sem eru notaðir við hrekkja- og töfrabrögð, — spil fyrir einn eða fleiri þátttakendur eða aðra hluti til slíkrar notkunar, ekki heldur hluti sem eru notaðir til skrauts. 2. Ekki skal setja hluti, sem samræmast ekki 1. lið, á markað. 3 Ekki leyft að setja þau á markað ef þau innihalda litunarefni, nema nauðsyn krefji vegna skattalegra ástæðna, eða ilmefni eða bæði ef: — nota má þau sem eldsneyti á olíulampa til skrauts sem seldir eru almenningi og — þau fela í sér ásvelgingarhættu og eru merkt með hættusetningunni H65 eða H304, 4 Olíulampar til skrauts, sem ætlaðir eru til sölu til almennings, skulu ekki settir á markað nema þeir séu í samræmi við Evrópustaðal um olíulampa til skrauts (EN 14059) sem Staðlasamtök Evrópu hafa samþykkt. 5. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og blandna skulu birgjar sjá til þess, áður en setning á markað fer fram, að eftirfarandi kröfur hafi verið uppfylltar: a) lampaolíur, sem eru merktar með hættusetningunni H65 eða H304 og ætlaðar til sölu til almennings, skulu merktar með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri: „Geymið lampa, sem innihalda þennan vökva, þar sem börn ná ekki til“ og, eigi síðar en 1. desember 2010: „Smásopi af lampaolíu eða jafnvel það eitt að sjúga lampakveik getur valdið lífshættulegum lungnaskaða“, b) grillvökvar, sem eru merktir með hættusetningunni H65 eða H304 og ætlaðir til sölu til almennings, skulu merktir, eigi síðar en 1. desember 2010, með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri: „Smásopi af grillvökva getur valdið lífshættulegum lungnaskaða“, c) lampaolíum og grillvökvum, sem eru merkt með hættusetningunni H65 eða H304 og ætluð til sölu til almennings, skal eigi síðar en 1. desember 2010 pakkað í svört, ógagnsæ ílát sem rúma að hámarki 1 lítra. 6. Eigi síðar en 1. júní 2014 skal framkvæmdastjórnin fara þess á leit við Efnastofnun Evrópu að hún taki saman málsskjöl í samræmi við 69. gr. þessarar reglugerðar með það í huga að banna, ef við á, grillvökva og eldsneyti fyrir skrautlampa sem eru merkt með hættusetningunni H65 eða H304 og ætluð til sölu til almennings. 7 Einstaklingar eða lögaðilar, sem setja í fyrsta skipti á markað lampaolíur og grillvökva sem eru merkt með hættusetningunni H65 eða H304, skulu, eigi síðar en 1. desember 2011 og árlega eftir það, veita lögbæru yfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki upplýsingar um valkosti sem geta komið í stað lampaolía og grillvökva sem eru merkt með hættusetningunni H65 eða H304. Aðildarríkin skulu gera þessar upplýsingar aðgengilegar framkvæmdastjórninni.‘

2. Í 20. færslu er eftirfarandi 4., 5. og 6. lið bætt við annan dálk:

	‚4 Þrísetin lífræn tinsambönd:
	a) Þrísetin lífræn tinsambönd, s.s. tríbútýltinsambönd (TBT) og trífenýltinsambönd (TPT), skulu ekki notuð eftir 1. júlí 2010 í hlutum ef styrkur þeirra í hlutnum eða hluta hans er meiri en jafngildi 0,1% af tini miðað við þyngd.
	b) Hlutir, sem ekki samræmast a-lið, skulu ekki settir á markað eftir 1. júlí 2010, að undanteknum hlutum sem voru þegar í notkun í Bandalaginu fyrir þann dag.
	5. Díbútýltinsambönd (DBT):
	a) Díbútýltinsambönd skulu ekki notuð eftir 1. janúar 2012 í blöndur og hluti til sölu til almennings ef styrkur þeirra í blöndunni eða hlutnum eða hluta hans er meiri en jafngildi 0,1% af tini miðað við þyngd.
	b) Hlutir og blöndur, sem ekki samræmast a-lið, skulu ekki sett á markað eftir 1. janúar 2012, að undanteknum hlutum sem voru þegar í notkun í Bandalaginu fyrir þá dagsetningu.
	c) Ákvæði a- og b-liðar gilda þó ekki um eftirfarandi hluti og blöndur til sölu til almennings fyrr en 1. janúar 2015: — einþátta og tvíþátta kítti og lím sem gúmstorkna við stofuhita (RTV1- og RTV2-kítti), — málningu og önnur húðunarefni sem innihalda díbútýltinsambönd sem hvata, ef þau eru borin á hluti, — mjúka prófíla úr pólývínylklóríði (PVC), hvort sem er eina og sér eða útsprautumótaða saman með (e. coextruded) hörðu pólývínylklóríði, — vefnað sem er húðaður með pólývínylklóríði sem inniheldur díbútýltinsambönd sem stöðgara, ef hann er ætlaður til notkunar utandyra, — rör utanhúss fyrir regnvatn; þakrennur og tengi ásamt klæðningu fyrir þök og útveggi,
	d) Ákvæði a- og b-liðar gilda ekki um efni og hluti sem reglur voru settar um með reglugerð (EB) nr. 1935/2004.
	6. Díoktýltinsambönd (DOT):
	a) Díoktýltinsambönd skulu ekki notuð eftir 1. janúar 2012 í eftirfarandi hluti til sölu til almennings eða notkunar meðal almennings ef styrkur þeirra í hlutnum eða hluta hans er meiri en jafngildi 0,1% af tini miðað við þyngd: — textílvörur sem ætlað er að komast í snertingu við húðina, — hanska, — skófatnað eða hluta skófatnaðar sem ætlað er að komast í snertingu við húðina, — vegg- og gólfefni, — hluti til umönnunar barna, — hreinlætisvörur fyrir konur,

	— bleyjur, — tvíþátta mótunarbúnað með gúmstorknun (e. vulcanisation) við stofuhita (RTV2-mótunarbúnaður) b) Hlutir, sem ekki samræmast a-lið, skulu ekki settir á markað eftir 1. janúar 2012, að undanteknum hlutum sem voru þegar í notkun í Bandalaginu fyrir þann dag.‘

3. Eftirfarandi 59. færsla bætist við:

‚59. Díklórmetan CAS-nr. 75-09-2 EB-nr.: 200-838-9	1. Málningaruppleysar, sem innihalda díklórmetan í styrk sem er 0,1% eða meira miðað við þyngd, skulu ekki: a) settir á markað í fyrsta skipti til sölu til almennings eða fagaðila eftir 6. desember 2010, b) settir á markað til sölu til almennings eða fagaðila eftir 6. desember 2011, c) notaðir af fagaðilum eftir 6. júní 2012. Í þessari færslu er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir: i) „fagaðili“: einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. starfsmenn og sjálfstætt starfandi starfsmenn, sem tekur að sér að fjarlægja málningu sem hluta af atvinnustarfsemi sinni utan iðnaðarstarfsstöðva, ii) „iðnaðarstarfsstöð“: starfsstöð þar sem málning er fjarlægð. 2. Þrátt fyrir 1. lið geta aðildarríkin heimilað á yfirráðasvæðum sínum og til tiltekinnar starfsemi að sérstaklega þjálfaðir fagaðilar noti málningaruppleysa sem innihalda díklórmetan og að slíkir málningaruppleysar séu settir á markað til sölu til þessara fagaðila. Aðildarríki, sem nýta sér þessa undanþágu, skulu skilgreina viðeigandi ákvæði til að vernda heilsu og öryggi fagaðila sem nota málningaruppleysa sem innihalda díklórmetan og skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Í þeim ákvæðum skal vera krafa um að fagaðili hafi vottorð, sem er viðurkennt af aðildarríkinu þar sem hann starfar, eða leggi fram önnur skrifleg sönnunargögn þar að lútandi eða hafi hlotið annars konar samþykki þess aðildarríkis til að sýna fram á að hann búi yfir réttri þjálfun og hæfni til að nota málningaruppleysa, sem innihalda díklórmetan, á öruggan hátt. Framkvæmdastjórnin skal útbúa skrá yfir aðildarríkin, sem hafa nýtt sé undanþáguna í þessum lið, og gera hana aðgengilega öllum á Netinu. 3. Fagaðili, sem nýtur góðs af undanþágunni sem um getur í 2. lið, skal einungis starfa í aðildarríkjum sem hafa nýtt sér undanþáguna. Þjálfunin, sem um getur í 2. lið, skal að lágmarki ná yfir: a) vitneskju um heilbrigðisáhættur og mat og stjórn á þeim, þ.m.t. upplýsingar um fyrirliggjandi staðgönguefni eða ferli sem við notkunarskilyrðin eru hættuminni fyrir heilbrigði og öryggi starfsmanna, b) notkun á nægjanlegri loftræstingu, c) notkun á viðeigandi persónuhlífum sem samræmast tilskipun 89/686/EBE.

Ákjósanlegt er að atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi starfsmenn skipti út díklórmetani fyrir efni eða ferli sem við notkunarskilyrðin eru hættulaus eða hættuminni fyrir heilsu og öryggi starfsmanna.

Fagaðilar skulu beita öllum viðeigandi öryggisráðstöfunum, þ.m.t. notkun á persónuhlífum.

21245	MK AIRLINES LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
33855	MOBYHOLD LIMITED	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
f11427	MOELIS & COMPANY MANAGER LLC	BANDARÍKIN
1922	MONARCH AIRLINES LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
3508	MONSANTO	BANDARÍKIN
31348	MORGAN STANLEY MGMT	BANDARÍKIN
32228	MORGAN'S MACHINE	BANDARÍKIN
2996	MOTOROLA AUSTIN TX	BANDARÍKIN
4341	MOTOROLA ILLINOIS	BANDARÍKIN
32202	MOUNTAIN AVTN LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
f10319	MP Air, Inc.	BANDARÍKIN
32777	MP AVIATION LLP	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
8099	MSF AVIATION	CAYMAN-EYJAR
23928	MULTIFLIGHT LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
36762	MURRAY AIR	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
34926	MURRAY AIR LTD	MALTA
31584	MVOC	BANDARÍKIN
36987	MWM AG	SVISS
32579	MYSKY LLP	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
315	M G TRANSPORT	BANDARÍKIN
f10305	M.J. Air, LLC	BANDARÍKIN
f10327	National Gypsum Company	BANDARÍKIN
f10338	Nordstrom, Inc.	BANDARÍKIN
28895	NAC AVIATION	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
23230	NASA	BANDARÍKIN
f10324	NASCAR, Inc.	BANDARÍKIN
36849	NATIONAL AIR CARGO	BANDARÍKIN
35849	NATIONAL AVTN COMP.	INDLAND
6764	NATIONAL JETS	BANDARÍKIN
36582	NATIONAL LIN. M-SBAH	BRESKU JÓMFRÚAEYJAR
9900	NATIONWIDE MUTUAL	BANDARÍKIN
7853	NATURAL ENVIRONMENT	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
8721	NAUTHIZ PTY LTD	ÁSTRALÍA
20472	NCC SERVICES	BANDARÍKIN
8419	NETJETS INTL - USA	BANDARÍKIN
32049	NEWJETCO EUROPE	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
27890	NEWSFLIGHT NY	BANDARÍKIN
36325	NEWS AMERICA INC	BANDARÍKIN
36522	NEW ORION AIR GROUP	BANDARÍKIN
31086	NIGERIAN EAGLE AIRLINES	NÍGERÍA
33712	NOBLE FOODS LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
33203	NOCLAF LIMITED	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki umráðanda
36355	NOLA AVIATION	BRESKU JÓMFRÚAEYJAR
f11329	NORLEASE INC	BANDARÍKIN
33099	NORTH AMER JET LLC	BANDARÍKIN
31004	NOVA CORPORATE SVCS	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
31489	NS AVIATION	BERMÚDAEYJAR (UK)
f11326	N14FX TRUST C/O WILMINGTON TRUST CO	BANDARÍKIN
31771	N526EE	BANDARÍKIN
31910	N700GB	BANDARÍKIN
31781	N846QM	BANDARÍKIN
31780	N941AM	BANDARÍKIN
f10342	Olayan Financing Company	SÁDI-ARABÍA
f10509	Operadora de Vuelos Ejecutivas, S.A. de C.V.	MEXÍKÓ
f10348	Orient Wonder Internationl Ltd.	BERMÚDAEYJAR (UK)
f11189	Orkin Inc.	BANDARÍKIN
f10917	OAKLR Aviation Services LLC	BANDARÍKIN
21845	OAKMONT	BANDARÍKIN
31679	OASIS SERVICES	BANDARÍKIN
33974	OCEAN SKY ACFT MNGT	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
33108	OCEAN SKY AVIATION	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
33502	OCEAN SKY (TURKEY)	TYRKLAND
31793	OCEAN SKY (UK) LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
28254	OICE	SÁDI-ARABÍA
22820	OMAN AIR	ÓMAN
22436	OMAN ROYAL FLIGHT	ÓMAN
17692	ONUR AIR	TYRKLAND
22888	ON TIME AVTN	BANDARÍKIN
f11444	OPA LLC	BANDARÍKIN
25897	OPEN ROAD AIRWAYS	BANDARÍKIN
33227	OPUS NOMINEES LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
30217	ORION AIR PTE	SINGAPÚR
36783	ORYX JET LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
f10603	OTO Development, LLC	BANDARÍKIN
35176	Pacific Jet Aviation, LLC	BANDARÍKIN
f10820	Palm Beach Aviation, Inc.	BANDARÍKIN
f10351	Paramount Pictures Corporation	BANDARÍKIN
f11009	Park Rise Investments Ltd.	BRESKU JÓMFRÚAEYJAR
f10356	Peabody Energy	BANDARÍKIN
f10609	Pegasus South, LLC	BANDARÍKIN
f10595	Pfizer Inc.	BANDARÍKIN
f10918	Pilgrim Air	BANDARÍKIN
f11181	Pilot Corporation	BANDARÍKIN
f10979	Pinjet Aviation, LLC	BANDARÍKIN
f10369	Professional Jet Management, Inc.	BANDARÍKIN

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki umráðanda
36857	PACIFIC STREAM	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
2088	PAKISTAN INTERNATIONAL AIRLINES	PAKISTAN
28158	PALACE INTL	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
30002	PALM TREE AVIATION	BERMÚDAEYJAR (UK)
35530	PAMIR AIRWAYS	AFGANISTAN
f10642	PAM Management Serv. LLC	BANDARÍKIN
948	PAN MARITIME LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
30968	PAN-GULF AVTN	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
33154	PARAGON GLOBAL FLT S	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
32132	PARKRIDGE AVIATION	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
36085	PARK HOUSE AVTN LTD	BERMÚDAEYJAR (UK)
36875	PATRONUS AVIATION	BRESKU JÓMFRÚAEYJAR
31009	PATTISON AIRWAYS	KANADA
34044	PD AIR OPERATION LTD	ÞÝSKALAND
34075	PEAKVIEW LLC	BANDARÍKIN
30697	PEARSONS ASSETS GRP	SINGAPÚR
33882	PEGASUS ELITE AVTN	BANDARÍKIN
22294	PENSKE JET	BANDARÍKIN
36038	PEROLUX SARL	LÚXEMBORG
36792	PETERSON AIR	BANDARÍKIN
22283	PHELPS DODGE CORP	BANDARÍKIN
32057	PINNACLE OPERATIONS	BANDARÍKIN
31931	PLAINS EXPLORATION	BANDARÍKIN
21824	PLANES AND PARTS	KANADA
26674	PNC BANK CORP	BANDARÍKIN
33478	POBEDY CORPORATION	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
22309	POLET	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
32061	POLYGON AIR	BANDARÍKIN
30970	POOL AVIATION NW LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
33115	POTASH CORP (2)	KANADA
f10729	PPD Development, LLC	BANDARÍKIN
30220	PPL AVIATION LLC	BANDARÍKIN
36021	PREMIUM JET	SVISS
22434	PRESIDENTIAL FLT UAE	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
31920	PRESTBURY TWO	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
33762	PRESTIGE JET RENTAL	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
35276	PRESTIGE JP LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
36417	PRIME AVIATION HOLD.	SINGAPÚR
36789	PRIME LEGACY MGMT	BANDARÍKIN
29430	PRIME LEGACY MNGMT	BANDARÍKIN
31222	PRIVATE AIRCRAFT INT	ÍSRAEL
36797	PRIVATE JET GROUP	LÍBANON
35665	PRIVILEGE AIRWAYS	INDLAND

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki umráðanda
3751	PROCTER&GAMBLE	BANDARÍKIN
33080	PROPINVEST ASSET MGM	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
35365	PRO FLITE	BANDARÍKIN
33780	PTB (EMERALD) PTY	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
32329	PUNJ LLOYD	INDLAND
32487	P.M. AIR	KANADA
2196	QANTAS AIRWAYS	ÁSTRALÍA
21912	QATAR AIRWAYS	KATAR
33331	QUADRA AVIATION LP	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
31585	QUALCOMM	BANDARÍKIN
30948	QUINN AVIATION	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
35924	QWEST COMMUNICATIONS	BANDARÍKIN
f10376	Raytheon Company	BANDARÍKIN
f10378	Red White & Blue Pictures, Inc.	BANDARÍKIN
f10975	Regions Financial Corporation	BANDARÍKIN
29692	RABBIT RUN	BANDARÍKIN
36105	RAMPART AVIATION INC	BANDARÍKIN
32174	RAVELLO ENTERPRISES	BANDARÍKIN
26191	RAVENHEAT MANUFACTRG	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
30485	RC AVIATION LLP	BANDARÍKIN
29739	RDV PROPERTIES (ARC)	BANDARÍKIN
29515	RED LINE AIR LLC	BANDARÍKIN
31859	RELATIONAL INVESTORS	BANDARÍKIN
9674	REMO INVESTMENTS	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
33614	RICHARD HAYWARD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
35143	RICHMOND AMERICAN	BANDARÍKIN
29947	RIVERSIDE AVIATION LLC	BANDARÍKIN
35940	RIZON JET UK LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
5547	RJR WINSTON SALEM	BANDARÍKIN
30422	RL WINGS LLC	BANDARÍKIN
31650	ROBINSON AVTN	BANDARÍKIN
8271	ROCKWELL COLLINS	BANDARÍKIN
36351	ROCKWELL COLLINS LLC	BANDARÍKIN
26146	ROCK AIR LTD	SÁDI-ARABÍA
21667	ROSS INVESTMENTS	BANDARÍKIN
31832	ROWLEY M	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
28988	ROYAL BANK SCOTLAND	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
2296	ROYAL BRUNEI	BRÚNEI
29599	ROYAL JET	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
2297	ROYAL JORDANIAN AIRLINES	JÓRDANÍA
30527	RP AVIATION	BANDARÍKIN
34828	RUNWAY ASSET MNGT	SUÐUR-AFRÍKA

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki umráðanda
36882	R & G AVIATION LLC	BANDARÍKIN
f1467	Sails In Concert, Inc.	BANDARÍKIN
20467	Samaritan's Purse	BANDARÍKIN
3991	Sioux Company Ltd	SVISS
30904	Skyflight	BANDARÍKIN
f11112	Sky Aviation LTD.	GÍBRALTAR (UK)
f10405	Snapper Consulting Inc.	BRASILÍA
36081	Starbucks Corporation	BANDARÍKIN
f10410	Starwood Asset Management, LLC	BANDARÍKIN
f10899	Sterling Aviation LLC	BANDARÍKIN
30329	SAGA AIRLINES	TYRKLAND
25565	SAGE (UK)	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
29648	SAGITTA LLC	BANDARÍKIN
34319	SAPOFINA AVTN LTD.	BRESKU JÓMFRÚAEYJAR
32608	SAVANNAH AVIATION	BANDARÍKIN
37012	SA EXPRESS (2)	SUÐUR-AFRÍKA
12627	SCANDI AIRLEASING	SVÍÞJÓÐ
f10894	SCB Falcon, LLC	BANDARÍKIN
3236	SCOTTISH & NEWCASTLE	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
22305	SEAFLIGHT AVTN	BERMÚDAEYJAR (UK)
36492	SEAGRAVE AVIATION	BANDARÍKIN
33214	SEENO CONSTRUCTION	BANDARÍKIN
f11025	SELA HOLDING COMPANY LTD	SÁDI-ARABÍA
26695	SELECT PLANT HIRE	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
36444	SETON DAVID	KENÍA
f11250	SGSF Capital Venture LLC	BANDARÍKIN
36843	SG FINANS AS	NOREGUR
22418	SHAMROCK AVTN NJ	BANDARÍKIN
22814	SHARJAH RULERS FLT	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
33126	SHAW COMMUNICATIONS	KANADA
35777	SHAW WALLACE	INDLAND
32093	SHEARWATER AIR	BANDARÍKIN
27163	SHERIDAN AVTN	BANDARÍKIN
29727	SHUKRA	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
f11453	SIAREX SOCIETY INC	BANDARÍKIN
28022	SIEBEL SYSTEMS UK	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
36604	SIERRA AVIATION LP	BANDARÍKIN
32002	SIERRA STELLAR	BANDARÍKIN
33581	SIGNAL AVIATION LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
2463	SINGAPORE AIRLINES	SINGAPÚR
7867	SIXT	ÞÝSKALAND
35145	SKA AIR & LOGISTICS	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
30241	SKYBLUE AVIATION	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki umráðanda
34695	SKYBUS INC	BANDARÍKIN
35065	SKYBUS LLC	BANDARÍKIN
32526	SKYEXPRESS JSC	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
33042	SKYHOPPER	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
35728	SKYLANE LP	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
23638	SKYSERVICE BUSINESS	KANADA
32337	SKYSTEAD	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
33788	SKYTRAVEL LLC	BANDARÍKIN
31074	SKYWAY RUSSIA	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
32553	SKYWORKS CAPITAL	BANDARÍKIN
34918	SKY AERONAUTICAL	ÍRLAND
29880	SKY AVIATION	SÁDI-ARABÍA
34281	SKY AVIATION SERV.	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
31208	SKY BEYOND HOLDINGS	SINGAPÚR
36037	SK TELECOMM	LÝÐVELDIÐ KÓREA
30794	SLEEPWELL AVTN	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
6404	SONY AVIATION	BANDARÍKIN
36182	SOPHAR PROPERTY	BRESKU JÓMFRÚAEYJAR
2316	SOUTH AFRICAN AIRWAYS	SUÐUR-AFRÍKA
36653	SOUTH AFR. BREWERIES	SUÐUR-AFRÍKA
30582	SPACE EXPLORATION	BANDARÍKIN
32897	SPC AVIATION LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
34137	SPECIAL OPS LTD.	SÁDI-ARABÍA
25246	SPECSAVERS AVTN	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
31762	SPORTSMENS AVTN GRP	BANDARÍKIN
28904	SPX CORPORATION	BANDARÍKIN
5216	SRILANKAN AIRLINES	SRÍ LANKA
30500	STANDARD & POORS	BANDARÍKIN
36639	STARS AWAY AVIATION	SUÐUR-AFRÍKA
32446	STAR AVIATION SRVCS	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
35816	STAR PERU	PERÚ
32554	STA (2006) LLP	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
32993	STC BERMUDA LTD.	EGYPTALAND
33469	STEPHEN R. LLOYD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
30889	STIRLING AVTN	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
17378	STOCKHOLM AIRCRAFT	HOLLAND
27889	STULLER SETTINGS	BANDARÍKIN
28152	ST AVIATION	BANDARÍKIN
24644	ST MERRYN AIR	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki umráðanda
24529	SUBPRICE	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
9182	SUCKLING AIRWAYS (CAMBRIDGE) LTD T/A SCOTAIRWAYS	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
20474	SUMMIT AVTN USA 2	BANDARÍKIN
29813	SUNCOR ENERGY	KANADA
f11402	SUNTRUST EQUIPMENT FINANCE & LEASING CORP	BANDARÍKIN
32807	SUN TV NETWORK	INDLAND
8963	SUREWINGS	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
28720	SUZUKI DEL CARIBE	PÚERTÓ RÍKÓ (BANDARÍKIN)
34329	SVCS AEREOS DENIM	MEXÍKÓ
5683	SWAGELOK	BANDARÍKIN
28494	SWISS	SVISS
31527	SYMPHONY MILLENIUM	BERMÚDAEYJAR (UK)
2642	SYRIAN ARAB AIRLINES	SÝRLAND
22649	S BOTSWANA	BOTSVANA
22593	S BRUNEI SULTAN	BRÚNEI
27535	S PRESIDENT SUDAN	SÚDAN
29242	S TANZANIA	TANSANÍA
12588	S UGANDA	ÚGANDA
f11003	Tendencia Asset Management	CAYMAN-EYJAR
f10439	Tesoro Aviation Company	BANDARÍKIN
25363	The Boeing Company	BANDARÍKIN
f10831	The Richard E. Jacobs Group, LLC	BANDARÍKIN
f11873	Tillford Limited	BERMÚDAEYJAR (UK)
f10446	Tour Air, Inc.	BANDARÍKIN
f10844	Trident Seafoods	BANDARÍKIN
f10452	Truman Arnold Companies	BANDARÍKIN
f10990	Ty-Tex Exploration Inc.	BANDARÍKIN
26684	TAG AVIATION UK LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
33802	TAIL WIND LTD.	SVISS
36754	TAK AVIATION	NÍGERÍA
33497	TAK SERVICES LTD AVV	JÓRDANÍA
35547	TAM AVIATION	ASERBAÍDSJAN
24397	TARKIM	TYRKLAND
27291	TARRANT ADVISORS	BANDARÍKIN
31697	TAS CORP	BANDARÍKIN
4189	TAUBMAN	BANDARÍKIN
32242	TAYLOR ENERGY COMPANY LLC	BANDARÍKIN
36827	TCC AIR SERVICES INC	BANDARÍKIN
29164	TELUS COMMUNICATIONS	KANADA
28114	TEXAS AVTN SALES&LSN	BANDARÍKIN

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki umráðanda
15677	TEXTRON	BANDARÍKIN
27034	THOMAS COOK AIRLINES LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
35441	THOMAS ENTERPRISES	BANDARÍKIN
f10971	THOMAS William H.	BANDARÍKIN
30131	THOMSON AIRWAYS LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
31218	THUNDER AIR UK LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
35153	THUN AB	SVÍÞJÓÐ
27799	TIDEWATER	BANDARÍKIN
4744	TITAN AIRWAYS LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
36184	TNT EXPRESS (UK)	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
36462	TOP ACES INC	KANADA
32110	TOP AIRCRAFT	BANDARÍKIN
9705	TOWER HOUSE CONSULTS	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
33891	TOWN & COUNTRY FOOD	BANDARÍKIN
32029	TPG AVIATION	SUÐUR-AFRÍKA
34674	TRANSCONT. WINGS	BRESKU JÓMFRÚAEYJAR
26670	TRANSMERIDIAN AVTN	BANDARÍKIN
5759	TRANS CAN PIPELINES	KANADA
31673	TRAVELERS INDEMNITY CO	BANDARÍKIN
33923	TREK-AIR B.V.	HOLLAND
28999	TRIDENT LEASING	ÍRLAND
36495	TRIMEL INVESTMENT	BANDARÍKIN
33853	TRINITY AVIATION LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
36471	TRIPLE S AVIATION LLC	BANDARÍKIN
13174	TRUSTAIR LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
26165	TRYGON LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
32832	TUCK AVIATION	BANDARÍKIN
21887	TUDOR INVESTMENTS	BANDARÍKIN
24731	TURKMENISTAN	TÚRKMENISTAN
28983	TWINWOOD TRANSPORT.	CAYMAN-EYJAR
7971	TW AIR	BERMÚDAEYJAR (UK)
f10460	Unisys Corporation	BANDARÍKIN
2795	Universal Weather and Aviation, Inc.	BANDARÍKIN
22512	UGANDA EXEC FLIGHT	ÚGANDA
12105	UIM AIRCRAFT	BANDARÍKIN
32889	UNIQE AIR (UK)	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
2782	UNITED AIRLINES	BANDARÍKIN
35763	UNITED AIRWAYS (BD)	BANGLADESS
4090	UNITED COMPANY THE	BANDARÍKIN
21505	UNITED CONSTRUCTION	TYRKLAND
34059	UNITED WEST AIRLINES	BANDARÍKIN

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki umráðanda
33177	UNIV AVN MIDDLE EAST	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
34914	USA JET AIRLINES 3	BANDARÍKIN
f10462	US Bank NA Trustee	BANDARÍKIN
34260	US MARSHALS SERVICE	BANDARÍKIN
35834	UTFLIGHT	BANDARÍKIN
18224	UZBEKISTAN AIRWAYS	ÚSBEKISTAN
30637	Vale S/A	BRASILÍA
f10591	Vulcan Materials Company	BANDARÍKIN
8962	VALERO ENERGY	BANDARÍKIN
33003	VEDANTA ALUMINA LTD	INDLAND
7861	VERIZON CORPORATE SERVICES GROUP	BANDARÍKIN
35720	VICIS CAPITAL L.L.C	BANDARÍKIN
34107	VIPER AVIATION LLC	BANDARÍKIN
37019	VIPJET LIMITED	ÍRLAND
8142	VIRGIN ATLANTIC AIRWAYS LTD	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
30418	VMD AVIATION	BANDARÍKIN
36911	VOLITO AVIATION DEUX	SVÍÞJÓÐ
34977	V1 FLT SUP. INTL	BANDARÍKIN
f10470	Waste Management Security Services L.L.C.	BANDARÍKIN
f10471	Wayne A Reaud	BANDARÍKIN
f10629	Weyerhaeuser Company	BANDARÍKIN
f10479	Wichita Air Services, Inc.	BANDARÍKIN
f10482	Windsor Media Inc.	BANDARÍKIN
f10881	Worldwide Business Jets Corp	BANDARÍKIN
f10483	World Harvest Church Flight Operations	BANDARÍKIN
35911	WALLAN AVIATION 2	SÁDI-ARABÍA
25432	WAL-MART STORES	BANDARÍKIN
30900	WARNER ROAD AVTN	BANDARÍKIN
35511	WARWICKSHIRE BLUE	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
31377	WA DEVELOPMENTS	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
35535	WELLS FARGO BANK (2)	BANDARÍKIN
2885	WESTAIR FLYING	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
36283	WESTERN AIR CHTR KX	BANDARÍKIN
34328	WESTFIELD LLC	BANDARÍKIN
25990	WESTSHORE AVTN MGMT	BANDARÍKIN
34873	WESTSTAR AVTN SVCS	MALASÍA
22445	WHITE CLOUD	BANDARÍKIN
28542	WHITE ROSE AVTN	BANDARÍKIN
32120	WILDERNESS POINT ASS	BANDARÍKIN

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki umráðanda
35983	WILLIAMS AVIATION	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
f11390	WILLIS LEASE FINANCE CORP	BANDARÍKIN
36185	WILMINGTON TRUST(EI)	ÍRLAND
34008	WINGED BULL AVIATION	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
36815	WING AVTN CHTR SVC	BANDARÍKIN
25648	WING AVTN USA	BANDARÍKIN
29596	WINNEPEG C/O REYES	BANDARÍKIN
32802	WIV AIR-2 LLC	BANDARÍKIN
31438	WOOD J M	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
30474	WORLD IS YOURS	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
22444	WORTHINGTON INDUSTRY	BANDARÍKIN
32152	WYNDHAM WORLDWIDE	BANDARÍKIN
f10485	Xerox Corporation	BANDARÍKIN
24421	XAMEX INVESTMENTS	BANDARÍKIN
32609	XIAMEN AVIATION AVV	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
34976	YH AVIATION LTD	SVISS
37033	YUM RESTAURANT SVCS	BANDARÍKIN
f10983	Zachry Industrial Inc.	BANDARÍKIN
f10488	Ziff Brothers Investment, LLC	BANDARÍKIN
f10490	Zimmer Inc.	BANDARÍKIN
f11242	Zoe Air	SUÐUR-AFRÍKA
34953	ZENITH CAPITAL LTD	SVISS
f11027	ZENITH INSURANCE COMPANY	BANDARÍKIN
5943	ZENO AIR	BANDARÍKIN
35380	19TH HOLE CORP	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
1905	3M COMPANY	BANDARÍKIN
36971	350 S.R.O.	SLÓVAKÍA
37027	483 MANAGEMENT LTD	ÍRLAND
34746	51 NORTH LIMITED	BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
30021	57 AVIATION SERVICES LLC	BANDARÍKIN
6803	711 CODY INC	BANDARÍKIN
27726	994748 ONTARIO INC	KANADA
a11749	Umráðandi sem notar skráningarstafina: CFLHQ	Óskráð
a11757	Umráðandi sem notar skráningarstafina: GMACP	Óskráð
a11758	Umráðandi sem notar skráningarstafina: GOCSE	Óskráð
a11482	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N192NC	Óskráð
a11485	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N22NG	Óskráð
a11486	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N254GA	Óskráð
a11743	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N289MU	Óskráð
a11744	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N411SF	Óskráð
a11493	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N44EG	Óskráð
a11494	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N450LC	Óskráð

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki umráðanda
a11499	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N588AT	Óskráð
a11507	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N86LF	Óskráð
a11509	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N899SR	Óskráð
a11513	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N928GC	Óskráð
a11514	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N94PC	Óskráð
a11518	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N995BE	Óskráð
a11532	Umráðandi sem notar skráningarstafina: VPBAT	Óskráð
a11538	Umráðandi sem notar skráningarstafina: VPCJM	Óskráð
a11540	Umráðandi sem notar skráningarstafina: VPCRO	Óskráð
a11544	Umráðandi sem notar skráningarstafina: VQBAM	Óskráð
a11747	Umráðandi sem notar skráningarstafina: VTRAK	Óskráð

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1008/2008 **2011/EES/55/47**

frá 24. september 2008

um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gera skal ýmsar veigamiklar breytingar á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum ([4]), (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang Bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan Bandalagsins ([5]) og (EBE) nr. 2409/92 frá 23. júlí 1992 um fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu ([6]). Til glöggvunar skal endurútgefa þessar reglugerðir og steypa þeim saman í eina reglugerð.

2) Til að tryggja skilvirkari og samræmdari beitingu löggjafar Bandalagsins um innri loftflutningamarkaðinn er nauðsynlegt að gera röð breytinga á núverandi lagaramma.

3) Með það í huga að möguleg tengsl séu á milli fjárhagslegs styrks flugrekanda og öryggis hans skal koma á fót strangara eftirliti með fjárhagsstöðu flugrekenda.

4) Þar eð mikilvægi flugrekenda með fastar bækistöðvar í nokkrum aðildarríkjum hefur aukist og nauðsynlegt er að tryggja skilvirkt eftirlit með þessum flugrekendum skal sama aðildarríkið bera ábyrgð á eftirliti með flugrekandaskírteini og flugrekstrarleyfi.

5) Til að tryggja samræmt eftirlit með því að flugrekendur í Bandalaginu fari að kröfum um flugrekstrarleyfi skulu leyfisyfirvöld reglulega framkvæma mat á fjárhagsstöðu flugrekenda. Því skulu flugrekendur láta í té fullnægjandi upplýsingar um fjárhagsstöðu sína, einkum fyrstu tvö rekstrarárin þar sem þau hafa úrslitaþýðingu um það hvort flugrekandi nær að fóta sig á markaðinum. Til að forðast röskun á samkeppni, sem stafar af mismunandi beitingu reglna á landsvísu, er nauðsynlegt að aðildarríkin auki fjárhagslegt eftirlit með öllum flugrekendum í Bandalaginu.

6) Til að draga úr áhættu fyrir farþega skal ekki leyfa flugrekendum í Bandalaginu að halda áfram rekstri sínum ef þeir uppfylla ekki kröfurnar um að halda flugrekstrarleyfi sínu í gildi. Í slíkum tilvikum skal lögbært leyfisyfirvald afturkalla eða fella tímabundið úr gildi flugrekstrarleyfið.

7) Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 785/2004 frá 21. apríl 2004 um kröfur um vátryggingar fyrir flugrekendur og umráðendur loftfara ([7]) skal flugrekandi hafa vátryggingar sem taka til bótaábyrgðar vegna slysa, einkum á farþegum, að því er varðar farm og á þriðju aðilum. Flugrekendur skulu einnig vera skyldugir að hafa vátryggingar sem taka til bótaábyrgðar á pósti vegna slysa.

8) Til að forðast ofnotkun samninga um leigu á loftförum sem eru skráð í þriðju löndum, einkum þjónustuleigu, skulu þessir möguleikar einungis leyfðir í undantekningartilvikum, eins og þegar skortur er á viðunandi loftförum á markaði Bandalagsins, og skal gildistími samninganna vera skýrt takmarkaður og þeir uppfylla öryggisstaðla sem jafngilda öryggisreglum Bandalagsins og landslöggjöf.

9) Að því er varðar starfsmenn flugrekanda í Bandalaginu, sem rekur flugþjónustu frá bækistöð utan yfirráðasvæðis aðildarríkisins þar sem hann hefur höfuðstöðvar sínar, skulu aðildarríkin tryggja að félagsmálalöggjöf Bandalagsins og félagsmálalöggjöf í hverju landi sé beitt á réttan hátt.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2011 frá 19. júlí 2011 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 78.

([1]) Stjtíð. ESB C 175, 27.7.2007, bls. 85.

([2]) Stjtíð. ESB C 305, 15.12.2007, bls. 11.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 11. júlí 2007 (Stjtíð. ESB C 175 E, 10.7.2008, bls. 371), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. apríl 2008 (Stjtíð. ESB C 129 E, 27.5.2008, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 9. júlí 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

([4]) Stjtíð. EB L 240, 24.8.1992, bls. 1.

([5]) Stjtíð. EB L 240, 24.8.1992, bls. 8.

([6]) Stjtíð. EB L 240, 24.8.1992, bls. 15.

([7]) Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 1.

10) Til að koma endanlega á hinum innri loftflutningamarkaði skal aflétta takmörkunum sem enn er beitt milli aðildarríkja, eins og takmörkunum á sameiginlegu flugnúmerafyrirkomulagi á flugleiðum til þriðju landa eða á verðlagningu flugleiða til þriðju landa með millilendingu í öðru aðildarríki (sjöttu flugréttindin).

11) Til að taka tillit til sérstakra einkenna og takmarkana ystu svæðanna, einkum að því er varðar fjarlægð, einangrun og smæð þeirra, og nauðsynjar þess að tengja þau á viðunandi hátt við miðlæg svæði Bandalagsins, er heimilt að réttlæta sérstakt fyrirkomulag fyrir reglur um gildistíma samninga varðandi skyldur um opinbera þjónustu sem taka til flugleiða til slíkra svæða.

12) Skilgreina skal á skýran og ótvíræðan hátt við hvaða aðstæður megi leggja á skyldur um opinbera þjónustu og hin tengda útboðsaðferð skal gera nægilegum fjölda samkeppnisaðila kleift að taka þátt í útboðunum. Framkvæmdastjórnin skal geta aflað eins mikilla upplýsinga og þörf krefur til að geta metið, í hverju tilviki fyrir sig, efnahagsleg rök fyrir skyldum um opinbera þjónustu.

13) Skýra skal og einfalda gildandi reglur um dreifingu flugumferðar milli flugvalla sem þjóna sömu borg eða borgarþyrpingu.

14) Rétt er að tryggja að aðildarríki hafi möguleika á að bregðast við bráðavanda sem stafar af ófyrirséðum og óhjákvæmilegum aðstæðum sem gerir það tæknilega ógerlegt eða í reynd mjög erfitt að sinna flugþjónustu.

15) Viðskiptavinir skulu hafa aðgang að öllum flugfargjöldum og farmgjöldum óháð búsetustað þeirra innan Bandalagsins eða þjóðerni og óháð staðfestustað ferðaskrifstofunnar innan Bandalagsins

16) Viðskiptavinir skulu geta borið saman á skilvirkan hátt verð fyrir flugþjónustu hjá mismunandi flugrekendum. Því skal endanlegt verð, sem viðskiptavinurinn greiðir fyrir flugþjónustu sem er upprunnin í Bandalaginu, ætíð vera tilgreint að meðtöldum öllum sköttum, gjöldum og þóknunum. Flugrekendur í Bandalaginu eru einnig hvattir til að tilgreina endanlegt verð fyrir flugþjónustu sína frá þriðju löndum til Bandalagsins.

17) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

18) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að samhæfa beitingu löggjafar Bandalagsins að því er varðar innri loftflutningamarkaðinn, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.

19) Yfirlýsing ráðherra um flugvöllinn á Gíbraltar, sem samþykkt var í Cordoba 18. september 2006 á fyrsta ráðherrafundi samráðsvettvangs um Gíbraltar, mun koma í stað sameiginlegrar yfirlýsingar um flugvöllinn á Gíbraltar, sem gefin var í London 2. desember 1987, og ef henni er fylgt í einu og öllu er litið svo á að yfirlýsingunni frá 1987 sé einnig fylgt.

20) Því er nauðsynlegt að fella niður reglugerðirnar (EBE) nr. 2407/92, (EBE) nr. 2408/92 og (EBE) nr. 2409/92.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Viðfangsefni

1. Með þessari reglugerð eru settar reglur um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugrekendum í Bandalaginu, rétt flugrekenda í Bandalaginu til að reka flugþjónustu innan Bandalagsins og verðlagningu flugþjónustu innan Bandalagsins.

2. Beiting III. kafla þessarar reglugerðar gagnvart flugvellinum á Gíbraltar telst hvorki hafa áhrif á lagalega stöðu Konungsríkisins Spánar né Breska konungsríkisins að því er varðar ágreining um yfirráðarétt yfir landsvæðinu þar sem flugvöllurinn er staðsettur.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „flugrekstrarleyfi“: leyfi sem lögbært leyfisyfirvald veitir fyrirtæki til að láta í té flugþjónustu eins og tilgreint er í flugrekstrarleyfinu,

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. „lögbært leyfisyfirvald“: yfirvald aðildarríkis sem hefur rétt til að veita, synja um, afturkalla eða fella tímabundið úr gildi flugrekstrarleyfi í samræmi við II. kafla,

3. „fyrirtæki“: einstaklingur eða lögaðili, hvort sem hann stundar viðskipti í ábataskyni eða ekki, eða hvers konar opinber stofnun hvort sem hún hefur réttarstöðu lögaðila eða ekki,

4. „flugþjónusta“: flug eða röð fluga með farþega, farm og/eða póst gegn greiðslu og/eða leigugjaldi,

5. „flug“: brottför frá tilteknum flugvelli til tiltekins ákvörðunarflugvallar,

6. „staðbundið flug“: flug sem felur ekki í sér flutning á farþegum, pósti og/eða farmi milli mismunandi flugvalla eða annarra viðurkenndra lendingarstaða,

7. „flugvöllur“: hver konar svæði í aðildarríki sem er sérstaklega aðlagað fyrir flugþjónustu,

8. „flugrekandaskírteini (AOC)“: skírteini gefið út til handa fyrirtæki sem staðfestir að flugrekandinn hafi yfir að ráða sérfræðiþekkingu og skipulagi sem þarf til að tryggja öryggi þeirrar starfrækslu sem er tilgreind í skírteininu eins og kveðið er á um í viðeigandi ákvæðum Bandalagsins eða landslögum, eftir því sem við á,

9. „stjórnun í raun“: tengsl sem til er stofnað á grundvelli réttinda, samninga eða hvers konar annarra aðferða sem, annaðhvort í sameiningu eða hver um sig og með hliðsjón af raunverulegum eða lagalegum tengslum, veita möguleika á að hafa afgerandi áhrif á fyrirtæki, beint eða óbeint, einkum að því er varðar:

   a) rétt til að nota allar eignir fyrirtækis eða hluta þeirra,

   b) réttindi eða samninga sem hafa afgerandi áhrif á samsetningu, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir deilda fyrirtækis eða með öðrum hætti hafa afgerandi áhrif á það hvernig fyrirtæki hagar rekstri sínum,

10. „flugrekandi“: fyrirtæki sem hefur gilt flugrekstrarleyfi eða sambærilegt leyfi,

11. „flugrekandi í Bandalaginu“: flugrekandi sem hefur gilt flugrekstrarleyfi sem lögbært leyfisyfirvald hefur veitt honum í samræmi við II. kafla,

12. „viðskiptaáætlun“: nákvæm lýsing á fyrirhugaðri viðskiptastarfsemi flugrekandans á viðkomandi tímabili, einkum í tengslum við fyrirhugaða markaðsþróun og fjárfestingar, þ.m.t. fjárhagslegar og efnahagslegar afleiðingar þessarar starfsemi,

13. „flugþjónusta innan Bandalagsins“: flugþjónusta sem er rekin innan Bandalagsins,

14. „flugréttindi“: réttindi til að reka flugþjónustu milli tveggja flugvalla í Bandalaginu,

15. „sætasala“: sala flugrekanda eða viðurkennds umboðsaðila hans eða leigutaka á sætum beint til almennings án þess að nokkur annar þjónustupakki, eins og gistiaðstaða, fylgi með,

16. „áætlunarflug“: röð fluga sem einkennast af öllum eftirfarandi atriðum:

   a) í hverju flugi eru sæti og/eða rými til flutnings á farmi og/eða pósti boðin almenningi til kaups (annaðhvort hjá flugrekandanum eða hjá viðurkenndum umboðsaðilum hans),

   b) flugi er ætlað að þjóna umferð milli tveggja eða fleiri flugvalla, annaðhvort:

      — samkvæmt birtri tímaáætlun eða

      — með svo reglulegum eða tíðum ferðum að telja má að um reglubundnar ferðir sé að ræða,

17. „rými“: fjöldi sæta eða farmþungi sem almenningi stendur til boða í áætlunarflugi á tilteknu tímabili,

18. „flugfargjöld“: verð tilgreint í evrum eða í gjaldmiðli viðkomandi lands sem greiða skal flugrekendum eða umboðsmönnum þeirra eða öðrum farmiðasölum fyrir flutning á farþegum flugleiðis og hvers konar skilyrði þar sem þessi verð gilda, þ.m.t. þóknun og skilyrði sem bjóðast umboðsmönnum og önnur hjálparþjónusta,

19. „farmgjöld“: verð tilgreint í evrum eða í gjaldmiðli viðkomandi lands sem greiða skal fyrir flutning á farmi og hvers konar skilyrði þar sem þessi verð gilda, þ.m.t. þóknun og skilyrði sem bjóðast umboðsmönnum og önnur hjálparþjónusta,

20. „viðkomandi aðildarríki“: eitt eða fleiri aðildarríki þar sem rekin er flugþjónusta innanlands eða milli aðildarríkja,

21. „leyfistengd aðildarríki“: eitt eða fleiri viðkomandi aðildarríki og eitt eða fleiri aðildarríki þar sem flugrekandi eða flugrekendur hafa leyfi til að reka flugþjónustu,

22. „borgarþyrping“: þéttbýlissvæði sem samanstendur af mörgum borgum eða bæjum sem hafa, vegna fólksfjölgunar og útbreiðslu, runnið saman og mynda samfellda byggð,

23. „rekstrarreikningur“: ítarlegt yfirlit yfir tekjur og gjöld á því tímabili sem um ræðir, þ.m.t. sundurliðun á starfsemi tengdri flutningum í lofti og annarri starfsemi auk sundurliðunar á fjárhagsþáttum og öðrum þáttum sem eru fjárhag óviðkomandi,

24. „samningur um tómaleigu“: samningur milli fyrirtækja með hliðsjón af því hvaða loftför eru starfrækt samkvæmt flugrekandaskírteini leigutaka,

25. „samningur um þjónustuleigu“: samningur milli flugrekenda með hliðsjón af því hvaða loftför eru starfrækt samkvæmt flugrekandaskírteini leigutaka,

26. „höfuðstöðvar“: aðalskrifstofa eða skráð skrifstofa flugrekanda í Bandalaginu í því aðildarríki þar sem aðalfjármálastarfsemi og rekstrarstjórnun flugrekanda í Bandalaginu fer fram, þ.m.t. stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

II. KAFLI

FLUGREKSTRARLEYFI

3. gr.

Flugrekstrarleyfi

1. Engu fyrirtæki, sem hefur staðfestu í Bandalaginu, skal leyft að flytja flugleiðis farþega, póst og/eða farm gegn greiðslu og/eða leigugjaldi nema því hafi verið veitt viðeigandi flugrekstrarleyfi.

Fyrirtæki, sem uppfyllir kröfur þessa kafla, skal hafa rétt á að fá flugrekstrarleyfi.

2. Lögbært leyfisyfirvald skal hvorki veita flugrekstrarleyfi né halda þeim í gildi nema farið sé að öllum kröfum þessa kafla.

3. Með fyrirvara um hvers konar önnur gildandi ákvæði í lögum Bandalagsins, landslögum eða alþjóðlegum lögum skulu eftirfarandi flokkar flugþjónustu ekki háðir þeirri kröfu að hafa gilt flugrekstrarleyfi:

a) flugþjónusta sem fer fram með loftfari sem er ekki vélknúið og/eða vélknúnu loftfari sem er mjög létt og

b) staðbundið flug.

4. gr.

Skilyrði fyrir veitingu flugrekstrarleyfis

Lögbært leyfisyfirvald í aðildarríki skal veita fyrirtæki flugrekstrarleyfi, að því tilskildu:

a) að höfuðstöðvar fyrirtækisins séu í því aðildarríki,

b) að fyrirtækið hafi gilt flugrekandaskírteini, útgefið af yfirvaldi í sama aðildarríki þar sem lögbært leyfisyfirvald er ábyrgt fyrir því að veita, synja um, afturkalla eða fella tímabundið úr gildi flugrekstrarleyfi flugrekanda í Bandalaginu,

c) að fyrirtækið hafi til afnota eitt eða fleiri loftför í krafti eignarhalds eða samnings um tómaleigu,

d) að aðalstarfsemi fyrirtækisins sé eingöngu bundin við rekstur flugþjónustu eða í tengslum við hvers konar aðra atvinnustarfsemi með loftförum eða viðgerðir og viðhald á þeim,

e) að skipulag fyrirtækisins geri lögbæru leyfisyfirvaldi kleift að framkvæma ákvæði þessa kafla,

f) að aðildarríki og/eða ríkisborgarar aðildarríkja eigi meira en 50% í fyrirtækinu og stjórni því í raun, beint eða óbeint, fyrir tilstilli eins eða fleiri annarra fyrirtækja nema eins og kveðið er á um í samkomulagi við þriðja land sem Bandalagið er aðili að,

g) að fyrirtækið uppfylli fjárhagsskilyrðin sem tilgreind eru í 5. gr.,

h) að fyrirtækið uppfylli kröfur um vátryggingar, sem eru tilgreindar í 11. gr. og í reglugerð (EB) nr. 785/2004, og

i) að fyrirtækið uppfylli ákvæði um góðan orðstír eins og tilgreint er í 7. gr.

5. gr.

Fjárhagsleg skilyrði fyrir veitingu flugrekstrarleyfis

1. Lögbært leyfisyfirvald skal meta nánar hvort fyrirtæki, sem sækir um flugrekstrarleyfi í fyrsta sinn, geti sýnt fram á:

a) að það geti, hvenær sem er, í 24 mánuði frá upphafi rekstursins, staðið við raunverulegar og mögulegar skuldbindingar og aðrar skuldbindingar sem kann að verða stofnað til og

b) að það geti í þrjá mánuði frá upphafi rekstrar staðið undir föstum útgjöldum og rekstrarkostnaði, sem stofnað er til vegna starfsemi samkvæmt viðskiptaáætlun og á grundvelli raunhæfra forsendna, án þess að tekið sé tillit til hvers konar tekna af rekstrinum.

2. Að því er varðar matið, sem um getur í 1. mgr., skal hver umsækjandi leggja fram viðskiptaáætlun, sem tekur a.m.k. til fyrstu þriggja ára í rekstri. Í viðskiptaáætluninni skal einnig greint nákvæmlega frá fjárhagstengslum við hvers konar aðra viðskiptastarfsemi sem umsækjandi er annaðhvort beinn aðili að eða á aðild að í gegnum tengd fyrirtæki. Umsækjandi skal einnig leggja fram allar upplýsingar sem skipta máli, einkum þau gögn sem um getur í 1. lið I. viðauka.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um fyrirtæki sem sækja um flugrekstrarleyfi sem ætlunin er að taki til starfrækslu með loftförum með minna en 10 tonna hámarksflugtaksmassa (MTOM) og/eða færri en 20 sætum. Slík fyrirtæki skulu sýna fram á að hreint eigið fé þeirra nemi a.m.k. 100 000 evrum eða leggja fram, að kröfu lögbærs leyfisyfirvalds, allar viðeigandi upplýsingar er varða matið sem um getur í 1. mgr., einkum gögnin sem um getur í 1. lið I. viðauka.

Lögbæru leyfisyfirvaldi er, eigi að síður, heimilt að beita 1. og 2. mgr. gagnvart fyrirtæki sem sækir um flugrekstrarleyfi samkvæmt ákvæðum fyrri undirgreinar og sem hyggst stunda áætlunarflug eða sem veltir árlega yfir 3 milljónum evra.

6. gr.

Flugrekandaskírteini

1. Útgáfa og gildistími flugrekstrarleyfis skal á hverjum tíma háð því að viðkomandi hafi undir höndum gilt flugrekandaskírteini þar sem tilgreind er sú starfsemi sem flugrekstrarleyfið tekur til.

2. Allar breytingar, sem gerðar eru á flugrekandaskírteini flugrekanda í Bandalaginu skulu, eftir því sem við á, koma fram í flugrekstrarleyfi hans.

7. gr.

Sönnun um óflekkað mannorð

1. Ef krafist er sönnunar, vegna útgáfu flugrekstrarleyfis, á því að þ eir einstaklingar sem að staðaldri og í raun munu stjórna rekstri fyrirtækisins hafi óflekkað mannorð og hafi ekki verið lýstir gjaldþrota skal viðkomandi lögbært leyfisyfirvald, þegar í hlut eiga ríkisborgarar aðildarríkja, taka sem fullnægjandi sönnun ef framvísað er skjölum, sem gefin eru út af lögbærum yfirvöldum í upprunaaðildarríkinu eða aðildarríkinu þar sem einstaklingurinn hefur fasta búsetu, sem sýna að þessar kröfur hafa verið uppfylltar.

2. Gefi upprunaaðildarríkið eða aðildarríkið, þar sem einstaklingurinn hefur fasta búsetu, ekki út skjölin, sem um getur í 1. mgr., skal eiðsvarin yfirlýsing koma í stað þeirra eða, í aðildarríkjum þar sem engin ákvæði eru um eiðsvarna yfirlýsingu, drengskaparheit, sem viðkomandi einstaklingur gefur frammi fyrir lögbæru dómsmálayfirvaldi eða stjórnvaldi eða, eftir því sem við á, lögbókanda eða fullgildum fagaðila í upprunaaðildarríkinu eða aðildarríkinu þar sem viðkomandi hefur fasta búsetu. Slíkt yfirvald, lögbókandi eða fullgildur fagaðili skal gefa út vottorð sem staðfestir áreiðanleika eiðsvörnu yfirlýsingarinnar eða drengskaparheitsins.

3. Lögbæru leyfisyfirvaldi er heimilt að krefjast þess að skjölin og vottorðin, sem um getur í 1. og 2. mgr., séu lögð fram eigi síðar en þremur mánuðum eftir útgáfudag þeirra.

8. gr.

Gildistími flugrekstrarleyfis

1. Flugrekstrarleyfi skal vera gilt svo framarlega sem flugrekandi í Bandalaginu uppfyllir kröfur þessa kafla.

Flugrekandi í Bandalaginu skal ávallt vera fær um, ef þess er óskað, að sýna fram á það við lögbært leyfisyfirvald að hann fullnægi öllum kröfum þessa kafla.

2. Lögbært leyfisyfirvald skal hafa náið eftirlit með því að farið sé að kröfum þessa kafla. Það skal í öllum tilvikum endurskoða hvort farið sé að þessum kröfum í eftirfarandi tilvikum:

a) tveimur árum eftir að nýtt flugrekstrarleyfi hefur verið veitt,

b) þegar grunur leikur á að um mögulegan vanda sé að ræða eða

c) að beiðni framkvæmdastjórnarinnar.

Ef lögbært leyfisyfirvald grunar að fjárhagsvandi flugrekanda í Bandalaginu gæti haft áhrif á rekstraröryggi hans skal það þegar í stað tilkynna þ að yfirvaldinu sem ber ábyrgð á flugrekandaskírteininu.

3. Flugrekstrarleyfið skal lagt fram á ný til samþykktar þegar flugrekandi í Bandalaginu:

a) hefur ekki hafið rekstur innan sex mánaða frá útgáfu flugrekstrarleyfisins,

b) hefur stöðvað rekstur sinn í meira en sex mánuði eða

c) sem hefur fengið flugrekstrarleyfi á grundvelli fyrstu undirgreinar 3. mgr. 5. gr. hyggst hefja starfrækslu loftfars sem er yfir stærðarmörkunum, sem tilgreind eru í 3. mgr. 5. gr., eða uppfyllir ekki fjárhagsskilyrðin sem sett eru fram þar.

4. Flugrekandi í Bandalaginu skal afhenda lögbæru leyfisyfirvaldi áritaða og endurskoðaða ársreikninga sína eigi síðar en sex mánuðum eftir síðasta dag viðkomandi fjárhagsárs nema kveðið sé á um annað í landslögum. Á tveimur fyrstu rekstrarárum flugrekanda í Bandalaginu skal lögbært leyfisyfirvald hafa aðgang að gögnunum, sem um getur í 3. lið I. viðauka, ef það óskar eftir því.

Lögbæru leyfisyfirvaldi er heimilt að meta, hvenær sem er, fjárhagsstöðu þess flugrekanda í Bandalaginu sem það hefur veitt flugrekstrarleyfi með því að óska eftir viðeigandi upplýsingum. Viðkomandi flugrekandi í Bandalaginu skal, sem hluta af slíku mati, uppfæra gögnin, sem um getur í 3. lið I. viðauka og láta lögbæru leyfisyfirvaldi þær í té ef það óskar eftir þeim.

5. Flugrekandi í Bandalaginu skal tilkynna lögbæru leyfisyfirvaldi:

a) fyrir fram um hver konar áætlanir um rekstur nýrrar þjónustu til meginlands eða heimshluta, sem ekki hefur verið flogið til áður, eða um hvers konar aðrar veigamiklar breytingar á umfangi starfsemi sinnar, þ.m.t. en takmarkast þó ekki við breytingar á tegund eða fjölda loftfara sem eru notuð,

b) fyrir fram um hvers konar fyrirhugaða sameiningu eða yfirtöku og

c) innan 14 daga um hvers konar breytingar á eignarhaldi sem nemur meira en 10% af heildarhlutafjáreign flugrekanda í Bandalaginu eða móðurfyrirtækis þess eða endanlegs eignarhaldsfélags.

6. Ef lögbært leyfisyfirvald telur að breytingarnar, sem tilkynntar eru skv. 5. mgr., skipti verulegu máli fyrir fjárhagsstöðu flugrekanda í Bandalaginu skal það óska eftir því að hann leggi fram endurskoðaða viðskiptaáætlun þar sem viðeigandi breytingar koma fram sem taka a.m.k. til tólf mánaða frá þeim degi að áætlunin kemur til framkvæmda ásamt gögnunum, sem um getur í 2. lið I. viðauka, auk upplýsinganna sem kveðið er á um skv. 4. mgr.

Lögbært leyfisyfirvald skal taka ákvörðun um endurskoðuðu viðskiptaáætlunina til að meta hvort flugrekandinn geti staðið við gildandi skuldbindingar og aðrar skuldbindingar sem kann að verða stofnað til á þessum tólf mánuðum. Slík ákvörðun skal tekin eigi síðar en þremur mánuðum eftir að allar nauðsynlegar upplýsingar hafa verið lagðar fram.

7. Lögbært leyfisyfirvald skal, að því er varðar flugrekendur í Bandalaginu sem það hefur veitt flugrekstrarleyfi, ákveða hvort leyfið skuli lagt fram til samþykktar að nýju ef breyting verður á einum eða fleiri þáttum sem hafa áhrif á lagalega stöðu flugrekandans í Bandalaginu, einkum ef um er að ræða samruna eða yfirtöku.

8. Ákvæði 4., 5. og 6. mgr. skulu ekki gilda um flugrekendur í Bandalaginu sem eingöngu annast starfrækslu loftfars sem er undir 10 tonna hámarksflugtaksmassa og/eða með færri en 20 sætum. Slíkir flugrekendur í Bandalaginu skulu ávallt vera færir um að sýna fram á að hreint eigið fé þeirra nemi a.m.k. 100 000 evrum eða leggja fram, að kröfu lögbærs leyfisyfirvalds, þær upplýsingar sem máli skipta að því er varðar matið sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

Lögbæru leyfisyfirvaldi er, engu að síður, heimilt að beita 4., 5. og 6. mgr. gagnvart flugrekendum í Bandalaginu sem það hefur veitt flugrekstrarleyfi og sem annast áætlunarflug eða velta árlega yfir þremur milljónum evra.

9. gr.

Tímabundin ógilding og afturköllun flugrekstrarleyfis

1. Lögbæru leyfisyfirvaldi er heimilt að meta, hvenær sem er, fjárhagsstöðu þess flugrekanda í Bandalaginu sem það hefur veitt flugrekstrarleyfi. Á grundvelli mats síns skal yfirvaldið fella tímabundið úr gildi eða afturkalla flugrekstrarleyfið hafi það ekki fullvissu um að þessi flugrekandi í Bandalaginu geti staðið við raunverulegar skuldbindingar og aðrar skuldbindingar sem kann að vera stofnað til á tólf mánaða tímabili. Lögbæru leyfisyfirvaldi er, engu að síður, heimilt að veita tímabundið leyfi, þó ekki lengur en í tólf mánuði, á meðan fjárhagsleg endurskipulagning fer fram hjá flugrekanda í Bandalaginu, að því tilskildu að öryggi sé ekki teflt í tvísýnu, að í þessu tímabundna leyfi komi fram þær breytingar sem gerðar eru á flugrekandaskírteini hans, eftir því sem við á, og að það séu raunhæfar líkur á því að fjárhagsleg endurreisn takist svo fullnægjandi sé innan þessa tímabils.

2. Þegar greinilegar vísbendingar eru um að flugrekandi í Bandalaginu sé í fjárhagsvanda, hann hafi verið tekinn til gjaldþrotaskipta eða sambærilegrar meðferðar skal lögbæra leyfisyfirvaldið, sem veitir honum flugrekstrarleyfið, tafarlaust gera ítarlegt mat á fjárhagsstöðu hans og á grundvelli þeirra niðurstaðna skal staða flugrekstrarleyfisins endurskoðuð, í samræmi við þessa grein, innan þriggja mánaða.

Lögbært leyfisyfirvald skal tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvarðanir sínar í tengslum við stöðu flugrekstrarleyfis.

3. Þegar endurskoðuðu reikningarnir, sem um getur í 4. mgr. 8. gr. hafa ekki verið lagðir fram innan þess frests sem tilgreindur er í þeirri grein skal lögbæra leyfisyfirvaldið, án óþarfa tafar, fara fram á það við flugrekanda í Bandalaginu að hann leggi fram þessa endurskoðuðu reikninga.

Ef endurskoðuðu reikningarnir eru ekki lagðir fram innan mánaðar er heimilt að afturkalla flugrekstrarleyfið eða fella það tímabundið úr gildi.

4. Lögbært leyfisyfirvald skal fella tímabundið úr gildi eða afturkalla flugrekstrarleyfi ef flugrekandi í Bandalaginu lætur því í té, vitandi vits eða af gáleysi, rangar upplýsingar um mikilvægt atriði.

5. Ef flugrekandaskírteini flugrekanda í Bandalaginu er fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað skal lögbært leyfisyfirvald tafarlaust fella tímabundið úr gildi eða afturkalla flugrekstrarleyfi þessa flugrekanda.

6. Lögbæru leyfisyfirvaldi er heimilt að fella tímabundið úr gildi eða afturkalla flugrekstrarleyfi flugrekanda í Bandalaginu ef hann fullnægir ekki lengur kröfum um óflekkað mannorð eins og fram kemur í 7. gr.

10. gr.

Ákvarðanir teknar um flugrekstrarleyfi

1. Lögbært leyfisyfirvald skal taka ákvörðun um umsókn eins fljótt og auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að allar nauðsynlegar upplýsingar hafa verið lagðar fram, að teknu tilliti til allra fyrirliggjandi gagna. Ákvörðunin skal tilkynnt umsækjandanum. Ef umsókn er hafnað skal tilgreina ástæður þess.

2. Lögbær leyfisyfirvöld skulu birta opinberlega málsmeðferð um veitingu, tímabundna ógildingu og afturköllun flugrekstrarleyfa ásamt því að tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

3. Skrá yfir ákvarðanir, sem lögbær leyfisyfirvöld taka um veitingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun flugrekstrarleyfa, skal birt árlega í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

11. gr.

Tryggingakröfur

Þrátt fyrir reglugerð (EB) nr. 785/2004 skal flugrekandi hafa vátryggingar sem taka til bótaábyrgðar á pósti vegna slysa.

12. gr.

Skráning

1. Með fyrirvara um 3. mgr. 13. gr. skal loftfar, sem flugrekandi í Bandalaginu notar, fært, að vali aðildarríkisins sem veitir flugrekstrarleyfið, í landsskrá eða skrá innan Bandalagsins.

2. Í samræmi við 1. mgr. skal lögbært yfirvald samþykkja tafarlaust og án gjaldtöku, sem gæti valdið mismunun, að loftför í eigu ríkisborgara annarra aðildarríkja séu færð í þess skrá og umskráð úr skrám annarra aðildarríkja, sbr. þó gildandi lög og reglur. Ekkert gjald skal tekið fyrir umskráningu á loftfari umfram venjulegt skráningargjald.

13. gr.

Leiga

1. Með fyrirvara um c-lið 4. gr. er Bandalaginu heimilt að hafa eitt eða fleiri loftför til afnota fyrir tilstilli samnings um tómaleigu eða þjónustuleigu. Flugrekendum í Bandalaginu er heimilt að starfrækja loftför í þjónustuleigu sem eru skráð í Bandalaginu, að því tilskildu að það stofni ekki öryggi í hættu. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að framkvæmd slíks ákvæðis sé sanngjörn, hófleg og byggist á öryggisráðstöfunum.

2. Samningur um tómaleigu, sem Bandalagið er aðili að eða samningur um þjónustuleigu þar sem flugrekandi í Bandalaginu er leigutaki loftfars í þjónustuleigu, er háður fyrirfram samþykki í samræmi við gildandi lög Bandalagsins eða landslög um flugöryggi.

3. Flugrekandi í Bandalaginu með loftfar í þjónustuleigu sem er skráð í þriðja landi af öðru fyrirtæki skal fá fyrirfram samþykki frá lögbæru leyfisyfirvaldi fyrir starfrækslunni. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að veita samþykki:

a) ef flugrekandi í Bandalaginu sýnir lögbæru yfirvaldi fram á með fullnægjandi hætti að allir öryggisstaðlar, sem jafngilda þeim sem settir eru samkvæmt lögum Bandalagsins eða landslögum, eru uppfylltir og

b) ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

   i. flugrekandi í Bandalaginu réttlætir slíka leigu á grundvelli sérstakra þarfa og í því tilviki má veita samþykki fyrir tímabili sem tekur til allt að sjö mánaða sem heimilt er að endurnýja einu sinni um allt að sjö mánuði,

ii. flugrekandi í Bandalaginu sýnir fram á að leigan sé nauðsynleg til að fullnægja árstíðabundnum þörfum sem ekki er unnt með góðu móti að fullnægja með leigu loftfara, sem eru skráð innan Bandalagsins, í þeim tilvikum þar sem heimilt er að endurnýja samþykkið eða

iii. flugrekandi í Bandalaginu sýnir fram á að leigan sé nauðsynleg til að komast yfir rekstrarerfiðleika og það sé ómögulegt eða ekki með góðu móti hægt að leigja loftför, sem eru skráð innan Bandalagsins, í þeim tilvikum þar sem samþykkið takmarkast við tiltekið tímabil sem er bráðnauðsynlegt til að komast yfir erfiðleikana.

4. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að láta skilyrði fylgja samþykkinu. Slík skilyrði skulu vera hluti af samningi um þjónustuleigu.

Lögbæru yfirvaldi er heimilt að synja um samþykki eða veita það ef ekki er um að ræða neina gagnkvæmni um þjónustuleigu milli viðkomandi aðildarríkis eða Bandalagsins og þriðja lands þar sem loftfar í þjónustuleigu er skráð.

Lögbært yfirvald skal tilkynna viðkomandi aðildarríkjum um samþykki sem það hefur veitt fyrir samningi um þjónustuleigu loftfars sem er skráð í þriðja landi.

14. gr.

Réttur til að flytja mál sitt

Lögbært leyfisyfirvald skal tryggja að þegar ákvörðun er tekin um að fella tímabundið úr gildi eða afturkalla flugrekstrarleyfi flugrekanda í Bandalaginu fái hann tækifæri til að flytja mál sitt, að teknu tillit til þarfarinnar, í sumum tilvikum, um flýtimeðferð.

III. KAFLI

AÐGANGUR AÐ FLUGLEIÐUM

15. gr.

Veiting flugþjónustu innan Bandalagsins

1. Flugrekendur í Bandalaginu skulu hafa rétt á að reka flugþjónustu innan Bandalagsins.

2. Aðildarríkin skulu ekki leyfisbinda rekstur flugþjónustu flugrekanda í Bandalaginu innan Bandalagins eða binda hana hvers konar annarri heimild. Aðildarríkin skulu ekki fara fram á það við flugrekendur í Bandalaginu að þeir leggi fram skjöl eða upplýsingar sem þeir hafa þegar afhent lögbæru leyfisyfirvaldi, að því tilskildu að unnt sé að fá viðeigandi upplýsingar frá lögbæru leyfisyfirvaldi í tæka tíð.

3. Ef framkvæmdastjórnin, á grundvelli upplýsinga sem fengust skv. 2. mgr. 26. gr., telur að flugrekstrarleyfið, sem var veitt flugrekanda í Bandalaginu, samrýmist ekki kröfum þessarar reglugerðar skal hún senda lögbæru leyfisyfirvaldi niðurstöður sínar sem skal síðan senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sínar innan 15 virkra daga.

Ef framkvæmdastjórnin, að lokinni skoðun á athugasemdum frá lögbæra leyfisyfirvaldinu, heldur því fram að flugrekstrarleyfið uppfylli ekki tilskildar kröfur eða ef engar athugasemdir berast frá lögbæra leyfisyfirvaldinu skal hún, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 25. gr., taka ákvörðun um að fara fram á það við lögbæra leyfisyfirvaldið að það geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta eða felli flugrekstrarleyfið tímabundið úr gildi eða afturkalli það.

Í ákvörðuninni skal koma fram hvaða dag lögbæra leyfisyfirvaldið skuli gera ráðstafanir til úrbóta eða grípa til aðgerða til úrbóta. Ef ráðstafanir til úrbóta hafa ekki verið gerðar eða ekki hefur verið gripið til aðgerða til úrbóta fyrir þennan dag skal flugrekandi í Bandalaginu ekki hafa rétt á að nýta sér réttindin skv. 1. mgr.

Flugrekanda í Bandalaginu er heimilt að nýta sér á ný réttindi sín skv. 1. mgr. eftir að lögbært leyfisyfirvald hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni að gerðar hafi verið ráðstafanir til úrbóta og að lögbæra leyfisyfirvaldið hafi gengið úr skugga um framkvæmdina.

4. Þegar flugrekandi í Bandalaginu rekur flugþjónustu innan Bandalagsins skal honum leyft að sameina flugþjónustu og nýta sér sameiginlegt flugnúmerafyrirkomulag, sbr. þó samkeppnisreglur í Bandalaginu sem gilda um fyrirtæki.

Hvers konar takmörkunum á frelsi flugrekenda í Bandalaginu til að reka flugþjónustu innan Bandalagsins, sem stafa af tvíhliða samningum milli aðildarríkjanna, er hér með aflétt.

5. Þrátt fyrir ákvæði tvíhliða samninga milli aðildarríkja og með fyrirvara um samkeppnisreglur Bandalagsins, sem gilda um fyrirtæki, skulu viðkomandi aðildarríki leyfa flugrekendum í Bandalaginu að sameina flugþjónustu og nýta sér sameiginlegt flugnúmerafyrirkomulag með einhverjum öðrum flugrekanda sem annast flugþjónustu til flugvallar, frá flugvelli eða um einhvern flugvöll á yfirráðasvæði þeirra, frá stað eða stöðum eða til staðar eða staða í þriðju löndum.

Aðildarríki er heimilt, innan ramma tvíhliða samnings um flugþjónustu við viðkomandi þriðja land, að setja takmarkanir á sameiginlegt flugnúmerafyrirkomulag milli flugrekenda í Bandalaginu og flugrekenda í þriðja landi, einkum ef viðkomandi þriðja land veitir ekki flugrekendum í Bandalaginu, sem annast flug frá viðkomandi aðildarríki,

svipuð viðskiptatækifæri. Í því tilviki skulu aðildarríkin tryggja að takmarkanirnar, sem eru settar samkvæmt slíkum samningum, takmarki ekki samkeppni og hafi ekki í för með sér mismunun milli flugrekenda í Bandalaginu og að takmarkanirnar séu ekki strangari en þörf krefur.

16. gr.

Almennar grundvallarreglur um skyldur um opinbera þjónustu

1. Aðildarríki er heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi aðildarríki og eftir að hafa tilkynnt það framkvæmdastjórninni, viðkomandi flugvöllum og flugrekendum, sem starfrækja flug á leiðinni, að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli flugvallar í Bandalaginu og flugvallar sem þjónar jaðar- eða þróunarsvæðum á yfirráðasvæði sínu eða á flugleið til hvaða flugvallar sem er á yfirráðasvæði sínu þar sem flugumferð er lítil enda sé slík leið talin skipta sköpum fyrir efnahags- og félagslega þróun á svæðinu sem flugvöllurinn þjónar. Einungis skal kveða á um þessa skyldu, að því marki sem slíkt er nauðsynlegt, til að tryggja að veitt sé lágmarksþjónusta á sviði áætlunarflugs sem uppfyllir settar reglur um samfellda þjónustu, reglubundið flug, verðlag eða lágmarkssætaframboð en þessar reglur yrðu ekki uppfylltar af hálfu flugrekenda ef þeir tækju einungis mið af eigin viðskiptahagsmunum.

Tilteknar reglur um flugleiðina, sem er háð skyldu um opinbera þjónustu, skulu settar á gagnsæjan hátt og án mismununar.

2. Í þeim tilvikum þegar ekki er tryggt að annars konar flutningsmáti geti tryggt órofna þjónustu a.m.k. tvisvar á dag er viðkomandi aðildarríkjum heimilt að láta skylduna um opinbera þjónustu fela í sér að flugrekandi í Bandalaginu, sem hyggst starfrækja flug á leiðinni, ábyrgist að halda uppi flugi á þeirri leið um tiltekinn tíma, sem nánar verður ákveðinn síðar, í samræmi við önnur skilyrði skyldunnar um opinbera þjónustu.

3. Aðildarríki skulu meta hvort fyrirhuguð skylda um opinbera þjónustu sé nauðsynleg og fullnægjandi með tilliti til:

a) hlutfallsins milli fyrirhugaðrar skyldu og nauðsynjar á efnahagslegri þróun á viðkomandi svæði,

b) möguleikans á að nota annan flutningsmáta og geta hans til að mæta flutningsþörfinni sem um er að ræða, einkum þegar fyrirliggjandi járnbrautarferðir þjónusta fyrirhugaða leið þar sem ferðatíminn er styttri en þrjár klukkustundir og ferðirnar, tengingar og viðeigandi tímasetningar nægilega tíðar,

c) flugfargjalda og skilmála sem notendum standa til boða,

d) samanlagðra áhrifa allra flugrekenda sem starfrækja flug á leiðinni eða hafa í hyggju að gera það.

4. Þegar aðildarríki óskar eftir að leggja á skyldu um opinbera þjónustu skal það senda framkvæmdastjórninni, öðrum viðkomandi aðildarríkjum, flugvöllum og flugrekendum, sem starfrækja flug á leiðinni, texta sem felur í sér þá skyldu sem á að leggja á opinbera þjónustu.

Framkvæmdastjórnin skal birta kynningartilkynningu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* þar sem:

a) tilgreindir eru tveir flugvellir, sem eru tengdir saman með viðkomandi flugleið, og mögulegur millilendingarstaður eða millilendingarstaðir,

b) minnst er á gildistökudag skyldu um opinbera þjónustu og

c) tilgreint er fullt heimilisfang þar sem textinn og hvers konar viðeigandi upplýsingar og/eða skjöl, sem tengjast skyldu um opinbera þjónustu, skuli vera aðgengileg viðkomandi aðildarríki án tafar og endurgjaldslaust.

5. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr., að því er varðar flugleiðir þar sem fjöldi farþega sem búist er við að noti flugþjónustuna, er minni en 10 000 á hverju ári, skal birta kynningartilkynningu um skyldu um opinbera þjónustu, annaðhvort í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða í stjórnartíðindum viðkomandi aðildarríkis.

6. Gildistökudagur skyldu um opinbera þjónustu skal vera á undan útgáfudegi kynningartilkynningarinnar sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr.

7. Þegar lögð hefur verið á skylda um opinbera þjónustu, í samræmi við 1. og 2. mgr., skal flugrekandi í Bandalaginu vera fær um að bjóða sætasölu að því tilskildu að flugþjónustan, sem um ræðir, uppfylli allar kröfur um skyldu um opinbera þjónustu. Þar af leiðandi telst þessi flugþjónusta til áætlunarflugs.

8. Þegar lögð hefur verið á skylda um opinbera þjónustu, í samræmi við 1. og 2. mgr., skal öllum flugrekendum í Bandalaginu leyft, hvenær sem er, að hefja áætlunarflug sem uppfyllir allar kröfur um skyldu um opinbera þjónustu, þ.m.t. rekstrartímabilið sem heimilt er að fara fram á í samræmi við 2. mgr.

9. Þrátt fyrir 8. mgr. er viðkomandi aðildarríki heimilt, ef enginn flugrekandi í Bandalaginu hefur hafið varanlegt áætlunarflug á tiltekinni leið í samræmi við skyldu um

opinbera þjónustu, sem hefur verið lögð á þessa leið, að takmarka aðgang að áætlunarflugi á þessari leið við aðeins einn flugrekanda í Bandalaginu um allt að fjögurra ára skeið en að þeim tíma liðnum skal staðan endurmetin.

Þetta tímabil má vera allt að fimm ár ef skylda um opinbera þjónustu hefur verið lögð á leið til flugvallar sem þjónar ystu svæðunum sem um getur í 2. mgr. 299. gr. sáttmálans.

10. Réttur til að reka þjónustuna, sem um getur í 9. gr., skal veittur öllum flugrekendum í Bandalaginu, sem hafa rétt á að reka slíka flugþjónustu, með opinberu útboði, í samræmi við 17. gr., annaðhvort fyrir hverja flugleið fyrir sig eða, í tilvikum þar sem réttlætanlegt er á grundvelli rekstrarhagkvæmni, fyrir nokkrar leiðir saman. Af ástæðum er varða hagkvæmni í stjórnsýslu er aðildarríki heimilt að birta eitt útboð sem tekur til mismunandi flugleiða.

11. Skyldu um opinbera þjónustu telst vera aflétt ef ekki hefur verið starfrækt neitt áætlunarflug um 12 mánaða skeið á flugleið sem er háð slíkri skyldu.

12. Ef um er að ræða skyndilegt hlé á þjónustu á vegum flugrekanda í Bandalaginu, sem er valinn í samræmi við 17. gr., er viðkomandi aðildarríki heimilt, í neyðartilvikum, að velja með gagnkvæmum samningi annan flugrekanda í Bandalaginu til að sinna skyldu um opinbera þjónustu um allt að sjö mánaða skeið, sem er ekki endurnýjanlegt, samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

a) aðildarríkin skulu greiða hvers konar bætur í samræmi við 8. mgr. 17. gr.,

b) valið skal standa á milli flugrekenda í Bandalaginu í samræmi við grundvallarreglur um gagnsæi og banni við mismunun,

c) birta skal nýtt útboð.

Framkvæmdastjórninni og viðkomandi aðildarríki eða aðildarríkjum skal tilkynnt án tafar um neyðarráðstafanirnar og ástæður fyrir þeim. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr., að gera hlé á málsmeðferðinni ef hún telur, að loknu mati, að hún uppfylli ekki kröfurnar í þessari málsgrein eða stríði á annan hátt gegn lögum Bandalagsins.

17. gr.

Opinber útboðsaðferð vegna skyldu um opinbera þjónustu

1. Opinbert útboð, sem krafist er skv. 10. mgr. 16. gr., skal fara fram í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í 2. til 10. mgr. þessarar greinar.

2. Viðkomandi aðildarríki skal senda útboðið í heild til framkvæmdastjórnarinnar nema þegar það hefur, í samræmi við 5. mgr. 16. gr., skýrt frá skyldunni um opinbera þjónustu með því að birta tilkynningu í stjórnartíðindum sínum. Í slíku tilviki skal útboðið einnig birt í stjórnartíðindum viðkomandi aðildarríkis.

3. Útboðið og síðari samningur skulu m.a. taka til eftirfarandi atriða:

a) krafna sem felast í skyldunni um opinbera þjónustu,

b) reglna um breytingu og uppsögn á samningi, einkum svo að unnt sé að taka tillit til ófyrirsjáanlegra breytinga,

c) gildistíma samningsins,

d) viðurlaga, ef ekki er staðið við samninginn,

e) hlutlægra og gagnsærra mæliþátta sem útreikningur á bótum, ef einhverjar eru, vegna skyldu um opinbera þjónustu byggist á.

4. Framkvæmdastjórnin skal skýra frá útboðinu með því að birta kynningartilkynningu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Fresturinn til að skila tilboðum skal ekki vera lengri en tveir mánuðir eftir að slík kynningartilkynning hefur verið birt. Ef tilboð varðandi flugleið þar sem aðgangur hefur þegar verið takmarkaður við einn flugrekanda, í samræmi við 9. mgr. 16. gr., skal útboðið birt a.m.k. sex mánuðum áður en nýtt sérleyfi er veitt til að meta hvort enn sé þörf á að takmarka aðgang.

5. Í kynningartilkynningunni skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

a) eitt eða fleiri viðkomandi aðildarríki,

b) viðkomandi flugleið,

c) gildistími samningsins,

d) fullt heimilisfang þar sem texti útboðsins og hvers konar viðeigandi upplýsingar og/eða skjöl, sem tengjast opinberu útboði og skyldu um opinbera þjónustu, skulu vera aðgengileg viðkomandi aðildarríki,

e) frestur til að leggja fram tilboð.

6. Eitt eða fleiri viðkomandi aðildarríki skulu veita aðila, sem hefur áhuga á opinbera útboðinu, án tafar og endurgjaldslaust, viðeigandi upplýsingar og skjöl sem hann fer fram á.

7. Velja skal, eins fljótt og auðið er, úr þeim tilboðum sem hafa borist, að teknu tilliti til þess hvort þjónustan sé fullnægjandi, þ.m.t. verð og skilmálar sem notendum standa til boða og, eftir atvikum, kostnaður vegna bótagreiðslna sem viðkomandi aðildarríki þarf eða þurfa að standa straum af.

8. Viðkomandi aðildarríki er heimilt að greiða flugrekanda, sem hefur verið valinn skv. 7. gr., bætur vegna kostnaðar við að fara að reglum um skyldu um opinbera þjónustu sem lagðar eru á skv. 16. gr. Slíkar bætur mega ekki fara yfir fjárhæðina sem þarf til að standa straum af hreinum kostnaði sem stofnað er til vegna skyldu um opinbera þjónustu, að teknu tilliti til tekna þar að lútandi, sem flugrekandi varðveitir, og sanngjarns hagnaðar.

9. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt skriflega og án tafar um niðurstöður opinbera útboðsins og val af hálfu aðildarríkis, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingar:

a) fjöldi og nöfn bjóðenda ásamt fyrirtækjaupplýsingum þeirra,

b) rekstrarþættir sem felast í tilboðunum,

c) bætur sem farið er fram á í tilboðunum,

d) nafn bjóðandans sem er valinn.

10. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, að fara fram á það við aðildarríki að þau sendi, innan mánaðar, öll viðeigandi skjöl sem varða val á flugrekanda með hliðsjón af því að framfylgja skyldu um opinbera þjónustu. Ef umbeðin skjöl hafa ekki verið send innan tiltekins frests er framkvæmdastjórninni heimilt að ákveða að fella tímabundið úr gildi útboð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

18. gr.

Athugun á skyldum um opinbera þjónustu

1. Aðildarríki skal gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að unnt verði að endurskoða allar ákvarðanir teknar skv. 16. og 17. gr. á skilvirkan hátt og eins fljótt og auðið er, einkum ef ástæðan er sú að slíkar ákvarðanir brjóta í bága við lög Bandalagsins eða reglur aðildarríkis um framkvæmd þeirra laga.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, einkum að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, að fara fram á það við aðildarríki að þau sendi, innan tveggja mánaða:

a) skjal sem réttlætir þörf á að leggja á skyldu um opinbera þjónustu og að hún samrýmist viðmiðunum sem tilgreindar eru í 16. gr.

b) greiningu á efnahag svæðisins,

c) greiningu á því hvort fyrirhugaðar skyldur séu í réttu hlutfalli við markmið um efnahagsþróun,

d) greiningu á fyrirliggjandi flugþjónustu, ef hún er fyrir hendi, og öðrum tiltækum flutningsmáta sem gæti komið í staðinn fyrir þá fyrirhuguðu ákvörðun um að leggja á skyldu um opinbera þjónustu.

2. Ef aðildarríki telur að skilmálar 16. og 17. gr. setji uppbyggingu flugleiðar of þröngar skorður skal framkvæmdastjórnin, að beiðni þess ríkis eða að eigin frumkvæði, láta kanna málið innan sex mánaða frá því að beiðnin barst og, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr., taka ákvörðun, á grundvelli allra þátta sem máli skipta, hvort 16. og 17. gr. skuli gilda áfram um viðkomandi flugleið.

19. gr.

Dreifing umferðar á milli flugvalla og nýting umferðarréttinda

1. Nýting flugréttinda er háð rekstrarreglum Bandalagsins og landsbundnum, svæðisbundnum og staðbundnum rekstrarreglum sem birtar hafa verið um öryggi, vernd, umhverfisvernd og úthlutun afgreiðslutíma.

2. Aðildarríki er heimilt, að höfðu samráði við hagsmunaaðila, þ.m.t. flugrekendur og viðkomandi flugvellir, að stýra, án mismununar á milli ákvörðunarstaða innan Bandalagsins eða á grundvelli ríkisfangs eða þess hvaða flugrekandi á í hlut, hvernig umferð er dreift á milli flugvalla þar sem eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) flugvellirnir þjóna sömu borg eða borgarþyrpingu,

b) fullnægjandi samgöngugrunnvirki eru umhverfis flugvelli sem sjá fyrir, eftir því sem við verður komið, beinni tengingu sem gerir kleift að komast til flugvallarins á innan við 90 mínútum, þ.m.t., ef þörf krefur, að fara yfir landamæri,

c) flugvellir eru tengdir hver við annan og við borgina eða borgarþyrpinguna sem þeir þjóna með tíðum, áreiðanlegum og skilvirkum almenningssamgöngum og

d) flugvellir bjóða flugrekendum upp á nauðsynlega þjónustu og skaða ekki viðskiptatækifæri þeirra með óréttmætum hætti.

Hvers konar ákvörðun um að stýra hvernig flugumferð er dreift á milli viðkomandi flugvalla skal virða meginregluna um meðalhóf og gagnsæi og byggjast á hlutlægum viðmiðunum.

3. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um ætlun sína að stýra dreifingu flugumferðar eða að breyta fyrirliggjandi reglu um dreifingu umferðar.

Framkvæmdastjórnin skal athuga beitingu 1. og 2. mgr. þessarar greinar og ákveða, innan sex mánaða frá móttöku upplýsinganna frá aðildarríki, og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr., hvort aðildarríki sé heimilt að breyta ráðstöfunum.

Framkvæmdastjórnin skal birta ákvörðun sína í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og ekki skal beita ráðstöfunum fyrr en framkvæmdastjórnin hefur samþykkt birtinguna.

4. Með hliðsjón af reglum um dreifingu umferðar, sem eru til staðar við gildistöku þessarar reglugerðar, skal framkvæmdastjórnin, að beiðni aðildarríkis og að eigin frumkvæði, athuga beitingu 1. og 2. mgr., í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr, og ákveða hvort aðildarríki sé heimilt að halda áfram að beita ráðstöfuninni.

5. Framkvæmdastjórnin skal birta ákvörðunina sem tekin er samkvæmt þessari grein í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

20. gr.

Ráðstafanir á sviði umhverfismála

1. Ef alvarleg umhverfisvandamál koma upp er aðildarríkinu, sem er ábyrgt, heimilt að takmarka eða synja um nýtingu flugréttinda, einkum ef unnt er að veita viðunandi þjónustu með annars konar flutningsmáta. Ráðstafanirnar skulu vera án mismununar, þær skulu ekki raska samkeppni milli flugrekenda, ekki hafa í för með sér meiri takmarkanir en nauðsynlegt er til lausnar vandanum, þær skulu gilda í takmarkaðan tíma, ekki lengur en í þrjú ár, og að þeim tíma liðnum skulu þær endurskoðaðar.

2. Þegar aðildarríki telur að aðgerðir, sem um getur í 1. mgr., séu nauðsynlegar skal það tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þær, a.m.k. þremur mánuðum áður en þær öðlast gildi, og styðja þær gildum rökum. Aðgerðirnar mega koma til framkvæmda nema viðkomandi aðildarríki andæfi þeim innan eins mánaðar frá því upplýsingar um þær berast eða framkvæmdastjórnin tekur þær til frekari athugunar skv. 3. mgr.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni annars aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr., að fresta ráðstöfunum ef hún uppfyllir ekki kröfurnar í 1. mgr. eða stríðir á annan hátt gegn lögum Bandalagsins.

21. gr.

Neyðarráðstafanir

1. Aðildarríki er heimilt að synja um, takmarka eða setja skilyrði um nýtingu flugréttinda til að fást við bráðan, tímabundinn vanda sem stafar af ófyrirséðum og óhjákvæmilegum aðstæðum. Slík ráðstöfun skal virða reglur um meðalhóf og gagnsæi og byggjast á hlutlægum viðmiðunum og viðmiðunum um bann við mismunum.

Framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum skal tilkynnt án tafar um slíka ráðstöfun ásamt gildum rökum þar að lútandi. Ef vandamálin, sem krefjast slíkrar ráðstöfunar, vara lengur en í 14 daga, skal aðildarríkið tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það og er því heimilt, með samþykki framkvæmdastjórnarinnar, að framlengja ráðstöfunina um allt að 14 daga til viðbótar.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni eins eða fleiri aðildarríkja eða að eigin frumkvæði, að fresta þessari ráðstöfun ef hún uppfyllir ekki kröfur 1. mgr. eða stríðir á annan hátt gegn lögum Bandalagsins.

IV. KAFLI

ÁKVÆÐI UM VERÐLAGNINGU

22. gr.

Frjáls verðlagning

1. Með fyrirvara um 1. mgr. 16. gr. skulu flugrekendur í Bandalaginu og, á grundvelli gagnkvæmni, flugrekendur frá þriðju löndum hafa fullt frelsi um ákvörðun flugfargjalda og farmgjalda fyrir flugþjónustu innan Bandalagsins.

2. Þrátt fyrir ákvæði tvíhliða samninga milli aðildarríkja er þeim óheimilt að mismuna á grundvelli þ jóðernis eða þ ess hvaða flugrekandi á í hlut að því er varðar leyfi flugrekenda í Bandalaginu til að ákvarða flugfargjöld og farmgjöld fyrir flugþjónustu milli yfirráðasvæðis síns og þriðja lands. Hvers konar takmörkunum á verðlagningu, þ.m.t. að því er varðar leiðir til þriðju landa, sem stafa af tvíhliða samningum milli aðildarríkja, er hér með aflétt.

23. gr.

Upplýsingar og bann við mismunun

1. Flugfargjöld og farmgjöld, sem almenningur hefur aðgang að, skulu fela í sér gildandi skilyrði þegar þau eru boðin eða birt á hvers konar formi, þ.m.t. á Netinu, fyrir flugþjónustu frá flugvelli sem er staðsettur á yfirráðasvæði aðildarríkis sem sáttmálinn gildir um. Ávallt skal tilgreina endanlegt verð sem á að greiða og skal það fela í sér gildandi flugfargjald eða farmgjald svo og alla gildandi skatta og kostnað, aukagjöld og þóknanir sem eru óhjákvæmilegar og fyrirsjáanlegar á þeim tíma sem gjöldin eru birt. Til viðbótar við endanlega verðið skal a.m.k. tilgreina eftirfarandi:

a) flugfargjald eða farmgjald,

b) skatta,

c) flugvallargjöld og

d) önnur gjöld, aukagjöld eða þóknanir, s.s. þau sem tengjast flugvernd eða eldsneyti,

þar sem þáttunum, sem eru skráðir skv. b-, c- og d-lið, hefur verið bætt við flugfargjaldið eða farmgjaldið. Veita skal upplýsingar um valkvætt viðbótarverð á skýran, gagnsæjan og ótvíræðan hátt við upphaf hvers bókunarferlis og samþykki þess af hálfu viðskiptavinarins skal byggjast á vali hans (opt-in).

2. Með fyrirvara um 1. mgr. 16. gr. skal veittur aðgangur að flugfargjöldum og farmgjöldum fyrir flugþjónustu frá flugvelli sem er staðsettur á yfirráðasvæði aðildarríkis, sem sáttmálinn gildir um og sem eru aðgengileg almenningi, án nokkurs mismunar á grundvelli þjóðernis, hvaða viðskiptavinur á í hlut, staðfestustað fulltrúa flugrekandans eða annars flugmiðasala innan Bandalagsins.

24. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu tryggja að farið sé að reglunum, sem settar eru fram í þessum kafla, og setja viðurlög við brotum á þeim. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

25. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

26. gr.

Samstarf og réttur til að afla upplýsinga

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu hafa samstarf um að beita og hafa eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, til að sinna verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð, að afla allra nauðsynlegra upplýsinga frá aðildarríkjunum sem greiðir einnig fyrir því að flugrekendur láti lögbærum leyfisyfirvöldum, sem veita þeim flugrekstrarleyfi, í té upplýsingar.

3. Aðildarríki skulu, í samræmi við landslöggjöf sína, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé með upplýsingar sem þeim berast sem trúnaðarmál.

27. gr.

Niðurfelling

Reglugerðirnar (EBE) nr. 2407/92, (EBE) nr. 2408/92 og (EBE) nr. 2409/92 skulu felldar niður.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

28. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 24. september 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
H.-G. PÖTTERING
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
J.-P. JOUYET
forseti.

I. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM Á AÐ LÁTA Í TÉ SKV. 5. OG 8. GR.

1. Upplýsingar um fjárhagsstöðu sem umsækjandi, sem sækir um í fyrsta sinn, á að láta í té.

1.1. Síðustu reikningar úr rekstrarbókhaldi og endurskoðaður ársreikningur fyrir fyrra fjárhagsár ef hann liggur fyrir.

1.2. Áætlaður efnahagsreikningur til næstu þriggja ára, að meðtöldum rekstrarreikningi.

1.3. Forsendur að baki áætluðum útgjalda- og tekjuliðum, s.s. eldsneyti, flugfargjöld og farmgjöld, laun, viðhald, afskriftir, gengissveiflur, flugvallargjöld, flugleiðsögugjöld, gjöld fyrir afgreiðslu á jörðu niðri, vátryggingar o.s.frv. Áætluð umferð/tekjur.

1.4. Upplýsingar um stofnkostnað fyrir tímabilið frá því umsókn er lögð inn þar til reksturinn hefst og skýring á því hvernig fyrirhugað er að fjármagna þennan kostnað.

1.5. Upplýsingar um fyrirliggjandi og fyrirhugaða fjármögnun.

1.6. Upplýsingar um hluthafa, þ.m.t. þjóðerni og fyrirhuguð tegund hlutabréfa, og stofnsamþykktir. Ef flugrekandinn er hluti af hóp fyrirtækja, upplýsingar um tengslin á milli þeirra.

1.7. Sjóðstreymisyfirlit og lausafjáráætlanir fyrstu þrjú rekstrarárin.

1.8. Upplýsingar um fjármögnun kaupa/leigu á loftförum, þ.m.t. samningsskilmálar og -skilyrði ef um leigu er að ræða.

2. Upplýsingar sem á að láta í té varðandi mat á áframhaldandi fjárhagsstöðu fyrirliggjandi leyfishafa, sem hafa í hyggju að breyta skipulagi sínu eða starfsemi sinni, þannig að það hafi veruleg áhrif á fjárhag þeirra.

2.1. Ef nauðsyn krefur, efnahagsreikningur úr rekstrarbókhaldi og endurskoðaður ársreikningur fyrir fyrra fjárhagsár.

2.2. Ítarlegar upplýsingar um allar fyrirhugaðar breytingar, t.d. breytingar á tegund þjónustu, fyrirhuguð yfirtaka eða samruni, breytingar á hlutafé, breytingar á hluthöfum o.s.frv.

2.3. Áætlaður efnahagsreikningur yfirstandandi fjárhagsárs, að meðtöldum rekstrarreikningi, ásamt öllum fyrirhuguðum breytingum á skipulagi eða starfsemi sem hafa veruleg fjárhagsleg áhrif.

2.4. Sundurliðaðir útgjalda- og tekjuliðir sem stofnað hefur verið til og þeir sem áætlaðir eru, s.s. eldsneyti, flugfargjöld og farmgjöld, laun, viðhald, afskriftir, gengissveiflur, flugvallargjöld, flugleiðsögugjöld, gjöld fyrir afgreiðslu á jörðu niðri, vátryggingar o.s.frv. Áætluð umferð/tekjur.

2.5. Sjóðstreymisyfirlit og lausafjáráætlanir næsta árs, ásamt öllum fyrirhuguðum breytingum á skipulagi eða starfsemi sem hafa þýðingarmikil fjárhagsleg áhrif.

2.6. Upplýsingar um fjármögnun kaupa/leigu á loftförum, þ.m.t. samningsskilmálar og -skilyrði ef um leigu er að ræða.

3. Upplýsingar sem á að láta í té varðandi mat á áframhaldandi fjárhagsstöðu fyrirliggjandi leyfishafa.

3.1. Endurskoðaður ársreikningur, eigi síðar en sex mánuðum eftir síðasta dag viðkomandi fjárhagsárs nema kveðið sé á um annað í landslögum og ef þörf krefur síðasti efnahagsreikningur úr rekstrarbókhaldi.

3.2. Áætlaður efnahagsreikningur komandi árs, að meðtöldum rekstrarreikningi.

3.3. Sundurliðaðir útgjalda- og tekjuliðir sem stofnað hefur verið til og þeir sem áætlaðir eru, s.s. eldsneyti, flugfargjöld og farmgjöld, laun, viðhald, afskriftir, gengissveiflur, flugvallargjöld, flugleiðsögugjöld, gjöld fyrir afgreiðslu á jörðu niðri, vátryggingar o.s.frv. Áætluð umferð/tekjur.

3.4. Sjóðstreymisyfirlit og lausafjáráætlanir næsta árs.

II. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

(sem um getur í 27. gr.)

Reglugerð (EBE) nr. 2407/92	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	1. gr.
2. mgr. 1. gr.	3. mgr. 3. gr.
2. gr.	2. gr.
1. mgr. 3. gr.	2. mgr. 3. gr.
2. mgr. 3. gr.	önnur undirgrein 1. mgr. 3. gr.
3. mgr. 3. gr.	fyrsta undirgrein 1. mgr. 3. gr.
1. mgr. 4. gr.	4. gr.
2. mgr. 4. gr.	f-liður 4. gr.
3. mgr. 4. gr.	—
4. mgr. 4. gr.	f-liður 4. gr.
5. mgr. 4. gr.	önnur undirgrein 1. mgr. 8. gr.
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 5. gr.
2. mgr. 5. gr.	2. mgr. 5. gr.
3. mgr. 5. gr.	5. mgr. 8. gr.
4. mgr. 5. gr.	6. mgr. 8. gr.
5. mgr. 5. gr.	1. mgr. 9. gr.
6. mgr. 5. gr.	4. mgr. 8. gr.
7. mgr. 5. gr.	3. mgr. 5. gr. og 8. mgr. 8. gr.
6. gr.	7. gr.
7. gr.	11. gr.
1. mgr. 8. gr.	c-liður 4. gr.
2. mgr. 8. gr.	1. mgr. 12. gr.
3. mgr. 8. gr.	2. og 3 mgr. 13. gr.
4. mgr. 8. gr.	2. mgr. 12. gr.
9. gr.	6. gr.
1. mgr. 10. gr.	2. og 3. mgr. 13 gr.
2. mgr. 10. gr.	2. og 3 mgr. 13. gr.
1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 11. gr.	3. mgr. 8. gr.
3. mgr. 11. gr.	7. mgr. 8. gr.
12. gr.	2. til 6. mgr. 9. gr.
1. mgr. 13. gr.	2. mgr. 10. gr.
2. mgr. 13. gr.	1. mgr. 10. gr.
3. mgr. 13. gr.	—
4. mgr. 13. gr.	3. mgr. 10. gr.
14. gr.	—
15. gr.	—
16. gr.	—
17. gr.	—
1. mgr. 18. gr.	1. mgr. 26. gr.
2. mgr. 18. gr.	3. mgr. 26. gr.
19. gr.	—
VIÐAUKI	I. VIÐAUKI

Reglugerð (EBE) nr. 2408/92	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	1. gr.
2. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
3. mgr. 1. gr.	—
4. mgr. 1. gr.	—

Reglugerð (EBE) nr. 2408/92	Þessi reglugerð
2. gr.	2. gr.
1. mgr. 3. gr.	1. og 2. mgr. 15. gr.
2. mgr. 3. gr.	—
3. mgr. 3. gr.	—
4. mgr. 3. gr.	—
a-liður 1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 16. gr.
b-liður 1. mgr. 4. gr.	3. mgr. 16. gr.
c-liður 1. mgr. 4. gr.	2. mgr. 16. gr.
d-liður 1.°mgr. 4.°gr.	9. mgr. 16. gr.
—	1. mgr. 17. gr.
—	2. mgr. 17. gr.
—	4. mgr. 17. gr.
—	5. mgr. 17. gr.
—	6. mgr. 17. gr.
e-liður 1. mgr. 4. gr.	3. mgr. 17. gr.
f-liður 1. mgr. 4. gr.	7. mgr. 17. gr.
g-liður 1. mgr. 4. gr.	—
h-liður 1. mgr. 4. gr.	8. mgr. 17. gr.
—	9. mgr. 17. gr.
—	10. mgr. 17. gr.
i-liður 1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 18. gr.
j-liður 1. mgr. 4. gr.	7. mgr. 16. gr.
k-liður 1. mgr. 4. gr.	—
2. mgr. 4. gr.	—
3. mgr. 4. gr.	2. mgr. 18. gr.
4. mgr. 4. gr.	—
5. gr.	—
1. og 2. mgr. 6. gr.	—
7. gr.	4. og 5. mgr. 15. gr.
1. mgr. 8. gr.	2. mgr. 19. gr.
2. mgr. 8. gr.	1. mgr. 19. gr.
3. mgr. 8. gr.	3. mgr. 19. gr.
4. mgr. 8. gr.	—
5. mgr. 8. gr.	—
1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 20. gr.
2. mgr. 9. gr.	1. mgr. 20. gr.
3. mgr. 9. gr.	2. mgr. 20. gr.
4. mgr. 9. gr.	3. mgr. 20. gr.
5. mgr. 9. gr.	1. mgr. 22. gr.
6. mgr. 9. gr.	2. mgr. 22. gr.
7. mgr. 9. gr.	—
8. mgr. 9. gr.	—
10. gr.	—
11. gr.	25. gr.
1. mgr. 12. gr.	2. mgr. 26. gr.
2. mgr. 12. gr.	—
13. gr.	—
1. mgr. 14. gr.	1. mgr. 26. gr.
2. mgr. 14. gr.	3. mgr. 26. gr.
15. gr.	—
16. gr.	—
I. VIÐAUKI	—
II. VIÐAUKI	—
III. VIÐAUKI	—
—	II. VIÐAUKI

Reglugerð (EBE) nr. 2409/92	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	1. gr.
2. mgr. 1. gr.	1. mgr. 21. gr.
3. mgr. 1. gr.	—
2. gr.	2. gr.
3. gr.	—
4. gr.	23. gr.
1. mgr. 5. gr.	22. gr.
2. mgr. 5. gr.	—
3. mgr. 5. gr.	—
4. mgr. 5. gr.	—
6. gr.	—
7. gr.	—
8. gr.	—
9. gr.	—
1. mgr. 10. gr.	1. mgr. 26. gr.
2. mgr. 10. gr.	3. mgr. 26. gr.
11. gr.	—
12. gr.	—
—	27. gr.
—	28. gr.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2010/61/ESB **2011/EES/55/48**

frá 2. september 2010

um fyrstu aðlögun á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum ([1]), einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB er vísað til ákvæða sem sett eru fram í alþjóðasamningum um flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum eins og skilgreint er í 2. gr. þeirrar tilskipunar.

2) Ákvæði þessara alþjóðasamninga eru uppfærð á tveggja ára fresti. Því verða breyttar útgáfur þessara samninga í gildi frá 1. janúar 2011, með aðlögunartíma til 30. júní 2011.

3) Því ber að breyta þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2008/68/EB

Viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað þáttar I.1 í I. viðauka komi eftirfarandi:

„I.1. ADR-SAMNINGURINN

Viðaukar A og B við ADR-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2011, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

2. Í stað þáttar II.1 í II. viðauka komi eftirfarandi:

„II.1 RID-REGLURNAR

Viðauki við RID-reglurnar, sem birtar eru í viðbæti C við samninginn um millilandaflutninga með járnbrautum (COTIF), í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2011, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

3. Í stað þáttar III.1 í III. viðauka komi eftirfarandi:

„III.1. ADN-SAMNINGURINN

Reglur sem fylgja með í viðauka við ADN-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2011, og einnig f-liður 3. gr., h-liður 3. gr., 1. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 8. gr. ADN-samningsins, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“ eftir því sem við á.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 233, 3.9.2010, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 30.6.2011, bls. 42.

([1]) Stjtíð. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. september 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 200/2010 **2011/EES/55/49**

frá 10. mars 2010

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar það markmið Sambandsins að draga úr algengi sermigerða salmonellu í hópum fullorðinna undaneldisfugla af tegundinni Gallus gallus (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 4. gr. og 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er að tryggja að gripið sé til ráðstafana til að greina og verjast salmonellu og öðrum smitvöldum sjúkdóma sem berast á milli manna og dýra á öllum viðeigandi stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, einkum á frumframleiðslustiginu, í því skyni að draga úr algengi þeirra og þeirri áhættu sem lýðheilsu stafar af þeim.

2) Í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er kveðið á um að setja skuli markmið Sambandsins um að draga úr algengi sjúkdóma og smitvalda sjúkdóma, sem berast milli manna og dýra, sem tilgreindir eru í I. viðauka við reglugerðina, í dýrastofnunum sem þar eru tilgreindir. Þar er einnig mælt fyrir um tilteknar kröfur vegna þessara markmiða.

3) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er vísað til allra sermigerða salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni Gallus gallus sem skipta máli fyrir lýðheilsu. Þessir hópar undaneldisfugla geta smitað afkvæmi sín af salmonellu og þá einkum til hópa varphæna og holdakjúklinga. Minnkun á algengi salmonellu í hópum undaneldisfugla styrkir því varnir gegn smitvaldi sjúkdómsins sem berst milli manna og dýra í eggjum og kjöti af afkvæmum þeirra, en sú dreifing skapar alvarlega áhættu fyrir lýðheilsu.

4) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1003/2005 frá 30. júní 2005 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Bandalagsins, sem sett er til að draga úr algengi tiltekinna sermigerða salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* ([2]), er mælt fyrir um markmið Bandalagsins sem sett er til að draga úr algengi tiltekinna sermigerða salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni Gallus gallus á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 2009. Eftir þá dagsetningu má hundraðshluti fullorðinna undaneldisfugla í hópum af tegundinni Gallus gallus, sem haldast jákvæðir fyrir Salmonella enteritidis, Salmonella infantis, Salmonella hadar, Salmonella typhimurium og Salmonella virchow (viðkomandi Salmonella spp.), að hámarki vera 1%. Af þeim sökum er nauðsynlegt að mæla fyrir um varanleg markmið Sambandsins sem sett eru til að draga úr viðkomandi *Salmonella* spp. þegar það tímabil er runnið út.

5) Í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er kveðið á um að þegar markmið Sambandsins er sett skuli taka tillit til reynslunnar sem fengist hefur af fyrirliggjandi landsráðstöfunum og upplýsinganna, sem sendar voru til framkvæmdastjórnarinnar eða til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, samkvæmt núgildandi kröfum Sambandsins, einkum í tengslum við upplýsingar sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB frá 17. nóvember 2003 um eftirlit með dýrasjúkdómum og smitvöldum dýrasjúkdóma sem berast í fólk ([3]), einkum 5 gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 61, 11.3.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

([1]) Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 170, 1.7.2005, bls. 12.

([3]) Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31.

6) Í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 var haft samráð við Matvælaöryggisstofnun Evrópu við setningu varanlegs markmiðs Sambandsins fyrir hópa undaneldisfugla af tegundinni Gallus gallus. Í samræmi við það samþykkti vísindanefndin um líffræðilega hættu að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins 26. mars 2009 vísindalegt álit um megindlegt mat á áhrifum þess að setja nýtt markmið um að draga úr salmonellu í undaneldishænum af tegundinni Gallus gallus[4]. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að mestar líkur séu á að Salmonella enteritidis og Salmonella typhimurium berist frá undaneldishænum til afkvæma þeirra í framleiðsluferli holdakjúklingakjöts og eggja. Hún ályktaði einnig á þá leið að þess sé að vænta að varnarráðstafanir Evrópusambandsins gegn þessum tveimur sermigerðum í undaneldishænum muni styrkja varnir gegn salmonellusmiti í framleiðslustofnum og draga úr áhættu fyrir heilsu manna af völdum alifugla. Í vísindalega álitinu kom einnig fram að jaðarábati af auknu eftirliti innan Evrópusambandsins vegna annarra sermigerða í undaneldisdýrum væri tiltölulega lítill: þær tengjast sjaldnar sjúkdómum í mönnum og geta þeirra til að smitast milli kynslóða er minni.

7) Að teknu tilliti til vísindalegs álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og í ljósi þess að lengri tíma þarf til að meta leitni varðandi salmonellu í hópum eftir innleiðingu varnaráætlana í hverju aðildarríki skal viðhalda markmiði Sambandsins, áþekku því sem mælt var fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1003/2005, þess efnis að draga úr salmonellu í hópum fullorðinna undaneldisfugla af tegundinni Gallus gallus.

8) Nauðsynlegt er að kveða á um endurtekna töku sýna úr hópum undaneldisfugla af tegundinni Gallus gallus svo að sannreyna megi hvernig gengur að ná markmiði Sambandsins.

9) Varnaráætlanir í hverju aðildarríki fyrir sig um að ná markmiðinu á árinu 2010 hafa verið samþykktar í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/883/EB frá 26. nóvember 2009 um samþykkt ársáætlana og áætlana til margra ára, sem aðildarríkin lögðu fram fyrir 2010 og árin eftir það, og um fjárframlag Bandalagsins vegna þeirra, er varða útrýmingu tiltekinna dýrasjúkdóma og sjúkdóma, sem berast milli manna og dýra, varnir gegn þeim og eftirlit með þeim([5]). Þessar áætlanirnar voru byggðar á lagaákvæðum sem giltu þegar þær voru lagðar fram. Áætlanirnar um hópa undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* voru samþykktar á grundvelli ákvæða reglugerðar (EB) nr. 1003/2005. Því þarf að gera bráðabirgðaráðstafanir vegna þeirra varnaráætlana sem þegar hafa verið samþykktar.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 1036, bls. 1–68.
([5]) Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2009, bls. 36.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið Sambandsins

1. Frá 1. janúar 2010 skal markmið Sambandsins, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 um að draga úr *Salmonellu* spp. í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* (hér á eftir nefnt „markmið Sambandsins“), felast í því að minnka hundraðshluta í hópum fullorðinna undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus*, sem haldast jákvæðir fyrir *Salmonella enteridis, Salmonella infantis, Salmonella hadar, Salmonella typhimurium* og *Salmonella virchow* (viðkomandi sermigerðir salmonellu), niður í 1% að hámarki.

Hjá aðildarríkjum með innan við 100 hópa fullorðinna undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* skal þó markmið Sambandsins frá 1. janúar 2010 vera að ekki skuli fleiri en einn slíkur hópur haldast jákvæður fyrir viðkomandi sermigerð salmonellu á ári.

2. Prófunarkerfið, sem er nauðsynlegt til að sannreyna hvernig miðar að ná markmiði Sambandsins, er sett fram í viðaukanum.

2. gr.

Endurskoðun á markmiði Sambandsins

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða markmið Sambandsins með tilliti til upplýsinga sem aflað er í samræmi við prófunarkerfið sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar og viðmiðananna sem mælt er fyrir um í c-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003.

3. gr.

Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 1003/2005

1. Reglugerð (EB) nr. 1003/2005 er felld úr gildi.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

4. gr.

Bráðabirgðaráðstafanir

Ákvæðin í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1003/2005 gilda áfram fyrir varnaráætlanirnar sem voru samþykktar fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

5. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

José Manuel BARROSO

forseti

VIÐAUKI

Prófunarkerfi sem er nauðsynlegt til að sannreyna hvernig gengur að ná markmiði Sambandsins um að draga úr viðkomandi sermigerðum *Salmonella* í hópum fullorðinna undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus*

1. SÝNATAKA

Taka sýna til þess að greina *Salmonella enteritidis, Salmonella infantis, Salmonella hadar, Salmonella typhimurium* og *Salmonella virchow* (viðkomandi sermigerðir salmonellu) skal taka til allra hópa undaneldisfugla alihænsna (*Gallus gallus)* sem samanstanda af a.m.k. 250 fuglum (hópar undaneldisfugla). Þetta hefur ekki áhrif á ákvæðin í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 eða í tilskipun 2003/99/EB að því er varðar kröfur um vöktun annarra dýrastofna eða annarra sermigerða.

2. VÖKTUN HÓPA UNDANELDISFUGLA

2.1. **Staður, tíðni og staða sýnatöku**

Taka skal sýni úr hópum undaneldisfugla að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækisins og sem lið í opinberu eftirliti.

2.1.1. *Sýnataka að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækisins*

Sýnataka skal fara fram á tveggja vikna fresti á öðrum þeirra staða sem lögbært yfirvald hefur tilnefnt til þess, annaðhvort:

a) í útungunarstöðinni eða

b) á bújörðinni.

Lögbæra yfirvaldið getur valið annan hvorn kostinn sem um getur í a-lið eða b-lið fyrir öll prófunarkerfin fyrir alla undaneldishópa holdakjúklinga og annan hvorn þessara kosta fyrir alla hópa undaneldisvarphæna. Sýni úr hópum undaneldisfugla, sem verpa eggjum til klaks sem fyrirhugað er að selja innan Sambandsins, skulu þó tekin á bújörðinni.

Koma skal á tilhögun til að tryggja að ef viðkomandi sermigerðir salmonellu finnast við töku sýna, sem er að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækisins, skal rannsóknarstofan, sem annast greininguna, tilkynna lögbæru yfirvaldi tafarlaust um það. Það er á ábyrgð stjórnanda matvælafyrirtækisins og rannsóknarstofunnar, sem annast greininguna, að tilkynna tímanlega um greiningu á öllum viðkomandi sermigerðum salmonellu.

Þrátt fyrir 1. mgr. þessa liðar er lögbæru yfirvaldi heimilt að ákveða sjálft, ef markmið Sambandsins hefur náðst í a.m.k. tvö almanaksár samfellt í öllu aðildarríkinu, að lengja tímann milli töku sýna á bújörðinni þannig að þau séu tekin með þriggja vikna millibili. Lögbæru yfirvaldi er þó heimilt að viðhalda eða hverfa aftur til sýnatöku með tveggja vikna millibili ef viðkomandi sermigerðir salmonellu greinast í hópi undaneldisfugla á bújörðinni og/eða í öðrum tilvikum þar sem lögbært yfirvald telur rétt að gera það.

2.1.2. *Sýnataka sem hluti af opinberu eftirliti*

Sýnataka sem hluti af opinberu eftirliti skal felast í:

2.1.2.1. Ef sýnataka, sem er að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækisins, á sér stað í útungunarstöðinni:

a) venjubundinni sýnatöku í útungunarstöðinni með 16 vikna millibili,

b) venjubundinni sýnatöku á bújörðinni tvisvar í framleiðsluferlinu, þá fyrri innan fjögurra vikna frá því að varpskeið hefst eða eftir flutning í varpeiningu og þá síðari nálægt lokum varpskeiðsins, í fyrsta lagi átta vikum fyrir lok framleiðsluferlisins,

c) sýnatöku til staðfestingar á bújörðinni eftir að viðkomandi sermigerð salmonellu hefur greinst í sýnum frá útungunarstöðinni.

2.1.2.2. Ef sýnataka, sem er að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækisins, á sér stað á bújörðinni skal venjubundin sýnataka fara fram þrisvar í framleiðsluferlinu:

a) innan fjögurra vikna frá því að varpskeið hefst eða eftir flutning í varpeiningu,

b) nálægt lokum varpskeiðsins, í fyrsta lagi átta vikum fyrir lok framleiðsluferlisins,

c) hvenær sem er á framleiðsluferlinu, á einhverjum tímapunkti sem er nægilega langt frá sýnatökunni sem um getur í a- og b-liðum.

2.1.2.3. Þrátt fyrir ákvæðin í liðum 2.1.2.1. og 2.1.2.2. og ef markmið Sambandsins hefur náðst í a.m.k. tvö almanaksár í röð í öllu aðildarríkinu getur lögbært yfirvald látið eftirfarandi sýnatöku koma í stað venjubundinnar sýnatöku:

a) einu sinni á bújörðinni, hvenær sem er í framleiðsluferlinu, og einu sinni á ári í útungunarstöðinni eða

b) tvisvar sinnum á bújörðinni, hvenær sem er í framleiðsluferlinu með nægilega löngu millibili.

Lögbæru yfirvaldi er þó heimilt að viðhalda eða hverfa aftur til sýnatökunnar, sem mælt er fyrir um í liðum 2.1.2.1 eða 2.1.2.2, ef viðkomandi sermigerðir salmonellu greinast í hópi undaneldisfugla á bújörðinni og/eða í öðrum tilvikum þar sem lögbært yfirvald telur rétt að gera það.

Sýnataka, sem lögbært yfirvald annast, má koma í stað sýnatöku að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækis.

2.2. **Aðferðalýsing við sýnatöku**

2.2.1. *Sýnataka í útungunarstöðinni*

Taka skal a.m.k. eitt sýni fyrir hvern hóp undaneldisfugla í hvert skipti sem sýni eru tekin.

Skipuleggja skal sýnatöku á klakdegi þegar hægt er að taka sýni úr öllum hópum undaneldisfugla. Ef það reynist ekki unnt skal tryggja að sýni séu tekin úr öllum hópum með a.m.k. þeirri tíðni sem mælt er fyrir um í lið 2.1.

Allt efni úr öllum klekjurum, sem klaktir ungar eru teknir úr á sýnatökudeginum, skal koma fram í réttu hlutfalli í sýnunum.

Ef fleiri en 50 000 egg frá einum hópi undaneldisfugla eru í klekjurunum skal taka annað sýni hjá þeim hópi.

Sýnið skal a.m.k. samanstanda af:

a) einu samsettu sýni af sýnilega óhreinum klæðningum úr eggjagrindum sem tekið er af handahófi úr fimm aðskildum útungunarbökkum eða stöðum í klekjaranum , þannig að alls séu tekin sýni af yfirborði sem er a.m.k. 1 m^2; ef útungunaregg úr einhverjum hópi undaneldisfugla eru í fleiri en einum klekjara skal þó taka samsett sýni úr hverjum klekjara, að hámarki úr fimm klekjurum, eða

b) einu sýni af a.m.k. 900 cm^2 yfirborðsfleti alls, sem er tekið með einum eða fleiri rökum sýnatökuklútum af öllum yfirborðsfletinum á botninum í a.m.k. fimm eggjagrindum um leið og kjúklingarnir hafa verið teknir úr þeim eða úr dúni af fimm stöðum, þ.m.t. af gólfinu, úr hverjum klekjara, að hámarki úr fimm klekjurum með klöktum eggjum úr hópnum, og það skal tryggt að a.m.k. eitt sýni sé tekið úr hverjum hópi sem eggin komu úr, eða

c) tíu grömmum af brotinni eggjaskurn, sem tekin er úr a.m.k. 25 mismunandi eggjagrindum (þ.e. 250 g upphaflegt sýni) úr allt að fimm klekjurum með klöktum eggjum úr hópnum og sem er mulin og blandað saman og skipt í 25 g undirsýni til prófunar.

Fylgja skal verklagsreglunum sem lýst er í a-, b- og c-lið við töku sýna að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækisins og við opinbera sýnatöku. Ekki er þó skylt að taka með klekjara með eggjum frá mismunandi hópum ef a.m.k. 80% eggjanna eru í öðrum klekjurum sem sýni eru tekin úr.

2.2.2. *Sýnataka á bújörðinni*

2.2.2.1. Venjubundin sýnataka að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækisins

Tekin sýni skulu einkum samanstanda af saursýnum og skal markmiðið vera að sýna fram á 1% algengi innan hóps með 95% öryggismörkum. Til að þetta náist skulu sýnin mynduð úr einu af eftirfarandi:

a) blönduðu driti, sem er samsett úr aðskildum sýnum úr fersku driti sem hvert vegur a.m.k. 1g og sem eru tekin af handahófi af nokkrum mismunandi stöðum í alifuglahúsinu þar sem undaneldishópurinn er haldinn, eða, ef hópurinn hefur frjálst aðgengi að fleiri en einu alifuglahúsi á tiltekinni bújörð, úr hverri húsaþyrpingu á bújörðinni þar sem hópurinn er haldinn. Safna má saman driti til greiningar í a.m.k. 2 safnsýni.

Fjöldi þeirra staða þar sem taka skal mismunandi saursýni til að búa til safnsýni skal vera sem hér segir:

Fjöldi fugla í undaneldishópnum	Fjöldi saursýna sem skal taka í hópi undaneldisfuglanna
250–349	200
350–449	220
450–799	250
800–999	260
1 000 eða fleiri	300

b) Sýni af sýnatökuyfirhlífum og/eða ryksýni:

Sýnatökuyfirhlífar, sem notaðar eru, skulu vera nægilega gleypnar til að sjúga í sig raka. Einnig má nota „sokka“ úr grisjuhólki í þessum tilgangi.

Væta skal yfirborð yfirhlífanna sem nota á til sýnatöku með viðeigandi þynningarvökva (s.s. 0,8% natríumklóríði og 0,1% peptóni í dauðhreinsuðu, afjónuðu vatni, eða dauðhreinsuðu vatni eða hvers kyns öðru þynningarefni sem lögbært yfirvald samþykkir).

Sýnin skulu tekin með því að ganga um húsið eftir leið sem skilar dæmigerðum sýnum fyrir alla hluta alifuglahússins eða viðkomandi svæði. Þetta skal einnig ná til svæða sem eru þakin undirburði og svæða með rimlum, að því tilskildu að öruggt sé að ganga á rimlunum. Sýnatakan skal ná til allra stía í alifuglahúsinu. Þegar sýnatökunni er lokið á tilteknu svæði skal taka yfirhlífarnar, sem notaðar voru til sýnatöku, varlega af til að forðast að efni, sem loðir við þær, losni af þeim.

Sýnin skulu samanstanda af:

i. fimm pörum af yfirhlífum, sem notaðar voru til sýnatöku, sem hvert um sig skal svara til u.þ.b. 20% af flatarmáli alifuglahússins; safna má sýnunum saman til greiningar í a.m.k. tvö safnsýni, eða

ii. a.m.k. einu pari af yfirhlífum sem notaðar voru til sýnatöku, sem svara til alls alifuglahússins ásamt ryksýni til viðbótar sem safnað var af mörgum stöðum um allt alifuglahúsið, af yfirborðsflötum sem voru sýnilega rykugir; nota skal einn eða fleiri rakan sýnatökuklút til að safna þessu ryksýni af a.m.k. 900 cm^2 heildaryfirborðsfleti.

c) Í hópum undaneldisfugla í búrum geta tekin sýni samanstaðið af eðlilega blönduðu driti af færiböndum sem fjarlægja drit, af sköfum eða úr djúpum dritkjöllurum, eftir því um hvers konar hús er að ræða.

Safna skal tveimur sýnum sem vega a.m.k. 150 g og prófa sýnin hvort fyrir sig:

i) af færiböndum fyrir drit undir hverri röð búra, sem eru látin ganga reglulega og losa dritið inn í snigil eða á færibandakerfi,

ii) úr dritkjallarakerfi, þar sem drit er skafið niður í djúpan kjallara undir húsinu með sérstökum plötum sem eru undir búrunum,

iii) úr dritkjallarakerfi í alifuglahúsi með búrum sem er raðað í tröppugang þannig að engin búr eru fyrir ofan önnur í hverri stæðu og dritið fellur beint ofan í kjallarann.

Í hverju húsi eru venjulega margar stæður af búrum. Í heildarsafnsýninu skal vera blandað drit úr hverri stæðu. Taka skal tvö safnsýni fyrir hvern hóp undaneldisfugla eins og lýst er í þriðja til sjötta undirlið hér á eftir:

Ef um er að ræða færibanda- eða sköfukerfi skal láta þau ganga á sýnatökudeginum áður en sýnin eru tekin.

Ef um er að ræða kerfi þar sem sérstakar plötur eru undir búrum og sköfum skal safna blönduðu driti sem hefur safnast á sköfuna eftir að kerfið hefur verið látið ganga.

Ef um er að ræða kerfi með búrum í stæðum sem er raðað í tröppugang og færiband eða sköfukerfi er ekki fyrir hendi er nauðsynlegt að safna blönduðu driti á mörgum stöðum úr dritkjallaranum.

Kerfi með færiböndum fyrir drit: taka skal safnsýni af saurefni við endann á færiböndunum þar sem dritið er losað.

2.2.2.2. Sýnataka sem hluti af opinberu eftirliti

a) Venjubundin sýnataka skal fara fram eins og lýst er í lið 2.2.2.1.

b) Sýnataka til staðfestingar í kjölfar greiningar á viðkomandi sermigerðum salmonellu úr sýnum frá útungunarstöðinni skal fara fram eins og lýst er í lið 2.2.2.1.

Viðbótarsýni til prófunar á því hvort notuð hafi verið sýkingalyf eða sýklahemjandi efni má taka á eftirfarandi hátt: taka skal fugla af handahófi úr hverju alifuglahúsi á býlinu, að öllu jöfnu allt að fimm fugla úr hverju húsi, nema lögbært yfirvald telji nauðsynlegt að taka sýni úr fleiri fuglum.

Ef upptök sýkingarinnar hafa ekki verið staðfest skal prófa fyrir sýkingalyfjum eða gera nýja bakteríufræðilega prófun með tilliti til greiningar á viðkomandi sermigerðum salmonellu í hóp undaneldisfuglanna eða afkvæmum þeirra, áður en viðskiptahöftum er aflétt.

Ef sýkingalyf eða sýklahemjandi efni greinast skal litið svo á að salmonellusýkingin hafi verið staðfest.

c) Grunur um rangar niðurstöður

Í undantekningartilvikum þar sem lögbært yfirvald hefur ástæðu til að efast um niðurstöður prófana (t.d. falsjákvæðar eða falsneikvæðar niðurstöður) getur það ákveðið að endurtaka prófanirnar í samræmi við b-lið.

3. RANNSÓKN Á SÝNUM

3.1. **Flutningur og undirbúningur sýna**

3.1.1. *Flutningur*

Senda skal sýnin, helst með hraðpósti eða sendiboða, til rannsóknastofanna, sem um getur í 11. og 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003, innan 24 klukkustunda frá töku þeirra. Ef þau eru ekki send innan 24 klukkustunda skal geyma þau í kæli. Flytja má sýnin við stofuhita svo fremi að hiti fari ekki yfir 25 °C og þau séu varin fyrir sólarljósi. Sýnin skulu geymd í kæli á rannsóknarstofunni þar til þau eru rannsökuð en rannsókn skal hefjast innan 48 klukkustunda frá móttöku sýnanna og innan 96 klukkustunda frá sýnatökunni.

3.1.2. *Klæðningar úr eggjagrindum:*

a) Setja skal sýnin í 1 lítra af jöfnuðu peptónvatni sem hefur verið hitað að stofuhita og blanda þessu varlega saman,

b) ræktun sýnisins er haldið áfram með greiningaraðferðinni sem lýst er í lið 3.2.

3.1.3. *Sýni af yfirhlífum og ryksýni:*

a) Taka skal yfirhlífa-/sokkapari/-pörin, sem notað var eða notuð voru til sýnatöku, og ryksýnið (sýnatökuklútur) varlega upp til að saurefni eða laust ryk, sem loðir við þau, losni ekki og setja þau í 225 ml af jöfnuðu peptónvatni sem hefur verið hitað að stofuhita.

b) Jafnaða peptónvatnið skal fljóta alveg yfir sýnatökuyfirhlífarnar og sýnatökuklútana til að nóg sé af vökva umhverfis sýnið til að salmonellubakteríur geti borist út frá sýninu og því má bæta við meira af jöfnuðu peptónvatni ef nauðsyn krefur.

Sýnatökuyfirhlífarnar og sýnatökuklútarnir skulu undirbúin hvor í sínu lagi.

c) Þegar fimm pör af sýnatökuyfirhlífum eru sett saman í tvö safnsýni skal setja hvort safnsýni í 225 ml af jöfnuðu peptónvatni, eða meira ef nauðsyn krefur, svo að fljóti alveg yfir sýnið og til að nóg sé af vökva umhverfis sýnið til að salmonellubakteríur geti borist út frá sýninu.

d) Sýninu skal þyrlað í hringi svo að það mettist til fulls og halda skal ræktun áfram með greiningaraðferðinni sem lýst er í lið 3.2.

3.1.4. *Önnur sýni úr saurefni:*

a) Saursýni skal hópa og blanda þeim vandlega saman og taka úr blöndunni 25 g undirsýni til ræktunar.

b) Bæta skal 25 g undirsýninu við 225 ml af jöfnuðu peptónvatni sem hefur verið hitað að stofuhita.

c) Ræktun sýnisins skal haldið áfram með því að nota greiningaraðferðina sem lýst er í lið 3.2.

Ef samþykktir ISO-staðlar fyrir undirbúning viðkomandi sýna til að greina salmonellu liggja fyrir skal styðjast við þá í stað ákvæða um undirbúning sýna sem um getur í liðum 3.1.2, 3.1.3 og 3.1.4.

3.2. **Greiningaraðferð**

Greining á viðkomandi sermigerðum salmonellu skal gerð í samræmi við 1. breytingu á staðlinum EN/ISO 6579-2002/Amd1:2007. „Microbiology of food and animal feeding stuffs – Horizontal method for the detection of *Salmonella* spp. — 1. breyting: Viðauki D: Detection of *Salmonella* spp. in animal faeces and in environmental samples from the primary production stage.“

Að því er varðar sýnin af sýnatökuyfirhlífunum, ryksýnin og önnur sýni úr saurefni, sem um getur í lið 3.1, má hópa ræktuðu sýnin í auðguðu vökvaæti með jöfnuðu peptónvatni sem eru ætluð til ræktunar síðar. Til þess skal rækta bæði sýnin í jöfnuðu peptónvatni eins og um getur í lið 3.1.3. Taka skal 1 ml af vökvaæti úr hverju sýni og blanda vandlega saman og taka síðan 0,1 ml af blöndunni og sá á skálar með umbreyttu, hálffföstu Rappaport-Vassiliadis-æti (MSRV).

Ekki má hrista sýni í jöfnuðu peptónvatni, eða þyrla þeim eða hrista þau til á annan hátt eftir ræktun því það leysir úr læðingi letjandi agnir og skerðir einangrunina sem fer fram í kjölfarið á umbreyttu, hálffföstu Rappaport-Vassiliadis-æti.

3.3. **Sermigerðargreining**

Að minnsta kosti eitt einangur úr hverju sýni með jákvæða svörun skal greint samkvæmt Kaufmann-White-kerfi.

3.4. **Staðgönguaðferðir**

Að því er varðar sýni, sem tekin eru að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækis, er heimilt að nota staðgönguaðferðir í stað þeirra aðferða við undirbúning sýna, greiningar og sermigerðargreiningar, sem kveðið er á um í liðum 3.1., 3.2 og 3.3 í þessum viðauka, ef þær hafa verið fullgiltar í samræmi við nýjustu útgáfu staðalsins EN/ISO 16140/2003.

3.5. **Geymsla stofna**

Tryggt skal að a.m.k. einn einangraður stofn viðkomandi sermigerða salmonellu, sem finnst við sýnatöku, sem tengist opinberu eftirliti, úr hverju húsi og á hverju ári, sé geymdur svo að hægt verði síðar að greina þá með tilliti til fögugerðar eða næmi þeirra fyrir sýkingalyfjum, með því að beita venjulegum aðferðum við söfnun stofna sem skal tryggja heilleika stofnanna í a.m.k. tvö ár. Ef lögbært yfirvald ákveður það skal einnig geyma í þessu skyni einangur úr sýnatöku sem er að frumkvæði stjórnenda matvælafyrirtækja.

4. NIÐURSTÖÐUR OG SKÝRSLUGJÖF

Hópur undaneldisfugla telst jákvæður þegar verið er að sannreyna hversu vel miðar að ná markmiði Sambandsins:

– ef viðkomandi sermigerð salmonellu (ef ekki er um að ræða bóluefnisstofna) hefur greinst í einu eða fleiri sýnum úr hópnum, jafnvel þótt viðkomandi sermigerð salmonellu hafi einungis greinist í ryksýninu, eða

– ef sýnataka til staðfestingar, sem er hluti af opinberu eftirliti í samræmi við b-lið í lið 2.2.2.2, staðfestir ekki að viðkomandi sermigerð salmonellu hafi greinst en sýkingalyf eða efni sem hafa hamlandi áhrif á bakteríuvöxt hafa greinst í hópnum.

Þessi regla gildir ekki um þau undantekningartilvik sem lýst er í c-lið í lið 2.2.2.2 ef upphafleg, jákvæð niðurstaða úr sýnatöku vegna salmonellu að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækis hefur ekki verið staðfest með sýnatöku sem er hluti af opinberu eftirliti.

Jákvæða hópa undaneldisfugla skal einungis telja einu sinni án tillits til þess hve oft viðkomandi sermigerð salmonellu hefur greinst í þessum hópi á framleiðslutímabilinu eða hvort sýnatakan fór fram að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækisins eða af hálfu lögbærs yfirvalds. Ef sýnataka á framleiðslutímabilinu nær yfir tvö almanaksár skal þó skrá niðurstöður hvors árs sínar í hvoru lagi.

Í skýrslunni skulu koma fram:

a) nákvæm lýsing á valinu á þeim aðferðum sem notaðar voru fyrir sýnatökuáætlanir og tegund sýnanna sem tekin voru, eftir því sem við á,

b) heildarfjöldi hópa fullorðinna undaneldisfugla, sem í eru a.m.k. 250 fuglar, sem sýni voru tekin úr a.m.k. einu sinni á skýrsluárinu,

c) niðurstöður úr sýnatökunum, þ.m.t.:

   i. heildarfjöldi hópa undaneldisfugla sem eru jákvæðir fyrir einhverri salmonellu í aðildarríkinu,

   ii. fjöldi hópa undaneldisfugla sem eru jákvæðir fyrir a.m.k. einni viðkomandi sermigerð salmonellu,

   iii. fjöldi hópa undaneldisfugla sem eru jákvæðir fyrir hverri sermigerð salmonellu eða fyrir ótilgreindri salmonellu (einangur sem ekki er unnt að greina til sermigerðar eða eru ekki sermigerðarprófuð),

d) fjöldi þeirra tilfella þar sem upphaflega, jákvæða sýnið, með tilliti til salmonellu, úr sýnatöku að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækis var ekki staðfest við sýnatöku sem er hluti af opinberu eftirliti,

e) skýringar á niðurstöðum, einkum að því er varðar undantekningartilvik.

Gefa skal skýrslu um niðurstöðurnar og allar viðeigandi viðbótarupplýsingar sem hluta af skýrslunni um leitni og upptök sem kveðið er á um í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/99/EB.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 590/2010 **2011/EES/55/50**

frá 5. júlí 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 ([2]).

2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu nokkur aðildarríki framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á skrá Bandalagsins. Þriðju lönd sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessa er rétt að uppfæra skrá Bandalagsins.

3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða, þegar því varð ekki við komið, fyrir milligöngu yfirvalda, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur sem ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Evrópusambandsins myndi byggjast á eða breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er í skrá Bandalagsins.

4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina innan tíu virkra daga og við flugöryggisnefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ([3]).

5) Framkvæmdastjórnin og, í sérstökum tilvikum, nokkur aðildarríki höfðu samráð við yfirvöldin sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með viðkomandi flugrekendum.

6) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) og framkvæmdastjórnarinnar um tækniaðstoðarverkefni sem unnin eru í löndum sem verða fyrir áhrifum af völdum ákvæða reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Hún hefur verið upplýst um beiðnir um frekari tækniaðstoð og samvinnu til að auka færni yfirvalda á sviði almenningsflugs, með tilliti til stjórnsýslu og tækni, í því skyni að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum stöðlum.

7) Flugöryggisnefndin hefur einnig verið upplýst um aðgerðir til framfylgdar sem Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkin hafa gripið til í því skyni að tryggja áframhaldandi lofthæfi og viðhald loftfara sem skráð eru í Evrópusambandinu og starfrækt eru af flugrekendum sem hafa fengið vottun yfirvalda á sviði almenningsflugs í þriðju löndum.

8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

Flugrekendur í Evrópusambandinu

9) Sum aðildarríki hafa gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum í kjölfar upplýsinga, sem fengust úr skoðun á hlaði í tengslum við öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA) sem fóru fram á loftförum tiltekinna flugrekenda í Evrópusambandinu, sem og skoðun og úttekt á sérstökum sviðum sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu. Þau tilkynntu framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni um þessar ráðstafanir: Lögbær yfirvöld í Breska konungsríkinu afturkölluðu flugrekandaskírteini (AOC) flugrekandans Trans Euro Air Limited 6. apríl 2010 og felldu tímabundið úr gildi flugrekandaskírteini MK Airlines 12. apríl 2010. Yfirvöld á Spáni afturkölluðu flugrekandaskírteini flugrekandans Baleares Link Express og flugrekstrarleyfi hans 9. júní 2010. Lögbær yfirvöld í Slóvakíu afturkölluðu flugrekstrarleyfi flugrekendanna Seagle Air 11. desember 2009 og Air Slovakia 3. maí 2010.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 170, 6.7.2010, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 67.

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14.

([3]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

Flugrekandinn Air Algérie

10) Á grundvelli greiningar á niðurstöðum úr öryggisskoðunum erlendra loftfara á loftförum, sem flugrekandinn Air Algérie hefur starfrækt til flugs innan Evrópusambandsins frá janúar 2009, hóf framkvæmdastjórnin samráð við lögbær yfirvöld í Alsír, 7. desember 2009 og 5. febrúar 2010, til að ráða bót á þeim atriðum sem komu í ljós á sviði öryggis farms um borð, lofthæfis, starfrækslu loftfars og flugliðaskírteina.

11) Lögbær yfirvöld veittu í svari sínu, 15. mars 2010, upplýsingar um aðgerðir sem gripið var til í kjölfar skoðana á hlaði til að ráða bót á þeim annmörkum sem komu í ljós.

12) Framkvæmdastjórnin óskaði eftir frekari upplýsingum 6. maí 2010. Lögbær yfirvöld lögðu fram viðbótarupplýsingar 27. maí 2010. Í kjölfar fundar, 9. júní 2010, með lögbærum yfirvöldum í Alsír og flugrekandanum ásamt lögbærum yfirvöldum í Frakklandi og Flugöryggisstofnun Evrópu skuldbundu lögbær yfirvöld í Alsír sig til þess að veita viðbótarupplýsingar fyrir fund flugöryggisnefndar, þ.m.t. skrá yfir eftirlitsstarf sem viðkomandi yfirvald hefur annast hjá flugrekandanum Air Algérie. Upplýsingarnar voru sendar 18. júní 2010. Umrædd yfirvöld skuldbundu sig jafnframt til þess að leggja fram, innan tíðar, ítarlega áætlun um aðgerðir til úrbóta, þ.m.t. tímaáætlun fyrir sannprófun hennar og hvenær aðgerðum lýkur. Samhliða þessu hafa lögbær yfirvöld í Frakklandi þróað framtaksverkefni, að ósk flugrekanda, í því skyni að efla vitund um áætlun Evrópusambandsins um öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-áætlunin) og bjóða þjálfun innan ramma hennar.

13) Í því skyni að tryggja stöðuga vöktun með öryggisframmistöðu flugrekandans krafðist framkvæmdastjórnin þess að lögbær yfirvöld í Alsír sendi einnig mánaðarlega skýrslu um eftirlitsstarf sitt á sviði áframhaldandi lofthæfis, viðhalds og flugreksturs hjá flugrekandanum Air Algérie, þ.m.t. staðfesting á framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta sem leggja á fram. Framkvæmdastjórnin hvetur lögbær yfirvöld í Alsír til þess að beita sér fyrir því að farið verði að gildandi öryggisstöðlum.

14) Á meðan skulu aðildarríkin sannreyna hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt, með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 352/2008 til þess að tryggja að skoðunum verði fjölgað hjá flugrekandanum Air Algérie til að skapa grundvöll fyrir endurmat þessa máls á næsta fundi flugöryggisnefndarinnar, sem verður haldinn í nóvember 2010.

Flugrekandinn Air Bangladesh

15) Framkvæmdastjórnin upplýsti flugöryggisnefndina um niðurstöður ferðar af hálfu Flugöryggisstofnunar Evrópu til Alþýðulýðveldisins Bangladess til þess að láta í té tækniaðstoð í kjölfar úttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum sem fór fram í maí 2009. Úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum leiddi til þess að stofnunin kom á framfæri áhyggjum sínum af alvarlegum öryggisvandamálum, að því er varðar starfrækslu loftfara, vottun og eftirlit af hálfu Flugmálastjórnar Bangladess (CAAB). Í heimsókninni var því veitt athygli að Flugmálastjórn Bangladess hefði greinilega gert átak á öllum stigum til að framkvæma áætlun um aðgerðir til úrbóta og hefði sýnt mikinn vilja til að ráða bót á þeim öryggisvandamálum sem úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar leiddi í ljós. Þótt framkvæmdastjórnin líti þetta framtak jákvæðum augum mun hún halda áfram að fylgjast náið með því hvernig Flugmálastjórn Bangladess miðar áfram með framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta til þess að tryggja að ráðin sé bót á núverandi annmörkum í öryggismálum án óþarfa tafa.

16) Í heimsókninni upplýsti Flugmálastjórn Bangladess hópinn um það að loftfar af tegundinni B747-269B með skrásetningarmerkið S2-ADT hefði verið fellt brott úr skrá Bangladess og að flugrekandinn Air Bangladesh hefði hætt starfsemi. Flugmálastjórn Bangladess upplýsti framkvæmdastjórnina formlega um þetta 16. maí 2010.

17) Í ljósi þess sem að framan greinir, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, er það metið svo að fyrrnefndur flugrekandi skuli felldur brott úr viðauka B.

Flugrekandinn Blue Wing Airlines

18) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum af hálfu flugrekandans Blue Wing Airlines, sem röð slysa nýverið og annmarkar, sem komið hafa í ljós við skoðanir á hlaði í aðildarríkjunum, sýna fram á.

19) Loftför flugrekandans Blue Wing Airlines lentu í slysum 3. apríl 2008, þar sem 19 manns létu lífið, 15. október 2009, sem hafði meiðsli í för með sér, og að lokum 15. maí 2010 þar sem 8 manns létu lífið. Heildarfjöldi slysa sem þessi flugrekandi hefur orðið fyrir á síðastliðnum tveimur árum hefur í för með sér alvarlegar áhyggjur af öryggisvanda, einkum þar sem ógerlegt hefur reynst að draga lærdóm af fyrri slysum þar sem opinberar skýrslur um rannsóknir á slysum eru ekki fyrir hendi.

20) Þar að auki hafa verið færðar sönnur á að í mörgum tilvikum hefur ekki verið farið að sérstökum öryggisstöðlum, sem settir voru með Chicago-samningnum um alþjóðlegt almenningsflug, og sem annmarkar sem komu í ljós við skoðun á hlaði ([4]), sem lögbær yfirvöld í Frakklandi sáu nýlega um innan ramma SAFA-áætlunarinnar, leiddu í ljós.

([4]) DGAC/F-2010-818.

21) Lögbær yfirvöld í Frakklandi (Flugmálastjórn Frakklands (DGAC)) hvöttu lögbær yfirvöld í Súrínam og flugrekandann Blue Wing Airlines til að leggja fram nauðsynlega tryggingu að því er varðar öryggi í tengslum við flugrekstur þessa flugrekanda. Þar sem hvorki svar lögbærra yfirvalda í Súrínam né svar flugrekandans Blue Wing Airlines gerði kleift að greina frumorsök slysanna og annmarkanna í öryggismálum, sem komu í ljós við skoðun á hlaði, og til að koma í veg fyrir að slíkt endurtæki sig ákvað Flugmálastjórn Frakklands að grípa til sérstakra neyðarráðstafana, sem banna alla starfsemi flugrekandans Blue Wing Airlines á yfirráðasvæði Frakklands frá 1. júní 2010, og skuldbundu sig til að upplýsa framkvæmdastjórnina tafarlaust skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.

22) Framkvæmdastjórnin hóf tafarlaust samráð við lögbær yfirvöld í Súrínam og flugrekandann Blue Wing Airlines með það fyrir augum að á fundi flugöryggisnefndarinnar yrði tekin ákvörðun með skjótum hætti um hversu víða í Evrópusambandinu ráðstöfun Frakka skyldi gilda. Hinn 25. júní 2010 hlýddu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin á málflutning flugrekandans Blue Wing Airlines með aðstoð lögbærra yfirvalda í Súrínam. Hvorki svar lögbærra yfirvalda í Súrínam né svar flugrekandans Blue Wing Airlines gerði kleift að greina frumorsök slysanna eða annmarkanna í öryggismálum sem komu í ljós við skoðun á hlaði eða hvernig koma eigi í veg fyrir að þeir endurtaki sig.

23) Sökum fyrri frammistöðu flugrekandans, sem áður hefur sætt flugrekstrarbanni innan Evrópusambandsins ([5]), ([6]), tíðni og alvarleika slysa sem flugrekandinn hefur lent í, annmarkanna í öryggismálum sem komið hafa í ljós og endurtekningar þeirra er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að áframhaldandi starfræksla þessa flugrekanda til Evrópusambandsins myndi stofna öryggi í verulega hættu og að ekki verði ráðin bót á þeim með fullnægjandi hætti, með þeim ráðstöfunum sem aðildarríki grípur til skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, og því skuli flugrekandanum Blue Wing Airlines bætt í viðauka A.

Flugrekendur frá Albaníu

24) Til viðbótar við athugasemdirnar sem lögbær yfirvöld í Albaníu komu á framfæri á fundi flugöryggisnefndarinnar í mars 2010 og samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 273/2010 ([7]) hélt framkvæmdastjórnin áfram virku samráði við lögbær yfirvöld í Albaníu, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu, til þess að fylgja eftir niðurstöðum ítarlegs eftirlits með stöðlun sem framkvæmt var í janúar 2010. Lokaskýrsla þessa eftirlits, sem var gefin út 7. mars 2010, leiddi í ljós verulega annmarka á öllum þeim sviðum sem tekin voru út og var nauðsynlegt að ráða bót á þeim tafarlaust.

25) Flugöryggisstofnun Evrópu upplýsti að Flugmálastjórn Albaníu hefði lagt fram ítarlega aðgerðaáætlun sem talin var viðunandi og var hún samþykkt 29. apríl 2010. Í þessari áætlun er röð aðgerða til úrbóta, sem framkvæmdar verða í áföngum til loka ársins 2011, sem og tafarlausar aðgerðir til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum.

26) Lögbær yfirvöld á Ítalíu eru jafnframt byrjuð að undirbúa ítarlegt samþætt verkefni með lögbærum yfirvöldum í Albaníu, sem áætlað er að fari af stað í september 2010, til þess að liðsinna þessum yfirvöldum við að byggja upp tæknilega og stjórnsýslulega getu þeirra.

27) Á samráðsfundum, 28. maí 2010, með lögbærum yfirvöldum í Albaníu og Flugöryggisstofnun Evrópu, með þátttöku lögbærra yfirvalda á Ítalíu, var staðfest að aðgerðaáætluninni miði áfram og að hún sé samkvæmt áætlun. Lokið var við fyrstu röð aðgerða sem fela í sér stórfelldar breytingar á fyrra kerfi: óháð flugmálastjórn Albaníu (ACAA) var stofnuð og hefur verið starfandi síðan í maí 2010 og afturkallaði hin nýstofnaða flugmálastjórn allar eldri undanþágur, sem höfðu verið veittar í atvinnugreininni, og gerði fyrirtækjum ljóst að ef ekki yrði farið að viðeigandi löggjöf fyrir 1. júní 2010 yrði gripið til framfylgdaraðgerða á borð við tímabundna niðurfellingu, takmörkun eða afturköllun á því samþykki sem þeim hafði þegar verið veitt. Flugmálastjórn Albaníu var hvött af hálfu flugöryggisnefndar til þess að gefa skýrslu um endurvottun flugrekenda.

28) Flugmálastjórn Albaníu fékk áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 21. júní 2010 og staðfesti að flugrekendurnir Belle Air og Albanian Airlines hefðu fengið endurvottun með tilhlýðilegum hætti í júní 2010 í samræmi við gildandi öryggisreglur. Flugmálastjórn Albaníu tilkynnti enn fremur að flugrekandaskírteini flugrekandans Star Airways hefði verið fellt tímabundið úr gildi. Flugmálastjórn Albaníu skuldbatt sig enn fremur til að gefa ekki út fleiri flugrekandaskírteini þar til annað verður ákveðið.

29) Flugmálastjórn Albaníu er hvött til að halda áfram að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að hrinda aðgerðaáætluninni, sem þau samþykktu ásamt Flugöryggisstofnun Evrópu, tímanlega í framkvæmd og með skilvirkum hætti og setja það í forgang að bæta úr þeim annmörkum sem komu í ljós sem valda öryggisvanda ef ekki er ráðin bót á þeim á réttan hátt. Flugmálastjórn Albaníu er hvött til þess að hraða uppbyggingu færni innan stofnunarinnar og tryggja að eftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Albaníu, fari fram í samræmi við gildandi öryggisreglur ásamt því að gera ráðstafanir til að framfylgja lögum, eftir þörfum.

30) Flugmálastjórn Albaníu hefur skuldbundið sig til þess að leggja reglubundið fram skýrslu um framvindu framkvæmdar áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta. Framkvæmdastjórnin mun, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkjanna, halda áfram að fylgjast með skilvirkni þeirra aðgerða sem Flugmálastjórn Albaníu hefur gripið til og með öryggisframmistöðu flugrekenda, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Albaníu.

([5]) Forsendur 20 til 22 í reglugerð ráðsins (EB) nr. 910/2006 frá 20. júní 2006 (Stjtíð. ESB L 168, 21.6.2006, bls. 17).

([6]) Forsendur 7 til 8 í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1400/2007 frá 28. nóvember 2007 (Stjtíð. ESB L 311, 29.11.2007, bls. 12).

([7]) Forsendur 55 til 58 í reglugerð ráðsins (EB) nr. 273/2010 frá 30. mars 2010 (Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2010, bls. 30).

Flugrekendur frá Konungsríkinu Kambódíu

31) Lögbær yfirvöld í Kambódíu (Flugmálastjórn Kambódíu (SSCA)) gáfu skýrslu um frekari árangur af framkvæmd aðgerðaáætlunar sinnar, sem var gerð í því skyni að ráða bót á annmörkum sem komu í ljós við úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar árið 2007 innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum.

32) Í samræmdri fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, (ICVM), sem fór fram 26. til 29. október 2009, var staðfest að nokkur árangur hefði náðst því hlutfall tilvika þar sem staðlar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar voru ekki innleiddir með skilvirkum hætti var metið 58% í október 2009 en hafði verið 71% árið 2007. Sendinefndin komst einnig að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að halda áfram skilvirkri framkvæmd á aðgerðum til úrbóta, einkum með tilliti til skipulags Flugmálastjórnar Kambódíu og uppbyggingar á færni hennar.

33) Flugmálastjórn Kambódíu tilkynnti að flugrekendaskírteini þeirra flugrekenda sem eftir voru, sem höfðu fengið flugrekstrarleyfi í Kambódíu, hefðu verið felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð. Flugrekandaskírteini flugrekandans Helicopter Cambodia rann m.a. út 15. október 2009 og var ekki endurnýjað. Flugrekendaskírteini flugrekandans Sokha Airlines var afturkallað 27. október 2009 og flugrekendaskírteini flugrekendanna Angkor Airways og PMT Air voru afturkölluð 21. apríl 2010. Þetta hafði í för með sér að Alþjóðaflugmálastofnunin þurfti ekki lengur að hafa áhyggjur af alvarlegum öryggisvanda hvað varðar þá flugrekendur sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í konungsríkinu Kambódíu ([8]).

34) Flugmálastjórn Kambódíu upplýsti enn fremur að síðan í janúar 2009 hafi staðið yfir endurvottunarferli fyrir flugrekandann Siem Reap International Airways þar sem flugrekandaskírteini hans var fellt tímabundið úr gildi. Flugmálastjórn Kambódíu lýsti því yfir að flugrekandinn hefði fengið fjóra mánuði til viðbótar til að ljúka ferlinu og ef misbrestur yrði á því yrði flugrekandaskírteinið afturkallað. Sökum þeirrar óvissu sem ríkir um stöðu flugrekandans Siem Reap International Airways, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, er það því metið svo að flugrekandinn skuli áfram vera skráður í viðauka A.

35) Framkvæmdastjórnin tekur tillit til ráðstafana Flugmálastjórnar Kambódíu til að framfylgja lögum og þess árangurs sem hefur náðst við framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta, sem ætlað er að ráða bót á þeim annmörkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin benti á, og er reiðubúin að styðja uppbyggingu færni hjá lögbærum yfirvöldum í Konungsríkinu Kambódíu með sérhæfðri tæknilegri aðstoð.

Flugrekendur frá Austur-Kongó (alþýðulýðveldinu)

36) Öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Austur-Kongó (alþýðulýðveldinu), er bannað að stunda flugrekstur innan Evrópusambandsins og eru þeir skráðir í viðauka A. Framkvæmdastjórnin fékk upplýsingar um að lögbær yfirvöld í Austur-Kongó (alþýðulýðveldinu) hefðu veitt flugrekandanum Congo Express flugrekandaskírteini. Framkvæmdastjórnin hóf samráð við lögbær yfirvöld í Austur-Kongó (alþýðulýðveldinu) til að fá þessar upplýsingar staðfestar. Yfirvöldin svöruðu ekki fyrirspurninni.

37) Þar sem ekkert bendir til þess að breytingar hafi orðið á getu lögbærra yfirvalda í Austur-Kongó til að tryggja eftirlit með flugrekendum, sem hafa fengið leyfi í því ríki í samræmi við gildandi öryggisstaðla, er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandanum Congo Express skuli bætt í viðauka A.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Gabon

38) Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar fóru aðilar á vegum Flugöryggisstofnunar Evrópu til Gabon frá 11. til 15. janúar til þess að láta í té tækniaðstoð. Fram kemur í skýrslunni, sem gefin var út 6. apríl 2010 í tengslum við heimsóknina, að lögbær yfirvöld í Gabon (Flugmálastjórn Gabon (ANAC)) vinna að því að ráða bót á þeim annmörkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin benti á í úttekt sinni í maí 2007 innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum. Í skýrslunni er enn fremur lögð áhersla á þörfina fyrir því að halda áfram að byggja upp færni hjá Flugmálastjórn Gabon með viðeigandi fjárveitingu og frekari ráðningum og þjálfun hæfra skoðunarmanna, auk þess sem nauðsynlegt er að tryggja áreiðanlegt áframhaldandi eftirlit með flugrekendum, sem fengið hafa flugrekstrarleyfi í Gabon. Í skýrslunni er áætlun, gerð í samvinnu við Flugmálastjórn Gabon, sem inniheldur þær aðgerðir til úrbóta sem taldar eru nauðsynlegar og gagnlegar til að leysa þá annmarka sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur bent á. Samkvæmt áætluninni er ekki búist við að nauðsynlegum aðgerðum verði lokið fyrr en í ársbyrjun 2011.

39) Flugmálastjórn Gabon óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og lagði fram greinargerð um þann árangur sem náðst hafði fram að því 21. júní 2010. Flugmálastjórn Gabon upplýsti að endurskoðun stæði yfir á gildandi lagaramma, með sérstöku tilliti til endurbóta á reglum um almenningsflug, sem gert er ráð fyrir að verði samþykktar, eigi síðar en 31. desember 2010, auk þess verður smám saman ákvarðað heildarsafn reglna á sviði flugmála í Gabon sem verður tekið upp í áföngum til 2011. Flugmálastjórn Gabon tilkynnti um frekari árangur af uppbyggingu færni með því að ráða fleiri skoðunarmenn en sjö þeirra eru við það að ljúka réttinda- og hæfisferlinu. Enn fremur tilkynnti Flugmálastjórn Gabon um árangur af eftirliti með flugrekendum og við framfylgd á núgildandi flugöryggisreglum (RACAM), eins og sýndi sig með tímabundinni niðurfellingu flugrekstrarleyfis flugrekandans SCD Aviation 16. október 2009, með viðvörunum sem voru sendar flugrekendunum Air Service, Gabon Airlines, National Regional Transport, SN2AG og með sektunum sem voru lagðar á flugrekendurna

([8]) Forsenda 12 í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1131/2008 frá 14. nóvember 2008 (Stjtíð. ESB L 306, 15.11.2009, bls. 48).

Allegiance og Sky Gabon. Fjöldi og eðli sumra annmarka, sem komu í ljós, sýndi að frekari aðgerðir til framfylgdar kunna að vera nauðsynlegar ef flugrekendurnir koma ekki gildandi öryggisstöðlum í framkvæmd.

40) Flugrekandinn Afrijet Business Services, sem fékk flugrekstrarleyfi í Gabon, óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni með það í huga að fá gildandi takmörkunum á starfrækslu loftfars af tegundinni Falcon 900B með skrásetningarmerkið TR-AFR aflétt og lagði fram skriflega greinargerð þar að lútandi. Flugrekandinn færði sönnur á að starfræksla og viðhald framangreinds loftfars væri í samræmi við gildandi öryggisstaðla og var það staðfest af Flugmálastjórn Gabon. Af þessum sökum er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að ekki sé ástæða til þess að takmarka starfrækslu flugrekandans Afrijet Business Services, sem fram fer með loftfari af tegundinni Falcon 900B með skrásetningarmerkið TR-AFR, og að þessu loftfari skuli bætt við þau loftför sem flugrekandinn hefur leyfi til þess að starfrækja til Evrópusambandsins samkvæmt viðauka B.

41) Framkvæmdastjórninni hafa ekki enn borist sannanir frá flugrekendunum, sem eru í skrá Bandalagsins, eða frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þessum flugrekendum, þess efnis að gripið hafi verið til ítarlegra og viðunandi aðgerða til að ráða bót á annmörkum. Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana er það því metið svo að þessum flugrekendum skuli áfram bannað að stunda flugrekstur (viðauki A) eða takmarkanir settar á flugrekstur þeirra (viðauki B), eftir því sem við á.

42) Framkvæmdastjórnin fagnar þeim árangri sem hefur náðst við framkvæmd áætlunar um aðgerðir til úrbóta á annmörkum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin benti á, sem og uppbyggingu færni hjá lögbærum yfirvöldum í Gabon, og er þess reiðubúin að veita aðstoð við að staðfesta árangurinn, m.a. með vettvangsheimsókn, þegar lagaramminn hefur verið ákvarðaður.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Indónesíu

43) Flugmálastjórn Indónesíu (DGCA) tilkynnti að mikill árangur hefði náðst við að ráða bót á öllum þeim atriðum sem Alþjóðaflugmálastofnunin benti á í úttekt sinni, sem hún framkvæmdi í febrúar 2007 innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum. Í samræmdri fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem fram fór í ágúst 2009, var staðfest að verulegur árangur hefði náðst þar sem hlutfall tilvika þar sem staðlar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar voru ekki innleiddir með skilvirkum hætti hafði farið niður í 20%. Flugmálastjórn Indónesíu tilkynnti Alþjóðaflugmálastofnuninni 19. mars 2010 að þeim aðgerðum til úrbóta sem eftir voru væri lokið.

44) Flugmálastjórn Indónesíu skýrði frá þeirri þróun sem orðið hefði varðandi getu til að hafa eftirlit með öryggi þar sem fjárveiting hefði aukist töluvert árin 2009 og 2010, 25 skoðunarmenn fyrir flugrekstur hefðu verið ráðnir til viðbótar og 8 skoðunarmenn vegna öryggis í farþegarými, til viðbótar víðtækri tækniaðstoð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og yfirvalda á sviði almenningsflugs í Ástralíu og Hollandi, sem gerði kleift að uppfæra reglur um öryggi í almenningsflugi (CASR) og styrkja eftirlit með fleiri flugrekendum.

45) Lögbær yfirvöld í Indónesíu (Flugmálastjórn Indónesíu (DGCA)) óskuðu eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni með það í huga að gildandi takmörkunum á starfrækslu eftirfarandi þriggja flugrekenda yrði aflétt: Indonesia Air Asia, Metro Batavia og Lion Air. Þau sendu skriflegar greinargerðir og komu munnlegum athugasemdum á framfæri 22. júní 2010.

46) Athugasemdirnar, sem flugrekandinn Indonesia Air Asia og Flugmálastjórn Indónesíu komu á framfæri, staðfestu að viðkomandi flugrekandi hefði fengið endurvottun, 30. september 2009, í samræmi við reglur um öryggi í almenningsflugi og að Flugmálastjórn Indónesíu hefði fullnægjandi eftirlit með þessum flugrekanda. Flugmálastjórn Indónesíu staðfesti að þessi flugrekandi uppfyllti gildandi öryggisstaðla að öllu leyti. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að fella skuli flugrekandann Asian Air brott úr viðauka A.

47) Athugasemdirnar, sem flugrekandinn Metro Batavia og Flugmálastjórn Indónesíu komu á framfæri, staðfestu að viðkomandi flugrekandi hefði einnig fengið endurvottun, 30. september 2009, í samræmi við reglur um öryggi í almenningsflugi og að Flugmálastjórn Indónesíu hefði fullnægjandi eftirlit með þessum flugrekanda. Flugmálastjórn Indónesíu staðfesti að þessi flugrekandi uppfyllti gildandi öryggisstaðla að öllu leyti. Er það því metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að fella skuli flugrekandann Metro Batavia brott úr viðauka A.

48) Athugasemdirnar, sem flugrekandinn Lion Air kom á framfæri, leiddu í ljós að flugrekandinn, sem starfrækir sem stendur flota með 50 loftförum, hafi lent í tveimur slysum og tveimur alvarlegum flugatvikum frá árinu 2004. Flugrekandinn hefur hins vegar ekki veitt fullnægjandi upplýsingar um slysin og flugatvikin og orsakir þeirra og ekki heldur sýnt fram á að gripið hafi verið til viðeigandi aðgerða til að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig, sem er þýðingarmikið í ljósi þeirrar umtalsverðu stækkunar flugflotans sem gert er ráð fyrir á komandi árum. Auk þess var ekki unnt að staðfesta að eftirlit Flugmálastjórnar Indónesíu með rekstrinum væri fullnægjandi eins og sýndi sig með því að engin atriði hafa verið skráð í yfir 100 flugrekstrarskoðunum sem skráðar eru 2009 og 2010. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að flugrekandinn Lion Air skuli vera áfram skráður í viðauka A.

49) Framkvæmdastjórninni hefur ekki enn borist sannanir frá hinum flugrekendunum, sem eru í skrá Bandalagsins, þess efnis að gripið hafi verið til ítarlegra og viðunandi aðgerða til úrbóta. Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana er það því metið svo að þessum flugrekendum skuli áfram bannað að stunda flugrekstur (viðauki A).

50) Framkvæmdastjórnin styður þá viðleitni sem lögbær yfirvöld í Indónesíu hafa sýnt og þann árangur sem náðst hefur við að ráða varanlega bót á annmörkum í öryggismálum.

Flugrekendur frá Filippseyjum

51) Í framhaldi af reglugerð nr. 273/2010 ([9]) hélt framkvæmdastjórnin áfram virku samráði við lögbær yfirvöld á Filippseyjum (Flugmálastjórn Filippseyja (CAAP)) um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að bæta flugöryggi á Filippseyjum og til að fara að gildandi öryggisstöðlum.

52) Flugmálastjórn Filippseyja upplýsti að röð aðgerða væri hafin á hennar vegum sem fela m.a. í sér: að gildandi framkvæmdarreglur og -reglugerðir verði endurgerðar, sem gert er ráð fyrir að verði lokið við lok ársins 2010, að færni hjá Flugmálastjórn Filippseyja verði byggð upp frekar með því að flytja til þeirra viðurkennda skoðunarmenn sem starfa, eins og sakir standa, hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni við tækniaðstoðarverkefnið, sem gert er ráð fyrir að verði lokið við lok ársins 2010 sem og að starfsfólk sé ráðið til viðbótar, að gerð verði ný úttekt á öllum flugrekendum og endurvottunarferli þeirra hafið, þ.m.t. flugrekendur sem höfðu fengið vottun frá Flugmálastjórn Filippseyja fyrir mars 2010, að gerðar verði áætlanir um stöðugt eftirlit með öllum flugrekendum og að aðgerðir til framfylgdar vegna annmarka í öryggismálum, sem komið hafa í ljós, verði styrktar.

53) Flugmálastjórn Filippseyja upplýsti að 19. mars 2010 hefði hún fellt tímabundið úr gildi flugrekandaskírteini flugrekandans Pacific East Asia Cargo Airlines (PEAC) sem hafði haldið áfram starfrækslu án þess að hafa hlotið fullnægjandi vottun frá lögbærum yfirvöldum á Filippseyjum.

54) Flugrekandinn Interisland Airlines Inc., sem Flugmálastjórn Filippseyja hafði vottað 16. mars 2010, varð fyrir því 21. apríl 2010 að loftfar, sem er tilgreint á flugrekandaskírteininu af tegundinni Antonov 12BP með skrásetningarmerkið UP-AN216, fórst með þeim afleiðingum að mannskaði varð. Flugmálastjórn Filippseyja, sem rannsakaði slysið, ákvað, 23. apríl 2010, að afturkalla flugrekandaskírteini flugrekandans Interisland Airlines Inc. sem í kjölfarið hætti allri starfsemi. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að fella skuli flugrekendann Interisland Airlines Inc. brott úr viðauka A.

55) Flugrekandinn Philippine Airlines óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni til að gefa skýrslu um árangur sem náðst hefði nýlega og var orðið við þeirri beiðni 22. júní 2010. Flugrekandinn staðfesti að hann hefði verið í ítarlegri úttekt til endurvottunar hjá Flugmálastjórn Filippseyja, að lokið hefði verið við allar aðgerðir til úrbóta á viðeigandi hátt og að nýtt flugrekandaskírteini hefði verið gefið út 17. júní 2010. Þar sem endurvottunarferlinu lauk nýlega og samsvarandi gögn því til sönnunar voru lögð fram seint var þó ekki unnt að sannprófa stöðu flugrekandans á staðnum eins og búist var við.

56) Flugrekandinn Cebu Pacific Airlines óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni til að gefa skýrslu um árangur sem náðst hefði nýlega og var orðið við þeirri beiðni 22. júní 2010. Flugrekandinn staðfesti að hann hefði verið í ítarlegri úttekt til endurvottunar hjá Flugmálastjórn Filippseyja og að nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta stæðu yfir, þar af nokkrar sem ekki hefðu verið leiddar til lykta, en þrátt fyrir það hefði nýtt flugrekandaskírteini verið gefið út, 7. júní 2010, með rekstrartakmörkunum sem banna flutning á hættulegum farmi og nákvæmnisaðflug skv. II. flokki (Cat II) fyrir loftför af tegundinni ATR-72. Þar sem samsvarandi gögn þessu til sönnunar voru lögð fram seint og þar sem eftir var að ganga frá ýmsum atriðum var þó ekki unnt að sannprófa stöðu flugrekandans á staðnum eins og gert var ráð fyrir.

57) Enn hefur ekki verið fundin lausn á þeim alvarlega öryggisvanda sem Alþjóðaflugmálastofnunin tilkynnti öllum ríkjum, sem eru aðilar að Chicago-samningnum um alþjóðlegt almenningsflug, í kjölfar úttektar sinnar í október 2009 á Filippseyjum innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum, og sem hefur áhrif á öryggiseftirlit með flugrekendum, sem hafa fengið leyfi á Filippseyjum ([10]). Flugmálastjórn Filippseyja upplýsti að hún hefði lagt ítarlega aðgerðaáætlun fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina til að ráða bót á þeim annmörkum sem stofnunin hefði tilgreint. Hins vegar greindi hún ekki frá þessari áætlun um aðgerðir til úrbóta og mat Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á henni. Flugmálastjórn Filippseyja upplýsti enn fremur að Filippseyjar verði ekki í aðstöðu til að sækja um endurskoðun á núverandi flokkun Flugmálastjórnar Bandaríkjanna fyrir fjórða ársfjórðung 2010.

58) Framkvæmdastjórnin viðurkennir það átak sem lögbær yfirvöld hafa skuldbundið sig við að gera í því skyni að gera umbætur á almenningsflugkerfinu á Filippseyjum. Það er því metið svo, meðan beðið er eftir skilvirkri framkvæmd á fullnægjandi aðgerðum til að ráða bót á þeim annmörkum sem Flugmálastjórn Bandaríkjanna og Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á, að lögbær yfirvöld á Filippseyjum séu, á þessu stigi, ekki fær um að framkvæma og framfylgja viðeigandi öryggisstöðlum hjá öllum flugrekendum sem eru undir lögbundnu eftirliti þeirra. Í ljósi sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun á Filippseyjum, að undanskildum flugrekandanum Interisland Airlines Inc, skuli áfram skráðir í viðauka A.

59) Framkvæmdastjórnin er reiðubúin að styðja áfram viðleitni lögbærra yfirvalda á Filippseyjum áfram með matsheimsókn í náinni samvinnu við Alþjóðaflugmálastofnunina og með þátttöku aðildarríkjanna og Flugöryggisstofnunar Evrópu fyrir næsta fund flugöryggisnefndarinnar, ef því verður við komið, til að sannprófa þann árangur sem Flugmálastjórn Filippseyja hefur náð, þ.m.t. öryggisframmistaða flugrekendanna.

([9]) Forsendur 74 til 87 í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 273/2010 frá 30. mars 2010 (Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2010, bls. 33).

([10]) Niðurstaða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar OPS/01.

Flugrekandinn Iran Air

60) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 273/2010 ([11]) fóru aðilar á vegum framkvæmdastjórnarinnar, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkjanna, í heimsókn til Írans (íslamska lýðveldisins) vegna öryggismats, sem fór fram á tímabilinu 29. maí til 3. júní 2010, til þess að sannprófa að þær ráðstafanir sem lögbær yfirvöld (Flugmálastjórn Írans (CAO-IRI)) og flugrekandinn Iran Air tilkynntu um hefðu verið framkvæmdar á fullnægjandi hátt.

61) Meðan á heimsókninni stóð gat Flugmálastjórn Írans sýnt fram á að hún hefði yfir að ráða eftirlitskerfi á sviði flugreksturs, sem uppfyllir markmið í skjali 8335 frá Alþjóðaflugmálastofnuninni — Manual of Procedures for Operations Inspection, Certification and Continued Surveillance (handbók um verklagsreglur fyrir eftirlit með rekstri, vottun og samfellt eftirlit). Auk þess hafði yfirvaldið ráðið bót á veikleika, sem áður hafði komið í ljós í verklagsreglum um eftirfylgni úttektar, með því að taka upp stigskipt flokkunarkerfi fyrir atriði sem ráða þarf bót á, sem gerir mögulegt að bregðast tafarlaust við brýnum öryggisvandamálum. Yfirvaldið sýndi einnig fram á að það hefði gripið til aðgerða til að ráða bót á öryggisvanda vegna íranskra flugrekenda, einkum vegna flugrekandans Iran Air.

62) Hins vegar hafa komið í ljós ýmsir veikleikar í eftirliti Flugmálastjórnar Írans með flugrekandanum Iran Air á sviði lofthæfis og viðhalds, t.d. fer ekki fram ítarleg endurskoðun á viðhaldsáætlunum og listum yfir lágmarksbúnað, sem leiðir til þess að ekki hefur verið hægt að greina mistök af hálfu flugrekandans.

63) Auk þess gat Flugmálastjórn Írans ekki lagt fram heildarskrá yfir flugatvik sem orðið höfðu í tengslum við flug flugrekandans Iran Air og var þ.a.l. ekki í aðstöðu til að leggja mat öryggisframmistöðu flugrekandans í heild sinni. Hins vegar gat Flugmálastjórn Írans sýnt fram á að hún hefði framkvæmt ítarlegar rannsóknir á öllum alvarlegum flugatvikum og lagt fram tillögur.

64) Í sannprófunarheimsókninni var því veitt athygli að Flugmálastjórn Írans sýndi eindreginn vilja til að tileinka sér nútímalegar aðferðir við öryggistjórnun sem og að umtalsverðar framfarir hefðu orðið síðustu sex mánuðina. Einnig veitti hópurinn því athygli að Flugmálastjórn Írans var móttækileg, samvinnufús og uppbyggileg í nálgun sinni við að ráða bót á því sem var ábótavant í verklagsreglum hennar.

65) Að því er varðar flugrekandann Iran Air leiðir skýrslan í ljós verulega annmarka á stjórnun lofthæfis og viðhalds. Einkum höfðu verið gerð grundvallarmistök í viðhaldsáætlunum sem leiddu til verulegrar vanrækslu í áætlunum fyrir öryggisbúnað í loftförum af tegundinn Airbus A-320 og í vöruflutningaloftfari af tegundinni Boeing 747-200. Enn fremur tryggði viðhaldskerfið fyrir loftför af tegundinni Airbus A-320 ekki að ráðin yrði bót á atriðum, sem hafði verið frestað, innan tilgreindra tímamarka. Auk þess fór ekkert eftirlit fram með fluggögnum í loftförum af tegundinni Airbus A-320, og gagnasöfnunartíðnin fyrir önnur loftför var afar lág. Jafnframt var komist að þeirri niðurstöðu í skýrslunni að fyrirtækinu hefði ekki tekist að ráða bót á grundvallaratriðum með tilliti til áframhaldandi lofthæfis loftara þess. Á þetta sérstaklega við um stjórnun loftfara af tegundinni Airbus A320, Boeing 727 og Boeing 747.

66) Í skýrslunni er því hins vegar einnig greint frá því að óyggjandi umbætur hafi verið gerðar á gæðastjórnunarkerfi og öryggisstjórnunarferlum flugrekandans Iran Air, m.a. hvað varðar notkun öryggisúttekta í leiðarflugi (e. Line Oriented Safety Audits) og með því að koma á fót „háttsettu öryggisráði“ undir formennsku framkvæmdastjóra, sem hefði það verkefni að samræma og hafa eftirlit með aðgerðum sem miða að því að koma í framkvæmd traustum öryggisstöðlum í flugrekstrardeildum. Enn fremur er greint frá því að flugrekandinn er móttækilegur og samvinnufús í nálgun sinni við að ráða bót á annmörkum í öryggismálum auk þess sem hann er reiðubúinn að tileinka sér nútímalegar stjórnunaraðferðir í öryggismálum.

67) Flugrekandinn Iran Air kom athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina og veitti upplýsingar um áætlun um aðgerðir til úrbóta til að bregðast við þeim athugasemdum sem gerðar voru í vettvangsheimsókninni.

68) Niðurstöður úr skoðunum á hlaði, sem aðildarríkin hafa framkvæmt samkvæmt SAFA-áætluninni síðustu 14 mánuði, sýna stöðugar framfarir í frammistöðu. Hins vegar eru niðurstöður fyrir loftför af tegundinni A-320 merkjanlega lakari en fyrir önnur loftför flugrekandans.

69) Í kjölfar staðfestingar á misbresti varðandi áframhaldandi lofthæfi og viðhald og í kjölfar upplýsinga sem fengust úr skoðun á hlaði í tengslum við öryggisskoðun erlendra loftfara, er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að starfræksla allra loftfara á flugrekandaskírteini flugrekanda af gerðinni A-320, Boeing B-727, B-747-100, Boeing B-747-200 og Boeing B-747-SP til Evrópusambandsins sé bönnuð og af þeim sökum skulu loftförin skráð í viðauka B. Flugrekandanum skal leyft að starfrækja flug til Evrópusambandsins, að því tilskildu að starfrækslan takmarkist algjörlega við núverandi umfang (tíðni og áfangastaði) með þeim loftförum sem leyfð eru samkvæmt viðauka B.

70) Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að fylgjast náið með frammistöðu flugrekandans Iran Air. Miðað við núverandi stöðu, að því er varðar eftirlit sem lögbær yfirvöld í Íran inna af hendi, hvetur flugöryggisnefndin framkvæmdastjórnina til að auka samráð við þessi yfirvöld með það í huga að ráða varanlega bót á annmörkum í öryggismálum, sem komið hafa í ljós, og krefst framkvæmdastjórnin þess að Flugmálastjórn Írans sendi mánaðarlegar skýrslur um staðfestingu á framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta og veiti upplýsingar um hvers konar eftirlit sem Flugmálastjórn Írans hefur með flugrekandanum Iran Air á sviði áframhaldandi lofthæfis, viðhalds og starfrækslu.

([11]) Forsenda 49 í reglugerð (EB) nr. 273/2010 frá 30. mars 2010 (Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2010, bls. 29).

71) Aðildarríkin munu halda áfram að sannprófa hvort flugrekandinn Iran Air fari að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008.

Flugrekendur frá Rússneska sambandsríkinu

72) Lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu upplýstu flugöryggisnefndina á fundi hennar 22. júní 2010 að þau hefðu gert ýmsar ráðstafanir til þess að bæta eftirlit með tilteknum flugrekendum í kjölfar upplýsinga frá framkvæmdastjórninni 6. maí um aukinn fjölda atriða sem komu í ljós við skoðanir á hlaði og sem geta haft áhrif á öryggi.

73) Nánar tiltekið upplýstu þau um þá ákvörðun sína, frá 18. maí 2010, að flugrekandanum YAK Service væri ekki heimilt að starfrækja flug inn í loftrými ríkja, sem eiga aðild að Evrópusambandi flugmálastjórna (ECAC). Komi þessi ákvörðun hins vegar ekki til framkvæmda áskilur framkvæmdastjórnin sér rétt til að gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005 varðandi þennan flugrekanda.

74) Í tengslum við áframhaldandi eftirlit með lofthæfi loftfara sem eru í rússnesku skránni, líkt og við fyrri uppfærslur á reglugerð (EB) nr. 474/2006, upplýstu lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu flugöryggisnefndina einnig um, að þau hefðu breytt ákvörðun sinni frá 25. apríl 2008, þar sem þau útilokuðu loftför á flugrekendaskírteinum 13 rússneskra flugrekenda frá því að fljúga til Evrópusambandsins. Þessi loftför voru ekki útbúin fyrir millilandaflug samkvæmt stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ekki búin tilskildu landslagsgreiningarkerfi og/eða endurbættu jarðvarakerfi), lofthæfivottorð þeirra var fallið úr gildi og/eða hafði ekki verið endurnýjað. Því var lögð fram skrá fyrir flugöryggisnefnd yfir öll loftför sem starfrækt eru á grundvelli flugrekendaskírteina í Rússlandi, ásamt fylgibúnaði. Á grundvelli þessara upplýsinga eru eftirfarandi loftför útilokuð frá starfrækslu flugs til Evrópusambandsins, innan þess og frá því þar sem þau eru ekki með þann búnað sem krafist er í 6. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar:

a) Flugrekandinn Aircompany Yakutia: Antonov AN-140: RA-41250, AN-24RV: RA-46496, RA-46665, RA-47304, RA-47352, RA-47353, RA-47360, AN-26: RA-26660, AN-24-RB: RA-46470, RA-46496, RA-46510, RA-46665, RA-47304, RA-47352, RA-47353, RA-47360, RA-47363.

b) Flugrekandinn Atlant Soyuz: Tupolev TU-154M: RA-85672 og RA-85682, bæði loftförin eru eins og sakir standa starfrækt af öðrum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Rússneska sambandsríkinu.

c) Flugrekandinn Gazpromavia: Tupolev TU-154M: RA-85625 og RA-85774, Yakovlev Yak-40: RA-87511 og RA-88186, Yak-40K: RA-21505, RA-98109 og RA-88300, Yak-42D: RA-42437, allar (22) þyrlur Kamov Ka-26 (óþekkt skrásetningarmerki), allar (49) þyrlur Mi-8 (óþekkt skrásetningarmerki), allar (11) þyrlur Mi-171 (óþekkt skrásetningarmerki), allar (8) þyrlur Mi-2 (óþekkt skrásetningarmerki), allar (1) þyrlur EC-120B: RA-04116.

d) Flugrekandinn Kavminvodyavia: Tupolev TU-154B: RA-85494 og RA-85457.

e) Flugrekandinn Krasnoyarsky Airlines: Loftfar af tegundinni TU-154M RA-85682 sem áður var á flugrekandaskírteini flugrekandans Krasnoyarsky Airlines, sem var afturkallað árið 2009, er eins og sakir standa starfrækt af öðrum flugrekanda, sem hefur fengið vottun í Rússneska sambandsríkinu.

f) Flugrekandinn Kuban Airlines: Yakovlev Yak-42: RA-42331, RA-42336, RA-42350, RA-42538 og RA-42541.

g) Flugrekandinn Orenburg Airlines: Tupolev TU-154B: RA-85602, öll TU-134 (óþekkt skrásetningarmerki), öll Antonov An-24 (óþekkt skrásetningarmerki), öll An-2 (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur Mi-2 (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur Mi-8 (óþekkt skrásetningarmerki).

h) Flugrekandinn Siberia Airlines: Tupolev - ekkert loftfar.

i) Flugrekandinn Tatarstan Airlines: Yakovlev Yak-42D: RA-42374, RA-42433, öll Tupolev TU-134A, þ.m.t.: RA-65065 og RA-65102, öll Antonov AN-24RV, þ.m.t.: RA-46625 og RA-47818, loftför af tegundinni AN24RV með skrásetningarmerkin RA-46625 og RA-47818 eru eins og sakir standa starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda.

j) Flugrekandinn Ural Airlines: Tupolev TU-154B: RA-85508 (loftförin RA-85319, RA-85337, RA-85357, RA-85375, RA-85374 og RA-85432 eru eins og sakir standa ekki starfrækt af fjárhagsástæðum).

k) Flugrekandinn UTAir: Tupolev TU-154M: RA-85733, RA-85755, RA-85806, RA-85820, öll (25) TU-134: RA-65024, RA-65033, RA-65127, RA-65148, RA-65560, RA-65572, RA-65575, RA-65607, RA-65608, RA- 65609, RA-65611, RA-65613, RA-65616, RA-65620, RA-65622, RA-65728, RA-65755, RA-65777, RA-65780, RA-65793, RA-65901, RA-65902 og RA-65977, loftförin RA-65143 og RA-65916 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda, öll (1) TU-134B: RA-65726, öll (10) Yakovlev Yak-40: RA-87348 (er eins og stendur ekki starfrækt af fjárhagsástæðum), RA-87907, RA-87941, RA-87997, RA-88209, RA-88227 og RA-88280, allar þyrlur Mil-26: (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur Mil-10: (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur Mil-8 (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur AS-355 (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur BO-105 (óþekkt skrásetningarmerki), loftfar af tegundinni AN-24B: RA-46388, loftfarið RA-46267 og RA-47289, loftför af tegundinni AN-24RV: RA-46509, RA- 46519 og RA-47800 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda.

l) Flugrekandinn Rossija (STC Russia): Tupolev TU-134: RA-65979, loftförin RA-65904, RA-65905, RA-65911, RA-65921 og RA-65555 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda, Ilyushin IL-18: RA-75454 er starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda, Yakovlev Yak-40: RA-87203, RA-87968, RA-87971, RA-87972 og RA-88200 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda.

75) Í því skyni að bæta samvinnu við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin fór Flugöryggisnefndin fram á það við lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu að skipaður yrði tengiliður fyrir öll samskipti við þá sem eiga sæti í flugöryggisnefndinni um mál er varða niðurstöður úr skoðunum á hlaði hjá rússneskum flugrekendum á flugvöllum í Evrópusambandinu og úr skoðunum hjá flugrekendum í Evrópusambandinu á flugvöllum í Rússneska sambandsríkinu, sem og í þeim tilgangi að vinna að meira gagnsæi með því að skiptast á öryggisupplýsingum.

76) Einnig var samþykkt, innan ramma bættrar samvinnu og í þeim tilgangi að tryggja réttarvissu og viðeigandi framfylgd ráðstafana, sem gerðar eru til að útiloka flugrekendur og loftför, sem ekki fara að viðeigandi öryggisstöðlum, að lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu skuli, ásamt framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum, endurskoða sameiginlegu ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og þessara yfirvalda frá 24. apríl 2008 fyrir næsta fund flugöryggisnefndar. Flugöryggisnefndin samþykkti að meta á næsta fundi sínum þann árangur sem náðst hefði og, eftir því sem við á, óska eftir því að framkvæmdastjórnin kynnti nauðsynlegar ráðstafanir innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

77) Á meðan skulu aðildarríkin halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008, til þess að tryggja að skoðunum hjá rússneskum flugrekendum verði fjölgað svo skapa megi grundvöll fyrir endurmat á frammistöðu þeirra á næsta fundi flugöryggisnefndarinnar sem verður haldinn í nóvember 2010.

Almennar forsendur að því er varðar hina flugrekendurna sem eru skráðir í viðauka A og B

78) Þrátt fyrir bein tilmæli framkvæmdastjórnarinnar hafa henni ekki enn borist sannanir frá hinum flugrekendunum, sem eru í skrá Evrópusambandsins, sem var uppfærð 30. mars 2010, eða yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þessum flugrekendum, þess efnis að gripið hafi verið til ítarlegra og viðunandi aðgerða til að ráða bót á annmörkum. Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana er það því metið svo að þessum flugrekendum skuli áfram bannað að stunda flugrekstur (viðauki A) eða takmarkanir settar á flugrekstur þeirra (viðauki B), eftir því sem við á.

79) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1. Í stað viðauka A komi textinn sem settur er fram í viðauka A við þessa reglugerð.

2. Í stað viðauka B komi textinn sem settur er fram í viðauka B við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. júlí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd framkvæmdastjórans,

Dacian CIOLOŞ

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA HVERS KONAR FLUGREKSTUR INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
ARIANA AFGHAN AIRLINES	AOC 009	AFG	Afganistan
BLUE WING AIRLINES	SRBWA-01/2002	BWI	Súrínam
SIEM REAP AIRWAYS INTERNATIONAL	AOC/013/00	SRH	Konungsríkið Kambódía
SILVERBACK CARGO FREIGHTERS	Óskráð	VRB	Lýðveldið Rúanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, að undanskildum flugrekandanum TAAG Angola Airlines sem skráður er í viðauka B, þ.m.t.			Lýðveldið Angóla
AEROJET	015	Óskráð	Lýðveldið Angóla
AIR26	004	DCD	Lýðveldið Angóla
AIR GEMINI	002	GLL	Lýðveldið Angóla
AIR GICANGO	009	Óskráð	Lýðveldið Angóla
AIR JET	003	MBC	Lýðveldið Angóla
AIR NAVE	017	Óskráð	Lýðveldið Angóla
ALADA	005	RAD	Lýðveldið Angóla
ANGOLA AIR SERVICES	006	Óskráð	Lýðveldið Angóla
DIEXIM	007	Óskráð	Lýðveldið Angóla
GIRA GLOBO	008	GGL	Lýðveldið Angóla
HELIANG	010	Óskráð	Lýðveldið Angóla
HELIMALONGO	011	Óskráð	Lýðveldið Angóla
MAVEWA	016	Óskráð	Lýðveldið Angóla
PHA	019	Óskráð	Lýðveldið Angóla
RUI & CONCEICAO	012	Óskráð	Lýðveldið Angóla
SAL	013	Óskráð	Lýðveldið Angóla
SERVISAIR	018	Óskráð	Lýðveldið Angóla
SONAIR	014	SOR	Lýðveldið Angóla
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Benín, þ.m.t.		—	Lýðveldið Benín
AERO BENIN	PEA No 014/MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS	Óskráð	Lýðveldið Benín

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýttu flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
AFRICA AIRWAYS	Óskráð	AFF	Lýðveldið Benín
ALAFIA JET	PEA No 014/ANAC/ MDCTTTATP-PR/DEA/SCS	Á ekki við	Lýðveldið Benín
BENIN GOLF AIR	PEA No 012/MDCTTP-PR/ ANAC/DEA/SCS.	Óskráð	Lýðveldið Benín
BENIN LITTORAL AIRWAYS	PEA No 013/MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS.	LTL	Lýðveldið Benín
COTAIR	PEA No 015/MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS.	COB	Lýðveldið Benín
ROYAL AIR	PEA No 11/ANAC/MDCTTP-PR/ DEA/SCS	BNR	Lýðveldið Benín
TRANS AIR BENIN	PEA No 016/MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS	TNB	Lýðveldið Benín
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Vestur-Kongó, þ.m.t.			Vestur-Kongó
AERO SERVICE	RAC06-002	RSR	Vestur-Kongó
EQUAFLIGHT SERVICES	RAC 06-003	EKA	Vestur-Kongó
SOCIETE NOUVELLE AIR CONGO	RAC 06-004	Óskráð	Vestur-Kongó
TRANS AIR CONGO	RAC 06-001	Óskráð	Vestur-Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Austur-Kongó (alþýðulýðveldinu), þ.m.t.		—	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AFRICAN AIR SERVICES COMMUTER	409/CAB/MIN/TVC/051/09	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR KASAI	409/CAB/MIN/ TVC/036/08	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR KATANGA	409/CAB/MIN/TVC/031/08	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR TROPIQUES	409/CAB/MIN/TVC/029/08	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BLUE AIRLINES	409/CAB/MIN/TVC/028/08	BUL	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BRAVO AIR CONGO	409/CAB/MIN/TC/0090/2006	BRV	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BUSINESS AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/048/09	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BUSY BEE CONGO	409/CAB/MIN/TVC/052/09	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
CETRACA AVIATION SERVICE	409/CAB/MIN/TVC/026/08	CER	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
CHC STELLAVIA	409/CAB/MIN/TC/0050/2006	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
CONGO EXPRESS	409/CAB/MIN/TVC/083/2009	EXY	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	409/CAB/MIN/TVC/035/08	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
DOREN AIR CONGO	409/CAB/MIN/TVC/0032/08	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
ENTREPRISE WORLD AIRWAYS (EWA)	409/CAB/MIN/TVC/003/08	EWS	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
FILAIR	409/CAB/MIN/TVC/037/08	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GALAXY KAVATSI	409/CAB/MIN/TVC/027/08	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GILEMBE AIR SOUTENANCE (GISAIR)	409/CAB/MIN/TVC/053/09	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GOMA EXPRESS	409/CAB/MIN/TC/0051/2006	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GOMAIR	409/CAB/MIN/TVC/045/09	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
HEWA BORA AIRWAYS (HBA)	409/CAB/MIN/TVC/038/08	ALX	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
INTERNATIONAL TRANS AIR BUSINESS (ITAB)	409/CAB/MIN/TVC/033/08	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
KIN AVIA	409/CAB/MIN/TVC/042/09	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
LIGNES AÉRIENNES CONGOLAISES (LAC)	Undirskrift ráðherra (tilskipun nr. 78/205)	LCG	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
MALU AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/04008	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
MANGO AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/034/08	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
SAFE AIR COMPANY	409/CAB/MIN/TVC/025/08	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
SERVICES AIR	409/CAB/MIN/TVC/030/08	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
SWALA AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/050/09	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TMK AIR COMMUTER	409/CAB/MIN/TVC/044/09	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TRACEP CONGO AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/046/09	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TRANS AIR CARGO SERVICES	409/CAB/MIN/TVC/024/08	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
WIMBI DIRA AIRWAYS	409/CAB/MIN/TVC/039/08	WDA	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
ZAABU INTERNATIONAL	409/CAB/MIN/TVC/049/09	Óskráð	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Djíbútí, þ.m.t.			Djíbútí
DAALLO AIRLINES	Óskráð	DAO	Djíbútí
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			Miðbaugs-Gínea
CRONOS AIRLINES	Óskráð	Óskráð	Miðbaugs-Gínea
CEIBA INTERCONTINENTAL	Óskráð	CEL	Miðbaugs-Gínea
EGAMS	Óskráð	EGM	Miðbaugs-Gínea
EUROGUINEANA DE AVIACION Y TRANSPORTES	2006/001/MTTCT/DGAC/SOPS	EUG	Miðbaugs-Gínea
GENERAL WORK AVIACION	002/ANAC	Á ekki við	Miðbaugs-Gínea
GETRA — GUINEA ECUATORIAL DE TRANSPORTES AEREOS	739	GET	Miðbaugs-Gínea
GUINEA AIRWAYS	738	Á ekki við	Miðbaugs-Gínea
STAR EQUATORIAL AIRLINES	Óskráð	Óskráð	Miðbaugs-Gínea
UTAGE — UNION DE TRANSPORT AEREO DE GUINEA ECUATORIAL	737	UTG	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Indónesíu, að undanskildum flugrekendunum Garuda Indonesia, Airfast Indonesia, Mandala Airlines, Ekspres Transportasi Antarbenua, Indonesia Air Asia og Metro Batavia, þ.m.t.			Lýðveldið Indónesía
AIR PACIFIC UTAMA	135-020	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
ALFA TRANS DIRGANTATA	135-012	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
ASCO NUSA AIR	135-022	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
ASI PUDJIASTUTI	135-028	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
AVIASTAR MANDIRI	135-029	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
CARDIG AIR	121-013	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
DABI AIR NUSANTARA	135-030	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
DERAYA AIR TAXI	135-013	DRY	Lýðveldið Indónesía
DERAZONA AIR SERVICE	135-010	DRZ	Lýðveldið Indónesía
DIRGANTARA AIR SERVICE	135-014	DIR	Lýðveldið Indónesía
EASTINDO	135-038	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
GATARI AIR SERVICE	135-018	GHS	Lýðveldið Indónesía
INDONESIA AIR TRANSPORT	135-034	IDA	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
INTAN ANGKASA AIR SERVICE	135-019	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
JOHNLIN AIR TRANSPORT	135-043	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
KAL STAR	121-037	KLS	Lýðveldið Indónesía
KARTIKA AIRLINES	121-003	KAE	Lýðveldið Indónesía
KURA-KURA AVIATION	135-016	KUR	Lýðveldið Indónesía
LION MENTARI ARILINES	121-010	LNI	Lýðveldið Indónesía
MANUNGGAL AIR SERVICE	121-020	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
MEGANTARA	121-025	MKE	Lýðveldið Indónesía
MERPATI NUSANTARA AIRLINES	121-002	MNA	Lýðveldið Indónesía
MIMIKA AIR	135-007	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
NATIONAL UTILITY HELICOPTER	135-011	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
NUSANTARA AIR CHARTER	121-022	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
NUSANTARA BUANA AIR	135-041	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
NYAMAN AIR	135-042	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
PELITA AIR SERVICE	121-008	PAS	Lýðveldið Indónesía
PENERBANGAN ANGKASA SEMESTA	135-026	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
PURA WISATA BARUNA	135-025	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
REPUBLIC EXPRESS AIRLINES	121-040	RPH	Lýðveldið Indónesía
RIAU AIRLINES	121-016	RIU	Lýðveldið Indónesía
SAMPOERNA AIR NUSANTARA	135-036	SAE	Lýðveldið Indónesía
SAYAP GARUDA INDAH	135-004	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
SKY AVIATION	135-044	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
SMAC	135-015	SMC	Lýðveldið Indónesía
SRIWIJAYA AIR	121-035	SJY	Lýðveldið Indónesía
SURVEI UDARA PENAS	135-006	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
TRANSWISATA PRIMA AVIATION	135-021	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
TRAVEL EXPRESS AVIATION SERVICE	121-038	XAR	Lýðveldið Indónesía
TRAVIRA UTAMA	135-009	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
TRI MG INTRA ASIA AIRLINES	121-018	TMG	Lýðveldið Indónesía
TRIGANA AIR SERVICE	121-006	TGN	Lýðveldið Indónesía
UNINDO	135-040	Óskráð	Lýðveldið Indónesía
WING ABADI AIRLINES	121-012	WON	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kasakstan, að undanskildum flugrekandanum Air Astana sem skráður er í viðauka B, þ.m.t.			Lýðveldið Kazakstan
AERO AIR COMPANY	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
AEROPRAKT KZ	Óskráð	APK	Lýðveldið Kasakstan
AIR ALMATY	AK-0331-07	LMY	Lýðveldið Kasakstan
AIR COMPANY KOKSHETAU	AK-0357-08	KRT	Lýðveldið Kasakstan
AIR DIVISION OF EKA	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
AIR FLAMINGO	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
AIR TRUST AIRCOMPANY	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
AK SUNKAR AIRCOMPANY	Óskráð	AKS	Lýðveldið Kasakstan
ALMATY AVIATION	Óskráð	LMT	Lýðveldið Kasakstan
ARKHABAY	Óskráð	KEK	Lýðveldið Kasakstan
ASIA CONTINENTAL AIRLINES	AK-0345-08	CID	Lýðveldið Kasakstan
ASIA CONTINENTAL AVIALINES	AK-0371-08	RRK	Lýðveldið Kasakstan
ASIA WINGS	AK-0390-09	AWA	Lýðveldið Kasakstan
ASSOCIATION OF AMATEUR PILOTS OF KAZAKHSTAN	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
ATMA AIRLINES	AK-0372-08	AMA	Lýðveldið Kasakstan
ATYRAU AYE JOLY	AK-0321-07	JOL	Lýðveldið Kasakstan
AVIA-JAYNAR	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
BEYBARS AIRCOMPANY	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
BERKUT AIR/BEK AIR	AK-0311-07	BKT/BEK	Lýðveldið Kasakstan
BERKUT KZ	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
BURUNDAYAVIA AIRLINES	AK-0374-08	BRY	Lýðveldið Kasakstan
COMLUX	AK-0352-08	KAZ	Lýðveldið Kasakstan
DETA AIR	AK-0344-08	DET	Lýðveldið Kasakstan
EAST WING	AK-0332-07	EWZ	Lýðveldið Kasakstan
EASTERN EXPRESS	AK-0358-08	LIS	Lýðveldið Kasakstan
EURO-ASIA AIR	AK-0384-09	EAK	Lýðveldið Kasakstan
EURO-ASIA AIR INTERNATIONAL	Óskráð	KZE	Lýðveldið Kasakstan
FENIX	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
FLY JET KZ	AK-0391-09	FJK	Lýðveldið Kasakstan
IJT AVIATION	AK-0335-08	DVB	Lýðveldið Kasakstan
INVESTAVIA	AK-0342-08	TLG	Lýðveldið Kasakstan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
IRTYSH AIR	AK-0381-09	MZA	Lýðveldið Kasakstan
JET AIRLINES	AK-0349-09	SOZ	Lýðveldið Kasakstan
JET ONE	AK-0367-08	JKZ	Lýðveldið Kasakstan
KAZAIR JET	AK-0387-09	KEJ	Lýðveldið Kasakstan
KAZAIRTRANS AIRLINE	AK-0347-08	KUY	Lýðveldið Kasakstan
KAZAIRWEST	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
KAZAVIA	Óskráð	KKA	Lýðveldið Kasakstan
KAZAVIASPAS	Óskráð	KZS	Lýðveldið Kasakstan
KOKSHETAU	AK-0357-08	KRT	Lýðveldið Kasakstan
MEGA AIRLINES	AK-0356-08	MGK	Lýðveldið Kasakstan
MIRAS	AK-0315-07	MIF	Lýðveldið Kasakstan
NAVIGATOR	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
ORLAN 2000 AIRCOMPANY	Óskráð	KOV	Lýðveldið Kasakstan
PANKH CENTER KAZAKHSTAN	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
PRIME AVIATION	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
SALEM AIRCOMPANY	Óskráð	KKS	Lýðveldið Kasakstan
SAMAL AIR	Óskráð	SAV	Lýðveldið Kasakstan
SAYAKHAT AIRLINES	AK-0359-08	SAH	Lýðveldið Kasakstan
SEMEYAVIA	Óskráð	SMK	Lýðveldið Kasakstan
SCAT	AK-0350-08	VSV	Lýðveldið Kasakstan
SKYBUS	AK-0364-08	BYK	Lýðveldið Kasakstan
SKYJET	AK-0307-09	SEK	Lýðveldið Kasakstan
SKYSERVICE	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
TYAN SHAN	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
UST-KAMENOGORSK	AK-0385-09	UCK	Lýðveldið Kasakstan
ZHETYSU AIRCOMPANY	Óskráð	JTU	Lýðveldið Kasakstan
ZHERSU AVIA	Óskráð	RZU	Lýðveldið Kasakstan
ZHEZKAZGANAIR	Óskráð	Óskráð	Lýðveldið Kasakstan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgisistan, þ.m.t.			Kirgisistan
AIR MANAS	17	MBB	Kirgisistan
ASIAN AIR	Óskráð	AAZ	Kirgisistan
AVIA TRAFFIC COMPANY	23	AVJ	Kirgisistan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
AEROSTAN (EX BISTAIR-FEZ BISHKEK)	08	BSC	Kirgisistan
CLICK AIRWAYS	11	CGK	Kirgisistan
DAMES	20	DAM	Kirgisistan
EASTOK AVIA	15	EEA	Kirgisistan
GOLDEN RULE AIRLINES	22	GRS	Kirgisistan
ITEK AIR	04	IKA	Kirgisistan
KYRGYZ TRANS AVIA	31	KTC	Kirgisistan
KYRGYZSTAN	03	LYN	Kirgisistan
KYRGYZSTAN AIRLINE	Óskráð	KGA	Kirgisistan
MAX AVIA	33	MAI	Kirgisistan
S GROUP AVIATION	6	SGL	Kirgisistan
SKY GATE INTERNATIONAL AVIATION	14	SGD	Kirgisistan
SKY WAY AIR	21	SAB	Kirgisistan
TENIR AIRLINES	26	TEB	Kirgisistan
TRAST AERO	05	TSJ	Kirgisistan
VALOR AIR	07	VAC	Kirgisistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu.		—	Líbería
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Gabon, að undanskildum flugrekendunum Gabon Airlines, Afrijet og SN2AG, sem skráðir eru í viðauka B, þ.m.t.			Lýðveldið Gabon
AIR SERVICES SA	004/MTAC/ANAC-G/DSA	RVS	Lýðveldið Gabon
AIR TOURIST (ALLEGIANCE)	007/MTAC/ANAC-G/DSA	LGE	Lýðveldið Gabon
NATIONALE ET REGIONALE TRANSPORT (NATIONALE)	008/MTAC/ANAC-G/DSA	NRG	Lýðveldið Gabon
SCD AVIATION	005/MTAC/ANAC-G/DSA	SCY	Lýðveldið Gabon
SKY GABON	009/MTAC/ANAC-G/DSA	SKG	Lýðveldið Gabon
SOLENTA AVIATION GABON	006/MTAC/ANAC-G/DSA	Óskráð	Lýðveldið Gabon
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Filippseyjum, þ.m.t.			Filippseyjar
AEROWURKS AERIAL SPRAYING SERVICES	4AN2008003	Óskráð	Filippseyjar
AIR PHILIPPINES CORPORATION	2009006	Óskráð	Filippseyjar
AIR WOLF AVIATION INC.	200911	Óskráð	Filippseyjar
AIRTRACK AGRICULTURAL CORPORATION	4AN2005003	Óskráð	Filippseyjar
ASIA AIRCRAFT OVERSEAS PHILIPPINES INC.	4AN9800036	Óskráð	Filippseyjar

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
AVIATION TECHNOLOGY INNOVATORS, INC.	4AN2007005	Óskráð	Filippseyjar
AVIATOUR'S FLY'N INC.	200910	Óskráð	Filippseyjar
AYALA AVIATION CORP.	4AN9900003	Óskráð	Filippseyjar
BEACON	Óskráð	Óskráð	Filippseyjar
BENDICE TRANSPORT MANAGEMENT INC.	4AN2008006	Óskráð	Filippseyjar
CANADIAN HELICOPTERS PHILIPPINES INC.	4AN9800025	Óskráð	Filippseyjar
CEBU PACIFIC AIR	2009002	Óskráð	Filippseyjar
CHEMTRAD AVIATION CORPORATION	2009018	Óskráð	Filippseyjar
CM AERO	4AN2000001	Óskráð	Filippseyjar
CORPORATE AIR	Óskráð	Óskráð	Filippseyjar
CYCLONE AIRWAYS	4AN9900008	Óskráð	Filippseyjar
FAR EAST AVIATION SERVICES	2009013	Óskráð	Filippseyjar
F.F. CRUZ AND COMPANY, INC.	2009017	Óskráð	Filippseyjar
HUMA CORPORATION	2009014	Óskráð	Filippseyjar
INAEC AVIATION CORP.	4AN2002004	Óskráð	Filippseyjar
ISLAND AVIATION	2009009	Óskráð	Filippseyjar
ISLAND TRANSVOYAGER	2010022	Óskráð	Filippseyjar
LION AIR, INCORPORATED	2009019	Óskráð	Filippseyjar
MACRO ASIA AIR TAXI SERVICES	4AN9800035	Óskráð	Filippseyjar
MINDANAO RAINBOW AGRICULTURAL DEVELOPMENT SERVICES	2009016	Óskráð	Filippseyjar
MISIBIS AVIATION & DEVELOPMENT CORP.	2010020	Óskráð	Filippseyjar
OMNI AVIATION CORP.	4AN2002002	Óskráð	Filippseyjar
PACIFIC EAST ASIA CARGO AIRLINES, INC.	4AS9800006	Óskráð	Filippseyjar
PACIFIC AIRWAYS CORPORATION	Óskráð	Óskráð	Filippseyjar
PACIFIC ALLIANCE CORPORATION	Óskráð	Óskráð	Filippseyjar
PHILIPPINE AIRLINES	2009001	Óskráð	Filippseyjar
PHILIPPINE AGRICULTURAL AVIATION CORP.	4AN9800015	Óskráð	Filippseyjar
ROYAL AIR CHARTER SERVICES INC.	4AN2003003	Óskráð	Filippseyjar
ROYAL STAR AVIATION, INC.	4AN9800029	Óskráð	Filippseyjar
SOUTH EAST ASIA INC.	2009004	Óskráð	Filippseyjar
SOUTHSTAR AVIATION COMPANY, INC.	4AN9800037	Óskráð	Filippseyjar
SPIRIT OF MANILA AIRLINES CORPORATION	2009008	Óskráð	Filippseyjar
SUBIC INTERNATIONAL AIR CHARTER	4AN9900010	Óskráð	Filippseyjar

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
SUBIC SEAPLANE, INC.	4AN2000002	Óskráð	Filippseyjar
TOPFLITE AIRWAYS, INC.	Óskráð	Óskráð	Filippseyjar
TRANSGLOBAL AIRWAYS CORPORATION	2009007	Óskráð	Filippseyjar
WORLD AVIATION, CORP.	Óskráð	Óskráð	Filippseyjar
WCC AVIATION COMPANY	2009015	Óskráð	Filippseyjar
YOKOTA AVIATION, INC.	Óskráð	Óskráð	Filippseyjar
ZENITH AIR, INC.	2009012	Óskráð	Filippseyjar
ZEST AIRWAYS INCORPORATED	2009003	Óskráð	Filippseyjar
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Saó Tóme og Prinsípe, þ.m.t.	—	—	Saó Tóme og Prinsípe
AFRICA CONNECTION	10/AOC/2008	Óskráð	Saó Tóme og Prinsípe
BRITISH GULF INTERNATIONAL COMPANY LTD	01/AOC/2007	BGI	Saó Tóme og Prinsípe
EXECUTIVE JET SERVICES	03/AOC/2006	EJZ	Saó Tóme og Prinsípe
GLOBAL AVIATION OPERATION	04/AOC/2006	Óskráð	Saó Tóme og Prinsípe
GOLIAF AIR	05/AOC/2001	GLE	Saó Tóme og Prinsípe
ISLAND OIL EXPLORATION	01/AOC/2008	Óskráð	Saó Tóme og Prinsípe
STP AIRWAYS	03/AOC/2006	STP	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSAFRIK INTERNATIONAL LTD	02/AOC/2002	TFK	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSCARG	01/AOC/2009	Óskráð	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSLIZ AVIATION (TMS)	02/AOC/2007	TMS	Saó Tóme og Prinsípe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne, þ.m.t.	—	—	Síerra Leóne
AIR RUM, LTD	Óskráð	RUM	Síerra Leóne
DESTINY AIR SERVICES, LTD	Óskráð	DTY	Síerra Leóne
HEAVYLIFT CARGO	Óskráð	Óskráð	Síerra Leóne
ORANGE AIR SIERRA LEONE LTD	Óskráð	ORJ	Síerra Leóne
PARAMOUNT AIRLINES, LTD	Óskráð	PRR	Síerra Leóne
SEVEN FOUR EIGHT AIR SERVICES LTD	Óskráð	SVT	Síerra Leóne
TEEBAH AIRWAYS	Óskráð	Óskráð	Síerra Leóne
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan			Lýðveldið Súdan
SUDAN AIRWAYS	Óskráð		Lýðveldið Súdan
SUN AIR COMPANY	Óskráð		Lýðveldið Súdan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
MARSLAND COMPANY	Óskráð		Lýðveldið Súdan
ATTICO AIRLINES	Óskráð		Lýðveldið Súdan
FOURTY EIGHT AVIATION	Óskráð		Lýðveldið Súdan
SUDANESE STATES AVIATION COMPANY	Óskráð		Lýðveldið Súdan
ALMAJARA AVIATION	Óskráð		Lýðveldið Súdan
BADER AIRLINES	Óskráð		Lýðveldið Súdan
ALFA AIRLINES	Óskráð		Lýðveldið Súdan
AZZA TRANSPORT COMPANY	Óskráð		Lýðveldið Súdan
GREEN FLAG AVIATION	Óskráð		Lýðveldið Súdan
ALMAJAL AVIATION SERVICE	Óskráð		Lýðveldið Súdan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Svasílandi, þ.m.t.	—	—	Svasíland
SWAZILAND AIRLINK	Óskráð	SZL	Svasíland
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Sambíu, þ.m.t.			Sambía
ZAMBEZI AIRLINES	Z/AOC/001/2009	ZMA	Sambía

VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekanda-skírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC)	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og framleiðsluraðnúmer ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
AIR KORYO	GAC-AOC/KOR-01		DPRK	Öll loftför, að undanskildum tveimur loftförum af tegundinni Tu- 204	Öll loftför, að undanskildum P-632, P-633	DPRK
AFRIJET ([1])	002/MTAC/ ANAC- G/DSA		Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildum tveimur loftförum af tegundinni Falcon 50 og einu loftfari af gerðinni Falcon 900	Öll loftför, að undanskildum TR-LGV, TR-LGY, TR-AFJ, TR-AFR	Lýðveldið Gabon
AIR ASTANA ([2])	AK-0388-09	KZR	Kasakstan	Öll loftför, að undanskildum tveimur loftförum af tegundinni B767, fjórum loftförum af tegundinni B757, tíu loftförum af tegundinni A319/320/321 og fimm loftförum af tegundinni Fokker 50.	Öll loftför, að undanskildum P4-KCA, P4-KCB, P4-EAS, P4-FAS, P4-GAS, P4-MAS, P4-NAS, P4-OAS, P4-PAS, P4-SAS, P4-TAS, P4-UAS, P4-VAS, P4-WAS, P4-YAS, P4-XAS, P4-HAS, P4-IAS, P4-JAS, P4-KAS, P4-LAS	Arúba (Konungsríkið Holland)
AIR SERVICE COMORES	06-819/TA-15/ DGACM	KMD	Kómoreyjar	Öll loftför, að undanskildu LET 410 UVP	Öll loftför, að undanskildu D6-CAM (851336)	Kómoreyjar
GABON AIRLINES ([3])	001/MTAC/ANAC	GBK	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildu einu loftfari af tegundinni Boeing B-767-200	Öll loftför, að undanskildu TR-LHP	Lýðveldið Gabon
IRAN AIR ([4])	FS100	IRA	Íran (íslamskt lýðveldi)	Öll loftför, að undanskildum fjórtán loftförum af tegundinni A300, átta loftförum af tegundinni A310 og einu loftfari af tegundinni B737	Öll loftför, að undanskildum: EP-IBA EP-IBB EP-IBC EP-IBD EP-IBG EP-IBH EP-IBI EP-IBJ EP-IBM EP-IBN EP-IBO EP-IBS EP-IBT EP-IBV EP-IBX	Íran (íslamskt lýðveldi)

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýttu flugréttindi með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur væru uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC)	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og framleiðsluraðnúmer ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
					EP-IBZ EP-ICE EP-ICF EP-IBK EP-IBL EP-IBP EP-IBQ EP-AGA	
NOUVELLE AIR AFFAIRES GABON (SN2AG)	003/MTAC/ANAC-G/DSA	NVS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildu einu loftfari af tegundinni Challenger, CL601 og einu loftfari af tegundinni HS-125-800	Öll loftför, að undanskildum: TR-AAG, ZS-AFG	Lýðveldið Gabon, Lýðveldið Suður-Afríka
TAAG ANGOLA AIRLINES	001	DTA	Lýðveldið Angóla	Öll loftför, að undanskildum þremur loftförum af tegundinni Boeing B-777 og fjórum loftförum af tegundinni B-737-700.	Öll loftför, að undanskildum D2-TED, D2-TEE, D2-TEF, D2-TBF, D2, TBG, D2-TBH, D2-TBJ	Lýðveldið Angóla
UKRAINIAN MEDITERRAN-EAN	164	UKM	Úkraína	Öll loftför að undanskildu einu loftfari af tegundinni MD-83	Öll loftför, að undanskildu UR-CFF	Úkraína

([1]) Flugrekandanum Afrijet er einungis heimilt að starfrækja það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópusambandsins.
([2]) Flugrekandanum Air Astana er einungis heimilt að starfrækja það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópusambandsins.
([3]) Flugrekandanum Gabon Airlines er einungis heimilt að starfrækja það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópusambandsins.
([4]) Flugrekandanum Iran Air er einungis heimilt að starfrækja flug til Evrópusambandsins með því loftfari sem tilgreint er samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í 69. forsendu þessarar reglugerðar.